Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

	Bls.
A-hluti	3
B-hluti	209
Heimildir	237
Athugasemdir	241
Töfluviðauki	379
Fylgiskjal: Yfirlit yfir lagabreytingar	407
Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl.	410
Efnisyfirlit	432

STEINDÓRSPRENT GUTENBERG HF.

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	M.kr.	M.kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**103.471,0**
Beinir skattar	20.565,0	
Óbeinir skattar	75.356,0	
Vaxtatekjur	4.100,0	
Aðrar tekjur	3.450,0	
Gjöld		**113.292,0**
Samneysla	46.250,8	
Rekstrargjöld	42.984,2	
Viðhald	3.266,6	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	43.875,8	
Vaxtagreiðslur	11.700,0	
Fjárfesting	11.465,4	
Stofnkostnaður	6.807,4	
Fjármagnstilfærslur	4.658,0	
Gjöld umfram tekjur		**9.821,0**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		1.200,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	6.300,0	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	–5.100,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		500,0
Viðskiptareikningar		500,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**12.021,0**
Afborganir af teknum lánum		15.900,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**27.921,0**
Lántökur		27.950,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**29,0**

2. gr.

Árið 1994 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		M.kr.	M.kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.081,3**
	Embætti forseta Íslands	48,9	
	Alþingi og stofnanir þess	834,1	
	Ríkisstjórn	59,1	
	Annað	139,2	
01	**Forsætisráðuneyti**		**405,2**
	Ráðuneyti	88,2	
	Annað	317,0	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**16.577,4**
	Ráðuneyti	258,2	
	Háskólar og rannsóknir	2.755,3	
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	4.323,7	
	Grunnskólar og sérskólar	5.094,5	
	Önnur fræðslumál	354,4	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.620,0	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1.183,3	
	Annað	988,0	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1.550,1**
	Ráðuneyti	323,3	
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	142,4	
	Sendiráð og fastanefndir	482,4	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	602,0	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**6.837,0**
	Ráðuneyti	99,0	
	Landbúnaðarstofnanir	466,6	
	Skógrækt og landgræðsla	404,6	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.216,0	
	Ýmis framlög	650,8	
	Flutt		26.451,0

3. gr.

Árið 1994 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3.190,0**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1.545,0	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	150,0	
4111	Eignarskattur félaga	930,0	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	190,0	
4116-7	Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	75,0	
4118	Erfðafjárskattur	300,0	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**16.960,0**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	14.500,0	
4126	Tekjuskattur félaga	2.460,0	
413	**Aðrir beinir skattar**		**415,0**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	415,0	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.125,0**
4200	Tollar	1.125,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**398,0**
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	7,0	
42153	Fóðurgjald, grunngjald	85,0	
42154	Kartöflugjald	165,0	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	31,0	
4217	Jöfnunartollur	110,0	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**180,0**
4222	Gjald af sölu erlends gjaldeyris	180,0	
	Flutt		22.268,0

	Gjöld:	M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		26.451,0
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**1.069,6**
	Ráðuneyti	133,3	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	936,3	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**5.424,3**
	Ráðuneyti	135,0	
	Dómsmál	652,3	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	1.944,2	
	Sýslumenn	1.856,2	
	Fangelsismál	370,7	
	Kirkjumál	460,6	
	Rekstrarhagræðing	5,3	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**5.790,7**
	Ráðuneyti	99,3	
	Húsnæðismál	901,0	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	149,1	
	Málefni barna og ungmenna	234,1	
	Málefni fatlaðra	1.872,0	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.846,0	
	Annað	679,6	
	Rekstrarhagræðing	9,6	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**47.673,1**
	Ráðuneyti	127,3	
	Tryggingamál	29.323,3	
	Sjúkrastofnanir	15.947,4	
	Heilsugæsla	1.578,1	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	258,0	
	Annað	341,0	
	Rekstrarhagræðing	98,0	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**16.488,3**
	Ráðuneyti	402,2	
	Skatta- og tollamál	1.444,5	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.420,0	
	Vextir	11.700,0	
	Annað	1.516,4	
	Rekstrarhagræðing	5,2	
	Flutt		102.897,0

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		22.268,0
423	**Vörugjöld**		**11.656,0**
4232	Vörugjald af ökutækjum	2.050,0	
4233	Vörugjald af bensíni, almennt	2.025,0	
4234	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.145,0	
4235-6	Vörugjald, almennt	3.350,0	
4239	Framleiðslugjald af áli	86,0	
425	**Virðisaukaskattur**		**37.950,0**
4250	Virðisaukaskattur	37.950,0	
426	**Skattar af orku**		**85,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	85,0	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6.377,0**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6.370,0	
4273	Gjald af einkasöluvörum	7,0	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**82,0**
42801	Skemmtanaskattur	75,0	
42802	Miðagjald	7,0	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**844,0**
4290	Aukatekjur	835,0	
42942	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**10.850,0**
43001	Tryggingagjald	10.850,0	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**5.809,0**
4310	Þinglýsingar	87,0	
4311	Stimpilgjald	1.940,0	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1.400,0	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	560,0	
43131	Bifreiðagjald	1.380,0	
43142	Vitagjald	50,0	
43143	Skipaskoðunargjald	52,0	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	300,0	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	40,0	
	Flutt		95.921,0

Gjöld:

		m.kr.	Rekstrar- m.kr.
	Flutt		102.897,0
10	**Samgönguráðuneyti**		**8.543,5**
	Ráðuneyti	181,2	
	Vegamál	6.635,0	
	Siglingamál	1.100,2	
	Flugmál	532,2	
	Annað	94,9	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**971,4**
	Ráðuneyti	55,4	
	Iðnaðarmál	221,3	
	Orkumál	694,7	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**168,2**
	Ráðuneyti	78,9	
	Viðskiptamál	89,3	
13	**Hagstofa Íslands**		**146,7**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**565,2**
	Ráðuneyti	128,6	
	Náttúruvernd	83,7	
	Skipulagsmál	94,3	
	Rannsóknir o.fl.	254,1	
	Rekstrarhagræðing	4,5	
	Gjöld samtals		113.292,0

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		95.921,0
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**500,0**
4719	Sala eigna	500,0	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**4.100,0**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.750,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2.350,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.600,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	530,0	
48206	Póstur og sími	850,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	1.100,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	120,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**350,0**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250,0	
4999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		103.471,0
	Gjöld umfram tekjur		9.821,0
	Samtals		113.292,0

Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101 Embætti forseta Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 400
1 01	Yfirstjórn	46 000	
1 50	Fálkaorðan	1 400	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 20	Laufásvegur 72, viðhald	1 500	
	Gjöld samtals		48 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 300	
52–58	Önnur gjöld	25 600	
5	Gjöld samtals		**48 900**
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			645 800
1 01	Alþingiskostnaður	248 900	
1 02	Aðalskrifstofa	54 700	
1 03	Þingmálaskrifstofa	108 600	
1 04	Rekstrarskrifstofa	155 800	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	25 000	
1 06	Norðurlandaráð	20 900	
1 07	Hús Jóns Sigurðssonar	6 200	
1 08	Hið íslenska þjóðvinafélag	500	
1 10	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	25 200	
Viðhaldsverkefni:			12 000
5 20	Fasteignir	12 000	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Tæki og búnaður	12 000	
	Gjöld samtals		669 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	353 300	
52–58	Önnur gjöld	286 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	30 400	
5	Gjöld samtals	669 800	
4	Sértekjur	6 800	
	Mismunur		**663 000**

00–301 Ríkisstjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 100
1 01	Ríkisstjórn	59 100	
	Gjöld samtals		59 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 400	
52–58	Önnur gjöld	6 700	
5	Gjöld samtals		**59 100**

00–401 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 700
1 01	Hæstiréttur	41 700	
	Gjöld samtals		41 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 000	
52–58	Önnur gjöld	700	
5	Gjöld samtals		**41 700**

00–510 Bessastaðir

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			82 000
6 01	Mannvirkjagerð	82 000	
	Gjöld samtals		82 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	82 000	
5	Gjöld samtals		**82 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–520 Opinberar heimsóknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 500
1 01	Opinberar heimsóknir	15 500	
	Gjöld samtals		15 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 900	
52–58	Önnur gjöld	11 600	
5	Gjöld samtals		**15 500**
00–610 Umboðsmaður Alþingis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 700
1 01	Umboðsmaður Alþingis	19 700	
	Gjöld samtals		19 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 300	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
5	Gjöld samtals		**19 700**
00–620 Ríkisendurskoðun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			152 900
1 01	Ríkisendurskoðun	152 900	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		155 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	106 700	
52–58	Önnur gjöld	49 200	
5	Gjöld samtals	155 900	
4	Sértekjur	4 500	
	Mismunur		**151 400**
	Samtals		1 081 300

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 300
1 01	Yfirstjórn	59 600	
1 20	Stjórnarráðshús	9 700	
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	3 300	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	800	
1 23	Hrafnseyri	1 500	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 800	
1 90	Ýmis verkefni	3 600	
Viðhaldsverkefni:			7 900
5 20	Stjórnarráðshús	3 000	
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	4 100	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	800	
	Gjöld samtals		88 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 400	
52–58	Önnur gjöld	47 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 800	
5	Gjöld samtals		**88 200**
01–102 Þjóðhagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 200
1 01	Þjóðhagsstofnun	87 200	
	Gjöld samtals		87 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 100	
52–58	Önnur gjöld	32 100	
5	Gjöld samtals	87 200	
4	Sértekjur	46 000	
	Mismunur		**41 200**

01–103 Norræna ráðherranefndin

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 700
1 01	Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar	18 000	
1 61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	60 700	
	Gjöld samtals		78 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 600	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	60 700	
5	Gjöld samtals	78 700	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**77 400**

01–171 Byggðastofnun

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			170 000
6 01	Byggðastofnun	170 000	
	Gjöld samtals		170 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	170 000	
5	Gjöld samtals		**170 000**

01–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

01–901 Húsameistari ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 000
1 01	Húsameistari ríkisins	52 000	
	Gjöld samtals		52 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 500	
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals	52 000	
4	Sértekjur	54 000	
	Mismunur		**–2 000**

01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 000
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	19 000	
Viðhaldsverkefni:			5 400
5 01	Þingvallabær o.fl.	4 400	
5 02	Þingvallakirkja	1 000	
Stofnkostnaður:			5 200
6 02	Svæðisskipulag	5 200	
	Gjöld samtals		29 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 800	
52–58	Önnur gjöld	15 800	
5	Gjöld samtals	29 600	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**25 400**
	Samtals		405 200

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			237 200
1 01	Yfirstjórn	237 200	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		240 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	129 300	
52–58	Önnur gjöld	110 900	
5	Gjöld samtals		**240 200**
02–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18 000	
	Gjöld samtals		18 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 000	
5	Gjöld samtals		**18 000**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 776 600
1 01	Yfirstjórn	105 500	
1 02	Sameiginleg útgjöld	273 200	
1 03	Rekstur fasteigna	178 600	
1 04	Háskólabókasafn	63 500	
1 05	Aðrar sérstofnanir og verkefni	168 600	
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	979 100	
1 07	Alþjóðaskrifstofa	8 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			60 000
5 50	Viðhald fasteigna	60 000	
Stofnkostnaður:			100 000
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	100 000	
	Gjöld samtals		1 936 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 317 700	
52–58	Önnur gjöld	618 900	
5	Gjöld samtals	1 936 600	
4	Sértekjur	396 100	
	Mismunur		**1 540 500**

02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 800
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	91 000	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	18 800	
Viðhaldsverkefni:			20 000
5 01	Viðhald húseigna	20 000	
Stofnkostnaður:			7 000
6 03	Fisksjúkdóma- og eðlisfræðirannsóknahús	7 000	
	Gjöld samtals		136 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 500	
52–58	Önnur gjöld	63 300	
5	Gjöld samtals	136 800	
4	Sértekjur	33 500	
	Mismunur		**103 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–203 Raunvísindastofnun Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			180 800
1 01	Yfirstjórn	16 200	
1 02	Rekstur fasteigna	11 900	
1 03	Rannsóknastofur	152 700	
	Gjöld samtals		180 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	111 100	
52–58	Önnur gjöld	69 700	
5	Gjöld samtals	180 800	
4	Sértekjur	59 900	
	Mismunur		**120 900**
02–204 Stofnun Sigurðar Nordals			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 400
1 01	Stofnun Sigurðar Nordals	6 100	
1 11	Íslenskukennsla erlendis, óskipt	2 300	
	Gjöld samtals		8 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 200	
52–58	Önnur gjöld	2 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals		**8 400**
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 200
1 01	Yfirstjórn	35 700	
1 20	Bókaútgáfa	6 500	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 02	Árnagarður, viðhald	1 500	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		44 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 800	
52–58	Önnur gjöld	14 900	
5	Gjöld samtals	44 700	
4	Sértekjur	3 300	
	Mismunur		**41 400**

02–206 Orðabók Háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 01	Orðabók Háskólans	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 000	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals	20 000	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**14 000**

02–207 Íslensk málstöð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000
1 01	Íslensk málstöð	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 900	
52–58	Önnur gjöld	3 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 400	
5	Gjöld samtals	12 000	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**10 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–208 Örnefnastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Örnefnastofnun	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 400	
52–58	Önnur gjöld	1 600	
5	Gjöld samtals	5 000	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**4 400**
02–210 Háskólinn á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			155 100
1 01	Háskólinn á Akureyri	148 000	
1 02	Rannsóknastarfsemi	7 100	
Viðhaldsverkefni:			3 000
5 01	Fasteignir	3 000	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Tæki og búnaður	12 000	
	Gjöld samtals		170 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	110 900	
52–58	Önnur gjöld	52 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 100	
5	Gjöld samtals	170 100	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**165 000**
02–211 Tækniskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			176 600
1 01	Tækniskóli Íslands	176 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Tæki og búnaður	7 000	
	Gjöld samtals		183 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 600	
52–58	Önnur gjöld	55 000	
5	Gjöld samtals	183 600	
4	Sértekjur	7 400	
	Mismunur		**176 200**

02–221 Kennaraháskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			276 400
1 01	Yfirstjórn	30 900	
1 02	Rannsóknastarfsemi	16 900	
1 03	Rekstur fasteigna	38 700	
1 04	Stoðþjónusta	23 600	
1 05	Kennsla	146 000	
1 20	Endurmenntun	20 300	
Viðhaldsverkefni:			19 000
5 01	Fasteign	15 000	
5 10	Varmaland	4 000	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		301 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	207 000	
52–58	Önnur gjöld	71 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 200	
5	Gjöld samtals	301 400	
4	Sértekjur	12 400	
	Mismunur		**289 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–222	**Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 100
1 01	Kennsla	54 800	
1 02	Annað en kennsla	16 300	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Fasteign	2 000	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		74 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 300	
52–58	Önnur gjöld	10 300	
5	Gjöld samtals	74 600	
4	Sértekjur	20 500	
	Mismunur		**54 100**
02–223	**Rannsóknastofnun uppeldismála**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 800
1 01	Rannsóknastofnun uppeldismála	11 200	
1 02	Samræmd próf í grunnskólum	16 600	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Fasteign	4 000	
	Gjöld samtals		31 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 800	
52–58	Önnur gjöld	14 000	
5	Gjöld samtals	31 800	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**31 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–232 Rannsóknaráð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 300
1 01	Rannsóknaráð ríkisins	20 300	
	Gjöld samtals		20 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 600	
52–58	Önnur gjöld	9 700	
5	Gjöld samtals		**20 300**
02–233 Rannsóknasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			115 000
6 01	Rannsóknasjóður	115 000	
	Gjöld samtals		115 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	115 000	
5	Gjöld samtals		**115 000**
02–234 Vísindaráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 400
1 01	Vísindaráð	11 400	
	Gjöld samtals		11 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals	11 400	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**10 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–235 Vísindasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Vísindasjóður	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**
02–276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			40 000
6 01	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	40 000	
	Gjöld samtals		40 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	40 000	
5	Gjöld samtals		**40 000**
02–299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 000
1 15	Nýsköpunarsjóður	10 000	
1 90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	25 000	
Stofnkostnaður:			5 000
6 12	Félagsstofnun stúdenta, byggingarstyrkur	5 000	
	Gjöld samtals		40 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	40 000	
5	Gjöld samtals		**40 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–301	**Menntaskólinn í Reykjavík**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		138 200
1 01	Kennsla í dagskóla	110 900	
1 02	Annað en kennsla	27 300	
	Stofnkostnaður:		2 700
6 01	Tæki og búnaður	2 700	
	Gjöld samtals		140 900
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	127 200	
52–58	Önnur gjöld	13 700	
5	Gjöld samtals	140 900	
4	Sértekjur	2 800	
	Mismunur		**138 100**
02–302	**Menntaskólinn á Akureyri**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		110 700
1 01	Kennsla í dagskóla	76 200	
1 02	Annað en kennsla	34 500	
	Stofnkostnaður:		1 800
6 01	Tæki og búnaður	1 800	
	Gjöld samtals		112 500
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	93 200	
52–58	Önnur gjöld	19 300	
5	Gjöld samtals	112 500	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**110 600**
02–303	**Menntaskólinn á Laugarvatni**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		52 100
1 01	Kennsla í dagskóla	31 200	
1 02	Annað en kennsla	20 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			600
6 01	Tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		52 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 700	
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals	52 700	
4	Sértekjur	3 300	
	Mismunur		**49 400**

02–304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			183 100
1 01	Kennsla í dagskóla	119 400	
1 02	Annað en kennsla	41 700	
1 09	Önnur kennsla	22 000	
Stofnkostnaður:			2 700
6 01	Tæki og búnaður	2 700	
	Gjöld samtals		185 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	161 500	
52–58	Önnur gjöld	24 300	
5	Gjöld samtals	185 800	
4	Sértekjur	14 600	
	Mismunur		**171 200**

02–305 Menntaskólinn við Sund

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			132 500
1 01	Kennsla í dagskóla	101 400	
1 02	Annað en kennsla	31 100	
Stofnkostnaður:			2 400
6 01	Tæki og búnaður	2 400	
	Gjöld samtals		134 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	118 500	
52–58	Önnur gjöld	16 400	
5	Gjöld samtals	134 900	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**129 900**

02–306 Framhaldsskóli Vestfjarða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 800
1 01	Kennsla í dagskóla	44 800	
1 02	Annað en kennsla	27 000	
Stofnkostnaður:			1 400
6 01	Tæki og búnaður	1 400	
	Gjöld samtals		73 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 000	
52–58	Önnur gjöld	19 200	
5	Gjöld samtals	73 200	
4	Sértekjur	2 800	
	Mismunur		**70 400**

02–307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 200
1 01	Kennsla í dagskóla	35 800	
1 02	Annað en kennsla	23 800	
1 09	Önnur kennsla	2 600	
Stofnkostnaður:			900
6 01	Tæki og búnaður	900	
	Gjöld samtals		63 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 400	
52–58	Önnur gjöld	14 700	
5	Gjöld samtals	63 100	
4	Sértekjur	3 400	
	Mismunur		**59 700**

02–308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 600
1 01	Kennsla í dagskóla	59 000	
1 02	Annað en kennsla	24 900	
1 09	Önnur kennsla	5 700	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		91 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 900	
52–58	Önnur gjöld	13 200	
5	Gjöld samtals	91 100	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**86 800**

02–309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 700
1 01	Kennsla í dagskóla	58 700	
1 02	Annað en kennsla	22 000	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		82 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	65 200	
52–58	Önnur gjöld	17 000	
5	Gjöld samtals	82 200	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**80 100**

02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			97 000
5 80	Viðhald herma	9 000	
5 90	Viðhald	88 000	
Stofnkostnaður:			517 000
6 40	Tæki og búnaður	9 000	
6 50	Tölvubúnaður	10 000	
6 90	Byggingarframkvæmdir	498 000	
	Gjöld samtals		614 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	288 000	
52–58	Önnur gjöld	326 000	
5	Gjöld samtals		**614 000**

02–319 Framhaldsskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			251 700
1 11	Sameiginleg þjónusta	5 400	
1 12	Orlof kennara	23 900	
1 13	Forfallakennsla	23 000	
1 14	Sérkennsla	32 000	
1 15	Prófkostnaður	23 000	
1 16	Nýjungar í skólastarfi	13 500	
1 17	Námsskrárgerð	21 500	
1 18	Námsefnisgerð	8 000	
1 19	Kennslueftirlit	4 000	
1 20	Framhaldsdeildir	15 200	
1 21	Nám tannsmiða og aðstoðarfólks tannlækna	14 000	
1 22	Námskeið skipstjórnarmanna	5 000	
1 30	Endurmenntun	16 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 33	Myndlistarskólinn Akureyri	8 000	
1 34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	4 000	
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	35 200	
	Gjöld samtals		251 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	185 200	
52–58	Önnur gjöld	9 500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	12 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	20 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	25 000	
5	Gjöld samtals		**251 700**

02–350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			326 500
1 01	Kennsla í dagskóla	202 100	
1 02	Annað en kennsla	73 300	
1 09	Önnur kennsla	51 100	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		332 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	284 000	
52–58	Önnur gjöld	48 500	
5	Gjöld samtals	332 500	
4	Sértekjur	40 000	
	Mismunur		**292 500**

02–351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			117 900
1 01	Kennsla í dagskóla	91 300	
1 02	Annað en kennsla	26 600	
Stofnkostnaður:			2 100
6 01	Tæki og búnaður	2 100	
	Gjöld samtals		120 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	104 200	
52–58	Önnur gjöld	15 800	
5	Gjöld samtals	120 000	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**117 800**

02–352 Flensborgarskóli, fjölbraut

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 600
1 01	Kennsla í dagskóla	55 800	
1 02	Annað en kennsla	24 500	
1 09	Önnur kennsla	5 300	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		86 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	72 100	
52–58	Önnur gjöld	14 700	
5	Gjöld samtals	86 800	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**82 400**

02–353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			123 200
1 01	Kennsla í dagskóla	89 600	
1 02	Annað en kennsla	28 300	
1 09	Önnur kennsla	5 300	
Stofnkostnaður:			2 600
6 01	Tæki og búnaður	2 600	
	Gjöld samtals		125 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	106 600	
52–58	Önnur gjöld	19 200	
5	Gjöld samtals	125 800	
4	Sértekjur	5 600	
	Mismunur		**120 200**

02–354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			129 900
1 01	Kennsla í dagskóla	86 800	
1 02	Annað en kennsla	38 300	
1 09	Önnur kennsla	4 800	
Stofnkostnaður:			2 600
6 01	Tæki og búnaður	2 600	
	Gjöld samtals		132 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	104 900	
52–58	Önnur gjöld	27 600	
5	Gjöld samtals	132 500	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**127 400**

02–355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 900
1 01	Kennsla í dagskóla	35 300	
1 02	Annað en kennsla	16 000	
1 03	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, kennsla	5 300	
1 04	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, annað en kennsla	2 800	
1 09	Önnur kennsla	2 500	
Stofnkostnaður:			1 300
6 01	Tæki og búnaður	900	
6 02	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, tæki og búnaður	400	
	Gjöld samtals		63 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 400	
52–58	Önnur gjöld	11 800	
5	Gjöld samtals	63 200	
4	Sértekjur	2 300	
	Mismunur		**60 900**

02–356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			91 300
1 01	Kennsla í dagskóla	58 300	
1 02	Annað en kennsla	31 000	
1 09	Önnur kennsla	2 000	
Stofnkostnaður:			1 700
6 01	Tæki og búnaður	1 700	
	Gjöld samtals		93 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 700	
52–58	Önnur gjöld	22 300	
5	Gjöld samtals	93 000	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**88 800**

02–357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			127 800
1 01	Kennsla í dagskóla	89 800	
1 02	Annað en kennsla	24 700	
1 04	Fiskeldi, annað en kennsla	200	
1 09	Önnur kennsla	13 100	
Stofnkostnaður:			2 600
6 01	Tæki og búnaður	2 600	
	Gjöld samtals		130 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	114 000	
52–58	Önnur gjöld	16 400	
5	Gjöld samtals	130 400	
4	Sértekjur	6 700	
	Mismunur		**123 700**

02–358 Verkmenntaskóli Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 400
1 01	Kennsla í dagskóla	33 600	
1 02	Annað en kennsla	14 800	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tæki og búnaður	1 100	
	Gjöld samtals		49 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 500	
52–58	Önnur gjöld	9 000	
5	Gjöld samtals	49 500	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**48 500**

02–359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			201 300
1 01	Kennsla í dagskóla	126 400	
1 02	Annað en kennsla	46 100	
1 03	Sjávarútvegsbraut Dalvík, kennsla	7 600	
1 04	Sjávarútvegsbraut Dalvík, annað en kennsla	5 800	
1 05	Löngumýrardeild, kennsla	5 900	
1 06	Löngumýrardeild, annað en kennsla	1 300	
1 09	Önnur kennsla	8 200	
Stofnkostnaður:			5 100
6 01	Tæki og búnaður	4 500	
6 02	Sjávarútvegsbraut Dalvík, tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		206 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	166 500	
52–58	Önnur gjöld	39 900	
5	Gjöld samtals	206 400	
4	Sértekjur	13 000	
	Mismunur		**193 400**

02–360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 200
1 01	Kennsla í dagskóla	67 800	
1 02	Annað en kennsla	27 400	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		96 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	76 700	
52–58	Önnur gjöld	20 000	
5	Gjöld samtals	96 700	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**95 100**

02–361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 200
1 01	Kennsla í dagskóla	18 000	
1 02	Annað en kennsla	7 200	
1 09	Önnur kennsla	1 000	
Stofnkostnaður:			600
6 01	Tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		26 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 600	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	26 800	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**25 300**

02–362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 500
1 01	Kennsla í dagskóla	30 500	
1 02	Annað en kennsla	11 500	
1 09	Önnur kennsla	1 500	
Stofnkostnaður:			600
6 01	Tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		44 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 600	
52–58	Önnur gjöld	6 500	
5	Gjöld samtals	44 100	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**42 300**

02–363 Framhaldsskólinn á Laugum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 800
1 01	Kennsla í dagskóla	23 300	
1 02	Annað en kennsla	11 500	
Stofnkostnaður:			600
6 01	Tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		35 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 500	
52–58	Önnur gjöld	5 900	
5	Gjöld samtals	35 400	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**32 900**

02–422 Námsgagnastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			269 500
1 01	Skrifstofa	18 900	
1 10	Skólavörubúð	23 100	
1 11	Afgreiðsludeild	13 200	
1 20	Framleiðsludeild	147 100	
1 30	Fræðslumyndasafn	23 000	
1 60	Námsefnisgerð	44 200	
	Gjöld samtals		269 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 800	
52–58	Önnur gjöld	212 700	
5	Gjöld samtals	269 500	
4	Sértekjur	40 300	
	Mismunur		**229 200**

02–430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	7 400	
1 02	Nám táknmálstúlka	2 600	
	Gjöld samtals		10 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 300	
52–58	Önnur gjöld	2 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 600	
5	Gjöld samtals	10 000	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**9 000**

02–440 Fullorðinsfræðsla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 000
1 90	Fullorðinsfræðsla	18 000	
	Gjöld samtals		18 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 000	
5	Gjöld samtals		**18 000**

02–506 Vélskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 800
1 01	Kennsla í dagskóla	33 500	
1 02	Annað en kennsla	11 300	
1 09	Önnur kennsla	1 000	
Stofnkostnaður:			4 600
6 01	Tæki og búnaður	4 600	
	Gjöld samtals		50 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 100	
52–58	Önnur gjöld	11 300	
5	Gjöld samtals	50 400	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**49 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 700
1 01	Kennsla í dagskóla	20 400	
1 02	Annað en kennsla	5 300	
1 09	Önnur kennsla	1 000	
Stofnkostnaður:			2 600
6 01	Tæki og búnaður	2 600	
	Gjöld samtals		29 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 900	
52–58	Önnur gjöld	6 400	
5	Gjöld samtals	29 300	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**28 300**
02–514 Iðnskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			374 200
1 01	Kennsla í dagskóla	263 500	
1 02	Annað en kennsla	87 700	
1 09	Önnur kennsla	23 000	
Stofnkostnaður:			8 800
6 01	Tæki og búnaður	8 800	
	Gjöld samtals		383 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	318 200	
52–58	Önnur gjöld	64 800	
5	Gjöld samtals	383 000	
4	Sértekjur	36 800	
	Mismunur		**346 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 500
1 01	Kennsla í dagskóla	47 000	
1 02	Annað en kennsla	15 100	
1 09	Önnur kennsla	2 400	
Stofnkostnaður:			1 900
6 01	Tæki og búnaður	1 900	
	Gjöld samtals		66 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 700	
52–58	Önnur gjöld	10 700	
5	Gjöld samtals	66 400	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**63 200**
02–517	**Hótel- og veitingaskóli Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 100
1 01	Kennsla í dagskóla	15 800	
1 02	Annað en kennsla	25 300	
Stofnkostnaður:			1 600
6 01	Tæki og búnaður	1 600	
	Gjöld samtals		42 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 300	
52–58	Önnur gjöld	23 400	
5	Gjöld samtals	42 700	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**42 300**
02–518	**Fiskvinnsluskólinn**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 100
1 01	Kennsla í dagskóla	10 400	
1 02	Annað en kennsla	20 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		33 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 300	
52–58	Önnur gjöld	20 800	
5	Gjöld samtals	33 100	
4	Sértekjur	11 600	
	Mismunur		**21 500**

02–523 Fósturskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 200
1 01	Kennsla í dagskóla	37 800	
1 02	Annað en kennsla	15 700	
1 09	Önnur kennsla	12 700	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tæki og búnaður	1 100	
	Gjöld samtals		67 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 500	
52–58	Önnur gjöld	10 800	
5	Gjöld samtals	67 300	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**65 600**

02–524 Þroskaþjálfaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 700
1 01	Kennsla í dagskóla	13 800	
1 02	Annað en kennsla	9 900	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tæki og búnaður	1 100	
	Gjöld samtals		24 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 700	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals	24 800	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**24 500**

02–531 Íþróttakennaraskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 200
1 01	Kennsla í dagskóla	15 500	
1 02	Annað en kennsla	16 700	
Stofnkostnaður:			600
6 01	Tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		32 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 900	
52–58	Önnur gjöld	8 900	
5	Gjöld samtals	32 800	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**30 100**

02–541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 200
1 01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	9 200	
	Gjöld samtals		9 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 800	
52–58	Önnur gjöld	2 400	
5	Gjöld samtals	9 200	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**7 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		8 300
1 01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	8 300	
	Gjöld samtals		8 300
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	6 200	
52–58	Önnur gjöld	2 100	
5	Gjöld samtals	8 300	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**7 800**
02–561	**Myndlista- og handíðaskóli Íslands**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		104 900
1 01	Kennsla í dagskóla	48 700	
1 02	Annað en kennsla	56 200	
	Stofnkostnaður:		2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		106 900
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	65 700	
52–58	Önnur gjöld	41 200	
5	Gjöld samtals	106 900	
4	Sértekjur	41 100	
	Mismunur		**65 800**
02–562	**Leiklistarskóli Íslands**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		31 900
1 01	Kennsla í dagskóla	11 900	
1 02	Annað en kennsla	20 000	
	Stofnkostnaður:		600
6 01	Tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		32 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 400	
52–58	Önnur gjöld	12 100	
5	Gjöld samtals	32 500	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**31 400**

02–563 Tónlistarskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 000
1 10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	9 000	
	Gjöld samtals		9 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 000	
5	Gjöld samtals		**9 000**

02–571 Sjómannaskólahúsið

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 500
1 01	Sjómannaskólahúsið	21 500	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Fasteign	4 000	
	Gjöld samtals		25 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 000	
52–58	Önnur gjöld	11 500	
5	Gjöld samtals	25 500	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**24 400**

02–580 Samvinnuskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 000
1 01	Kennsla	17 300	
1 02	Annað en kennsla	20 700	
	Gjöld samtals		38 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 100	
52–58	Önnur gjöld	17 900	
5	Gjöld samtals	38 000	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**36 200**

02–581 Verslunarskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			196 100
1 01	Kennsla	137 100	
1 02	Annað en kennsla	59 000	
	Gjöld samtals		196 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	150 300	
52–58	Önnur gjöld	45 800	
5	Gjöld samtals	196 100	
4	Sértekjur	4 600	
	Mismunur		**191 500**

02–601 Héraðsskólinn Reykholti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 700
1 01	Kennsla	12 900	
1 02	Annað en kennsla	6 800	
	Gjöld samtals		19 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 000	
52–58	Önnur gjöld	3 700	
5	Gjöld samtals	19 700	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**18 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–605	**Alþýðuskólinn Eiðum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 200
1 01	Kennsla	14 100	
1 02	Annað en kennsla	12 100	
	Gjöld samtals		26 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 500	
52–58	Önnur gjöld	8 700	
5	Gjöld samtals	26 200	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**23 200**
02–606	**Héraðsskólinn Skógum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 500
1 01	Kennsla	9 800	
1 02	Annað en kennsla	9 700	
	Gjöld samtals		19 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 700	
52–58	Önnur gjöld	6 800	
5	Gjöld samtals	19 500	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**17 900**
02–610	**Héraðsskólar, almennt**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 400
1 10	Héraðsskólinn Núpi	3 900	
1 20	Héraðsskólinn Reykjanesi	2 500	
	Gjöld samtals		6 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 300	
52–58	Önnur gjöld	3 100	
5	Gjöld samtals		**6 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–700 Grunnskólar, Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 237 000
1 01	Grunnskólar, Reykjavík	1 237 000	
	Gjöld samtals		1 237 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 237 000	
5	Gjöld samtals		**1 237 000**
02–701 Grunnskólar, Reykjanesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 050 300
1 01	Grunnskólar, Reykjanesi	1 050 300	
	Gjöld samtals		1 050 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 050 300	
5	Gjöld samtals		**1 050 300**
02–703 Grunnskólar, Vesturlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			295 200
1 01	Grunnskólar, Vesturlandi	295 200	
	Gjöld samtals		295 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	295 200	
5	Gjöld samtals		**295 200**
02–704 Grunnskólar, Vestfjörðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			206 900
1 01	Grunnskólar, Vestfjörðum	206 900	
	Gjöld samtals		206 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	206 900	
5	Gjöld samtals		**206 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			223 600
1 01	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	223 600	
	Gjöld samtals		223 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	223 600	
5	Gjöld samtals		**223 600**
02–706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			475 200
1 01	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	475 200	
	Gjöld samtals		475 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	475 200	
5	Gjöld samtals		**475 200**
02–707 Grunnskólar, Austurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			268 700
1 01	Grunnskólar, Austurlandi	268 700	
	Gjöld samtals		268 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	268 700	
5	Gjöld samtals		**268 700**
02–708 Grunnskólar, Suðurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			397 300
1 01	Grunnskólar, Suðurlandi	397 300	
	Gjöld samtals		397 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	397 300	
5	Gjöld samtals		**397 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–710	**Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 600
1 01	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	47 600	
	Gjöld samtals		47 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 400	
52–58	Önnur gjöld	13 200	
5	Gjöld samtals		**47 600**
02–711	**Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 100
1 01	Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	31 100	
	Gjöld samtals		31 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 200	
52–58	Önnur gjöld	9 900	
5	Gjöld samtals		**31 100**
02–713	**Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 600
1 01	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	17 600	
	Gjöld samtals		17 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 500	
52–58	Önnur gjöld	6 100	
5	Gjöld samtals		**17 600**
02–714	**Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 200
1 01	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	14 200	
	Gjöld samtals		14 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 000	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals		**14 200**

02–715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 900
1 01	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	15 900	
	Gjöld samtals		15 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 200	
52–58	Önnur gjöld	5 700	
5	Gjöld samtals		**15 900**

02–716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 900
1 01	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	25 900	
	Gjöld samtals		25 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 200	
52–58	Önnur gjöld	9 700	
5	Gjöld samtals		**25 900**

02–717 Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 600
1 01	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	13 600	
	Gjöld samtals		13 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals		**13 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 000
1 01	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	19 000	
	Gjöld samtals		19 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 600	
52–58	Önnur gjöld	7 400	
5	Gjöld samtals		**19 000**
02–719 Fræðsluskrifstofur, almennt			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			3 500
5 01	Viðhald, óskipt	3 500	
	Gjöld samtals		3 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals		**3 500**
02–720 Grunnskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			232 700
1 20	Kennsla á sjúkrastofnunum og Kvennaathvarfi	3 800	
1 29	Kennsla í norsku og sænsku	5 700	
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	29 200	
1 33	Þróunarsjóður leikskóla	3 200	
1 41	Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	5 000	
1 42	Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	6 000	
1 43	Suðurhlíðaskóli, rekstrarstyrkur	4 400	
1 44	Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur	4 000	
1 45	Miðskólinn, rekstrarstyrkur	3 000	
1 50	Námsleyfi	38 500	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	13 400	
1 79	Kennsla nýbúa	16 000	
1 80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	2 100	
1 81	Kennsla yngri barna í grunnskólum	27 000	
1 82	Þróunarstarf í grunnskólum	8 800	
1 83	Starfsmenntun	15 000	
1 85	Námsráðgjöf í grunnskólum	8 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 86	Endurmenntun sálfræðinga	2 000	
1 89	Leiðsögn nýliða	5 300	
1 90	Grunnskólar, óskipt	31 800	
	Stofnkostnaður:		6 000
6 90	Tölvuvæðing í grunnskólum	6 000	
	Gjöld samtals		238 700
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	148 000	
52–58	Önnur gjöld	20 100	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	16 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	22 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	32 200	
5	Gjöld samtals		**238 700**

02–730 Skólabúðir að Reykjum

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		13 600
1 01	Skólabúðir að Reykjum	13 600	
	Gjöld samtals		13 600
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	9 600	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	13 600	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**11 400**

02–750 Skólar fyrir fatlaða

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		122 500
1 20	Sérdeild fyrir einhverf börn	11 000	
1 21	Sérdeild fyrir sjónskert börn	8 300	
1 22	Sérdeild hreyfihamlaðra	10 200	
1 40	Dagvist fatlaðra forskólabarna	83 600	
1 60	Almennt	9 400	
	Viðhaldsverkefni:		10 000
5 01	Fasteignir	10 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		135 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 200	
52–58	Önnur gjöld	12 700	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	83 600	
5	Gjöld samtals		**135 500**

02–752 Öskjuhlíðarskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 800
1 01	Kennsla	70 900	
1 02	Annað en kennsla	22 900	
1 20	Skóladagheimili	12 000	
	Gjöld samtals		105 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	94 500	
52–58	Önnur gjöld	11 300	
5	Gjöld samtals		**105 800**

02–754 Safamýrarskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 100
1 01	Kennsla	46 000	
1 02	Annað en kennsla	10 100	
	Gjöld samtals		56 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 500	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
5	Gjöld samtals		**56 100**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–755 Dalbrautarskóli		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		14 800
1 01 Kennsla	13 300	
1 02 Annað en kennsla	1 500	
Gjöld samtals		14 800
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	13 300	
52–58 Önnur gjöld	1 500	
5 Gjöld samtals		**14 800**
02–756 Fullorðinsfræðsla fatlaðra		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		53 300
1 01 Kennsla	46 800	
1 02 Annað en kennsla	6 500	
Gjöld samtals		53 300
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	48 800	
52–58 Önnur gjöld	4 500	
5 Gjöld samtals		**53 300**
02–758 Hvammshlíðarskóli		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		31 700
1 01 Kennsla	26 900	
1 02 Annað en kennsla	4 800	
Gjöld samtals		31 700
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	28 300	
52–58 Önnur gjöld	3 400	
5 Gjöld samtals		**31 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–798 Einholtsskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 500
1 01	Kennsla	10 600	
1 02	Annað en kennsla	3 900	
	Gjöld samtals		14 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 600	
52–58	Önnur gjöld	3 900	
5	Gjöld samtals		**14 500**
02–799 Heyrnleysingjaskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 000
1 01	Kennsla	23 600	
1 02	Annað en kennsla	12 400	
	Gjöld samtals		36 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 300	
52–58	Önnur gjöld	6 700	
5	Gjöld samtals		**36 000**
02–804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 200
1 01	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	5 200	
	Gjöld samtals		5 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	1 200	
5	Gjöld samtals	5 200	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**1 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 620 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 620 000	
	Gjöld samtals		1 620 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 620 000	
5	Gjöld samtals		**1 620 000**
02–884	**Jöfnun á námskostnaði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			98 200
1 01	Jöfnun á námskostnaði	84 800	
1 10	Skólaakstur	13 400	
	Gjöld samtals		98 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	98 200	
5	Gjöld samtals		**98 200**
02–901	**Landsbókasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 100
1 01	Landsbókasafn Íslands	48 100	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Bókakaup o.fl.	7 000	
	Gjöld samtals		55 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 300	
52–58	Önnur gjöld	12 800	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	7 000	
5	Gjöld samtals	55 100	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**53 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–902	**Þjóðminjasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 900
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	77 600	
1 10	Byggða- og minjasöfn	8 300	
Viðhaldsverkefni:			20 000
5 90	Verndun gamalla húsa	20 000	
Stofnkostnaður:			47 700
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 03	Nesstofa	10 000	
6 10	Byggða- og minjasöfn	5 700	
6 90	Húseign við Suðurgötu	30 000	
	Gjöld samtals		153 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 900	
52–58	Önnur gjöld	74 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 300	
5	Gjöld samtals	153 600	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**149 400**
02–903	**Þjóðskjalasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 000
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	49 000	
Viðhaldsverkefni:			7 600
5 01	Fasteignir	7 600	
Stofnkostnaður:			2 500
6 02	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		59 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 700	
52–58	Önnur gjöld	26 400	
5	Gjöld samtals	59 100	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**57 800**

02–904 Safnahúsið við Hverfisgötu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 400
1 01	Safnahúsið við Hverfisgötu	6 400	
Viðhaldsverkefni:			1 700
5 01	Fasteign	1 700	
	Gjöld samtals		8 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 900	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals		**8 100**

02–906 Listasafn Einars Jónssonar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 700
1 01	Listasafn Einars Jónssonar	5 700	
Viðhaldsverkefni:			2 100
5 01	Fasteign	2 100	
	Gjöld samtals		7 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 800	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	7 800	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**7 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02-907	**Listasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 400
1 01	Listasafn Íslands	52 500	
1 02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	2 900	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Fasteign	1 000	
5 10	Skálholtsstígur 7	4 000	
Stofnkostnaður:			17 000
6 01	Listaverkakaup	12 000	
6 20	Fríkirkjuvegur 7	5 000	
	Gjöld samtals		77 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 000	
52–58	Önnur gjöld	44 400	
5	Gjöld samtals	77 400	
4	Sértekjur	13 800	
	Mismunur		**63 600**
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 600
1 01	Blindrabókasafn Íslands	27 600	
	Gjöld samtals		27 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 300	
52–58	Önnur gjöld	14 300	
5	Gjöld samtals		**27 600**
02-919	**Söfn, ýmis framlög**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 800
1 10	Listasafn ASÍ	2 000	
1 11	Nýlistasafn	2 000	
1 12	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4 000	
1 30	Sögusafn alþýðu	800	
1 31	Kvennasögusafn	800	
1 90	Söfn, ýmis framlög	5 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			6 300
6 90	Söfn, stofnkostnaður	6 300	
	Gjöld samtals		21 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 800	
5	Gjöld samtals		**21 100**

02–972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 600
1 01	Íslenski dansflokkurinn	43 800	
1 10	Listdansskólinn	11 800	
	Gjöld samtals		55 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 200	
52–58	Önnur gjöld	20 400	
5	Gjöld samtals	55 600	
4	Sértekjur	9 000	
	Mismunur		**46 600**

02–973 Þjóðleikhús

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			297 000
1 01	Þjóðleikhús	297 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 50	Endurbætur	10 000	
	Gjöld samtals		307 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	297 000	
5	Gjöld samtals		**307 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–974 Sinfóníuhljómsveit Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			101 000
1 01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	101 000	
	Gjöld samtals		101 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	101 000	
5	Gjöld samtals		**101 000**
02–976 Menningarsjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 000
1 01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	9 000	
	Gjöld samtals		9 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	9 000	
5	Gjöld samtals		**9 000**
02–977 Þjóðarbókhlaða			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			340 000
6 01	Þjóðarbókhlaða	340 000	
	Gjöld samtals		340 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	340 000	
5	Gjöld samtals		**340 000**
02–978 Listasjóðir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			107 500
1 01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	107 500	
	Gjöld samtals		107 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	107 500	
5	Gjöld samtals		**107 500**

02–979 Húsafriðunarsjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			10 500
6 10	Húsafriðunarsjóður	10 500	
	Gjöld samtals		10 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 500	
5	Gjöld samtals		**10 500**

02–980 Listskreytingasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Listskreytingasjóður	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 000	
5	Gjöld samtals		**12 000**

02–981 Kvikmyndasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			111 000
1 01	Kvikmyndasjóður	109 400	
1 02	Kvikmyndasafn Íslands	1 600	
	Gjöld samtals		111 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 500	
52–58	Önnur gjöld	4 500	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	99 000	
5	Gjöld samtals		**111 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–982 Listir, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			176 700
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	11 100	
1 15	Þýðingarsjóður	7 000	
1 21	Leikfélag Akureyrar	19 600	
1 22	Starfsemi áhugaleikfélaga	14 000	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	3 000	
1 24	Starfsemi atvinnuleikhópa	14 000	
1 30	Íslenska óperan	40 500	
1 70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	15 300	
1 76	Menningarsjóður félagsheimila	7 500	
1 90	Listir, framlög	44 700	
	Gjöld samtals		176 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	176 700	
5	Gjöld samtals		**176 700**
02–983 Ýmis fræðistörf			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 90	Ýmis fræðistörf	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
02–984 Norræn samvinna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 000
1 90	Norræn samvinna	7 000	
	Gjöld samtals		7 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 000	
5	Gjöld samtals		**7 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–985	**Alþjóðleg samskipti**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 000
1 90	Alþjóðleg samskipti	87 000	
	Gjöld samtals		87 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	87 000	
5	Gjöld samtals		**87 000**
02–988	**Æskulýðsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 000
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 500	
1 12	Ungmennafélag Íslands	9 500	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	5 000	
1 90	Æskulýðsmál	9 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**
02–989	**Ýmis íþróttamál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 000
1 10	Íþróttasamband Íslands	24 000	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	3 000	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 500	
1 14	Íþróttasamband fatlaðra	7 500	
1 16	Íþróttafélög, styrkir	14 000	
1 18	Íþróttamiðstöð Íslands	1 300	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	6 000	
1 90	Ýmis íþróttamál	10 700	
Stofnkostnaður:			5 000
6 11	Skáksamband Íslands, byggingarstyrkur	5 000	
	Gjöld samtals		73 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	67 000	
5	Gjöld samtals		**73 000**

02–997 Uppgjör við sveitarfélög

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			330 000
6 01	Uppgjör við sveitarfélög	330 000	
	Gjöld samtals		330 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	330 000	
5	Gjöld samtals		**330 000**

02–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 700
1 63	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	3 900	
1 90	Ýmis framlög	14 800	
Stofnkostnaður:			4 000
6 20	Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu	4 000	
	Gjöld samtals		22 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 000	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 700	
5	Gjöld samtals		**22 700**
	Samtals		16 577 400

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			277 700
1 01	Yfirstjórn	170 300	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	16 400	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	7 000	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	68 900	
1 51	Útflutningsráð Íslands	2 000	
1 53	Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	13 100	
Stofnkostnaður:			8 500
6 01	Tæki og búnaður	8 500	
	Gjöld samtals		286 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	101 400	
52–58	Önnur gjöld	182 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	800	
5	Gjöld samtals	286 200	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**283 700**
03–102 Varnarmálaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 700
1 01	Varnarmálaskrifstofa	39 700	
	Gjöld samtals		39 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 400	
52–58	Önnur gjöld	18 300	
5	Gjöld samtals	39 700	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**34 600**

03–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

03–201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			187 300
1 01	Yfirstjórn	18 800	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	88 400	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	77 200	
1 30	Fíkniefnaeftirlit	2 900	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		188 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	156 400	
52–58	Önnur gjöld	32 400	
5	Gjöld samtals	188 800	
4	Sértekjur	46 400	
	Mismunur		**142 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–301 Sendiráð Íslands í Bonn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 100
1 01	Sendiráð Íslands í Bonn	30 100	
	Gjöld samtals		30 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 400	
52–58	Önnur gjöld	8 700	
5	Gjöld samtals		**30 100**
03–302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 800
1 01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	27 800	
	Gjöld samtals		27 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 900	
52–58	Önnur gjöld	10 900	
5	Gjöld samtals		**27 800**
03–303 Sendiráð Íslands í London			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 500
1 01	Sendiráð Íslands í London	36 500	
	Gjöld samtals		36 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 300	
52–58	Önnur gjöld	13 200	
5	Gjöld samtals		**36 500**
03–304 Sendiráð Íslands í Moskvu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 400
1 01	Sendiráð Íslands í Moskvu	34 400	
	Gjöld samtals		34 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 000	
52–58	Önnur gjöld	13 400	
5	Gjöld samtals		**34 400**

03–305 Sendiráð Íslands í Ósló

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 400
1 01	Sendiráð Íslands í Ósló	28 400	
	Gjöld samtals		28 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 800	
52–58	Önnur gjöld	9 600	
5	Gjöld samtals		**28 400**

03–306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 400
1 01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	49 400	
	Gjöld samtals		49 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 300	
52–58	Önnur gjöld	22 100	
5	Gjöld samtals		**49 400**

03–307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 200
1 01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	26 200	
	Gjöld samtals		26 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 100	
52–58	Önnur gjöld	9 100	
5	Gjöld samtals		**26 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–308	**Sendiráð Íslands í Washington**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 600
1 01	Sendiráð Íslands í Washington	38 600	
	Gjöld samtals		38 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 700	
52–58	Önnur gjöld	14 900	
5	Gjöld samtals		**38 600**
03–309	**Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 900
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	46 900	
	Gjöld samtals		46 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 800	
52–58	Önnur gjöld	24 100	
5	Gjöld samtals		**46 900**
03–310	**Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 200
1 01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	59 200	
	Gjöld samtals		59 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 400	
52–58	Önnur gjöld	30 800	
5	Gjöld samtals		**59 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–311	**Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 300
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	42 300	
	Gjöld samtals		42 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 200	
52–58	Önnur gjöld	17 100	
5	Gjöld samtals		**42 300**
03–312	**Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 000
1 01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	45 000	
	Gjöld samtals		45 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 400	
52–58	Önnur gjöld	18 600	
5	Gjöld samtals		**45 000**
03–320	**Sendiráð, almennt**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			8 800
5 90	Viðhald	8 800	
Stofnkostnaður:			8 800
6 90	Tæki og búnaður	8 800	
	Gjöld samtals		17 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	17 600	
5	Gjöld samtals		**17 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			147 000
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	147 000	
	Gjöld samtals		147 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	147 000	
5	Gjöld samtals		**147 000**
03–391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 200
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	28 500	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	8 700	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	21 200	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	10 300	
1 30	Ýmis framlög til þróunarmála	11 500	
	Gjöld samtals		80 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	80 200	
5	Gjöld samtals		**80 200**
03–399	**Ýmis utanríkismál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 300
1 40	Samskipti við Vestur-Íslendinga	1 700	
1 70	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	600	
	Gjöld samtals		2 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 300	
5	Gjöld samtals		**2 300**

03–401 Alþjóðastofnanir

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			372 500
1 10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	25 300	
1 13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	7 300	
1 15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	6 300	
1 16	Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT	2 300	
1 23	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur, UNFICYP	1 100	
1 31	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	10 400	
1 39	Evrópuráðið	13 400	
1 40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	14 800	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	38 800	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	800	
1 49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	3 200	
1 52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	800	
1 54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	300	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga	400	
1 57	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	2 500	
1 58	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR	28 400	
1 62	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í El Salvador, ONUSAL	300	
1 63	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II	700	
1 64	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Sómalíu, UNOSOM	32 000	
1 65	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Kambódíu, UNTAC	19 300	
1 66	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Mósambik, ONUMOZ	5 300	
1 70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	30 700	
1 71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	22 200	
1 72	EFTA-dómstóllinn	15 300	
1 73	Þróunarsjóður EFTA	83 600	
1 75	Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE	7 000	
	Gjöld samtals		372 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	372 500	
5	Gjöld samtals		**372 500**
	Samtals		1 550 100

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 400
1 01	Yfirstjórn	71 400	
	Gjöld samtals		71 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 500	
52–58	Önnur gjöld	35 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100	
5	Gjöld samtals	71 400	
4	Sértekjur	5 700	
	Mismunur		**65 700**
04–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 300
1 11	Framkvæmd búvörusamnings	10 000	
1 12	Mat á búvörum	8 000	
1 15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	6 800	
1 21	Landþurrkun	500	
1 31	Skógræktarfélag Íslands	3 000	
1 35	Landgræðslusjóður	3 000	
1 40	Landgræðsluáætlanir	3 000	
1 90	Ýmis verkefni	1 000	
	Gjöld samtals		35 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 600	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	10 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 000	
5	Gjöld samtals	35 300	
4	Sértekjur	8 000	
	Mismunur		**27 300**

04–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

04–211 Rannsóknarstofnun landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			139 200
1 01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	139 200	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Viðhald	4 000	
Stofnkostnaður:			11 400
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 20	Fasteignir	8 400	
	Gjöld samtals		154 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	105 900	
52–58	Önnur gjöld	48 700	
5	Gjöld samtals	154 600	
4	Sértekjur	27 600	
	Mismunur		**127 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–221 Veiðimálastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 700
1 01	Veiðimálastofnun	62 700	
	Gjöld samtals		62 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 200	
52–58	Önnur gjöld	25 500	
5	Gjöld samtals	62 700	
4	Sértekjur	26 600	
	Mismunur		**36 100**
04–231 Yfirdýralæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			104 800
1 01	Yfirdýralæknir	63 400	
1 25	Sauðfjárveikivarnir	40 400	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	1 000	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 90	Dýralæknisbústaðir, óskipt	4 000	
	Gjöld samtals		108 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 300	
52–58	Önnur gjöld	31 500	
5	Gjöld samtals	108 800	
4	Sértekjur	5 200	
	Mismunur		**103 600**
04–261 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			133 600
1 01	Bændaskólinn á Hvanneyri	133 600	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 01	Viðhaldsfé	4 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
6 20	Fasteignir og lóðir	6 000	
	Gjöld samtals		147 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	81 500	
52–58	Önnur gjöld	66 300	
5	Gjöld samtals	147 800	
4	Sértekjur	69 400	
	Mismunur		**78 400**

04–271 Bændaskólinn á Hólum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 000
1 01	Bændaskólinn á Hólum	71 000	
Viðhaldsverkefni:			4 300
5 01	Viðhaldsfé	4 300	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 20	Fasteignir og lóðir	5 000	
	Gjöld samtals		82 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 200	
52–58	Önnur gjöld	42 100	
5	Gjöld samtals	82 300	
4	Sértekjur	20 600	
	Mismunur		**61 700**

04–281 Garðyrkjuskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 500
1 01	Garðyrkjuskóli ríkisins	51 500	
Viðhaldsverkefni:			5 200
5 01	Viðhaldsfé	5 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			6 200
6 01	Tæki og búnaður	2 200	
6 20	Fasteignir og lóðir	4 000	
	Gjöld samtals		62 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 000	
52–58	Önnur gjöld	26 900	
5	Gjöld samtals	62 900	
4	Sértekjur	14 200	
	Mismunur		**48 700**

04–291 Hagþjónusta landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 200
1 01	Hagþjónusta landbúnaðarins	12 200	
	Gjöld samtals		12 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 400	
52–58	Önnur gjöld	5 800	
5	Gjöld samtals	12 200	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**11 100**

04–311 Landgræðsla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			194 400
1 01	Landgræðsla ríkisins	96 200	
1 20	Sérstök verkefni	79 700	
1 90	Fyrirhleðslur	18 500	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Viðhaldsfé	5 000	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
6 20	Fasteignir	2 000	
	Gjöld samtals		206 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 300	
52–58	Önnur gjöld	133 100	
5	Gjöld samtals	206 400	
4	Sértekjur	9 800	
	Mismunur		**196 600**

04–321 Skógrækt ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			201 100
1 01	Skógrækt ríkisins	107 800	
1 10	Rannsóknastöðin Mógilsá	39 200	
1 90	Sérstök verkefni	54 100	
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 01	Viðhaldsfé	6 200	
Stofnkostnaður:			10 300
6 01	Tæki og búnaður	6 200	
6 20	Fasteignir, óskipt	4 100	
	Gjöld samtals		217 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	116 800	
52–58	Önnur gjöld	100 800	
5	Gjöld samtals	217 600	
4	Sértekjur	62 900	
	Mismunur		**154 700**

04–331 Héraðsskógar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 300
1 10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	53 300	
	Gjöld samtals		53 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 800	
52–58	Önnur gjöld	44 500	
5	Gjöld samtals		**53 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 568 000
1 01	Beinar greiðslur til bænda	2 460 000	
1 02	Lífeyrissjóður bænda	98 000	
1 99	Afleysingarþjónusta kúabænda	10 000	
	Gjöld samtals		2 568 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 568 000	
5	Gjöld samtals		**2 568 000**
04–805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 648 000
1 01	Beinar greiðslur til bænda	1 538 000	
1 02	Lífeyrissjóður bænda	66 000	
1 05	Niðurgreiðslur á ull og gærum	250 000	
1 10	Vaxta- og geymslukostnaður	290 000	
1 30	Uppkaup á fullvirðisrétti	449 000	
1 40	Átak í sölu kindakjöts innan lands	55 000	
	Gjöld samtals		2 648 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 648 000	
5	Gjöld samtals		**2 648 000**
04–811	**Búnaðarfélag Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			154 600
1 01	Búnaðarfélag Íslands	79 700	
1 91	Kynbótastöðvar	34 800	
1 92	Héraðsbúnaðarsambönd	40 100	
Stofnkostnaður:			44 000
6 95	Búfjárræktarframlög	44 000	
	Gjöld samtals		198 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	198 600	
5	Gjöld samtals		**198 600**

04–821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			300 000
1 01	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	300 000	
	Gjöld samtals		300 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	300 000	
5	Gjöld samtals		**300 000**

04–831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			35 000
6 20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	35 000	
	Gjöld samtals		35 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	35 000	
5	Gjöld samtals		**35 000**

04–841 Fiskeldisrannsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 01	Fiskeldisrannsóknir	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–851 Greiðslur vegna riðuveiki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 200
1 90	Greiðslur vegna riðuveiki	87 200	
	Gjöld samtals		87 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	87 200	
5	Gjöld samtals		**87 200**
	Samtals		6 837 000

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101	**Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 400
1 01	Yfirstjórn	71 400	
	Gjöld samtals		71 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 000	
52–58	Önnur gjöld	25 400	
5	Gjöld samtals		**71 400**
05–190	**Ýmis verkefni**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 400
1 20	Eldi sjávardýra	19 000	
1 21	Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur	2 900	
1 31	Stjórn fiskveiða	11 700	
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir	21 700	
1 40	Nefnd um upptöku ólögmæts sjávarafla	2 100	
	Gjöld samtals		57 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	15 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	19 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 200	
5	Gjöld samtals		**57 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–199	**Ráðstöfunarfé**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
05–201	**Fiskifélag Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 300
1 01	Yfirstjórn	6 300	
	Gjöld samtals		6 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 300	
5	Gjöld samtals		**6 300**
05–202	**Hafrannsóknastofnun**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			557 100
1 01	Almenn starfsemi	217 700	
1 20	Útibú	18 000	
1 30	Rannsóknarskip	169 000	
1 36	Veiðarfærakostnaður	23 300	
1 39	Annar skiparekstur	46 600	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	15 000	
1 43	Fjölstofnarannsóknir	67 500	
Viðhaldsverkefni:			30 600
5 31	Viðhald skipa	30 600	
Stofnkostnaður:			37 000
6 31	Tæki og búnaður í skip	21 000	
6 90	Tæki og búnaður deilda og útibúa	16 000	
	Gjöld samtals		624 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	304 600	
52–58	Önnur gjöld	320 100	
5	Gjöld samtals	624 700	
4	Sértekjur	20 900	
	Mismunur		**603 800**

05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			179 700
1 01	Almenn starfsemi	179 700	
Stofnkostnaður:			16 600
6 01	Tæki og búnaður	16 600	
	Gjöld samtals		196 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	109 300	
52–58	Önnur gjöld	77 900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	9 100	
5	Gjöld samtals	196 300	
4	Sértekjur	107 200	
	Mismunur		**89 100**

05–204 Fiskistofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			247 100
1 01	Fiskistofa	247 100	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		252 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	135 800	
52–58	Önnur gjöld	116 800	
5	Gjöld samtals	252 600	
4	Sértekjur	112 100	
	Mismunur		**140 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–216 Ríkismat sjávarafurða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 01	Ríkismat sjávarafurða	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
05–221 Verðlagsráð sjávarútvegsins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500
1 01	Verðlagsráð sjávarútvegsins	1 500	
	Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 200	
52–58	Önnur gjöld	300	
5	Gjöld samtals		**1 500**
05–272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			25 000
6 10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**
05–901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 900
1 01	Yfirstjórn	27 900	
1 30	Keldnaholt	34 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			10 500
5 30	Keldnaholt, viðhald	10 500	
	Gjöld samtals		72 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 400	
52–58	Önnur gjöld	38 000	
5	Gjöld samtals	72 400	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**70 600**
	Samtals		1 069 600

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 000
1 01	Yfirstjórn	94 000	
	Gjöld samtals		94 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 400	
52–58	Önnur gjöld	27 600	
5	Gjöld samtals		**94 000**
06–102 Stjórnartíðindi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 800
1 01	Stjórnartíðindi	23 800	
	Gjöld samtals		23 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 600	
52–58	Önnur gjöld	20 200	
5	Gjöld samtals	23 800	
4	Sértekjur	15 000	
	Mismunur		**8 800**
06–103 Lagasafn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 200
1 10	Útgáfa lagasafns	5 200	
	Gjöld samtals		5 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	5 200	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**100**

06–111 Kosningar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 500
1 10	Kosningar	7 500	
	Gjöld samtals		7 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 200	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals		**7 500**

06–190 Ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 700
1 11	Námsleyfi lögfræðinga	2 600	
1 21	Próf málflytjenda	400	
1 22	Próf skjalaþýðenda	700	
1 23	Próf fasteignasala	1 300	
1 31	Matsnefnd eignarnámsbóta	2 300	
1 32	Tölvunefnd	3 900	
1 33	Mannanafnanefnd	600	
1 34	Örorkumatsnefnd	1 500	
1 41	Útgáfa norræns dómasafns	500	
1 42	Norræn samvinna á sviði sakfræði	400	
1 43	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	2 900	
1 44	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	600	
1 51	Innheimta meðlaga	2 700	
1 61	Orator, almenn lögfræðiaðstoð	300	
	Gjöld samtals		20 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 100	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 000	
5	Gjöld samtals	20 700	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**16 600**

06–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**

06–201 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 400
1 01	Yfirstjórn	22 100	
1 02	Útgáfa hæstaréttardóma	12 300	
	Gjöld samtals		34 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 500	
52–58	Önnur gjöld	18 900	
5	Gjöld samtals	34 400	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**30 400**

06–211 Héraðsdómur Reykjavíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			156 100
1 02	Héraðsdómur Reykjavíkur	156 100	
	Gjöld samtals		156 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	113 800	
52–58	Önnur gjöld	42 300	
5	Gjöld samtals		**156 100**

06–212 Héraðsdómur Vesturlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 400
1 02	Héraðsdómur Vesturlands	12 400	
	Gjöld samtals		12 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 100	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals		**12 400**

06–213 Héraðsdómur Vestfjarða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 100
1 02	Héraðsdómur Vestfjarða	12 100	
	Gjöld samtals		12 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 800	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals		**12 100**

06–214 Héraðsdómur Norðurlands vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 700
1 02	Héraðsdómur Norðurlands vestra	3 700	
	Gjöld samtals		3 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 900	
52–58	Önnur gjöld	800	
5	Gjöld samtals		**3 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–215 Héraðsdómur Norðurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 000
1 02	Héraðsdómur Norðurlands eystra	27 000	
	Gjöld samtals		27 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 200	
52–58	Önnur gjöld	8 800	
5	Gjöld samtals		**27 000**
06–216 Héraðsdómur Austurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 400
1 02	Héraðsdómur Austurlands	12 400	
	Gjöld samtals		12 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 100	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals		**12 400**
06–217 Héraðsdómur Suðurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 800
1 02	Héraðsdómur Suðurlands	21 800	
	Gjöld samtals		21 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 100	
52–58	Önnur gjöld	8 700	
5	Gjöld samtals		**21 800**
06–218 Héraðsdómur Reykjaness			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 200
1 02	Héraðsdómur Reykjaness	50 200	
	Gjöld samtals		50 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 200	
52–58	Önnur gjöld	13 000	
5	Gjöld samtals		**50 200**

06–231 Málskostnaður í opinberum málum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			97 400
1 10	Málskostnaður í opinberum málum	97 400	
	Gjöld samtals		97 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	200	
52–58	Önnur gjöld	97 200	
5	Gjöld samtals	97 400	
4	Sértekjur	12 300	
	Mismunur		**85 100**

06–232 Opinber réttaraðstoð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 100
1 10	Opinber réttaraðstoð	10 100	
	Gjöld samtals		10 100
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 100	
5	Gjöld samtals	10 100	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**9 200**

06–290 Dómsmál, ýmis kostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 900
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	3 100	
1 11	Meðdómsmenn	14 400	
1 12	Setu- og varadómarar	3 300	
1 14	Óviss útgjöld	3 100	
	Gjöld samtals		23 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 800	
52–58	Önnur gjöld	3 100	
5	Gjöld samtals		**23 900**

06–291 Húsnæði og búnaður dómstóla

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Viðhald húseigna	5 000	
Stofnkostnaður:			203 000
6 01	Húsnæði Hæstaréttar	185 000	
6 60	Upplýsingakerfi dómstóla	15 000	
6 90	Húsbúnaður héraðsdómstóla	3 000	
	Gjöld samtals		208 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	208 000	
5	Gjöld samtals		**208 000**

06–301 Ríkissaksóknari

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 500
1 05	Ríkissaksóknari	43 500	
	Gjöld samtals		43 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 500	
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals		**43 500**

06–302 Rannsóknarlögregla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			167 400
1 02	Rannsóknarlögregla ríkisins	167 400	
Stofnkostnaður:			5 000
6 02	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		172 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	133 200	
52–58	Önnur gjöld	39 200	
5	Gjöld samtals	172 400	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**170 900**

06–305 Lögregluskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 01	Lögregluskóli ríkisins	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 800	
52–58	Önnur gjöld	12 200	
5	Gjöld samtals	30 000	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**29 600**

06–311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			466 100
1 01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	466 100	
Stofnkostnaður:			17 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 80	Bifreiðir	14 000	
	Gjöld samtals		483 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	357 700	
52–58	Önnur gjöld	125 400	
5	Gjöld samtals	483 100	
4	Sértekjur	30 500	
	Mismunur		**452 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–312	**Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			524 000
1 01	Löggæsla	524 000	
	Gjöld samtals		524 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	431 300	
52–58	Önnur gjöld	92 700	
5	Gjöld samtals		**524 000**
06–321	**Almannavarnir ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 400
1 01	Almannavarnir ríkisins	24 400	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		28 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	16 400	
5	Gjöld samtals		**28 400**
06–331	**Umferðarráð**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 400
1 01	Yfirstjórn	47 700	
1 10	Ökunám	29 700	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		79 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 600	
52–58	Önnur gjöld	48 800	
5	Gjöld samtals	79 400	
4	Sértekjur	56 300	
	Mismunur		**23 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–341	**Áfengis- og fíkniefnamál**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		4 300
1 10	Matsnefnd vínveitingahúsa	1 300	
1 20	Fíkniefnamál	3 000	
	Gjöld samtals		4 300
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	1 100	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	600	
5	Gjöld samtals		**4 300**
06–390	**Ýmis löggæslukostnaður**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		25 600
1 10	Ýmis löggæslukostnaður	25 600	
	Stofnkostnaður:		30 000
6 10	Bifreiðir	30 000	
	Gjöld samtals		55 600
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	11 900	
52–58	Önnur gjöld	42 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	55 600	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**50 600**
06–391	**Húsnæði löggæslustofnana**		
	Viðfangsefni:		
	Viðhaldsverkefni:		15 200
5 01	Viðhald húseigna	15 200	
	Gjöld samtals		15 200
	Tegundasundurliðun:		
52–58	Önnur gjöld	15 200	
5	Gjöld samtals		**15 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–395 Landhelgisgæsla Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			599 000
1 90	Landhelgisgæsla Íslands	599 000	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		605 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	305 000	
52–58	Önnur gjöld	300 000	
5	Gjöld samtals	605 000	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**602 000**
06–410 Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 100
1 01	Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	79 100	
	Gjöld samtals		79 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 000	
52–58	Önnur gjöld	22 100	
5	Gjöld samtals		**79 100**
06–411 Sýslumaðurinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 900
1 01	Yfirstjórn	59 900	
	Gjöld samtals		59 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 500	
52–58	Önnur gjöld	14 400	
5	Gjöld samtals		**59 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–412 Sýslumaðurinn á Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 100
1 01	Yfirstjórn	38 800	
1 20	Löggæsla	50 100	
1 30	Hreppstjórar	1 200	
	Gjöld samtals		90 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	75 400	
52–58	Önnur gjöld	14 700	
5	Gjöld samtals	90 100	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**88 900**
06–413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 800
1 01	Yfirstjórn	6 400	
1 20	Löggæsla	3 100	
1 30	Hreppstjórar	300	
	Gjöld samtals		9 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 600	
52–58	Önnur gjöld	1 200	
5	Gjöld samtals		**9 800**
06–414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 800
1 01	Yfirstjórn	27 500	
1 20	Löggæsla	41 500	
1 30	Hreppstjórar	1 800	
	Gjöld samtals		70 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 500	
52–58	Önnur gjöld	15 300	
5	Gjöld samtals	70 800	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**69 000**

06–415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 300
1 01	Yfirstjórn	4 500	
1 20	Löggæsla	700	
1 30	Hreppstjórar	100	
	Gjöld samtals		5 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 700	
52–58	Önnur gjöld	600	
5	Gjöld samtals		**5 300**

06–416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 700
1 01	Yfirstjórn	17 800	
1 20	Löggæsla	16 200	
1 30	Hreppstjórar	700	
	Gjöld samtals		34 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 900	
52–58	Önnur gjöld	7 800	
5	Gjöld samtals	34 700	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**32 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 500
1 01	Yfirstjórn	4 400	
1 20	Löggæsla	1 100	
	Gjöld samtals		5 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 400	
52–58	Önnur gjöld	1 100	
5	Gjöld samtals		**5 500**
06–418 Sýslumaðurinn á Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			91 900
1 01	Yfirstjórn	38 300	
1 20	Löggæsla	50 900	
1 30	Hreppstjórar	1 200	
1 40	Tollgæsla	1 500	
	Gjöld samtals		91 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 200	
52–58	Önnur gjöld	24 700	
5	Gjöld samtals	91 900	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**88 300**
06–419 Sýslumaðurinn á Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 100
1 01	Yfirstjórn	11 300	
1 20	Löggæsla	5 100	
1 30	Hreppstjórar	700	
	Gjöld samtals		17 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 000	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	17 100	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**16 800**

06–420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 800
1 01	Yfirstjórn	22 400	
1 20	Löggæsla	23 900	
1 30	Hreppstjórar	1 500	
	Gjöld samtals		47 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 700	
52–58	Önnur gjöld	13 100	
5	Gjöld samtals	47 800	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**47 400**

06–421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 900
1 01	Yfirstjórn	24 200	
1 20	Löggæsla	26 500	
1 30	Hreppstjórar	1 100	
1 40	Tollgæsla	1 100	
	Gjöld samtals		52 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 100	
52–58	Önnur gjöld	10 800	
5	Gjöld samtals	52 900	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**52 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 700
1 01	Yfirstjórn	14 900	
1 20	Löggæsla	13 800	
	Gjöld samtals		28 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 700	
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals	28 700	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**27 500**
06–423	**Sýslumaðurinn á Ólafsfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Yfirstjórn	5 000	
1 20	Löggæsla	1 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 900	
52–58	Önnur gjöld	1 100	
5	Gjöld samtals		**6 000**
06–424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			192 000
1 01	Yfirstjórn	71 900	
1 20	Löggæsla	100 500	
1 25	Fangelsi	12 800	
1 30	Hreppstjórar	1 200	
1 40	Tollgæsla	5 600	
	Gjöld samtals		192 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	151 500	
52–58	Önnur gjöld	40 500	
5	Gjöld samtals	192 000	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**191 000**

06–425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 500
1 01	Yfirstjórn	31 800	
1 20	Löggæsla	39 800	
1 30	Hreppstjórar	1 900	
	Gjöld samtals		73 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 700	
52–58	Önnur gjöld	17 800	
5	Gjöld samtals	73 500	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**72 100**

06–426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 900
1 01	Yfirstjórn	14 700	
1 20	Löggæsla	9 500	
1 30	Hreppstjórar	400	
1 40	Tollgæsla	1 300	
	Gjöld samtals		25 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 500	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals	25 900	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**25 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 600
1 01	Yfirstjórn	8 000	
1 20	Löggæsla	2 600	
	Gjöld samtals		10 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 800	
52–58	Önnur gjöld	1 800	
5	Gjöld samtals		**10 600**
06–428 Sýslumaðurinn á Eskifirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 000
1 01	Yfirstjórn	35 700	
1 20	Löggæsla	53 100	
1 30	Hreppstjórar	2 100	
1 40	Tollgæsla	3 100	
	Gjöld samtals		94 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 400	
52–58	Önnur gjöld	23 600	
5	Gjöld samtals	94 000	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**92 300**
06–429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 900
1 01	Yfirstjórn	14 600	
1 20	Löggæsla	14 700	
1 30	Hreppstjórar	600	
	Gjöld samtals		29 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 700	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals	29 900	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**29 700**

06–430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 300
1 01	Yfirstjórn	5 200	
1 20	Löggæsla	900	
1 30	Hreppstjórar	200	
	Gjöld samtals		6 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 100	
52–58	Önnur gjöld	1 200	
5	Gjöld samtals	6 300	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**6 200**

06–431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 000
1 01	Yfirstjórn	19 100	
1 20	Löggæsla	17 600	
1 30	Hreppstjórar	1 300	
	Gjöld samtals		38 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 200	
52–58	Önnur gjöld	9 800	
5	Gjöld samtals	38 000	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**37 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 000
1 01	Yfirstjórn	30 900	
1 20	Löggæsla	36 400	
1 40	Tollgæsla	6 700	
	Gjöld samtals		74 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 300	
52–58	Önnur gjöld	17 700	
5	Gjöld samtals	74 000	
4	Sértekjur	5 200	
	Mismunur		**68 800**
06–433 Sýslumaðurinn á Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			118 900
1 01	Yfirstjórn	44 100	
1 20	Löggæsla	73 100	
1 30	Hreppstjórar	1 700	
	Gjöld samtals		118 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	91 400	
52–58	Önnur gjöld	27 500	
5	Gjöld samtals	118 900	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**113 800**
06–434 Sýslumaðurinn í Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			176 100
1 01	Yfirstjórn	54 000	
1 20	Löggæsla	114 400	
1 30	Hreppstjórar	500	
1 40	Tollgæsla	7 200	
	Gjöld samtals		176 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	140 000	
52–58	Önnur gjöld	36 100	
5	Gjöld samtals	176 100	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**173 700**

06–436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			121 000
1 01	Yfirstjórn	60 200	
1 20	Löggæsla	55 700	
1 30	Hreppstjórar	200	
1 40	Tollgæsla	4 900	
	Gjöld samtals		121 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 200	
52–58	Önnur gjöld	20 800	
5	Gjöld samtals	121 000	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**119 900**

06–437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 000
1 01	Yfirstjórn	45 200	
1 20	Löggæsla	35 800	
	Gjöld samtals		81 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 500	
52–58	Önnur gjöld	12 500	
5	Gjöld samtals	81 000	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**80 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			127 300
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	16 100	
1 20	Kostnaður við löggæslunám	25 300	
1 21	Óviss útgjöld	5 100	
1 30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	80 800	
	Gjöld samtals		127 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 400	
52–58	Önnur gjöld	110 900	
5	Gjöld samtals		**127 300**
06–491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			20 400
5 01	Viðhald húseigna	20 400	
Stofnkostnaður:			98 000
6 01	Tæki og búnaður	15 000	
6 11	Húsnæði sýslumannsins í Reykjavík	10 000	
6 12	Húsnæði sýslumannsins á Akranesi	15 000	
6 24	Húsnæði sýslumannsins á Akureyri	15 000	
6 26	Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði	3 000	
6 50	Breytingar á húsnæði, tölvulagnir o.fl.	20 000	
6 60	Upplýsingakerfi sýslumanna	20 000	
	Gjöld samtals		118 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	118 400	
5	Gjöld samtals		**118 400**
06–501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 100
1 01	Fangelsismálastofnun ríkisins	27 100	
	Gjöld samtals		27 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 400	
52–58	Önnur gjöld	6 700	
5	Gjöld samtals		**27 100**

06–511 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 500
1 01	Yfirstjórn	8 000	
1 21	Hegningarhúsið í Reykjavík	43 500	
1 22	Fangelsið Síðumúla	32 900	
1 23	Fangelsið Kópavogsbraut	29 100	
	Gjöld samtals		113 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	74 000	
52–58	Önnur gjöld	39 500	
5	Gjöld samtals	113 500	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**111 600**

06–512 Fangelsið Litla-Hrauni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			131 800
1 01	Yfirstjórn	118 600	
1 21	Skiltaframleiðsla	3 200	
1 31	Hellugerð o.fl.	10 000	
	Gjöld samtals		131 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 900	
52–58	Önnur gjöld	48 900	
5	Gjöld samtals	131 800	
4	Sértekjur	25 300	
	Mismunur		**106 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–513 Fangelsið Kvíabryggju			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 100
1 01	Fangelsið Kvíabryggju	27 100	
	Gjöld samtals		27 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 800	
52–58	Önnur gjöld	10 300	
5	Gjöld samtals	27 100	
4	Sértekjur	4 600	
	Mismunur		**22 500**
06–590 Fangamál, ýmis kostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 500
1 10	Fangahjálp	5 300	
1 11	Sjúkrakostnaður refsifanga	1 000	
1 12	Fangavarðaskóli	2 600	
1 13	Forföll fangavarða	2 600	
	Gjöld samtals		11 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 300	
52–58	Önnur gjöld	4 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 700	
5	Gjöld samtals		**11 500**
06–591 Fangelsisbyggingar			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			11 500
5 01	Viðhald bygginga	11 500	
Stofnkostnaður:			80 000
6 10	Stofnframkvæmdir	80 000	
	Gjöld samtals		91 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	91 500	
5	Gjöld samtals		**91 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–701	**Biskup Íslands**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		50 500
1 01	Yfirstjórn	39 200	
1 05	Starfsþjálfun guðfræðikandídata	2 800	
1 11	Kirkjuráð	900	
1 12	Kirkjuþing	4 000	
1 14	Prestastefna	600	
1 15	Ýmis verkefni	3 000	
	Gjöld samtals		50 500
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	28 900	
52–58	Önnur gjöld	18 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals	50 500	
4	Sértekjur	11 000	
	Mismunur		**39 500**
06–711	**Prestaköll og prófastsdæmi**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		318 600
1 10	Prestar og prófastar	318 600	
	Gjöld samtals		318 600
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	252 100	
52–58	Önnur gjöld	66 500	
5	Gjöld samtals		**318 600**
06–712	**Prestssetur**		
	Viðfangsefni:		
	Viðhaldsverkefni:		44 600
5 01	Viðhald prestssetra	44 600	
	Gjöld samtals		44 600
	Tegundasundurliðun:		
52–58	Önnur gjöld	44 600	
5	Gjöld samtals		**44 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–721	**Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 200
1 01	Yfirstjórn	10 600	
1 10	Tónskóli þjóðkirkjunnar	6 600	
	Gjöld samtals		17 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 700	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals	17 200	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**15 700**
06–731	**Kristnisjóður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 300
1 10	Kristnisjóður	18 300	
	Gjöld samtals		18 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	18 300	
5	Gjöld samtals		**18 300**
06–732	**Kirkjubyggingarsjóður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 10	Kirkjubyggingarsjóður	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–790	**Kirkjumál, ýmis kostnaður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 900
1 11	Langamýri í Skagafirði	1 300	
1 12	Ráðgjöf í fjölskyldumálum	2 200	
1 14	Kirkjumiðstöð Austurlands	1 400	
Stofnkostnaður:			18 000
6 10	Skálholtsstaður	8 000	
6 11	Hallgrímskirkja	4 000	
6 12	Hóladómkirkja	4 000	
6 13	Snorrastofa	2 000	
	Gjöld samtals		22 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 500	
52–58	Önnur gjöld	18 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 400	
5	Gjöld samtals		**22 900**
06–950	**Rekstrarhagræðing**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 300
1 90	Rekstrarhagræðing	5 300	
	Gjöld samtals		5 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 300	
5	Gjöld samtals		**5 300**
	Samtals		5 424 300

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 400
1 01	Yfirstjórn	83 700	
1 90	Sameining sveitarfélaga	7 500	
1 99	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	3 200	
	Gjöld samtals		94 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 600	
52–58	Önnur gjöld	41 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 400	
5	Gjöld samtals	94 400	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**94 300**
07–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
07–272 Byggingarsjóður verkamanna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			901 000
6 01	Byggingarsjóður verkamanna	901 000	
	Gjöld samtals		901 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	901 000	
5	Gjöld samtals		**901 000**

07–302 Ríkissáttasemjari

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 300
1 01	Ríkissáttasemjari	21 300	
	Gjöld samtals		21 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 000	
52–58	Önnur gjöld	7 300	
5	Gjöld samtals		**21 300**

07–400 Málefni barna og ungmenna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 200
1 90	Málefni barna og ungmenna	23 200	
	Gjöld samtals		23 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 500	
52–58	Önnur gjöld	5 700	
5	Gjöld samtals		**23 200**

07–401 Barnaverndarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 300
1 01	Barnaverndarráð	9 300	
	Gjöld samtals		9 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 700	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals		**9 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–402 Unglingaheimili ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			158 100
1 01	Unglingaheimili ríkisins	158 100	
	Gjöld samtals		158 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	118 600	
52–58	Önnur gjöld	39 500	
5	Gjöld samtals		**158 100**
07–410 Heimili fyrir börn og unglinga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 500
1 10	Meðferðarheimili Torfastöðum	14 900	
1 20	Meðferðarheimili barna	17 600	
1 30	Vistheimili Árbót	11 000	
	Gjöld samtals		43 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	43 500	
5	Gjöld samtals		**43 500**
07–700 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 100
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	2 100	
1 20	Vistun geðfatlaðra	13 000	
1 50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	16 900	
1 80	Starfsþjálfun	8 600	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	2 100	
1 99	Svæðisráð, réttindagæsla o.fl.	5 400	
	Gjöld samtals		48 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 500	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 700	
5	Gjöld samtals		**48 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			224 600
1 01	Svæðisskrifstofa	24 900	
1 20	Sambýli	130 000	
1 21	Sambýli Akurgerði 20	8 900	
1 26	Sambýli Stigahlíð 71	12 000	
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands	5 700	
1 33	Vinnustofa Blindrafélagsins	4 300	
1 64	Skammtímavistun Álfalandi 6	17 200	
1 77	Vistheimili fyrir börn	17 400	
1 80	Atvinnuleit	2 400	
1 85	Félag heyrnarlausra	1 800	
	Gjöld samtals		224 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	162 800	
52-58	Önnur gjöld	13 500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	28 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 800	
5	Gjöld samtals		**224 600**
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			183 800
1 01	Svæðisskrifstofa	22 200	
1 20	Sambýli	68 200	
1 30	Verndaður vinnustaður, Örvi	20 600	
1 40	Leikfangasafn Keflavík	1 200	
1 60	Skammtímavistun	22 600	
1 61	Dagvistun Keflavík	7 800	
1 64	Hæfingarstöðvar	23 500	
1 69	Skammtímavistun, Reykjadal	2 200	
1 72	Gistiheimili Kópavogi	3 400	
1 73	Vistheimili fyrir börn	12 100	
	Gjöld samtals		183 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	143 200	
52–58	Önnur gjöld	33 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 200	
5	Gjöld samtals	183 800	
4	Sértekjur	6 200	
	Mismunur		**177 600**

07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 300
1 01	Svæðisskrifstofa	9 900	
1 20	Sambýli Akranesi	13 600	
1 21	Sambýli Borgarnesi	7 500	
1 30	Verndaður vinnustaður Akranesi	10 300	
1 40	Leikfangasafn Borgarnesi	2 900	
1 60	Dagvistun Akranesi	6 600	
1 61	Skammtímavistun	6 500	
	Gjöld samtals		57 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 300	
52–58	Önnur gjöld	11 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 100	
5	Gjöld samtals	57 300	
4	Sértekjur	6 600	
	Mismunur		**50 700**

07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 300
1 01	Svæðisskrifstofa	7 800	
1 20	Sambýli Ísafirði	2 100	
1 40	Leikfangasafn Ísafirði	4 100	
1 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	28 300	
	Gjöld samtals		42 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 000	
52–58	Önnur gjöld	10 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	800	
5	Gjöld samtals		**42 300**

07–705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 800
1 01	Svæðisskrifstofa	10 400	
1 20	Sambýli	34 900	
1 40	Leiktækjasöfn	6 500	
1 50	Vistheimili fyrir börn	10 100	
1 61	Dagvist Siglufirði	2 600	
1 90	Verkstjórn	1 300	
	Gjöld samtals		65 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 500	
52–58	Önnur gjöld	10 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	800	
5	Gjöld samtals		**65 800**

07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			264 800
1 01	Svæðisskrifstofa	21 400	
1 20	Sambýli	72 000	
1 30	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	25 500	
1 31	Verndaður vinnustaður	14 300	
1 40	Leikfangasafn Akureyri	2 400	
1 60	Skammtímavistun	8 200	
1 70	Vistheimilið Sólborg	121 000	
	Gjöld samtals		264 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	208 400	
52–58	Önnur gjöld	53 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 400	
5	Gjöld samtals	264 800	
4	Sértekjur	23 500	
	Mismunur		**241 300**

07–707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 200
1 01	Svæðisskrifstofa	15 300	
1 20	Sambýli Egilsstöðum	8 300	
1 30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	6 400	
1 50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	33 100	
1 60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	2 100	
	Gjöld samtals		65 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 600	
52–58	Önnur gjöld	13 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 200	
5	Gjöld samtals	65 200	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**63 800**

07–708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			118 300
1 01	Svæðisskrifstofa	14 900	
1 20	Sambýli Selfossi	28 400	
1 24	Sambýli Bitru	6 300	
1 25	Sambýli Hlíðartungu	6 300	
1 26	Sambýli Vestmannaeyjum	7 400	
1 30	Verndaður vinnustaður Selfossi	8 700	
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	11 700	
1 40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1 600	
1 50	Vistheimili fyrir börn	10 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 70	Lambhagi	9 200	
1 72	Skaftholt	6 300	
1 73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	6 600	
	Gjöld samtals		118 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	76 500	
52–58	Önnur gjöld	20 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	21 000	
5	Gjöld samtals	118 300	
4	Sértekjur	6 300	
	Mismunur		**112 000**

07–710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 400
1 70	Heimili einhverfra	48 400	
	Gjöld samtals		48 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 900	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals		**48 400**

07–711 Styrktarfélag vangefinna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			208 500
1 20	Sambýli	55 600	
1 30	Vinnustofan Ás	24 400	
1 60	Dagvistun Lækjarási	27 200	
1 61	Dagvistun Bjarkarási	31 800	
1 62	Dagvistun Lyngási	43 800	
1 63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	14 600	
1 64	Skammtímavistun Þykkvabæ 1	11 100	
	Gjöld samtals		208 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	152 200	
52–58	Önnur gjöld	56 300	
5	Gjöld samtals	208 500	
4	Sértekjur	12 700	
	Mismunur		**195 800**

07–719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 700
1 70	Vistheimilið Tjaldanesi	38 700	
	Gjöld samtals		38 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 600	
52–58	Önnur gjöld	12 100	
5	Gjöld samtals		**38 700**

07–720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			110 200
1 70	Vistheimilið Skálatúni	110 200	
	Gjöld samtals		110 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 200	
52–58	Önnur gjöld	30 000	
5	Gjöld samtals	110 200	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**109 200**

07–722 Sólheimar Grímsnesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 100
1 70	Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	68 100	
	Gjöld samtals		68 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	68 100	
5	Gjöld samtals		**68 100**

07–750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 200
1 01	Yfirstjórn	67 200	
	Gjöld samtals		67 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 200	
52–58	Önnur gjöld	17 000	
5	Gjöld samtals	67 200	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**65 600**

07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			320 000
6 01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	320 000	
	Gjöld samtals		320 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 000	
52–58	Önnur gjöld	318 000	
5	Gjöld samtals		**320 000**

07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 846 000
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 846 000	
	Gjöld samtals		1 846 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 846 000	
5	Gjöld samtals		**1 846 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 600
1 90	Rekstrarhagræðing	9 600	
	Gjöld samtals		9 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	9 600	
5	Gjöld samtals		**9 600**
07–951 Brunamálastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 800
1 01	Brunamálastofnun ríkisins	59 300	
1 10	Námssjóður	3 500	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		66 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 000	
52–58	Önnur gjöld	41 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 500	
5	Gjöld samtals	66 300	
4	Sértekjur	81 100	
	Mismunur		**–14 800**
07–953 Jafnréttisráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 000
1 01	Jafnréttisráð	20 900	
1 10	Sérstök verkefni	4 100	
	Gjöld samtals		25 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 700	
52–58	Önnur gjöld	13 300	
5	Gjöld samtals	25 000	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**23 500**

07–954 Vinnueftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			147 500
1 01	Vinnueftirlit ríkisins	147 500	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		152 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 200	
52–58	Önnur gjöld	57 300	
5	Gjöld samtals	152 500	
4	Sértekjur	33 400	
	Mismunur		**119 100**

07–981 Vinnumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 500
1 10	Félagsdómur	3 500	
1 12	Alþýðusamband Íslands	10 900	
1 13	Sjómannasamtök, lögskráning	500	
1 51	Sjómannadagsráð	200	
1 70	Atvinnumál kvenna	15 000	
1 90	Ýmislegt	21 400	
	Gjöld samtals		51 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 600	
52–58	Önnur gjöld	900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	48 000	
5	Gjöld samtals		**51 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–982 Ábyrgðasjóður launa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			400 000
1 01	Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	400 000	
	Gjöld samtals		400 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	400 000	
5	Gjöld samtals		**400 000**
07–985 Félagsmálaskóli alþýðu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 900
1 10	Almennur rekstur	12 500	
1 20	ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4 400	
1 30	Norræni verkalýðsskólinn í Genf	200	
1 40	Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	1 800	
	Gjöld samtals		18 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 900	
5	Gjöld samtals		**18 900**
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			209 200
1 10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	11 000	
1 11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	60 600	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	16 700	
1 30	Sjómannastofur	1 100	
1 31	Félagasamtök, styrkir	21 700	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	48 000	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	15 400	
1 41	Stígamót	6 900	
1 50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	3 000	
1 51	Ár fjölskyldunnar	5 400	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	6 500	
1 81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	4 700	
1 90	Ýmis framlög	8 200	
	Gjöld samtals		209 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 700	
52–58	Önnur gjöld	3 900	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	6 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	195 100	
5	Gjöld samtals		**209 200**
	Samtals		5 790 700

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 500
1 01	Yfirstjórn	120 500	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		123 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 300	
52–58	Önnur gjöld	52 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	300	
5	Gjöld samtals	123 500	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**119 300**
08–199	**Ráðstöfunarfé**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
08–201	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			546 200
1 01	Tryggingastofnun ríkisins	546 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			2 300
5 20	Viðhald húseignar	2 300	
Stofnkostnaður:			23 000
6 01	Tæki og búnaður	23 000	
	Gjöld samtals		571 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	295 100	
52–58	Önnur gjöld	275 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	571 500	
4	Sértekjur	183 000	
	Mismunur		**388 500**

08–204 Lífeyristryggingar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 675 000
1 10	Lífeyristryggingar	15 675 000	
	Gjöld samtals		15 675 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 675 000	
5	Gjöld samtals		**15 675 000**

08–206 Sjúkratryggingar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 540 000
1 10	Sjúkratryggingar	9 540 000	
	Gjöld samtals		9 540 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	9 540 000	
5	Gjöld samtals		**9 540 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–208	**Slysatryggingar**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			534 000
1 10	Slysatryggingar	534 000	
	Gjöld samtals		534 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	534 000	
5	Gjöld samtals		**534 000**
08–212	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 950 000
1 10	Atvinnuleysistryggingasjóður	2 950 000	
	Gjöld samtals		2 950 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 950 000	
5	Gjöld samtals		**2 950 000**
08–214	**Eftirlaunasjóður aldraðra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			115 800
1 10	Eftirlaunasjóður aldraðra	115 800	
	Gjöld samtals		115 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	115 800	
5	Gjöld samtals		**115 800**
08–216	**Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 000
1 10	Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	120 000	
	Gjöld samtals		120 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	120 000	
5	Gjöld samtals		**120 000**

08–301 Landlæknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 300
1 01	Yfirstjórn	33 700	
1 10	Læknaráð	1 900	
1 20	Sjúkraflutningaráð	700	
	Gjöld samtals		36 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 900	
52–58	Önnur gjöld	13 400	
5	Gjöld samtals		**36 300**

08–311 Héraðslæknir í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 800
1 01	Héraðslæknir í Reykjavík	6 800	
	Gjöld samtals		6 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 600	
52–58	Önnur gjöld	1 200	
5	Gjöld samtals		**6 800**

08–315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 900
1 01	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	1 900	
	Gjöld samtals		1 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 400	
52–58	Önnur gjöld	500	
5	Gjöld samtals		**1 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–323 Tryggingaeftirlitið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 200
1 01	Tryggingaeftirlitið	31 200	
	Gjöld samtals		31 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 300	
52–58	Önnur gjöld	7 900	
5	Gjöld samtals	31 200	
4	Sértekjur	31 200	
	Mismunur		
08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 300
1 01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	90 300	
Stofnkostnaður:			4 000
6 10	Fasteign	4 000	
	Gjöld samtals		94 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 300	
52–58	Önnur gjöld	21 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	41 600	
5	Gjöld samtals	94 300	
4	Sértekjur	18 400	
	Mismunur		**75 900**
08–325 Hollustuvernd ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 000
1 01	Hollustuvernd ríkisins	28 000	
1 02	Heilbrigðiseftirlit	14 300	
1 03	Rannsóknastofa	23 600	
1 04	Mengunarvarnaeftirlit	21 400	
1 05	Eiturefnaeftirlit	6 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		96 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 900	
52–58	Önnur gjöld	31 100	
5	Gjöld samtals	96 000	
4	Sértekjur	15 200	
	Mismunur		**80 800**

08–326 Sjónstöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 800
1 01	Sjónstöð Íslands	39 800	
	Gjöld samtals		39 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 100	
52–58	Önnur gjöld	5 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 900	
5	Gjöld samtals	39 800	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**39 600**

08–327 Geislavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 600
1 01	Geislavarnir ríkisins	21 600	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		23 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 600	
52–58	Önnur gjöld	10 500	
5	Gjöld samtals	23 100	
4	Sértekjur	6 400	
	Mismunur		**16 700**

08–340 Málefni fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 700
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	11 100	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	4 100	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	9 700	
1 40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	11 000	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2 000	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	4 400	
1 70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	1 000	
1 90	Ýmis starfsemi	3 400	
Stofnkostnaður:			20 000
6 90	Styrkir til ýmissa framkvæmda	20 000	
	Gjöld samtals		66 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	66 700	
5	Gjöld samtals		**66 700**

08–350 Sjúkrahúsið Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			444 600
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	444 600	
	Gjöld samtals		444 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	310 500	
52–58	Önnur gjöld	134 100	
5	Gjöld samtals	444 600	
4	Sértekjur	37 000	
	Mismunur		**407 600**

08–352 Sjúkrahúsið Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 700
1 01	Sjúkrahúsið Patreksfirði	72 700	
	Gjöld samtals		72 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 200	
52–58	Önnur gjöld	23 500	
5	Gjöld samtals	72 700	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**69 700**

08–353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			196 200
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	196 200	
	Gjöld samtals		196 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	135 000	
52–58	Önnur gjöld	61 200	
5	Gjöld samtals	196 200	
4	Sértekjur	30 000	
	Mismunur		**166 200**

08–355 Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 100
1 01	Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi	120 100	
	Gjöld samtals		120 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	91 200	
52–58	Önnur gjöld	28 900	
5	Gjöld samtals	120 100	
4	Sértekjur	7 300	
	Mismunur		**112 800**

08–356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			278 100
1 01	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	278 100	
	Gjöld samtals		278 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	206 600	
52–58	Önnur gjöld	71 500	
5	Gjöld samtals	278 100	
4	Sértekjur	18 600	
	Mismunur		**259 500**

08–357 Sjúkrahúsið Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			130 000
1 01	Sjúkrahúsið Siglufirði	130 000	
	Gjöld samtals		130 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	86 200	
52–58	Önnur gjöld	43 800	
5	Gjöld samtals	130 000	
4	Sértekjur	6 300	
	Mismunur		**123 700**

08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 239 900
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 239 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			15 800
5 01	Fasteign	15 800	
Stofnkostnaður:			40 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	30 000	
	Gjöld samtals		1 295 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	842 700	
52–58	Önnur gjöld	453 000	
5	Gjöld samtals	1 295 700	
4	Sértekjur	145 500	
	Mismunur		**1 150 200**

08–359 Sjúkrahúsið Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			249 100
1 01	Sjúkrahúsið Húsavík	249 100	
	Gjöld samtals		249 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	179 200	
52–58	Önnur gjöld	69 900	
5	Gjöld samtals	249 100	
4	Sértekjur	24 600	
	Mismunur		**224 500**

08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 100
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	90 100	
	Gjöld samtals		90 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 300	
52–58	Önnur gjöld	29 800	
5	Gjöld samtals	90 100	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**85 800**

08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			177 600
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	177 600	
	Gjöld samtals		177 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	129 600	
52–58	Önnur gjöld	48 000	
5	Gjöld samtals	177 600	
4	Sértekjur	17 500	
	Mismunur		**160 100**

08–363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 400
1 01	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	99 400	
	Gjöld samtals		99 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 600	
52–58	Önnur gjöld	28 800	
5	Gjöld samtals	99 400	
4	Sértekjur	4 700	
	Mismunur		**94 700**

08–365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			238 200
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	238 200	
	Gjöld samtals		238 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	171 200	
52–58	Önnur gjöld	67 000	
5	Gjöld samtals	238 200	
4	Sértekjur	29 000	
	Mismunur		**209 200**

08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			186 800
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	186 800	
	Gjöld samtals		186 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	129 200	
52–58	Önnur gjöld	57 600	
5	Gjöld samtals	186 800	
4	Sértekjur	20 400	
	Mismunur		**166 400**

08–367 Sjúkrahúsið Keflavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			253 100
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	221 900	
1 10	Hjúkrunarheimilið Víðihlíð	31 200	
	Gjöld samtals		253 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	178 500	
52–58	Önnur gjöld	74 600	
5	Gjöld samtals	253 100	
4	Sértekjur	49 700	
	Mismunur		**203 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–368 Sólvangur, Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			224 800
1 01	Sólvangur, Hafnarfirði	224 800	
	Gjöld samtals		224 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	176 800	
52–58	Önnur gjöld	48 000	
5	Gjöld samtals	224 800	
4	Sértekjur	8 400	
	Mismunur		**216 400**
08–370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			204 200
1 01	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	204 200	
Stofnkostnaður:			100 000
6 50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	100 000	
	Gjöld samtals		304 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	161 700	
52–58	Önnur gjöld	142 500	
5	Gjöld samtals		**304 200**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 527 000
1 01	Ríkisspítalar	6 527 000	
Viðhaldsverkefni:			79 000
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	79 000	
Stofnkostnaður:			269 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	95 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	174 000	
	Gjöld samtals		6 875 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 193 200	
52–58	Önnur gjöld	2 681 800	
5	Gjöld samtals	6 875 000	
4	Sértekjur	810 000	
	Mismunur		**6 065 000**

08–372 Borgarspítalinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 091 700
1 01	Borgarspítalinn	3 091 700	
Viðhaldsverkefni:			40 000
5 01	Fasteign	40 000	
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Tæki og búnaður	25 000	
	Gjöld samtals		3 156 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 082 200	
52–58	Önnur gjöld	1 074 500	
5	Gjöld samtals	3 156 700	
4	Sértekjur	450 000	
	Mismunur		**2 706 700**

08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			922 400
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	922 400	
Viðhaldsverkefni:			6 600
5 01	Viðhald	6 600	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		939 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	615 300	
52–58	Önnur gjöld	323 700	
5	Gjöld samtals	939 000	
4	Sértekjur	201 000	
	Mismunur		**738 000**

08–378 Læknishéraðasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Læknishéraðasjóður	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**

08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			25 000
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	25 000	
Stofnkostnaður:			306 100
6 60	Tækjakaup, óskipt	17 400	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	288 700	
	Gjöld samtals		331 100
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	42 400	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	288 700	
5	Gjöld samtals		**331 100**

08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			156 000
1 01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	156 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			259 000
6 01	Stofnkostnaður og endurbætur	259 000	
	Gjöld samtals		415 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	415 000	
5	Gjöld samtals		**415 000**

08–393 Lyfjamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 400
1 31	Lyfsölusjóður	900	
1 41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	3 900	
1 51	Evrópska lyfjaskráin	300	
1 61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	300	
1 71	Samheitaverðskrá lyfja	1 000	
	Gjöld samtals		6 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	700	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	6 400	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**5 500**

08–395 Lyfjaeftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 300
1 01	Lyfjaeftirlit ríkisins	14 300	
	Gjöld samtals		14 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 100	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	14 300	
4	Sértekjur	14 300	
	Mismunur		

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–396 Lyfjanefnd			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 600
1 01	Lyfjanefnd	14 600	
	Gjöld samtals		14 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 400	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	14 600	
4	Sértekjur	14 600	
	Mismunur		
08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			237 100
1 25	Neyslu- og manneldismál, manneldisráð	10 000	
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	98 500	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	9 000	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	3 700	
1 37	Hjartavernd	8 100	
1 40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1 000	
1 42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	44 900	
1 50	Tannverndarsjóður	10 000	
1 53	Tóbaksvarnir	8 900	
1 54	Erfðafræðirannsóknir	5 000	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	6 200	
1 81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	8 400	
1 90	Ýmis framlög	12 000	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 400	
	Gjöld samtals		237 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 200	
52–58	Önnur gjöld	43 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	185 100	
5	Gjöld samtals	237 100	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**237 000**

08–400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			241 800
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	241 800	
	Gjöld samtals		241 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	167 200	
52–58	Önnur gjöld	74 600	
5	Gjöld samtals	241 800	
4	Sértekjur	44 500	
	Mismunur		**197 300**

08–401 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			106 200
1 01	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	106 200	
	Gjöld samtals		106 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	76 000	
52–58	Önnur gjöld	30 200	
5	Gjöld samtals	106 200	
4	Sértekjur	9 000	
	Mismunur		**97 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–402 Sjúkrahús Hvammstanga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 800
1 01	Sjúkrahús Hvammstanga	88 800	
	Gjöld samtals		88 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 000	
52–58	Önnur gjöld	25 800	
5	Gjöld samtals	88 800	
4	Sértekjur	2 900	
	Mismunur		**85 900**
08–403 Sjúkrahús Bolungarvíkur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 500
1 01	Sjúkrahús Bolungarvíkur	42 500	
	Gjöld samtals		42 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 300	
52–58	Önnur gjöld	11 200	
5	Gjöld samtals	42 500	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**42 100**
08–404 Sjúkraskýlið Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 600
1 01	Sjúkraskýlið Hólmavík	25 600	
	Gjöld samtals		25 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 700	
52–58	Önnur gjöld	6 900	
5	Gjöld samtals	25 600	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**25 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–405 Sjúkraskýlið Þingeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 100
1 01	Sjúkraskýlið Þingeyri	12 100	
	Gjöld samtals		12 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 400	
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals	12 100	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**12 000**
08–406 Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 100
1 01	Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	11 100	
	Gjöld samtals		11 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 200	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	11 100	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**11 000**
08–407 Sundabúð II, Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 300
1 01	Sundabúð II, Vopnafirði	28 300	
	Gjöld samtals		28 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 700	
52–58	Önnur gjöld	7 600	
5	Gjöld samtals	28 300	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**25 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–408 Sunnuhlíð, Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			128 900
1 01	Sunnuhlíð, Kópavogi	128 900	
	Gjöld samtals		128 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	92 100	
52–58	Önnur gjöld	36 800	
5	Gjöld samtals	128 900	
4	Sértekjur	13 300	
	Mismunur		**115 600**
08–409 Hjúkrunarheimilið Skjól			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			273 800
1 01	Hjúkrunarheimilið Skjól	273 800	
	Gjöld samtals		273 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	181 600	
52–58	Önnur gjöld	92 200	
5	Gjöld samtals	273 800	
4	Sértekjur	11 800	
	Mismunur		**262 000**
08–410 Hjúkrunarheimilið Eir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 800
1 01	Hjúkrunarheimilið Eir	73 800	
	Gjöld samtals		73 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 000	
52–58	Önnur gjöld	21 800	
5	Gjöld samtals	73 800	
4	Sértekjur	3 100	
	Mismunur		**70 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–411 Garðvangur, Garði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 700
1 01	Garðvangur, Garði	96 700	
	Gjöld samtals		96 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 000	
52–58	Önnur gjöld	29 700	
5	Gjöld samtals	96 700	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**95 000**
08–420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			195 000
1 01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	195 000	
	Gjöld samtals		195 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	110 800	
52–58	Önnur gjöld	84 200	
5	Gjöld samtals	195 000	
4	Sértekjur	24 400	
	Mismunur		**170 600**
08–421 Víðines			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 400
1 01	Víðines	77 400	
	Gjöld samtals		77 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 700	
52–58	Önnur gjöld	37 700	
5	Gjöld samtals	77 400	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**77 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–422 Hlaðgerðarkot			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 800
1 01	Hlaðgerðarkot	25 800	
	Gjöld samtals		25 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 200	
52–58	Önnur gjöld	10 600	
5	Gjöld samtals	25 800	
4	Sértekjur	2 800	
	Mismunur		**23 000**
08–430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			191 200
1 01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	191 200	
	Gjöld samtals		191 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	136 400	
52–58	Önnur gjöld	54 800	
5	Gjöld samtals	191 200	
4	Sértekjur	24 100	
	Mismunur		**167 100**
08–431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			189 200
1 01	Endurhæfingardeild	56 500	
1 10	Heilsuhælisdeild	132 700	
	Gjöld samtals		189 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 200	
52–58	Önnur gjöld	18 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	132 700	
5	Gjöld samtals		**189 200**

08–490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 400
1 01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	70 400	
	Gjöld samtals		70 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 100	
52–58	Önnur gjöld	20 300	
5	Gjöld samtals		**70 400**

08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			150 900
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	150 900	
Viðhaldsverkefni:			25 000
5 01	Viðhald, óskipt	25 000	
Stofnkostnaður:			36 300
6 01	Tæki og búnaður	25 000	
6 10	Heyrnarmælingaklefar	5 300	
6 90	Tölvuvæðing	6 000	
	Gjöld samtals		212 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 700	
52–58	Önnur gjöld	102 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	74 600	
5	Gjöld samtals		**212 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–510	**Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			286 700
1 01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	286 700	
	Gjöld samtals		286 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	170 500	
52–58	Önnur gjöld	113 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 300	
5	Gjöld samtals	286 700	
4	Sértekjur	15 900	
	Mismunur		**270 800**
08–511	**Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 200
1 10	Heilsugæslustöðin Árbæ	34 300	
1 20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	20 900	
	Gjöld samtals		55 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 000	
52–58	Önnur gjöld	18 200	
5	Gjöld samtals	55 200	
4	Sértekjur	8 300	
	Mismunur		**46 900**
08–512	**Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 600
1 10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	38 300	
1 20	Heilsugæslustöðin Mjódd	31 300	
	Gjöld samtals		69 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 500	
52–58	Önnur gjöld	20 100	
5	Gjöld samtals	69 600	
4	Sértekjur	12 700	
	Mismunur		**56 900**

08–513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 000
1 10	Heilsugæslustöðin Fossvogi	27 000	
	Gjöld samtals		27 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 000	
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals	27 000	
4	Sértekjur	3 700	
	Mismunur		**23 300**

08–514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 800
1 10	Heilsugæslustöðin Hlíðum	24 200	
1 20	Heilsugæslustöðin Miðbæ	28 600	
	Gjöld samtals		52 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 600	
52–58	Önnur gjöld	13 200	
5	Gjöld samtals	52 800	
4	Sértekjur	7 600	
	Mismunur		**45 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–515 Heilsugæslustöðin Álftamýri í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 700
1 01	Heilsugæslustöðin Álftamýri	37 700	
	Gjöld samtals		37 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 900	
52–58	Önnur gjöld	13 800	
5	Gjöld samtals	37 700	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**30 500**
08–521 Heilsugæslustöðin Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 200
1 01	Heilsugæslustöðin Akranesi	31 200	
	Gjöld samtals		31 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 600	
52–58	Önnur gjöld	7 600	
5	Gjöld samtals	31 200	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**28 000**
08–522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 600
1 01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	29 600	
	Gjöld samtals		29 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 600	
52–58	Önnur gjöld	9 000	
5	Gjöld samtals	29 600	
4	Sértekjur	9 100	
	Mismunur		**20 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–523 Heilsugæslustöðin Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 700
1 01	Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	15 700	
	Gjöld samtals		15 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 500	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals	15 700	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**13 300**
08–524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 000
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	23 000	
	Gjöld samtals		23 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 800	
52–58	Önnur gjöld	8 200	
5	Gjöld samtals	23 000	
4	Sértekjur	9 000	
	Mismunur		**14 000**
08–525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals	11 000	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**8 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–526 Heilsugæslustöðin Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 300
1 01	Heilsugæslustöðin Búðardal	18 300	
	Gjöld samtals		18 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 400	
52–58	Önnur gjöld	5 900	
5	Gjöld samtals	18 300	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**16 100**
08–531 Heilsugæslustöðin Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 300
1 01	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	20 300	
	Gjöld samtals		20 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 100	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals	20 300	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**15 200**
08–532 Heilsugæslustöðin Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 800
1 01	Heilsugæslustöðin Ísafirði	42 800	
	Gjöld samtals		42 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 400	
52–58	Önnur gjöld	18 400	
5	Gjöld samtals	42 800	
4	Sértekjur	5 200	
	Mismunur		**37 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–533	**Heilsugæslustöðin Þingeyri**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		7 800
1 01	Heilsugæslustöðin Þingeyri	7 800	
	Gjöld samtals		7 800
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	5 300	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	7 800	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**7 100**
08–534	**Heilsugæslustöðin Flateyri**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		8 500
1 01	Heilsugæslustöðin Flateyri	8 500	
	Gjöld samtals		8 500
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	5 600	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	8 500	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**7 100**
08–535	**Heilsugæslustöðin Bolungarvík**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		11 100
1 01	Heilsugæslustöðin Bolungarvík	11 100	
	Gjöld samtals		11 100
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	3 900	
5	Gjöld samtals	11 100	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**9 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–536 Heilsugæslustöðin Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 800
1 01	Heilsugæslustöðin Hólmavík	10 800	
	Gjöld samtals		10 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 300	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals	10 800	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**9 600**
08–541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 700
1 01	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	13 700	
	Gjöld samtals		13 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 300	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals	13 700	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**9 500**
08–542 Heilsugæslustöðin Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 500
1 01	Heilsugæslustöðin Blönduósi	22 500	
	Gjöld samtals		22 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 200	
52–58	Önnur gjöld	6 300	
5	Gjöld samtals	22 500	
4	Sértekjur	4 900	
	Mismunur		**17 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–543	**Heilsugæslustöðin Sauðárkróki**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		27 700
1 01	Heilsugæslustöðin Sauðárkróki	27 700	
	Gjöld samtals		27 700
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	18 400	
52–58	Önnur gjöld	9 300	
5	Gjöld samtals	27 700	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**23 900**
08–544	**Heilsugæslustöðin Siglufirði**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		13 800
1 01	Heilsugæslustöðin Siglufirði	13 800	
	Gjöld samtals		13 800
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	9 200	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
5	Gjöld samtals	13 800	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**12 100**
08–551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		11 500
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	11 500	
	Gjöld samtals		11 500
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	7 700	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals	11 500	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**9 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–552 Heilsugæslustöðin Dalvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 200
1 01	Heilsugæslustöðin Dalvík	18 200	
	Gjöld samtals		18 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 900	
52–58	Önnur gjöld	6 300	
5	Gjöld samtals	18 200	
4	Sértekjur	4 800	
	Mismunur		**13 400**
08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			107 000
1 01	Heilsugæslustöðin Akureyri	107 000	
	Gjöld samtals		107 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	78 700	
52–58	Önnur gjöld	28 300	
5	Gjöld samtals	107 000	
4	Sértekjur	20 500	
	Mismunur		**86 500**
08–554 Heilsugæslustöðin Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 600
1 01	Heilsugæslustöðin Húsavík	29 600	
	Gjöld samtals		29 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 100	
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals	29 600	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**25 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 700
1 01	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	8 700	
	Gjöld samtals		8 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 700	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	8 700	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**7 400**
08–556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 800
1 01	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	9 800	
	Gjöld samtals		9 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals	9 800	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**8 900**
08–557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 200
1 01	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	11 200	
	Gjöld samtals		11 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals	11 200	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**10 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 900
1 01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	14 900	
	Gjöld samtals		14 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 300	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
5	Gjöld samtals	14 900	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**12 300**
08–562 Heilsugæslustöðin Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 100
1 01	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	36 100	
	Gjöld samtals		36 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 400	
52–58	Önnur gjöld	14 700	
5	Gjöld samtals	36 100	
4	Sértekjur	11 000	
	Mismunur		**25 100**
08–563 Heilsugæslustöðin Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 800
1 01	Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	9 800	
	Gjöld samtals		9 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals	9 800	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**8 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–564 Heilsugæslustöðin Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 900
1 01	Heilsugæslustöðin Neskaupstað	14 900	
	Gjöld samtals		14 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	14 900	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**10 900**
08–565 Heilsugæslustöðin Eskifirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 700
1 01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	20 700	
	Gjöld samtals		20 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 300	
52–58	Önnur gjöld	7 400	
5	Gjöld samtals	20 700	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**18 000**
08–566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 900
1 01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	11 900	
	Gjöld samtals		11 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 600	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals	11 900	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**10 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 800
1 01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	13 800	
	Gjöld samtals		13 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 200	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
5	Gjöld samtals	13 800	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**12 900**
08–568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 100
1 01	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	22 100	
	Gjöld samtals		22 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 300	
52–58	Önnur gjöld	7 800	
5	Gjöld samtals	22 100	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**17 800**
08–571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 100
1 01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	10 100	
	Gjöld samtals		10 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 800	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals	10 100	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**9 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–572	**Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 200
1 01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	9 200	
	Gjöld samtals		9 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 200	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	9 200	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**8 400**
08–573	**Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 200
1 01	Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	28 200	
	Gjöld samtals		28 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 500	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals	28 200	
4	Sértekjur	8 000	
	Mismunur		**20 200**
08–574	**Heilsugæslustöðin Hvolsvelli**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 400
1 01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	10 400	
	Gjöld samtals		10 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals	10 400	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**8 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–575 Heilsugæslustöðin Hellu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 000
1 01	Heilsugæslustöðin Hellu	13 000	
	Gjöld samtals		13 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 700	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals	13 000	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**9 800**
08–576 Heilsugæslustöðin Laugarási			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 500
1 01	Heilsugæslustöðin Laugarási	17 500	
	Gjöld samtals		17 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 700	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
5	Gjöld samtals	17 500	
4	Sértekjur	3 700	
	Mismunur		**13 800**
08–577 Heilsugæslustöðin Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 800
1 01	Heilsugæslustöðin Selfossi	32 800	
	Gjöld samtals		32 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 000	
52–58	Önnur gjöld	9 800	
5	Gjöld samtals	32 800	
4	Sértekjur	7 700	
	Mismunur		**25 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–578 Heilsugæslustöðin Hveragerði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 500
1 01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	9 500	
	Gjöld samtals		9 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 300	
52–58	Önnur gjöld	2 200	
5	Gjöld samtals	9 500	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**8 500**
08–579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 500
1 01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	10 500	
	Gjöld samtals		10 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 800	
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals	10 500	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**9 100**
08–581 Heilsugæslustöð Suðurnesja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 600
1 01	Heilsugæslustöð Suðurnesja	77 600	
	Gjöld samtals		77 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 300	
52–58	Önnur gjöld	20 300	
5	Gjöld samtals	77 600	
4	Sértekjur	17 300	
	Mismunur		**60 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–582	**Heilsugæslustöðin Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 400
1 01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	68 400	
	Gjöld samtals		68 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 000	
52–58	Önnur gjöld	19 400	
5	Gjöld samtals	68 400	
4	Sértekjur	18 400	
	Mismunur		**50 000**
08–583	**Heilsugæslustöðin Garðabæ**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 400
1 01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	30 400	
	Gjöld samtals		30 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 900	
52–58	Önnur gjöld	6 500	
5	Gjöld samtals	30 400	
4	Sértekjur	4 900	
	Mismunur		**25 500**
08–584	**Heilsugæslustöðin Kópavogi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 800
1 01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	64 800	
	Gjöld samtals		64 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 000	
52–58	Önnur gjöld	15 800	
5	Gjöld samtals	64 800	
4	Sértekjur	14 500	
	Mismunur		**50 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 400
1 01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	54 400	
	Gjöld samtals		54 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 900	
52–58	Önnur gjöld	13 500	
5	Gjöld samtals	54 400	
4	Sértekjur	9 800	
	Mismunur		**44 600**
08–586 Heilsugæslustöðin Reykjalundi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 000
1 01	Heilsugæslustöðin Reykjalundi	24 000	
	Gjöld samtals		24 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 400	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
5	Gjöld samtals	24 000	
4	Sértekjur	5 200	
	Mismunur		**18 800**
08–601 Ljósmæðraskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 400
1 01	Ljósmæðraskóli Íslands	2 400	
	Gjöld samtals		2 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 100	
52–58	Önnur gjöld	300	
5	Gjöld samtals		**2 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–621	**Áfengisvarnir og bindindismál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 400
1 10	Áfengisvarnaráð	8 600	
1 90	Annað	20 800	
	Gjöld samtals		29 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 700	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	21 500	
5	Gjöld samtals		**29 400**
08–950	**Rekstrarhagræðing**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			98 000
1 90	Rekstrarhagræðing	98 000	
	Gjöld samtals		98 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	98 000	
5	Gjöld samtals		**98 000**
	Samtals		47 673 100

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			258 600
1 01	Yfirstjórn	258 600	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		263 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	168 500	
52–58	Önnur gjöld	95 100	
5	Gjöld samtals	263 600	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**258 600**
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 200
1 01	Ríkisbókhald	87 200	
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		89 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 800	
52–58	Önnur gjöld	24 900	
5	Gjöld samtals	89 700	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**88 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–104	**Ríkisfjárhirsla**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 100
1 01	Ríkisfjárhirsla	30 100	
	Gjöld samtals		30 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 300	
52–58	Önnur gjöld	14 800	
5	Gjöld samtals		**30 100**
09–105	**Ríkislögmaður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 300
1 01	Ríkislögmaður	20 300	
	Gjöld samtals		20 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 400	
52–58	Önnur gjöld	7 900	
5	Gjöld samtals	20 300	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**19 100**
09–199	**Ráðstöfunarfé**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–201	**Ríkisskattstjóri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			289 600
1 01	Yfirstjórn	182 800	
1 10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	106 800	
Stofnkostnaður:			11 000
6 01	Tæki og búnaður	11 000	
	Gjöld samtals		300 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	144 500	
52–58	Önnur gjöld	156 100	
5	Gjöld samtals		**300 600**
09–202	**Skattstofan í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			155 200
1 01	Skattstofan í Reykjavík	155 200	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		165 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	124 500	
52–58	Önnur gjöld	40 700	
5	Gjöld samtals		**165 200**
09–203	**Skattstofa Vesturlands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 000
1 01	Skattstofa Vesturlands	27 000	
	Gjöld samtals		27 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 900	
52–58	Önnur gjöld	6 100	
5	Gjöld samtals	27 000	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**26 700**

09–204 Skattstofa Vestfjarða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 400
1 01	Skattstofa Vestfjarða	19 400	
	Gjöld samtals		19 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 600	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
5	Gjöld samtals	19 400	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**18 900**

09–205 Skattstofa Norðurlands vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 300
1 01	Skattstofa Norðurlands vestra	19 300	
	Gjöld samtals		19 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 900	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals	19 300	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**19 000**

09–206 Skattstofa Norðurlands eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 600
1 01	Skattstofa Norðurlands eystra	45 600	
	Gjöld samtals		45 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 500	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals	45 600	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**45 100**

09–207 Skattstofa Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 200
1 01	Skattstofa Austurlands	22 200	
	Gjöld samtals		22 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 000	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	22 200	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**21 900**

09–208 Skattstofa Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 000
1 01	Skattstofa Suðurlands	29 000	
	Gjöld samtals		29 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 700	
52–58	Önnur gjöld	6 300	
5	Gjöld samtals	29 000	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**28 100**

09–209 Skattstofa Vestmannaeyja

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Skattstofa Vestmannaeyja	11 000	
	Gjöld samtals		11 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals	11 000	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**10 900**

09–211 Skattstofa Reykjaness

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 700
1 01	Skattstofa Reykjaness	80 700	
	Gjöld samtals		80 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 700	
52–58	Önnur gjöld	13 000	
5	Gjöld samtals	80 700	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**80 200**

09–212 Skattamál, ýmis útgjöld

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 100
1 01	Ýmis sameiginleg útgjöld	5 300	
1 10	Skatteftirlit	33 500	
1 30	Skattkerfisbreytingar	10 300	
Stofnkostnaður:			13 000
6 01	Tæki og búnaður	13 000	
	Gjöld samtals		62 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 500	
52–58	Önnur gjöld	28 600	
5	Gjöld samtals		**62 100**

09–214 Yfirskattanefnd

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 600
1 01	Yfirskattanefnd	35 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			700
6 01	Tæki og búnaður	700	
	Gjöld samtals		36 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 500	
52–58	Önnur gjöld	6 800	
5	Gjöld samtals		**36 300**

09–215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 300
1 01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	42 300	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		43 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 800	
52–58	Önnur gjöld	12 500	
5	Gjöld samtals		**43 300**

09–250 Innheimtukostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 700
1 10	Ýmis innheimtukostnaður	86 000	
1 20	Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	5 100	
1 30	Þungaskattsálagning með ökumælum	5 600	
	Gjöld samtals		96 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 700	
52–58	Önnur gjöld	91 000	
5	Gjöld samtals		**96 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–251 Gjaldheimtan í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			136 000
1 01	Gjaldheimtan í Reykjavík	136 000	
	Gjöld samtals		136 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	136 000	
5	Gjöld samtals		**136 000**
09–259 Gjaldheimta Suðurnesja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 600
1 01	Gjaldheimta Suðurnesja	17 600	
	Gjöld samtals		17 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	17 600	
5	Gjöld samtals		**17 600**
09–261 Ríkistollstjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			98 400
1 01	Ríkistollstjóri	98 400	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		104 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 800	
52–58	Önnur gjöld	48 600	
5	Gjöld samtals	104 400	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**103 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		238 100
1 01	Tollstjórinn í Reykjavík	142 100	
1 10	Tollgæsla	96 000	
	Stofnkostnaður:		3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		241 600
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	168 000	
52–58	Önnur gjöld	73 600	
5	Gjöld samtals	241 600	
4	Sértekjur	9 000	
	Mismunur		**232 600**
09-381	**Uppbætur á lífeyri**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		890 000
1 01	Uppbætur á lífeyri	890 000	
	Gjöld samtals		890 000
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	890 000	
5	Gjöld samtals		**890 000**
09-402	**Fasteignamat ríkisins**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		26 000
1 01	Fasteignamat ríkisins	26 000	
	Stofnkostnaður:		17 000
6 01	Tæki og búnaður	17 000	
	Gjöld samtals		43 000
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	43 000	
5	Gjöld samtals		**43 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–481	**Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			515 000
6 01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	415 000	
6 90	Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi	100 000	
	Gjöld samtals		515 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	415 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	100 000	
5	Gjöld samtals		**515 000**
09–801	**Ýmis lán ríkissjóðs, vextir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 700 000
1 10	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	11 700 000	
	Gjöld samtals		11 700 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	11 700 000	
5	Gjöld samtals		**11 700 000**
09–901	**Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 800
1 01	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	52 800	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		54 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 100	
52–58	Önnur gjöld	21 900	
5	Gjöld samtals	54 000	
4	Sértekjur	49 000	
	Mismunur		**5 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–950 Rekstrarhagræðing		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 200
1 90 Rekstrarhagræðing	5 200	
Gjöld samtals		5 200
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	5 200	
5 Gjöld samtals		**5 200**
09–971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		320 000
6 01 Ríkisábyrgðir	300 000	
6 10 Tjónabætur	20 000	
Gjöld samtals		320 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	20 000	
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	300 000	
5 Gjöld samtals		**320 000**
09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		65 000
6 22 Stjórnsýsluhús Akranesi	27 000	
6 40 Tollhúsið við Tryggvagötu	5 000	
6 50 Sölvhólsgata 7	10 000	
6 60 Sölvhóll	8 000	
6 80 Listaskóli	15 000	
Gjöld samtals		65 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	65 000	
5 Gjöld samtals		**65 000**
09–989 Launa- og verðlagsmál		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		50 000
1 90 Launabætur	50 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Stofnkostnaður	10 000	
	Gjöld samtals		60 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 000	
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals		**60 000**

09–990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:			150 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	100 000	
1 90	Markaðsátak í löndum EES	50 000	
	Gjöld samtals		150 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	50 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100 000	
5	Gjöld samtals		**150 000**

09–995 Skýrsluvélakostnaður

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:			349 500
1 01	Launagreiðslukerfi	61 000	
1 02	Tekjubókhaldskerfi	63 000	
1 03	Skattvinnslukerfi	90 500	
1 04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	47 000	
1 05	Innheimtuskilakerfi	13 000	
1 06	Forsendukerfi innheimtugagna	14 000	
1 07	Fjármagnstekjuskattskerfi	6 000	
1 90	Sívinnsla notenda	55 000	
Stofnkostnaður:			103 000
6 01	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	5 000	
6 02	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	33 000	
6 03	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	45 000	
6 07	Hugbúnaðargerð fyrir fjármagnstekjuskattskerfi	20 000	
	Gjöld samtals		452 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	452 500	
5	Gjöld samtals		**452 500**

09-999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			415 900
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	71 900	
1 13	Kjarasamningar	17 900	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	20 000	
1 15	Kjararannsóknir	5 200	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	13 800	
1 18	Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	80 000	
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	20 000	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	144 000	
1 45	Ýmsar nefndir	3 000	
1 50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1 600	
1 60	Dómkröfur	16 600	
1 65	Kjaradómur og kjaranefnd	4 500	
1 90	Óviss útgjöld	17 400	
Stofnkostnaður:			20 000
6 20	Ríkisbifreiðar, framlag	5 000	
6 30	Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	15 000	
	Gjöld samtals		435 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 600	
52–58	Önnur gjöld	154 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	245 600	
5	Gjöld samtals		**435 900**
	Samtals		16 488 300

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 200
1 01	Yfirstjórn	63 200	
	Gjöld samtals		63 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 100	
52–58	Önnur gjöld	29 100	
5	Gjöld samtals		**63 200**
10–190	**Ýmis verkefni**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 000
1 12	Vetrarsamgöngur og völuflutningar	26 400	
1 21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	1 000	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3 200	
1 23	Slysavarnaskóli sjómanna	31 500	
1 24	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	18 200	
1 25	GPS-staðsetningarkerfi	7 600	
1 26	Alþjóðasiglingamálastofnunin IMCO	1 100	
1 31	Landsbjörg	6 000	
1 32	Rannsóknanefnd flugslysa	4 500	
1 33	Flugeftirlitsnefnd	1 200	
1 34	Flugskóli Íslands	10 000	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1 000	
1 91	Ráðstefna um öryggi fiskiskipa	1 300	
	Gjöld samtals		113 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 200	
52–58	Önnur gjöld	1 800	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	26 400	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	22 800	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	56 800	
5	Gjöld samtals		**113 000**

10–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

10–211 Vegagerð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			247 000
1 01	Yfirstjórn	247 000	
Viðhaldsverkefni:			2 604 000
5 05	Þjónustuviðhald	1 369 000	
5 10	Stofnviðhald	1 235 000	
Stofnkostnaður:			3 784 000
6 10	Nýframkvæmdir	1 776 000	
6 11	Framkvæmdaátak vegna atvinnumála	900 000	
6 30	Fjallvegir	72 000	
6 40	Tilraunir	32 000	
6 51	Sýsluvegir	186 000	
6 52	Þéttbýlisvegir	268 000	
6 55	Ferjur og flóabátar	550 000	
	Gjöld samtals		6 635 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	176 000	
52–58	Önnur gjöld	5 641 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	268 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	550 000	
5	Gjöld samtals		**6 635 000**

10–331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 600
1 01	Vita- og hafnamálaskrifstofan	78 600	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		80 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 300	
52–58	Önnur gjöld	21 300	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 000	
5	Gjöld samtals	80 600	
4	Sértekjur	48 600	
	Mismunur		**32 000**

10–332 Vitastofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			110 400
1 10	Rekstur vita	107 300	
1 20	Sjómerki	3 100	
Stofnkostnaður:			26 900
6 01	Tæki og búnaður	4 500	
6 30	Vitabyggingar	22 400	
	Gjöld samtals		137 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 100	
52–58	Önnur gjöld	71 200	
5	Gjöld samtals	137 300	
4	Sértekjur	20 000	
	Mismunur		**117 300**

10–333 Hafnamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 400
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	29 400	
Stofnkostnaður:			943 000
6 10	Tæki og búnaður	4 000	
6 20	Ferjubryggjur	9 000	
6 30	Hafnamannvirki	735 300	
6 32	Lendingarbætur	5 000	
6 39	Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði	24 700	
6 40	Sjóvarnargarðar	75 000	
6 70	Hafnabótasjóður, framlag	90 000	
	Gjöld samtals		972 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	33 400	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	90 000	
	5912 Til sveitarfélaga	735 300	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	113 700	
5	Gjöld samtals	972 400	
4	Sértekjur	128 000	
	Mismunur		**844 400**

10–341 Siglingamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			123 300
1 01	Siglingamálastofnun ríkisins	109 100	
1 03	Sérstök verkefni	3 600	
1 04	Mengunarvarnasvið	10 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			13 900
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
6 10	Mengunarvarnabúnaður	6 600	
6 40	Tölvubúnaður	4 800	
	Gjöld samtals		137 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	74 200	
52–58	Önnur gjöld	59 400	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 600	
5	Gjöld samtals	137 200	
4	Sértekjur	38 000	
	Mismunur		**99 200**

10–342 Rannsóknanefnd sjóslysa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 300
1 01	Rannsóknanefnd sjóslysa	7 300	
	Gjöld samtals		7 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 200	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals		**7 300**

10–471 Flugmálastjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 074 000
1 01	Flugmálastjórn	702 400	
1 70	Alþjóðaflugþjónusta	371 600	
Stofnkostnaður:			393 000
6 70	Ný flugstjórnarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli	57 700	
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	335 300	
	Gjöld samtals		1 467 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	648 100	
52–58	Önnur gjöld	761 200	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	57 700	
5	Gjöld samtals	1 467 000	
4	Sértekjur	934 800	
	Mismunur		**532 200**

10–511 Fjarskiptaeftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 700
1 01	Fjarskiptaeftirlit ríkisins	52 700	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		56 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 500	
52–58	Önnur gjöld	27 200	
5	Gjöld samtals	56 700	
4	Sértekjur	56 700	
	Mismunur		

10–651 Ferðamálaráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 900
1 01	Ferðamálaráð	26 900	
Stofnkostnaður:			68 000
6 10	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	68 000	
	Gjöld samtals		94 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 400	
52–58	Önnur gjöld	16 500	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	68 000	
5	Gjöld samtals		**94 900**
	Samtals		8 543 500

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 900
1 01	Yfirstjórn	45 900	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		47 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 100	
52–58	Önnur gjöld	21 300	
5	Gjöld samtals		**47 400**
11-102 Einkaleyfastofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 300
1 01	Einkaleyfastofan	28 300	
Stofnkostnaður:			2 100
6 01	Tæki og búnaður	2 100	
	Gjöld samtals		30 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 500	
52–58	Önnur gjöld	13 900	
5	Gjöld samtals	30 400	
4	Sértekjur	30 400	
	Mismunur		

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
11–201 Iðntæknistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			261 600
1 01	Iðntæknistofnun Íslands	254 200	
1 93	Verkefni um nýsköpun í atvinnulífinu	7 400	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		267 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	143 400	
52–58	Önnur gjöld	123 700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	500	
5	Gjöld samtals	267 600	
4	Sértekjur	168 500	
	Mismunur		**99 100**
11–203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			130 500
1 01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	130 500	
Stofnkostnaður:			6 800
6 01	Tæki og búnaður	6 800	
	Gjöld samtals		137 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	86 800	
52–58	Önnur gjöld	50 500	
5	Gjöld samtals	137 300	
4	Sértekjur	87 200	
	Mismunur		**50 100**

11–240 Iðnaðarrannsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 000
1 01	Iðnaðarrannsóknir	16 000	
	Gjöld samtals		16 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	16 000	
5	Gjöld samtals		**16 000**

11–299 Iðja og iðnaður, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 100
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	9 800	
1 15	Alþjóðastaðlar, CEN-CENELEC	14 600	
1 16	Verkstjórnarfræðsla	1 500	
1 17	Parísarsamþykkt um vernd á sviði iðnaðar	1 300	
1 30	Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf	9 900	
1 40	Smáiðnaður í dreifbýli	11 000	
1 50	Nýsköpun og markaðsmál	8 000	
	Gjöld samtals		56 100
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	19 900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	33 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 800	
5	Gjöld samtals		**56 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11-301	**Orkustofnun**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			359 900
1 01	Orkustofnun	331 800	
1 90	Rannsóknir í Öxarfirði	3 200	
1 92	Átak í vatnsorkurannsóknum	20 100	
1 96	Virkjun jarðhita til raforkuvinnslu	4 800	
Stofnkostnaður:			8 200
6 01	Tæki og búnaður	8 200	
	Gjöld samtals		368 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	203 300	
52–58	Önnur gjöld	164 800	
5	Gjöld samtals	368 100	
4	Sértekjur	162 400	
	Mismunur		**205 700**
11-302	**Rafmagnseftirlit ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 700
1 01	Rafmagnseftirlit ríkisins	66 700	
	Gjöld samtals		66 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 700	
52–58	Önnur gjöld	28 000	
5	Gjöld samtals	66 700	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**65 700**
11-371	**Orkusjóður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 01	Rekstur Orkusjóðs	2 500	
1 23	Notendur utan samveitna	2 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			57 800
6 14	Lánagreiðslur, framlög	31 100	
6 15	Lán til jarðhitaleitar	8 000	
6 21	Styrking dreifikerfis í sveitum	18 700	
	Gjöld samtals		62 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	62 300	
5	Gjöld samtals		**62 300**

11–399 Ýmis orkumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			361 000
1 13	Hafsbotnsrannsóknir	4 000	
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	347 000	
1 17	Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	10 000	
	Gjöld samtals		361 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	4 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	10 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	347 000	
5	Gjöld samtals		**361 000**
	Samtals		971 400

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 000
1 01	Yfirstjórn	67 000	
	Gjöld samtals		67 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 900	
52–58	Önnur gjöld	32 100	
5	Gjöld samtals	67 000	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**66 300**
12–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 600
1 10	Neytendasamtökin	3 000	
1 11	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir	800	
1 20	Icepro-nefnd	1 500	
1 30	Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS	400	
1 90	Ýmis viðskipta- og bankamál	3 900	
	Gjöld samtals		9 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	700	
52–58	Önnur gjöld	300	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 700	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 900	
5	Gjöld samtals		**9 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
12–301 Löggildingarstofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 900
1 01	Löggildingarstofan	43 900	
Stofnkostnaður:			6 900
6 01	Tæki og búnaður	6 900	
	Gjöld samtals		50 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 000	
52–58	Önnur gjöld	24 800	
5	Gjöld samtals	50 800	
4	Sértekjur	39 800	
	Mismunur		**11 000**
12–902 Samkeppnisstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 300
1 01	Samkeppnisstofnun	65 300	
Stofnkostnaður:			2 200
6 01	Tæki og búnaður	2 200	
	Gjöld samtals		67 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 600	
52–58	Önnur gjöld	20 900	
5	Gjöld samtals		**67 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–903 Skráning hlutafélaga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 800
1 01	Skráning hlutafélaga	10 800	
	Gjöld samtals		10 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 700	
52–58	Önnur gjöld	3 100	
5	Gjöld samtals		**10 800**
	Samtals		168 200

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			122 200
1 01	Yfirstjórn	113 200	
1 02	Sérstakar kannanir	4 800	
1 03	Manntal 1991	4 200	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		127 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 300	
52–58	Önnur gjöld	56 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 800	
5	Gjöld samtals	127 700	
4	Sértekjur	8 000	
	Mismunur		**119 700**
13–102 Þjóðskráin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 200
1 01	Þjóðskráin	65 200	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		68 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 100	
52–58	Önnur gjöld	44 100	
5	Gjöld samtals	68 200	
4	Sértekjur	41 200	
	Mismunur		**27 000**
	Samtals		146 700

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 800
1 01	Yfirstjórn	60 800	
Stofnkostnaður:			2 500
6 09	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		63 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 600	
52–58	Önnur gjöld	27 700	
5	Gjöld samtals		**63 300**
14–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 600
1 12	Uppgræðsla og gróðurvernd	1 000	
1 20	Ósonmál	1 000	
1 22	Stefnumörkun í umhverfismálum	3 000	
1 23	Ýmis umhverfisverkefni	9 600	
1 24	Rannsóknir á loftmengun	1 500	
1 26	Stefnumörkun í frárennslismálum	1 500	
1 27	Útgáfu- og fræðslumál	2 000	
1 28	Átak í sorphirðumálum	9 000	
1 29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6 500	
1 30	Alþjóðasamstarf	2 500	
1 34	Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls	2 000	
1 35	Umhverfisvöktun	11 000	
1 37	Gróðurkortagerð	2 000	
1 39	Mengunarslys	500	
1 40	Alþjóðastofnanir	6 500	
1 50	Náttúrustofa á Austurlandi	1 000	
1 51	Rannsóknir á íslenskum vötnum	1 000	
	Gjöld samtals		61 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	54 100	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 500	
5	Gjöld samtals		**61 600**

14–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 700
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 700	
	Gjöld samtals		3 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 700	
5	Gjöld samtals		**3 700**

14–201 Náttúruverndarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 300
1 01	Yfirstjórn	24 600	
1 10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	29 700	
Viðhaldsverkefni:			2 200
5 01	Viðhaldsfé	2 200	
Stofnkostnaður:			5 400
6 01	Tæki og búnaður	5 400	
	Gjöld samtals		61 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 300	
52–58	Önnur gjöld	28 600	
5	Gjöld samtals	61 900	
4	Sértekjur	21 100	
	Mismunur		**40 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 100
1 01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	4 100	
	Gjöld samtals		4 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 800	
52–58	Önnur gjöld	1 300	
5	Gjöld samtals		**4 100**
14–210 Veiðistjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 300
1 01	Veiðistjóri	42 300	
	Gjöld samtals		42 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	6 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	28 000	
5	Gjöld samtals	42 300	
4	Sértekjur	3 500	
	Mismunur		**38 800**
14–301 Skipulagsstjóri ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			112 500
1 01	Skipulagsstjóri ríkisins	93 600	
1 10	Landfræðilegt upplýsingakerfi	6 700	
1 11	Mat á umhverfisáhrifum	12 200	
	Gjöld samtals		112 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 500	
52–58	Önnur gjöld	53 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	27 000	
5	Gjöld samtals	112 500	
4	Sértekjur	81 000	
	Mismunur		**31 500**

14–310 Landmælingar Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 700
1 01	Landmælingar Íslands	105 700	
Stofnkostnaður:			5 000
6 90	Tæki til stafrænnar kortagerðar	5 000	
	Gjöld samtals		110 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 200	
52–58	Önnur gjöld	65 500	
5	Gjöld samtals	110 700	
4	Sértekjur	47 900	
	Mismunur		**62 800**

14–401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 300
1 01	Náttúrufræðistofnun Íslands	57 300	
Stofnkostnaður:			3 400
6 01	Tæki og búnaður	3 400	
	Gjöld samtals		60 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 400	
52–58	Önnur gjöld	22 300	
5	Gjöld samtals	60 700	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**56 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
14-410 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			282 300
1 01	Almenn starfsemi	205 100	
1 70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	77 200	
Stofnkostnaður:			10 700
6 01	Tæki og búnaður	10 700	
	Gjöld samtals		293 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	188 500	
52-58	Önnur gjöld	104 500	
5	Gjöld samtals	293 000	
4	Sértekjur	95 500	
	Mismunur		**197 500**
14-950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 90	Rekstrarhagræðing	4 500	
	Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:			
52-58	Önnur gjöld	4 500	
5	Gjöld samtals		**4 500**
	Samtals		565 200

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1994 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
22-201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	33 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	946 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	11 200	
5,8	Gjöld samtals	990 200	
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 160 000	
48	Fjármunatekjur	30 200	
4,7	Tekjur samtals	1 190 200	
	Mismunur		200 000
Fjármunahreyfingar út:			
59	Greitt í ríkissjóð	40 000	
59	Greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	160 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	200 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	35 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	11 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	110 400	
571	Fjármagnskostnaður	900	
593	Afskriftir	500	
59	Tilfærslur	300	
5,8	Gjöld samtals	158 700	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	164 000	
48	Fjármunatekjur	5 200	
4,7	Tekjur samtals	169 200	
	Mismunur		10 500
Fjármunahreyfingar út:			
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	5 000	
39	Fært á höfuðstól	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 500	
22-215	**Háskólabíó**		
51	Laun	40 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	71 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	78 800	
571	Fjármagnskostnaður	20 800	
51–57	Viðhald	12 600	
593	Afskriftir	33 600	
5,8	Gjöld samtals	257 700	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	212 500	
48	Fjármunatekjur	300	
49	Aðrar tekjur	13 700	
4,7	Tekjur samtals	226 500	
	Mismunur		−31 200
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborganir lána	22 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	33 600	
26	Tekin lán	20 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−31 200	

		þús.kr.	þús.kr.
22–233	**Rannsóknasjóður**		
59	Tilfærslur	200 000	
5,8	Gjöld samtals	200 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	200 000	
4,7	Tekjur samtals	200 000	
22–235	**Vísindasjóður**		
59	Tilfærslur	147 000	
5,8	Gjöld samtals	147 000	
48	Fjármunatekjur	2 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	25 000	
49	Aðrar tekjur	120 000	
4,7	Tekjur samtals	147 000	
22–276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
571	Fjármagnskostnaður	5 500	
59	Tilfærslur	29 000	
5,8	Gjöld samtals	34 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	40 000	
4,7	Tekjur samtals	40 000	
	Mismunur		5 500
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborganir lána	5 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 500	
22–679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	2 400	
54–58	Önnur rekstrargjöld	4 400	
51–57	Viðhald	1 200	
593	Afskriftir	600	
5,8	Gjöld samtals	8 600	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	10 400	
4,7	Tekjur samtals	10 400	
	Mismunur		1 800

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	800	
39	Fært á höfuðstól	1 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 800	
22-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	49 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	40 000	
571	Fjármagnskostnaður	973 000	
5,8	Gjöld samtals	1 062 000	
48	Fjármunatekjur	77 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 620 000	
4,7	Tekjur samtals	1 697 000	
	Mismunur		635 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 000 000	
18	Fjárfesting	12 000	
26	Afborganir lána	2 258 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	935 000	
26	Tekin lán	3 700 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	635 000	
22-970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	14 000	
593	Afskriftir	119 000	
5,8	Gjöld samtals	133 000	
49	Aðrar tekjur	210 000	
4,7	Tekjur samtals	210 000	
	Mismunur		77 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	180 000	
26	Afborganir lána	16 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	119 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	77 000	
22–971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	376 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	376 000	
571	Fjármagnskostnaður	18 000	
593	Afskriftir	15 000	
59	Tilfærslur	81 000	
5,8	Gjöld samtals	866 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	825 000	
48	Fjármunatekjur	26 000	
4,7	Tekjur samtals	851 000	
	Mismunur		−15 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−15 000	
22–972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	484 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	738 000	
571	Fjármagnskostnaður	35 000	
593	Afskriftir	40 000	
59	Tilfærslur	129 000	
5,8	Gjöld samtals	1 426 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 340 000	
48	Fjármunatekjur	52 000	
4,7	Tekjur samtals	1 392 000	
	Mismunur		−34 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborganir lána	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	40 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−34 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	278 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	136 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	22 000	
571	Fjármagnskostnaður	300	
51–57	Viðhald	6 700	
593	Afskriftir	12 600	
5,8	Gjöld samtals	456 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	157 700	
48	Fjármunatekjur	300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	297 000	
49	Aðrar tekjur	3 400	
4,7	Tekjur samtals	458 400	
	Mismunur		2 400
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	15 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 400	
22-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	138 500	
54–58	Önnur rekstrargjöld	61 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 100	
5,8	Gjöld samtals	201 600	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 300	
48	Fjármunatekjur	200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	101 000	
49	Aðrar tekjur	77 000	
4,7	Tekjur samtals	204 500	
	Mismunur		2 900
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 900	

23 Utanríkisráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
23–101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	163 600	
54–58	Önnur rekstrargjöld	124 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 073 000	
571	Fjármagnskostnaður	300	
593	Afskriftir	12 400	
5,8	Gjöld samtals	1 374 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 902 600	
48	Fjármunatekjur	6 200	
49	Aðrar tekjur	800	
4,7	Tekjur samtals	1 909 600	
	Mismunur		535 600
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	18 000	
59	Greitt í ríkissjóð	530 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	535 600	
23–111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	134 200	
54–58	Önnur rekstrargjöld	53 900	
51–57	Viðhald	5 200	
593	Afskriftir	3 400	
59	Tilfærslur	19 800	
5,8	Gjöld samtals	216 500	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	211 400	
48	Fjármunatekjur	500	
49	Aðrar tekjur	20 500	
4,7	Tekjur samtals	232 400	
	Mismunur		15 900

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	4 300	
39	Greitt í ríkissjóð	15 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	15 900	
23–114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	123 600	
571	Fjármagnskostnaður	181 400	
51–57	Viðhald	52 800	
593	Afskriftir	110 700	
5,8	Gjöld samtals	468 500	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	309 500	
48	Fjármunatekjur	600	
49	Aðrar tekjur	100 400	
4,7	Tekjur samtals	410 500	
	Mismunur		–58 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborganir lána	14 300	
39	Fært á höfuðstól	38 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	110 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–58 000	
23–118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	279 100	
54–58	Önnur rekstrargjöld	277 000	
571	Fjármagnskostnaður	12 500	
593	Afskriftir	6 900	
5,8	Gjöld samtals	575 500	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	583 900	
4,7	Tekjur samtals	583 900	
	Mismunur		8 400

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborganir lána	6 700	
	Annað	8 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 900	
39	Ráðstöfun eigin fjár	8 400	
23–121	**Sala varnarliðseigna**		
51	Laun	22 400	
54–58	Önnur rekstrargjöld	15 200	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	72 100	
51–57	Viðhald	500	
593	Afskriftir	3 300	
5,8	Gjöld samtals	113 500	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	130 100	
48	Fjármunatekjur	6 000	
49	Aðrar tekjur	6 100	
4,7	Tekjur samtals	142 200	
	Mismunur		28 700
Fjármunahreyfingar út:			
59	Greitt í ríkissjóð	32 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	28 700	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
24–831	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	4 300	
5,8	Gjöld samtals	4 300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	35 000	
49	Aðrar tekjur	20 400	
4,7	Tekjur samtals	55 400	
	Mismunur		51 100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	36 400	
26	Afborganir lána	19 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	5 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	51 100	
24–841	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	12 100	
54–58	Önnur rekstrargjöld	6 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 600	
571	Fjármagnskostnaður	1 700	
51–57	Viðhald	1 500	
593	Afskriftir	6 800	
59	Tilfærslur	19 700	
5,8	Gjöld samtals	51 300	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	21 800	
48	Fjármunatekjur	100	
4910	Framlag úr ríkissjóði	30 000	
4,7	Tekjur samtals	51 900	
	Mismunur		600

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 100	
26	Afborganir lána	6 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	600	
24-911	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	243 400	
54–58	Önnur rekstrargjöld	313 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	269 600	
571	Fjármagnskostnaður	47 800	
51–57	Viðhald	53 200	
593	Afskriftir	139 100	
5,8	Gjöld samtals	1 066 500	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 045 700	
48	Fjármunatekjur	25 800	
4,7	Tekjur samtals	1 071 500	
	Mismunur		5 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	40 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	33 000	
22	Lækkun skammtímalána	71 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	139 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 000	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
25–272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 200	
54–58	Önnur rekstrargjöld	5 000	
51–57	Viðhald	8 600	
5,8	Gjöld samtals	14 800	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	24 800	
4910	Framlag úr ríkissjóði	25 000	
4,7	Tekjur samtals	49 800	
	Mismunur		35 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	35 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	35 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
26–101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 100	
54–58	Önnur rekstrargjöld	16 600	
5,8	Gjöld samtals	20 700	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	20 700	
4,7	Tekjur samtals	20 700	
26–731	**Kristnisjóður**		
51	Laun	1 800	
54–58	Önnur rekstrargjöld	1 300	
59	Tilfærslur	23 700	
5,8	Gjöld samtals	26 800	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 700	
48	Fjármunatekjur	800	
4910	Framlag úr ríkissjóði	18 300	
4,7	Tekjur samtals	26 800	
26–732	**Kirkjubyggingasjóður**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	800	
5,8	Gjöld samtals	800	
48	Fjármunatekjur	5 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 000	
4,7	Tekjur samtals	6 500	
	Mismunur		5 700
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	8 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 700	

		þús.kr.	þús.kr.
26–733	**Kirkjugarðasjóður**		
51	Laun	3 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	4 100	
571	Fjármagnskostnaður	700	
593	Afskriftir	300	
59	Tilfærslur	30 000	
5,8	Gjöld samtals	38 100	
48	Fjármunatekjur	4 100	
49	Aðrar tekjur	40 200	
4,7	Tekjur samtals	44 300	
	Mismunur		6 200
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	6 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 200	

27 Félagsmálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
27–270	**Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild**		
51	Laun	46 900	
54–58	Önnur rekstrargjöld	62 300	
571	Fjármagnskostnaður	384 400	
5,8	Gjöld samtals	493 600	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	17 900	
48	Fjármunatekjur	3 398 000	
49	Aðrar tekjur	45 200	
4,7	Tekjur samtals	3 461 100	
	Mismunur		2 967 500
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	11 620 000	
26	Afborganir lána	3 065 000	
39	Sjóðshækkun	956 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 174 000	
26	Tekin lán	11 500 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 967 500	
27–271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	17 400	
54–58	Önnur rekstrargjöld	114 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 482 200	
5,8	Gjöld samtals	3 613 600	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	145 000	
48	Fjármunatekjur	3 814 200	
4,7	Tekjur samtals	3 959 200	
	Mismunur		345 600

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	645 000	
18	Fjárfesting	10 500	
26	Afborganir lána	4 278 000	
26	Útstreymi af sparimerkjareikningum	727 000	
18	Kaup og sala uppboðsíbúða	156 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	3 220 900	
26	Tekin lán	2 250 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	345 600	
27–272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
51	Laun	38 600	
54–58	Önnur rekstrargjöld	48 700	
571	Fjármagnskostnaður	1 976 800	
5,8	Gjöld samtals	2 064 100	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	8 400	
48	Fjármunatekjur	467 600	
4910	Framlag úr ríkissjóði	901 000	
49	Aðrar tekjur	407 300	
4,7	Tekjur samtals	1 784 300	
	Mismunur		–279 800
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	5 922 000	
26	Afborganir lána	1 560 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	311 800	
26	Tekin lán	7 450 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–279 800	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
28–212	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	125 400	
59	Tilfærslur	3 886 000	
5,8	Gjöld samtals	4 011 400	
48	Fjármunatekjur	100 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 950 000	
49	Aðrar tekjur	601 400	
4,7	Tekjur samtals	3 651 400	
	Mismunur		–360 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	160 000	
18	Sala eigna	200 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–360 000	
28–311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	56 900	
54–58	Önnur rekstrargjöld	37 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	36 100	
593	Afskriftir	6 900	
59	Tilfærslur	12 500	
5,8	Gjöld samtals	150 300	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	143 400	
4,7	Tekjur samtals	143 400	
	Mismunur		–6 900
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 900	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–6 900	

		þús.kr.	þús.kr.
28–312	**Ríkisspítalar, dauðhreinsun**		
51	Laun	16 800	
54–58	Önnur rekstrargjöld	500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	111 400	
5,8	Gjöld samtals	128 700	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	128 700	
4,7	Tekjur samtals	128 700	
28–378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Tilfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	

29 Fjármálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
29–101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	342 100	
54–58	Önnur rekstrargjöld	194 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 406 000	
571	Fjármagnskostnaður	2 600	
51–57	Viðhald	44 300	
593	Afskriftir	84 300	
5,8	Gjöld samtals	3 073 900	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 373 000	
48	Fjármunatekjur	11 400	
49	Aðrar tekjur	100	
4,7	Tekjur samtals	9 384 500	
	Mismunur		6 310 600
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	15 000	
26	Afborganir lána	9 900	
59	Greitt í ríkissjóð	6 370 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	84 300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 310 600	
29–102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	122 600	
54–58	Önnur rekstrargjöld	27 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	649 000	
571	Fjármagnskostnaður	25 600	
51–57	Viðhald	6 200	
593	Afskriftir	25 600	
5,8	Gjöld samtals	856 900	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	927 400	
48	Fjármunatekjur	2 100	
4,7	Tekjur samtals	929 500	
	Mismunur		72 600

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	102 800	
26	Afborganir lána	40 600	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	27 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	200	
19	Afskriftir	25 600	
26	Tekin lán	72 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	72 600	
29–103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	50 200	
54–58	Önnur rekstrargjöld	17 100	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 437 000	
51–57	Viðhald	1 500	
593	Afskriftir	2 100	
5,8	Gjöld samtals	1 507 900	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 491 200	
48	Fjármunatekjur	3 300	
49	Aðrar tekjur	13 400	
4,7	Tekjur samtals	1 507 900	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 100	
29–402	**Fasteignamat ríkisins**		
51	Laun	85 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	34 000	
5,8	Gjöld samtals	119 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	94 800	
4910	Framlag úr ríkissjóði	43 000	
4,7	Tekjur samtals	137 800	
	Mismunur		18 800

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	18 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	18 800	
29–931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	43 700	
54–58	Önnur rekstrargjöld	28 600	
51–57	Viðhald	26 900	
593	Afskriftir	6 400	
5,8	Gjöld samtals	105 600	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	106 900	
4,7	Tekjur samtals	106 900	
	Mismunur		1 300
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	7 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 300	
29–971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	46 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	28 600	
571	Fjármagnskostnaður	15 000	
593	Afskriftir	2 000	
5,8	Gjöld samtals	91 600	
48	Fjármunatekjur	52 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	300 000	
49	Aðrar tekjur	37 600	
4,7	Tekjur samtals	389 600	
	Mismunur		298 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	425 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	125 000	
19	Afskriftir	2 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	298 000	

		þús.kr.	þús.kr.
29-972	**Lánasýsla ríkisins – Framkvæmdasjóður Íslands**		
51	Laun	23 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	36 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 063 000	
5,8	Gjöld samtals	1 122 000	
48	Fjármunatekjur	972 000	
49	Aðrar tekjur	23 700	
4,7	Tekjur samtals	995 700	
	Mismunur		–126 300
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborganir lána	3 925 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	3 429 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–126 300	
	Fært af höfuðstól	622 300	
29-981	**Fasteignir ríkissjóðs**		
51	Laun	14 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	71 100	
51–57	Viðhald	141 500	
5,8	Gjöld samtals	226 600	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	226 600	
4,7	Tekjur samtals	226 600	

30 Samgönguráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
30–101	**Póst- og símamálastofnun**		
51	Laun	3 645 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	3 274 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	195 000	
571	Fjármagnskostnaður	42 000	
51–57	Viðhald	218 000	
593	Afskriftir	1 183 000	
5,8	Gjöld samtals	8 557 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 045 000	
48	Fjármunatekjur	74 000	
49	Aðrar tekjur	158 000	
4,7	Tekjur samtals	9 277 000	
	Mismunur		720 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 000 000	
26	Afborganir lána	9 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	850 000	
59	Framlag til Eutelsat/Inmarsat	16 000	
39	Greiðsluafgangur	138 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 183 000	
26	Tekin lán	195 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	720 000	
39	Greiðsluafgangur frá fyrra ári	915 000	

		þús.kr.	þús.kr.
30-211	**Vegagerð ríkisins, umdæmi og vinnuflokkar**		
51	Laun	620 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	1 030 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	410 000	
593	Afskriftir	16 000	
5,8	Gjöld samtals	2 076 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 913 000	
49	Aðrar tekjur	210 000	
4,7	Tekjur samtals	2 123 000	
	Mismunur		47 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	15 000	
39	Fært á höfuðstól	48 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	16 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	47 000	
30-212	**Vegagerð ríkisins, vélamiðstöð**		
51	Laun	30 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	116 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	205 000	
51–57	Viðhald	158 000	
593	Afskriftir	100 000	
5,8	Gjöld samtals	609 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	631 000	
4,7	Tekjur samtals	631 000	
	Mismunur		22 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	133 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	11 000	
19	Afskriftir	100 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	22 000	

		þús.kr.	þús.kr.
30-213	**Vegagerð ríkisins, birgðamiðstöð og fasteignir**		
51	Laun	30 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	53 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	394 000	
51-57	Viðhald	74 000	
593	Afskriftir	8 000	
5,8	Gjöld samtals	559 000	
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	547 000	
49	Aðrar tekjur	14 000	
4,7	Tekjur samtals	561 000	
	Mismunur		2 000
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfesting	300	
26	Afborganir lána	18 000	
39	Fært á höfuðstól	-8 000	
	Fjármunahreyfingar inn:		
18	Sala eigna	300	
19	Afskriftir	8 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 000	
30-331	**Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	4 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	9 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	5 300	
51-57	Viðhald	6 800	
593	Afskriftir	3 700	
5,8	Gjöld samtals	30 200	
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	29 700	
48	Fjármunatekjur	800	
4,7	Tekjur samtals	30 500	
	Mismunur		300
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfesting	6 400	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	3 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	300	
39	Greiðsluafgangur frá fyrra ári	2 400	

		þús.kr.	þús.kr.
30-333	**Hafnabótasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	1 600	
571	Fjármagnskostnaður	23 000	
59	Tilfærslur	190 000	
5,8	Gjöld samtals	214 600	
48	Fjármunatekjur	29 600	
4910	Framlag úr ríkissjóði	90 000	
49	Aðrar tekjur	128 000	
4,7	Tekjur samtals	247 600	
	Mismunur		33 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	45 400	
26	Afborganir lána	51 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	64 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	33 000	
30-471	**Alþjóðaflugþjónustan**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	652 400	
571	Fjármagnskostnaður	68 100	
593	Afskriftir	25 600	
5,8	Gjöld samtals	746 100	
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	652 400	
48	Fjármunatekjur	68 100	
4910	Framlag úr ríkissjóði	57 700	
49	Aðrar tekjur	17 000	
4,7	Tekjur samtals	795 200	
	Mismunur		49 100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	157 700	
26	Afborganir lána	17 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	25 600	
26	Tekin lán	100 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	49 100	

31 Iðnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
31-321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	450 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	567 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 190 000	
571	Fjármagnskostnaður	82 000	
593	Afskriftir	721 000	
5,8	Gjöld samtals	4 010 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 690 000	
48	Fjármunatekjur	82 000	
49	Aðrar tekjur	31 000	
4,7	Tekjur samtals	3 803 000	
	Mismunur		–207 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	525 000	
26	Afborganir lána	42 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	50 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	103 000	
19	Afskriftir	721 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–207 000	
31-371	**Orkusjóður**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	2 500	
571	Fjármagnskostnaður	7 700	
5,8	Gjöld samtals	10 200	
48	Fjármunatekjur	2 100	
4910	Framlag úr ríkissjóði	60 300	
4,7	Tekjur samtals	62 400	
	Mismunur		52 200

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborganir lána	43 700	
16	Veitt lán, jarðhitaleit	8 000	
59	Styrking dreifikerfa í sveitum	18 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	18 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	52 200	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1994 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1994 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1994 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda.

2.1 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðir gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti, enda hafi Fiskveiðasjóður gefið út formlegt lánsloforð fyrir gildistöku laga nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

2.2 Að fella niður toll og vörugjald af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.

2.3 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, radíótækjum, jarðsímum og sæstreng og búnaði vegna Cantat 3 sem flutt er til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2.4 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af búnaði til leiðréttingarstöðva fyrir gervitunglastaðsetningarkerfi.

2.5 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknartækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða eru keypt fyrir styrki.

2.6 Að fella niður opinber gjöld af fallbyssuskotum sem Landhelgisgæsla Íslands fær að gjöf frá Noregi.

2.7 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar hf. vegna fjármögnunar jarðganga.

Ráðstöfun eigna.

3.1 Að afhenda Laugardalshreppi til eignar húseignina Lindina, gamlan hússtjórnarskóla á Laugarvatni.

3.2 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Vogagerði 6, Vogum.

3.3 Að selja hlut ríkisins í fjósi og hlöðu að Laugarvatni.

3.4 Að selja núverandi sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði í Berlín.
3.5 Að selja húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi og verja andvirðinu til kaupa á húsnæði fyrir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sbr. ákvæði 4.6.
3.6 Að selja núverandi sendiherrabústað í París og kaupa annan hentugri í staðinn.
3.7 Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins og kaupa aðrar vegna flutnings aðalstöðva Skógræktarinnar á Fljótsdalshérað og endurskipulagningar á starfsemi stofnunarinnar.
3.8 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna breytinga á rekstri stofnunarinnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.
3.9 Að selja íbúðarhúsið á eyðijörðinni Álftamýri í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3.10 Að selja íbúðarhúsið á jörðinni Þormóðsdal í Mosfellsbæ.
3.11 Að selja fasteign í eigu Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Landgræðslu ríkisins.
3.12 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og héraðsskóga.
3.13 Að selja jörðina Tjaldanes í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3.14 Að selja jörðin Birgisvík í Árneshreppi, Strandasýslu.
3.15 Að selja allt að 20 ha. landspildu ásamt útihúsum á jörðinni Lauftúni í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
3.16 Að selja jörðina Hrærekslæk í Tunguhreppi, Norður-Múlasýslu.
3.17 Að selja jörðina Syðri-Tungu í Staðarsveit, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
3.18 Að selja allt að 4 ha. úr jörðinni Löngumýri í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
3.19 Að hafa makaskipti á íbúðarhúsinu á jörðinni Eyri í Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og u.þ.b. 400 ha. landspildu í Búðahrauni, vestan við Búðir.
3.20 Að selja prestssetur að Staðarfelli, Köldukinn.
3.21 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf.
3.22 Að selja prestsbústað að Bjarnarnesi í Skaftafellsprófastsdæmi.
3.23 Að selja Helgugötu 5, Borgarnesi.
3.24 Að selja Búðarbraut 12A, Búðardal.
3.25 Að selja Miðstræti 1, Bolungarvík.
3.26 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í Aðalstræti 12, Bolungarvík.
3.27 Að selja Ólafsveg 3, Ólafsfirði.
3.28 Að selja Miðtún 13, Seyðisfirði.
3.29 Að selja Miðstræti 18, Neskaupstað.
3.30 Að selja Sigtún 2, Vík.
3.31 Að selja Garðabyggð 1, Blönduósi, og kaupa annan hentugri embættisbústað fyrir sýslumann.
3.32 Að selja fasteignina Sólborg á Akureyri.
3.33 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík.
3.34 Að selja fasteignina Furugrund 44, Kópavogi.
3.35 Að selja fasteignina Brekkubyggð 91, Garðabæ.
3.36 Að selja fasteignina Hafnargötu 91, Keflavík.
3.37 Að selja fasteignina Karlsbraut 17, Dalvík.

3.38 Að selja fasteignina Álfaheiði 15, Kópavogi.
3.39 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í Dofrabergi 9, Hafnarfirði.
3.40 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.
3.41 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Súðarvogi 2, Reykjavík.
3.42 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Jarðborunum hf.
3.43 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Strandgötu 48a, Eskifirði.
3.44 Að selja fasteign Rafmagnsveitna ríkisins að Hafnargötu 36, Fáskrúðsfirði.
3.45 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
3.46 Að selja jörðina Eiði, Súðavíkurhreppi.
3.47 Að selja fasteignina Krossholt við Birkimel á Barðaströnd.
3.48 Að selja fasteignina Sjávargötu 15, Bessastaðahreppi.
3.49 Að selja fasteignina Illugagötu 55, Vestmannaeyjum
3.50 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Dofrabergi 9, Hafnarfirði.
3.51 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Vallholti 13, Akranesi.
3.52 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Lækjargötu 34, Hafnarfirði.
3.53 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Laufvangi 4, Hafnarfirði.
3.54 Að selja fasteignina Aðalbraut 35, Raufarhöfn.
3.55 Að selja fasteignina Austurbugt 6, Reykjavík.
3.56 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
3.57 Að selja jörðina Malarrif í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
3.58 Að selja jörðina Heyklif í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu.
3.59 Að selja svonefnt Hekluhús á Akureyri.

Fateignakaup, lántökuheimildir o.fl.

4.1 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
4.2 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
4.3 Að endurnýja lóðarleigusamning um núverandi sendiherrabústað í London eða festa kaup á nýju húsnæði og taka til þess nauðsynleg lán.
4.4 Að ganga til samninga um kaup á húsnæði í Garðabæ fyrir útibú frá sýslumanninum í Hafnarfirði.
4.5 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
4.6 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán
4.7 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir.

5.1 Að semja um greiðslu við Reykjavíkurborg um sjúkraflutninga á Reykjavíkursvæðinu.
5.2 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 100 eintökum af hverju blaði.
5.3 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjöf hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
5.4 Að semja um bætur við einstaklinga, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál samkvæmt 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og

að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.

5.5 Að verja allt að 20% af greiddu andvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa til rannsóknar- og þróunarverkefna.

5.6 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1994, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar.

5.7 Að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd, fjárlagalið *950 Rekstrarhagræðing* til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna.

5.8 Að fella niður af vanskilaskuldum Norðurfjarðarhafnar allt að einni milljón króna, að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar.

5.9 Að lækka hlutdeild ríkissjóðs í hagnaði af starfsemi Seðlabanka Íslands um 25 m.kr. á árinu 1994 sem endurgreiðslu á framlagi bankans til fjármögnunar á rekstri Þjóðhagsstofnunar á árinu 1993 umfram samningsbundin framlög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Framlagning frumvarpsins og umfjöllun á Alþingi. Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd þingsins, en um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar og lánsfjármála er fjallað í efnahags- og viðskiptanefnd. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt undir lok haustþings í síðari hluta desembermánaðar.

Efnisskipan fjárlagafrumvarps. Fjárlagafrumvarpinu er skipt í fjóra meginhluta. Í fyrsta hlutanum eru hinar eiginlegu lagagreinar frumvarpsins. Greinarnar eru sex.

Í 1. grein er birt heildaryfirlit yfir tekjur, gjöld og lánahreyfingar, í 2. grein er yfirlit yfir útgjöld eftir ráðuneytum og helstu málefnaflokkum, í 3. grein er sundurliðun tekna, í 4. grein er ítarleg sundurliðun gjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda, í 5. grein er birt yfirlit yfir fjárreiður B-hluta fyrirtækja og í 6. grein er yfirlit yfir heimildarákvæði fjármálaráðherra og ríkisstjórnar.

Í öðrum hluta frumvarpsins er að finna greinargerð í sjö köflum þar sem lýst er helstu forsendum og farið yfir einstaka þætti, breytingar frá fyrra ári o.fl. Þetta er fyrirferðarmesti hluti frumvarpsins enda er þar að finna skýringar á flestum þeim atriðum sem það varða.

- Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir stefnunni í efnahags- og ríkisfjármálum og helstu áhersluatriðum frumvarpsins í því sambandi.

- Í öðrum kafla er yfirlit yfir helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps. Þar er lýst meginbreytingum á tekju-, gjalda- og lánahlið, meðal annars í ljósi framvindu síðustu ára.

- Í þriðja kafla er gerð grein fyrir efnahagsforsendum frumvarpsins, bæði þróuninni að undanförnu og þjóðhagshorfum fyrir árið 1994.

- Í fjórða kafla er fjallað nánar um tekjuhlið frumvarpsins þar sem farið er yfir breytingar einstakra tekjustofna með samanburði við fyrri ár.

- Í fimmta kafla er ítarleg umfjöllun um gjaldahlið frumvarpsins eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.

- Í sjötta kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum B-hluta fyrirtækja og sjóða.

- Í sjöunda kafla er yfirlit yfir lánamál ríkissjóðs. Jafnframt er litið á þróunina á

innlenda lánamarkaðnum og horfur fyrir árið 1994, meðal annars með hliðsjón af lánsfjárþörf opinberra aðila.

Í þriðja hluta frumvarpsins eru töflur um helstu þætti ríkisfjármála auk almennra yfirlitstaflna um helstu þjóðhagsstærðir og þróun þeirra síðustu ár. Í fjórða hlutanum eru fylgiskjöl, atriðisorðaskrá og efnisyfirlit.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

Markmið fjárlagafrumvarpsins. Fjármálaráðherra leggur nú fram þriðja fjárlagafrumvarp núverandi ríkisstjórnar. Boðskapur frumvarpsins er skýr: Þrátt fyrir erfiðar efnahagsaðstæður verður að draga úr hallarekstri ríkissjóðs án þess að hækka skatta. Þess vegna verður að lækka ríkisútgjöld.

Undanfarin ár hafa miklir erfiðleikar steðjað að þjóðarbúskapnum, einkum vegna samdráttar í þorskafla, og horfur á að svo verði enn um sinn. Ríkisstjórnin hefur reynt að milda áhrif samdráttarins á atvinnulíf og einstaklinga, meðal annars með lækkun skatta og auknum útgjöldum til atvinnumála. Svigrúm til slíkra aðgerða er hins vegar afar þröngt vegna hallarekstrar ríkissjóðs og skuldasöfnunar mörg undanfarin ár.

Óhjákvæmilegt er að lækka heildarútgjöld ríkissjóðs á næsta ári og draga úr hallanum svo að vextir geti lækkað. Það verður að gæta þess að fórna ekki því sem áunnist hefur í hjöðnun verðbólgu og minnkandi viðskiptahalla. Einungis á þann hátt er unnt að tryggja þann stöðugleika í efnahagsmálum sem er forsenda fyrir hagvexti, nægri atvinnu og batnandi lífskjörum í framtíðinni.

Árangur við erfiðar aðstæður. Þegar ríkisstjórnin tók við völdum fyrir rúmum tveimur árum setti hún sér það markmið að koma ríkisfjármálunum í viðunandi horf. Tvennt hefur raskað þessum áformum. Annars vegar reyndist vandinn mun meiri en gert var ráð fyrir, meðal annars vegna ýmissa skuldbindinga sem ríkisstjórnin fékk í arf frá fyrri tíð. Hins vegar hafa versnandi efnahagsaðstæður, innan lands og utan, leitt mikinn samdrátt yfir þjóðarbúið sem hefur enn aukið hallarekstur ríkissjóðs.

Þrátt fyrir þessi erfiðu skilyrði hefur ríkisstjórnin náð umtalsverðum árangri í efnahagsmálum. Viðskiptahalli við útlönd hefur minnkað verulega og hefur ekki verið minni um árabil. Samhliða hefur hægt á skuldaaukningu þjóðarinnar erlendis og í fyrsta sinn í mörg ár eru horfur á að erlendar skuldir lækki að raungildi. Verðbólga er einnig með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Þetta er mikilsverður árangur, ekki síst í ljósi þess að þjóðartekjur hafa dregist saman. Á fyrri samdráttarskeiðum fór hins vegar hvort tveggja úr böndunum, verðbólga og viðskiptahalli. Loks hefur tekist að hamla gegn vaxandi atvinnuleysi og er það hvergi minna en hér á landi þegar horft er til helstu viðskiptalandanna.

Ríkisstjórninni hefur tekist að stöðva útgjaldavöxt hjá ríkinu og hamla þannig gegn frekari halla á ríkissjóði án þess að grípa til skattahækkana. Ef ekki hefði komið til samdráttar í efnahagslífinu hefði upphaflegt markmið um hallalaus fjárlög nú verið innan seilingar.

Efnahagsvandinn. Um langt árabil hefur ríkissjóður verið rekinn með halla hér á landi, jafnt í góðæri sem á samdráttartímum. Afleiðing þessa hallarekstrar er mikil skuldasöfnun, ekki síst erlendis. Fram til ársins 1992 mátti rekja verulegan hluta hallans til mikillar aukningar ríkisútgjalda ár frá ári. Þessi þróun náði hámarki árið 1991.

Frá árinu 1992 hefur mikið samdráttarskeið gengið yfir íslenskt efnahagslíf sem fyrst og fremst má rekja til nauðsynlegrar skerðingar á aflaheimildum og lækkandi afurðaverðs á erlendum mörkuðum. Bágborið efnahagsástand í flestum viðskiptalöndum hefur ekki bætt úr skák.

Þessar aðstæður hafa sett mark sitt á ríkisbúskapinn. Ríkisstjórnin setti sér það markmið að stöðva vöxtinn í ríkisútgjöldum og draga þannig úr hallarekstri. Vegna samdráttar í efnahagslífinu hafa útgjöld til atvinnuleysisbóta og atvinnuskapandi verkefna hins vegar aukist og skatttekjur að sama skapi minnkað. Í þessari þröngu stöðu hefur ríkisstjórnin lagt megináherslu á að koma í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi líkt og ýmsar nágrannaþjóðir okkar þurfa að þola. Þessar áherslur hafa haft í för með sér aukin fjárframlög úr ríkissjóði og lækkun skatta. Halli ríkissjóðs hefur þannig óhjákvæmilega orðið meiri en að var stefnt í upphafi.

Vaxtamál hafa verið ofarlega á baugi, enda eru vextir háir hér á landi í samanburði við önnur lönd. Á sama tíma er fjárfesting í sögulegu lágmarki, en ein skýring á því er án efa hátt vaxtastig. Þar sem arðbær fjárfesting er mikilvæg undirstaða hagvaxtar er þetta áhyggjuefni.

Enda þótt hallarekstur ríkissjóðs og lánsfjárþörf annarra opinberra aðila sé ein af skýringum hárra raunvaxta hér á landi koma önnur atriði ekki síður við sögu. Hér má nefna töpuð útlán og misvægi á peningamarkaðnum milli verðtryggðra og óverðtryggðra skuldbindinga. Smæð peningamarkaðarins veldur einnig óhagræði í rekstri fjármálastofnana. Frekari opnun fjármagnsmarkaðar gagnvart útlöndum mun án efa veita aðhald og auka samkeppni. Öll þessi atriði skýra tiltölulega hátt raunvaxtastig hér á landi í samanburði við önnur lönd.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hefur á rúmlega tveggja ára starfsferli þrívegis þurft að grípa til verulegs niðurskurðar á aflaheimildum. Þetta hefur verið talið nauðsynlegt til þess að byggja upp fiskistofna á ný eftir ofveiði mörg undanfarin ár. Af þessum sökum mun þorskaflinn árið 1994 aðeins verða helmingur þess sem hann var árið 1989. Við þetta hafa þjóðartekjur óhjákvæmilega minnkað um sinn, en jafnframt er lagður grunnur að auknum þjóðartekjum á næstu árum. Efnahagssamdrátturinn sem fylgt hefur í kjölfarið hefur veikt stöðu atvinnulífs og heimila og haft í för með sér meira atvinnuleysi en um langt árabil.

Til að bregðast við þessum vanda hefur ríkisstjórnin gripið til umfangsmikilla efnahagsaðgerða sem hafa miðað að því að styrkja íslenskt atvinnulíf og leggja grunn að hagvexti og aukinni atvinnu. Fjárframlög úr ríkissjóði til margvíslegra framkvæmda og atvinnuskapandi verkefna hafa verið stóraukin. Jafnframt hafa skattar á fyrirtækjum verið lækkaðir. Óhjákvæmilegt var að fella gengi íslensku krónunnar vegna mikillar skerðingar aflaheimilda og lækkandi afurðaverðs á erlendum mörkuðum til að koma í veg fyrir aukinn viðskiptahalla, vaxandi erlenda skuldasöfnun og stórfelldan hallarekstur í sjávarútvegi.

Við erfiðar aðstæður hefur ríkisstjórnin leitast við að hlífa hinum tekjulægstu og fremur lagt auknar byrðar á hina efnameiri og tekjuhærri. Þannig var lagður á sérstakur hátekjuskattur auk þess sem barnabætur og vaxtabætur hinna tekjuhærri hafa verið skertar. Barnabætur hinna tekjulægri hafa á hinn bóginn verið hækkaðar. Þrátt fyrir strangt aðhald í ríkisútgjöldum hefur verið kappkostað að tryggja þjónustu velferðarkerfisins. Þá hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til að draga úr áhrifum versnandi efnahagsástands á afkomu hinna lægst launuðu og greiða fyrir gerð kjarasamninga, meðal annars með auknum niðurgreiðslum og áformum um lækkun virðisaukaskatts af matvælum.

Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar hefur samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja styrkst til muna og er raungengi krónunnar nú hagstæðara en verið hefur um langt árabil. Jafnframt hafa ráðstafanir í tengslum við kjarasamninga greitt fyrir gerð þeirra og stuðlað

að vinnufriði út næsta ár. Þessar aðgerðir hafa hins vegar haft í för með sér bæði aukin ríkisútgjöld og minni skatttekjur og því meiri halla á ríkissjóði en ella.

Atvinnuleysi og hallarekstur á ríkissjóði eru ekki einungis vandamál hér á landi því að í flestum nágrannaríkjunum er við svipaðan vanda að stríða. Þar líkt og hér á landi má rekja orsakirnar til minnkandi hagvaxtar og skipulagsvanda í efnahagslífinu, jafnt opinberum rekstri sem einkarekstri. Þó er óhætt að fullyrða að óvíða hefur samdrátturinn verið meiri en hér á landi síðustu tvö ár. Viðbrögð stjórnvalda hafa einnig verið svipuð. Hvarvetna hefur verið gripið til aðgerða til að styrkja atvinnulífið og örva hagvöxt. Skattar á fyrirtækjum hafa verið lækkaðir, framlög til opinberra framkvæmda aukin tímabundið og sérstakar ráðstafanir verið gerðar til að draga úr áhrifum samdráttarins á hag hinna lægst launuðu.

Ríkisstjórnin hefur einnig beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til að styrkja starfsemi innlends fjármagnsmarkaðar. Vaxtaákvarðanir hafa verið færðar út á markaðinn, meðal annars með reglubundnum útboðum á ríkisverðbréfum og fjölbreyttri útgáfu óverðtryggðra ríkisbréfa til lengri tíma. Jafnframt er útgáfa á verðbréfum í erlendri mynt í undirbúningi. Þá er ekki lengur hægt að fjármagna hallarekstur ríkissjóðs með yfirdrætti í Seðlabanka. Með þessum aðgerðum er vaxtamyndun hér á landi færð nær því sem tíðkast erlendis, en það ásamt frekari opnun fjármagnsmarkaðar gagnvart útlöndum mun stuðla að aukinni samræmingu í vöxtum milli Íslands og annarra landa þegar fram í sækir.

Trúverðug stefna í ríkisfjármálum. Lykilatriði í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er að fylgt verði trúverðugri stefnu í ríkisfjármálum þar sem markvisst verði dregið úr halla ríkissjóðs á næstu árum án þess að hækka skatta.

Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að hallinn á ríkissjóði á árinu 1994 verði umtalsvert minni en 1993. Þessu marki verður náð með lækkun ríkisútgjalda, en ekki skattahækkunum. Stefnt er að sameiningu ríkisstofnana og auknum sveigjanleika í rekstri og er mikilvægt að þröngir sérhagsmunir standi ekki í vegi fyrir þessum breytingum. Tekjur ríkissjóðs munu hins vegar enn lækka og þarf að fara aftur til ársins 1987 til að finna lægri tekjutölur en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994.

Þriðja árið í röð mun ríkisstjórnin leitast við að þræða afar erfitt einstigi í efnahagsmálum sem markast annars vegar af samdrætti í efnahagslífinu og hins vegar af nauðsynlegu aðhaldi í rekstri ríkisins til að hallinn fari ekki úr böndum. Þetta einstigi er engan veginn auðratað eins og reynsla margra nágrannaþjóða sýnir þar sem atvinnuleysi hefur margfaldast, afkoma ríkissjóðs hríðversnað og skuldir opinberra aðila farið ört vaxandi.

Stefna fjárlagafrumvarpsins er veigamikill þáttur í að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Trúverðug stefna í ríkisfjármálum hefur áhrif á væntingar atvinnulífsins og stuðlar að lækkun vaxta. Með henni er jafnframt leitast við að skapa skilyrði fyrir hagvexti og aukinni atvinnu hér á landi.

2 Helstu þættir ríkisfjármála

Í þessum kafla eru dregnir saman helstu þættir ríkisfjármála, annars vegar í ljósi framvindunnar á árinu 1993 og hins vegar eins og þeir birtast í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994. Hér er stiklað á stóru, en nánar er fjallað um einstök atriði síðar í greinargerðinni.

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 1993

Fjárlög 1993. Fjárlög ársins 1993 einkennast af áframhaldandi aðhaldi og sparnaði á gjaldahlið, einkum í greiðslu tryggingabóta og styrkja til atvinnuvega. Viðvarandi samdráttur í þjóðarútgjöldum setti mark sitt á tekjuhlið auk þess sem vaxandi atvinnuleysi kallaði á aukin útgjöld til greiðslu atvinnuleysisbóta.

Ríkisstjórnin hefur gripið til ýmissa aðgerða til að styrkja atvinnuástandið. Meðal annars voru framlög úr ríkissjóði til viðhalds og vegaframkvæmda aukin og skattar á fyrirtæki lækkaðir. Hvort tveggja var samþykkt á fjárlögum. Þannig var aðstöðugjald af fyrirtækjum fellt niður um síðustu áramót. Til bráðabirgða var gripið til þess ráðs að hækka tekjuskatt einstaklinga til að mæta tekjutapi sveitarfélaganna. Ennfremur var haldið áfram á þeirri braut að breikka skattstofna og fækka undanþágum, einkum í virðisaukaskatti, en einnig í tekjuskatti fyrirtækja. Þá voru ákveðin sérstök átaksverkefni í atvinnumálum í samvinnu sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Fjárlög ársins 1993 voru afgreidd með 6,2 milljarða króna halla. Þar af mátti rekja tæplega 2 milljarða til ákvarðana ríkisstjórnarinnar um aukin útgjöld til framkvæmda. Þrátt fyrir þetta var stefnt að áframhaldandi lækkun útgjalda ríkissjóðs, um tæplega 2 milljarða króna að raungildi. Jafnframt var áætlað að tekjurnar yrðu nálægt 1 milljarði króna lægri en árið 1992.

Breyttar horfur. Frá því fjárlögin voru samþykkt hafa ýmsar forsendur þeirra hins vegar breyst í veigamiklum atriðum:

Í fyrsta lagi hafa skuldbindingar stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1993, einkum aukin framlög til ýmissa viðhaldsverkefna og auknar niðurgreiðslur á matvælum, valdið rúmlega 2 milljarða króna útgjaldaauka umfram fjárlög.

Í öðru lagi hafa ýmsar breytingar á skattalögum, meðal annars í tengslum við gerð kjarasamningana fyrr á þessu ári, skert tekjur ríkissjóðs. Þessar breytingar munu samanlagt skerða tekjur ríkissjóðs um 1 milljarð frá áætlun fjárlaga.

Í þriðja lagi munu áform fjárlaga um sölu ríkiseigna ekki ganga eftir á þessu ári. Á fjárlögum var gert ráð fyrir að eignasala skilaði ríkissjóði 1.500 m.kr. en nú er sýnt að þessi liður skilar um 100 m.kr.

Í fjórða lagi hefur viðvarandi samdráttur í þjóðarútgjöldum skert tekjur ríkissjóðs og aukið útgjöld umfram það sem reiknað var með á fjárlögum. Aukið atvinnuleysi hefur komið fram í lægri tekjum einstaklinga og þar með dregið úr útgjöldum heimilanna. Af þessu leiðir að tekjur ríkissjóðs af launa- og veltusköttum verða lægri en reiknað var með á fjárlögum. Á gjaldahlið munu framlög til greiðslu atvinnuleysisbóta fara verulega fram úr áætlun fjárlaga, eða sem nemur 1,2 milljörðum króna.

Helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum 1993, m.kr.

	Tekjuhlið:	
1.	**Ýmsar breytingar á skattalögum, samtals**	**- 1.165**
	- Horfið frá lækkun endurgreiðslna VSK af vinnu við íbúðarhúsnæði	- 400
	- Lækkun vörugjalds af byggingarvörum	- 200
	- Innflutningsgjald bifreiða - breytt form	- 100
	- Tímabundin niðurfelling tryggingagjalds af útflutningsgreinum	- 465
2.	**Minni tekjur af sölu eigna**	**- 1.400**
3.	**Áhrif aukins efnahagssamdráttar**	**- 2.000**
4.	**Ýmsir þættir (betri innheimta, meiri vaxtatekjur o.fl.)**	**1.400**
	Heildarfrávik tekna frá fjárlögum	**- 3.165**
	Gjaldahlið:	
1.	**Aukin framlög úr ríkissjóði til greiðslu atvinnuleysisbóta**	**1.200**
2.	**Aukin útgjöld tengd kjarasamningum, samtals**	**2.200**
	- Aukin útgjöld til framkvæmda á vegum ríkisins	1.000
	- Úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs	300
	- Greiðsla orlofsuppbóta og launabóta	600
	- Niðurgreiðslur á búvörum	300
3.	**Minni vaxtagjöld o.fl.**	**- 475**
	Heildarfrávik gjalda frá fjárlögum	**- 2.925**

Horfur 1993. Þegar allt er lagt saman stefnir í að tekjur ríkissjóðs verði 3 milljörðum króna minni árið 1993 en áætlað var á fjárlögum. Frávik á gjaldahlið er einnig um 3 milljarðar króna. Eins og nú horfir er halli ríkissjóðs í árslok 1993 áætlaður 12,3 milljarðar króna, eða 6 milljörðum umfram fjárlög. Þar af má rekja 3 milljarða króna til skuldbindinga í tengslum við kjarasamninga og annað eins til aukins atvinnuleysis og samdráttar í þjóðarútgjöldum umfram forsendur fjárlaga.

Heildartekjur ríkissjóðs árið 1993 eru áætlaðar 101,6 milljarðar króna. Samkvæmt þessari áætlun lækka tekjurnar að raungildi um 3½ milljarð króna frá árinu 1992, þar af lækka skatttekjur um 2½ milljarð. Útgjöld ríkissjóðs hækka hins vegar um 1 milljarð króna að raungildi frá árinu 1992. Þessi hækkun stafar sem fyrr segir af skuldbindingum vegna kjarasamninga og auknum framlögum til atvinnuleysisbóta.

Meiri hallarekstur en gert var ráð fyrir á fjárlögum endurspeglast í aukinni lánsfjárþörf ríkissjóðs. Á fjárlögum var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs áætluð tæplega 9 milljarðar króna. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verður lánsfjárþörfin á þessu ári hins vegar um 14 milljarðar króna.

Í frumvarpi til fjáraukalaga 1993 sem lagt verður fram innan tíðar verður gerð ítarlegri grein fyrir endurskoðaðri áætlun tekna og gjalda og frávikum frá fjárlögum. Jafnframt verða lánsfjármálum ríkissjóðs gerð nánari skil þegar leitað verður heimilda Alþingis til viðbótarlántöku.

2.2 Megindrættir fjárlagafrumvarps fyrir árið 1994

Fjárlagagerð ársins 1994 markast óhjákvæmilega af framvindunni árið 1993. Auk þess má nefna að horfur eru á umtalsverðum samdrætti í efnahagslífinu og að stjórnvöld gengust undir ákveðnar skuldbindingar í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1993.

Þessi tvö atriði takmarka svigrúm ríkisstjórnarinnar til að draga verulega úr halla ríkissjóðs árið 1994. Áframhaldandi samdráttur í efnahagslífinu skerðir tekjur ríkissjóðs á næsta ári um 2 milljarða króna og eykur útgjöld til greiðslu atvinnuleysisbóta. Áform um lækkun skatta fela í sér enn frekari tekjuskerðingu, eða um 2½ milljarð króna. Auk þess er áfram gert ráð fyrir viðbótarframlögum til ýmissa framkvæmda. Samanlagt skapa þessir þættir - að öðru óbreyttu - allt að 5 milljarða króna viðbótarhalla á árinu 1994. Sú niðurstaða er óviðunandi. Innlendur lánamarkaður ber ekki aukna lánsfjáröflun án þess að vextir hækki. Ekki er heldur verjandi að auka erlendar skuldir sem þessu nemur. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að mæta þessum vanda með auknum sparnaði í útgjöldum og annarri tekjuöflun.

Helstu niðurstöður. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 9,8 milljarða króna halla á ríkissjóði árið 1994, eða fimmtungi minna en árið 1993. Hallinn nemur 2,5% af landsframleiðslu, samanborið við 3,2% árið 1993. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð 12 milljarðar króna, eða sem svarar til 3,1% af landsframleiðslu.

Afkoma ríkissjóðs 1991 - 1994

Í milljónum króna	1991	1992	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
Tekjur	99.953	103.447	101.605	103.471
Gjöld	112.487	110.607	113.940	113.292
Rekstrarafkoma	**- 12.534**	**- 7.160**	**- 12.335**	**- 9.821**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	3,3	1,9	3,2	2,5
Lánveitingar, nettó	- 2.114	- 15	- 1.705	- 2.200
Hrein lánsfjárþörf	**14.648**	**7.175**	**14.040**	**12.021**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	3,9	1,9	3,6	3,1
Lántökur, nettó	**8.535**	**9.434**	**14.050**	**12.050**
Innlend lántaka - afborganir	3.216	5.494	6.440	-
Erlend lántaka - afborganir	6.074	4.716	7.610	-
Lán í Seðlabanka - afborganir	- 755	- 776	0	0
Greiðsluafkoma	**- 6.113**	**2.259**	**10**	**29**

Megindrættir á tekjuhlið. Tekjur ríkissjóðs árið 1994 eru áætlaðar 103,5 milljarðar króna og lækka um rúmlega 1 milljarð að raungildi frá árinu 1993. Skatttekjur ríkissjóðs lækka meira, eða um 1½ milljarð króna. Helstu einkenni á tekjuhlið eru eftirfarandi:

- Skatttekjur ríkissjóðs lækka að raungildi þriðja árið í röð og hafa ekki verið lægri í sjö ár, eða síðan 1987.

- Áframhaldandi efnahagssamdráttur á árinu 1994 skerðir skatttekjur ríkissjóðs um allt að 2 milljarða króna. Samanlagt hefur samdráttur þjóðarútgjalda skert tekjur ríkissjóðs um 8 milljarða króna frá árinu 1991.

- Hluti þeirra skattbreytinga sem samþykktar voru á Alþingi síðastliðinn vetur skilar sér ekki að fullu fyrr en á árinu 1994 (breikkun virðisaukaskattstofns, lækkun

vaxtabóta, hátekjuskattur). Talið er að þessar breytingar auki tekjur ríkissjóðs um rúmlega 1½ milljarð króna á næsta ári.

- Yfirlýst áform ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna síðastliðið vor um að lækka virðisaukaskatt af matvælum frá næstu áramótum fela í sér nálægt 2½ milljarðs króna tekjutap á næsta ári.

- Til að styrkja fjárhagsstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs og mæta um leið hluta af tekjutapi ríkissjóðs vegna áformaðrar lækkunar virðisaukaskatts hefur ríkisstjórnin ákveðið að innheimta sérstakt atvinnutryggingagjald af launþegum sem nemur 0,5% af launum og hækka tryggingagjald atvinnurekenda um 0,35%.

- Til að draga úr áhrifum þessarar gjaldtöku á afkomu tekjulágra barnafjölskyldna verður barnabótaaukinn hækkaður. Sú aðgerð leiðir til þess að skattbyrði meðalfjölskyldu helst sem næst óbreytt.

Megindrættir á gjaldahlið. Heildarútgjöld samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eru 113,3 milljarðar króna og lækka um 4 milljarða að raungildi frá árinu 1993. Helstu einkenni á gjaldahlið eru þessi:

Rekstur ríkisstofnana. Í fjárlagafrumvarpinu eru rekstrarútgjöld ríkisstofnana áætluð 43 milljarðar króna. Í þessu felst 4½% lækkun að raungildi frá árinu 1993, eða um 2 milljarða króna. Framlög til flestra stofnana lækka að raungildi milli ára og áform um nýjar stofnanir og starfsemi eru óveruleg. Með ströngum aðhaldsaðgerðum hefur að mestu tekist að stöðva sjálfvirka útgjaldaaukningu hjá ríkisstofnunum. Aukin fjárhagsleg ábyrgð ráðuneyta og forstöðumanna hefur átt mikilvægan þátt í þessum árangri.

Frá árinu 1991 hefur rekstrarkostnaður ríkisins lækkað að raungildi um ríflega 6%. Í fjárlagafrumvarpi 1994 er að finna eftirfarandi áhersluatriði:

- Sérstakt átak verður gert til að styrkja þjónustu ríkisins við almenning með sameiningu stofnana. Bættar samgöngur, fjarskiptatækni og aukin samvinna og sameining sveitarfélaga gerir þetta tímabært. Í fyrsta áfanga er athyglinni beint að embættum sýslumanna og innheimtustofnunum ríkisins. Áformað er að ná með þessu nálægt 100 m.kr. lækkun útgjalda á árinu 1994 og öðru eins á árinu 1995. Þá hefur ríkisstjórnin skipað starfshóp til að samræma starfsemi ýmissa eftirlitsstofnana og lækka kostnað þeirra notendum til hagsbóta.

- Áfram verður unnið að stefnumótun í málefnum grunnskóla og framhaldsskóla. Stefnt er að því að færa grunnskóla yfir til sveitarfélaga haustið 1995 sem á að verða til einföldunar og hagræðingar í rekstri. Unnið er að gerð nýrrar námsskrár fyrir framhaldsskóla þar sem boðið verður upp á styttri námsbrautir þannig að kennslustundum fækki.

- Lækkun útgjalda sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana verður að mestu mætt án þess að draga úr þjónustu við sjúklinga. Hagkvæmni í rekstri bráðasjúkrahúsa verður aukin með skýrari verkaskiptingu og sameiningu deilda. Þá verður rekstri dagvistarstofnana á vegum sjúkrahúsa hætt, enda er sá rekstur á verksviði sveitarfélaga.

- Á árinu 1994 verða ekki veitt framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og Framkvæmdasjóði aldraðra til að koma á fót nýjum stofnunum. Þeim er þess í stað ætlað að kosta rekstur í ríkari mæli til þess að unnt sé að halda óbreyttri þjónustu við fatlaða og aldraða.

- Auknu fé verður varið til málefna barna og ungmenna. Áhersla verður lögð á fjölskylduvernd, forvarnarstarf, sérhæfða ráðgjöf og meðferð ungmenna sem standa höllum fæti félagslega.

Tryggingabætur og rekstrarstyrkir. Bótagreiðslur til einstaklinga og rekstrarstyrkir hvers konar nema 43,9 milljörðum króna á árinu 1994 og lækka um 3% að raungildi frá áætlun yfirstandandi árs. Þá eru frátaldar 900 m.kr. bókhaldstilfærslur vegna Ábyrgðasjóðs launa og greiðslna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en þær koma í stað tekna af landsútsvari. Áhersluatriði í þessum flokki ríkisútgjalda eru eftirfarandi:

- Átaksverkefni sveitarfélaga og ríkisins til atvinnueflingar verður haldið áfram og aukið á árinu 1994 með 600 m.kr. framlagi sveitarfélaga. Verkefni þetta sem hófst í byrjun þessa árs hefur gefist vel og átt þátt í að atvinnuleysi á yfirstandandi ári er talið verða minna en spáð var í upphafi ársins.

- Lög og reglur Atvinnuleysistryggingasjóðs verða endurskoðaðar til að draga úr misnotkun á bótakerfi sjóðsins og draga úr útgjöldum.

- Bótagreiðslur lífeyristrygginga hafa farið ört vaxandi á undanförnum árum. Ekki verður undan því skotist að grípa til aðgerða sem hamla gegn útgjaldaaukningu umfram það sem skýrist af því að öldruðum fjölgar. Þannig verður tilhögun eingreiðslna til bótaþega breytt, dregið úr greiðslum ekkjulífeyris, meðal annars með tekjutengingu, og grunnlífeyrir verður tengdur fjármagnseignum. Með þessum aðgerðum er komist hjá lækkun bóta þeirra sem verst eru staddir.

- Ákveðin er útgáfa heilsukorta sem veita afslátt á greiðslu fyrir heilbrigðisþjónustu. Kortin ná til lyfja og þjónustu hjá sérfræðingum og heilsugæslustöðvum. Að auki fá handhafar kortanna þjónustu á sjúkrahúsum án endurgjalds.

- Greiðslur vegna búvöruframleiðslu halda áfram að lækka og hafa frá árinu 1991 lækkað að raungildi um 3,7 milljarða króna á ári. Greiðslumark vegna sauðfjárframleiðslu lækkar á næsta ári úr 8.150 tonnum í 7.670 tonn vegna minnkandi neyslu kindakjöts og greiðslur útflutningsbóta heyra nú sögunni til.

Framkvæmdir á vegum ríkisins. Heildarframlag ríkisins til verklegra framkvæmda tekur mið af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga frá í vor um að framkvæmdir verði 2 milljörðum króna meiri á árinu 1994 en á árinu 1992. Framlög ríkisins til stofnkostnaðar og viðhalds mannvirkja eru því áætluð 14,7 milljarðar króna á árinu 1994.

Áhersla er lögð á arðsöm verkefni sem ekki leiða til aukins rekstrarkostnaðar þegar til lengri tíma er litið. Einkum verður horft til framkvæmda í vegamálum enda skila þær sér í hagkvæmari rekstri hins opinbera ekki síður en hjá atvinnufyrirtækjum. Ennfremur

verður ráðist í brýn viðhaldsverkefni á húseignum ríkisins og framkvæmdum flýtt við verk sem þegar eru hafin.

Vaxtaútgjöld ríkissjóðs eru áætluð 11,7 milljarðar króna á árinu 1994, samanborið við 9,9 milljarða á yfirstandandi ári. Helsta skýring aukinna vaxtagjalda er þrálátur hallarekstur og mikil lánsfjárþörf ríkissjóðs mörg undanfarin ár. Upp á síðkastið hefur þó tekist að hamla gegn þessari þróun. Í því sambandi er vakin athygli á eftirfarandi atriðum:

- Með aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar hafa útgjöld ríkisins verið lækkuð um allt að 10 milljarða króna samanlagt frá árinu 1991. Með því hafa árleg vaxtagjöld ríkissjóðs í reynd verið lækkuð um rúmlega 800 m.kr.

- Lækki vextir á innlendum lánamarkaði um 1% að meðaltali hefði það í för með sér 800 m.kr. lækkun á árlegum vaxtagjöldum ríkissjóðs.

Lánsfjármál og vextir. Hallarekstur ríkissjóðs vinnur gegn markmiðum efnahagsstefnunnar um að glæða hagvöxt og hamla gegn atvinnuleysi þegar fram í sækir þar sem aukin lánsfjárþörf á innlendum markaði stuðlar að hærri vöxtum. Þess vegna er brýnt - þrátt fyrir erfiðar efnahagsaðstæður - að draga úr lánsfjárþörf ríkissjóðs.

- Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs árið 1994 nemur 12 milljörðum króna, samanborið við 14 milljarða árið 1993.

- Húsnæðiskerfið hefur verið fyrirferðarmikið á innlendum lánamarkaði undanfarin ár og tekið til sín vel yfir helming alls innlends sparnaðar. Hlutur ríkissjóðs á innlendum lánamarkaði hefur verið mun minni, eða 10% árið 1992 og væntanlega nálægt 25% árið 1993.

- Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila (húsnæðiskerfisins, fjárfestingarlánasjóða og opinberra fyrirtækja) dregst einnig nokkuð saman milli ára, en hún er talin verða 23 milljarðar króna árið 1994, 4 milljörðum króna minni en árið 1993. Frá árinu 1991 hefur hrein lánsfjárþörf hins opinbera lækkað úr 10,5% af landsframleiðslu í tæplega 6%, miðað við áform fjárlagafrumvarps.

3 Efnahagsforsendur fjárlaga 1994

Í þessum kafla er fjallað um þær efnahagsaðstæður sem fjárlagagerð fyrir árið 1994 tekur mið af, jafnt innanlands sem utan. Sérstakri athygli er beint að skuldasöfnun opinberra aðila og vaxandi atvinnuleysi hér á landi í samanburði við þróunina í öðrum ríkjum, en þessi atriði hafa verið í brennidepli efnahagsumræðunnar að undanförnu.

3.1 Efnahagsþróunin í nágrannalöndunum

Hagvöxtur. Efnahagsþróun á þessu ári og því næsta ber nokkurn keim þess misvægis sem verður þegar hagvöxtur fer vaxandi í sumum ríkjum en samdráttar gætir hjá öðrum. Þannig virðast Bandaríkin á leið upp úr efnahagslægðinni, Japanir hafa náð botni, en samdráttar gætir enn hjá flestum Evrópuríkjum. Þetta misvægi er ein skýring þess óstöðugleika sem ríkt hefur á gjaldeyrismörkuðum að undanförnu.

Undanfarin þrjú ár hefur hagvöxtur í OECD-ríkjunum verið lítill. Á síðari hluta árs 1992 mældist hann tæplega 1% og hélst svipaður á fyrri hluta árs 1993. Heldur hefur þó rofað til að undanförnu og fyrir árið í heild er talið að hagvöxtur í OECD-ríkjunum nemi 1,2%. Á hinn bóginn er spáð lítils háttar samdrætti í landsframleiðslu Evrópubandalagsríkjanna á þessu ári. Þrátt fyrir að afturkippurinn í efnahagslífi OECD-ríkjanna að undanförnu sé ekki mikill miðað við fyrri samdráttarskeið er hann mun langvinnari en áður. Spár fyrir árið 1994 gera ráð fyrir að hagvöxtur muni smám saman glæðast á næstu mánuðum. Hagvöxtur í Evrópu verður þó enn um sinn heldur minni en í Bandaríkjunum og Japan.

Atvinnuleysi. Atvinnuleysi náði lágmarki í OECD-ríkjunum á árinu 1990 eftir mikla uppsveiflu í efnahagslífinu. Síðan hefur þróunin snúist við og atvinnuleysi vaxið hratt samfara minnkandi hagvexti. Atvinnuleysi hefur þannig aukist úr 6,4% árið 1990 í 8,5% á þessu ári og spáð er að það haldist óbreytt á næsta ári. Þetta jafngildir því að um 36 milljónir manna gangi atvinnulausar að jafnaði, en það er mesta atvinnuleysi sem orðið hefur í OECD-ríkjunum. Reyndar er atvinnuleysi mun hærra í ríkjum Evrópubandalagsins, en þar hefur hlutfallið hækkað úr 8,7% árið 1990 í 11,5% árið 1993 og spáð er 11,9% atvinnuleysi á næsta ári. Þrátt fyrir spár um aukinn hagvöxt á næstu árum er ekki gert ráð fyrir að úr atvinnuleysi dragi í bráð. Nánar er fjallað um atvinnuleysisvandann síðar í þessum kafla.

Verðbólga. Að undanförnu hefur verðlag í OECD-ríkjunum haldist mjög stöðugt og er verðbólga í mörgum löndum hin lægsta í næstum þrjá áratugi. Á árinu 1992 nam hún um 5% að meðaltali í Evrópuríkjum OECD og 3½% í heild. Búist er við að verðbólga lækki enn og verði um 4% í Evrópu á þessu ári og því næsta, en 3% og jafnvel enn lægri í OECD-ríkjunum í heild.

Vextir og gengismál. Talsverðar hræringar hafa verið á peninga- og gjaldeyrismörkuðum í kjölfar sameiningar Þýskalands. Þýski seðlabankinn hækkaði vexti til að halda verðbólgunni í skefjum, en það hafði áhrif langt út fyrir landamæri Þýskalands, enda hefur þýska markið verið hornsteinn gengis- og peningasamstarfs Evrópuríkjanna. Vextir í Evrópu héldust því háir á sama tíma og dró úr hagvexti. Fjárfesting dróst saman og samkeppnisstaða Evrópuríkja gagnvart Þýskalandi og löndum utan Evrópu versnaði.

Þetta hefur valdið umróti á gjaldeyrismörkuðum og brestir hafa komið í gengissamstarf ríkja Evrópubandalagsins. Í kjölfar þessa var ákveðið að slaka á fastgengisstefnunni og upp úr því tóku vextir að lækka, bæði í Þýskalandi og öðrum aðildarríkjum. Þrátt fyrir þetta ríkir enn veruleg óvissa um framtíð gengissamstarfs í Evrópu.

Fjárlagahalli og skuldasöfnun. Eitt helsta viðfangsefni stjórnvalda í OECD-ríkjunum er að koma böndum á mikinn hallarekstur hins opinbera og stöðva þannig ört vaxandi skuldasöfnun. Hallinn hefur farið vaxandi í þessum ríkjum frá árinu 1990 og er nú að meðaltali 4% af landsframleiðslu. Þetta er svipað hlutfall og stefnir í hér á landi 1993 (ríki og sveitarfélög). Jafnframt hafa skuldir opinberra aðila aukist og nema nú um 66% af landsframleiðslu, samanborið við 60% árið 1990.

Efnahagshorfur í nokkrum OECD-ríkjum

	Verðbólga		Atvinnuleysi		Hagvöxtur	
	1993	1994	1993	1994	1993	1994
Ísland	**4,0**	**3,0**	**4,5**	**5,0**	**0,5**	**-2,6**
Danmörk	1.4	3.0	12.1	11.4	0.2	2.9
Finnland	1.0	4.0	16.6	16.7	0.0	2.1
Noregur	2.3	2.0	5.7	5.3	1.5	2.9
Svíþjóð	2.4	2.9	7.3	7.4	-2.0	1.5
Norðurlönd alls	**1,9**	**3,0**	**9,9**	**9,7**	**-0,4**	**2,2**
Bretland	2.5	4.1	10.5	10.1	1.8	3.0
Frakkland	2.1	2.3	11.6	12.0	-0.7	1.4
Ítalía	3.7	4.3	12.3	12.5	0.3	1.8
Þýskaland	4.6	3.1	9.3	10.0	-1.6	1.2
Evrópubandalagið í heild	**3,5**	**3,5**	**11,5**	**11,9**	**-0,2**	**1,7**
Bandaríkin	2.7	2.8	7.0	6.6	2.0	3.0
Japan	1.6	1.5	2.5	2.6	0.9	2.8
Kanada	1.9	2.0	11.1	10.4	2.7	4.1
OECD-ríki alls	**3,0**	**2,8**	**8,5**	**8,6**	**1,2**	**2,7**

Mikilvægasta verkefni hagstjórnar í OECD-ríkjunum á næstunni er að örva hagvöxt og auka atvinnu án þess að stofna stöðugleika verðlags í hættu. Stefnan í ríkisfjármálum gegnir þar lykilhlutverki, en knýjandi er að draga úr halla ríkissjóðs og þar með skuldasöfnun opinberra aðila. Það er talin forsenda fyrir lækkun vaxta sem aftur eykur svigrúm atvinnulífsins til nýrra framkvæmda. Nánar er fjallað um hallarekstur og skuldasöfnun hins opinbera síðar í þessum kafla.

3.2 Framvinda og horfur hér á landi

Aflaskerðing - minnkandi þjóðartekjur. Á árinu 1993 er búist við að landsframleiðsla aukist lítillega, eða um ½%, þrátt fyrir verulega lækkun þjóðarútgjalda. Á næsta ári er hins vegar spáð 2½% samdrætti. Samanlagt nemur samdráttur í landsframleiðslu á árunum 1992-1994 þannig um 6%. Rýrnun þjóðartekna er mun meiri, eða næstum 9%, en það stafar fyrst og fremst af lækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum.

Ein helsta orsök efnahagssamdráttarins er veruleg skerðing á veiðiheimildum, einkum þorskafla, en á næsta ári verður hann innan við helmingur afla ársins 1990. Jafnframt hefur verðlag sjávarafurða lækkað um meira en 20% á erlendum mörkuðum á síðustu

tveimur árum. Þetta tvennt hefur skert útflutningstekjur og þar með kaupmátt þjóðarbúsins og leitt til samdráttar í þjóðarútgjöldum, bæði í neyslu heimila og í fjárfestingu. Af þessum sökum hefur afkoma fyrirtækja hríðversnað, einkum í sjávarútvegi.

Hagvöxtur
Breyting frá fyrra ári



Efnahagsaðgerðir 1992 og 1993. Atvinnuleysi hefur farið vaxandi undanfarin tvö ár. Til að sporna gegn því hefur ríkisstjórnin tvívegis gripið til sérstakra efnahagsráðstafana, fyrst í nóvember síðastliðnum og aftur um mitt þetta ár. Aðgerðirnar hafa einkum miðað að því að styrkja stöðu atvinnulífs í landinu með skattalækkunum og opinberum framkvæmdum. Í kjölfar umróts á gengismörkuðum Evrópu var gengi íslensku krónunnar fellt síðastliðið haust. Í júní á þessu ári var ákveðið að lækka gengið enn frekar til að bregðast við áhrifum af skerðingu aflakvóta á næsta ári og lækkandi afurðaverði og koma þannig í veg fyrir vaxandi viðskiptahalla, aukna skuldasöfnun og stórfelldan hallarekstur í sjávarútvegi.

Þjóðarútgjöld lækka. Frá árinu 1991 hefur dregið úr neyslu samhliða minnkandi ráðstöfunartekjum. Á þessu ári er gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 3,9%, eftir 4,7% samdrátt árið 1992. Þá er búist við frekari samdrætti á næsta ári, eða 2,6%.

Undanfarna tvo áratugi hafa samneysluútgjöld ríkis og sveitarfélaga vaxið um 5½% að meðaltali á ári. Á árunum 1992 og 1993 hefur hins vegar tekist að hægja verulega á þessari aukningu, ekki síst vegna aukinnar hagræðingar í rekstri ríkisstofnana. Á síðasta ári dróst samneysla saman um 0,4%, en á þessu ári er reiknað með að samneysluútgjöld aukist um 2%, aðallega vegna aukinna útgjalda ríkis og sveitarfélaga í tengslum við aðgerðir í atvinnumálum. Á næsta ári er síðan gert ráð fyrir að samneyslan dragist saman um 1%.

Þjóðhagsyfirlit

	Milljónir króna		Magnbreytingar, %[1]		
	1993	1994	1992	1993	1994
Einkaneysla	236.142	236.860	-4,7	-3,9	-2,6
Samneysla	83.048	83.206	-0,4	2,0	-1,0
Fjárfesting	61.400	61.300	-13,3	-9,5	-4,1
Birgðabreytingar	-	-	-0,3	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld alls	380.590	381.366	-5,7	-3,7	-2,5
Útflutningur alls	132.022	137.428	-1,8	2,0	-3,5
Innflutningur alls	122.614	127.293	-7,9	-10,2	-3,4
Landsframleiðsla	**389.998**	**391.501**	**-3,7**	**0,5**	**-2,6**
Viðskiptajöfnuður	-5.530	-5.666	-3,1	-1,4	-1,4

[1] Viðskiptajöfnuður reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu.

Fjárfesting hefur löngum verið skrykkjótt hér á landi. Hún náði hámarki árið 1974, 32% af landsframleiðslu, en þá voru miklar framkvæmdir í orkumálum og endurnýjun togaraflotans stóð yfir. Fjárfesting nam síðan að meðaltali um 27% af landsframleiðslu á áttunda áratugnum, en á níunda áratugnum dró jafnt og þétt úr henni og meðaltalið lækkaði í 21%. Frá árinu 1991 hefur fjárfesting enn farið minnkandi og á árunum 1992 og 1993 dregst hún saman um fimmtung. Á næsta ári er búist við að fjárfesting dragist enn frekar saman, eða um 4,1%. Við þetta fer fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu niður í 15½%, en það er lægsta fjárfestingarhlutfall sem mælst hefur frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

Fjárfesting



Þar sem arðbær fjárfesting er mikilvæg undirstaða aukins hagvaxtar er þessi þróun áhyggjuefni. Hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu er mun hærra í flestum öðrum OECD-ríkjum, þar sem það er að jafnaði rúmlega 20%.

Veltubreytingar einstakra atvinnugreina. Samdráttur í þjóðarútgjöldum kemur meðal annars fram í minnkandi veltu fyrirtækja og einstakra atvinnugreina og í kjölfarið hefur afkoma þeirra versnað. Samkvæmt úrtakskönnun Þjóðhagsstofnunar nam hagnaður fyrirtækja 2,2% af rekstrartekjum á árinu 1991, en árið 1992 var bókfært tap hjá þessum sömu fyrirtækjum 0,6%.

Á árinu 1991 jókst heildarvelta í þjóðfélaginu um 3% samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra um virðisaukaskatt. Snemma árs 1992 fór að gæta samdráttar og síðar kom í ljós að veltan hafði dregist saman um 5½% fyrir allt árið miðað við árið 1991. Áfram gætir samdráttar á þessu ári, en á fyrri helmingi þess dróst veltan saman um 5½%.

Veltusamdrátturinn kemur nokkuð misjafnlega við einstakar atvinnugreinar. Þannig hefur velta í smásöluverslun minnkað um nær 6% fyrstu sex mánuði ársins og velta í veitingarekstri um 10%. Samdráttur hefur einnig verið mikill í iðnaði, eða um 12½%, og sömuleiðis í byggingarstarfsemi þar sem veltan dróst saman um nær 10% á fyrri helmingi ársins. Á móti kemur að velta í þjónustugreinum hefur aukist nokkuð milli ára.

Vinnumarkaður. Versnandi efnahagsástand og erfiðleikar í atvinnulífi undanfarin misseri hafa valdið straumhvörfum á vinnumarkaði hér á landi. Í stað þenslu þar sem fremur var skortur á starfsfólki hefur atvinnuleysi skapast. Frá 1988 fór atvinnuleysi smám saman vaxandi og var í lok árs 1992 komið yfir 4%.

Á undanförnum mánuðum hefur heldur dregið úr atvinnuleysi. Þannig voru atvinnulausir í ágúst fjórðungi færri en að meðaltali fyrstu sjö mánuði ársins. Þetta má að hluta rekja til átaksverkefna ríkis og sveitarfélaga í atvinnumálum. Útlit er fyrir að atvinnuleysið haldist undir 4% næstu mánuði, en þegar líður á veturinn má búast við að það aukist á ný. Fyrir árið í heild er því spáð 4½% atvinnuleysi. Á næsta ári er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði heldur meira, eða um 5%, en það stafar meðal annars af áframhaldandi samdrætti í efnahagslífinu. Á móti vega áhrif sérstakra aðgerða af hálfu stjórnvalda í atvinnumálum.

Verðlag. Í ársbyrjun 1990 urðu þáttaskil í verðlagsmálum hér á landi með gerð þjóðarsáttarsamninganna, en þá náðist víðtæk samstaða um að ná verðbólgunni niður. Frá þeim tíma hefur verðbólgan lækkað ört, úr 20% árið 1989, í 15% 1990, 7% árið 1991 og tæplega 4% árið 1992. Á þessu ári er spáð svipaðri verðbólgu og í fyrra, eða um 4%. Auk áhrifa kjarasamninga og ýmissa aðgerða stjórnvalda þeim tengdum hefur aukin samkeppni innanlands, einkum í matvöruverslun og fataverslun, skipulagsbreytingar í atvinnulífinu og aukið frjálsræði í viðskiptum án efa átt sinn þátt í þessari þróun.

Þrátt fyrir tvær gengisfellingar, í nóvember á síðasta ári og í júní á þessu ári, hefur verðbólgan ekki farið úr böndunum. Spáð er að verðhækkanir verði um eða undir 3% að jafnaði milli áranna 1993 og 1994 og að hækkunin innan árs 1994 verði heldur minni.

Verðbólga



Tekjur. Í maí á þessu ári voru gerðir kjarasamningar á almenna vinnumarkaðnum. Samningarnir gilda til loka árs 1994, en koma til endurskoðunar nú í haust og aftur næsta vor. Samkvæmt þeim verða engar launahækkanir á samningstímanum, en hinir lægst launuðu fá greiddar sérstakar launabætur. Líkt og í fyrri kjarasamningum greiddu stjórnvöld fyrir gerð samninganna með margvíslegum hætti. Þyngst vegur yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um veigamiklar skattalækkanir á fyrirtækjum og einstaklingum og aukin fjárframlög til framkvæmda.

Efnahagssamdrátturinn undanfarin misseri hefur óhjákvæmilega skert tekjur almennings. Samkvæmt skattframtölum hækkuðu atvinnutekjur launþega aðeins um 1% á mann á milli áranna 1991 og 1992. Á móti tæplega 3% hækkun samningsbundinna launa á árinu 1992 vega því áhrif vaxandi atvinnuleysis og minnkandi yfirvinnu. Þessara áhrifa gætir einnig á yfirstandandi ári.

Samkvæmt upplýsingum úr staðgreiðslukerfi tekjuskatts hafa heildarlaunagreiðslur í landinu staðið í stað fyrstu sjö mánuði ársins frá sama tíma í fyrra. Hér gætir sem fyrr áhrifa vaxandi atvinnuleysis og minnkandi yfirvinnu. Fyrir árið í heild er gert ráð fyrir að atvinnutekjur launþega lækki lítillega, eða um ½-1% á mann. Kaupmáttur atvinnutekna dregst því saman um 4½% að meðaltali á árinu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna dregst heldur meira saman, eða um 6%. Skýringin á þessum mun felst í áhrifum ýmissa skattbreytinga (hækkun tekjuskatts, hátekjuskattur). Á næsta ári er búist við frekari samdrætti í kaupmætti ráðstöfunartekna, eða um 4% að meðaltali. Þessi kaupmáttarrýrnun kemur þó að mestu fram á árinu 1993.

Utanríkisviðskipti. Viðskiptahalli hefur farið ört minnkandi að undanförnu eftir að hafa náð hámarki á árinu 1991, en þá nam hann 18 milljörðum króna, eða 4,7% af landsframleiðslu. Samkvæmt síðustu spám er talið að viðskiptahallinn verði 5½ milljarður

króna á þessu ári, sem jafngildir 1,4% af landsframleiðslu. Þetta hefur gerst þrátt fyrir samdrátt í útflutningi þar eð innflutningur hefur dregist enn meira saman. Í ár er þó spáð 2% aukningu í útflutningi vöru og þjónustu, einkum vegna aukins útflutnings á loðnuafurðum. Á næsta ári er hins vegar búist við að samdráttur í útflutningi vöru og þjónustu nemi 3½%, aðallega vegna minnkandi framleiðslu sjávarafurða.

Viðskiptajöfnuður



Á þessu ári er reiknað með að innflutningur vöru og þjónustu dragist saman um rúmlega 10% milli ára. Neysluvöruinnflutningur fyrstu átta mánuði ársins hefur dregist saman um 9½%. Mestu munar um 13% samdrátt í bifreiðainnflutningi og 18½% samdrátt í innflutningi á heimilistækjum. Innflutningur á mat- og drykkjarvörum hefur dregist minna saman, eða um rúm 3%, svipað og innflutningur á olíu og öðrum rekstrarvörum. Á sama tíma hefur innflutningur á fjárfestingarvörum dregist saman um tæp 20%. Mikill samdráttur er einnig í innflutningi skipa og flugvéla. Á næsta ári er reiknað með frekari samdrætti í innflutningi vöru og þjónustu, um 3½%. Þessi þróun helst í hendur við fyrirsjáanlegan samdrátt í einkaneyslu og fjárfestingu á næsta ári.

Horfur eru á að jöfnuður á vöru- og þjónustuviðskiptum verði jákvæður á þessu ári og því næsta. Vegna aukinnar skuldasöfnunar að undanförnu verður vaxtajöfnuðurinn hins vegar sífellt óhagstæðari og spáð er að hann verði neikvæður um 16 milljarða króna á næsta ári. Viðskiptajöfnuðurinn í heild verður því óhagstæður á þessu ári og hinu næsta þótt hann fari minnkandi. Á árinu 1994 er spáð óbreyttum viðskiptajöfnuði, eða sem nemur um 5½ milljarði, sem jafngildir um 1,4% af landsframleiðslu.

Peningamál. Útlánaaukning í bankakerfinu var talsvert meiri fyrstu átta mánuði þessa árs en á sama tíma í fyrra. Þetta má fyrst og fremst rekja til aukinnar lántöku fyrirtækja, sem nam 6½ milljarði króna það sem af er ári samanborið við 0,7 milljarða 1992. Hluta þessarar aukningar má rekja til gengisbreytingar krónunnar fyrr á þessu ári, en um

helmingur lána fyrirtækja er tengdur erlendum gjaldmiðlum. Skuldir heimilanna hafa hins vegar aðeins aukist um 0,8 milljarða króna það sem af er þessu ári samanborið við 2½ milljarðs króna aukningu á sama tíma í fyrra.

Heildarsparifé á peningamarkaðnum nam um 450 milljörðum króna í árslok 1992 og hafði aukist um 28 milljarða á árinu, eða sem svarar til 7,1% af landsframleiðslu. Árið 1993 er gert ráð fyrir að sparnaður aukist um tæplega 25 milljarða, heldur minna en í fyrra, eða sem svarar til 6,4% af landsframleiðslu. Spáin fyrir næsta ár er svipuð, nálægt 26 milljarðar króna. Tvo þriðju hluta aukningarinnar (nýs sparnaðar) má rekja til lífeyrissjóðanna, en afganginn til heimila og fyrirtækja.

Á síðustu tveimur árum hafa vextir almennt lækkað. Ávöxtunarkrafa spariskírteina ríkissjóðs er um þessar mundir nálægt 6,7%, eða rúmlega 1½ prósentu lægri en í ársbyrjun 1992. Svipuð þróun hefur orðið á ávöxtun húsbréfa.

Síðustu mánuðina hefur þróun vaxta í bankakerfinu og á ríkisbréfum verið með ólíkum hætti. Árið 1992 var munur á ávöxtun ríkisvíxla og almennra víxillána um 2,5% að meðaltali, en í júní 1993 var munurinn kominn í rúmlega 4%. Í júlí hækkuðu bankarnir vexti í kjölfar gengislækkunarinnar. Vextir á ríkisbréfum hafa hins vegar farið lækkandi. Því hefur vaxtamunurinn aukist enn frekar að undanförnu,

Vextir á verðtryggðum útlánum bankanna hafa lítið breyst það sem af er ári. Hins vegar hefur ávöxtunarkrafa spariskírteina lækkað um 1 prósentu á Verðbréfaþingi Íslands. Þannig hefur vaxtamunur verðtryggðra útlána og spariskírteina aukist úr tæpum 2% um áramótin í tæp 3% í septemberbyrjun.

Enda þótt raunvextir ríkisverðbréfa hafi lækkað nokkuð hér á landi að undanförnu eru þeir almennt nokkru hærri en í helstu viðskiptalöndum okkar. Raunvextir á spariskírteinum ríkissjóðs eru til dæmis um 2% hærri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum og munurinn er reyndar enn meiri ef miðað er við Bandaríkin og Þýskaland.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins. Erlend skuldastaða þjóðarbúsins hefur breyst mikið undanfarin tuttugu ár. Árið 1970 námu erlendar skuldir þjóðarinnar 20% af landsframleiðslu. Áratug síðar voru þær komnar í 28%. Síðan hafa skuldirnar farið ört vaxandi og í lok síðasta árs var hlutfall þeirra af landsframleiðslu komið í 50% og á þessu ári stefna erlendar skuldir þjóðarinnar í næstum 60% af landsframleiðslu. Jafnframt hefur greiðslubyrði vaxta og afborgana farið vaxandi. Á árinu 1970 námu afborganir af erlendum lánum 11% af útflutningstekjum, fóru upp í 14% á árinu 1980 og stefna í 29% af útflutningstekjum á árinu 1993.

Skuldahlutfallið segir reyndar ekki alla söguna um þróun erlendra skulda. Til að fá fyllri mynd af skuldastöðunni er einnig nauðsynlegt að skoða þróun erlendra skulda að raungildi, þ.e. hvernig höfuðstóll skuldanna breytist í erlendri mynt að teknu tilliti til verðbreytinga. Á þessum mælikvarða verða erlendar skuldir 1993 svipaðar, eða jafnvel ívið minni en í fyrra. Ein skýring er hagstæð þróun viðskiptajafnaðar, en hann lækkar um helming milli ára. Þetta dregur þó ekki úr nauðsyn þess að minnka viðskiptahallann enn frekar og lækka erlendu skuldirnar.

Í almennri umræðu er stundum ruglað saman tveimur hugtökum, annars vegar erlendum skuldum þjóðarbúsins og hins vegar skuldum opinberra aðila. Á þessu er nokkur munur. Tæplega helming erlendra skulda þjóðarbúsins má rekja til opinberra aðila, afganginn til einkaaðila. Opinberir aðilar skulda hins vegar ekki aðeins í útlöndum, heldur einnig innanlands. Heildarskuldir þeirra taka því bæði til erlendra og innlendra skulda. Um opinberar skuldir er fjallað sérstaklega í kaflanum hér á eftir.

3.3 Hallarekstur og skuldasöfnun hins opinbera

Þróun ríkisfjármála á alþjóðavettvangi. Viðvarandi hallarekstur hins opinbera í OECD-ríkjunum síðasta áratug má að hluta rekja til þess efnahagsumróts sem fylgdi í kjölfar mikilla olíuverðshækkana. Þeim fylgdi óstöðugleiki á gjaldeyrismörkuðum, vaxandi atvinnuleysi og aukin verðbólga. Jafnframt hafði hagvaxtarskeið eftirstríðsáranna skapað miklar væntingar, ekki síst á sviði velferðarmála, sem ekki var hægt að standa undir þegar sló í bakseglin.

Halli hins opinbera í OECD-ríkjunum náði hámarki árið 1983, um 4½% af landsframleiðslu, en þá var hagvöxtur í lágmarki. Síðan dró smám saman úr, samhliða auknum hagvexti og árið 1989 var hallinn kominn niður í 1% af landsframleiðslu. Það dró úr atvinnuleysi, þjóðarútgjöld jukust og við það styrktist tekjuhlið hins opinbera.

Það er athyglisvert að á þessu tímabili lækkuðu útgjöld hins opinbera í hlutfalli við landsframleiðslu, meðal annars vegna markvissra aðgerða stjórnvalda til að hemja útgjaldavöxtinn. Hins vegar var það svigrúm sem þetta skapaði í ríkisfjármálum nýtt til að lækka skatta, jafnframt því sem hallinn minnkaði. Þannig héldu skuldir opinberra aðila áfram að vaxa á þessu tímabili.

Á árinu 1990 hófst síðan langvarandi samdráttarskeið sem búist er við að standi fram á næsta ár. Á þessum tíma hefur halli hins opinbera í OECD-ríkjunum stóraukist og er nú kominn í fyrra hámark, þ.e. nálægt 4½% af landsframleiðslu. Jafnframt hafa skuldir opinberra aðila aukist hröðum skrefum og nema nú um 65% af landsframleiðslu. Þegar samdráttar gætir í efnahagslífinu er við því að búast að afkoma hins opinbera versni tímabundið (hagsveifluáhrif). Tekjur ríkissjóðs skreppa saman vegna minni kaupmáttar almennings og versnandi afkomu atvinnulífs. Jafnframt aukast útgjöld ríkisins til atvinnuleysisbóta í kjölfar vaxandi atvinnuleysis.

Hagsveifluáhrifin skýra þó einungis um þriðjung aukins halla í OECD-ríkjunum. Meginhluta hans má rekja til ákveðinna skipulagsvandamála í ríkisrekstrinum, þ.e. sjálfvirkrar útgjaldaþenslu án tillits til árferðis. Þótt nokkur frávik geti verið milli einstakra landa má greina ýmsa sameiginlega þætti. Þyngst vegur aukin vaxtabyrði í kjölfar stöðugs hallareksturs og vaxandi skuldasöfnunar ásamt auknum útgjöldum til almannatrygginga. Breytt aldurssamsetning (ellilífeyrisþegum fjölgar) og ör þróun á sviði heilbrigðismála skiptir þar mestu. Jafnframt má ætla að sífellt fleiri einstaklingar geri tilkall til greiðslna úr almannatryggingakerfinu, ekki síst á tímum lækkandi tekna og almenns samdráttar í efnahagslífinu. Þessir þættir hafa tilhneigingu til að verða varanlegir og aukið vægi þeirra veldur því að batnandi árferði kemur aðeins að hluta fram í betri afkomu ríkissjóðs.

Þróunin hér á landi. Þau vandamál sem hér hefur verið lýst eiga sér flest hliðstæður hér á landi. Þannig var nær samfelldur halli á ríkissjóði allan síðasta áratug, að jafnaði um 4 milljarðar króna á ári mælt á verðlagi ársins 1993, jafnvel þótt hagvöxtur hafi að meðaltali numið um 2½% á ári. Hins vegar skilur þar á milli Íslands og annarra OECD-ríkja að hér nýttust góðu árin ekki til þess að draga úr halla ríkissjóðs heldur fór hann fremur vaxandi. Meginskýringin er sú að ekki tókst að hemja útgjaldavöxtinn gagnstætt því sem gerðist í OECD-ríkjunum.

Þessi þróun náði hámarki árið 1991 þegar hlutfall ríkisútgjalda fór upp í 29,3% af landsframleiðslu. Þetta sama ár náði hallarekstur ríkissjóðs einnig hámarki, eða 3,3% af landsframleiðslu. Afleiðingin kom þó ekki að fullu fram fyrr en samdráttarskeiðið skall á árið 1992. Þá lækkuðu skatttekjurnar í takt við minnkandi umsvif og lækkandi tekjur í þjóðfélaginu. Útgjöldin lækkuðu hins vegar ekki sjálfkrafa, þar sem við það háa

útgjaldastig sem fyrir var bættist vaxandi útgjaldaþörf atvinnuleysistrygginga og aukinn þungi vaxtagreiðslna. Árið 1992 tókst þó um sinn að draga úr hallanum þrátt fyrir tæplega 6% lækkun þjóðarútgjalda og 4% samdrátt landsframleiðslu. Á meðan tekjur ríkissjóðs héldust nánast óbreyttar lækkuðu útgjöld um 6 milljarða króna.

Rekstrarafkoma hins opinbera



Aukin skuldasöfnun. Bein afleiðing hallarekstrar ríkissjóðs og annarra opinberra aðila er aukin skuldasöfnun. Á tímabilinu 1980 til 1988 námu heildarskuldir opinberra aðila hér á landi að jafnaði um 30% af landsframleiðslu. Frá þeim tíma hefur skuldahlutfallið hækkað stöðugt og er talið að það fari í 51% á árinu 1993. Þó hafa verði fyrirvara um samanburð hagstærða milli landa má nefna að skuldir hins opinbera í OECD-ríkjunum hafa aukist úr 53% í 66% af landsframleiðslu á sama tímabili. Skuldaaukning hins opinbera er þannig mun örari hér á landi.

Vaxtagreiðslur og afborganir af skuldum ríkissjóðs hafa aukist samhliða. Á árinu 1992 fóru 7½% af útgjöldum ríkissjóðs til greiðslu afborgana og vaxta. Á þessu ári er reiknað með að hlutfallið fari í tæplega 9% og á næsta ári er áætlað að vaxtagreiðslur og afborganir nemi rúmlega 10% af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

Enda þótt hallarekstur hins opinbera sé veigamesta skýringin á aukinni skuldasöfnun eru ýmis önnur atriði sem einnig skipta máli. Gengisbreytingar, bæði hér á landi sem erlendis, hafa bein áhrif á hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu. Mikil gengislækkun íslensku krónunnar skýrir þannig verulegan hluta af hækkun skulda árið 1989 og sama gildir um gengislækkanir í nóvember 1992 og í júní 1993.

Sem dæmi má nefna að gengisfelling íslensku krónunnar í nóvember 1992 hækkaði skuldahlutfallið um 1% af landsframleiðslu. Mikil hækkun á verði Bandaríkjadals á alþjóðamarkaði hafði svipuð áhrif enda er stór hluti erlendra skulda í dölum. Þá er einnig rétt að vekja athygli á því að hluti af hækkun skuldahlutfallsins árið 1992, eða tæplega 2% af landsframleiðslu, stafar af erlendri lántöku í upphafi þess árs til að gera upp yfir-

dráttarskuld við Seðlabankann vegna halla ríkissjóðs á árinu 1991. Sjálf yfirdráttarskuldin er hins vegar ekki skuldfærð á árinu 1991.

Heildarskuldir hins opinbera



Enda þótt heildarskuldir opinberra aðila hér á landi virðist fljótt á litið lægri en að meðaltali í OECD-ríkjunum er ástæða til að vekja athygli á nokkrum atriðum sem varpa skugga á þennan samanburð:

Í fyrsta lagi er samsetning opinberra skulda önnur hér á landi en víðast hvar annars staðar. Rúmlega helmingur skuldanna hér er í erlendri mynt. Í flestum OECD-ríkjum mæta opinberir aðilar lánsfjárþörf sinni að mestu leyti með útgáfu verðbréfa í innlendri mynt. Heildarskuldir Íslendinga erlendis eru með því hæsta sem gerist í OECD-ríkjunum og hafa þær stóraukist á síðustu tveimur áratugum.

Í öðru lagi hefur halli á viðskiptum við önnur lönd verið viðvarandi hér á landi. Það sýnir að þjóðhagslegur sparnaður hefur verið ófullnægjandi. Með því að draga úr lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila stuðla stjórnvöld að auknum þjóðhagslegum sparnaði og greiða þannig fyrir lækkun raunvaxta.

Í þriðja lagi eru horfur um hagvöxt og útflutningstekjur í næstu framtíð fremur óhagstæðar hér á landi. Jafnvel þótt hagvöxtur fari að glæðast er tæplega við því að búast að það dugi eitt og sér til að snúa þróuninni við þannig að erlendar skuldir lækki.

Loks er rétt að taka fram að í alþjóðasamanburði er ekki tekið tillit til ýmissa innlendra skuldbindinga ríkissjóðs og ríkisábyrgða. Jafnframt eru undanskilin ýmis opinber og hálfopinber fyrirtæki og lánastofnanir sem ríkið á hlut í (t.d. Landsvirkjun). Ýmislegt bendir til þess að hér á landi vegi þessir þættir þyngra en víða annars staðar og heildarskuldbindingar ríkisins því í reynd enn meiri en opinberar tölur sýna.

Að öllu samanlögðu virðist því óhætt að fullyrða að skuldastaða ríkissjóðs og annarra opinberra aðila sé í reynd verri en opinberar tölur gefa til kynna og samanburður við

önnur lönd gefi ekki alls kostar rétta mynd af stöðunni. Með hliðsjón af sérkennum íslensks efnahagslífs er mikilvægt að snúa þessari þróun við og lækka skuldirnar.

3.4 Atvinnuleysisvandinn

Vaxandi atvinnuleysi veldur áhyggjum víðar en hér á landi. Miklar umræður hafa farið fram að undanförnu á alþjóðlegum vettvangi um ástæður þessa og hvaða leiðir séu til úrbóta. Niðurstöðurnar eru mjög á einn veg að atvinnuleysi sé að mestu kerfislægt vandamál og úr því dragi aðeins að hluta við aukinn hagvöxt. Engar töfralausnir séu til og því þurfi varanlegar aðgerðir til að ráða bót á vandanum.

Kerfislægt vandamál. Sá hluti atvinnuleysis sem er kerfislægur minnkar ekki við aukinn hagvöxt. Nú er talið að hagvöxtur Evrópubandalagsríkjanna þurfi að nema 2,5% á ári til þess einungis að halda óbreyttu atvinnustigi. Á næsta ári er gert ráð fyrir 1,7% hagvexti í aðildarlöndunum eftir 0,2% samdrátt í ár. Eitt einkenni kerfislægs atvinnuleysis er vaxandi langtímaatvinnuleysi, en um helmingur atvinnulausra í Evrópubandalaginu hefur verið án atvinnu í meira en eitt ár.

Ýmsar grundvallarbreytingar hafa orðið á vinnumarkaðnum síðustu fimmtán árin og má sjá samsvarandi merki hér á landi:

- Í Evrópu hafa ný störf nær eingöngu orðið til í opinberum rekstri, ekki í einkafyrirtækjum. Þessu er hins vegar öfugt farið í Bandaríkjunum og Japan.
- Hlutastörfum hefur fjölgað á kostnað fastra starfa. Jafnframt hafa tímabundnar ráðningar færst í vöxt.
- Störfum í almennum iðnaði hefur fækkað hlutfallslega, en störfum í þjónustugreinum fjölgað, sérstaklega í fjármálaþjónustu.
- Meiri hreyfing er á vinnumarkaðnum en áður. Um það bil einn tíundi hluti allra starfa hverfur á ári hverju þegar fyrirtæki hætta eða draga úr starfsemi sinni. Á móti vegur svipaður fjöldi nýrra starfa sem bætist við á hverju ári.
- Atvinnuþátttaka kvenna hefur almennt aukist. Jafnframt hefur atvinnuþátttaka karla minnkað, einkum hjá hinum yngri vegna lengri skólagöngu.

Margt bendir til þess að atvinnuleysi hér á landi sé að hluta orðið kerfislægt. Í fyrsta lagi hefur samsetning atvinnuleysis breyst til muna á síðustu árum. Árin 1987 og 1988 voru aðeins um 20% atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu. Síðan hefur hlutfallið farið stighækkandi og náði 50% á árinu 1992. Það sem af er þessu ári hefur hlutfallið hækkað enn frekar og er nú komið upp í 55%. Því virðist sem atvinnuleysi sé nú að verða viðvarandi á höfuðborgarsvæðinu, en áður var það að mestu bundið við landsbyggðina, meðal annars vegna tímabundinna lokana frystihúsa.

Í öðru lagi hefur atvinnuleysi ungs fólks á aldrinum 15-24 ára aukist, en hjá þessum aldurshóp hefur atvinnuleysi farið yfir 10% á þessu ári. Svipaða þróun má sjá hjá nágrannaþjóðunum þar sem atvinnuleysi ungs fólks er hlutfallslega enn hærra og algengt að það sé tvisvar til þrisvar sinnum hærra en atvinnuleysi í heild.

Í þriðja lagi hefur langtímaatvinnuleysi farið vaxandi. Hér á landi hafa um 7% atvinnulausra verið án atvinnu í 12 mánuði eða lengur. Þetta hlutfall hefur ekki breyst mikið á undanförnum árum, en samhliða auknu atvinnuleysi hefur fjöldi þeirra sem hafa

verið atvinnulausir í ár eða lengur margfaldast. Til samanburðar hafa um 50% atvinnulausra í Evrópubandalagsríkjunum verið án vinnu í ár eða meira, en einungis 6% í Bandaríkjunum.

Atvinnuleysi



Orsakir atvinnuleysis. Enda þótt orsakir atvinnuleysis séu margþættar eru nokkur atriði sem virðast eiga við í flestum ríkjum. Meginorsökin er almennt talin sú að vinnumarkaðurinn sé ekki nógu sveigjanlegur og því ekki fær um að bregðast við þeim breytingum er orðið hafa á síðustu fimmtán árum. Þetta á einkum við um launaákvarðanir sem eru gjarnan í föstum skorðum. Vinnumarkaðslöggjöf er einnig víða mjög ströng. Uppbygging atvinnuleysisbótakerfis skiptir einnig verulegu máli. Langt bótatímabil, greiður aðgangur að bótum og háar bótagreiðslur eru allt atriði sem almennt eru talin stuðla að auknu atvinnuleysi. Samspil bóta og skattgreiðslna skiptir hér einnig máli. Auk þess hafa vextir verið háir á síðustu árum, en það er talið hafa dregið úr fjárfestingu, t.d. í vélum og framleiðslubúnaði og þar með nýjum atvinnutækifærum.

Í Bandaríkjunum þar sem vinnumarkaður er mun sveigjanlegri en í Evrópu hefur atvinnuleysi haldist á bilinu 6-7%. Þar hefur hagvöxtur verið mjög svipaður og í Evrópulöndunum, en vöxtur atvinnu hins vegar mun meiri en í Evrópu.

Margt bendir til þess að ríkjandi atvinnuástand hér á landi endurspegli svipaða erfiðleika og hjá öðrum Norðurlandaþjóðum síðustu árin. Minnkandi afskipti opinberra aðila af atvinnulífi og aukið frjálsræði á peningamarkaði, jafnt innanlands sem erlendis, hefur leitt til aukinnar samkeppni. Jafnframt hafa víða komið í ljós skipulagsbrestir og óhagræði í rekstri, jafnt hjá fyrirtækjum sem opinberum aðilum. Aðhaldsaðgerðir beinast því að endurskipulagningu í rekstri og fækkun starfsfólks. Hér á landi hefur aflasamdráttur og uppstokkun í landbúnaði bæst við þann vanda sem fyrir var.

Hvað er til ráða? Lengi hefur sú skoðun ríkt að lausnin á atvinnuleysisvandanum sé að auka framkvæmdir á vegum ríkisins og örva þannig innlenda eftirspurn. Því væri réttlætanlegt að auka halla á ríkissjóði tímabundið. Miðað við núverandi aðstæður í Evrópu er þessi leið ekki talin árangursrík til lengdar sökum þess að atvinnuleysið er nú að miklu leyti kerfislægt og einungis að litlu leyti vegna slakrar eftirspurnar. Að auki er hallarekstur og skuldsetning flestra þjóða Evrópu það mikil að frekari lántaka myndi auka greiðslubyrði og hækka vexti enn frekar.

Mikil áhersla er því lögð á að aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi leiði hvorki til aukinnar verðbólgu né aukins halla á ríkissjóði. Enda þótt sérstakar aðstæður geti réttlætt tímabundnar aðgerðir sem ganga gegn þessu markmiði er brýnt að horfa til lengri tíma og varast að auka kerfislægan halla í ríkisfjármálum. Hins vegar geta stjórnvöld flýtt fyrir með því að taka á skipulags- og kerfislægum vandamálum í hagkerfinu. Helst er mælt með aðgerðum er hafa bein áhrif á vinnumarkaðinn, svo sem að auka sveigjanleika í launamyndun og að breyta bótakerfi atvinnuleysistrygginga. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi endurmenntunar og starfsþjálfunar. Hins vegar er dregið í efa gildi boða og banna, eins og að lögbinda lágmarkslaun, vinnutíma og fleira.

Þjóðhagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1994

	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
I. Helstu þjóðhagsstærðir - magnbreytingar milli ára,%		
Einkaneysla	-3,9	-2,6
Samneysla	2,0	-1,0
Fjárfesting	-9,5	-4,1
Atvinnuvegir	-25,2	-0,9
Íbúðabyggingar	-9,0	-
Opinberir aðilar	8,8	-9,3
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	-3,7	-2,5
Útflutningur vöru og þjónustu	2,0	-3,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-10,2	-3,4
Almennur vöruinnflutningur án olíu	-8,2	-6,2
Verg landsframleiðsla	0,5	-2,6
Þjóðartekjur	-1,9	-2,6
II. Launa- og verðlagsforsendur - meðalbreytingar milli ára, %		
Atvinnutekjur á mann	-0,5	-0,5
Ráðstöfunartekjur á mann	-2,2	-1,3
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-6,0	-4,0
Þjóðartekjur á mann	-2,7	-3,4
Framfærsluvísitala	4,2	2,7
Byggingarvísitala	2,3	2,7
Lánskjaravísitala	2,6	2,0
Meðalgengi	8,7	3,8
Erlend verðbólga	3,5	3,5
Verðvísitala samneyslu	2,5	1,2
Verðvísitala landsframleiðslu	1,5	3,1
Viðskiptakjör, vörur	-8,2	0,8
Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla	4,5	5,0
III. Ýmsar forsendur		
Fjöldi innfluttra bíla	6.300	5.800
Fólksbílar	5.600	5.200
Atvinnubílar	700	600
Sala á bensíni, milljónir lítra	181	183

4 Tekjur

4.1 Heildaryfirlit

Í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1993 var gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs yrðu rúmlega 1 milljarði króna lægri að raungildi en á árinu 1992. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun stefnir hins vegar í að lækkunin verði mun meiri, eða kringum 2½ milljarður króna. Lækkun heildartekna, metin á föstu verðlagi, er jafnvel enn meiri, eða nær 3½ milljarði króna. Þannig lækkar hlutfall tekna af landsframleiðslu um 1% milli ára og hlutfall skatttekna um 0,8%.

Í áætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1994 er reiknað með áframhaldandi samdrætti skatttekna, eða um rúmlega 1½ milljarð króna að raungildi frá þessu ári. Sama gildir um heildartekjurnar. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar hins vegar lítillega milli ára sem er eingöngu vegna ákveðinna formbreytinga í bókfærslu ríkisreiknings, bæði á tekju- og gjaldahlið.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.
Tekjur ríkissjóðs	**103.447**	**104.771**	**101.605**	**103.471**
Tekju- og eignarskattar	20.348	20.193	19.796	20.565
Óbeinir skattar	75.422	76.698	74.892	75.356
Aðrar tekjur	7.677	7.880	6.917	7.550
Verg landsframleiðsla	**382.255**	**388.050**	**389.998**	**391.501**
Heildartekjur sem hlutfall af VLF	**27,1**	**27,0**	**26,1**	**26,4**
Skatttekjur sem hlutfall af VLF [1]	**25,1**	**25,0**	**24,3**	**24,5**

[1] Þessar tölur eru ekki fyllilega sambærilegar við þær tölur sem birtar eru í skýrslum OECD um skattamál.

Horfur 1993. Frá því að fjárlögin voru samþykkt í lok síðasta árs hafa forsendur þeirra breyst í veigamiklum atriðum. Þar er einkum þrennt sem snertir tekjuhlið ríkissjóðs.

Í fyrsta lagi hafa verið samþykktar ýmsar breytingar á sköttum, meðal annars í tengslum við gerð kjarasamninga fyrr á þessu ári, sem skerða tekjur ríkissjóðs um nálægt 1 milljarð króna. Þar vegur þyngst tímabundin niðurfelling tryggingagjalds af útflutningsgreinum sem talin er lækka tekjurnar um tæpan ½ milljarð króna frá áætlun fjárlaga. Jafnframt var horfið frá lækkun á endurgreiðslum virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði sem skila átti ríkissjóði um 400 m.kr. Þá hafa ýmsar breytingar á vörugjöldum neikvæð áhrif á tekjuhliðina.

Í öðru lagi munu áform stjórnvalda um sölu ríkiseigna ekki nást fram á þessu ári. Gert hafði verið ráð fyrir að eignasala skilaði ríkissjóði um 1½ milljarði króna, en nú þykir sýnt að þær tekjur verða vart meiri en 100 m.kr.

Í þriðja lagi hefur meira atvinnuleysi en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga komið fram í minni tekjum einstaklinga sem aftur hefur dregið úr útgjöldum heimilanna. Þetta

leiðir til þess að tekjur ríkissjóðs af launa- og veltusköttum verða lægri en reiknað var með. Þannig virðist staðgreiðsla tekjuskatts ætla að verða allt að 1 milljarði króna lægri en áætlað hafði verið og ½ milljarð vantar upp á að áætlun um innheimtu virðisaukaskatts gangi eftir. Á móti þessum áhrifum vega meiri tekjur af eignarsköttum og tryggingagjaldi auk þess sem vaxtatekjur hafa orðið meiri en áætlað var.

Allt bendir því til þess að tekjur ríkissjóðs verði rúmlega 3 milljörðum króna lægri á þessu ári í krónum talið en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum.

Tekjur ríkissjóðs
Á verðlagi ársins 1994



Frumvarp 1994. Tekjuhlið ríkissjóðs hefur ekki farið varhluta af þeim efnahagssamdrætti sem gengið hefur yfir íslenskan þjóðarbúskap undanfarin ár. Léleg afkoma fyrirtækja og vaxandi atvinnuleysi hefur dregið úr kaupmætti og þannig leitt til minnkandi tekna fyrir ríkissjóð. Þá hafa stjórnvöld beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til þess að styrkja atvinnuástandið, meðal annars lækkað skatta á fyrirtækjum, sem einnig hafa sett mark sitt á tekjuhliðina. Á móti hafa skattstofnar verið breikkaðir og undanþágum fækkað til þess að stemma stigu við frekari hallarekstri ríkissjóðs. Áhersla hefur verið lögð á það að þær skattbreytingar sem gerðar hafa verið að undanförnu komi sem minnst við hina tekjulægstu. Sömu áherslur eru ríkjandi við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1994.

Á næsta ári eru horfur á áframhaldandi samdrætti í efnahagslífinu með þekktum afleiðingum jafnt á tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs. Allt bendir til þess að þjóðarútgjöldin dragist saman um 2½% á árinu 1994 til viðbótar 4% samdrætti á þessu ári. Spáð er svipuðum samdrætti einkaneyslu, en sú stærð ræður miklu um tekjur ríkissjóðs af veltusköttum. Gangi þessi spá eftir hefur einkaneyslan dregist saman um rúmlega 11% á þremur árum. Talið er að skatttekjur ríkissjóðs minnki um allt að 2 milljarða króna á komandi ári vegna efnahagssamdráttarins.

Á móti vegur að áhrif ýmissa skattbreytinga, sem samþykktar voru á Alþingi síðastliðinn vetur, koma ekki að fullu fram fyrr en á árinu 1994. Þar má nefna breikkun á virðisaukaskattstofni, lækkun vaxtabóta, hátekjuskatt o.fl. Samanlagt eru þessar breytingar taldar skila ríkissjóði um 1½ milljarði króna í viðbótartekjur á næsta ári.

Loks má nefna að í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1993 gáfu stjórnvöld út yfirlýsingu um umfangsmiklar skattbreytingar á árinu 1994. Þar ber hæst áform um lækkun virðisaukaskatts á matvælum úr 24½% í 14%. Sú breyting er talin skerða tekjur ríkissjóðs um 2½ milljarð króna á næsta ári. Þessi ákvörðun kallar óhjákvæmilega á sérstakar tekjuöflunaraðgerðir til að ná markmiði stjórnvalda um minnkandi halla ríkissjóðs á árinu 1994.

Skipting ríkissjóðstekna

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting 1993-1994 %
Tekju- og eignarskattar	**20.348**	**20.193**	**19.796**	**20.565**	**3,9**
Einstaklingar	15.467	15.844	15.146	16.910	11,6
Fyrirtæki	4.881	4.349	4.650	3.655	-21,4
Óbeinir skattar	**75.422**	**76.698**	**74.892**	**75.356**	**0,6**
Innflutnings- og vörugjöld	8.195	8.656	8.215	9.034	10,0
Virðisaukaskattur	39.944	40.950	40.000	37.950	-5,1
Hagnaður ÁTVR	6.435	6.350	6.150	6.370	3,6
Tryggingagjald	9.568	9.450	9.300	10.850	16,7
Bifreiðagjöld	7.027	7.375	7.395	7.485	1,2
Aðrir skattar	4.253	3.917	3.832	3.667	-4,3
Aðrar tekjur	**7.677**	**7.880**	**6.917**	**7.550**	**9,2**
Vaxtatekjur	4.203	4.000	4.440	4.100	-7,7
Arðgreiðslur	2.347	2.030	2.052	2.600	26,7
Sala eigna	238	1.500	100	500	400,0
Aðrar tekjur	889	350	325	350	7,7
Heildartekjur ríkissjóðs	**103.447**	**104.771**	**101.605**	**103.471**	**1,8**
Skatttekjur ríkissjóðs	**95.770**	**96.891**	**94.688**	**95.921**	**1,3**
Verðvísitala landsframleiðslu	**100,0**	**103,0**	**101,5**	**104,7**	**3,1**
Sem hlutfall af VLF, %					
Tekju- og eignarskattar	5,3	5,2	5,1	5,3	0,2
Óbeinir skattar	19,8	19,8	19,2	19,2	0,0
Aðrar tekjur	2,0	2,0	1,8	1,9	0,1

Sem fyrr segir hafa stjórnvöld það að leiðarljósi að ný tekjuöflun snerti sem minnst hina tekjulægstu. Því markmiði verður helst náð með því nýta stærstu tekjustofnana, eins og launagreiðslur eða veltu. Þá hefur vaxandi atvinnuleysi kallað á stóraukin framlög úr ríkissjóði til Atvinnuleysistryggingasjóðs þar sem tekjur hans hrökkva ekki fyrir greiðslum atvinnuleysisbóta. Til þess að styrkja fjárhag sjóðsins hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja sérstakt atvinnutryggingagjald á einstaklinga, sem nemi 0,5% af heildarlaunum, og hækka tryggingagjald atvinnurekenda um 0,35%. Samanlagt gæti þessi ráðstöfun skilað um 1,4 milljörðum króna á næsta ári. Til þess að draga úr áhrifum þessarar skattlagningar á afkomu tekjulægri barnafjölskyldna verða greiðslur barnabótaauka hækkaðar um 150 m.kr. Það leiðir til þess að fjögurra manna fjölskylda með kringum 200 þúsund krónur í mánaðarlaun verður jafnsett eftir.

Ennfremur er stefnt að upptöku 10% skatts á fjármagnstekjur á næsta ári, en það er liður í sérstakri tekjuöflun á móti áformum um lækkun virðisaukaskatts af matvælum.

Ýmsar fleiri breytingar verða í skattamálum á næsta ári. Flestar eru þær tengdar ákvörðunum síðasta þings, svo sem frekari lækkun á tekjuskatti fyrirtækja, endurskoðun vaxtabóta, álagning 14% virðisaukaskatts á ferðaþjónustu, tilfærslur milli skattstofna í tengslum við væntanlega gildistöku samnings um evrópskt efnahagssvæði, auk minni háttar breytinga. Ennfremur eru fyrirhugaðar umfangsmiklar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds sem veldur talsverðum tilfærslum á tekjuhlið ríkissjóðs.

Þegar allt hefur verið lagt saman verða heildartekjur ríkissjóðs rúmlega 1 milljarði króna lægri á árinu 1994 en á þessu ári, metnar á föstu verðlagi. Skatttekjurnar lækka heldur meira, eða rúmlega 1½ milljarð króna. Þetta er um 5½ milljarði króna lægra en á árinu 1991 og þarf að fara aftur til ársins 1987 til að finna lægri tölur.

4.2 Yfirlit yfir helstu tekjustofna

Tekju- og eignarskattar einstaklinga. Heildartekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarsköttum einstaklinga eru áætlaðar 16,9 milljarðar króna á næsta ári. Þar af er tekjuskattur einstaklinga 14½ milljarður króna en eignarskattar um 2,4 milljarðar. Hlutdeild þessara skatta í heildartekjum ríkissjóðs er talin verða 16,3% árið 1994 samanborið við tæp 15% á þessu ári.

Tekju- og eignarskattar einstaklinga

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting 1993-1994 %
Tekjuskattur	13.210	13.450	12.800	14.500	13,3
Eignarskattar	1.574	1.639	1.660	1.695	2,1
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	406	425	406	415	2,2
Erfðafjárskattur	277	330	280	300	7,1
Samtals	**15.467**	**15.844**	**15.146**	**16.910**	**11,6**
Sem hlutfall af heildartekjum	**15,0**	**15,1**	**14,9**	**16,3**	**1,4**

Tekjuskattur. Sem fyrr segir verður staðgreiðsla tekjuskatts líklega 1 milljarði króna undir áætlun á þessu ári sem skýrist að mestu af auknu atvinnuleysi. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir lítils háttar aukningu atvinnutekna á mann á þessu ári, eða um 1%, en nú bendir allt til þess að þær dragist saman um ½-1%. Þannig stefnir í að skráð atvinnuleysi verði 4½% að meðaltali á þessu ári, en við afgreiðslu fjárlaga var það talið verða kringum 3½%. Á móti lægri staðgreiðslu vegur hins vegar betri innheimta á eftirstöðvum fyrri ára og minni endurgreiðslur. Þá verða greiðslur til sveitarfélaga vegna afnáms aðstöðugjalds í takt við áætlanir, eða nálægt 4 milljörðum króna. Þegar allt er lagt saman verður tekjuskattur einstaklinga líklega tæpum 700 m.kr. undir áætlun fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, eða 12,8 milljarðar króna, sem er tekjugrunnurinn fyrir árið 1994.

Staðgreiðsla tekjuskatts og endurgreiðslur árið 1993

Greiðslugrunnur	Áætlun 1993 milljarðar	Skatthlutfall %
Staðgreiðsla án frádráttar	**84,7**	**41,3**
Persónuafsláttur	-44,5	-21,7
Sjómannaafsláttur	-1,3	-0,6
Staðgreiðsla að frádregnum afsláttarliðum	**38,9**	**19,0**
Útsvar sveitarfélaga	-14,4	-7,0
Hlutdeild sveitarfélaga í tekjuskatti vegna afnáms aðstöðugjalds	-4,0	-2,0
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-1,3	-0,6
Barnabætur, barnabótaauki	-4,4	-2,1
Vaxtabætur, húsnæðisbætur	-3,2	-1,6
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu, nettó	**11,6**	**5,7**
Innheimta á eftirstöðvum fyrri ára, nettó [1]	0,8	.
Fyrirframgreiðsla hátekjuskatts	0,4	.
Tekjuskattur einstaklinga alls	**12,8**	.

[1] Hér er um að ræða innheimtu á eftirstöðvum fyrri ára að frádregnum endurgreiðslum á ofgreiddum tekjuskatti á árinu 1992.

Samkvæmt þjóðhagsspá fyrir árið 1994 verða atvinnutekjur á mann nær óbreyttar frá þessu ári. Að baki er sú forsenda að laun hækki ekki á næsta ári umfram samningsbundnar hækkanir (starfsaldurshækkanir, tilfærslur milli starfa, launabætur o.fl.). Grunnfjárhæðir tekjuskatts (persónuafsláttur, barnabætur, vaxtabætur o.fl.) taka mið af þessu og verða óbreyttar á fyrri helmingi árs 1994 en hækka á miðju næsta ári í takt við lánskjaravísitölu. Bótaliðir hækka því að meðaltali um tæpt 1% milli ára á sama tíma og tekjur standa í stað. Miðað við þessar forsendur hefði innheimta á tekjuskatti einstaklinga átt að lækka í krónum talið frá þessu ári. Aðrar skýringar liggja því að baki þeirri tekjuaukningu sem fram kemur í meðfylgjandi yfirliti.

Þyngst vega fyrirhugaðar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga á móti niðurfellingu aðstöðugjalds. Á þessu ári var tekjutapi sveitarfélaga alfarið mætt með hækkun á tekjuskatti einstaklinga. Í forsendum frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að fjármögnunin verði tvíþætt í samræmi við tillögur nefndar sem hefur fjallað um þetta mál. Annars vegar er gert ráð fyrir að útsvar sveitarfélaga hækki um 1½% að meðaltali á næsta ári en tekjuskattur ríkisins lækki um sama hlutfall. Hins vegar er skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði felldur niður, sem lækkar tekjur ríkissjóðs, en á móti er svigrúm sveitarfélaga til frekari tekjuöflunar af fasteignasköttum aukið. Þetta skýrir að stórum hluta þá hækkun sem kemur fram í tekjuskatti einstaklinga á árinu 1994. Nánar verður fjallað um þessi mál í sérstökum frumvörpum um breytingar á tekju- og eignarskatti og tekjustofnum sveitarfélaga.

Í lok síðasta árs samþykkti Alþingi breytingar á lögum um vaxtabætur sem koma til framkvæmda 1994. Talið er að þær muni spara ríkissjóði um 400 m.kr. að öðru óbreyttu. Jafnframt var ákveðið að fela sérstakri nefnd að vinna að frekari endurskoðun á vaxtabótakerfinu, meðal annars með tilliti til tengingar þess við tekjur og eignir. Gert er ráð fyrir að tillögur nefndarinnar beinist að því að auðvelda framkvæmdina og gera skatteftirlit skilvirkara, en það er talið geta bætt skattskilin um 100-150 m.kr.

Í tengslum við gerð kjarasamninga síðastliðið vor lýstu stjórnvöld því yfir að hluta af tekjutapi ríkissjóðs vegna áforma um lækkun virðisaukaskatts af matvælum yrði mætt með því að leggja skatt á fjármagnstekjur frá næstu áramótum. Að undanförnu hefur verið

unnið að nánari útfærslu á þessum skatti. Nú er útlit fyrir að þessi skattlagning komi vart til framkvæmda fyrr en á miðju næsta ári og er því óvarlegt að reikna með meiri tekjum en 100-150 m.kr. á árinu 1994.

Þetta þrennt skýrir að mestu viðbótartekjur af tekjuskatti einstaklinga á næsta ári. Á móti vegur hækkun á greiðslum barnabótaauka sem nánar er fjallað um í kaflanum um tryggingagjald.

Eignarskattar. Litlar breytingar á fasteignamati íbúðarhúsnæðis og aukin skuldsetning heimilanna eru meginástæður þess að eignarskattar einstaklinga hækka aðeins um 2% milli ára, en innheimta þeirra er áætluð um 1,7 milljarðar króna á árinu 1994. Þessi þróun birtist einnig í álagningu eignarskatta á þessu ári. Samkvæmt skattframtölum ársins 1993 hækkaði heildarverðmæti fasteigna aðeins um 6% á síðasta ári en á sama tíma jukust skuldir heimilanna um 10%. Innheimta eignarskatta hefur hins vegar batnað nokkuð síðustu árin og hefur það vegið á móti lægri álagningu.

Framkvæmdasjóður aldraða. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða sem breytist í takt við byggingarvísitölu hækkar væntanlega um 3½% milli ára. Í ár var gjaldið 3.793 krónur á hvern gjaldanda, en verður líklega 3.950 krónur á næsta ári. Gert er ráð fyrir að tekjur af gjaldinu að meðtöldum eftirstöðvum verði 415 m.kr. árið 1994 samanborið við 406 m.kr. á þessu ári.

Erfðafjárskattur. Áætlun þessa tekjustofns er sem endranær mjög óviss. Í fjárlögum yfirstandandi árs var innheimta hans talin verða 330 m.kr., en reynslan fyrstu átta mánuði ársins bendir til þess að innheimtan verði vart meiri en 280 m.kr. Með hliðsjón af því er í tekjuáætlun frumvarpsins fyrir komandi ár gert ráð fyrir að innheimta erfðafjárskatts verði um 300 m.kr.

Tekju- og eignarskattar fyrirtækja. Í áætlun frumvarpsins er gert ráð fyrir að innheimta á tekju- og eignarsköttum fyrirtækja lækki um 1 milljarð króna milli ára, eða úr 4,7 milljörðum króna á þessu ári í 3,7 milljarða króna árið 1994. Þessi lækkun kemur jafnt fram í tekjuskatti sem eignarsköttum, en hún skýrist fyrst og fremst af fyrirhuguðum breytingum á skattkerfinu. Tekjur ríkissjóðs af þessum tekjustofnum lækka þannig um nær fimmtung að raungildi á næsta ári.

Tekjuskattur. Innheimta á tekjuskatti fyrirtækja er talin verða 2½ milljarður króna á árinu 1994 samanborið við tæpa 3 milljarða króna í ár. Tvær meginskýringar eru á þessari lækkun. Önnur er sú að í lok síðasta árs var samþykkt lækkun á skatthlutfalli lögaðila, úr 45% í 33%, í tveimur áföngum. Sá fyrri tók gildi á þessu ári þegar hlutfallið lækkaði úr 45% í 39%, en sá síðari kemur til framkvæmda um næstu áramót. Hin skýringin er verri afkoma fyrirtækja á þessu ári en í fyrra sem endurspeglast í minnkandi skatttekjum á næsta ári.

Tekju- og eignarskattar fyrirtækja

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting 1993-1994 %
Tekjuskattur	3.255	2.800	2.980	2.460	-17,4
Eignarskattar	1.626	1.549	1.670	1.195	-28,4
Samtals	**4.881**	**4.349**	**4.650**	**3.655**	**-21,4**
Sem hlutfall af heildartekjum	**4,7**	**4,2**	**4,6**	**3,5**	**-1,1**

Eignarskattar. Fyrirhugaðar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga skýra að mestu leyti þá lækkun sem verður á eignarsköttum fyrirtækja á árinu 1994. Eins og áður er komið fram er áformað að fella niður skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði frá og með næsta ári. Á móti koma tillögur um hækkun fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði, en þau eru tekjustofn sveitarfélaga. Talið er að innheimta skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði nálægt 475 m.kr. á þessu ári. Erfið staða fyrirtækja og vaxandi skuldasöfnun setur einnig mark sitt á tekjur ríkissjóðs af eignarsköttum. Þannig lækkaði álagning eignarskatta um tæp 2% í krónum talið milli 1992 og 1993 og vænst er svipaðrar þróunar á næsta ári.

Innflutnings- og vörugjöld. Nú bendir flest til þess að samningurinn um evrópska efnahagssvæðið taki gildi um næstu áramót. Um leið koma til framkvæmda miklar breytingar á tollum og vörugjöldum sem þegar hafa verið samþykktar á Alþingi. Tollar af iðnaðarvörum frá EES-svæðinu verða felldir niður auk þess sem ytri tollar af iðnaðarvörum lækka. Fyrirsjáanlegu tekjutapi vegna þessara breytinga verður að mestu mætt með álagningu vörugjalda.

Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting 1993-1994 %
Tollar	3.428	1.265	2.485	1.125	-54,7
Jöfnunargjald	506	-	-	-	.
Almenn vörugjöld	2.386	2.985	2.350	3.350	42,6
Vörugjald af bifreiðum	1.484	2.260	1.600	2.050	28,1
Vörugjald af bensíni	-	1.730	1.310	2.025	54,6
Ýmis innflutningsgjöld	391	416	470	484	3,0
Samtals	**8.195**	**8.656**	**8.215**	**9.034**	**10,0**
Sem hlutfall af heildartekjum	**7,9**	**8,3**	**8,1**	**8,7**	**0,6**

Auk þessara kerfisbreytinga er í frumvarpinu gert ráð fyrir hækkun á vörugjaldi gosdrykkja og sælgætis á móti áformaðri lækkun virðisaukaskatts úr 24½% í 14%. Þessi útfærsla er þó ekki endanlega ákveðin. Sérstakri nefnd hefur verið falið að skoða þessi mál og munu tillögur hennar liggja fyrir innan tíðar. Þá er stefnt að því að hækka vörugjald á bensíni á móti niðurfellingu landsútsvars af olíufélögum.

Að öllu samanlögðu er áætlað að þessir tekjustofnar skili rúmlega 9 milljörðum króna á næsta ári. Í ár er samsvarandi fjárhæð 8,2 milljarðar króna, sem er ríflega 400 m.kr. undir áætlun fjárlaga. Frávikið skýrist fyrst og fremst af meiri samdrætti innflutnings en áður var reiknað með.

Ein af forsendum fjárlaga var að samningurinn um evrópska efnahagssvæðið tæki gildi í byrjun árs 1993 og þar með nauðsynlegar breytingar á tollum og vörugjöldum. Frestun á gildistökunni veldur því að samanburður á þessum tekjustofnum milli fjárlaga 1993 og endurskoðaðrar áætlunar fyrir sama ár verður ekki marktækur.

Tollar. Talið er að tolltekjur ríkissjóðs lækki um allt að 1.400 m.kr. á næsta ári og verði innan við helmingur þess sem innheimtist á þessu ári. Þessum breytingum má skipta í tvennt. Rúmlega helmingur skýrist af þeim breytingum sem komu til framkvæmda um mitt þetta ár, þegar tollur var felldur niður af bensíni og bifreiðum og í staðinn lagt sérstakt vörugjald á þessa vöruflokka. Hins vegar er afnám tolla af iðnaðarvörum frá EES-svæðinu og lækkun ytri tolla. Sú breyting ein og sér gæti lækkað tolltekjur ríkissjóðs um 600 m.kr. árið 1994. Sem fyrr segir verður því tekjutapi að mestu mætt með álagningu vörugjalda.

Almenn vörugjöld. Í gildandi lögum er vörugjald lagt á í tveimur gjaldflokkum, þ.e. 9% og 25%, jafnt á innlenda framleiðslu sem innflutta. Við EES-breytinguna verða gjaldhlutföllin sex, á bilinu 6-30%. Þá verður gjaldtakan víðtækari en áður. Nú eru helstu gjaldstofnar vörugjalds sælgæti, gosdrykkir, byggingarvörur, rafmagnstæki, bílavarahlutir og snyrtivörur en við bætast nýir vöruflokkar eins og hjólbarðar, filmur og skotvopn. Þessar breytingar eru taldar auka vörugjaldstekjurnar um 500 m.kr.

Jafnframt er við það miðað að vörugjald á sælgæti og gosdrykkjum hækki samhliða fyrirhugaðri lækkun virðisaukaskatts eins og fyrr var nefnt. Í áætlun frumvarpsins er gengið út frá því að smásöluverð þessara vöruflokka haldist nær óbreytt við þessar breytingar. Þetta kallar á umtalsverða hækkun á vörugjaldi og er gert ráð fyrir að hún skili um 700 m.kr. í viðbótartekjur á árinu 1994. Á móti vegur niðurfelling vörugjalds af ýmsum flokkum byggingarvara (steypu, járni, gleri o.fl.) fyrr á þessu ári en áhrif þeirrar breytingar koma ekki fram að fullu fyrr en á næsta ári.

Samanlagt hækka tekjur ríkissjóðs af almennu vörugjaldi um 1 milljarð króna milli ára, eða úr 2,4 milljörðum króna á þessu ári í 3,4 milljarða króna árið 1994.

Vörugjald af bifreiðum. Um mitt ár 1993 urðu miklar breytingar á bifreiðagjöldum þegar tollar og innflutningsgjald fólksbifreiða var fellt niður en í staðinn tekið upp sérstakt vörugjald. Þessu nýja vörugjaldi má raunar skipta í tvennt, en tekjur af því eru áætlaðar um 2 milljarðar króna á árinu 1994. Annars vegar er lagt vörugjald á fólksbifreiðar í fjórum gjaldflokkum eftir stærð sprengirýmis en áður voru flokkarnir sjö. Gjaldhlutföllin eru nú á bilinu 30-75%. Hins vegar er álagning vörugjalds á önnur ökutæki og vegur þar þyngst 30% gjald á atvinnubifreiðar sem áður báru 30% toll. Samanlagt munu þessar breytingar hafa í för með sér lítils háttar tekjutap fyrir ríkissjóð, nálægt 150 m.kr.

Í fjárlögum 1993 var gert ráð fyrir að fluttir yrðu inn um 7.500 bílar á þessu ári samanborið við rúmlega 8.200 bíla árið 1992. Tölur um innflutning fyrstu átta mánuði ársins benda til þess að bílainnflutningur verði heldur minni, eða kringum 6.300 bílar. Verulega hefur dregið úr innflutningi atvinnubíla, einkum sendibíla, en samkvæmt

innflutningstölum eru þeir nær helmingi færri það sem af er ári en á sama tíma í fyrra. Á næsta ári er spáð frekari samdrætti og að fluttir verði inn kringum 5.800 bílar.

Almennt vörugjald af bensíni. Frá miðju ári 1993 er lagt 90% vörugjald á verðmæti bensíninnflutnings en áður var lagður 50% tollur á bensín, auk fastrar krónutölu á hvern lítra. Að óbreyttu hefði þessi gjaldstofn átt að skila ríkissjóði nálægt 1.900 m.kr. á næsta ári. Við það bætist hins vegar fyrirhuguð hækkun vörugjalds á bensíni sem skila á 125 m.kr. í viðbótartekjur á árinu 1994. Til þess að ná því markmiði þarf gjaldhlutfallið að hækka um 6-7%. Verðlagsáhrif ættu að vera hverfandi þar sem á móti kemur niðurfelling landsútsvars af olíufélögum.

Ýmis innflutningsgjöld. Undir þennan flokk falla ýmis smærri innflutningsgjöld (kartöflugjald, fóðurgjald, jöfnunartollur o.fl.). Gert er ráð að tekjur af þessum gjöldum verði um 470 m.kr. á þessu ári og svipuð fjárhæð á árinu 1994.

Virðisaukaskattur. Miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar um einkaneyslu á næsta ári ættu tekjur af virðisaukaskatti að haldast óbreyttar frá þessu ári, nálægt 40 milljörðum króna. Þannig er talið að einkaneysla dragist saman um 2½% milli ára á sama tíma og almennt verðlag hækkar um tæp 3%. Í áætlun frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að tekjur af virðisaukaskatti lækki um 2 milljarða króna, eða um 8% að raungildi. Þetta skýrist af áformum um lækkun virðisaukaskatts af matvælum sem skerðir tekjur ríkissjóðs um nær 2½ milljarð króna á næsta ári. Raunar lækka tekjur af virðisaukaskatti um 3,2 milljarða, en á móti er gert ráð fyrir hækkun vörugjalds á sælgæti og gosdrykki eins og áður var komið fram. Jafnframt vega á móti þær breytingar sem samþykktar voru á Alþingi síðastliðinn vetur, en þær skila sér að fullu á árinu 1994 (14% virðisaukaskattur á hitaveitur, afnotagjöld, bækur, blöð, tímarit og ferðaþjónustu). Gert er ráð fyrir að þær skili tæplega 1½ milljarði króna árið 1994. Miðað við þessar forsendur er því spáð að innheimta virðisaukaskatts verði tæpir 38 milljarðar króna á næsta ári. Þessi áætlun er eðli málsins samkvæmt nokkurri óvissu háð, enda kerfisbreytingarnar umfangsmiklar og erfitt að meta áhrif þeirra af nákvæmni. Lítil frávik í forsendum geta þannig haft veruleg áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs.

Tekjur af virðisaukaskatti

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting 1993-1994 %
Virðisaukaskattur	39.944	40.950	40.000	37.950	-5,1
Sem hlutfall af heildartekjum	**38,6**	**39,1**	**39,4**	**36,7**	**-2,7**

Í fjárlögum 1993 var reiknað með að tekjur af virðisaukaskatti yrðu tæplega 41 milljarður króna. Við endurskoðun hefur sú fjárhæð lækkað um 1 milljarð. Þar kemur tvennt til. Annars vegar var fallið frá áformum um lækkun endurgreiðslna á virðisaukaskatti af vinnu við íbúðarhúsnæði sem átti að skila ríkissjóði 400 m.kr. í ár. Hins vegar hefur innheimta skattsins verið nokkru minni fyrstu átta mánuði ársins en búist var við,

einkum af innflutningi. Þá hafa endurgreiðslur innskatts til fiskvinnslu og opinberra aðila orðið talsvert meiri en áætlað var í fjárlögum. Þar er ekki um eiginlegt tekjutap að ræða heldur tilfærslu milli tímabila. Á móti vegur að skattur af innlendri framleiðslu hefur verið umfram áætlanir. Þegar allt er lagt saman er ekki talið líklegt að innheimta virðisaukaskatts verði mikið umfram 40 milljarða króna á þessu ári.

Álagning virðisaukaskatts og endurgreiðslur árið 1992

	Álagning 1992 milljarðar	Skipting %
Heildarálagning á skattskylda veltu (útskattur)	127,5	100,0
Frá dregst álagning á aðföng (innskattur)	82,0	-64,3
Álagning virðisaukaskatts, nettó (útskattur - innskattur)	**45,5**	**35,7**
Þar af álagt við innflutning	22,1	17,3
Þar af álagning á innlenda verðmætasköpun	23,4	18,4
Endurgreiðslur	**-2,5**	**-2,0**
Mjólk, kjöt, fiskur o.fl (14% VSK)	-0,6	-0,5
Opinberir aðilar	-0,8	-0,6
Vinna iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði	-1,1	-0,9
Hlutur ríkissjóðs í álögðum virðisaukaskatti	**43,0**	**33,7**

Til fróðleiks eru hér birtar helstu stærðir virðisaukaskattkerfisins á árinu 1992 ásamt skiptingu nettóálagningar eftir atvinnugreinum. Samanburður við fyrri ár sýnir að virðisaukaskattur af innflutningi minnkaði nokkuð á síðasta ári, en hann hefur fram til þessa verið meira en helmingur innheimtunnar. Þetta skýrir meðal annars lægri hlutdeild innskatts í heildarálagningu, en hún hefur lækkað um 1½% á síðustu tveimur árum. Það jafngildir tæplega 2 milljörðum króna.

Skipting álagningar 1992 eftir atvinnugreinum

	Álagning 1992 milljarðar	Skipting %
Landbúnaður	1,1	2,2
Sjávarútvegur	-4,1	-9,0
Iðnaður	4,4	9,7
Byggingarstarfsemi	4,0	8,8
Verslun [1]	32,7	71,9
Veitingarekstur og ýmis þjónusta við neytendur	2,4	5,3
Sérfræðiþjónusta (þjónusta við atvinnurekstur)	2,9	6,4
Aðrar greinar	2,1	4,7
Álagning virðisaukaskatts, nettó	**45,5**	**100,0**

[1] Álagning virðisaukaskatts á innflutning er hér talin með skilum verslunar. Í því felst raunar ákveðið ofmat á hlutdeild þeirrar greinar á kostnað annarra.

Hagnaður ÁTVR. Verulega hefur dregið úr sölu áfengis og tóbaks að undanförnu sem endurspeglast í minni skilum ÁTVR í ríkissjóð. Það sem af er ári hefur sala áfengis, mæld í alkóhóllítrum, dregist saman um tæp 7% og sala tóbaks um 5%. Þetta er heldur meira en reiknað var með og gæti hagnaður ÁTVR því orðið 200 m.kr. undir áætlun fjárlaga í ár. Það er 9% lækkun að raungildi milli ára.

Gert er ráð fyrir óverulegum breytingum á verði áfengis og tóbaks á næsta ári, en að neyslan dragist saman um 2-3%. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum skilum frá ÁTVR, um 320 m.kr., vegna niðurfellingar landsútsvars. Í áætlun frumvarpsins er því miðað við að skil ÁTVR í ríkissjóð verði þegar á heildina er litið kringum 6,4 milljarðar króna á árinu 1994.

Skattskil ÁTVR

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting 1993-1994 %
Hagnaður af sölu áfengis og tóbaks . .	6.435	6.350	6.150	6.370	3,6
Sem hlutfall af heildartekjum	**6,2**	**6,1**	**6,1**	**6,2**	**0,1**

Tryggingagjald. Áformað er að hækka tryggingagjald atvinnurekenda um 0,35% um næstu áramót. Auk þess er gert ráð fyrir að launþegar greiði sérstakt atvinnutryggingagjald, eða 0,5% af launum. Samanlagt gæti þessi ráðstöfun skilað ríkissjóði um 1,4 milljörðum króna á næsta ári. Til að draga úr áhrifum þessarar skattlagningar á afkomu tekjulágra fjölskyldna er fyrirhugað að verja 150 m.kr. til hækkunar á barnabótaaukanum.

Tekjur af tryggingagjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting 1993-1994 %
Tryggingagjald	8.951	9.000	8.715	10.350	18,8
Slysatryggingagjald vegna ökutækja o.fl.	176	200	335	-	.
Eftirstöðvar eldri gjalda	441	250	250	100	-60,0
Ábyrgðargjald [1]	.	.	.	400	.
Samtals	**9.568**	**9.450**	**9.300**	**10.850**	**16,7**
Sem hlutfall af heildartekjum	**9,2**	**9,0**	**9,2**	**10,5**	**1,3**

[1] Hér er einungis um formbreytingu að ræða, en þessar tekjur voru áður færðar sem sértekjur til frádráttar gjöldum.

Af öðrum breytingum má nefna að frá og með næstu áramótum verður slysatryggingagjald vegna ökutækja fellt niður, en innheimta þess verður líklega nálægt 350 m.kr. á þessu ári. Þá verður tryggingagjald í ferðaþjónustu lækkað úr 6% í 2½% í tengslum við upptöku 14% virðisaukaskatts á þessa starfsemi. Sú breyting er talin lækka tekjur af tryggingagjaldi um 250 m.kr. á árinu 1994. Ennfremur má nefna tímabundna niðurfellingu tryggingagjalds af útflutningsgreinum sem fellur úr gildi um næstu áramót, en það er meginskýring lægri tekna af tryggingagjaldi á þessu ári en í fjárlögum. Að lokum verður ákveðin formbreyting í bókfærslu tryggingagjalda frá og með næsta ári. Þannig verða tekjur af ábyrgðargjaldi sem markaðar eru Ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota, bókfærðar á tekjuhlið en ekki sem sértekjur til frádráttar gjöldum. Þessi breyting hefur því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á þessum forsendum er áætlað að tekjur af tryggingagjaldi, eftirstöðvum eldri gjalda og ábyrgðargjaldi verði 10,9 milljarðar króna árið 1994.

Bifreiðagjöld. Gert er ráð fyrir að bifreiðagjöld hækki lítillega milli ára, eða um ríflega 1%, og nemi tæpum 7,5 milljörðum króna á árinu 1994. Á þessu ári er talið að tekjur af bifreiðagjöldum verði nálægt 7,4 milljörðum króna sem er svipað og reiknað var með í áætlun fjárlaga.

Tekjur af bifreiðagjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting 1993-1994 %
Sérstakt vörugjald á bensín	3.993	4.150	4.130	4.145	0,4
Þungaskattur, km-gjald	1.224	1.390	1.365	1.400	2,6
Þungaskattur, árgjald	514	520	550	560	1,8
Markaðar tekjur til vegagerðar	**5.731**	**6.060**	**6.045**	**6.105**	**1,0**
Bifreiðagjald	1.296	1.315	1.350	1.380	2,2
Samtals	**7.027**	**7.375**	**7.395**	**7.485**	**1,2**
Sem hlutfall af heildartekjum	**6,8**	**7,0**	**7,3**	**7,2**	**-0,1**

Markaðar tekjur til vegagerðar. Sérstakt vörugjald á bensín (áður bensíngjald) og þungaskattur eru tekjustofnar sem markaðir eru vegagerð samkvæmt lögum. Í áætlun frumvarpsins er miðað við að þeir skili 6,1 milljarði króna á næsta ári samanborið við liðlega 6 milljarða í ár. Miðað er við óbreytta gjaldskrá frá því sem nú er. Áætlaðar magnbreytingar eru 1-1½%, meðal annars í sölu á bensíni. Á móti vegur frekari tilflutningur frá blýjuðu bensíni yfir í blýlaust, en það síðarnefnda ber lægra bensíngjald. Þetta skýrir meðal annars lægri tekjur af bensíngjaldi á þessu ári en áætlað var í fjárlögum auk þess sem bensínsala virðist ætla að verða heldur minni.

Bifreiðagjald. Samkvæmt frumvarpinu eru tekjur af bifreiðagjaldi áætlaðar 1.380 m.kr., en á næsta ári er gert ráð fyrir tæplega 2% hækkun þess. Á þessu ári verður innheimtan líklega 1.350 m.kr., eða nokkru meiri en reiknað var með í fjárlögum.

Aðrir skattar. Undir þennan flokk falla skattar af gjaldeyris- og fjármagnsviðskiptum, dómsmála- og leyfisgjöld, auk ýmissa smærri gjalda. Gert er ráð fyrir 3,7 milljarða króna tekjum af þessum skattstofnum á næsta ári samanborið við 3,8 milljarða króna í ár og er þá miðað við að gjaldskrár verði óbreyttar. Lækkunin milli ára skýrist að mestu leyti af þriðjungs lækkun sérstaks skatts af sölu gjaldeyris sem fellur niður í áföngum á þremur árum. Ennfremur er reiknað með minni tekjum af lántökugjöldum vegna minnkandi umsvifa í þjóðarbúskapnum. Þau áhrif sjást einnig í innheimtu lántökugjalda á yfirstandandi ári, en allt útlit er fyrir að þau verði 250 m.kr. undir áætlun.

Aðrir skattar

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting 1993-1994 %
Skattar af erlendum gjaldeyri	467	200	283	180	-36,4
Þinglýsingar, stimpilgjöld	2.370	2.340	2.092	2.027	-3,1
Aukatekjur	790	765	825	835	1,2
Ríkisábyrgðagjald	280	275	300	300	0,0
Aðrir skattar	346	337	332	325	-2,1
Samtals	**4.253**	**3.917**	**3.832**	**3.667**	**-4,3**
Sem hlutfall af heildartekjum	**4,1**	**3,7**	**3,8**	**3,5**	**-0,3**

Aðrar tekjur. Þessi tekjuliður er alla jafna óviss, en miðað er við að hann skili ríkissjóði 7½ milljarði króna á næsta ári. Þar af eru vaxtatekjur 4,1 milljarður króna, en þær dragast nokkuð saman milli ára vegna lækkandi nafnvaxta. Jafnframt voru vaxtagreiðslur af endurlánum ríkissjóðs óvenju miklar í ár sem rekja má til uppgjörs eldri lána. Það skýrir að mestu leyti það frávik sem verður á þessu ári frá áætlun fjárlaga.

Aðrar tekjur

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting 1993-1994 %
Vaxtatekjur	4.203	4.000	4.440	4.100	-7,7
Arðgreiðslur	2.347	2.030	2.052	2.600	26,7
Sala eigna	238	1.500	100	500	.
Aðrar tekjur	889	350	325	350	7,7
Samtals	**7.677**	**7.880**	**6.917**	**7.550**	**9,2**
Sem hlutfall af heildartekjum	**7,4**	**7,5**	**6,8**	**7,3**	**0,5**

Reiknað er með að arðgreiðslur verði 2,6 milljarðar króna á næsta ári, eða um ½ milljarði meiri en á yfirstandandi ári. Sú aukning skýrist nær alfarið af arðgreiðslum Seðlabanka Íslands sem taldar eru aukast um rúmlega 400 m.kr. Þá er stefnt að því að sala eigna skili ríkissjóði ½ milljarði króna á árinu 1994.

5 Gjöld

Í þessum kafla er fjallað um áætluð útgjöld A-hluta ríkissjóðs. Fyrst verður fjallað um heildarútgjöld og hagræna skiptingu þeirra og því næst um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Rétt er að geta þess að í frumvarpinu eru allar fjárhæðir miðaðar við áætlað meðalverðlag 1994. Í byrjun kafla 5.2 hér á eftir er gerð grein fyrir verðlagsuppfærslu gjaldategunda milli ára.

5.1 Heildaryfirlit útgjalda

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1994 eru áætluð 113,3 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð eru 900 m.kr. sem af bókhaldslegum ástæðum hækka jafnt gjaldahlið sem tekjuhlið frumvarpsins. Annars vegar er um að ræða 400 m.kr. framlag til Ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota, en ríkisreikningsnefnd hefur úrskurðað að sjóðurinn skuli sýndur í fjárlögum. Sjóðurinn er fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi sem er 0,2% af gjaldstofni tryggingagjalds. Tekjurnar verða framvegis bókfærðar á tekjuhlið ríkissjóðs og sem framlag til sjóðsins á gjaldahlið. Hins vegar er um að ræða 500 m.kr. framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem kemur í stað hlutar sjóðsins í landsútsvari. Að þessum útgjöldum frátöldum lækka útgjöldin um 3½ milljarð króna að raungildi frá endurskoðaðri áætlun ársins 1993, eða um ríflega 3% milli ára.

Ferli frumvarpsgerðarinnar. Fjármálaráðherra lagði fram í ríkisstjórn síðari hluta mars tillögu að viðmiðunarrömmum gjalda fyrir árið 1994. Rammarnir voru aðgreindir eftir tegundum gjalda á hvert ráðuneyti. Þannig var einn rammi fyrir rekstrargjöld stofnana ríkisins, annar fyrir rekstrartilfærslur og sá þriðji fyrir framlög til viðhalds og stofnkostnaðar. Að baki framsetningar viðmiðunarramma fólst það að rekstrargjöld ráðuneyta yrðu lækkuð um 1½ milljarð króna frá fjárlögum 1993, eða sem svarar til 3% að meðaltali. Jafnframt var gert ráð fyrir því að rekstrartilfærslur, aðrar en bætur atvinnuleysistrygginga, yrðu óbreyttar frá fjárlögum 1993. Framlög til viðhalds og stofnkostnaðar tóku mið af hugsanlegu framlagi ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga og staðfest var með sérstakri yfirlýsingu ríkisstjórnar í lok maí.

Í byrjun apríl féllst ríkisstjórnin á meginmarkmið við fjárlagagerðina og ákvað að vinna að því að frumvarp til fjárlaga mætti leggja fram með halla undir 10 milljörðum króna. Markmiðin voru síðan áréttuð í ríkisstjórn í lok júní þegar fyrstu drög ráðuneyta að fjárlagatillögum lágu fyrir.

Um miðjan ágúst skiluðu ráðuneytin til fjármálaráðuneytis nánari útfærslu á framlögum til einstakra stofnana og gjaldaþátta innan hvers útgjaldaramma. Í framhaldi af því kynnti fjármálaráðherra tillögur ráðuneyta í ríkisstjórn og hinn 7. september afgreiddi ríkisstjórnin útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins eftir að hafa fengið umboð til þess í þingflokkum stjórnarflokkanna. Af þessu er ljóst að verulegur árangur hefur náðst á síðustu árum við að auka fjárhagslega ábyrgð ráðuneyta við undirbúning fjárlaga. Í öllum meginatriðum var afgreiðsla ríkisstjórnarinnar í samræmi við upphaflegar tillögur fjármálaráðherra um viðmiðunarramma.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá áætlun %
1. Rekstrarkostnaður	**42.382**	**43.284**	**44.200**	**42.984**	**-2,8**
Laun	33.410	34.402	34.800	34.113	-2,0
Önnur gjöld	15.372	15.822	16.000	15.447	-3,5
Sértekjur	6.400	6.940	6.600	6.576	-0,4
2. Tryggingagreiðslur o.fl.	**46.243**	**41.251**	**43.295**	**43.876**[1]	**1,3**
Lífeyristryggingar	15.110	15.280	15.630	15.675	0,3
Sjúkratryggingar	10.170	9.530	9.530	9.540	0,1
Slysatryggingar	487	605	555	534	-3,8
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.761	1.464	2.700	2.950	9,3
Uppbætur á lífeyri	1.188	875	918	890	-3,1
Lífeyrissjóður bænda	430	336	336	296	-11,9
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.015	5.273	5.600	5.064	-9,6
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	340	250	250	300	20,0
Sauðfjárveikivarnir	147	133	133	87	-34,6
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	500	244	350	0	-100,0
Niðurgreiðsla á rafmagni	340	347	347	347	0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.996	1.760	1.700	1.620	-4,7
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	1.497	1.246	1.246	1.846	48,2
Annað	4.266	3.908	4.000	4.727	18,2
3. Vaxtagreiðslur	**8.346**	**10.500**	**10.000**	**11.700**	**17,0**
4. Viðhald	**2.541**	**3.194**	**3.361**	**3.267**	**-2,8**
Vegagerð ríkisins	1.935	2.396	2.396	2.604	8,7
Annað	606	798	965	663	-31,3
5. Fjárfesting, alls	**11.095**	**12.786**	**13.084**	**11.465**	**-12,4**
Stofnkostnaður	6.120	7.857	8.181	6.807	-16,8
Vegagerð ríkisins	2.866	4.047	4.047	2.966	-26,7
Flugvellir	396	335	335	335	0
Endurbætur menningarbygginga	226	522	650	480	-26,2
Sjúkrahús í Reykjavík	464	399	399	404	1,3
Framkvæmdasjóður fatlaðra	288	350	350	320	-8,6
Annað	1.880	2.204	2.400	2.302	-4,1
Fjárfestingarframlög	4.975	4.929	4.903	4.658	-5,0
Vegagerð ríkisins	468	554	554	818	47,7
Hafnamál	956	939	1.000	939	-6,1
Byggðastofnun	180	170	170	170	0
Byggingarsjóður verkamanna	1.075	925	925	901	-2,6
Sjúkrahús og læknisbústaðir	319	289	289	289	0
Framkvæmdasjóður aldraðra	277	265	265	259	-2,3
Annað	1.700	1.787	1.700	1.282	-24,6
Samtals	**110.607**	**111.015**	**113.940**	**113.292**	**-0,6**

[1] Að frátöldum 900 m.kr. sem af bókhaldslegum ástæðum hækka jafnt gjaldahlið og tekjuhlið lækka tryggingagreiðslur o.fl. um 0,7% frá áætlun 1993.

Á þessu töfluyfirliti eru útgjöld sýnd bæði samkvæmt samþykktum fjárlögum ársins 1993 og endurmati á útgjaldahorfum á árinu. Yfirlitið sýnir því bæði breytingar á veigamestu útgjaldaliðum á árinu 1993 og áformaðar fjárveitingar 1994.

Einkenni útgjaldahliðar. Fernt einkennir einkum útgjaldahlið frumvarpsins.

Í fyrsta lagi er lögð áhersla á að lækka rekstrarútgjöld allra ráðuneyta. Frá árinu 1991 hefur rekstrarkostnaður ríkisins lækkað um 3 milljarða króna að raungildi. Svokölluð sjálfvirk útgjaldaaukning í rekstri heyrir að mestu sögunni til. Stöðugt verðlag undanfarin 2-3 ár hefur átt ríkan þátt í að þetta hefur tekist.

Í öðru lagi munu greiðslur úr ríkissjóði til fyrirtækja, samtaka og einstaklinga halda áfram að lækka á árinu 1994. Hafa þær þá lækkað um 6 milljarða króna að raungildi frá árinu 1991. Stærstur hluti lækkunarinnar eru framlög til landbúnaðar og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Að því er stefnt að framlög til bóta almannatrygginga hækki ekki milli ára, en útgjöld til þessa málaflokks hafa vaxið ört á undanförnum árum.

Í þriðja lagi eru framlög til viðhalds og stofnkostnaðar hærri en ella vegna ákvæða í yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við gerð kjarasamninga síðastliðið vor. Þar mun ríkisstjórnin beita sér fyrir 5 milljarða króna framlagi til viðhalds og fjárfestingar á árunum 1993 og 1994 umfram það sem var að meðaltali þrjú árin þar á undan. Með þessu stuðlar ríkisstjórnin að eflingu atvinnulífsins og hamlar gegn auknu atvinnuleysi.

Loks hækka vaxtagreiðslur ríkissjóðs um tæpa 2 milljarða króna frá endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár. Þrálátur rekstrarhalli ríkissjóðs leiðir til stöðugt aukins vaxtakostnaðar sem að sama skapi dregur úr svigrúmi ríkisins til að standa undir öðrum þáttum ríkisrekstrarins.

Rekstrarkostnaður A-hluta ríkissjóðs, þ.e. laun og önnur rekstrargjöld að frádregnum sértekjum, er áætlaður 43 milljarðar króna og lækkar um 5% að raungildi milli ára. Framlög til flestra stofnana lækka að raungildi. Áhersla er þó lögð á að styrkja þjónustu ríkisins með sameiningu rekstrarþátta og skarpari verkaskiptingu milli stofnana. Lögð er til sameining sýslumannsembætta og innheimtustofnana, unnið verður að áframhaldandi hagræðingu hjá skólum og heilbrigðisstofnunum, og fjárfestingarsjóðum er ætluð aukin þátttaka í rekstri.

Heildarlaunagjöld eru áætluð 34,1 milljarður króna á næsta ári og lækka um 3% að raungildi. Lækkunin nær til flestra stofnana ríkisins en er mismikil. Í töflu hér á eftir er sýndur reiknaður fjöldi ársverka samkvæmt launagreiðslum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis. Það skal tekið fram að laun starfsmanna nokkurra stofnana eru ekki greidd af starfsmannaskrifstofunni heldur beint af viðkomandi stofnun. Þarna er um að ræða flest sjúkrahús, þó ekki ríkisspítala, og heilsugæslustöðvar sem eru starfstengdar sjúkrahúsum.

Fyrstu tveir dálkarnir sýna fjölda ársverka eftir ráðuneytum og eru þau reiknuð eftir samræmdum reiknistuðlum sem fjármálaráðuneyti, ríkisbókhald og ríkisendurskoðun hafa komið sér saman um. Í gögnum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis er ársverkum deilt í dagvinnu, yfirvinnu og ræstingu eftir skiptingu á tegundir í ríkisbókhaldi. Í þriðja dálki eru breytingar milli áranna 1991 og 1992 og í fjórða dálki eru breytingar milli fyrstu sex mánaða áranna 1992 og 1993. Tölur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 1993 verður að taka með varúð þar sem niðurstaðan getur orðið önnur á heilu ári. Breytingar á vinnumagni milli ára 1993 og 1994 eru áætlaðar með því að styðjast við heildarlaunatölur fjárlaga 1993 og fjárlagafrumvarps 1994. Launum er þá skipt hlutfallslega á launategundir samkvæmt raunverulegri dreifingu launa hjá hverju ráðuneyti árið 1992. Meðalkostnaður á hvert ársverk ársins 1992 er síðan framreiknaður miðað við þekktar launabreytingar til að áætla magnbreytingar milli fjárlaga 1993 og frumvarps til fjárlaga 1994. Þá hafa tölurnar verið samræmdar í þeim tilvikum að stofnanir hafa flust milli ráðuneyta.

Fjöldi ársverka

Ráðuneyti	Ársverk 1991	Ársverk 1992	Breyting '91-'92 %	Breyting[1] '92-'93 %	Áætluð[2] breyting '93-'94 %
Æðsta stjórn ríkisins	298	291	-2,3	1,2	1,0
Forsætisráðuneyti	65	62	-5,2	-10,6	-1,1
Menntamálaráðuneyti	7.623	7.689	0,9	-4,2	-1,4
Utanríkisráðuneyti	225	199	-11,9	-0,6	0,0
Landbúnaðarráðuneyti	509	503	-1,2	0,9	-1,4
Sjávarútvegsráðuneyti	429	460	7,1	9,1	-1,9
Dómsmálaráðuneyti	2.241	2.210	-1,4	-0,5	-0,8
Félagsmálaráðuneyti	908	965	6,4	13,1	0,4
Heilbrigðisráðuneyti	4.285	4.205	-1,9	-0,7	-2,0
Fjármálaráðuneyti	805	767	-4,7	-4,6	-1,4
Samgönguráðuneyti	1.112	1.112	-	-1,6	7,1
Iðnaðarráðuneyti	358	358	-	-2,3	-3,0
Viðskiptaráðuneyti	76	69	-9,1	5,2	0,0
Hagstofa Íslands	62	65	4,7	3,8	-1,7
Umhverfisráðuneyti	253	265	4,6	3,2	12,1
Samtals	**19.249**	**19.220**	**-0,2**	**-1,3**	**-1,1**

[1] Dálkurinn sýnir einungis breytingu ársverka fyrstu sex mánuði áranna 1992 og 1993.
[2] Borin eru saman áætluð ársverk í fjárlögum 1993 og frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994.

Áætlun um breytingar á ársverkum milli áranna 1993 og 1994 verður að taka sem nálgun, en tölurnar gefa engu að síður nokkuð góða mynd af breytingum samkvæmt frumvarpinu frá því sem áformað var samkvæmt fjárlögum 1993. Af töflunni má ráða að ársverkum ríkisstarfsmanna fækkar um 1,1% frá fjárlögum 1993. Ársverkum fjölgar umtalsvert í umhverfisráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti en standa í stað eða fækkar í öðrum ráðuneytum.

Önnur rekstrargjöld ráðuneyta og stofnana nema 15,4 milljörðum króna og dragast saman um 6% að raungildi milli ára. Breytingarnar koma fram á ýmsum liðum og eru þær ekki raktar hér.

Sértekjur stofnana ríkisins eru áætlaðar 6,6 milljarðar króna sem er óbreytt milli ára í krónum talið. Vakin er athygli á að gert er ráð fyrir að áformaður þróunarsjóður sjávarútvegsins fái til ráðstöfunar aflaheimildir Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins sem í fjárlögum 1992 var ákveðið að rynnu til Hafrannsóknastofnunar.

Í fjárlögum fyrir árið 1993 voru launa- og rekstrargjöld ríkisstofnana lækkuð sérstaklega um ½%. Sú fjárhæð, samtals um 250 m.kr., var sett á sérstakan lið *950 Rekstrarhagræðing* undir sérhverju ráðuneyti. Fjárveitingin var eingöngu ætluð til að auðvelda ráðuneytum að ná fram hagræðingu í rekstri sem skilaði sér í minni útgjöldum ríkisins á árinu 1993 eða síðar. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 fellur þessi fjárlagaliður niður í flestum ráðuneytum og hefur fjárhæðinni verið dreift á ýmsa fjárlagaliði. Í nokkrum ráðuneytum er öll fjárhæðin eða hluti hennar þó enn á áðurnefndum fjárlagalið *950 Rekstrarhagræðing*.

Á myndinni hér á eftir er sýnd hlutfallsleg skipting rekstrarútgjalda eftir málefnaflokkum. Þar kemur meðal annars fram að nálægt tveir þriðju hlutar þeirra fara til skóla og sjúkrastofnana og hefur hlutur þeirra lækkað frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Rekstrarkostnaður ríkissjóðs 1994
Hlutfallsleg skipting



Tryggingabætur og framlög, eða svonefndar rekstrartilfærslur, nema 43,9 milljörðum króna, þar af eru 900 m.kr. bókhaldslegar tilfærslur sem snerta Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og nefnt er í upphafi kaflans. Að þeim undanskildum lækka rekstrartilfærslur um 0,7% í krónum talið milli ára.

Greiðslur vegna bóta almannatrygginga eru áætlaðar 28,7 milljarðar króna á næsta ári samanborið við 26,4 milljarða króna á yfirstandandi ári. Án þeirra aðgerða til lækkunar útgjalda sem gripið verður til hefðu bótagreiðslurnar numið 30,2 milljörðum króna.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu nema 5,8 milljörðum króna samanborið við 6,7 milljarða króna á yfirstandandi ári. Fyrirhuguð lækkun virðisaukaskatts á búvörum, lægra greiðslumark í sauðfjárframleiðslu og almenn hagræðing samkvæmt búvörusamningi skýra þessa lækkun milli ára.

Þá lækkar framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna frá yfirstandandi ári og nemur 1.620 m.kr. enda hefur námsmönnum sem leita til sjóðsins farið fækkandi frá árinu 1991.

Fáeinir liðir hækka lítils háttar. Skerðing í fjárlögum 1993 á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, liðlega 100 m.kr., er ekki endurtekin í þessu frumvarpi en framlag sveitarfélaga til átaksverkefnis í atvinnumálum í samvinnu við Atvinnuleysistryggingasjóð hækkar um álíka fjárhæð. Framlög til alþjóðastofnana og til neyðarhjálpar á vegum Sameinuðu þjóðanna hækka um rúmlega 100 m.kr. Í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna er litið svo á að Ísland sé skuldbundið til að taka þátt í kostnaði við neyðarhjálp samtakanna.

Á undanförnum árum hafa rekstrartilfærslur verið um 40% heildarútgjalda. Nálægt tveir þriðju hlutar þeirra renna til almannatrygginga og til landbúnaðarins fara 13%. Árið 1991 var hlutur almannatrygginga af rekstrartilfærslum 58% og landbúnaðar 20%. Á meðfylgjandi mynd er sýnd skipting rekstrartilfærslna á helstu þætti.

Rekstrartilfærslur ríkissjóðs 1994
Hlutfallsleg skipting



Vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs hækka um 1.700 m.kr. milli ára eða um 17%. Hækkunin stafar annars vegar af því að innlausn spariskírteina er talin hækka um tæpan einn milljarð króna og er áætluð 2,3 milljarðar króna á næsta ári. Hins vegar hækka vaxtagreiðslur á næsta ári um álíka fjárhæð vegna fjármögnunar á fjárlagahalla yfirstandandi árs. Vaxtaútgjöldin, sem nema 10,3% af ríkisútgjöldum, eru mjög sveiflukennd og háð gengi, vaxtastigi á innlendum og erlendum lánamörkuðum og innlausn spariskírteina. Þá ráðast vaxtaútgjöld einnig að nokkru af því hvort ríkissjóður mætir nauðsynlegri fjárþörf með skammtímalánum, svo sem ríkisvíxlum, eða verðbréfum til lengri tíma.

Viðhaldi bygginga ríkisins hefur verið ábótavant á umliðnum árum. Ríkisstjórnin beitti sér fyrir sérstöku viðbótarframlagi til viðhaldsframkvæmda í ár sem framlag til lausnar kjarasamningum. Til viðhalds í fjárlagafrumvarpi 1994 er varið 3,3 milljörðum króna sem er 2% lækkun í krónum talið frá áætlun yfirstandandi árs. Aukin áhersla er lögð á viðhald vega, en til þess fara 2,6 milljarðar en afgangurinn er ætlaður til viðgerða og endurbóta á eignum ríkisins. Líklegt er að hluti þess viðbótarfjár sem getið er hér færist yfir á næsta ár þar sem ekki hefur reynst unnt vegna ónógs undirbúnings að ráðast í öll þau verk sem áformuð voru. Við þetta má bæta að nauðsynlegu viðhaldi á húseignum ríkisins verður í vaxandi mæli mætt með innheimtu leigugjalda. Í endurskoðuðum reglum um leigugreiðslur fyrir embættisbústaði, sem tóku gildi í byrjun þessa árs, er gert ráð fyrir að greiðslurnar renni til viðhalds eigna.

Fjárfesting er áætluð 11,5 milljarðar króna á árinu 1994. Framlögin eru óbreytt frá fjárlögum 1993 ef frá eru talin framlög vegna uppgjörs á eldri skuldbindingum sem lokið

var á yfirstandandi ári og framlag til sérstakra vegaframkvæmda verður 900 m.kr. í stað 1.550 m.kr. í fjárlögum 1993.

Til stofnkostnaðar verður varið 6,8 milljörðum króna. Þar af eru 3 milljarðar króna til vegagerðar. Meðal byggingarverkefna má nefna framkvæmdir við Þjóðarbókhlöðu, Hæstaréttarhús og framkvæmdir við framhaldsskóla eins og í Borgarholti, á Selfossi, í Kópavogi, í Keflavík og á Akureyri.

Fjármagnstilfærslur eru áætlaðar 4,7 milljarðar króna samanborið við 4,9 milljarða króna í áætlun fyrir yfirstandandi ár.

Eins og að framan greinir eru framlög ríkisins til verklegra framkvæmda í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í vor um áframhaldandi átak til eflingar atvinnu.

Skipting stofnkostnaðar og fjármagnstilfærslna er sýnd í töfluviðauka aftast í frumvarpinu.

Breytt framsetning ríkisreiknings og fjárlaga. Eins og kynnt var í frumvarpi til fjárlaga 1993 er unnið að heildarendurskoðun á uppgjöri og framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga svo og að gerð tillagna um nauðsynlegar breytingar á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Verkefnið er unnið á vegum ríkisreikningsnefndar en hún starfar á grundvelli fyrrnefndra laga og er fjármálaráðherra til ráðgjafar um málefnið. Vinnunni hefur miðað vel að undanförnu og mun nefndin skila tillögum til fjármálaráðherra fyrir lok þessa árs.

Tillögur nefndarinnar kunna að hafa veruleg áhrif á rekstrar- og efnahagsreikning fjárlaga og ríkisreiknings. Þannig munu heildartekjur og heildargjöld verða hærri samkvæmt tillögunum en fram kemur í fjárlagafrumvarpi 1994. Þyngst vegur gjaldfærsla ýmissa bótagreiðslna í tekjuskatti einstaklinga og tilfærsla á sértekjum frá gjaldahlið.

Hér eru á ferðinni viðamiklar breytingar á framsetningu ríkisfjármála sem snerta marga aðila sem um málið fjalla. Málið varðar Alþingi miklu þar sem í tillögunum felst breytt skilgreining á uppgjöri ríkissjóðs og framsetningu þeirra heimilda sem löggjafinn veitir framkvæmdavaldinu.

5.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skýrðar helstu breytingar á útgjöldum til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Í umfjölluninni er áhersla lögð á skýringar er taka til heildstæðra málaflokka, en minna lagt upp úr frásögn af breytingum á rekstrar- og framkvæmdaliðum einstakra stofnana. Með þessu er ætlað að auðvelda yfirsýn um framlög til veigamikilla útgjaldaflokka og er það í anda þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við undirbúning frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að þegar vitnað er til fjárlaga 1993 í þessu frumvarpi er átt við fjárlög eins og þau voru afgreidd frá Alþingi í árslok 1992. Í umfjöllun hér á eftir er þar af leiðandi ekki tekið tillit til þeirra útgjaldabreytinga sem fram munu koma í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir 1993 sem lagt verður fyrir Alþingi nú í byrjun þings.

Loks er þess að geta að í frumvarpi til fjárlaga 1994 eru allar fjárhæðir á áætluðu meðalverðlagi 1994. Við undirbúning fjárlagafrumvarpsins voru hins vegar allar áætlanir gerðar á verðlagi fjárlaga 1993.

Við uppfærslu verðlags var launaliðum haldið óbreyttum. Ósamið er við stéttarfélög opinberra starfsmanna en í almennum kjarasamningum, sem undirritaðir voru í vor og gilda út árið 1994, var ekki gert ráð fyrir launahækkunum. Önnur gjöld voru hækkuð um 3% en sértekjur voru ekki hækkaðar þar sem þær ráðast í mörgum tilvikum af töxtum á

útseldri vinnu. Rekstrartilfærslur voru einungis hækkaðar í þeim tilvikum sem það var óhjákvæmilegt vegna tengingar við verðlag eða gengi. Viðhald og fjárfestingarframlög hækkuðu ekki. Eins og í fjárlögum og frumvarpi til fjárlaga er fjallað um allar reiknings-tölur 1992 á greiðslugrunni.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	54,0	48,2	48,9	1	-9
Alþingi og stofnanir þess	821,1	843,5	834,1	-1	2
Ríkisstjórn	54,0	58,7	59,1	1	9
Annað	111,3	132,6	139,2	5	25
Samtals	**1.040,4**	**1.083,0**	**1.081,3**	**-0**	**4**
Rekstrarkostnaður	916,9	940,3	940,4	0	3
Neyslu- og rekstrartilfærslur	34,3	32,3	30,4	-6	-11
Stofnkostnaður og viðhald	89,2	110,4	110,5	0	24
Samtals	**1.040,4**	**1.083,0**	**1.081,3**	**-0**	**4**

Heildarframlag til æðstu stjórnar ríkisins nemur 1.081 m.kr. sem er nær sama fjárhæð og í fjárlögum 1993, en lækkar um 1% að raungildi, aðallega í formi lægri fjárveitingar til reksturs. Tilfærslur og fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar standa að mestu í stað.

Embætti forseta Íslands

Heildarfjárveiting til embættis forseta Íslands nemur 48,9 m.kr. og er óbreytt að raungildi frá yfirstandandi ári. Framlag til viðhalds lækkar nokkuð en á móti hækkar fjárveiting til reksturs lítillega.

Alþingi og stofnanir þess

Eftirtaldir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Alþingi; 610 Umboðsmaður Alþingis og 620 Ríkisendurskoðun.

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 834 m.kr. og lækkar sem næst um 2% að raungildi milli ára. Á það bæði við um Alþingi þar sem rekstrarfjárveiting lækkar um 2% að raungildi svo og um ríkisendurskoðun þar sem hún lækkar um hið sama. Rekstur Umboðsmanns Alþingis helst hins vegar óbreyttur. Hjá ríkisendurskoðun hefur verið bætt við einu starfi til að styrkja endurskoðun B-hluta fyrirtækja og stofnana. Það starf er alfarið kostað af sértekjum og hækka launagjöld og sértekjur hvort tveggja um 2,5 m.kr. af þeim sökum.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 401 Hæstiréttur; 510 Bessastaðir og 520 Opinberar heimsóknir.

401 Hæstiréttur. Laun hæstaréttardómara og starfsfólks Hæstaréttar eru greidd af þessum lið. Annar kostnaður við Hæstarétt greiðist af lið *06 201 Hæstiréttur* undir dómsmálaráðuneyti. Fjárveiting hækkar úr 29,2 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs í 41,2

m.kr. á næsta ári. Ákveðið var á þessu ári að samræma laun hæstaréttardómara launum annarra dómara í dómskerfinu og er hækkunin komin til vegna þess.

510 Bessastaðir. Til framkvæmda á Bessastöðum er ætluð sama fjárhæð og veitt er á þessu ári, 82 m.kr., og rennur fjárveitingin til áframhaldandi endurbyggingar á staðnum á grundvelli laga um endurbyggingu Bessastaða nr. 31/1989. Á þessu ári hefur verið unnið að öðrum áfanga framkvæmda við Bessastaði. Í honum felst bygging þjónustuhúss og svokallaðs Norðurhúss. Þá er verið að endurnýja allar skolplagnir staðarins ásamt regnþró og regnvatnslögnum. Þjónustuhúsið mun hafa að geyma aðstöðu til matargerðar, framreiðslu og hreingerninga auk aðstöðu fyrir starfsfólk. Norðurhúsið mun hýsa tæknibúnað staðarins, aðstöðu fyrir öryggisverði, bílstjóra og íbúð fyrir staðarvörð. Samhliða framkvæmdunum fóru fram umfangsmiklar fornleifarannsóknir á liðnu sumri sem tafið hafa framkvæmdir. Á fyrri hluta ársins 1994 mun öðrum áfanga framkvæmda verða lokið og hafist verður handa við hinn þriðja. Hafin verður bygging íbúðarhúss fyrir forseta Íslands og er áformað að ljúka þeirri byggingu fyrir árslok 1995.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld forsætisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	108,4	89,3	88,2	-1	-19
Annað	311,9	282,7	317,0	12	2
Rekstrarhagræðing	-	1,4	-	.	.
Samtals	**420,3**	**373,4**	**405,2**	**9**	**-4**
Rekstrarkostnaður	146,4	116,3	146,2	26	-0
Neyslu- og rekstrartilfærslur	79,5	67,7	70,5	4	-11
Stofnkostnaður og viðhald	194,4	189,4	188,5	-0	-3
Samtals	**420,3**	**373,4**	**405,2**	**9**	**-4**

Heildarútgjöld ráðuneytisins nema 405,2 m.kr. og hækka um 9% frá fjárlögum 1993. Hefur þá verið tekið tillit til þess að framlag til skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar hér á landi færist nú undir forsætisráðuneyti en var áður hjá utanríkisráðuneyti, svo og framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar. Þá hækkar framlag til Þjóðhagsstofnunar vegna lægra framlags Seðlabanka til hennar, svo sem nánar er skýrt hér á eftir.

Að þessum breytingum frátöldum hækkar heildarframlag til forsætisráðuneytisins um tæp 2% að raungildi frá fjárlögum 1993. Er þar nær eingöngu um að ræða hækkun á framlagi til rekstrar, en framlög til viðhalds og stofnkostnaðar haldast lítið breytt að krónutölu.

Ráðuneyti

Framlag til aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins nemur 88,2 m.kr. sem er rúm 2% lækkun að raungildi frá fjárlögum 1993. Til reksturs eru ætlaðar 80,3 m.kr. borið saman við 81,3 m.kr. í fjárlögum 1992. Á þessu ári á að verja 31,1 m.kr. til endurnýjunar og viðhalds á Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Þar af eru 20 m.kr. af lið *09 990 501 Ríkisstjórnarákvarðanir, viðhald* og 10 m.kr. af væntanlegum fjáraukalögum samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá í vor þess efnis að varið verði 1 milljarði króna til atvinnuskapandi aðgerða. Meðal annars er verið að endurnýja ytra byrði hússins, laga aðkomu að húsinu auk þess sem gólf og vistarverur á annarri hæð verða lagfærðar.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 102 Þjóðhagsstofnun; 103 Norræna ráðherranefndin; 171 Byggðastofnun; 901 Húsameistari ríkisins; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 998 Ráðstöfunarfé. Heildarframlag til þessa málefnaflokks er 317 m.kr. og hækkar sem nemur fjárveitingu vegna Norrænu ráðherranefndarinnar sem bætist við. Að öðru leyti standa fjárveitingar til þessa málefnaflokks því sem næst í stað. Fjárveitingar til einstakra stofnana eru raktar í eftirfarandi töflu. Fjárveitingar árin 1992 og 1993 til Norrænu ráðherranefndarinnar eru sýndar með til að auðvelda samanburð, þótt á þeim árum hafi þær tilheyrt utanríkisráðuneyti:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðhagsstofnun	43,3	17,9	41,2	130	-5
Norræna ráðherranefndin	74,8	68,6	77,4	13	3
Byggðastofnun	180,5	170,0	170,0	-	-6
Húsameistari ríkisins	-8,7	-5,0	-2,0	-60	-77
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	22,0	26,2	25,4	-3	15
Ráðstöfunarfé	-	5,0	5,0	-	.
Samtals	**311,9**	**282,7**	**317,0**	**12**	**2**
Rekstrarkostnaður	59,8	38,4	70,7	84	18
Neyslu- og rekstrartilfærslur	64,2	62,9	65,7	4	2
Viðhald og stofnkostnaður	187,9	181,4	180,6	-0	-4
Samtals	**311,9**	**282,7**	**317,0**	**12**	**2**

102 Þjóðhagsstofnun. Á undanförnum árum hafa ríkissjóður og Seðlabanki Íslands skipt með sér kostnaði af starfsemi Þjóðhagsstofnunar á þann veg að Seðlabanki greiðir húsnæði og 40% af öðrum kostnaði en ríkissjóður 60%. Við þriðju umræðu fjárlaga fyrir árið 1993 var sú breytingartillaga samþykkt að framlag ríkisins til stofnunarinnar skyldi lækka um 25 m.kr. á grundvelli þess að fjármálaráðuneytið semdi við Seðlabanka Íslands um aukna hlutdeild hans í rekstri stofnunarinnar. Fjármálaráðuneytið hefur nú samið við Seðlabanka um umrædda kostnaðarþátttöku á þessu ári, en hún verður ekki endurtekin árið 1994. Sértekjur skiptast þannig að Seðlabanka er ætlað að greiða 43,5 m.kr. og 2,5 m.kr. eiga að fást með öðru móti, aðallega með sölu á ritum stofnunarinnar og gjaldtöku fyrir verkefni sem ekki teljast vera hluti af almennum verkefnum hennar.

103 Norræna ráðherranefndin. Til þessa hefur framlag til skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar verið fært hjá utanríkisráðuneyti undir fjárlagalið *03 103 1 01*. Nú færist það til forsætisráðuneytis í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Framlag til skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar hér á landi nemur 16,4 m.kr. og hækkar úr 10,7 m.kr. Bætt verður við einu og hálfu nýju starfi til að mæta auknu umfangi í starfi skrifstofunnar vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og ýmsum nefndum Norðurlandaráðs.

Framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar var áður fært undir utanríkisráðuneytið á fjárlagalið *03-401 1 61*. Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar nema 651 milljón danskra króna fyrir komandi ár, og er heildarfjárhæðin óbreytt frá árinu 1993. Hlutur Íslands er 0,9% af þeirri fjárhæð.

171 Byggðastofnun. Framlag til Byggðastofnunar er óbreytt frá fjárlögum þessa árs, 170 m.kr. Forsætisráðuneytið leggur til í frumvarpi þessu að framlag til stofnunarinnar verði ekki skert, m.a. vegna þeirra verkefna sem henni voru fengin með setningu reglugerðar nr. 51/1992.

901 Húsameistari ríkisins. Heildarkostnaðar við embættið er 52 m.kr. sem er um 5% raunlækkun frá fjárlögum 1993. Endurspeglar þetta áframhaldandi samdrátt í umsvifum embættisins vegna minnkandi framkvæmda á vegum hins opinbera er embættið annast. Sértekjum er ætlað að standa undir kostnaði stofnunarinnar og skila að auki 2 m.kr. í ríkissjóð. Forsætisráðuneytið áformar að embætti Húsameistara ríkisins verði endurskipulagt á árinu 1994 og verulega dregið úr starfsemi þess. Er undirbúningur þessa þegar hafinn. Ekki er þó gert ráð fyrir þessari breytingu í forsendum þessa frumvarps.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Til reksturs og framkvæmda við Þjóðgarðinn á Þingvöllum er varið 25,1 m.kr. sem er um 4% raunlækkun frá þessu ári. Útgjöld til rekstrar haldast nánast óbreytt að raungildi, en gert er ráð fyrir nokkurri hækkun sértekna. Framlag til svæðisskipulags nemur 5 m.kr. og verður aðallega varið til gerðar göngustíga og annarra framkvæmda í Þjóðgarðinum.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	227,2	254,1	258,2	2	14
Háskólar og rannsóknir	2.670,9	2.781,0	2.755,3	-1	3
Framhaldsskólar og héraðsskólar	4.048,1	4.250,9	4.323,7	2	7
Grunnskólar og sérskólar	5.219,7	5.128,2	5.094,5	-1	-2
Önnur fræðslumál	362,2	352,2	354,4	1	-2
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.996,3	1.760,0	1.620,0	-8	-19
Söfn, listastofnanir o.fl.	923,1	1.236,5	1.183,3	-4	28
Annað	1.016,4	1.028,9	988,0	-4	-3
Rekstrarhagræðing	-	49,8	-	.	.
Samtals	**16.463,9**	**16.841,6**	**16.577,4**	**-2**	**1**
Rekstrarkostnaður	11.474,4	11.604,2	11.539,8	-1	1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.267,9	3.111,6	3.064,7	-2	-6
Stofnkostnaður og viðhald	1.721,6	2.125,8	1.972,9	-7	15
Samtals	**16.463,9**	**16.841,6**	**16.577,4**	**-2**	**1**

Sú breyting hefur verið gerð á málefnaflokkaskipan ráðuneytisins að fjárlagaliðurinn *998 Ráðstöfunarfé* fær nýtt númer *199 Ráðstöfunarfé* og telst til málefnaflokksins *Ráðuneyti*. Einnig hefur framsetning breyst á þann veg að héraðsskólar teljast nú með málefnaflokknum *Framhaldsskólar og héraðsskólar* í stað þess að vera færðir sér. Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, var gert ráð fyrir að málefnaflokkurinn *Barnaverndarmál* flyttist frá menntamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis og var sú breyting gerð í fjárlögum 1993. Rétt er að taka fram að tölur úr reikningi 1992 og fjárlögum 1993 hafa verið aðlagaðar að þessari breytingu.

Rekstrargjöld ráðuneytisins, að frátöldum sértekjum vegna Happdrættis Háskóla Íslands sem renna til stofnkostnaðarviðfangsefna, eru áætluð 11.700 m.kr. og lækka um 1,2% frá fjárlögum 1993. Lækkunin nær til allra málefnaflokka ráðuneytisins og flestra stofnana. Þess ber þó að geta að ýmsir kostnaðarliðir sem í fjárlögum 1993 eru færðir sem rekstur eru nú í frumvarpi til fjárlaga 1994 færðir sem neyslu- og rekstrartilfærslur. Í því sambandi má nefna að framlög til rannsóknamála á háskólastigi færast nú sem tilfærslur en voru áður færðar bæði sem tilfærslur og rekstur. Hér er því aðallega um samræmingu á framsetningu að ræða og skekkir ekki heildarniðurstöðuna sem neinu nemur. Framlagi til *rekstrarhagræðingar* sem í fjárlögum 1993 var 49,8 m.kr. er nú skipt á safnliði grunn- og framhaldsskóla. Með fjárveitingunni er ætlað að mæta kostnaði við stefnumörkun á þessum skólastigum en talið er að slík þróunarvinna leiði til hagræðingar til lengri tíma litið.

Rekstrartilfærslur eru áætlaðar 3.064,7 m.kr. og lækka um 1,5% milli ára. Lækkun er nær eingöngu vegna 140 m.kr. lægra framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem stafar af færri lánþegum. Á móti hækka ýmsar aðrar tilfærslur.

Fjárveiting til stofnkostnaðar og viðhalds menntamálaráðuneytis nemur 1.972,9 m.kr. og lækkar um 7% milli ára. Skýringa er að leita í lækkun stofnkostnaðarframlags til

Háskóla Íslands vegna lægri tekna Happdrættis Háskóla Íslands og lækkunar á uppgjöri við sveitarfélög, en þar er um lokagreiðslu að ræða. Einnig lækkar fjárveiting til endurbóta á Þjóðminjasafni en á móti hækkar stofnkostnaðarframlag til framhaldsskóla. Tekjur af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögum nr. 83/1989 eru áætlaðar 340 m.kr. og færast sem framlag til byggingar Þjóðarbókhlöðu.

Í töflu hér á eftir eru sýnd útgjöld menntamálaráðuneytis, að frátöldum viðhalds- og stofnkostnaði, árin 1990-1992 samanborið við áætluð útgjöld í fjárlögum 1993 og frumvarpi til fjárlaga 1994. Fjárhæðir eru allar á verðlagi frumvarps til fjárlaga 1994 en þær hafa verið uppfærðar miðað við verðlag landsframleiðslu. Fjárhæðir eru því á sambærilegu verðlagi. Sértekjur koma til frádráttar nema í málefnaflokknum *Háskólar og rannsóknir*, en þar eru rekstrargjöld að frátöldum sértekjum vegna Happdrættis Háskóla Íslands. Þar sem breytingar hafa orðið við tilflutning á stofnunum milli ráðuneyta er tekið tillit til þeirra fyrir öll árin.

Verðlag frumvarps til fjárlaga 1994	Reikningur 1990 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.
Aðalskrifstofa	247,9	261,6	230,2	239,4	237,2
Háskólar og rannsóknir	2.368,2	2.652,1	2.477,0	2.529,1	2.489,8
Framhaldsskólar og sérskólar	3.594,0	3.764,3	3.675,7	3.680,6	3.633,7
Grunnskólar og sérskólar	5.290,5	5.423,8	5.366,6	5.171,7	5.068,5
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.482,5	2.587,8	2.054,7	1.784,6	1.620,0
Annað	1.479,5	1.698,3	1.690,1	1.759,7	1.715,3
Samtals	**15.462,6**	**16.387,9**	**15.494,3**	**15.165,1**	**14.764,5**

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Síðarnefndi fjárlagaliðurinn var áður hluti af málefnaflokknum *Annað*.

Áætluð útgjöld *aðalskrifstofu* eru 240,2 m.kr. og lækka lítillega að raungildi miðað við fjárlög vegna almennrar hagræðingar í rekstri skrifstofunnar. *Ráðstöfunarfé* hækkar um 3 m.kr. samanborið við fjárlög 1993 og verður 18 m.kr. en ófyrirséður kostnaður hefur reynst meiri undanfarin ár en áætlað hefur verið fyrir á þessum lið. Fjárveitingin hefur fyrst og fremst verið notuð til að mæta kostnaði á sviði menningarmála.

Háskólar og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201-208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tækniskóli Íslands; 221 Kennaraháskóli Íslands; 223 Rannsóknastofnun uppeldismála; 232 Rannsóknaráð ríkisins; 233 Rannsóknasjóður; 234 Vísindaráð; 235 Vísindasjóður; 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna og 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	1.522,5	1.558,6	1.540,5	-1	1
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	94,6	105,4	103,3	-2	9
Raunvísindastofnun Háskólans	120,0	120,4	120,9	0	1
Stofnun Sigurðar Nordals	9,2	8,8	8,4	-5	-9
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	45,9	41,9	41,4	-1	-10
Orðabók Háskólans	16,8	14,9	14,0	-6	-17
Íslensk málstöð	11,3	10,6	10,5	-1	-7
Örnefnastofnun	4,5	4,7	4,4	-6	-2
Háskólinn á Akureyri	132,8	158,3	165,0	4	24
Tækniskóli Íslands	174,8	187,2	176,2	-6	1
Kennaraháskóli Íslands	264,9	277,6	289,0	4	9
Rannsóknastofnun uppeldismála	15,6	27,0	31,3	16	101
Rannsóknaráð ríkisins	20,6	20,6	20,3	-1	-1
Rannsóknasjóður	109,3	115,0	115,0	0	5
Vísindaráð	10,5	10,0	10,1	1	-4
Vísindasjóður	20,0	25,0	25,0	0	25
Byggingarsjóður í þágu atvinnuveganna	76,9	60,0	40,0	-33	-48
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	20,7	35,0	40,0	14	93
Samtals	**2.670,9**	**2.781,0**	**2.755,3**	**-1**	**3**

Rekstrarframlag til þessa málefnaflokks, að frátöldum sértekjum vegna Happdrættis Háskóla Íslands, er áætlað 2.489,8 m.kr. og lækkar að raungildi samanborið við fjárlög 1993. Lækkun er vegna almennrar hagræðingar sem nær til flestra stofnana málefnaflokksins en á móti hækkar framlag til Háskólans á Akureyri og háskóla- og rannsóknastarfsemi. Nemendafjöldi við Kennaraháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands breytist lítið milli ára. Fjöldi nýnema við Kennaraháskóla Íslands er takmarkaður en það skýrir að nemendafjöldinn við skólann helst stöðugur. Nemendum við Háskóla Íslands fjölgar nokkuð samanborið við skráningu síðastliðið haust og nemendum við Háskólann á Akureyri fjölgar vegna nýrrar kennaradeildar.

Heildarframlag til fjárfestingar og viðhalds er 425,5 m.kr. Það er 101,3 m.kr. lækkun frá fjárlögum og skýrist að mestu af minna framkvæmdafé Háskóla Íslands og Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna. Einnig lækkar framlag til Tækniskóla Íslands og til háskóla- og rannsóknastarfsemi en á móti hækkar framlag til Kennaraháskóla Íslands. Fjárveiting til Rannsóknasjóðs og Vísindasjóðs er óbreytt milli ára. Ríkisstjórnin samþykkti að beita sér fyrir að framlög til rannsókna- og þróunarmála verði aukin í áföngum. Því verður leitað heimilda í fjáraukalögum fyrir árið 1993 um að framlagið hækki um 45 m.kr. og nemi alls 160 m.kr. Á árinu 1994 er gert ráð fyrir að Rannsóknasjóður fái viðbótarframlag, m.a. af tekjum af sölu ríkiseigna, þannig að framlag til sjóðsins verði 200 m.kr. á árinu 1994.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 Háskóli Íslands. Að frátöldum sértekjum af Happdrætti Háskóla Íslands er rekstrarframlag til skólans áætlað 1.540,5 m.kr. en það er rúmlega 1% lægra framlag en í fjárlögum 1993. Í fjárlögum 1992 og 1993 miðaðist rekstrarframlag til skólans við um 5.000 nemendur. Síðastliðið haust voru skráðir nemendur við skólann tæplega 4.700 en nú í haust eru þeir tæplega 4.900. Það er innan þeirra marka um nemenda-

fjölda sem forsendur þessa frumvarps byggjast á. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 er framlag til Vinnumatssjóðs óbreytt frá fjárlögum 1993.

Áætlað er að Háskóli Íslands verji 160 m.kr. af tekjum Happdrættis Háskóla Íslands til byggingarframkvæmda, viðhalds, tækja- og búnaðarkaupa. Þá er ætlast til að Háskólinn leggi fram fé til tækjakaupa Tilraunastöðvarinnar að Keldum og Raunvísindastofnunar Háskólans. Áætlaður hagnaður Happdrættis Háskóla Íslands lækkar um 100 m.kr. milli ára en sú áætlun er óvissu háð.

210 ***Háskólinn á Akureyri.*** Rekstrarframlag hækkar um 6,7 m.kr. og verður 150 m.kr. Raunhækkun er þó meiri þar sem leigugreiðslur falla nú niður með tilkomu eigins húsnæðis skólans. Hækkun rekstrargjalda er vegna nýrrar kennaradeildar, aukins kostnaðar vegna rannsóknastarfsemi og aukinna útgjalda við rekstur skrifstofu. Kennaranám við Háskólann á Akureyri verður þrjú ár en kennaradeildin er nú að hefja sitt fyrsta starfsár og er útgjaldaaukning vegna hennar næstu tvö ár fyrirséð þegar nýir árgangar bætast við. Skólinn hefur verið í vexti undanfarin ár vegna lagabreytinga og ákvarðana í fjárlögum um aukið námsframboð. Miðað við óbreyttar forsendur má gera ráð fyrir að rekstur skólans verði kominn í jafnvægi skólaárið 1995-1996. Á móti hækkun rekstrargjalda sem hér hefur verið gerð grein fyrir er ætlast til að skólinn nái fram hagræðingu í rekstri eins og aðrir skólar og stofnanir. Framlag til stofnkostnaðar og viðhalds er það sama og í fjárlögum 1993, 15 m.kr.

211 ***Tækniskóli Íslands.*** Heildarframlag til skólans lækkar um 11 m.kr. og verður 176,2 m.kr. Rekstrargjöld eru áætluð 169,2 m.kr. og er gert ráð fyrir að skólinn nái frá og með hausti 1994 að lækka rekstrargjöld sín með almennri hagræðingu, t.d. með samdrætti í kennslumagni. Framlag til tækja og búnaðar lækkar um 7,1 m.kr. og verður 7 m.kr. Við afgreiðslu fjárlaga 1993 var tækjakaupafé skólans hækkað verulega og var m.a. ætlað til að fullgera tölvuteikniver hjá skólanum.

221 ***Kennaraháskóli Íslands.*** Rekstrarframlag verður 264 m.kr. og er nær óbreytt að raungildi samanborið við fjárlög 1993 þrátt fyrir flutning kennslugagnamiðstöðvar frá Námsgagnastofnun til skólans. Ætlast er til að skólinn nái frá og með hausti 1994 að lækka rekstrargjöld sín með almennri hagræðingu í rekstri skólans, t.d. með samdrætti í kennslumagni. Einnig dregur nokkuð úr starfsnámi grunnskólakennara sem mun veita skólanum aukið svigrúm til að bregðast við lækkun útgjalda. Breyting er gerð á framsetningu rekstrarviðfangsefna. Viðfangsefnið *1.04 Bókasafn og gagnasmiðja* breytir um nafn og heitir *1.04 Stoðþjónusta* og færist rekstrarkostnaður kennslugagnamiðstöðvar, bókasafns og gagnasmiðju þar. Viðfangsefnið *1.30 Önnur kennsla* fellur niður og fjárveiting færist yfir á *1.05 Kennslu.* Heildarframlag til stofnkostnaðar og viðhalds verður 25 m.kr. Hækkun um 8,9 m.kr. er af tvennum toga. Framlag til fasteignar hækkar um 5 m.kr. en viðhaldsþörf skólans er afar brýn. Einnig bætist við nýtt viðfangsefni *5.10 Varmaland* og er framlag 4 m.kr. Undanfarin ár hefur húsnæði fyrrum hússtjórnarskóla að Varmalandi verið nýtt til grunnskólahalds. Vegna breytinga og fækkunar nemenda á grunnskólastigi er ekki lengur þörf fyrir húsnæðið og munu því sveitarfélög afhenda ríkissjóði skólann nú í haust en endurbætur og viðgerðir eru aðkallandi. Ákveðið hefur verið að Kennaraháskóli Íslands fái húsið til afnota fyrir endurmenntun, fjarkennslu, réttindanám og fjölþætt námskeiðahald.

223 Rannsóknastofnun uppeldismála. Heildarframlag hækkar um 4,3 m.kr. og verður 31,3 m.kr. Framlag til rekstrar er óbreytt frá fjárlögum 1993 en við bætist nýtt viðhaldsviðfangsefni *5.01 Fasteign*. Framlag er 4 m.kr. og er ætlað til endurbóta á Valhöll við Suðurgötu en stofnunin hefur fengið húsið til afnota. Félagsstofnun stúdenta rak barnaheimili í húsinu í mörg ár en sú starfsemi hefur verið flutt í nýtt húsnæði.

232 Rannsóknaráð ríkisins. Rekstrarframlag Rannsóknaráðs verður 20,3 m.kr. og lækkar lítillega að raungildi milli ára vegna almennrar kröfu um hagræðingu. Framlagið er nú fært á eitt viðfangsefni í stað þriggja áður. Að venju er sýnt yfirlit um framlög til rannsóknastofnana í heild undir þessum fjárlagalið. Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig útgjöld einstakra stofnana breytast:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tilraunastöð Háskólans að Keldum ..	94,6	105,4	103,3	-2	9
Raunvísindastofnun Háskólans	120,0	120,4	120,9	0	1
Rannsóknastofnun landbúnaðarins ...	147,6	130,5	127,0	-3	-14
Veiðimálastofnun	37,7	36,7	36,1	-2	-4
Laxeldisstöðin Kollafirði	33,9	30,0	30,0	0	-12
Hafrannsóknastofnun	509,2	300,9	603,8	101	19
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	92,4	90,7	89,1	-2	-4
Iðntæknistofnun Íslands	104,5	97,9	99,1	1	-5
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	55,0	50,3	50,1	-0	-9
Orkustofnun	192,2	220,1	205,7	-7	7
Samtals	**1.387,1**	**1.182,9**	**1.465,1**	**24**	**6**

Heildarfjárveiting til þessara rannsóknastofnana er áætluð 1.465,1 m.kr. og hækkar alls um 282,2 m.kr. Framlag til flestra stofnana er óbreytt að raungildi eða lækka vegna almennrar hagræðingar og sparnaðar. Framlag til Hafrannsóknastofnunar hækkar verulega frá fjárlögum 1993 og nokkuð frá reikningstölum 1992. Áætlað var á árunum 1992 og 1993 að stofnunin nyti sérstakra tekna af sölu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs. Ákveðið hefur verið að fyrirhugaður þróunarsjóður sjávarútvegsins fái þessar heimildir til ráðstöfunar. Framlag til Orkustofnunar lækkar en unnið er að athugun á skipan orkurannsókna með það fyrir augum að orkufyrirtækin taki á sig aukinn hlut í rannsóknunum um leið og dregið verður úr beinum framlögum til þeirra. Um nánari skýringar á breytingum einstakra stofnana vísast í greinargerð um þau ráðuneyti sem þær heyra undir.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna. Tekjur sjóðsins nema 20% af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands en þær eru áætlaðar 40 m.kr. samanborið við 60 m.kr. í fjárlögum 1993. Fé sjóðsins skal ráðstafa til uppbyggingar rannsóknastofnana atvinnuveganna.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Heildarframlag verður 40 m.kr. en það jafngildir um 14% hækkun milli ára. Við bætist nýtt viðfangsefni *1.15 Nýsköpunarsjóður* og er framlag til hans 10 m.kr. Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofn-

unum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn til að vinna á sumrin að rannsóknaverkefnum sem stuðla að nýsköpun og auknum tengslum atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana. Fjárveiting til þessa verkefnis hefur áður verið veitt samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar. Á móti hækkun vegna þessa viðfangsefnis lækkar byggingarstyrkur til Félagsstofnunar stúdenta. Í 6. gr. fjárlaga 1992 var heimild til að selja fasteignina Valhöll við Hringbraut í Reykjavík og láta andvirðið renna til byggingar nýs barnaheimilis á vegum Félagsstofnunar stúdenta. Horfið var frá því að selja húsið en í stað þess samið við Félagsstofnun um að menntamálaráðuneyti veitti byggingarstyrk, samtals að fjárhæð 15 m.kr., sem greiðist á tveimur árum. Framlag í fjárlögum 1993 var 10 m.kr. og lokagreiðslan nú er 5 m.kr. Eins og gerð er grein fyrir í umfjöllun um Rannsóknastofnun uppeldismála hefur stofnunin fengið Valhöll til afnota.

Framhaldsskólar og héraðsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301-307, 309 Menntaskólar; 318-319 Framhaldsskólar, safnliðir; 308, 350-363 Fjölbrautaskólar; 506-581 Ýmsir sérskólar og 601-610 Héraðsskólar.

Heildarframlag til framhalds- og héraðsskóla er áætlað 4.323,7 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði og gjaldategundir sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólar	798,1	804,3	809,4	1	1
Fjölbrautaskólar	1.541,2	1.541,1	1.538,0	-0	-0
Framhaldsskólar, safnliðir	547,6	783,2	865,7	11	58
Sérskólar	1.071,6	1.054,1	1.044,3	-1	-3
Héraðsskólar	89,6	68,2	66,3	-3	-26
Samtals	**4.048,1**	**4.250,9**	**4.323,7**	**2**	**7**
Rekstrarkostnaður	3.571,3	3.629,8	3.633,7	0	2
Viðhald	124,0	144,1	101,0	-30	-19
Stofnkostnaður	352,8	477,0	589,0	23	67
Samtals	**4.048,1**	**4.250,9**	**4.323,7**	**2**	**7**

Sú breyting hefur verið gerð á þessum málefnaflokki að til hans teljast nú einnig héraðsskólar. Í öllum samanburðartölum er framlag til héraðsskóla meðtalið og hið sama á einnig við um fjölda nemenda. Héraðsskólinn Reykjum breytir nú um fjárlaganúmer og nafn, *730 Skólabúðir að Reykjum*, og telst til málefnaflokksins *Grunnskólar og sérskólar*. Tölur úr reikningi fyrir árið 1992 og fjárlögum 1993 eru aðlagaðar að því. Framlag til Héraðsskólans Núpi og Héraðsskólans Reykjanesi er nú fært á fjárlagalið *610 Héraðsskólar, almennt.*

Til rekstrar framhaldsskóla eru alls áætlaðar 3.633,7 m.kr. og er það nær óbreytt að raungildi en heildarnemendafjöldinn er svo til óbreyttur frá forsendum fjárlaga 1993, þó að nemendum fjölgi í sumum skólum en fækki í öðrum. Af heildarrekstrarkostnaði eru um 3.158,7 m.kr. launagjöld eða um 87%. Framlag til eignakaupa á rekstrarviðfangsefnum skóla, að fjárhæð rúmlega 30 m.kr., er nú fellt niður en önnur rekstrargjöld hækka að sama skapi, m.a. vegna aukins húsnæðis nokkurra framhaldsskóla. Í stað eignakaupa í

rekstri er áætlað fyrir tækja- og búnaðarkaupum undir stofnkostnaði en nánar er gerð grein fyrir því í umfjöllun um fjárlagalið *318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður*. Fjárveiting til héraðsskóla verður 66,3 m.kr. samanborið við 68,2 m.kr. í fjárlögum 1993. Lækkun um 1,9 m.kr. milli ára er að mestu áætlaðar greiðslur frá sveitarfélögum vegna nemenda í héraðsskólum sem eru á grunnskólastigi.

Breytingar á fjölda nemenda hafa afgerandi áhrif á rekstrarútgjöld framhaldsskóla. Unnið hefur verið að því að samræma útreikninga á þörf fyrir kennslu í skólum og er þá tekið mið af gildandi námsskrá og nemendafjölda. Verði fjöldi nemenda í tilteknum skólum annar en í áætlun er gert ráð fyrir að fjárveitingu til kennslu verði breytt í samræmi við það. Fram að þessu hefur verið miðað við höfðatölu nemenda og áætlun að mestu verið óháð umfangi námsins. Þessi aðferð hefur verið umdeild og getur leitt til þess að skólum sé mismunað í fjárveitingum eftir því hversu margir nemendur eru í hlutanámi. Nú er stefnt að því að miða meira við nemendur sem eru skráðir í fullt nám, þ.e. 18 námseiningar á önn eða 36 einingar á heilu skólaári. Nemendur sem eru í minna námi vega þá hlutfallslega minna við ákvörðun fjárframlaga til einstakra skóla. Þannig verður hægt að leiðrétta framlag til skólanna þegar upplýsingar um fjölda eininga liggja fyrir í upphafi hverrar námsannar og verður þá jafnframt tekið tillit til mismunandi kostnaðar kennslu eftir eðli námsáfanga.

Nemendum á framhaldsskólastigi hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarinn áratug. Á árinu 1980 voru þeir 11.147 en á árinu 1992 voru nemendur 15.944. Nemendum fjölgar mest milli áranna 1988 og 1989 en þá fjölgaði þeim úr 13.840 í 14.780, eða um 840 nemendur. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 miðast áætluð útgjöld við 16.400 nemendur en það er nokkurn veginn sami nemendafjöldi og forsendur fjárlaga 1993 taka mið af. Upplýsingar um nemendafjölda fyrir árin 1980-1992 eru rauntölur samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu en tölur eru áætlaðar fyrir árin 1993 og 1994. Rauntölur og áætlaðar eru ekki fyllilega sambærilegar þar sem þær miðast ekki við sama tíma skólaársins og eru þá áætlaðar tölur heldur hærri. Hlutfall framhaldsskólanema af heildarárgöngum 16-20 ára ungmenna hefur hækkað úr 65% árið 1980 í 92% árið 1992. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 er áætlað að þetta hlutfall verði um 100%. Rétt er þó að geta þess að í mörgum framhaldsskólum eru nemendur eldri en 20 ára, t.d. í sérskólum þar sem nemendur með stúdentspróf ganga fyrir við umsókn um nám. Á móti kemur að ekki er allt framhaldsskólanám fjögur ár en í sumum iðn- og fjölbrautaskólum er boðið upp á styttri námsbrautir. Þetta eru því ekki nákvæmar hlutfallstölur heldur nálgun til að sýna fjölgun nemenda í ljósi stærðar árganga.

Sé litið til fjárveitinga einstakra skóla eftir eðli náms má gera ráð fyrir að nemandi í hreinum bóknámsskóla með bekkjakerfi kosti á heilu skólaári 160-170 þús.kr., nemandi í blönduðum fjölbrautaskóla þar sem bæði er bóknám og verknám 170-190 þús.kr. og nemandi í iðnskóla með fjölbrautasniði 200-215 þús.kr. Varast ber að draga afgerandi ályktanir af þessum tölum þar eð stærð og samsetning skólanna hefur veruleg áhrif á niðurstöðuna. Jafnvel í hreinum bóknámsskólum má finna hálfverklegar greinar svo sem vélritun og tölvunám og í iðngreinum er jafnan verulegur bóklegur þáttur. Færa má þó rök að því að verklegar námseiningar séu að jafnaði u.þ.b. tvöfalt dýrari en bóklegar, einkum vegna minni námshópa. Nemandi á verknámsbraut þarf því að jafnaði u.þ.b. 50-55% hærri fjárveitingu en sá sem er á bóknámsbraut.

318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður. Framlag er áætlað 614 m.kr. og hækkar um 27,3 m.kr. eða um tæp 5% frá fjárlögum 1993. Skipting á viðfangsefni er sýnd í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting %
Viðhald herma	-	9,0	.
Viðhald	126,7	88,0	-31
Tæki og búnaður	41,0	9,0	-78
Tölvubúnaður	12,0	10,0	-17
Byggingarframkvæmdir	407,0	498,0	22
Samtals	**586,7**	**614,0**	**5**

Viðfangsefnið *5.80 Viðhald herma* er nýtt og er framlag ætlað til viðhalds herma í Stýrimannaskólanum, Vélskóla Íslands og Verkmenntaskólanum á Akureyri og til endurnýjunar á hugbúnaði þeirra. Samningur hefur verið gerður um þetta og er við það miðað að viðhald verði framvegis jafnt og árvisst. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður verði að jafnaði heldur lægri en nú er. Framlag til viðhaldsverkefna lækkar um 38,7 m.kr. sem skýrist að hluta vegna tilfærslu yfir á stofnkostnaðarviðfangsefni. Heildarframlag vegna tækja og búnaðar framhaldsskóla nemur 73 m.kr. en þar af eru 9 m.kr. á þessu viðfangsefni. Það sem eftir stendur er fært á einstaka skóla. Skipting þess fjár milli einstakra skóla ræðst einkum af umfangi þeirra og eðli námsins. Til byggingarframkvæmda eru áætlaðar 498 m.kr. Af þessari fjárhæð eru 310 m.kr. sem skýrast af bundnum greiðslusamningum ríkissjóðs við sveitarfélög um byggingu framhaldsskóla, 80 m.kr. vegna fyrirhugaðra greiðslusamninga og 50 m.kr. vegna framkvæmda að Laugarvatni. Fjárveiting til annarra framkvæmda er því um 58 m.kr. Tillögur menntamálaráðuneytis um ráðstöfun á óskiptu framlagi til byggingarframkvæmda, viðhalds og endurbóta, verða lagðar fyrir Alþingi fyrir afgreiðslu fjárlaga.

319 Framhaldsskólar, almennt. Framlag er 251,7 m.kr. og hækkar um 55,2 m.kr. milli ára. Eins og getið er um í upphafi umfjöllunar um menntamálaráðuneyti er framlagi til *rekstrarhagræðingar*, sem í fjárlögum 1993 var 49,8 m.kr., nú skipt á safnliði framhaldsskóla og grunnskóla. Hluta hækkunarinnar á þessum lið má því rekja til þessa. Helstu breytingar á viðfangsefnum fjárlagaliðarins eru eftirfarandi: Viðfangsefni *1.13 Forfallakennsla* verður 23 m.kr. og hækkar um 6,6 m.kr. Kostnaður við forföll kennara er vanáætlaður í fjárlögum 1993, ef tekið er mið af reikningsniðurstöðu ársins 1992, þegar kostnaður reyndist um 26 m.kr. Stór hluti forfallakennslu er vegna barnsburðarleyfa en hlutfall kvenna meðal framhaldsskólakennara hefur hækkað undanfarin ár. Framlag til *sérkennslu* hækkar nokkuð vegna meiri aðsóknar fatlaðra nemenda að framhaldsnámi og vegna aukins námsframboðs fyrir nemendur með sérþarfir. Ráðgert er að leggja fram á Alþingi nýtt frumvarp til laga um framhaldsskóla sem miðar að því að gera starf skólanna skilvirkara en nú er. Endurskipulagning náms í framhaldsskólum hefur í för með sér mikla vinnu við námskrárgerð. Stefnt er að endurskoðun á námsbrautum þannig að öllum nemendum verði veitt þjónusta við hæfi og komið verði í veg fyrir að þeir hverfi frá námi án þess að ljúka

prófi. Einnig verður unnið að því að undirbúa nýtt starfstengt nám frá og með haustinu 1994. Kostnaður af þessari undirbúningsvinnu fellur einkum á viðfangsefnin *1.16 Nýjungar í skólastarfi* og *1.17 Námskrárgerð* en vonast er til að sá kostnaður muni skila sér í bættu skólastarfi. Alls hækka þessi tvö viðfangsefni um 12,3 m.kr. Á viðfangsefni *1.20 Framhaldsdeildir* er áætlað fyrir rekstrarkostnaði framhaldsdeilda sem og fyrir kennslukostnaði þeirra framhaldsdeilda sem ekki eru tengdar sérstökum móðurskóla. *Nám tannsmiða og aðstoðarfólks tannlækna* var í fjárlögum 1993 fært á fjárlagalið Fjölbrautaskólans við Ármúla. Háskóli Íslands annast hluta þessarar kennslu og er sá kostnaður færður hér. *Myndlistarskólinn Akureyri* og *Myndlistarskólinn í Reykjavík* eru ný viðfangsefni sem áður voru færð á fjárlagaliðinn *982 Listir, framlög*. Framlag til skólans í Reykjavík er óbreytt en framlag til Akureyrar hækkar um 2 m.kr. vegna nýrrar grafíkdeildar.

Grunnskólar og sérskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 222 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands; 700-708 Grunnskólar; 710-719 Fræðsluskrifstofur; 720 Grunnskólar, almennt; 730 Skólabúðir að Reykjum; 750-758 Skólar fyrir fatlaða; 798 Einholtsskóli og 799 Heyrnleysingjaskólinn.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar	4.455,9	4.254,6	4.208,3	-1	-6
Fræðsluskrifstofur	188,7	184,8	188,4	2	-0
Grunnskólar, almennt	94,3	200,7	238,7	19	153
Skólabúðir að Reykjum	13,6	13,4	11,4	-15	-16
Kennsla fyrir fatlaða og sérskólar	467,2	474,7	447,7	-6	-4
Samtals	**5.219,7**	**5.128,2**	**5.094,5**	**-1**	**-2**
Launagjöld	-	4.857,8	4.810,2	-1	.
Önnur rekstrargjöld	-	125,3	126,8	1	.
Tilfærslur	-	138,4	154,2	11	.
Sértekjur	-	-21,2	-22,7	7	.
Stofnkostnaður og viðhald	-	27,9	26,0	-7	.
Samtals	**5.219,7**	**5.128,2**	**5.094,5**	**-1**	**-2**

Fjárlagaliðurinn *730 Skólabúðir að Reykjum* er nýr en var áður hluti af málefnaflokknum *Héraðsskólar*. Skólabúðirnar hafa verið reknar um nokkurt skeið sem þjónusta við grunnskólanemendur.

Heildarkostnaður grunn- og sérskóla er áætlaður 5.094,5 m.kr. en þar af er launakostnaður áætlaður 4.810,2 m.kr. eða um 94% af heildarútgjöldum. Með lögum nr. 4/1993 um breytingu á lögum nr. 49/1991 um grunnskóla, var m.a. ákvæðum um lágmark vikulegs kennslutíma frestað skólaárið 1993-1994 og einnig fækkun leyfilegs hámarks-

fjölda nema í 1. bekk í 18 og í þriðja bekk í 22. Ennfremur var heimildarákvæði um að fjölga um allt að tvo nemendur í bekk framlengt út skólaárið 1993-94. Þannig er gengið út frá því að skólahald skólaárið 1993-94 verði með sama skipulagi og skólaárið 1992-1993. Gert er ráð fyrir að framangreind lagaákvæði verði framlengd fyrir skólaárið 1994-1995. Á því skólaári er fyrirhugað að auka kennslu yngri barna eins og greint er frá í umfjöllun um *Grunnskóla, almennt.*

Unnið er að gerð frumvarps til laga um grunnskóla sem fyrirhugað er að leggja fram á þessu þingi en þar verður gert ráð fyrir að rekstur grunnskóla flytjist alfarið yfir til sveitarfélaga í síðasta lagi haustið 1995. Með því er talið að náist fram einfaldara skipulag og hagkvæmari rekstur. Afskipti ríkisins af skólarekstri munu felast í eftirliti og miðlun upplýsinga um árangur af skólastarfi.

Líkt og hjá öðrum stofnunum ríkisins er gert ráð fyrir að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri grunnskóla á árinu 1994, eða sem nemur liðlega 100 m.kr. Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að þeim sparnaði verði að mestu náð með því að draga úr öðrum kostnaði en beinni kennslu. Jafnframt verði unnið að því að flýta yfirfærslu þeirra verkefna sem falla vel að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið mun vinna að framgangi þessa sparnaðar nú á haustdögum í samvinnu við þá aðila sem hlut eiga að máli.

222,700-708 Grunnskólar. Kostnaður við einstök fræðsluumdæmi breytist nokkuð. Í heildina hækkar beinn kennslukostnaður umdæmanna lítillega sem skýrist aðallega af tvennu. Annars vegar fjölgar nemendum á grunnskólaaldri um 155 og hins vegar veldur tilfærsla milli skólahverfa nokkurri kennslumagnsaukningu. Til að mynda fækkar nemendum í Reykjavík en vikulegum kennslustundum fjölgar nokkuð vegna tilkomu nýs skóla í Grafarvogi. Samtals fjölgar kennslustundum til almennrar kennslu um 104 vikustundir.

Fyrir 1990 var fjöldi nemenda grunnur að áætlun um kennslumagn skóla. Þegar um fámenna skóla var að ræða var bætt við kennslumagni til að hægt væri að halda uppi lágmarks kennslu í bekk. Eftir 1990 hefur dregið markvisst úr ráðstöfun þessara viðbótarstunda og er kennslumagn nú áætlað út frá bekkjardeildum en ekki fjölda nemenda. Þannig á ávallt að vera tryggt að hver bekkjardeild fái kennslu í samræmi við viðmiðunarstundaskrá og aðalnámsskrá grunnskóla. Í litlum skólum hefur þetta hins vegar í för með sér að einn nemandi getur haft mikil áhrif á kennslumagn skóla og getur valdið verulegri sveiflu. Dæmi eru um að kennslumagn skóla hafi breyst um 20-30% vegna eins nemanda. Með því að miða við bekkjardeildir en ekki nemendur, á að vera hægt að halda uppi lögboðinni kennslu án þess að til viðbótarstunda þurfi að koma. Þetta hefur leitt til þess að lítillega hefur dregið úr kennslumagni í einstaka dreifbýlisskólum.

Í eftirfarandi töflu er sýndur samanburður á fjárveitingu á nemanda fyrir hvert fræðsluumdæmi, fjölda vikulegra kennslustunda í almennri kennslu á nemanda og meðalfjöldi nemenda í bekk.

Fræðsluumdæmin	Framlag á nema 1993 þús.kr.	Framlag á nema 1994 þús.kr.	Kennslu-stundir á nema 1993	Kennslu-stundir á nema 1994	Meðalfjöldi nema í bekk 1993	Meðalfjöldi nema í bekk 1994
Reykjavík	94,32	93,11	1,43	1,44	22,0	21,8
Reykjanes	92,00	91,15	1,46	1,46	21,6	21,6
Vesturland	113,43	108,97	1,83	1,81	17,2	17,3
Vestfirðir	122,14	118,98	2,08	2,04	15,1	15,5
Norðurland vestra	121,89	120,67	2,00	2,01	15,9	15,7
Norðurland eystra	110,20	107,88	1,75	1,73	18,1	18,3
Austurland	127,82	123,43	2,15	2,07	14,8	15,7
Suðurland	112,54	112,87	1,83	1,82	17,3	17,2
Öll umdæmi	**102,37**	**100,80**	**1,62**	**1,62**	**19,4**	**19,5**

710 - 719 Fræðsluskrifstofur. Framlag til rekstrar fræðsluskrifstofa er áætlað 184,9 m.kr. og hækkar lítillega að raungildi vegna leiðréttingar á húsnæðiskostnaði fræðsluskrifstofu Reykjavíkur en skrifstofan flutti í nýtt húsnæði í árslok 1992. Framlag til fræðsluskrifstofu Reykjaness hækkar einnig lítillega vegna samninga við sveitarfélög um sálfræðiþjónustu. Almennt er fræðsluskrifstofum ætlað að ná fram 1% hagræðingu í rekstri.

720 Grunnskólar, almennt. Framlag er áætlað 238,7 m.kr. og hækkar um 38 m.kr. Eins og getið er um í upphafi umfjöllunar um menntamálaráðuneytið er framlagi til *rekstrarhagræðingar*, sem í fjárlögum 1993 var 49,8 m.kr., nú skipt á safnliði framhaldsskóla og grunnskóla. Hluta hækkunarinnar á þessum lið má því rekja til þessa. Helstu breytingar eru þær að viðfangsefnið *safnakennsla* fellur niður og starfsemin færist á Þjóðminjasafn og Listasafn Íslands. Viðfangsefnin *Umferðarfræðsla í skólum*, *Þróunarstarf í leikskólum* og *Námsstjórn og þróunarverkefni* falla niður sem sérstök viðfangsefni og færast á viðfangsefnið *Sérstök fræðsluverkefni*. Í heild hækkar það viðfangsefni um 22,4 m.kr. og hluti hækkunarinnar skýrist af því að áformað er að endurskoða núgildandi aðalnámskrá grunnskóla. Unnið verður að hagræðingu í skólastarfi með því að endurskipuleggja kennslu í unglingadeildum grunnskóla, m.a. með því að koma á markvissu tilraunastarfi, skilgreina starf umsjónarkennara, efla náms- og starfsfræðslu og koma á gæðamati í grunnskólum. Tvö ný viðfangsefni eru á þessum fjárlagalið, *Kennsla yngri barna* og *Kennsla nýbúa*. Varið verður 27 m.kr. til að fjölga vikulegum kennslustundum í þremur yngstu árgöngum grunnskóla um tvær og 16 m.kr. til kennslu nýbúa. Til þessa hefur um 6 m.kr. verið varið til kennslu fyrir nýbúa af liðnum *Sérkennsla*. Liðurinn *starfsmenntun* lækkar um 5,6 m.kr. þar sem dregið er úr framboði starfsmenntunar á vegum KHÍ. Aðrir liðir breytast óverulega.

750 - 799 Kennsla fyrir fatlaða og sérskólar fyrir börn og unglinga. Framlag lækkar um 27 m.kr. milli ára og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skólar fyrir fatlaða	133,8	149,6	135,5	-9	1
Öskjuhlíðarskóli	111,8	108,6	105,8	-3	-5
Safamýrarskóli	62,7	55,7	56,1	1	-11
Dalbrautarskóli	16,9	15,6	14,8	-5	-12
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	56,2	60,5	53,3	-12	-5
Hvammshlíðarskóli	29,7	32,8	31,7	-3	7
Einholtsskóli	13,6	13,5	14,5	7	7
Heyrnleysingjaskólinn	42,5	38,4	36,0	-6	-15
Samtals	**467,2**	**474,7**	**447,7**	**-6**	**-4**

Helstu breytingar eru þær að starfsemi málörvunardeildar Hlíðarskóla færist yfir til fræðsluumdæma. Styrkveiting til sumardvalar fatlaðra fellur niður og dregið er úr tækjakaupum og viðhaldi. Framlög til fullorðinsfræðslu fatlaðra lækkar nokkuð vegna endurskipulagningar á þeim fjórum skólum sem sameinaðir voru undir heitinu *Fullorðinsfræðsla fatlaðra*. Nú er jafnvægi komið á starfsemina. Þá lækkar framlag til *Heyrnleysingjaskólans* en nemendum skólans hefur fækkað mjög á liðnum árum.

Önnur fræðslumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 422 Námsgagnastofnun; 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 440 Fullorðinsfræðsla og 884 Jöfnun á námskostnaði.

Heildarframlag er áætlað 354,4 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Námsgagnastofnun	248,9	232,4	229,2	-1	-8
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	5,9	6,6	9,0	36	53
Fullorðinsfræðsla	10,6	15,0	18,0	20	70
Jöfnun á námskostnaði	96,8	98,2	98,2	0	1
Samtals	**362,2**	**352,2**	**354,4**	**1**	**-2**

Framlag til Námsgagnastofnunar lækkar en á móti hækkar framlag til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og *Fullorðinsfræðslu*. Hækkun til síðarnefnda fjárlagaliðarins er að mestu ætluð til kennslu fullorðinna nýbúa. Áætluð útgjöld *Námsgagnastofnunar* verða 229,2 m.kr. og lækka um 3,2 m.kr. milli ára. Lækkunin skýrist af flutningi kennslugagnamiðstöðvar til Kennaraháskóla Íslands auk almennrar hagræðingar. Að öðru leyti er framlag til rekstrar stofnunarinnar óbreytt samanborið við gildandi fjárlög. Framlag til *Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra* verður 9,0 m.kr. og hækkar um 2,4 m.kr. Hækkun skýrist af nýju viðfangsefni *1.02 Nám táknmálstúlka*. Um er að ræða nám til BA-prófs í táknmálstúlkun sem Háskóli Íslands mun hafa umsjón með. Gert er ráð fyrir að námið hefjist haustið 1994.

Lánasjóður íslenskra námsmanna

Framlag til sjóðsins lækkar um 140 m.kr. og verður 1.620 m.kr. Fjallað er um sjóðinn í athugasemdum við B-hluta fjárlaga í 6. kafla.

Söfn, listastofnanir o.fl.

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 901-909 Ýmis söfn; 919 Söfn, ýmis framlög; 972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn; 973 Þjóðleikhús; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands og 977 Þjóðarbókhlaða.

Heildarframlag til málefnaflokksins er 1.183,3 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landsbókasafn Íslands	52,0	53,3	53,7	1	3
Þjóðminjasafn Íslands	76,7	184,6	149,4	-19	95
Þjóðskjalasafn Íslands	54,4	57,8	57,8	0	6
Safnahúsið við Hverfisgötu	7,9	8,3	8,1	-2	3
Listasafn Einars Jónssonar	5,5	7,3	7,4	1	35
Listasafn Íslands	56,3	55,5	63,6	15	13
Kvikmyndasafn Íslands	6,1	8,7	-	.	.
Blindrabókasafn Íslands	28,9	28,0	27,6	-1	-5
Söfn, ýmis framlög	35,7	35,0	21,1	-40	-41
Ísl. dansflokkurinn og Listdansskólinn	46,7	46,0	46,6	1	-0
Þjóðleikhús	268,8	312,0	307,0	-2	14
Sinfóníuhljómsveit Íslands	99,0	102,0	101,0	-1	2
Þjóðarbókhlaða	185,1	338,0	340,0	1	84
Samtals	**923,1**	**1.236,5**	**1.183,3**	**-4**	**28**

Rekstrargjöld, þar með taldar neyslu- og rekstrartilfærslur, eru áætluð 716,4 m.kr. og lækka um 5,6 m.kr. Lækkunin skýrist að mestu af því að rekstur Kvikmyndasafns færist nú á fjárlagalið Kvikmyndasjóðs. Einnig lækkar framlag til reksturs Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar Íslands lítils háttar. Rekstrarframlag til Þjóðminjasafns og Listasafns Íslands hækkar að raungildi, að hluta til vegna flutnings fjár af öðrum fjárlagaliðum.

Heildarframlag til stofnkostnaðar og viðhalds er áætlað 466,9 m.kr. og lækkar um 47,6 m.kr. milli ára. Þar munar mestu um lækkun framlags til endurbóta á húseign Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu. Áætluð innheimta sérstaks eignarskatts sem ráðstafa skal til endurbóta á menningarbyggingum er 340 m.kr. og er áþekk og í fjárlögum 1993. Fjárhæð þessi er færð á fjárlagalið *977 Þjóðarbókhlaða.*

902 Þjóðminjasafn. Rekstrarframlag til safnsins er áætlað 81,7 m.kr. og hækkar um 9,5 m.kr. vegna tilflutnings verkefna og fjárveitinga frá öðrum fjárlagaliðum. Á safnlið grunnskóla *720 Grunnskólar, almennt* er í fjárlögum 1993 áætlað fyrir sem nemur tveimur stöðum vegna safnakennslu. Það viðfangsefni fellur nú niður og kostnaður færður á Þjóðminjasafn og Listasafn Íslands. Rekstrarviðfangsefnið *1.10 Byggða- og minjasöfn* er nýtt og er framlag 8,3 m.kr. vegna launa safnvarða og annars rekstrarkostnaðar. Fjárveiting til byggða- og minjasafna var áður færð á fjárlagalið *919 Söfn, ýmis framlög* en er nú færð á fjárlagalið Þjóðminjasafns til að tryggja betur framgang ákvæða þjóðminjalaga um eftirlit þjóðminjaráðs með byggðasöfnum og greiðslu-

skyldu ríkissjóðs. Framlag á þessum fjárlagalið er bæði fært á rekstrarviðfangsefni og stofnkostnaðarviðfangsefni og nemur alls 14 m.kr. Heildarframlag til viðhalds og stofnkostnaðar lækkar um 44,7 m.kr. og verður 67,7 m.kr. Fjárveiting til húseignarinnar við Suðurgötu verður 30 m.kr. og lækkar um 60 m.kr. Framkvæmdum hefur ekki miðað eins hratt og áætlað var en ónýtt fjárveiting þessa árs verður flutt yfir á næsta ár. Á móti bætast við tvö ný viðfangsefni, *6.03 Nesstofa* og *6.10 Byggða- og minjasöfn* en eins og áður segir var fjárveiting vegna þeirra áður færð á *919 Söfn, ýmis framlög*.

907 Listasafn Íslands. Rekstrarframlag er áætlað 41,6 m.kr. en það er hækkun um 11% milli ára. Hækkunin er m.a. tilkomin vegna flutnings kostnaðar af fjárlagalið *720 Grunnskólar, almennt* sem nemur einu starfi vegna safnakennslu. Launagjöld og annar rekstrarkostnaður hækkar einnig vegna aukins húsnæðis hjá safninu. Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar er svipuð og í fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldu 4 m.kr. viðhaldsfé til Landshöfðingjahúss, Skálholtsstíg 7. Listasafn Íslands hefur nú fengið húsið til afnota en það var nýtt af Menningarsjóði fram til ársloka 1992.

908 Kvikmyndasafn Íslands. Þessi fjárlagaliður er nú felldur niður en rekstrarkostnaður vegna safnsins er færður á fjárlagaliðinn *981 Kvikmyndasjóður*. Um nánari skýringar vísast til umfjöllunar um þann fjárlagalið.

919 Söfn, ýmis framlög. Framlag til þessa fjárlagaliðar lækkar um 8,2 m.kr. og er áætlað 14,8 m.kr. Lækkun skýrist af tilflutningi á fjár vegna byggða- og minjasafna til Þjóðminjasafns.

977 Þjóðarbókhlaða. Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal fram til aldamóta lagður á sérstakur eignarskattur sem á að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana og stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins. Gert er ráð fyrir að tekjur af þessum skatti verði um 345 m.kr. á þessu ári en á árinu 1994 eru tekjur áætlaðar um 340 m.kr. og er það ráðstöfunarfé sjóðsins. Sú fjárhæð færist öll á fjárlagalið Þjóðarbókhlöðu. Um næstu áramót er áætlað að kostnaður við að ljúka byggingarframkvæmdum, við innréttingar og ýmiss konar stofnbúnað o.fl. verði um 600 m.kr. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði mjög langt komnar í árslok 1994 og að hægt verði að taka húsið í notkun fyrri hluta árs 1995.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins; 976 Menningarsjóður; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarsjóður; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndasjóður; 982 Listir, framlög; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 985 Alþjóðleg samskipti; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál; 997 Uppgjör við sveitarfélög og 999 Ýmislegt.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Kvikmyndaeftirlit ríkisins	0,4	1,1	1,6	45	300
Menningarsjóður	1,4	-	9,0	.	543
Listasjóðir	-	100,1	107,5	7	.
Húsafriðunarsjóður	-	10,5	10,5	0	.
Listskreytingasjóður	12,0	12,0	12,0	0	0
Kvikmyndasjóður	94,4	111,0	111,0	0	18
Listir, framlög	266,7	173,2	176,7	2	-34
Ýmis fræðistörf	24,8	15,0	15,0	0	-40
Norræn samvinna	4,2	5,0	7,0	40	67
Alþjóðleg samskipti	33,9	75,0	87,0	16	157
Æskulýðsmál	33,8	28,0	25,0	-11	-26
Ýmis íþróttamál	89,6	73,4	73,0	-1	-19
Uppgjör við sveitarfélög	397,4	405,0	330,0	-19	-17
Ýmislegt	57,8	19,6	22,7	16	-61
Samtals	**1.016,4**	**1.028,9**	**988,0**	**-4**	**-3**

Heildarframlag er 988 m.kr. samanborið við 1.028,9 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Lækkun útgjalda skýrist af lækkun framlags til stofnkostnaðar en á móti hækka rekstrartilfærslur. Fjárlagaliðurinn *998 Ráðstöfunarfé* sem áður taldist til þessa málefnaflokks heyrir nú undir málefnaflokkinn *Ráðuneyti*. Tölur úr reikningi 1992 og fjárlögum 1993 eru sýndar með þeim málefnaflokki og hafa því ekki áhrif á samanburð hér. Framlag til rekstrar Kvikmyndasafns er nú hluti af fjárveitingu Kvikmyndasjóðs og skekkir það samanburðartölur sjóðsins.

Framlag til rekstrar og styrkja hækkar um 30,1 m.kr. og verður 626,5 m.kr. Menningarsjóður og Listasjóðir eru nýir liðir en einnig hækkar framlag til Norrænnar samvinnu og Alþjóðlegra samskipta. Á móti lækka aðrir styrkjaliðir lítillega.

Til viðhalds- og stofnkostnaðar eru ætlaðar 361,5 m.kr. Lækkun milli ára um 71 m.kr. skýrist nær eingöngu af lækkun framlags til uppgjörs sveitarfélaga. Framlag til Listskreytingasjóðs og Húsafriðunarsjóðs er það sama og í fjárlögum 1993 þrátt fyrir ákvæði laga um þessa sjóði.

976 Menningarsjóður. Framlag er 9 m.kr. en ekkert framlag var til sjóðsins í fjárlögum 1993. Á 116. löggjafarþingi voru samþykkt ný lög um Menningarsjóð sem felldu gömlu lögin um sjóðinn úr gildi. Meginbreytingin var sú að öllum rekstri á vegum Menningarsjóðs og bókaútgáfu hans var hætt. Þar með féll niður kostnaður vegna starfsmannahalds og rekstrar því tengdu, svo sem húsnæðiskostnaður. Menntamálaráð var lagt niður en í stað þess var skipuð þriggja manna stjórn Menningarsjóðs. Tekjustofn sjóðsins er hinn sami og samkvæmt gömlu lögunum, þ.e. gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum auk fjárveitingar sem veitt er í fjárlögum hverju sinni. Áætlaðar markaðar tekjur sjóðsins eru 7 m.kr. á næsta ári.

978 Listasjóðir. Þetta er nýr fjárlagaliður en framlag til listasjóða var áður fært á viðfangsefni á fjárlagalið *982 Listir, framlög*. Framlag er 107,5 m.kr. og hækkar um 7,4 m.kr. samanborið við gildandi fjárlög. Í lögum nr. 35/1991, um listamannalaun, er kveðið á um að almenn listamannalaun skulu veitt úr fjórum sjóðum: Launasjóði rithöfunda, launasjóði myndlistarmanna, tónskáldasjóði og listasjóði. Við gildistöku

laganna voru samanlögð starfslaun miðuð við 900 mánaðarlaun en samkvæmt ákvæðum laganna skulu bætast við 60 mánaðarlaun á ári næstu 5 árin. Hækkun fjárveitingar nú stafar því af viðbót sem nemur 60 mánaðarlaunum. Miðað við forsendur laganna mun framlag til listasjóðanna ná jafnvægi í fjárlögum 1997.

981 Kvikmyndasjóður. Samkvæmt lögum nr. 94/1984, um kvikmyndamál, eru tekjur sjóðsins söluskattur, nú virðisaukaskattur, af seldum miðum kvikmyndahúsa. Markaðar tekjur eru áætlaðar 111 m.kr. og er það framlag til sjóðsins. Sú breyting er gerð á framsetningu framlagsins að 12 m.kr. eru aðgreindar frá styrkfé og ætlaðar til reksturs sjóðsins og Kvikmyndasafns en fjárlagaliður *908 Kvikmyndasafn* er nú felldur niður. Rekstrarkostnaður vegna sjóðsins hefur fram að þessu verið greiddur af styrktarfé en einnig hafa verið afar óskýr mörk milli Kvikmyndasafns og Kvikmyndasjóðs. Með þessari breytingu er gerð tilraun til að koma hér á festu og gerður er skýr greinarmunur á fjárveitinga til rekstrar og til styrktar íslenskri kvikmyndagerð.

982 Listir, framlög. Framlag verður 176,7 m.kr. en meginbreytingin á þessum fjárlagalið er að framlag til listasjóða samkvæmt lögum nr. 35/1991 er nú fært á sérstakan fjárlagalið *978 Listasjóðir.* Önnur viðfangsefni eru með áþekkt framlag og í fjárlögum 1993 eða hækka lítillega umfram verðlag. Viðfangsefni *1.90 Listir, framlög* verður 44,7 m.kr. og hækkar um 1,7 m.kr. Þetta er safnliður en svigrúm til hækkunar styrkja er meira en fyrrgreind hækkun gefur til kynna vegna tilflutnings á verkefnum. Framlag til myndlistarskóla í Reykjavík og á Akureyri, sem áður var fært á þetta viðfangsefni, er nú fært á safnlið framhaldsskóla, *319 Framhaldsskólar, almennt.*

984 Norræn samvinna. Framlag til norrænnar samvinnu verður 7 m.kr. og hækkar um 2 m.kr. milli ára. Í mars á næsta ári munu Íslendingar taka við formennsku í tveimur norrænum ráðherranefndum á stjórnsýslusviði menntamálaráðuneytis, þ.e. ráðherranefnd menningarmála og ráðherranefnd mennta- og vísindamála. Hækkun framlags er til að mæta auknum kostnaði vegna þessa.

985 Alþjóðleg samskipti. Framlag hækkar um 12 m.kr. og verður 87 m.kr. Hækkun framlags er vegna samningsbundinna fjárframlaga á sviði rannsókna- og þróunarverkefna sem tengjast ákvæðum EES-samnings um vísindasamstarf við EB.

988 Æskulýðsmál. Framlag lækkar um 3 m.kr. og verður 25 m.kr. Lækkun er vegna viðfangsefnisins *1.18 Iðnnemasamband Íslands* en það fellur nú brott og kostnaður færist á málefnaflokkinn *Framhaldsskólar og héraðsskólar.*

997 Uppgjör við sveitarfélög. Framlag verður 330 m.kr. og lækkar um 75 m.kr. en um lokagreiðslu er að ræða. Í lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga segir um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga að fara skuli eins og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990-1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili. Greiðslur urðu verulega umfram upphaflega áætlun og var því ákveðið að skipta eftirstöðvum á árin 1993 og 1994. Fjárveiting á þessum fjárlagalið nú er lokagreiðsla en frestun uppgjörs var fyrst og fremst við þau sveitarfélög þar sem greiðslur reyndust mun hærri en upphaflega var áætlað.

999 Ýmislegt. Framlag hækkar um 3,1 m.kr. og verður 22,7 m.kr. Framlag til viðhalds á *Gamla Stýrimannaskólanum við Öldugötu* verður 4 m.kr. Ekkert framlag var til þessa í fjárlögum 1993 en í fjárlögum 1992 voru veittar 3 m.kr. til viðhalds á húsinu. Húsið hefur staðið nánast autt síðastliðin fjögur ár en brýn nauðsyn er á viðhaldi bæði utan sem innan húss. Á móti þessu stofnkostnaðarframlagi lækka rekstrartilfærslur að raungildi.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld utanríkisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	406,9	338,6	323,3	-5	-21
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	172,5	152,7	142,4	-7	-17
Sendiráð og fastanefndir	418,0	456,6	482,4	6	15
Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	380,5	517,2	602,0	16	58
Rekstrarhagræðing	-	5,7	-	.	.
Samtals	**1.377,9**	**1.470,8**	**1.550,1**	**5**	**13**
Rekstrarkostnaður	954,8	913,1	912,7	-0	-4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	391,6	530,1	609,8	15	56
Stofnkostnaður og viðhald	31,5	27,6	27,6	-	-12
Samtals	**1.377,9**	**1.470,8**	**1.550,1**	**5**	**13**

Sú breyting hefur verið gerð á skipan fjárveitinga milli ráðuneyta að framlag til Norrænu ráðherranefndarinnar, bæði til skrifstofu hennar hér heima og framlag Íslands til fjárlaga hennar, færist frá utanríkisráðuneyti til forsætisráðuneytis. Þá hafa framlög til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar verið flutt til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og framlög til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til félagsmálaráðuneytis. Tölur fyrir fjárlög 1993 og reikning 1992 í töflunni hér að ofan hafa verið aðlagaðar þessum breytingum. Að gerðum þessum leiðréttingum nemur heildarfjárveiting til utanríkisráðuneytis 1.550 m.kr. fyrir árið 1994 og hækkar um 5% í krónutölu milli ára. Sú hækkun kemur að mestu fram á fjárveitingum til friðargæslustarfs Sameinuðu þjóðanna svo og til útgjalda tengdum EFTA og Evrópska efnahagssvæðinu. Þessum hækkunum hefur verið mætt með niðurskurði á rekstrargjöldum og á framlögum til þróunarmála.

Ráðuneyti

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 101 Aðalskrifstofa; 102 Varnarmálaskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé ráðherra. Liður 103 á fjárlögum 1993, Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs, hefur nú færst til forsætisráðuneytis, svo sem áður er getið. Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 323,3 m.kr. og lækkar um 7% frá fjárlögum 1993. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu fjárveitingar á einstaka fjárlagaliði.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	368,7	296,5	283,7	-4	-23
Varnarmálaskrifstofa	38,2	37,1	34,6	-7	-9
Ráðstöfunarfé ráðherra	-	5,0	5,0	-	.
Samtals	**406,9**	**338,6**	**323,3**	**-5**	**-21**

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting lækkar um 12,8 m.kr. frá fjárlögum 1993 og verður 283,7 m.kr. Framlag til *Yfirstjórnar* lækkar um 9,1 m.kr. og er sú lækkun komin til vegna þess að á þessu ári er 12,5 m.kr. fjárveiting til greiðslu á húsnæðiskostnaði og launakostnaði við sendiráðið í Brussel færð á yfirstjórn en með frumvarpinu er þessi fjárhæð flutt á sendiráðið í Brussel. Lokun skrifstofu *Fastanefndar Íslands hjá RÖSE í Vín* verður til þess að þessum þætti í starfsemi ráðuneytisins verður sinnt af aðalskrifstofu eins og gert var þar til á árinu 1993. Því færast 9,9 m.kr. á *Yfirstjórn* og *Alþjóðaráðstefnur*. Fjárveiting til *Viðskiptaskrifstofu* lækkar um 5,7 m.kr., en verkefni hennar hafa dregist saman eftir að samningum um Evrópska efnahagssvæðið lauk. Kostnaður við *Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins* lækkar sömuleiðis um 2,4 m.kr. Þá hækkar fjárveiting til *Tækja og búnaðar* um 3 m.kr. frá fyrra ári vegna kostnaðar við væntanlegan flutning aðalskrifstofu ráðuneytisins. Aðrar breytingar á fjárveitingum til aðalskrifstofu eru óverulegar.

102 Varnarmálaskrifstofa. Fjárveiting til skrifstofunnar lækkar um 2,5 m.kr. 1993 í 34,6 m.kr. 1994. Gert er ráð fyrir að leggja niður tvær nefndir og fella niður fjárveitingu til eins starfs. Sértekjur hækka nokkuð vegna nýrra lóðarleigusamninga sem skrifstofan er að gera á varnarsvæðinu.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Fjárveiting til embættisins lækkar verulega eða úr 152,7 m.kr. 1993 í 142,4 m.kr. 1994. Ætlunin er að ná þessari lækkun fram á rekstri lögreglunnar, en fjárveiting til hennar lækkar um 13,3 m.kr. í 58,6 m.kr. Lækkuninni verður aðallega mætt með því að þátttaka lögreglunnar í vörslu á Flugstöð Leifs Eiríkssonar verður færð yfir á rekstur Flugstöðvarinnar. Lögreglan hefur annast þessa vörslu hingað til og hefur það bundið 4-5 lögreglumenn. Við bætist eitt viðfangsefni, *1.30 Fíkniefnaeftirlit* með 2,9 m.kr. fjárveitingu.

Sendiráð og fastanefndir

Til þessa málefnaflokks heyra öll sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis. Heildarfjárveiting til málefnaflokksins verður 482,4 m.kr. og hækkar um 25,8 m.kr. frá fjárlögum 1993. Sú hækkun er eingöngu til komin vegna gengisbreytinga milli ára og tilfærslu fjár frá aðalskrifstofu til sendiráða svo sem skýrt var frá í kaflanum um aðalskrifstofu hér á undan.

Að raungildi lækkar fjárveiting til sendiráða og fastanefnda um tæp 2%. Það hlýst m.a. af því að fjárlagaliður *313 Fastanefnd Íslands hjá RÖSE í Vín*, sem er á fjárlögum þessa árs, er nú brott fallinn þar sem fastanefndin verður lögð niður, sem áður getur. Fjárveiting til fastanefndarinnar nemur 24,4 m.kr. á þessu ári og af þeirri fjárhæð munu um 14,5 m.kr. sparast. Í fjárlögum 1993 er fastanefnd Íslands hjá RÖSE í Vín sérstök stofnun sem sett var á laggirnar til hagræðis og með lítils háttar kostnaðarauka frá þeim tíma er þátttöku í Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu var sinnt án fastrar búsetu í Vín. Með framangreindum sparnaði mun þátttaka Íslands í starfi ráðstefnunnar óhjákvæmilega minnka nokkuð.

Fyrir ári var ákveðið að sendiherra Íslands í Bandaríkjunum gegndi jafnframt starfi fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York. Við þessa ráðstöfun var þá talið að sparast mundi um 8 m.kr. Þegar til kom var ekki talið stætt á að halda við þessa ákvörðun allt yfirstandandi ár, m.a. sökum þess að Ísland var kosið til þátttöku í umhverfisnefnd Sameinuðu þjóðanna. Ríkisstjórnin taldi því nauðsynlegt að skipa á ný sendiherra í stöðu fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og hefur sendiherra með aðsetur í New York verið skipaður frá 1. september á þessu ári. Í sparnaðarskyni er ákveðið að leggja niður starf eins starfsmanns við Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum frá miðju næsta ári. Þá verður ekki skipaður sendiherra við Fastanefnd Íslands í Genf til ársloka 1994, þegar núverandi sendiherra hverfur þar frá störfum í september á því ári. Loks lækkar viðhalds- og stofnkostnaður sendiráða og fastanefnda um 3 m.kr. í 17,6 m.kr.

Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi; 399 Ýmis utanríkismál og 401 Alþjóðastofnanir. Framlag til þessa málefnaflokks nemur 602 m.kr. og hækkar um 26,9 m.kr. frá fjárlögum 1993. Sé hins vegar tekið tillit til þess að fjárveitingar samtals 73,3 m.kr. eru færðar af þessum málefnaflokki yfir á önnur ráðuneyti, svo sem skýrt er hér á eftir, hækkar framlagið á þessum lið um 84,8 m.kr. eða 16% milli ára. Miklar breytingar verða á fjárveitingum innan þessa málefnaflokks. Fjárveitingar til friðargæsluverkefna hækka um 63,7 m.kr. og til viðfangsefna tengdum EFTA og Evrópska efnahagssvæðinu um 36,4 m.kr. Þá hækka nokkur framlög til alþjóðastofnana, m.a. til Atlantshafsbandalagsins og Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, einkum vegna átaka á Balkanskaga og í lýðveldum sem áður mynduðu Sovétríkin.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands lækkar um 14 m.kr. frá fjárlögum 1993 í 147 m.kr. 1994. Ekki er enn ljóst á hvern hátt þessi lækkun kemur niður á þróunarverkefnum þeim sem Ísland stendur að, en þau eru nú unnin á Grænhöfðaeyjum, í Namibíu og Malawi.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Framlög á þessum fjárlagalið lækka úr 109,2 m.kr. í fjárlögum 1993 í 80,2 m.kr. 1994. Skýrist sú lækkun fyrst og fremst af því að hluti þeirra verkefna sem kostuð voru af lið *1.90 Ýmis neyðaraðstoð* hafa í frumvarpi þessu verið flutt aftur til þess fjárlagaliðs þar sem þau voru fyrir ári, *09 990 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.* Fjárveiting á liðnum

1.90 Ýmis neyðaraðstoð nam 30 m.kr. á fjárlögum 1993 en þar af var ákveðið að verja 12,6 m.kr. til friðargæslu Sameinuðu þjóðanna í Kambódíu. Það verkefni færist meðal fjárveitinga í utanríkisráðuneyti og flyst á fjárlagalið *401 1.65.* Til annarra viðfangsefna er lagt til að veitt verði álíka fé og á þessu ári.

401 Alþjóðastofnanir. Fjárveitingar á þessum fjárlagalið hækka úr 302,8 m.kr. 1993 í 372,5 m.kr. 1994. Hækkunin verður þrátt fyrir að viðfangsefni að fjárhæð 73,3 m.kr. hafa færst brott af þessum lið yfir á önnur ráðuneyti. Hér er um að ræða 60,7 m.kr. framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar sem færist yfir til forsætisráðuneytis á fjárlagalið *01 103 1.61,* framlag til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, 8,1 m.kr., er færist á lið *08 399 1.81* og loks 4,5 m.kr. framlag til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, er færist á lið *07 999 1.81.*

Fjárveitingum á fjárlagalið *401 Alþjóðastofnanir* má skipta í þrennt; framlög til friðargæsluverkefna, framlög í tengslum við EFTA og loks önnur framlög til alþjóðastofnana.

Framlög til friðargæsluverkefna ná til viðfangsefna *1.23, 1.45 - 1.52 og 1.58 - 1.66.* Hér er samtals um tíu friðargæsluverkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna að ræða. Þau eru á Kýpur, fyrir botni Miðjarðarhafs, í Líbanon, fyrir botni Persaflóa, á Balkanskaga, í El Salvador, Angólu, Sómalíu, Kambódíu og Mósambík. Á þessu ári voru verkefnin aðeins fimm og fjárveiting til þeirra 28,2 m.kr. Á næsta ári er ætlað að verkefnin tíu muni kosta Íslendinga 91,9 m.kr. Þennan kostnaðarauka má rekja til þess að Sameinuðu þjóðirnar hafa tekist á hendur stóraukin friðargæsluverkefni og skipta kostnaðinum af þeim milli aðildarþjóðanna. Litið er á þetta sem skyldaframlög Íslands í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna.

Framlög í tengslum við EFTA er að finna á viðfangsefnunum *1.70 - 1.73.* Samtals hækkar fjárveiting til þessara viðfangsefna um 36,4 m.kr. í 151,8 m.kr. Hækkunin á *1.73 Þróunarsjóði EFTA* nemur 21,5 m.kr., á *1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA* 6,2 m.kr. og á *1.72 EFTA dómstólnum* 10 m.kr. en á móti lækkar framlag til *1.70 Fríverslunarsamtaka Evrópu* um 1,3 m.kr. Hækkun þriggja fyrst töldu liðanna stafar m.a. af því að Sviss ákvað að taka ekki þátt í EES samkomulaginu og tekur því ekki þátt í þeim stofnunum sem tengjast því. Sviss hefði borið að greiða 28% af kostnaðinum við þær stofnanir og hækkar því framlag annarra EFTA þátttakenda samsvarandi. Hins vegar lækkar þátttökukostnaður Íslands í rekstri aðalstöðva EFTA vegna þess að framlagshluti Íslands til þeirrar stofnunar var leiðréttur til lækkunar.

Önnur framlög til alþjóðastofnana. Hér er um framlög að ræða til ýmissa stofnana á alþjóðavettvangi sem Ísland er aðili að. Átt er við viðfangsefnin *1.10 - 1.16, 1.31 - 1.41, 1.54 - 1.57 og 1.75.* Að þeim þremur stofnunum frátöldum þar sem fjárveitingar færast til annarra ráðuneyta, eykst fjárveiting til þessara stofnana um 15 m.kr. og verður 128,8 m.kr. í frumvarpi þessu. Þar af eru 6 m.kr. rekjanlegar til aukins framlags til Atlantshafsbandalagsins, aðallega vegna aukinna útgjalda í tengslum við ófriðinn á Balkanskaga. Auk þess hefur bæst við nýr liður, *1.75 Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu*, en fjárveiting nemur 7 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	86,4	95,6	99,0	4	15
Landbúnaðarstofnanir	501,7	482,6	466,6	-3	-7
Skógrækt og landgræðsla	426,4	414,4	404,6	-2	-5
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.784,8	5.702,0	5.216,0	-9	-41
Ýmsar greiðslur	919,0	746,6	650,8	-13	-29
Rekstrarhagræðing	-	7,5	-	.	.
Samtals	**10.718,3**	**7.448,7**	**6.837,0**	**-8**	**-36**
Rekstrarkostnaður	902,4	902,3	859,3	-5	-5
Neyslu- og rekstrartilfærslur	9.714,5	6.462,1	5.893,4	-9	-39
Stofnkostnaður og viðhald	101,4	84,3	84,3	0	-17
Samtals	**10.718,3**	**7.448,7**	**6.837,0**	**-8**	**-36**

Heildarútgjöld ráðuneytisins eru áætluð 6.837 m.kr. á næsta ári samanborið við 7.449 m.kr. í fjárlögum 1993. Minni útgjöld vegna búvöruframleiðslu skýra þessa lækkun að langmestu leyti.

Nokkur breyting hefur orðið á framsetningu einstakra fjárlagaliða og skipun málefnaflokka eins og greint er frá hér á eftir. Í umfjölluninni er allur talnasamanburður miðaður við hina nýju flokkun. Skipting fjárlaga 1993 og reiknings 1992 hefur því verið löguð að henni. Hér á eftir verður fjallað um einstaka málefnaflokka og fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Undir liðnum 190 Ýmis verkefni eru færð þau viðfangsefni sem áður voru færð undir 299 Búnaðarmál, ýmis verkefni og 239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni.

Heildarframlag nemur 99 m.kr. samanborið við 95,6 m.kr. í fjárlögum 1993. Hækkun stafar af sérstöku framlagi til *Landgræðsluáætlunar.* Hér er um að ræða kostnað vegna sérstaks fagráðs í landgræðslu.

Landbúnaðarstofnanir

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins; 221 Veiðimálastofnun; 231 Yfirdýralæknir; 261 Bændaskólinn á Hvanneyri; 271 Bændaskólinn á Hólum; 281 Garðyrkjuskóli ríkisins og 291 Hagþjónusta landbúnaðarins.

Heildarframlag nemur 466,6 m.kr. samanborið við 482,6 m.kr. í fjárlögum 1993. Lækkun framlags skýrist af almennri hagræðingu í rekstri þeirra stofnana sem falla undir málefnaflokkinn. Þá eru Sauðfjárveikivarnir lagðar niður sem sérstök stjórnsýslueining og sú starfsemi færð undir Embætti yfirdýralæknis. Er þetta í samræmi við ný lög, nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma.

Greiðslur til bænda vegna riðuveiki eru nú færðar á sérstakan fjárlagalið 851 Greiðslur vegna riðuveiki.

Skógrækt og landgræðsla

Undir þennan málefnaflokk falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins og 331 Héraðsskógar.

Heildarframlag nemur 404,6 m.kr. samanborið við 414,4 m.kr. í fjárlögum 1993 og skýrist lækkunin af almennri hagræðingu í rekstri Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Framlag til Héraðsskóga eykst nokkuð að raungildi og nemur alls 53,3 m.kr.

Viðfangsefnið *Sérstök verkefni* hjá Skógrækt ríkisins skiptist þannig að 20 m.kr. eru til skógræktarstarfa bænda, 15 m.kr. til nytjaskóga, 13,1 m.kr. til sérverkefna og 6 m.kr. til 15-ára áætlunar um nytjaskógrækt. Viðfangsefnið *Sérstök verkefni* hjá Landgræðslu ríkisins skiptist þannig að 20 m.kr. eru til landgræðslustarfa bænda og 59,7 m.kr. til sérverkefna.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu; 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 809 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

Heildarframlag nemur 5.216 m.kr. samanborið við 5.702 m.kr. í fjárlögum 1993. Þessi lækkun kemur fram á ýmsum liðum eins og skýrt er frá hér á eftir:

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Heildarframlag er áætlað 2.568 m.kr. samanborið við 2.731 m.kr. í fjárlögum 1993. Heildarneysla á mjólkurvörum hefur verið stöðug og er gert ráð fyrir 100 milljón lítra greiðslumarki á næsta ári líkt og í ár. *Beinar greiðslur til bænda* eru áætlaðar 2.460 m.kr. vegna tólf mánaða samanborið við 2.446 m.kr. framlag á yfirstandandi ári vegna ellefu mánaða og niðurgreiðslna samkvæmt eldra fyrirkomulagi í einn mánuð. Við mat á framlagi er tekið tillit til umsaminnar framleiðniaukningar samkvæmt búvörusamningi en hún nemur 2%. Í fjárlögum 1993 voru veittar 175 m.kr. vegna *Uppgjörs mjólkurbirgða* í tengslum við gildistöku nýs búvörusamnings. Það fellur nú niður.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Heildarframlag er áætlað 2.648 m.kr. samanborið við 2.727 m.kr. í fjárlögum 1993. Heildarneysla á kindakjöti hefur minnkað verulega að undanförnu og hefur töluvert magn af umframbirgðum safnast upp þar sem framleiðsla hefur ekki dregist saman í takt við minnkandi neyslu. Greiðslumark til bænda hefur verið ákveðið 7.400 tonn á næsta ári. Er þá tekið tillit til niðurfærslu 270 tonna umframbirgða. *Beinar greiðslur til bænda* eru áætlaðar 1.538 m.kr. á næsta ári samanborið við 1.706 m.kr. í fjárlögum 1993. Samhliða lækkun á beinum greiðslum til bænda hefur verið ákveðið að nýta sérstakt heimildarákvæði í búvörusamningi og veita 55 m.kr. úr ríkissjóði til að fjármagna sérstakt *Átak í sölu kindakjöts á innlendum neytendamarkaði* á næsta ári. Gert er ráð fyrir 290 m.kr. framlagi til *niðurgreiðslu á vaxta- og geymslukostnaði afurðastöðva* á næsta ári. Í fjárlögum 1993 eru veittar 250 m.kr. til þess, en útlit er fyrir að útgjöld verði verulega umfram heimildir fjárlaga. Þessar niðurgreiðslur eru nú til endurskoðunar. Enn fremur er gert ráð fyrir 250 m.kr. framlagi til *niðurgreiðslu á ull og gærum.* Fyrirhugað er að takmarka niðurgreiðslur á ull og nýta fé til niðurgreiðslu á gærum. Loks skal þess

getið að hið sérstaka 10 m.kr. viðbótarframlag til Lífeyrissjóðs bænda samkvæmt búvörusamningi er hluti af heildarframlagi ríkissjóðs til sjóðsins á þessum fjárlagalið.

809 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Ekki er gert ráð fyrir framlagi á þessum fjárlagalið á næsta ári enda falla niðurgreiðslur á nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðum niður. Í fjárlögum 1993 nam framlag vegna þessa samtals 210 m.kr. Upptaka lægra þreps í virðisaukaskatti fyrir matvæli mun vega upp brottfall þessara niðurgreiðslna að fullu. Þá fellur niður framlag til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri. Í fjárlögum 1993 nam framlag vegna þess samtals 34 m.kr. Ríkissjóður yfirtók á þessu ári samtals 300 m.kr. af skuldum loðdýrabænda á þeirri forsendu að þessum niðurgreiðslum yrði hætt.

Ýmis framlög

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 811 Búnaðarfélag Íslands; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 841 Fiskeldisrannsóknir og 851 Greiðslur vegna riðuveiki.

Heildarframlag nemur 650,8 m.kr. samanborið við 746,6 m.kr. í fjárlögum 1993. Þessi lækkun kemur fram á ýmsum liðum eins og skýrt er frá hér á eftir:

811 Búnaðarfélag Íslands. Undir þennan fjárlagalið er fært hið almenna framlag til Búnaðarfélags Íslands auk framlaga samkvæmt búfjárræktarlögum og jarðræktarlögum sem Búnaðarfélagið annast greiðslu á fyrir hönd ríkissjóðs. Heildarframlag nemur samtals 198,6 m.kr. samanborið við 264,4 m.kr. í fjárlögum 1993. Samkvæmt lögum nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, eru styrkveitingar vegna jarðræktarframkvæmda háðar fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni. Gert er ráð fyrir að ekki verði veitt fé til nýrra framkvæmda á næsta ári líkt og á yfirstandandi ári. Á þessu ári lýkur uppgjöri eldri jarðræktarframkvæmda, að fjárhæð samtals 70 m.kr., sem skýrir þá lækkun sem verður á framlagi til þessa fjárlagaliðar milli ára. Framlag ríkissjóðs til Búnaðarfélags Íslands og héraðsbúnaðarsambanda á meðal annars að standa undir kostnaði vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna.

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Samkvæmt búvörusamningi var gert ráð fyrir 300 m.kr. framlagi til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á þessu ári og 250 m.kr. framlagi á því næsta. Við fjárlagagerð fyrir árið 1993 var ákveðið að víxla þessum fjárhæðum milli ára. Það var unnt vegna mjög sterkrar fjárhagsstöðu sjóðsins. Þannig voru veittar 250 m.kr. í fjárlögum 1993 á þeirri forsendu að 300 m.kr. rynnu til sjóðsins á næsta ári.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Á næsta ári fellur niður sérstakt 75 m.kr. viðbótarframlag til Jarðasjóðs samkvæmt búvörusamningi. Heildarframlag nemur 35 m.kr. samanborið við 115 m.kr. í fjárlögum 1993.

841 Fiskeldisrannsóknir. Á vegum landbúnaðarráðuneytis er unnið að endurskipulagningu á fyrirkomulagi fiskeldisrannsókna hjá Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði og Stofnfiski hf. að Kalmannstjörn. Gert er ráð fyrir að verja 30 m.kr. til fiskeldisrannsókna á næsta ári sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1993.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	182,2	136,2	133,3	-2	-27
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	845,6	669,0	936,3	40	11
Rekstrarhagræðing	-	7,0	-	.	.
Samtals	**1.027,8**	**812,2**	**1.069,6**	**32**	**4**
Rekstrarkostnaður	731,5	610,9	887,8	45	21
Neyslu- og rekstrartilfærslur	133,0	56,6	56,6	-	-57
Stofnkostnaður og viðhald	163,3	144,7	125,2	-13	-23
Samtals	**1.027,8**	**812,2**	**1.069,6**	**32**	**4**

Heildarframlag til ráðuneytisins nemur 1.069 m.kr. og hækkar um nær þriðjung milli ára. Skýringin á hækkuninni er að í fjárlögum ársins 1993 var gert ráð fyrir að Hafrannsóknastofnun hefði 302 m.kr. í tekjur af sölu aflaheimilda sem varið yrði til að reka stofnunina. Ekki varð af þessu á þann hátt sem ætlað var eins og nánar er vikið að í umfjöllun um stofnunina hér á eftir. Því hækkar framlag til Hafrannsóknastofnunar um rúmar 300 m.kr. milli ára sem er meginskýringin á hækkun á heildarframlagi til ráðuneytisins. Að teknu tilliti til þessarar breytingar hefur heildarframlag til ráðuneytisins lækkað um 45,5 m.kr. eða 5,6%. Af þessari lækkun eru tæpar 20 m.kr. lækkun á stofnkostnaði.

Ráðuneyti

Undir þennan málefnaflokk heyra fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa ráðuneytisins; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé ráðherra og 221 Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hér hefur orðið sú breyting á niðurröðun fjárlagaliða að þrír síðast töldu liðirnir eru nú færðir með þessum málefnaflokki en voru áður undir öðrum málefnaflokkum. Samtals eru 133,3 m.kr. ætlaðar til þessa málefnaflokks, og lækkar hann um 3 m.kr. frá fyrra ári á sambærilegum grundvelli.

101 Aðalskrifstofa. Framlag til *Aðalskrifstofu* lækkar um 3,3 m.kr. milli ára. Mun ráðuneytið eftir því sem mögulegt er draga úr utanferðum, aðkeyptri sérfræðiþjónustu og yfirvinnu starfsfólks til að mæta þessum niðurskurði.

199 Ýmis verkefni. Framlag til liðarins *Ýmis verkefni* nær til fimm viðfangsefna. Heildarfjárveiting nemur 57,4 m.kr. og stendur því sem næst í stað í krónutölu frá fyrra ári.

Til viðfangsefnisins *1.20 Eldi sjávardýra* er varið 19 m.kr., sömu fjárhæð og á þessu ári. Þetta er rannsóknaverkefni er hófst árið 1991 og er áformað að standi alls í sex ár. Hér er um að ræða tilraunir með lúðuklak hjá Fiskeldi Eyjafjarðar og að Stað í Grindavík, en á Dalvík fara fram klaktilraunir á lúðu, þorski og hlýra. Það er samstarfsverkefni sem styrkt er af Norræna iðnþróunarsjóðnum.

Til viðfangsefnisins *1.31 Stjórn fiskveiða* er veitt 11,7 m.kr., 300 þús.kr. hærra en á þessu ári. Sú fjárhæð á að standa undir ýmsum útgjöldum tengdum fiskveiðistjórnun.

Viðfangsefnið *1.32 Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi* tekur til ýmissa verkefna. Fjárveiting er óbreytt frá þessu ári, 21,7 m.kr. Verkefni sem kostuð eru undir þessu viðfangsefni eru meðal annars starfsmenntun í fiskvinnslu, starf aflanýtingarnefndar, stofnsetning aflakaupabanka og ígulkerarannsóknir.

Rannsókna- og eftirlitsstofnanir

Eftirtaldir fjárlagaliðir heyra undir þennan málefnaflokk: 201 Fiskifélag Íslands; 202 Hafrannsóknastofnun; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 216 Ríkismat sjávarafurða; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 936,3 m.kr. og hækkar um 267 m.kr. frá fyrra ári. Skýringin er sú, eins og getið var í upphafi þessa kafla, að áætlaðar sértekjur Hafrannsóknastofnunar af sölu aflaheimilda, er nema 302 m.kr. í fjárlögum þessa árs, hafa ekki gengið eftir og er ekki gert ráð fyrir þeim í fjárlagafrumvarpi 1994. Að þessari breytingu frátaldri, lækkar fjárveiting til þessa málefnaflokks um 35 m.kr. eða rétt 5%. Eftirfarandi tafla sýnir fjárveitingar til einstakra stofnana þessa málefnaflokks:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fiskifélag Íslands	40,9	6,3	6,3	-	-85
Hafrannsóknastofnun	509,2	300,9	603,8	101	19
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	92,4	90,7	89,1	-2	-4
Fiskistofa	33,8	161,2	140,5	-13	316
Ríkismat sjávarafurða	72,8	12,3	1,0	.	.
Bygging rannsóknast. sjávarútvegsins	25,0	25,0	25,0	-	-
Veiðieftirlit	-0,3	-	-	.	.
Skrifst. rannsóknast. atvinnuveganna.	71,8	72,6	70,6	-3	-2
Samtals	**845,6**	**669,0**	**936,3**	**40**	**11**
Rekstrarkostnaður	633,8	509,9	795,7	56	26
Neyslu- og rekstrartilfærslur	49,9	15,4	15,4	-	-69
Viðhald og stofnkostnaður	161,9	143,7	125,2	-13	-23
Samtals	**845,6**	**669,0**	**936,3**	**40**	**11**

201 Fiskifélag Íslands. Fjárveiting, 6,3 m.kr., er óbreytt frá þessu ári. Í kjölfar stofnunar Fiskistofu var framsetningu fjárframlaga til Fiskifélags Íslands breytt í fjárlögum 1993 á þann veg að þar er eingöngu færður styrkur til félagsins, 4,3 m.kr., og styrkur til að halda Fiskiþing, 2 m.kr. Til viðbótar greiðir Fiskistofa Fiskifélaginu fyrir skýrslusöfnun svo og húsaleigu.

202 Hafrannsóknastofnun. Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 603,8 m.kr. borið saman við 300,9 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Þessi tvöföldun fjárveitingar stafar, sem fyrr getur, eingöngu af því að ekki er gert ráð fyrir í frumvarpi þessu að sala af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs skili sértekjum svo sem ráð var fyrir gert í fjárlögum þessa

árs. Áformað er að leggja fram á komandi þingi frumvarp til laga um stofnun þróunarsjóðs sjávarútvegsins sem yfirtaki Hagræðingarsjóð og þar með hverfa sértekjur Hafrannsóknastofnunar af sölu veiðiheimilda.

Að frátöldum umræddum sértekjum námu nettóútgjöld Hafrannsóknastofnunar 602,9 m.kr. í fjárlögum 1993, nær sömu fjárhæð og í frumvarpi þessu. Til viðhalds og stofnkostnaðar er varið 67,6 m.kr., 3 m.kr. minna en á þessu ári.

204 Fiskistofa. Til Fiskistofu er varið samtals 140,5 m.kr. sem er 20,7 m.kr. lægra en á þessu ári. Þar af mun stofnkostnaður lækka um 14,5 m.kr. og fjárveiting til rekstrar um 6,2 m.kr. Lækkun stofnkostnaðar ræðst af því að á þessu ári var stofnkostnaður í upphafi starfseminnar nokkur og er hann ekki endurtekinn nú. Áformað er að ná fram lækkun rekstrarkostnaðar með minni yfirvinnu og fyllsta aðhaldi í rekstri.

216 Ríkismat sjávarafurða. Varið er 1 m.kr. til að ljúka biðlaunagreiðslum til starfsmanna, en þeim verður lokið á miðju ári.

272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Gert er ráð fyrir 25 m.kr. framlagi til endurbóta á Sjávarútvegshúsinu við Skúlagötu. Áætlað er að eftir næsta ár verði viðhaldsframkvæmdum við húsið að mestu lokið að sinni.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Framlag nemur alls 70,6 m.kr., 2 m.kr. lægra en á þessu ári. Fjárveiting til rekstrar er nær óbreytt en til viðhalds og stofnkostnaðar er varið 44,2 m.kr. sem er 1,8 m.kr. minna en á þessu ári.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	184,9	125,6	135,0	7	-27
Dómsmál	518,7	566,4	652,3	15	26
Löggæsla og öryggismál	1.772,5	1.846,5	1.944,2	5	10
Sýslumenn	1.965,9	2.031,2	1.856,2	-9	-6
Fangelsismál	263,2	323,7	370,7	15	41
Kirkjumál	459,9	470,2	460,6	-2	0
Rekstrarhagræðing	-	26,4	5,3	-80	.
Samtals	**5.165,1**	**5.390,0**	**5.424,3**	**1**	**5**
Rekstrarkostnaður	4.685,6	4.882,3	4.831,7	-1	3
Neyslu- og rekstrartilfærslur	36,4	40,5	40,9	1	12
Stofnkostnaður og viðhald	443,1	467,2	551,7	18	25
Samtals	**5.165,1**	**5.390,0**	**5.424,3**	**1**	**5**

Rekstrarútgjöld ráðuneytisins dragast saman um rúm 3% að raungildi milli áranna 1993 og 1994 þar sem víðtæk áform hagræðingar munu koma til framkvæmda á næsta ári. Unnið verður að sameiningu nokkurra sýslumannsembætta svo og lögreglu á höfuð-

borgarsvæðinu. Á móti samdrætti í rekstri kemur nokkur aukning í fjárveitingum til byggingar nýs Hæstaréttarhúss og nýrrar fangelsisbyggingar að Litla-Hrauni. Í heild aukast fjárveitingar til viðhalds og stofnkostnaðar um 18%.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Dóms-og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Framlög til málefnaflokksins hækka um 5% að raungildi milli ára. Fjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar um 5,7 m.kr. Sú fjárveiting er í samræmi við rauntölur síðustu tveggja ára. Hefðbundin starfsemi ráðuneytisins er með svipuðu sniði og undanfarin ár en óvenjumikil útgjöld undanfarin misseri stafa af aðkeyptri vinnu við umfangsmiklar lagasetningar og skipulagsbreytingar á starfssviði ráðuneytisins. Þá er gert ráð fyrir 7,5 m.kr. fjárveitingu til að standa straum af sveitarstjórnarkosningum á ári komanda. Fjárveiting á liðnum *102 Stjórnartíðindi* er óbreytt frá fyrra ári, en gera má ráð fyrir að á ári komanda verði gefnir út samningar og tengd skjöl vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingar um þetta efni lágu ekki það ljóst fyrir við undirbúning fjárlagafrumvarps að hægt væri að gera um það fjárlagatillögur. Undir fjárlagaliðnum *190 Ýmis verkefni* hefur verið bætt við einu viðfangsefni, *1.34 Örorkumatsnefnd,* en til hennar er stofnað samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993 og reglugerð nr. 335/1993, um starfsháttu nefndarinnar. Ætlast er til að nefndin kosti starfsemi sína að fullu af sértekjum. Fjárveiting til einstakra liða undir þessum málefnaflokki eru sýndar í eftirfarandi töflu:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	96,3	88,3	94,0	6	-2
Stjórnartíðindi	5,9	8,2	8,8	7	49
Lagasafn	0,1	0,1	0,1	-	-
Kosningar	1,5	-	7,5	.	.
Ýmis verkefni	81,1	21,0	16,6	-21	-80
Ráðstöfunarfé	-	8,0	8,0	-	.
Samtals	**184,9**	**125,6**	**135,0**	**7**	**-27**

Dómsmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðir á bilinu 200-299 en þeir eru: 201 Hæstiréttur; 211-218 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 290 Dómsmál, ýmis kostnaður og 291 Húsnæði og búnaður dómstóla.

Rekstrargjöld þessa málefnaflokks hækka um 3% að raungildi frá þessu ári, sem liggur í því að kostnaður við Héraðsdóm Reykjavíkur reynist meiri en áætlað var í upphafi. Þar er lagt til að bætt verði við tveimur störfum. Þá er áformað að sameina Héraðsdóma Norðurlands vestra og eystra í einn, Héraðsdóm Norðurlands, með aðsetri á Akureyri. Einnig er lagt til að bætt verði við störfum hjá Héraðsdómi Vestfjarða, Norðurlands og Austurlands, einu á hverjum stað. Á móti hefur fjárveiting á liðnum *290 Dómsmál, ýmis kostnaður* verið lækkuð til að mæta þessari kostnaðaraukningu að hluta.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárveitingar til einstakra stofnana í þessum málefnaflokki:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	25,5	28,3	30,4	7	19
Borgardómarinn í Reykjavík	39,7	-	-	.	.
Borgarfógetinn í Reykjavík	54,3	-	-	.	.
Sakadómur Reykjavíkur	40,0	-	-	.	.
Héraðsdómarar skv. lögum nr. 27/1990	12,7	-	-	.	.
Héraðsdómur Reykjavíkur	72,0	143,4	156,1	9	117
Héraðsdómur Vesturlands	8,0	11,7	12,4	6	55
Héraðsdómur Vestfjarða	4,7	8,4	12,1	44	157
Héraðsdómur Norðurlands vestra	5,0	8,2	3,7	-55	-26
Héraðsdómur Norðurlands	9,3	21,4	27,0	26	190
Héraðsdómur Austurlands	4,5	9,7	12,4	28	176
Héraðsdómur Suðurlands	10,5	22,7	21,8	-4	108
Héraðsdómur Reykjaness	22,9	49,7	50,2	1	119
Málskostnaður í opinberum málum	85,5	82,3	85,1	3	-0
Opinber réttaraðstoð	7,1	8,9	9,2	3	30
Dómstóll í ávana- og fíkniefnamálum	5,3	-	-	.	.
Dómsmál, ýmis kostnaður	18,8	29,6	23,9	-19	27
Bygging Hæstaréttarhúss	-	100,0	185,0	85	.
Annað húsnæði og búnaður dómstóla	92,9	42,1	23,0	-45	-75
Samtals	**518,7**	**566,4**	**652,3**	**15**	**26**
Rekstrarkostnaður	425,8	424,3	444,3	5	4
Viðhald og stofnkostnaður	92,9	142,1	208,0	46	124
Samtals	**518,7**	**566,4**	**652,3**	**15**	**26**

Lagt er til að fjárveiting til byggingar nýs Hæstaréttarhúss nemi 185 m.kr. 1994 en á þessu ári nemur hún 100 m.kr.

Fjárveiting á liðnum *291 Húsnæði og búnaður dómstóla* lækkar mikið til annarra verkefna en byggingar Hæstaréttar. Hér er fyrst og fremst um að ræða tölvukerfi og aðra aðstöðu héraðsdóma, en mikið átak hefur verið gert til að bæta aðstöðu þeirra eftir að lögin um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði komu til framkvæmda á miðju ári 1992. Það verk er nú komið langt á leið. Fjárveiting nemur 23,0 m.kr. og lækkar um 19,1 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

Löggæsla og öryggismál

Þessi málefnaflokkur tekur til fjárlagaliðanna 301 Ríkissaksóknari; 302 Rannsóknarlögregla ríkisins; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 312 Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu; 321 Almannavarnir ríkisins; 331 Umferðarmál; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslukostnaður; 391 Húsnæði löggæslustofnana og 395 Landhelgisgæsla Íslands.

Sú meginbreyting er fyrirhuguð á þessum málefnaflokki, að samhliða sameiningu sýslumannsembætta á höfuðborgarsvæðinu er áformað að sameina lögregluna í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði í eitt embætti, sem hér er sett fram undir fjárlagaliðnum *312 Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu*.

Tafla á næstu síðu sýnir framlög til einstakra stofnana þessa málefnaflokks.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	42,7	43,6	43,5	-0	2
Rannsóknarlögregla ríkisins	160,9	164,0	170,9	4	6
Lögregluskóli ríkisins	27,8	29,4	29,6	1	6
Lögreglustjórinn í Reykjavík	823,1	889,0	452,6	-49	-45
Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu	-	-	524,0	.	.
Almannavarnir ríkisins	26,6	29,0	28,4	-2	7
Umferðarráð	22,6	22,6	23,1	2	2
Áfengis- og fíkniefnamál	4,9	4,2	4,3	2	-12
Ýmis löggæslukostnaður	52,0	59,7	50,6	-15	-3
Húsnæði löggæslustofnana	11,3	15,2	15,2	0	35
Landhelgisgæsla Íslands	600,6	589,8	602,0	2	0
Samtals	**1.772,5**	**1.846,5**	**1.944,2**	**5**	**10**
Rekstrarkostnaður	1.692,1	1.760,3	1.871,5	6	11
Neyslu- og rekstrartilfærslur	5,7	1,5	1,5	0	-74
Stofnkostnaður og viðhald	74,7	84,7	71,2	-16	-5
Samtals	**1.772,5**	**1.846,5**	**1.944,2**	**5**	**10**

Fjárlagaliðirnir *311 Lögreglustjórinn í Reykjavík* og *312 Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu* tilheyra þessum málefnaflokki. Sú löggæsla sem til þessa hefur fallið undir *Sýslumenn* tilheyrir áfram málefnaflokki sýslumanna.

312 Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu. Ein af meginbreytingum á skipulagi stofnana dómsmálaráðuneytisins er að áformað er að sameina löggæslu á höfuðborgarsvæðinu. Með sameiningunni yrði allt höfuðborgarsvæðið gert að einu löggæslusvæði, þ.e. Seltjarnarnes, Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Með sameiningunni er ætlað að ná fram rekstrarhagræðingu með tímanum auk þess sem vænst er að skilvirkni og árangur í starfi aukist. Í fjárlögum þessa árs nemur heildarfjárveiting til embættanna þriggja 1.064,3 m.kr., en á árinu 1994 er ætlað að fjárveiting nemi 1.067,9 m.kr. Séu fjárveitingar bornar saman á föstu verðlagi dragast þær saman um 4% milli ára. Í frumvarpi þessu er þannig gengið frá fjárveitingum í tengslum við sameininguna, að útgjöld til löggæslu hjá embætti Lögreglustjórans í Reykjavík og á vegum sýslumannanna í Hafnarfirði og Kópavogi eru færðar á einstaka fjárlagaliði fram á mitt ár 1994. Fjárveiting af lið *312 Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu* á að standa undir útgjöldum við löggæslu á höfuðborgarsvæðinu frá og með 1. júlí 1994.

390 Ýmis löggæslukostnaður. Af þessum fjárlagalið er greiddur ýmis kostnaður við lögregluembætti sem ekki er skipt á einstök embætti við gerð fjárlaga. Rekstrarfjárveiting nemur 25,2 m.kr. og er óbreytt að raungildi frá þessu ári. Fjárveiting til bifreiðakaupa lækkar hins vegar úr 34,5 m.kr. á þessu ári í 25 m.kr. á næsta ári.

395 Landhelgisgæsla Íslands. Fjárveiting til Landhelgisgæslunnar hækkar um 1% að raungildi frá 1993 til 1994. Gert er ráð fyrir óbreyttu rekstrarumfangi milli ára.

Sýslumenn

Undir þennan málefnaflokk heyra öll sýslumannsembætti í landinu en þau hafa fjárlaganúmer á bilinu 400-499. Númerin 411-437 ná til sýslumannsembættanna sjálfra en liðir 490 og 491 eru óskiptir undir stjórn ráðuneytisins.

Verulegar breytingar eru áformaðar á embættum sýslumanna á næsta ári. Lagt er til í frumvarpi þessu, svo og frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem flutt verður samhliða fjárlagafrumvarpinu, að sýslumannsembætti verði sameinuð og þeim fækki úr 27 í 18. Sýslumannsembættin í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði verði sameinuð í eitt. Á landsbyggðinni verði embættin á Akranesi og í Borgarnesi sameinuð, svo og í Búðardal og Stykkishólmi, í Bolungarvík og á Ísafirði, í Ólafsfirði og á Akureyri, á Eskifirði, Seyðisfirði og Neskaupstað í eitt og loks í Vík í Mýrdal og á Hvolsvelli. Framlög til yfirstjórna sýslumannsembætta undir stjórn dómsmálaráðuneytis eru sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Fjárlög m.kr. 1993	Frumvarp m.kr. 1994	Breyting frá fjárl. %	Mannfjöldi 1. des. 1992	Kostn. á íbúa, kr. 1993	Kostn. á íbúa, kr. 1994
Sýslumenn höfuðborgarsvæðis	267,6	243,1	-9,2	151.787	1.763	1.602
Sýslumenn landsbyggðar:						
Akranes, Borgarnes	52,6	45,2	14,1	9.232	5.698	4.896
Stykkishólmur, Búðardalur	37,7	32,0	-15,1	5.239	7.196	6.108
Patreksfjörður	18,0	17,5	-2,8	2.223	8.097	7.872
Bolungarvík, Ísafjörður	49,1	42,7	-13,0	6.395	7.678	6.677
Hólmavík	11,1	11,1	0	1.063	10.442	10.442
Blönduós	22,7	22,4	-1,3	3.940	5.761	5.685
Sauðárkrókur	24,5	24,2	-1,2	4.664	5.253	5.189
Siglufjörður	14,8	14,9	0,7	1.749	8.462	8.519
Ólafsfjörður, Akureyri	83,8	76,9	-8,2	20.780	4.033	3.701
Húsavík	31,7	31,6	-0,3	5.898	5.375	5.358
Seyðisfjörður, Neskaupst., Eskifj.	64,6	58,4	-9,6	10.625	6.080	5.496
Höfn í Hornafirði	16,4	14,6	-11,0	2.435	6.735	5.996
Vík í Mýrdal, Hvolsvöllur	30,4	24,2	-20,4	4.516	6.732	5.359
Vestmannaeyjar	30,7	30,1	-2,0	4.867	6.308	6.185
Selfoss	43,0	44,0	2,3	11.287	3.810	3.898
Keflavík	54,9	53,8	-2,0	15.491	3.544	3.473
Samtals	**853,6**	**786,7**	**-7,8**	**262.191**	**3.256**	**3.000**

Við lestur meðfylgjandi töflu ber að athuga að sýslumannsembættin eru ekki öll sambærileg. Almennt annast sýslumannsembættin aðfarargerðir, uppboð, þinglýsingar, sifja- og skiptamál og firmaskrá. Embættin á landsbyggðinni annast einnig lögreglustjórn, innheimtu skatta og tolla og hafa umsjón með greiðslum Tryggingastofnunar ríkisins. Í Reykjavík, Garðabæ og á Suðurnesjum annast gjaldheimtur innheimtu ýmissa opinberra gjalda í stað sýslumanna. Í Reykjavík sér Tryggingastofnun ríkisins um eigin greiðslur og embætti tollstjóra um innheimtu tolla og óbeinna skatta. Þennan mismun á verkefnum sýslumanna ber að hafa í huga við lestur töflunnar. Sameining sýslumannsembætta mun hafa verulegan sparnað í för með sér á árinu 1994. Hann verður þó enn meiri á árinu 1995, þegar sameinuðu embættin starfa allt árið, en það gera þau aðeins að hluta á árinu 1994. Þá ber þess að gæta að nokkuð verður um fækkun starfa á árinu 1994, og hefur það biðlaun í för með sér. Auk þess hlýst ýmis upphafskostnaður af sameiningu embættanna

sem vegur á fyrsta ári á móti þeim sparnaði sem hægt er að ná fram. Áformað er að sameining sýslumannsembættanna taki gildi 1. mars, nema á Austfjörðum, þann 1. maí og á höfuðborgarsvæðinu hinn 1. júlí. Í greinargerð með frumvarpi þar að lútandi verður fjallað ítarlega um nánari framkvæmd umræddra breytinga.

Tilflutningur fjárveitinga til löggæslu milli staða stafar eingöngu af því að fjárveitingar til löggæslu flytjast með viðkomandi sýslumannsembætti við sameininguna. Sjálf starfsemi lögreglunnar verður í megindráttum óbreytt. Eftirfarandi tafla sýnir kostnað við löggæslu 1993 og 1994:

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Mannfjöldi 1.des. 1992	Kostn. á íbúa, kr. 1993	Kostn. á íbúa, kr. 1994
Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu	1.064,3	1.067,9	0,3	151.787	7.012	7.036
Akranes, Borgarnes	56,9	52,0	-8,6	9.232	6.163	5.633
Stykkishólmur, Búðardalur	39,8	40,4	1,5	5.239	7.597	7.711
Patreksfjörður	15,4	14,6	-5,2	2.223	6.928	6.568
Bolungarvík, Ísafjörður	47,0	48,5	3,2	6.395	7.349	7.584
Hólmavík	4,9	5,0	2,0	1.063	4.610	4.704
Blönduós	22,3	23,5	5,4	3.940	5.660	5.964
Sauðárkrókur	25.2	26,1	3,6	4.664	5.403	5.596
Siglufjörður	16,5	14,9	-9,7	1.749	9.434	8.519
Ólafsfjörður, Akureyri	97,5	105,2	7,9	20.780	4.692	5.063
Húsavík	38,4	38,6	0,5	5.898	6.511	6.545
Seyðisfjörður, Neskaupst., Eskifjörður	58,9	63,5	7,8	10.625	5.544	5.976
Höfn í Hornafirði	12,4	14,5	16,9	2.435	5.092	5.955
Vík í Mýrdal, Hvolsvöllur	22,4	17,5	-21,9	4.516	4.960	3.875
Vestmannaeyjar	31,1	33,1	6,4	4.867	6.390	6.801
Selfoss	66,9	68,1	1,8	11.287	5.927	6.033
Keflavík	110,2	112,9	2,5	15.491	7.114	7.288
Samtals	**1.730,1**	**1.746,3**	**0,9**	**262.191**	**6.599**	**6.660**

Fangelsismál

Fjárlagaliðir í þessum málefnaflokki eru 510 Fangelsismálastofnun ríkisins; 511 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu; 512 Fangelsið Litla-Hrauni; 513 Fangelsið Kvíabryggju; 590 Fangamál, ýmis kostnaður og 591 Fangelsisbyggingar. Rekstur fangelsis á Akureyri tilheyrir embætti sýslumanns á Akureyri og er undir málefnaflokknum sýslumenn á viðfangsefni 06-424 1.25.

Fjárveiting til reksturs fangelsa lækkar um 3% að raungildi frá fjárlögum 1993. Gert er ráð fyrir að öll fangelsin verði rekin áfram með svipuðu sniði og verið hefur. Í undirbúningi er ný fangelsisbygging fyrir afplánunarfanga að Litla-Hrauni. Áætlað er að framkvæmdir hefjist um næstu áramót og standi fram á árið 1995. Í framhaldi af því er áformað að byggja nýtt gæsluvarðhaldsfangelsi á höfuðborgarsvæðinu sem leysir af hólmi fangelsin við Skólavörðustíg og Síðumúla. Þegar hafa verið veittar 30 m.kr. til framkvæmda í fangelsismálum í fjárlögum 1993 og að auki var 24 m.kr. afgangur af fjárveitingum frá 1992 fluttur til þessa árs. Í frumvarpi þessu er lagt til að 80 m.kr. verði varið til framkvæmda að Litla-Hrauni árið 1994. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdir þar er á bilinu 170-200 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir framlög til fangelsismála á árunum 1991-1993:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	26,4	26,9	27,1	1	3
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	107,4	110,2	111,6	1	4
Fangelsið Litla-Hrauni	94,1	111,1	106,5	-4	13
Fangelsið Kvíabryggju	22,7	22,6	22,5	-0	-1
Fangamál, ýmis kostnaður	6,2	11,4	11,5	1	85
Fangelsisbyggingar	6,4	41,5	91,5	.	.
Samtals	**263,2**	**323,7**	**370,7**	**15**	**41**
Rekstrarkostnaður	248,3	277,0	275,5	-1	11
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3,2	3,7	3,7	0	16
Stofnkostnaður og viðhald	11,7	43,0	91,5	.	.
Samtals	**263,2**	**323,7**	**370,7**	**15**	**41**

Kirkjumál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 701 Biskup Íslands; 711 Prestaköll og prófastsdæmi; 712 Prestssetur; 721 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar; 731 Kristnisjóður; 732 Kirkjubyggingasjóður og 790 Kirkjumál, ýmis kostnaður. Framlög til kirkjumála eru sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Biskup Íslands	42,8	41,6	39,5	-5	-8
Prestaköll og prófastsdæmi	307,3	316,7	318,6	1	4
Prestssetur	49,1	53,6	44,6	-17	-9
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	16,1	15,6	15,7	1	-2
Kristnisjóður	19,0	18,3	18,3	0	-4
Kirkjubyggingasjóður	-	1,0	1,0	0	.
Kirkjumál, ýmis kostnaður	25,6	23,4	22,9	-2	-11
Samtals	**459,9**	**470,2**	**460,6**	**-2**	**0**
Rekstrarkostnaður	368,7	374,4	374,3	-0	2
Neyslu- og rekstrartilfærslur	26,1	23,7	23,7	0	-9
Stofnkostnaður og viðhald	65,1	72,1	62,6	-13	-4
Samtals	**459,9**	**470,2**	**460,6**	**-2**	**0**

Framlög til kirkjumála nema samtals um 460 m.kr. og lækka um 10 m.kr. frá fjárlögum 1993. Á síðastliðnu þingi voru samþykkt lög nr. 115/1992, um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, sem voru m.a. þess efnis að 20% af hlutdeild kirkjugarðanna í óskiptum tekjuskatti á árinu 1993 skyldi varið til að kosta tiltekin verkefni á sviði kirkjumála. Verkefni þessi voru viðhald og bygging prestssetra, kaup eigna á prestssetursjörðum, embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og tónskóla þjóðkirkjunnar, starfsþjálfun guðfræðikandidata, kirkjuþing, prestastefna og kirkjuráð, ýmis verkefni og fjölskylduþjónusta kirkjunnar. Lög þessi gilda til ársloka 1993. Á komandi þingi verða flutt stjórnarfrumvörp um kirkjumálasjóð og prestssetrasjóð, sem festa þessa tilhögun í sessi. Þrátt fyrir að þessi tvö stjórnarfrumvörp verði flutt, er gert ráð fyrir

fjárveitingum til ofangreindra verkefna í frumvarpi þessu og að tekjuskerðingin eigi sér stað á sama hátt og í fjárlögum 1993. Nái umrædd stjórnarfrumvörp fram að ganga verður lagt til að framsetningunni verði breytt í meðförum Alþingis. Neðangreindir útgjaldaliðir falli þá brott, og tekjuhlið fjárlaganna verði leiðrétt samsvarandi. Nettóáhrif í fjárlögum verði óbreytt. Verkefnin sem flytjast til kirkjuyfirvalda í fjárlagafrumvarpi 1994 eru sem hér segir:

	m.kr.
Starfsþjálfun guðfræðikandidata	2,8
Kirkjuráð	0,9
Kirkjuþing	4,0
Prestastefna	0,6
Ýmis verkefni	3,0
Prestaköll og prófastsdæmi, almennur rekstur	5,1
Viðhald prestssetra	44,6
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	15,7
Ráðgjöf í fjölskyldumálum	2,2
Samtals	**78,9**

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld félagsmálaráðuneytis breytast þannig milli ára:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	77,1	86,5	99,3	15	29
Húsnæðismál	1.074,8	925,0	901,0	-3	-16
Stjórnsýslustofnanir o.fl	154,2	170,1	149,1	-12	-3
Málefni barna og ungmenna	135,2	185,9	234,1	26	73
Málefni fatlaðra	1.784,1	1.944,1	1.872,0	-4	5
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.497,0	1.246,0	1.846,0	48	23
Annað	375,4	292,6	679,6	132	81
Rekstrarhagræðing	-	9,0	9,6	7	.
Samtals	**5.097,8**	**4.859,2**	**5.790,7**	**19**	**14**
Rekstrarkostnaður	1.616,3	1.807,0	1.828,7	1	13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.075,3	1.760,7	2.732,5	55	32
Stofnkostnaður og viðhald	1.406,2	1.291,5	1.229,5	-5	-13
Samtals	**5.097,8**	**4.859,2**	**5.790,7**	**19**	**14**

Rekstrarútgjöld og tilfærslur félagsmálaráðuneytisins hækka um 993,5 m.kr. eða tæplega 28%. Hækkanir verða mestar til eftirtalinna verkefna: Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 600 m.kr., ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota 400 m.kr. og málefna barna og ungmenna 48 m.kr. Á móti lækka nokkrir liðir eins og til ríkisábyrgðar á orlofslaun 20 m.kr. og málefna fatlaðra 42 m.kr. Verður nú fjallað um einstaka málefnaflokka ráðuneytisins.

Ráðuneyti

Í þessum málefnaflokki eru 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Raunhækkun þessa málefnaflokks, sem nemur 14%, kemur öll fram á aðalskrifstofu. Í fyrsta lagi hækkar fjárveiting til yfirstjórnar ráðuneytisins um 2,0 m.kr. vegna sveitarstjórnarkosninga 1994 og 3,0 m.kr. vegna aukinna verkefna vinnumálaskrifstofu ráðuneytisins. Er þar að nefna verkefni í tengslum við EES-aðild og þjónustu og samstarf við vinnumiðlanir. Í öðru lagi eru 3,2 m.kr. til nýs viðfangsefnis, *1.99 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál,* vegna ályktunar Alþingis frá því í maí s.l. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára. Í þriðja lagi hækkar fjárveiting til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins um 3,5 m.kr. vegna kostnaðar ráðuneytisins af framkvæmd þingsályktunar um stofnun reynslusveitarfélaga.

Húsnæðismál

Til þessa málefnaflokks heyra 271 Byggingarsjóður ríkisins og 272 Byggingarsjóður verkamanna. Eins og undanfarin ár er ekki gert ráð fyrir beinni fjárveitingu til Byggingarsjóðs ríkisins, enda talið að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna verður 901 m.kr. í stað 925 m.kr. í fjárlögum 1993. Lækkunin nemur 24 m.kr. og verður henni náð með sparnaði í rekstri Húsnæðisstofnunar ríkisins og mun ekki hafa áhrif á útlánagetu sjóðsins.

Stjórnsýslustofnanir

Til þessa málefnaflokks teljast 302 Ríkissáttasemjari; 951 Brunamálastofnun ríkisins; 953 Jafnréttisráð og 954 Vinnueftirlit ríkisins. Framlög til þessa málefnaflokks lækka um 21 m.kr. frá fjárlögum 1993.

951 Brunamálastofnun ríkisins. Í fjárlögum 1993 er gert ráð fyrir að tekjur stofnunarinnar verði 6,1 m.kr. umfram gjöld. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 er gert ráð fyrir að þetta hlutfall verði 14,8 m.kr. og er það hækkun um 8,7 m.kr. Veldur þar mestu hækkun á brunavarnagjaldi sem gefur stofnuninni 11,9 m.kr. í auknar tekjur. Tekið er upp nýtt viðfangsefni *1.10 Námssjóður* og eru áætlaðar 3,5 m.kr. til viðfangsefnisins. Þessi fjárveiting byggir á heimild í 24. gr. laga 41/1992, um brunavarnir og brunamál, en samkvæmt henni er Brunamálastofnun heimilt að veita slökkviliðsmönnum, eldvarnareftirlitsmönnum og öðrum sem starfa að brunamálum styrki til náms í brunavörnum.

954 Vinnueftirlit ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar lækkar milli ára um 13,4 m.kr. Rekstrarkostnaður dregst saman um 3,3 m.kr., stofnkostnaður lækkar um 6,0 m.kr. og sértekjur hækka um 4,1 m.kr. Til samræmis við þessa lækkun fjárveitingar mun hluti Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi verða lækkaður úr 0,08% í 0,07%.

Málefni barna og ungmenna

Þeir fjárlagaliðir sem falla undir þennan málefnaflokk eru: 400 Málefni barna og ungmenna; 401 Barnaverndarráð; 402 Unglingaheimili ríkisins og 410 Heimili fyrir börn og unglinga.

Í fjárlögum 1993 voru þrír fyrstnefndu liðirnir óskiptir á fjárlagalið *400 Málefni barna og ungmenna.* Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 48 m.kr. frá fjárlögum 1993 eða 26%. Á ríkisstjórnarfundi 5. mars 1993 var samþykkt að stofna lokað meðferðarheimili fyrir unglinga. Jafnframt var samþykkt að verja til þess 15 m.kr. á árinu 1993

af sameiginlegu ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar, sem síðar yrði aflað heimildar til í fjáraukalögum fyrir árið 1993. Þessu heimili hefur verið valinn staður að Stóru-Gröf í Skagafirði og er áætlað að rekstur þess allt árið 1994 kosti 27 m.kr. Þá eru veittar 20 m.kr. til fjölskylduþjónustu en áform eru um að stofna til „Fjölskylduþjónustu ríkisins" sem rísi á grunni Unglingaheimilis ríkisins sem verði lagt niður í núverandi mynd. Undirbúningur málsins stendur nú yfir og er unnið að endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri stofnunar sem leysir Unglingaheimili ríkisins af hólmi. Helstu verkefni til viðbótar núverandi verkefnum Unglingaheimilisins eru m.a. þessi:

- Sérhæfð ráðgjöf til barnaverndarnefnda í málefnum barna og unglinga.
- Yfirumsjón með fósturráðstöfunum forsjárlausra barna.
- Rekstur meðferðarheimila fyrir forsjárlaus börn undir 12 ára aldri, sbr. heimili Barnaheilla fyrir vegalaus börn.
- Sérhæfð fjölskylduráðgjöf í erfiðum málum sem ekki er gerð krafa um að hin almenna félagsþjónusta sveitarfélaga geti sinnt.

Málefni fatlaðra

Þessi málaflokkur nær til allra stofnana fatlaðra undir fjárlagliðunum 700-722; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Framsetning á þessum málaflokki er hin sama og í fjárlögum 1993 að öðru leyti en því að þar sem fleiri sambýli tilheyra einu landssvæði er þeim slegið saman í eitt viðfangsefni nema á Vesturlandi og Suðurlandi. Breytingar á framlagi til stofnana fatlaðra sjást á eftirfarandi yfirliti:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Laun	1.065,0	1.181,5	1.159,9	-2	9
Önnur gjöld	204,3	228,2	229,5	1	12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	191,3	184,4	162,6	-12	-15
Fjárfesting	323,5	350,0	320,0	-9	-1
Samtals	**1.784,1**	**1.944,1**	**1.872,0**	**-4**	**5**

Fjárveitingar til málefna fatlaðra lækka um 72,2 m.kr. sem skýrist að mestu með lækkuðum tekjum af erfðafjárskatti og að hluta með breytingum á fjármögnun rekstrarliða án þess að umfang minnki. Í fyrsta lagi er gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóði fatlaðra verði ætlað að standa straum af þremur viðfangsefnum, samtals að fjárhæð 42,2 m.kr. Þau eru: Kostnaður skv. 27. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, frekari liðveisla skv. 25. gr. sömu laga og kostnaður vegna starfa stjórnarnefndar um málefni fatlaðra. Til þessa þarf breytingu á ákvæðum um Framkvæmdasjóð fatlaðra í lögum um málefni fatlaðra, sem leitað verður eftir í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994. Í öðru lagi koma til lækkunar 20,9 m.kr. vegna rekstrarhagræðingar í stofnunum fatlaðra, án þess að þjónusta skerðist. Í þriðja lagi er að nefna að rekstrartilhögun Sólheima í Grímsnesi hefur verið breytt þannig að íbúarnir sem áður bjuggu á vistheimili búa nú í sambýlum og félagslegum íbúðum. Það hefur í för með sér að þeir fá nú greiddar örorkubætur úr tryggingakerfinu og taka þátt í rekstrarkostnaði. Framlagið í fjárlögum

lækkar af þessum sökum um 14,2 m.kr. auk þess sem niður fellur sérstakt framlag til heimilisins vegna rekstrarhalla liðinna ára.

Til hækkunar kemur heilsársrekstur þeirra stofnana sem í gildandi fjárlögum er gert ráð fyrir að yrðu reknar hluta úr árinu 1993. Hér er um fjögur heimili að ræða, þ.e. vistheimili fyrir börn í Reykjavík 10,5 m.kr. og sambýli á Reykjanesi 3,0 m.kr, Sauðárkróki 6,1 m.kr. og Akureyri 2,4 m.kr., samtals 22,0 m.kr. Fjárveiting til stuðningsfjölskyldna hækkar um 4,0 m.kr.

Samanburður á fjölda starfa í stofnunum fatlaðra á fjárlögum 1993 og í frumvarpi 1994 kemur fram á eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1993	Frumvarp 1994
700 og 795 Málefni fatlaðra	43,7	30,9
701 Reykjavík	101,1	101,1
702 Reykjanes	89,8	93,6
703 Vesturland	25,9	25,9
704 Vestfirðir	22,3	22,3
705 Norðurland vestra	35,5	35,5
706 Norðurland eystra	114,7	123,7
707 Austurland	32,9	32,9
708 Suðurland	48,5	48,5
710 Heimili fyrir einhverfa	29,1	29,1
711 Styrktarfélag vangefinna, Reykjavík	106,4	106,4
719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	21,7	21,7
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	58,0	58,0
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	29,8	29,8
Samtals	**759,4**	**759,4**

Til viðbótar þessum tölum má gera ráð fyrir að á hvoru ári verði um 70 störf á stofnunum launuð í formi tilfærslna.

Fjárveiting til *Framkvæmdasjóðs fatlaðra* verður 320 m.kr. og er það lækkun um 30 m.kr. frá fjárlögum 1993 og stafar af því að tekjur af erfðafjárskatti eru áætlaðar lægri. Á liðnum árum hefur verið þó nokkur sveifla í tekjum af erfðafjárskatti. Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur notið góðs af því þegar tekjur hafa verið hærri en áætlað er í fjárlögum og að sama skapi haft minna til umráða þegar tekjurnar hafa reynst lægri. Á þessu ári stefnir þannig í að tekjur af erfðafjárskatti verði allt að 50 m.kr. lægri en áætlað var í fjárlögum. Þegar tekið er tillit til þeirra tekna sem Framkvæmdasjóður fatlaðra á útistandandi mun sjóðurinn að öllum líkindum hafa til umráða svipaða fjárhæð og á yfirstandandi ári.

Sérstök fjárveiting úr ríkissjóði til byggingar sambýla fyrir geðfatlaða er óbreytt eða 20 m.kr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Samkvæmt frumvarpinu verður framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1.846 m.kr. Hluti sjóðsins af skatttekjum er 1,4% og nemur 1.346 m.kr. en fjárveiting úr ríkissjóði er 500 m.kr. Sú fjárhæð kemur í stað landsútsvars sem fyrirhugað er að leggja niður með niðurfellingu aðstöðugjalds. Horfið er frá þeirri skerðingu sem gerð var í fjárlögum 1993 á framlagi til sjóðsins.

Annað

Í þessum málefnaflokki eru eftirtaldir fjárlagaliðir: 981 Vinnumál; 985 Félagsmálaskóli alþýðu og 999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

Helstu breytingar sem gerðar eru á fjárveitingum til þessa málefnaflokks frá fjárlögum 1993 eru þessar:

981 Vinnumál. Framlag til þessa liðar lækkar um 3,7 m.kr. Viðfangsefnið *1.90 Ýmislegt* lækkar um 1,6 m.kr. og sundurliðast þannig:

	Frumvarp 1994 m.kr.
Samtök aðila vinnumarkaðarins	8,4
Leigjendasamtökin	1,3
Tölvuvinnsla vinnumiðlunar	1,0
Ráðgjafarnefnd vinnumiðlunar	1,6
Þátttaka í erlendu vinnumálasamstarfi	4,0
Tölfræði um vinnu- og kjaramál	3,5
NORDJOBB	1,6
Samtals	**21,4**

982 Ábyrgðasjóður launa. Fjárlagaliður þessi er tekinn upp í fjárlagafrumvarp nú að tillögu ríkisreikningsnefndar. Með lögum nr. 52/1992, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, var stofnaður sjálfstæður sjóður með mörkuðum tekjustofni til að standa undir ábyrgð launa- og lífeyrissjóðskrafna launþega sem starfað hafa hjá fyrirtækjum sem verða gjaldþrota. Áður hafði þessi ábyrgð hvílt á ríkissjóði. Samkvæmt 3. gr. nýrra laga um ábyrgðasjóðinn (nr. 53/1993) er hann „fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi hvaða nafni sem nefnist sem skattskylt er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, auk vaxtatekna sjóðsins. Ábyrgðargjaldið skal vera 0,2% af gjaldstofni".

Áformað er með lagabreytingu að ábyrgðasjóður launa yfirtaki ríkisábyrgð á orlofslaunum, en í fjárlögum 1993 eru veittar 20 m.kr. til að mæta henni.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Þessi fjárlagaliður er hækkaður lítillega frá fjárlögum 1993 eða um 10,7 m.kr. Viðfangsefnið *1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO* er flutt frá utanríkisráðuneytinu og veittar til þess 4,7 m.kr., þar sem eðlilegra þykir að fjárveitingin verði færð til félagsmálaráðuneytisins. Tveimur viðfangsefnum er ætluð hærri fjárveiting en í fjárlögum 1993, *1.31 Félagasamtök, styrkir,* hækkar um 3,0 m.kr., og *1.51 Ársfjölskyldunnar* hækkar um 2,4 m.kr. Aðrar hækkanir nema 0,6 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	127,5	121,7	127,3	5	0
Tryggingamál	28.124,9	27.469,0	29.323,3	7	4
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	243,7	273,0	258,0	-5	6
Sjúkrastofnanir	16.020,9	16.257,5	15.947,4	-2	0
Heilsugæsla	1.533,6	1.588,9	1.578,1	-1	3
Annað	331,2	330,9	341,0	3	3
Rekstrarhagræðing	-	105,1	98,0	-7	.
Samtals	**46.381,8**	**46.146,1**	**47.673,1**	**3**	3
Rekstrarkostnaður	17.008,6	17.363,6	16.864,5	-3	-1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	28.038,1	27.479,4	29.516,0	7	5
Stofnkostnaður og viðhald	1.335,1	1.303,1	1.292,6	-1	-3
Samtals	**46.381,8**	**46.146,1**	**47.673,1**	**3**	3

Heildarútgjöld eru 47,7 milljarðar króna og hækka um 2,3% að raungildi frá fjárlögum 1993. Að teknu tilliti til breytinga á framsetningu lækka rekstrarútgjöld um 3% að raungildi, tilfærslur hækka um tæplega 6% og viðhald og stofnkostnaður standa nánast í stað frá fjárlögum. Hækkunin á sér skýringar í auknum útgjöldum almannatryggingakerfisins, þar af er hækkun vegna atvinnuleysisbóta 1,5 milljarðar króna og lífeyristrygginga tæplega 0,4 milljarðar króna.

Aðgerðir til lækkunar á rekstrarútgjöldum heilbrigðisráðuneytisins eru þær helstar að hætt verður rekstri barnaheimila á ríkisreknum sjúkrastofnunum og verður sveitarfélögum gefinn kostur á að taka við rekstrinum. Framlög til áfengismeðferðarstofnana verða lækkuð og hagrætt í starfseminni og áfram verður unnið að hagræðingu í rekstri sjúkrahúsa. Til að hamla á móti vexti í tilfærslum verða framlög til lífeyristrygginga lækkuð með tengingu bóta við fjármagnseignir/tekjur og endurskoðun á bótaflokkum. Haldið verður áfram að lækka kostnað sjúkratrygginga vegna tannlækninga, lyfja- og sérfræðilækniskostnaðar auk þess sem fyrirkomulag á röntgenmyndatökum og rannsóknum verður endurskoðað. Þá er áformað að gefa út sérstakt heilsukort vegna sjúkratrygginga. Loks verða lög um Atvinnuleysistryggingasjóð endurskoðuð til að draga úr hættu á hugsanlegri misnotkun og lækka útgjöld. Samtals lækka útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála um 2,4 milljarða króna frá því sem hefði orðið ef ekkert hefði verið að gert. Framangreindar aðgerðir miðast við að halda sömu gæðum í heilbrigðisþjónustu og verja velferðarkerfið með því að fjárhagsleg staða þess verði styrkari. Þannig verður hægt að mæta breytingum í aldurssamsetningu þjóðarinnar án verulegrar skerðingar á bótum tryggingakerfisins.

Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni eru til.

Ráðuneyti

Undir þennan málefnaflokk heyra útgjöld aðalskrifstofu og ráðstöfunarfé ráðherra. Útgjöld aðalskrifstofu ráðuneytisins hækka um 5,6 m.kr., eða 3,6% að raungildi frá fjárlögum. Hækkunin skýrist að mestu af nýrri stöðu lyfjafræðings í lyfjadeild, en starfsemin hefur vaxið í kjölfar aukins eftirlits með þeim málaflokki. Önnur rekstrargjöld aðalskrifstofu lækka, einkum ferða- og dvalarkostnaður.

Tryggingamál

Framsetningu á fjárlagaliðum er falla undir þennan málefnaflokk hefur verið breytt. Breytingin, sem felst í að framlag til Tryggingastofnunar er nú skipt á sérstaka fjárlagaliði, er aðeins bókhaldslegs eðlis og breytir ekki samanburði milli ára. Undir málefnaflokkinn heyra fjárlagaliðirnir: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 208 Slysatryggingar; 212 Atvinnuleysistryggingasjóður; 214 Eftirlaunasjóður aldraðra og 216 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu helstu útgjalda tryggingamála:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
T.R. yfirstjórn	399,1	422,0	388,5	-8	-3
Lífeyristryggingar	15.110,1	15.280,0	15.675,0	3	4
Sjúkratryggingar	10.170,0	9.530,0	9.540,0	0	-6
Slysatryggingar	487,0	605,0	534,0	-12	10
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.761,0	1.464,0	2.950,0	102	68
Eftirlaunasjóður aldraðra	127,8	128,0	115,8	-10	-9
Atv.leysisbætur opinb. starfsmanna	69,9	40,0	120,0	200	72
Samtals	**28.124,9**	**27.469,0**	**29.323,3**	**7**	4

201 Tryggingastofnun ríkisins. Framlag til yfirstjórnar Tryggingastofnunar lækkar um 8% frá fjárlögum. Lækkunin stafar af því að 45 m.kr. kostnaður vegna útgáfu læknisvottorða er ekki lengur færður á yfirstjórn heldur á lækniskostnað sjúkratrygginga. Að öðru leyti hækkar framlag til reksturs yfirstjórnar um 5 m.kr. frá fjárlögum og er ætlað til að koma á fót fjármálaskrifstofu. Í stofnkostnað er gert ráð fyrir 23 m.kr. til að ljúka uppbyggingu á nýju greiðslu-, upplýsinga- og gjaldakerfi, auk netvæðingar innanhúss og til nauðsynlegrar hugbúnaðargerðar til að auka eftirlit með greiðslum. Fjárfestingin á að skila sér í lægri rekstrarkostnaði.

204 Lífeyristryggingar. Almennar bætur lífeyristrygginga hafa ekki hækkað á yfirstandandi ári, en greiddar eru eingreiðslur vegna launabóta, desember- og orlofsuppbótar. Eingreiðslur reiknast á tekjutengda liði lífeyristrygginga og er áætlað að þær kosti samtals 720 m.kr. árið 1993. Launabætur nema 28% í hvert sinn, orlofsuppbót 20% og desemberuppbót 30%.

Útgjöld lífeyristrygginga hækka um tæplega 400 m.kr. frá fjárlögum 1993 og eru áætluð tæplega 15,7 milljarðar króna. Að teknu tilliti til eingreiðslna vegna kjarasamninga umfram forsendur fjárlaga 1993 eru útgjöldin nær óbreytt milli ára.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lífeyris- og örorkubætur	12.224,8	12.804,0	13.220,0	3	8
Elli- og örorkulífeyrir	3.896,8	4.021,0	4.360,0	8	12
Tekjutrygging	5.684,7	6.132,0	5.868,0	-4	3
Uppbót o.fl.	1.443,6	1.327,0	1.643,0	24	14
Heimilisuppbót	754,3	817,0	864,0	6	15
Sérstök heimilisuppbót	183,0	216,0	210,0	-3	15
Örorkustyrkur	262,5	292,0	275,0	-6	5
Barnalífeyrir	348,0	426,0	532,0	25	53
Ekkju-, ekkla- og makabætur	189,4	194,0	119,0	-39	-37
Mæðra- og feðralaun	802,7	294,0	283,0	-4	-65
Fæðingarorlof	1.204,8	1.236,0	1.173,0	-5	-3
Bílakaupastyrkir	145,1	146,0	154,0	5	6
Málefni fatlaðra, 10. gr.	183,3	180,0	194,0	8	6
Mismunur	12,1	-	-	.	.
Samtals	**15.110,1**	**15.280,0**	**15.675,0**	**3**	**4**

Nokkur vöxtur er í lífeyristryggingum vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar, auk þess sem bótaþegar eru nú betur upplýstir um rétt sinn en áður. Vöxturinn hefur einkum verið í tekjutryggingu og sérstökum uppbótum. Barnalífeyrir hækkar verulega sem stafar af því að hann fylgir hækkun meðlaga, en þau voru hækkuð á þessu ári á móti lækkun mæðra-og feðralauna. Þá hækka lífeyristryggingar um 50 m.kr. frá fjárlögum vegna hækkunar á elliheimilisuppbót sem ákveðin var á þessu ári. Samtals er áætlað að útgjöld til lífeyristrygginga hefðu orðið 16,2 milljarðar króna árið 1994 ef ekki kæmu til eftirfarandi áform um 525 m.kr. lækkun útgjalda: Í fyrsta lagi eru áform um tekju/eignatengingu lífeyrisgreiðslna sem eiga að skila 200 m.kr. Í öðru lagi er ráðgert að tekjutengja ekkjulífeyri og endurskoða úthlutunarreglur. Í þriðja lagi er áformað að herða eftirlit með útgreiðslu bóta. Loks er áformað að endurskoða fyrirkomulag eingreiðslna í samráði við fulltrúa verkalýðsfélaga og annarra hagsmunaaðila, enda fellur gildandi reglugerð um greiðslur þessar úr gildi um áramót. Fjárhæðir geta því hækkað eða lækkað í samræmi við það.

206 Sjúkratryggingar. Áætlað er að útgjöld sjúkratrygginga verði 9.270 m.kr. og lækki að raungildi um tæplega 3% frá fjárlögum. Nokkur árangur hefur náðst í lækkun útgjalda sjúkratrygginga á þessu ári og er áformað að festa þann árangur í sessi og ná fram enn frekari lækkun útgjalda.

Undanfarin ár hafa útgjöld sjúkratrygginga vaxið hröðum skrefum, einkum lækniskostnaður, lyfjakostnaður og útgjöld vegna tannréttinga. Með aðgerðum tengdum fjárlögum sl. tvö ár hefur tekist að koma böndum á vöxtinn og lækka útgjöld á sumum sviðum. Stærstu útgjaldaliðir sjúkratrygginga eru framlög til daggjaldastofnana, lækniskostnaður, tannlæknakostnaður, sérreikningar sjúkrastofnana og lyfjakostnaður. Ljóst er að marktækum sparnaði verður ekki náð án þess að endurskoða einhverja eða alla þessa útgjaldaliði. Í áætlununum sjúkratrygginga fyrir næsta ár gert ráð fyrir 10,3 milljarða króna útgjöldum. Miðað við þessa áætlun er ráðgert er að framlög til sjúkratrygginga lækki um 730 m.kr. Í fyrsta lagi er stefnt að því, í framhaldi af úttekt ríkisendurskoðunar á starfsemi lækna, að greiðslufyrirkomulag til þeirra verði endurskoðað með það að markmiði að lækka útgjöld um 30 m.kr. Í öðru lagi eru tillögur um að endurskoða greiðslur fyrir röntgen-

myndatöku og rannsóknir og lækka útgjöld um 120 m.kr. Í þriðja lagi er stefnt að endurskoðun á fyrirkomulagi lyfjaverðlagningar og m.a. lækka álagningu vegna afnáms aðstöðugjalds auk annarra atriða er koma til framkvæmda með nýjum lyfjalögum. Samtals er áformað að lækka lyfjaútgjöld um 150 m.kr. Loks er áformað að bjóða út hluta af tannlækningum og spara með því 30 m.kr.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistgjöld á sjúkrastofnunum	2.229,2	2.086,0	2.300,0	10	3
Hjálpartæki	507,6	593,0	560,0	-6	10
Útgjöld skv. 39. gr.	431,7	511,0	455,0	-11	5
Lækniskostnaður	1.577,6	1.340,0	1.460,0	9	-7
Tannlæknakostnaður	958,6	769,0	790,0	3	-18
Sérreikningar sjúkrastofnana	1.064,6	1.030,0	920,0	-11	-14
Ferða- og flutningskostnaður	139,2	162,0	170,0	5	22
Erlendur sjúkrakostnaður	272,7	266,0	260,0	-2	-5
Lyfjakostnaður	2.786,2	2.540,0	2.800,0	10	1
Sjúkradagpeningar	220,6	233,0	235,0	1	7
Annað	49,5	60,0	60,0	0	21
Sértekjur	-62,7	-60,0	-470,0	.	.
Mismunur	-4,7	-	-	.	.
Samtals	**10.170,0**	**9.530,0**	**9.540,0**	**0**	**-6**

Ráðgert er að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins gefi út heilsukort og teljist handhafar þeirra sjúkratryggðir komandi almanaksár. Áætlað er að tekjur af sölu heilsukorta verði um 400 m.kr. á ári. Útgáfa heilsukortsins er í samræmi við þau ákvæði almannatryggingalaga að sjúkratryggðir beri sérstök skírteini til sönnunar á því að þeir séu sjúkratryggðir og eigi rétt á þeirri þjónustu sem sjúkratryggingar greiða.

Eftirfarandi er yfirlit yfir daggjaldastofnanir og greiðslur til þeirra á einu ári miðað við daggjöld í september 1993. Breyting frá fjárlögum er sú að nú er ekki gert ráð fyrir beinu framlagi frá Framkvæmdasjóði aldraða til reksturs daggjaldastofnana, en 160 m.kr. renna úr sjóðnum til þeirra í gildandi fjárlögum. Þá er gert ráð fyrir nýjum daggjöldum til heimilis fyrir heilaskaðaða að Reykjalundi sem áætlað er að kosti 20 m.kr. á ári. Heimilið er ætlað fyrir 7 vistmenn og er miðað við að það verði í rekstri allt árið 1994. Daggjaldataxti hækkaði þann 1. mars s.l. um 1,14% og 1. september s.l. um 0,68% vegna hækkunar á vísitölu. Að auki var grunnur daggjalda hækkaður í janúar s.l. vegna þess að hætt var að greiða jöfnunar- og halladaggjöld.

Taflan sýnir áætluð útgjöld daggjaldastofnana miðað við daggjöld í september 1993 og fulla nýtingu rúma. Nýting rúma á daggjaldastofnunum var að meðaltali 98% á síðasta ári en er nokkuð mismunandi eftir stofnunum. Ber því að taka tölur fyrir hverja stofnun með varúð, en þær gefa engu að síður góða mynd af umfangi starfseminnar.

Daggjaldastofnanir	Fjöldi rúma	Reikningur 1992	Daggjald í sept. '93 kr. á rúm	Áætlaður kostnaður á ári, m.kr.
Droplaugarstaðir, Reykjavík	36	67,7	5.601	73,6
Seljahlíð, Reykjavík	13	27,4	5.601	26,6
Hornbrekka, Ólafsfirði	13	26,3	5.601	26,9
Dalbær, Dalvík	20	39,6	5.601	40,9
Hlíð, Akureyri	65	123,9	5.601	132,9
Skjólgarður, Höfn	32	63,9	5.601	65,4
Hulduhlíð, Eskifirði	15	26,2	5.601	30,7
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	17	26,8	4.582	28,4
Barmahlíð, Reykhólum	13	8,8	4.582	21,7
Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	12	17,5	4.582	20,1
Fellaskjól, Grundarfirði	5	6,4	4.582	8,4
Jaðar, Ólafsvík	4	5,8	4.103	6,0
Heiðarbær, Kirkjubæjarklaustri	10	12,9	4.103	15,0
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	10	13,0	4.178	15,2
Hjallatún, Vík í Mýrdal	7	9,9	5.601	14,3
Dvalarheimili aldraðra, Þórshöfn	5	6,9	4.582	8,4
Dvalarheimilið Höfði, Akranesi	12	14,8	5.601	24,5
Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Reykjavík	186	362,0	5.601	380,3
Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hafnarfirði	148	310,0	5.980	323,0
Grund, Reykjavík	152	226,5	4.582	254,2
Ás, Hveragerði	64	77,7	3.564	83,3
Rauði kross Íslands, Reykjavík	28	24,0	2.546	26,0
Vinnuheimili SÍBS, Reykjalundi	166	410,2	6.839	414,4
Hjúkrunarheimili, Fellsenda	17	18,5	3.125	19,4
Hjúkrunarheimili, Kumbaravogi	40	70,2	5.194	75,8
Hlíðarbær, Flókagötu 53	18	17,3	4.092	18,4
MS félag Íslands	25	19,7	3.393	21,2
Múlabær	42	24,7	2.492	26,2
Dvalarheimili við Vesturhlíð	6	-	2.790	6,1
Dagvistarstofnanir	183	49,0	1.917	87,7
Heimili fyrir heilaskaðaða, Reykjalundi	7	-	-	20,0
Uppgjör við stofnanir	-	121,7	-	-
Samtals	-	**2.229,2**	-	**2.314,6**
Áætlun miðað við 98% nýtingu	-	-	-	**2.268,3**
Áætlun fjárlagafrumvarps 1994	-	-	-	2.300,0

208 Slysatryggingar. Áætlun um útgjöld slysatrygginga er jafnan óviss. Framlög til bótagreiðslna slysatrygginga eru 12% lægri en í fjárlögum þessa árs. Lækkunin stafar af tilfærslu á tryggingu stjórnenda ökutækja og aflvéla til tryggingarfélaga á almennum markaði. Breytingin var ákveðin með lögum nr. 104/1992 og tekur gildi 1. janúar 1994. Áætlað er að útgjöldin á næsta ári lækki um 50 m.kr. vegna þessara breytinga. Í samræmi við breytinguna verður innheimtu iðgjalda með bifreiðagjöldum hætt. Einnig er gert ráð fyrir að framlag til varasjóðs slysatrygginga falli niður á næsta ári, en það er áætlað um 30 m.kr.

212 Atvinnuleysistryggingasjóður. Áætlun um útgjöld til atvinnuleysisbóta er byggð á spá Þjóðhagsstofnunar um 5% atvinnuleysi á næsta ári og þar með að átaksverkefnum í atvinnumálum verði haldið áfram í samvinnu við sveitarfélögin. Breytingar á lögum um sjóðinn frá síðasta ári, sem hafa í för með sér fjölgun þeirra sem rétt eiga á bótum, gerir

mat á útgjöldum sjóðsins óvissara en áður. Fjölgunin stafar af nýjum bótarétti sjálfstætt starfandi manna og rétti fólks utan stéttarfélaga auk þess sem bankamenn fá nú greiddar bætur úr sjóðnum. Gert er ráð fyrir að heildarbætur verði um 3,6 milljarðar króna, þar af eru launabætur vegna kjarasamninga um 200 m.kr. Framlag til eftirlauna aldraðra er áætlað 300 m.kr. og rekstrarkostnaður auk framlags til Kjararannsóknanefndar nemur alls 125 m.kr. Samtals er gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins verði um 4 milljarðar króna. Er þá tekið tillit til áforma um að spara 250 m.kr. í útgjöldum, m.a. með því að herða eftirlit og að breyta fyrirkomulagi á úthlutunarreglum.

Áætlað er að innstreymi í sjóðinn verði alls 1.060 m.kr. Fjármagnstekjur, leigutekjur og innheimtar afborganir eru áætlaðar rúmlega 260 m.kr. Þá leggja sveitarfélögin 600 m.kr. til átaksverkefna í atvinnumálum líkt og gert er á þessu ári, en góð samvinna hefur verið um verkefnin. Loks verða seld skuldabréf í eigu sjóðsins fyrir 200 m.kr. Framlög á gjaldahlið fjárlaga til sjóðsins verða samtals 2.950 m.kr. Þar af er lögbundið framlag ríkissjóðs 900 m.kr. eða sem nemur 0,45% af stofni tryggingagjalds. Reiknað er með að iðgjald atvinnurekenda í sjóðinn verði hækkað og tekið verði upp iðgjald launþega í sjóðinn. Samanlagt er áætlað að tekjur af iðgjöldum atvinnurekenda og launþega verði um 1.650 m.kr. Sá greiðsluvandi sem eftir stendur, eða tæplega 400 m.kr., verður leystur með framlagi úr ríkissjóði. Nánar er fjallað um Atvinnuleysistryggingasjóð í greinargerð með B-hluta. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn flytjist til félagsmálaráðuneytisins í ársbyrjun 1994 og er áformað að færa sjóðinn þar í fjárlögum.

Til atvinnuleysisbóta opinberra starfsmanna eru áætlaðar 120 m.kr. sem er hækkun um 80 m.kr. frá fjárlögum 1993, en horfur eru á að útgjöldin í ár verði um 115 m.kr.

214 Eftirlaunasjóður aldraðra. Áætlað er að framlag úr ríkissjóði til eftirlauna aldraðra nemi tæplega 116 m.kr. árið 1994, en að auki er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái 300 m.kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Framlög til eftirlauna aldraðra munu að óbreyttu lækka á komandi árum, enda eru þau ætluð til að greiða lífeyri til fólks sem fætt er 1914 og fyrr. Framlögin eru í samræmi við lög nr. 2/1985 um eftirlaun aldraðra og skiptast á milli ríkissjóðs, Atvinuleysistryggingasjóðs og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögunum falla niður 1. janúar 1997.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Undir þennan málefnaflokk falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 301 Landlæknir; 311 Héraðslæknir í Reykjavík; 315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra; 232 Tryggingaeftirlitið; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 325 Hollustuvernd ríkisins; 326 Sjónstöð Íslands og 327 Geislavarnir ríkisins.

Framlag til þessa málefnaflokks er 258 m.kr. og lækkar um 6% að raungildi frá fjárlögum 1993. Framlag til *Landlæknisembættisins* lækkar um 10 m.kr. frá fjárlögum 1993 þar sem felld er niður fjárveiting til Krýsuvíkursamtakanna. Fjárveitingar til héraðslæknaembætta í Reykjavík og á Norðurlandi eystra lækka um tæplega 15 m.kr. Gert er ráð fyrir að á Norðurlandi eystra verði tekið upp sama fyrirkomulag og annars staðar á landinu, að einn heilsugæslulæknir gegni jafnframt embætti héraðslæknis. Í Reykjavík er gert ráð fyrir fækkun starfsmanna hjá embætti héraðslæknis, í samræmi við fjárveitingu. Í fjárlögum 1993 er gert ráð fyrir að *Tryggingaeftirlit ríkisins* skili 5,7 m.kr. í ríkissjóð. Í samræmi við álit Umboðsmanns Alþingis er gert ráð fyrir að framlagið falli niður á næsta ári. Tryggingaeftirlitinu er þess í stað ætlað að greiða kostnað vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna sinna og hlutdeildar í sameiginlegri þjónustu samkvæmt

reikningi. Útgjöld *Hollustuverndar ríkisins* hækka um 5 m.kr. vegna þess að stofnunin tekur yfir gerð leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir frá umhverfisráðuneyti. Á móti er gert ráð fyrir sparnaði í almennum rekstrarkostnaði er nemur 2,2 m.kr. Loks hækka framlög til *Sjónstöðvar Íslands* um 1,8 m.kr. vegna kaupa á tækjum fyrir sjónskerta.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknisembættið	41,9	45,8	36,3	-21	-13
Tryggingaeftirlit ríkisins	-5,7	-5,1	-	.	.
Héraðslæknir í Reykjavík	15,9	16,9	6,8	-60	-57
Héraðslæknir Norðurlandi eystra	6,4	6,6	1,9	-71	-70
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	70,0	76,8	75,9	-1	8
Hollustuvernd ríkisins	74,3	77,8	80,8	4	9
Sjónstöð Íslands	23,3	37,7	39,6	5	70
Geislavarnir ríkisins	17,6	16,5	16,7	1	-5
Samtals	**243,7**	**273,0**	**258,0**	**-5**	**6**

Sjúkrastofnanir

Undir málefnaflokkinn falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 350-373 Ýmis sjúkrahús; 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 385 Framkvæmdasjóður aldraðra og 400-490 Ýmis sjúkrahús og stofnanir. Málefnaflokkurinn spannar mjög vítt svið þar sem m.a. eru, auk sjúkrahúsa, hjúkrunarheimili, endurhæfingarstofnanir og meðferðarstofnanir vegna áfengisvanda. Athygli er vakin á því að hjúkrunarheimili eru einnig í yfirliti yfir daggjaldastofnanir, undir sjúkratryggingum hér að framan. Heildarútgjöld til sjúkrastofnana eru 15,9 milljarðar króna í frumvarpinu og lækka um 2% frá fjárlögum 1993. Hér á eftir verður fjallað nánar um einstaka liði málefnaflokksins þar sem tilefni er til.

1. Sjúkrahús í Reykjavík. Framlög til ríkisspítala og annarra sjúkrahúsa í Reykjavík lækka að raungildi um 3,2% og er þá tekið tillit til flutnings Kristnesspítala til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Auk 1,5% lækkunar á framlögum til sjúkrahúsa í Reykjavík er áformað að hætta rekstri barnaheimila og verður Reykjavíkurborg boðið að taka við þeim rekstri. Lækka framlög til sjúkrahúsanna af þeim sökum um rúmlega 170 m.kr. Þá lækka framlög til áfengisdeilda ríkisspítala um 50 m.kr.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	69,3	264,3	304,2	15	.
Ríkisspítalar	6.366,4	6.213,6	6.065,0	-2	-5
Borgarspítali	2.767,0	2.743,7	2.706,7	-1	-2
Landakot	851,6	911,4	738,0	-19	-13
Samtals	**10.054,3**	**10.133,0**	**9.813,9**	**-3**	**-2**

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Um er að ræða safnlið með 204 m.kr. til rekstrar og 100 m.kr. til fjárfestingar. Hér eru taldar 67 m.kr. vegna bráðavakta á sjúkrahúsum í Reykjavík og 74 m.kr. sem fjárlaganefnd mun ráðstafa í samræmi við

ákvæði fjárlaga yfirstandandi árs. Þá er á þessum fjárlagalið gert ráð fyrir tíu nýjum ársverkum sem ætlað er að dreifa á sjúkrahúsin í landinu og kosta um 20 m.kr. Til sameiginlegra verkefna og samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík eru ætlaðar 19 m.kr. Loks eru tæplega 23 m.kr. ætlaðar til að stuðla að aukinni hagræðingu í sjúkrahúsaþjónustu. Framkvæmdafénu, 100 m.kr., verður skipt á einstök verkefni sjúkrahúsa í Reykjavík með tilliti til breytinga á verkaskiptingu þeirra á milli.

371 Ríkisspítalar. Framlag til spítalanna lækkar um tæplega 1,9% að raungildi, þegar leiðrétt hefur verið fyrir flutningi á rekstri Kristnesspítala til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Breytingar á framlagi til spítalans eru eftirfarandi: Framlög til launa hækka um 13,7 m.kr. vegna kjarasamninga við sjúkraliða. Þá hækka framlög til hjartaaðgerða um 25 m.kr. og er miðað við 250 aðgerðir á árinu 1994. Loks hækkar framlag til Fæðingarheimilis Reykjavíkur um 10 m.kr., þar af verða 4,3 m.kr. færðar af liðnum 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Til lækkunar koma 50 m.kr. vegna lokunar Gunnarsholts og samdráttar í rekstri annarra áfengisdeilda og hækkunar sértekna vegna meðferðargjalda. Áformað er að hætta rekstri barnaheimila á sjúkrahúsum ríkisins og lækkar fjárveiting til ríkisspítala um 88 m.kr. af þeim sökum. Áformað er að afla ríkisspítölum 60 m.kr. sértekna með því að breyta þvottahúsi Ríkisspítala í hlutafélag og selja hlutabréf í fyrirtækinu. Söluandvirði bréfanna rennur til ríkisspítala að frádregnu framlagi til rannsókna- og þróunarverkefna. Að öðrum kosti verður að draga úr starfsemi spítalanna eða auka umsvif þvottahússins, þannig að ekki komi til viðbótarframlag úr ríkissjóði. Þessi áform voru í forsendum fjárlaga yfirstandandi árs en hafa ekki náð fram að ganga. Framlög til viðhalds, stofnkostnaðar og tækjakaupa eru óbreytt frá fjárlögum 1993 og verða samtals 348 m.kr.

372 Borgarspítali. Fjárframlag lækkar að raungildi um 2,4% eða um 64 m.kr. sem er vegna lækkunar á framlagi til reksturs barnaheimila á sjúkrahúsinu. Framlag til viðhalds og tækjakaupa eru óbreytt á milli ára, eða 45 m.kr.

373 St. Jósefsspítali, Landakoti. Framlög til spítalans eru lækkuð verulega frá fjárlögum ársins 1993, eða um fimmtung að raungildi. Lækka framlögin um samtals rúmar 173 m.kr., þar af eru 20 m.kr. vegna áforma um að hætta rekstri barnaheimila. Lagt er til að láta þá lækkun sem fellur á sjúkrahúsin í Reykjavík koma á St. Jósefsspítala, Landakoti, en ekki sjúkrahúsum með bráðavaktir. Er þetta í samræmi við þá stefnu í sjúkrahúsmálum að reyna að halda sem næst óbreyttri starfsemi á þeim sjúkrahúsum í Reykjavík og á Akureyri sem reka fjölþætta starfsemi.

2. Aðrar sjúkrastofnanir. Undir þennan lið falla sjúkrastofnanir á landsbyggðinni og í Reykjavík, aðrar en þær sem taldar eru hér að framan. Þegar tekið er tillit til 100 m.kr. fjárheimildar vegna flutnings Kristnesspítala frá ríkisspítölum til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri lækka framlög til þessa málaflokks að raungildi um 2,5% frá fjárlögum. Lækkunin skiptist nokkuð jafnt á stofnanirnar ef frá eru taldar áfengismeðferðarstofnanir. Í samræmi við þá stefnu að reyna að halda sem næst óbreyttri starfsemi á sjúkrahúsum sem reka fjölþætta starfsemi, er Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hlíft við lækkun og henni skipt á sjúkrahús utan Reykjavíkur. Áformað er að draga saman útgjöld til áfengismeðferðarstofnana og fækka vistrýmum auk þess sem innheimta á gjald fyrir áfengismeðferð. Markmiðið er að hagræða í rekstri og bæta nýtingu þess fjár sem til

ráðstöfunar er. Sértekjuáætlun SÁÁ er hækkuð um 17,2 m.kr. vegna meðferðargjalda í samræmi við ofangreind markmið. Rekstrarframlag til *Hlaðgerðarkots* er lækkað um 15 m.kr. og sértekjur hækkaðar um 2,8 m.kr. vegna meðferðargjalda. Lækkun á framlagi til Hlaðgerðarkots mun óhjákvæmilega hafa í för með sér fækkun vistrýma. Í samræmi við markaða stefnu eru felld niður framlög til reksturs barnaheimila á eftirtöldum stofnunum: Sjúkrahúsið á Akranesi 3,5 m.kr.; Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 12,0 m.kr.; Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað 0,6 m.kr.; Sjúkrahús Vestmannaeyja 0,5 m.kr.; St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 8,5 m.kr. og Sunnuhlíð, Kópavogi 2,6 m.kr. Varðandi tvær síðasttöldu stofnanirnar þá er rekstrarframlag til St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, hækkað um 10 m.kr. til samræmis við þá þjónustu sem spítalinn veitir og 2 m.kr. eru fluttar af sjúkratryggingum til reksturs Sunnuhlíðar vegna sjúkraþjálfunar.

Greiðslugrunnur	Stöðu-gildi	Fjöldi rúma	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahúsið Akranesi	161,0	93,0	405,5	419,0	407,6	-3	1
Sjúkrahúsið Patreksfirði	34,5	24,0	72,8	73,1	69,7	-5	-4
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	67,5	30,0	169,5	172,5	166,2	-4	-2
Héraðshæli A-Hún., Blönduósi	56,6	40,0	113,2	114,9	112,8	-2	0
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	121,6	84,0	251,3	264,9	259,5	-2	3
Sjúkrahúsið Siglufirði	53,0	43,0	123,9	125,9	123,7	-2	0
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	403,0	214,0	1.037,8	1.044,5	1.150,2	10	11
Sjúkrahúsið Húsavík	98,0	62,0	223,3	228,9	224,5	-2	1
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	32,0	26,0	84,6	87,4	85,8	-2	1
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	60,0	44,0	156,1	158,8	160,1	1	3
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	39,0	32,0	95,2	96,5	94,7	-2	-1
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	93,5	61,0	209,5	213,8	209,2	-2	0
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	68,8	40,0	167,6	170,0	166,4	-2	-1
Sjúkrahúsið Keflavík	72,0	36,0	187,7	176,3	172,7	-2	8
Víðihlíð, Grindavík	16,5	14,0	-	30,8	30,7	.	.
Sólvangur, Hafnarfirði	123,7	106,0	214,7	215,5	216,4	0	1
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	98,0	53,0	194,0	192,5	197,3	2	2
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	46,0	42,0	97,9	99,5	97,2	-2	-1
Sjúkrahús, Hvammstanga	40,0	37,0	86,4	87,1	85,9	-1	-1
Sjúkrahús Bolungarvíkur	20,0	21,0	42,2	42,9	42,1	-2	0
Sjúkraskýlið Hólmavík	12,0	13,0	25,0	25,5	25,2	-1	1
Sjúkraskýlið Þingeyri	7,0	4,0	13,6	12,1	12,0	-1	-12
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	5,0	7,0	10,1	11,1	11,0	-1	9
Sundabúð II, Vopnafirði	13,0	12,0	25,8	26,2	25,9	-1	0
Sunnuhlíð, Kópavogi	58,0	54,0	115,9	113,8	115,6	2	0
Hjúkrunarheimilið Skjól	129,0	106,0	266,8	264,4	262,0	-1	-2
Hjúkrunarheimilið Eir	33,5	25,0	-	70,0	70,7	1	.
Garðvangur, Garði	42,0	41,0	94,6	95,9	95,0	-1	0
Sjúkrastöðvar SÁÁ	79,0	120,0	202,7	185,9	170,6	-8	-16
Víðines	24,6	67,0	74,7	76,3	77,0	1	3
Hlaðgerðarkot	16,0	30,0	39,6	40,5	23,0	-43	-42
Sjálfsbjörg, hjúkr.- og endurhæf.stofnun	91,0	45,0	165,8	168,7	167,1	-1	1
Heilsuhæli NLFÍ	70,0	160,0	228,2	191,6	189,2	-1	-17
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	26,1	7,0	41,0	71,6	70,4	-2	72
Samtals	**2.310,9**	**1.734,0**	**5.237,0**	**5.368,4**	**5.387,4**	**0**	**3**

Framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa eru á fjárlagaliðunum 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 371 Ríkisspítalar; 372; Borgarspítalinn; 373 St. Jósefsspítali, Landakoti og 385

Framkvæmdasjóður aldraðra. Samtals eru framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa 1.009 m.kr. á framantöldum liðum og hækka um 11,4 m.kr. frá fjárlögum 1993.

Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs stofnana er áætlað 156 m.kr. samanborið við 160 m.kr. í fjárlögum 1993. Lækkunin stafar af minni tekjustofnum sjóðsins, en ráðgert er að veita svipuðu hlutfalli af ráðstöfunarfé hans til reksturs og á þessu ári. Áformað er að nýta fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra m.a. til að greiða rekstrarkostnað við hjúkrunarheimilin Eir í Reykjavík og Víðihlíð í Grindavík.

Heilsugæsla

Framlög til heilsugæslustöðva lækka um tæplega 2% að raungildi frá fjárlögum 1993. Sú breyting er gerð á framsetningu að 74,6 m.kr. kostnaður vegna sjúkraflutninga hefur verið fluttur á fjárlagaliðinn 500 Heilsugæslustöðvar almennt. Kostnaður við sjúkraflutninga á Akureyri, Suðurnesjum og í Hafnarfirði er færður hér eða samtals 67,6 m.kr. auk nýrrar 7 m.kr. fjárveitingar vegna sjúkraflutninga á Selfossi. Framlög til heilsugæslustöðva á viðkomandi stöðum lækkar samsvarandi. Áformað er að aðgreina þennan kostnað betur í fjárlögum næsta árs til að gera samanburð milli einstakra heilsugæslustöðva auðveldari en nú er. Af einstökum gjaldategundum þá lækka rekstrargjöld heilsugæslustöðva um 20 m.kr., viðhald um 4,5 m.kr. og stofnkostnaður um 11 m.kr. Lækkun rekstrargjalda dreifist á margar stöðvar og er hvergi um meiri háttar breytingar að ræða hvorki til hækkunar né lækkunar. Loks hafa fjárveitingar til heilsugæslustöðva verið leiðréttar með tilliti til þess að á næsta ári renna leigutekjur af starfsmannaíbúðum í sameiginlegan sjóð. Sjóðurinn mun standa undir viðhaldi bústaðanna. Samningar standa yfir við Innkaupastofnun ríkisins um að hún taki að sér vörslu sjóðsins.

Annað

Málefnaflokkurinn nær til ýmissar starfsemi sem fellur undir heilbrigðismál: 340 Málefni fatlaðra; 393-396 Lyfjamál; 300 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi; 601 Ljósmæðraskóli Íslands; og 621 Áfengisvarnir og bindindismál. Liðurinn hækkar um 1,4% að raungildi sem skýrist af tilflutningi verkefnis frá utanríkisráðuneytinu. Um er að ræða framlag til Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, sem nemur 7,8 m.kr. Þá hækkar framlag til Krabbameinsfélags Íslands um 10 m.kr. vegna þess að samkomulag var um tímabundna lækkun framlags á þessu ári. Loks er fallið frá því að Lyfjaeftirlit ríkisins og Lyfjanefnd skili sértekjum í ríkissjóð, en samtals er um 4,9 m.kr. að ræða í fjárlögum 1993. Þessum stofnunum verður hins vegar gert að greiða áfallnar lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna samkvæmt reikningi frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og fyrir annan sameiginlegan kostnað. Til lækkunar kemur að 10 m.kr. framlag til Bláalónsnefndar er fellt niður og óskipt framlög til áfengisvarna og bindindismála lækka um 5,1 m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld fjármálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	407,0	408,4	402,2	-2	-1
Skatta-, tolla- og innheimtumál	1.346,2	1.411,9	1.444,5	2	7
Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.552,4	1.542,0	1.420,0	-8	-9
Vextir	8.346,2	10.500,0	11.700,0	11	40
Annað	1.533,8	1.673,4	1.516,4	-9	-1
Rekstrarhagræðing	-	16,0	5,2	-68	.
Samtals	**13.185,6**	**15.551,7**	**16.488,3**	**6**	**25**
Rekstrarkostnaður	2.264,7	2.320,1	2.316,8	-0	2
Verðbætur	-	20,0	50,0	150	.
Vextir	8.346,2	10.500,0	11.700,0	11	40
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.437,9	1.297,0	1.317,6	2	-8
Stofnkostnaður og viðhald	1.136,8	1.414,6	1.103,9	-22	-3
Samtals	**13.185,6**	**15.551,7**	**16.488,3**	**6**	**25**

Heildarútgjöld ráðuneytisins lækka um rúm 7% að raungildi frá fjárlögum 1993 ef vaxtagreiðslur ríkissjóðs eru frátaldar.

Breytingar á útgjöldum til hækkunar nema um 1.384,2 m.kr. frá fjárlögum 1993. Þar vega þyngst 1.200 m.kr. auknar vaxtagreiðslur ríkissjóðs. Að auki hækka útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum um 75 m.kr., launabætur um 30 m.kr., framlög til skatta- og tollamála vegna skattkerfisbreytinga og upptöku verðjöfnunargjalds um 20,4 m.kr. og útgjöld við innheimtustarfsemi, einkum vegna aukatekjulaga, um 44,3 m.kr.

Ýmsir útgjaldaliðir lækka samtals um 447,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Mest munar um lækkun á framlagi til átaks á sviði rannsókna og þróunarstarfs, en framlagið lækkar um 200 m.kr. miðað við gildandi fjárlög. Þá lækka framlög sem ákveðin eru af ríkisstjórninni til viðhaldsverkefna um 100 m.kr. Áætluð greiðslubyrði ríkissjóðs vegna tapaðra ábyrgða lækkar um 20 m.kr., framlag til að standa straum að hugsanlegum tjónabótum til stofnana ríkisins lækkar um 30 m.kr. og framlag til framkvæmda á vegum Fasteigna ríkissjóðs lækkar um 30,6 m.kr.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 103 Ríkisbókhald; 104 Ríkisfjárhirsla; 105 Ríkislögmaður og 199 Ráðstöfunarfé.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	268,0	262,0	258,6	-1	-4
Ríkisbókhald	91,4	90,7	88,4	-3	-3
Ríkisfjárhirsla	30,5	30,1	30,1	0	-1
Ríkislögmaður	17,1	19,6	19,1	-3	12
Ráðstöfunarfé	-	6,0	6,0	0	.
Samtals	**407,0**	**408,4**	**402,2**	**-2**	**-1**

Framlög til aðalskrifstofu og tengdra stofnana lækka um rúm 2% miðað við gildandi fjárlög. Rekstrarframlög til aðalskrifstofu, ríkisbókhalds og ríkislögmanns lækka um 3% að raungildi frá fjárlögum 1993, en ríkisfjárhirslu um rúmt 1%. Lækkun fjárveitinga verður mætt með ýmiss konar rekstrarhagræðingu í starfsmannahaldi, með því að draga úr aðkeyptri sérfræðiþjónustu og með frestun ýmissa verkefna. Á seinni hluta þessa árs mun ríkisfjárhirsla, sem og aðrar stofnanir sem standa fyrir umfangsmiklum útgreiðslum úr ríkissjóði, taka upp útgreiðslukerfi, svokallað gjaldkerakerfi, sem dregur úr villuhættu og einfaldar skráningu færslna. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að ríkislögmaður taki gjald fyrir álitsgerðir en reglugerð sem liggja skal gjaldtökunni til grundvallar hefur enn ekki verið sett.

Skatta-, tolla og innheimtumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skattamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður; 251 Gjaldheimtan í Reykjavík; 259 Gjaldheimta Suðurnesja; 261 Ríkistollstjóri og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	305,8	330,5	300,6	-9	-2
Skattamál, ýmis útgjöld	439,9	479,0	478,1	-0	9
Yfirskattanefnd	33,3	37,2	36,3	-2	9
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-	-	43,3	.	.
Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	224,1	210,5	250,3	19	12
Tollaembætti	343,1	354,7	335,9	-5	-2
Samtals	**1.346,2**	**1.411,9**	**1.444,5**	**2**	**7**
Rekstrarkostnaður	1.282,9	1.365,4	1.399,3	2	9
Stofnkostnaður	63,3	46,5	45,2	-3	-29
Samtals	**1.346,2**	**1.411,9**	**1.444,5**	**2**	**7**

Rekstrarframlög til óbreyttrar starfsemi stofnana málaflokksins lækka um rúmt 1% að raungildi miðað við gildandi fjárlög. Heildarframlög til skatta-, tolla- og innheimtumála aukast hins vegar um 2% að raungildi. Hækkunina má að mestu rekja til laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Að auki eru um 20,4 m.kr. veittar á næsta ári til undirbúnings skattlagningar eigna- og fjármagnstekna, til breytinga á virðisaukaskatti og vegna upptöku á verðjöfnunargjaldi sem tengist aðildinni að EES.

201 Ríkisskattstjóri. Af fjárlagalið ríkisskattstjóra færast um 26,4 m.kr. til nýs fjárlagaliðar, skattrannsóknarstjóra ríkisins. Þar af fara um 16,1 m.kr. af *yfirstjórn* og 10,3 m.kr. af *sameiginlegum útgjöldum ríkisskattstjóra og skattstofa.* Átta störf hafa verið flutt frá embætti ríkisskattstjóra til skattrannsóknarstjóra.

202 - 211 Skattstofur og 212 Skattamál, ýmis útgjöld. Framlög lækka um nálægt 1% að raungildi frá fjárlögum 1993. Gerð er krafa um 3% rekstrarhagræðingu á Skattstofunni í Reykjavík, Skattstofu Austurlands og Skattstofu Norðurlands eystra. Á öðrum skattstofum er gert ráð fyrir óbreyttum rekstrarfjárhæðum miðað við yfirstandandi ár. Sameining skattstofa hefur verið til skoðunar að undanförnu. Er það í framhaldi af samanburðarathugun sem gerð var á skattstofum fyrr á þessu ári og viðleitni til að ná sem mestri hagræðingu í starfsemi þeirra. Helst kemur til álita að fækka skattstofum þannig að þær verði jafnmargar kjördæmum landsins og greiða fyrir því að umboðsaðilar, t.d. sýslumannsembættin eða bæjaryfirvöld, geti veitt lágmarksþjónustu hvað snertir afhendingu og móttöku gagna. Í yfirliti hér á eftir eru raunveruleg og áætluð rekstrargjöld skattstofa á hvern íbúa, sextán ára og eldri, í hverju umdæmi borin saman (miðað er við íbúafjölda 1. desember 1992):

Skattstofur	Rekstrargjöld á íbúa		
	Reikningur 1992, kr.	Fjárlög 1993, kr.	Frumvarp 1994, kr.
Skattstofan í Reykjavík	2.015	2.073	2.020
Skattstofa Vesturlands	2.341	2.557	2.576
Skattstofa Vestfjarða	2.648	2.711	2.725
Skattstofa Norðurlands vestra	2.536	2.520	2.533
Skattstofa Norðurlands eystra	2.211	2.369	2.308
Skattstofa Austurlands	2.271	2.374	2.311
Skattstofa Suðurlands	2.394	2.429	2.447
Skattstofa Vestmannaeyja	3.310	3.070	3.098
Skattstofa Reykjaness	1.515	1.670	1.678

Í fjárlögum 1993 voru veittar 40,1 m.kr. á óskiptum lið til *skatteftirlits.* Framlagið hefur að hluta til verið nýtt til sérstaks skatteftirlitsátaks sem skattyfirvöld beittu sér fyrir í ár. Þá hefur framlagið einnig verið nýtt til að kosta starfsemi skattrannsóknarstjóra ríkisins að hluta og til skipulagsbreytinga á skattstofum þar sem áhersla hefur verið lögð á eflingu skatteftirlits. Lagt er til að á næsta ári verði veittar 33,5 m.kr. til áframhaldandi starfs á þessu sviði. Nefnd til að meta umfang skattsvika hefur nýverið skilað skýrslu og tillögum til aðgerða gegn þeim. Afstaða hefur enn ekki verið tekin til þeirra nema að litlu leyti. Á nýju viðfangsefni, *skattkerfisbreytingar,* er gert ráð fyrir 10,3 m.kr. vegna kostnaðar við breytingar í skattamálum 1994. Þar sem undirbúningur lagabreytinga stendur yfir er á þessu stigi óljóst hvaða áhrif breytingarnar kunna að hafa á skattaframkvæmd og kostnað við hana. Fyrir afgreiðslu frumvarps þessa mun fjármálaráðuneytið gera Alþingi grein fyrir málinu.

214 Yfirskattanefnd. Um yfirskattanefnd gilda lög nr. 30/1992, en hlutverk nefndarinnar er að afgreiða skattamál sem koma til úrskurðar á stjórnsýslustigi. Framlag til nefndarinnar lækkar um nálægt 3% miðað við fjárlög 1993 en framlag vegna biðlauna fellur niður á árinu 1994. Fjöldi mála, bæði eldri og yngri mála, er mikill hjá nefndinni og er því áfram á næsta ári ætlað fyrir viðbótarlaunakostnaði vegna afgreiðslu þeirra.

215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins. Þetta er nýr fjárlagaliður. Í upphafi þessa árs tóku gildi lög nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, er kveða á um stofnun embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins. Með gildistöku laganna var rannsóknardeild ríkisskattstjóra lögð niður og er fjárframlag til hennar flutt til hins nýja embættis. Embætti skattrannsóknarstjóri ríkisins fer með rannsóknir vegna brota á skattalögum og kannar meinta svarta atvinnustarfsemi. Í ár hefur embættið verið rekið af framlögum til ríkisskattstjóra, sameiginlegra útgjalda ríkisskattstjóra og skattstofa og skatteftirlits. Áætlað framlag til skattrannsóknarstjóra ríkisins á árinu 1994 er 43,3 m.kr. en á móti lækka fjárveitingar til áðurnefndra viðfangsefna. Áætlaður fjöldi starfa er tólf en þar af voru átta störf flutt frá embætti ríkisskattstjóra. Þá hefur fjármálaráðherra ákveðið að starfsmönnum við embættið verði fjölgað gagngert til þess að fylgjast með svartri atvinnustarfsemi. Miðað er við að í stöðurnar verði ráðið síðari hluta þessa árs og verður sá kostnaður borinn uppi af liðnum *skatteftirlit*. Málið verður kynnt sérstaklega fyrir fjárlaganefnd Alþingis.

251 -259 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður. Þegar millifærðar hafa verið um 41,2 m.kr. af viðfangsefni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, *kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs*, yfir á *ýmsan innheimtukostnað*, hækka framlög um 16% að raungildi frá gildandi fjárlögum. Mestu munar um 32 m.kr. hækkun á liðnum *ýmis innheimtukostnaður*. Við gildistöku laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, þann 1. júlí 1992 urðu ýmsar breytingar á bókfærðum útgjöldum ríkissjóðs. Í lögunum er gert ráð fyrir að ýmsar aukatekjur verði færðar að fullu án frádráttar á tekjuhlið ríkisreiknings en þau gjöld sem fram að gildistöku laganna voru dregin frá tekjunum áður en þeim var skilað í ríkissjóð verði færð á gjaldahlið. Kostnaður vegna aukatekjulaganna er annars vegar bókfærður á viðfangsefnið *06-490-1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs,* og hins vegar á *09-250-1.10 Ýmis innheimtukostnaður*. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 80,8 m.kr. til að mæta þessum kostnaði öllum á fjárlagalið dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Á fyrrnefnda viðfangsefnið er bókaður útlagður kostnaður innheimtuembætta við auglýsingar og birtingu kvaðninga um fjárnám. Á síðarnefnda viðfangsefnið eru færð dómsmálagjöld sem innheimtumaður ríkissjóðs greiðir í ríkissjóð fyrir útgáfu stefnu, þingfestingu, dómkvaðningu o.fl. Dómsmálagjöldin eru skuldfærð á gjaldanda. Ef þau innheimtast, lækkar kostnaðurinn. Af þessari ástæðu hækkar framlag vegna innheimtustofnana allnokkuð 1994. Á móti kemur hins vegar að á næsta ári er ráðgert að lækka þóknun Póst- og símamálastofnunarinnar um 10 m.kr. fyrir innheimtu gjalda en á liðinn *ýmis innheimtukostnaður* eru einnig færðar greiðslur til gjaldheimtna sveitarfélaga og annarra aðila sem innheimta skatta fyrir ríkissjóð. Framlag til *Gjaldheimtunnar í Reykjavík* hækkar um 12,8 m.kr. en hlutur ríkissjóðs í rekstrarkostnaði hennar hefur verið 65% en Reykjavíkurborgar 35%. Niðurfelling aðstöðugjalds hefur áhrif á skiptingu rekstrarkostnaðar gjaldheimtunnar

á árinu 1993 en ráðgert er að semja að nýju við Reykjavíkurborg um skiptinguna. Nú annast fjórar stofnanir innheimtu opinberra gjalda í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur, þ.e. Gjaldheimtan í Reykjavík, Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi, Gjaldheimta Mosfellsbæjar og Tollstjórinn í Reykjavík. Ljóst er að breyting á tekjustofnalögum sveitarfélaga og það að þessar stofnanir vinna hliðstæð störf gefur tilefni til þess að tilhögun á innheimtustarfseminni verði endurskoðuð frá grunni með það í huga að ná fram hagræðingu í rekstri, auknum árangri við innheimtu og betri þjónustu við skattgreiðendur. Ráðgert er að fyrir lok þessa árs muni fjármálaráðuneytið kynna fyrstu tillögur um breytingu á skipan innheimtumála.

261 - 262 Tollaembætti. Heildarframlög lækka um 6% miðað við fjárlög 1993. Gert er ráð fyrir að á næsta ári hafi Tollstjórinn í Reykjavík tök á að nýta hluta af fjárveitingu þessa árs til að mæta hluta af þeirri sparnaðarkröfu sem gerð er til embættisins. Um 10,1 m.kr. hækkun á framlagi til embættis ríkistollstjóra stafar af upptöku verðjöfnunargjalds en leggja þarf út fyrir undirbúningskostnaði við kaup og rekstur kerfisins. Um umfjöllun um endurskoðun á starfsemi innheimtustofnana vísast til athugasemda um gjaldheimtur og innheimtukostnað hér að framan.

Verðlagsmál og ríkisábyrgðir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 381 Uppbætur á lífeyri; 971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur; 989 Launa- og verðlagsmál og 990 Ríkisstjórnarákvarðanir.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Uppbætur á lífeyri	1.188,1	875,0	890,0	2	-25
Ríkisábyrgðir og tjónabætur	364,3	370,0	320,0	-14	-12
Launa- og verðlagsmál	-	40,0	60,0	50	.
Ríkisstjórnarákvarðanir	-	257,0	150,0	-42	.
Samtals	**1.552,4**	**1.542,0**	**1.420,0**	**-8**	**-9**

Þessir fjárlagaliðir tengjast efnahagsmálum og þróun verðlags. Nánar verður fjallað um einstaka fjárlagaliði hér á eftir.

381 Uppbætur á lífeyri. Á þennan lið eru færðar greiðslur ríkissjóðs vegna uppbóta á lífeyri ríkisstarfsmanna og greiðslur lífeyris samkvæmt sérlögum, m.a. til fyrrverandi hæstaréttardómara. Samsvarandi greiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins hefur borið vegna starfsmanna sinna eru einnig færðar á þennan lið. Í fjárlögum 1993 er í fyrsta skipti gert ráð fyrir að fyrirtæki í B-hluta beri greiðslur uppbóta á lífeyri starfsmanna sinna en fram til þess höfðu þær með örfáum undantekningum verið greiddar úr ríkissjóði. Greiðslur fyrirtækja í B-hluta eru áætlaðar um 120 m.kr. á næsta ári. Áætlun um uppbætur á lífeyri sundurliðast annars sem hér segir:

Áætlunarliðir	m.kr.
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-hluti	660
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	45
Lífeyrissjóður alþingismanna	100
Lífeyrissjóður ráðherra, ljósmæðraeftirlaun o.fl.	45
Lífeyrir hæstaréttardómara o.fl.	40
Samtals	**890**

971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur. Greiðslur sem ætla má að falli á ríkissjóð vegna tapaðra ábyrgða á næsta ári eru áætlaðar 300 m.kr. Hér er um 20 m.kr. lækkun frá fjárlögum 1993. Vísað er til umfjöllunar um Lánasýslu ríkisins í 6. kafla um nánari athugasemdir. Framlag vegna fjármunatjóna, er stofnanir ríkisins verða fyrir og skyldutryggingar ná ekki til, er 20 m.kr. í frumvarpinu og lækkar um 30 m.kr. miðað við gildandi fjárlög.

989 Launa- og verðlagsmál. Allar fjárhæðir frumvarpsins eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi 1994 eins og rakið er í 3. kafla og í inngangi 5. kafla. Þá eru áætlaðar undir þessum lið *launabætur* samkvæmt ákvæði í kjarasamningum. Um er að ræða greiðslu í febrúar til þeirra starfsmanna sem eru undir 80.000 kr. í meðallaunum á tímabilinu september til nóvember 1993 og aðra greiðslu í júlí fyrir tímabilið febrúar til apríl 1994. Þá eru 10 m.kr. ætlaðar til að mæta ófyrirséðum stofnkostnaðargreiðslum vegna verðbóta á verksamningum sem ríkissjóður er eða verður skuldbundinn af.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir. Á þennan fjárlagalið eru færð framlög sem kemur til kasta ríkisstjórnarinnar að ráðstafa. Liðurinn skiptist í tvö viðfangsefni. Hið fyrra er *til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.* Framlag er sem fyrr 100 m.kr. og með því er ætlað að mæta ýmsum ófyrirséðum útgjöldum sem ekki teljast vera á ábyrgð einstakra ráðherra heldur ríkisstjórnarinnar allrar. Til *markaðsátaks í löndum EES* er áætlað að verja 50 m.kr. og er það hluti af sérstökum aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að örva atvinnulíf.

Vextir

Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1994 nemi um 11.700 m.kr. Eins og oft áður ríkir óvissa um væntanleg lánskjör, bæði á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum. Flestar innlendar skuldir til lengri tíma eru bundnar föstum vöxtum og hefur stöðugleiki í verðlagsmálum því dregið úr óvissu um vaxtaútgjöld vegna þeirra. Hlutdeild óverðtryggðra lána til skemmri tíma, t.d. ríkisvíxla og ríkisbréfa, hefur farið vaxandi í innlendri lánsfjáröflun og hafa því vaxtagreiðslur vegna þeirra aukist. Æskilegt er að beina lánsfjáröfluninni frekar á langtímalánsfjármarkað til þess að vaxtakostnaður dreifist yfir lengra tímabil. Meiri hluti erlendra skulda ríkissjóðs er með breytilegum vöxtum og hafa því allar breytingar á erlendum lánamörkuðum mikil áhrif á vaxtabyrði ríkissjóðs.

Helsta breytingin í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 frá áætlun 1993 er að vextir á erlendum lánum hækka um 700 m.kr. Ástæður hækkunarinnar eru annars vegar gengisfelling íslensku krónunnar og hins vegar auknar erlendar lántökur vegna hallareksturs ríkissjóðs á undanförnum árum. Hækkun um 950 m.kr. vegna vaxtagjalda af spariskír-

teinum á árinu 1994 stafar af innlausn spariskírteina vegna lokagjalddaga á stórum flokki sem gefinn var út á árinu 1989.

Innheimtir vextir af þeim lánum sem ríkissjóður endurlánar öðrum aðilum eru áætlaðir 2,2 milljarðar króna og færast um tekjuhlið frumvarpsins. Hreinar vaxtagreiðslur ríkissjóðs eru því um 9,5 milljarðar króna eða 8,4% af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

Í yfirliti hér á eftir er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum 1992-1994:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.
Innlend lán	869	550	600
Spariskírteini	537	1.350	2.300
Erlend lán	4.883	6.100	6.800
Skammtímalán	2.057	2.000	2.000
Samtals	**8.346**	**10.000**	**11.700**

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fasteignamat ríkisins; 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 995 Skýrsluvélakostnaður og 999 Ýmislegt. Veruleg lækkun verður á framlögum til *útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum* og *ýmissa fasteigna ríkissjóðs.*

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignamat ríkisins	45,7	44,0	43,0	-2	-6
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	2,2	640,0	515,0	-20	.
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar	0,9	4,3	5,0	16	.
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	587,9	95,6	65,0	-32	-89
Skýrsluvélakostnaður	436,8	443,5	452,5	2	4
Ýmislegt	460,3	446,0	435,9	-2	-5
Samtals	**1.533,8**	**1.673,4**	**1.516,4**	**-9**	**-1**

402 Fasteignamat ríkisins. Á síðasta ári lagði fjármálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að Fasteignamat ríkisins yrði B-hluta stofnun og kveðið var á um heimildir til handa stofnuninni til að innheimta gjald fyrir veitta þjónustu. Frumvarpið náði hins vegar ekki afgreiðslu á síðasta þingi og verður það endurflutt á þessu þingi. Stofnunin er því sett fram í B-hluta fjárlagafrumvarpsins. Rekstrarframlag hækkar um 18 m.kr. en á móti lækkar stofnkostnaðarframlagið um 19 m.kr. Í fjárlögum 1993 er gert ráð fyrir að tekjur stofnunarinnar standi undir hefðbundnum rekstri. Nú er hins vegar ljóst að svo getur ekki orðið m.a. vegna þess að ekki hefur þótt grundvöllur fyrir frekari gjaldskrárhækkunum. Gert er ráð fyrir að tölvuvæðingu stofnunarinnar sem hófst árið 1991 ljúki að mestu á þessu ári. Af

liðnum *tæki og búnaður* er því ráðgert að verja 5 m.kr. til áframhaldandi undirbúnings á gerð Landsskrár fasteigna og 12 m.kr. til nýs matskerfis.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og útgjöldum sem ríkissjóði kann að verða gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við samningu fjárlagafrumvarps eða afgreiðslu fjárlaga. Fjárveiting til þessa er 515 m.kr. Heimildargrein frumvarpsins skiptist þannig: Í fyrsta lagi er ríkisstjórn og fjármálaráðherra veitt heimild til að gera breytingar á fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar, sem leiðir af nýjum lögum og sérstökum ákvörðunum. Í öðru lagi eru heimildir um eftirgjöf gjalda sem ekki er sérstaklega áætlað fyrir í frumvarpinu. Í þriðja lagi eru heimildir til eignasölu og er áætlað fyrir sölutekjum í tekjugrein frumvarpsins. Bent skal á að nú er í meira mæli en áður gert ráð fyrir að söluandvirði eða hluti söluandvirðis renni til afmarkaðra verkefna. Í fjórða lagi eru heimildir til eignakaupa og lántöku sem þeim fylgir. Flest eru hefðbundin heimildarákvæði til kaupa á húsnæði fyrir ríkisstofnanir, þó með þeirri undantekningu að ekki er leitað heimilda til kaupa á embættisbústöðum. Loks eru ýmsar útgjaldaheimildir, m.a. heimild til að verja allt að 20% af andvirði seldra ríkisfyrirtækja og hlutabréfa til rannsókna- og þróunarverkefna. Áætlað er að þessi fjárhæð geti numið um 100 m.kr. á næsta ári sem er lækkun um 200 m.kr. miðað við fjárlög 1993.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Undir þessum lið eru vistaðar fjárveitingar til ýmissa framkvæmda á vegum ríkisins sem fjármálaráðuneytið annast. Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í endurnýjun og breytingum á stjórnsýsluhúsi Akraness eru áætlaðar 27 m.kr. á næsta ári. Til að ljúka framkvæmdum við endurbætur á Tollhúsinu við Tryggvagötu eru ætlaðar 5 m.kr. en á þessu ári lýkur endurnýjun á húsnæði Skattstofunnar í Reykjavík á 4. hæð Tollhússins og byggingu á um 700 m^2 á 3. hæð hússins. Á næsta ári er áætlað að ljúka síðasta verkáfanga á 4. hæð Sölvhólsgötu 7 en til þess eru ætlaðar 10 m.kr. Til utanhússviðgerða við Sölvhól, húsnæði menntamálaráðuneytis, verður varið 8 m.kr. Loks eru veittar 15 m.kr. til innréttingar á listaskóla. Eftirfarandi yfirlit sýnir framlög til framkvæmda í fjárlögum 1993 og frumvarpi 1994:

Viðfangsefni	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.
Arnarhvoll, viðhald	5,6	-
Stjórnarráðshúsnæði	10,0	-
Stjórnsýsluhús Akranesi, hönnun	5,0	27,0
Tollhúsið við Tryggvagötu	55,0	5,0
Sölvhólsgata 7	5,0	10,0
Sölvhóll	7,0	8,0
Listaskóli	8,0	15,0
Samtals	**95,6**	**65,0**

995 Skýrsluvélakostnaður. Undir þessum lið er áætlað fyrir útgjöldum vegna rekstrar, viðhalds og nýsmíði stærstu upplýsingakerfa ríkisins. Til stofnkostnaðar teljast allar meiri háttar endurbætur eldri forrita auk nýsmíði hugbúnaðar. Á árinu 1992 gerði

hópur sérfræðinga á vegum fjármálaráðuneytis úttekt á skýrsluvélakostnaði og lagði fram tillögur til úrbóta. Af úrbótunum leiddi um 50 m.kr. lækkun á skýrsluvélakostnaði á árinu 1993 miðað við undangengið ár. Á næsta ári er gert ráð fyrir að útgjöldin verði óbreytt frá fjárlögum 1993. Tvö ný viðfangsefni, *fjármagnstekjuskattskerfi* og *hugbúnaðargerð vegna fjármagnstekjuskatts*, hafa bæst við þennan lið. Til fyrrnefnda viðfangsefnisins eru ætlaðar 6 m.kr. en hins síðarnefnda 20 m.kr. Rekstrarframlag vegna *skattvinnslukerfis* lækkar um 23,1 m.kr. en framlag til *hugbúnaðargerðar vegna skattvinnslukerfa* hækkar um 7 m.kr. Að öðru leyti er um nær óbreyttar fjárveitingar að ræða miðað við gildandi fjárlög. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu kostnaðar og framsetningu í fjárlögum 1993 og frumvarpi 1994:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Launagreiðslukerfi	60,9	60,6	61,0	1	0
Tekjubókhaldskerfi	158,5	62,6	63,0	1	-60
Skattvinnslukerfi	86,3	113,6	90,5	-20	5
Bókhalds- og áætlanakerfi	52,5	46,5	47,0	1	-10
Innheimtuskilakerfi	14,8	12,6	13,0	3	-12
Forsendukerfi innheimtugagna	-	13,6	14,0	3	.
Fjármagnstekjuskattskerfi	-	-	6,0	.	.
Sívinnsla notenda	-	54,0	55,0	2	.
Hugbúnaðargerð	63,8	80,0	103,0	29	61
Samtals	**436,8**	**443,5**	**452,5**	**2**	**4**

999 Ýmislegt. Undir þennan fjárlagalið er færður ýmis kostnaður sem ekki verður heimfærður til annarra málefnaflokka. Heildarframlagið lækkar um nálægt 3% að raungildi frá fjárlögum. Þyngst vegur 7,4 m.kr. lækkun framlags til lífeyrissjóðs bænda vegna bænda sem fæddir eru fyrir 1914 og maka þeirra. Gert er ráð fyrir að draga úr undanþágum vegna virðisaukaskatts og því lækka *ýmsar endurgreiðslur* um 5 m.kr. á næsta ári. Við bætist nýtt viðfangsefni, *Kjaradómur og kjaranefnd*, og er framlag áætlað 4,5 m.kr. Í upphafi þessa árs tóku gildi lög nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd. Í lögunum er gert ráð fyrir að ákvarðanir um launakjör þeirra, sem ekki taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga, séu teknar annars vegar af Kjaradómi og hins vegar af kjaranefnd. Verkefni kjaranefndar er að ákvarða laun ýmissa starfsmanna sem eru utan kjarasamninga og áður voru ákvörðuð af Kjaradómi eða fjármálaráðherra. Kjaradómi er aðeins gert að úrskurða launakjör þeirra aðila sem eðlilegt er talið að framkvæmdavaldið fjalli ekki um, þ.e. dómara. Þá er áfram gert ráð fyrir að Kjaradómur úrskurði um launakjör forseta Íslands, ráðherra og alþingismanna. Kostnaður við Kjaradóm og kjaranefnd skal greiðast úr ríkissjóði.
Útgjöld fjárlagaliðarins greinast á mörg viðfangsefni og er skipting í fjárlögum 1993 og frumvarpi 1994 sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting %
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	72,1	71,9	-3
Kjarasamningar	18,4	17,9	-3
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	20,2	20,0	-1
Kjararannsóknir	5,4	5,2	-3
Ýmis sameiginlegur kostnaður	14,0	13,8	-1
Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	80,0	80,0	0
Ýmsar endurgreiðslur	25,0	20,0	-20
Lífeyrissjóður bænda	151,4	144,0	-5
Ýmsar nefndir	3,1	3,0	-3
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,6	1,6	0
Dómkröfur	16,6	16,6	0
Kjaradómur og kjaranefnd	-	4,5	.
Óviss útgjöld	18,2	17,4	-4
Ríkisbifreiðar, framlag	5,0	5,0	0
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	15,0	15,0	0
Samtals	**446,0**	**435,9**	**-2**

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld samgönguráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	567,9	177,7	181,2	2	-68
Vegamál	5.558,3	7.267,1	6.635,0	-9	19
Siglingamál	1.119,5	1.103,5	1.100,2	-0	-2
Flugmál	494,8	526,7	532,2	1	8
Ferðamál	83,5	87,7	94,9	8	14
Rekstrarhagræðing	-	10,5	-	.	.
Samtals	**7.824,0**	**9.173,2**	**8.543,5**	**-7**	**9**
Rekstrarkostnaður	672,4	628,7	590,1	-6	-12
Rekstrar- og neyslutilfærslur	489,6	107,3	114,6	7	-77
Viðhald og stofnkostnaður	6.662,0	8.437,2	7.838,8	-7	18
Samtals	**7.824,0**	**9.173,2**	**8.543,5**	**-7**	**9**

Heildarframlag til samgönguráðuneytis er áætlað 8.544 m.kr. á næsta ári samanborið við 9.173 m.kr. í fjárlögum 1993. Á næsta ári mun hið sérstaka framlag til Vegagerðar ríkisins vegna ráðstafana í atvinnumálum lækka úr 1.550 m.kr. í 900 m.kr. og skýrir það að lang mestu leyti lækkun milli ára á heildarframlagi til ráðuneytisins.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka málefnaflokka og fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis kostnaður og 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarframlag nemur 181,2 m.kr. samanborið við 177,7 m.kr. í fjárlögum 1993. Framlag til *Aðalskrifstofu* hækkar nokkuð að raungildi þar sem efla á erlend samskipti á sviði samgöngumála. Starfsemi *Rannsóknanefndar flugslysa* er efld, en á móti fellur niður framlag til *Skipulagsnefndar fólksflutninga* og nefndin lögð niður. *Ráðstöfunarfé ráðherra* hækkar um 1 m.kr.

Vegamál

Til þessa málefnaflokks telst 211 Vegagerð ríkisins. Heildarframlag nemur 6.635 m.kr. samanborið við 7.267,1 m.kr. í fjárlögum 1993. Hið almenna framlag tengt mörkuðum tekjustofnum til vegamála nemur 5.735 m.kr. samanborið við 5.717,1 m.kr. í fjárlögum 1993. Sérstakt framlag til *framkvæmdaátaks vegna atvinnumála* nemur 900 m.kr. samanborið við 1.550 m.kr. í fjárlögum 1993 og skýrir það lækkun á heildarframlagi til stofnunarinnar. Framlag til atvinnuátaksins verður síðar endurgreitt af mörkuðum tekjustofnum vegáætlunar.

Forsendur tekna samkvæmt mörkuðum tekjustofnum, þ.e. bensíngjald og þungaskattur, eru skýrðar í 4. kafla greinargerðarinnar. Hið almenna framlag stofnunarinnar er 370 m.kr. lægri fjárhæð en markaðir tekjustofnar eru taldir gefa. Samsvarandi fjárhæð er 344 m.kr. í fjárlögum 1993. Þessi hækkun skýrist af almennri hagræðingu í rekstri stofnunarinnar sem áætlað er að skili 26 m.kr. á næsta ári.

Aukin áherslu verður lögð á *stofnviðhald vega* á næsta ári og eykst framlag vegna þess um 200 m.kr. Kostnaður við rekstur og fjárfestingu *ferja og flóabáta* eykst um 220 m.kr. Framlag til *nýframkvæmda* verður minna sem þessu nemur á næsta ári.

Siglingamál

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 331 Vita- og hafnamálaskrifstofan; 332 Vitastofnun Íslands; 333 Hafnamál; 341 Siglingamálastofnun ríkisins og 342 Rannsóknanefnd sjóslysa.

Heildarframlag nemur 1.100,2 m.kr. og er nánast óbreytt frá fjárlögum 1993. Gert er ráð fyrir að framlög til *sjóvarnargarða* hækki um 50 m.kr., aðallega vegna framkvæmda við Hornafjarðarós, en á móti lækka framlög til *hafnamannvirkja* og *ferjubryggja*. Gert er ráð fyrir að Alþingi skipti framlögum á einstakar framkvæmdir.

Í árslok 1993 er áætlað að um 600 m.kr. verði ógreitt til sveitarfélaga vegna styrkhæfra hafnaframkvæmda sem þau hafa ráðist í, þar af eru um 175 m.kr. vegna framkvæmda í Sandgerði. Gert er ráð fyrir að Alþingi taki tillit til þess við skiptingu framlaga á einstakar framkvæmdir.

Þess skal getið að framsetning fjárveitinga til hafnamála miðast við gildandi hafnalög en frumvarp til nýrra hafnalaga verður endurflutt nú í haust.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks heyrir 471 Flugmálastjórn. Heildarframlag á næsta ári er áætlað 532,2 m.kr. samanborið við 526,7 m.kr. í fjárlögum 1993. Þetta er nokkur lækkun milli ára að raungildi, en gert er ráð fyrir almennri hagræðingu í rekstri stofnunarinnar.

Með lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, er mörkuð stefna um framkvæmdir í flugmálum. Áætlað er að framkvæmdir við flugvelli nemi samtals 393 m.kr. á næsta ári og er það sama fjárhæð og markaðir tekjustofnar, þ.e. flugvallagjald og eldsneytisgjald, eru taldir gefa samkvæmt tekjuáætlun. Gert er ráð fyrir að Alþingi skipti framlögum á einstakar framkvæmdir.

Kostnaður við Alþjóðaflugþjónustuna er sem fyrr greiddur nær alfarið af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO).

Fjarskiptamál

Til þessa málefnaflokks telst 511 Fjarskiptaeftirlit ríkisins. Þetta er ný stofnun sem sett var á fót með lögum nr. 32/1993, um breytingar á lögum nr. 73/1984, um fjarskipti. Verkefni Fjarskiptaeftirlits eru m.a. að úthluta bylgjutíðni til útsendinga og annast eftirlit með þeim; að prófa og viðurkenna búnað sem tengjast á fjarskiptakerfi landsins; að prófa og viðurkenna radíóbúnað til notkunar hérlendis; að sinna truflanaleit þegar nauðsyn krefur og annast skoðun fjarskipta- og öryggisbúnaðar skipa og flugvéla. Áður hafði þessari starfsemi verið sinnt af Póst- og símamálastofnun, en EES-samningur heimilar ekki að stjórnsýslu- og eftirlitsstarfsemi af þessi tagi sé sinnt af almennum fjarskiptafyrirtækjum. Útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 56,7 m.kr. og fjármagnast með þjónustugjöldum að öllu leyti.

Ferðamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 651 Ferðamálaráð. Framlag nemur 94,9 m.kr. samanborið við 87,7 m.kr. í fjárlögum 1993. Hækkun skýrist aðallega af áhrifum gengisbreytinga á rekstrarkostnað stofnunarinnar erlendis. Á viðfangsefninu *Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985* koma fram skil ríkissjóðs af hluta tekna Fríhafnarinnar í Keflavík.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld iðnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	51,6	51,7	55,4	7	7
Iðnaðarmál	243,5	220,2	221,3	1	-9
Orkumál	716,0	715,1	694,7	-3	-3
Rekstrarhagræðing	-	5,8	-	.	.
Samtals	**1.011,1**	**992,8**	**971,4**	**-2**	**-4**
Rekstrarkostnaður	484,2	476,6	450,3	-6	-7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	427,6	492,9	484,0	-2	13
Stofnkostnaður og viðhald	99,3	23,3	37,1	59	-63
Samtals	**1.011,1**	**992,8**	**971,4**	**-2**	**-4**

Heildarframlag til iðnaðarráðuneytis er 971,4 m.kr. sem er 2% lækkun frá gildandi fjárlögum. Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og einstaka fjárlagaliði eftir því sem tilefni gefst til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé.

Framlag til málefnaflokksins hækkar um 3,7 m.kr. eða 7% frá fjárlögum 1993, þar af stofnkostnaður og viðhald um 2,1 m.kr. en rekstrargjöld um 1,6 m.kr.

102 Einkaleyfastofan. Í maí 1994 taka gildi ný lög, nr. 48, um hönnunarvernd, sem samþykkt voru á síðasta þingi. Með lögunum er komið á hliðstæðri vernd fyrir hönnun og gildir um höfundarétt. Einkaleyfastofunni er ætlað að annast þetta verkefni. Gert er ráð fyrir nokkurri kostnaðaraukningu af þessum sökum, en rekstur stofnunarinnar er að fullu fjármagnaður með sértekjum svo að þetta mun ekki hafa í för með sér útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Framlag til málefnaflokksins er áætlað 221,3 m.kr. í stað 220,2 m.kr. í fjárlögum 1993 eða hækkun um 1,1 m.kr.

201 Iðntæknistofnun Íslands. Fjárveiting til stofnunarinnar lækkar um 2,6% að raungildi frá fjárlögum 1993. Fjárveiting til rekstrar stendur undir innan við 40% af rekstrinum þannig að niðurskurði verður að mæta með nýjum tekjustofnum eða samdrætti í rekstri stofnunarinnar.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Fjárveiting lækkar um 2,8% að raungildi frá fjárlögum 1993. Fjárhagur stofnunarinnar er erfiður þar sem sértekjur hafa dregist saman vegna mikils samdráttar í byggingariðnaði og verktakastarfsemi og tíðra gjaldþrota.

240 Iðnaðarrannsóknir. Fjárveiting til iðnaðarrannsókna verður 16 m.kr. og lækkar um 0,8 m.kr. frá fjárlögum 1993. Henni er varið til athugana á ýmsum iðnaðar- og orkunýtingarkostum á vegum ráðuneytisins. Má þar nefna athugun á möguleikum nýrrar stóriðju, útflutning á orku og nýtingu vetnis sem eldsneytis. Einnig er greitt af þessum lið framlag ráðuneytisins til Norrænu orkurannsóknaráætlunarinnar.

299 Iðja og iðnaður. Hér er um að ræða safnlið sem varið er til að kosta ýmis verkefni á sviði iðnaðar- og orkumála, sem sum verða ekki séð fyrirfram. Einnig til að kosta aðlögun að EES og þátttöku í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi. Fjárhæðin er svipuð og í fjárlögum 1993. Engin ný viðfangsefni eru tekin inn í þennan fjárlagalið sem ekki eru í fjárlögum 1993.

Orkumál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 301 Orkustofnun; 302 Raf-magnseftirlit ríkisins; 371 Orkusjóður og 399 Ýmis orkumál.

Heildarframlag til málefnaflokksins er áætlað 694,7 m.kr. á móti 715,1 m.kr. í fjárlögum 1993. Lækkunin er 20,4 m.kr. eða tæplega 3% og mætt með almennum sparnaði í rekstri stofnana.

301 ***Orkustofnun.*** Gert er ráð fyrir lækkun rekstrarkostnaðar er nemur tæplega 23 m.kr. eða um 6% Sértekjur dragast saman um tæpar 8 m.kr. eða 5%. Unnið er að athugun á skipan orkumála með það fyrir augum að orkufyrirtækin taki á sig aukinn hlut kostnaðar í orkurannsóknum um leið og dregið verður nokkuð úr beinum framlögum í fjárlögum til rannsóknanna. Jafnframt er stefnt að því að verkefni sem unnin verða fyrir fjárveitingu verði skilgreind með skýrari hætti en nú er. Þetta kallar á breytingar á skipulagi og rekstri Orkustofnunar.

302 ***Rafmagnseftirlit ríkisins.*** Framlög lækka frá fjárlögum 1993 um 2,6 m.kr. Breytingar hafa verið gerðar á verksviði og tilhögun rafmagnseftirlits og starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins endurskipulögð í samræmi við þær. Hefðbundin verkefni eftirlitsins flytjast að hluta til faggiltra óháðra skoðunarstofa og að hluta til raforkufyrirtækjanna sjálfra sem munu taka upp eigið innra eftirlit. Við þessar breytingar fækkar stöðugildum hjá Rafmagnseftirliti ríkisins um 8,5. Tekjur ríkissjóðs af rafveitueftirlitsgjaldi á árinu 1994 munu þó ekki skerðast við þessar breytingar, en rekstrarkostnaður Rafmagnseftirlits ríkisins lækkar þrátt fyrir biðlaunagreiðslur til starfsmanna og nokkurn þróunarkostnað.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld viðskiptaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	72,9	77,6	78,9	2	8
Viðskiptamál	94,5	93,9	89,3	-5	-6
Rekstrarhagræðing	-	1,1	-	.	.
Samtals	**167,4**	**172,6**	**168,2**	**-3**	**0**
Rekstrarkostnaður	148,6	152,2	146,1	-4	-2
Rekstrar- og neyslutilfærslur	10,4	10,5	11,6	10	12
Stofnkostnaður og viðhald	8,4	9,9	10,5	6	25
Samtals	**167,4**	**172,6**	**168,2**	**-3**	**0**

Í fjárlögum þessa árs færðust niðurgreiðslur á búvörum til landbúnaðarráðuneytis. Var það gert í tengslum við nýjan búvörusamning sem tók gildi 1. september 1992. Reikningstölur fyrir árið 1992 eru aðlagaðar þessari breytingu.

Heildarútgjöld ráðuneytisins verða 168,2 m.kr. á næsta ári samanborið við 172,6 m.kr. í fjárlögum 1993.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Fjárlagaliðurinn *190 Ýmis verkefni* er í fjárlögum 1993 *999 Ýmis verkefni* og fellur undir málefnaflokkinn viðskiptamál. Liðurinn hækkar frá fjárlögum 1993 um 2,1 m.kr. Munar þar mest um nýtt viðfangsefni *1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál* og eru veittar til þess 3,9 m.kr. Um er að ræða framlag til tækniaðstoðar-

sjóðs EBRD 2,0 m.kr., kostnað vegna prófnefndar verðbréfamiðlara 1,1 m.kr. og vegna samráðsnefndar um gjaldeyrismál. Viðfangsefnið *1.11 Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir* lækkar um 1,2 m.kr. og *1.20 Icepro-nefnd* um 0,6 m.kr. Framlög til annarra viðfangsefna eru óbreytt.

Viðskiptamál

Undir málefnaflokkinn heyra: 301 Löggildingarstofa; 902 Samkeppnisstofnun og 903 Skráning hlutafélaga.

301 Löggildingarstofan. Á árinu 1993 hefur verið unnið að endurskipulagningu Löggildingarstofunnar til samræmis við þá ákvörðun ráðuneytisins að skilja á milli stjórnsýslu stofnunarinnar og þess hefðbundna eftirlits sem hún hefur haft á hendi. Þessi vinna er unnin á grundvelli laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Breytingar á skipulagi Löggildingarstofunnar verða gerðar á næsta ári um leið og faggiltar óháðar skoðunarstofur taka við eftirlitsstörfum hennar. Fyrirhugaður flutningur verkefna mun verða í áföngum.

Með breytingunum missir Löggildingarstofan meginhluta sértekna sinna, þótt nýir tekjustofnar komi á móti. Af nýjum tekjustofnum má nefna tekjur fyrir selda sérfræðiþjónustu í tengslum við faggildingu skoðunarstofa og tekjur af framsali á löggildingu til skoðunarstofa. Minni tekjur munu þó ekki kalla á meiri framlög úr ríkissjóði til rekstrar Löggildingarstofunnar þar sem starfsmönnum mun fækka. Vegna biðlaunagreiðslna til starfsmanna og þróunarkostnaðar er þó ljóst að á næsta ári mun rekstur Löggildingarstofunnar standa í járnum.

902 Samkeppnisstofnun. Stofnunin tók til starfa 1. mars sl. á grundvelli samkeppnislaga nr. 8/1993. Þessi lög leysa af hólmi lög nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum. Ástæður lagasetningarinnar eru vaxandi þýðing virkrar samkeppni til hagkvæmrar nýtingar framleiðsluþátta og efnahagsframfara í þjóðfélaginu. Einnig er nauðsynlegt að endurskoða reglur á þessu sviði vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu og samræma þær, eftir því sem ástæða er til, reglum sem gilda í Evrópu.

Að grunni til er um sömu stofnun að ræða og Verðlagsstofnun, en önnur verkefni. Gert er ráð fyrir lítils háttar lækkun á fjárveitingu frá fjárlögum 1993. Starfshópur á vegum viðskiptaráðuneytisins er að yfirfara verkefni stofnunarinnar. Hugað er að innra skipulagi hennar og mannaflaþörf, en gert er ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda frá því sem Verðlagsstofnun er ætlað í fjárlögum 1993. Gerð mun nánari grein fyrir efni þessara breytinga þegar niðurstöður starfshópsins liggja fyrir.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld Hagstofu Íslands breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	117,9	117,3	119,7	2	2
Þjóðskrá	27,3	27,0	27,0	0	-1
Rekstrarhagræðing	-	1,2	-	.	.
Samtals	**145,2**	**145,5**	**146,7**	**1**	**1**
Rekstrarkostnaður	133,4	137,0	134,4	-2	1
Rekstrar- og neyslutilfærslur	-	-	3,8	-	-
Stofnkostnaður	11,8	8,5	8,5	0	-28
Samtals	**145,2**	**145,5**	**146,7**	**1**	**1**

Rekstrarframlag til Hagstofu Íslands lækkar um 2,6 m.kr. Nýr útgjaldaliður er undir yfirstjórn ráðuneytisins, framlag til hagskýrslugerðar Evrópska Efnahagssvæðisins 3,8 m.kr. Um er að ræða kostnað af sameiginlegri hagskýrslugerð eftir að samningurinn um EES tekur gildi. Hlutdeild Íslands nemur 50.000 ECU.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld umhverfisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	114,7	133,8	128,6	-4	12
Náttúruvernd	123,5	83,5	83,7	0	-32
Skipulagsmál	110,8	124,2	94,3	-24	-15
Rannsóknir o.fl.	236,7	248,3	254,1	2	7
Rekstrarhagræðing	-	4,4	4,5	2	-
Samtals	**585,7**	**594,2**	**565,2**	**-5**	**-4**
Rekstrarkostnaður	477,8	445,7	470,8	6	-1
Rekstrar- og neyslutilfærslur	94,4	87,3	66,2	-24	-30
Viðhald og stofnkostnaður	13,5	61,2	28,2	-54	109
Samtals	**585,7**	**594,2**	**565,2**	**-5**	**-4**

Heildarframlag til ráðuneytisins verður 565 m.kr. samanborið við 594 m.kr. í fjárlögum 1993. Þessi lækkun kemur fram á ýmsum liðum eins og skýrt er frá hér á eftir.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Framlag nemur 128,6 m.kr. samanborið við 133,8 m.kr. í fjárlögum 1993.

101 Aðalskrifstofa. Framlag hækkar um 7,5 m.kr. og skýrist það af þátttöku Íslands í Umhverfisnefnd Sameinuðu þjóðanna auk þess sem ákveðinn kostnaður er færður var á *ýmis verkefni* er nú færður á aðalskrifstofu.

190 Ýmis verkefni. Framlag nemur 61,6 m.kr. og lækkar um 12,7 m.kr. frá fjárlögum 1993. Breytingar til hækkunar og lækkunar verða á ýmsum viðfangsefnum. Framlag til *umhverfisvöktunar* eykst um 7 m.kr. í samræmi við svokallaða Rovaniemi-samþykkt um umhverfisvernd á norðurslóðum og Parísarsamning um varnir gegn mengun Norðaustur-Atlantshafsins. Þá eru tekin inn tvö ný verkefni, *rannsóknir á íslenskum vötnum* og *Náttúrustofa á Austurlandi*, að fjárhæð samtals 2 m.kr. Framlög til *Byggingarstaðlaráðs*, *Mývatnsrannsókna* og *skráningar skipsflaka og gamalla urðunarstaða*, að fjárhæð samtals 7,5 m.kr., falla niður á næsta ári. Kostnaður vegna *gerðar leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir* og *umhverfismerkingar*, að fjárhæð samtals 5 m.kr., færist til heilbrigðisráðuneytis á næsta ári. Að auki hafa nokkrar áherslubreytingar orðið í fjárveitingum til einstakra verkefna á þessum fjárlagalið.

Náttúruvernd

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 201 Náttúruverndarráð; 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn og 210 Veiðistjóri. Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn er nú færð á sérstakt fjárlaganúmer, en var áður vistuð á fjárlagalið Náttúruverndarráðs. Heildarframlag nemur 83,7 m.kr. samanborið við 83,5 m.kr. í fjárlögum 1993.

201 Náttúruverndarráð. Framlag til Náttúruverndarráðs nemur 40,8 m.kr. samanborið við 38,7 m.kr. í fjárlögum 1993. Hækkun skýrist af nýrri stöðu þjóðgarðsvarðar í Jökulsárgljúfrum.

210 Veiðistjóri. Fjárveitingu er annars vegar varið til að greiða hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði sveitarfélaga við eyðingu refa og minka og hins vegar til að standa straum af kostnaði við rannsóknir og stjórnun veiða á villtum landdýrum og fuglum. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum helming kostnaðar við refa- og minkaveiðar. Endurgreiðslurnar verða óbreyttar milli ára og sama gildir um rekstrarkostnað.

Skipulagsmál

Til þessa málefnaflokks falla fjárlagaliðirnir 301 Skipulagsstjóri ríkisins og 310 Landmælingar Íslands. Heildarframlag nemur 94,3 m.kr. samanborið við 124,2 m.kr. í fjárlögum 1993. Á vegum umhverfisráðuneytis og fjármálaráðuneytis er verið að kanna kosti og galla þess að sameina embætti Skipulagsstjóra ríkisins, Landmælingar Íslands og Fasteignamat ríkisins.

301 Skipulagsstjóri ríkisins. Framlag til Skipulagsstjóra ríkisins nemur 31,5 m.kr. samanborið við 30,9 m.kr. í fjárlögum 1993. Framkvæmd nýrra laga um umhverfismat hefst á næsta ári. Samkvæmt þeim lögum skal umhverfismat fjármagnast að fullu með þjónustugjöldum, en helstu kaupendur þess munu verða aðilar sem standa að skilgreindum framkvæmdum, svo sem Landsvirkjun, Vegagerð ríkisins o.fl. Á næsta ári fellur hins vegar til ýmis undirbúningskostnaður vegna þessa verkefnis og er gert ráð fyrir að mæta honum með skipulagsbreytingum og almennri hagræðingu í rekstri embættisins. Þannig verður útibú á Akureyri lagt niður. Þess skal getið að vegna

samdráttar í byggingariðnaði ríkir nokkur óvissa um sértekjur stofnunarinnar á næsta ári, en þær eru í formi skipulagsgjalda sem reiknast sem ákveðið hlutfall af brunabótamati nýbygginga.

310 Landmælingar Íslands. Framlag til Landmælinga Íslands nemur 62,8 m.kr. samanborið við 93,3 m.kr. Lækkun stafar af því að umfangsmiklum tilraunaverkefnum í stafrænni kortagerð lýkur á yfirstandandi ári. Nú er unnið að framtíðarstefnumörkun á þessu sviði í umhverfisráðuneyti. Áhersla er lögð á að þeir aðilar sem sjá sér hag í þessari þjónustu fjármagni uppbyggingu hennar.

Rannsóknir o.fl.

Til þessa málefnaflokks falla fjárlagaliðirnir 401 Náttúrufræðistofnun Íslands og 410 Veðurstofa Íslands. Heildarframlag nemur 254,1 m.kr. samanborið við 248,3 m.kr. í fjárlögum 1993.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Framlag til Náttúrufræðistofnunar nemur 56,6 m.kr. samanborið við 46,8 m.kr. í fjárlögum 1993. Þessi hækkun er í samræmi við ný lög um starfsemi Náttúrufræðistofnunar og skýrist að lang mestu leyti af yfirtöku á rekstri Náttúrugripasafns Akureyrar.

410 Veðurstofa Íslands. Framlag til Veðurstofu Íslands nemur 197,5 m.kr. samanborið við 201,5 m.kr. í fjárlögum 1993. Gert er ráð fyrir almennri hagræðingu í rekstri en að undanförnu hefur verið unnið að umfangsmikilli úttekt á starfsemi stofnunarinnar. Stofnuninni er ætlað að mæta auknum útgjöldum vegna breytinga á ráðningakjörum ákveðinna starfshópa með niðurskurði á öðrum sviðum. Á næsta ári er gert ráð fyrir að hefja gjaldtöku vegna veðurþjónustu fyrir innanlandsflug. Fyrirhugað var að hefja þessa gjaldtöku á yfirstandandi ári en ákveðið var að fresta því til næsta árs. Kostnaður vegna starfseminnar er áætlaður um 40 m.kr., en einungis er gert ráð fyrir að endurheimta um 10 m.kr. af þessum kostnaði með þjónustugjöldum. Þá skal þess getið að tekjur og gjöld vegna *veðurþjónustu fyrir millilandaflug* hafa verið hækkaðar um 12 m.kr. frá fjárlögum 1993 og er hér um leiðréttingu að ræða.

6 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Í frumvarpinu eru fjárhæðir í B-hluta settar fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1994 eins og aðrar fjárhæðir í frumvarpinu. Aukinn stöðugleiki í efnahagslífi undanfarinna ára hefur styrkt áætlanagerð um umsvif og afkomu fyrirtækja og sjóða. Eigi að síður þarf að endurmeta áætlanir nokkurra fyrirtækja fyrir afgreiðslu fjárlaga þegar fyllri upplýsingar liggja fyrir um afkomu þeirra á þessu ári.

Fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta fjárlaga er líkt og á yfirstandandi ári gert að standa skil á greiðslu lífeyrisskuldbindinga starfsmanna sinna. Er það í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar við fjárlagagerð þess efnis. Á árinu 1994 eru greiðslurnar áætlaðar 136 m.kr. Þar af er Póst- og símamálastofnun ætlað að greiða 90 m.kr., Ríkisútvarpi 13 m.kr. og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 10 m.kr. en aðrar stofnanir greiða lægri fjárhæðir.

Einn liður í þá átt að auka samkeppnishæfni ríkisfyrirtækja er að draga úr afskiptum ríkisins af gjaldskrárákvörðunum þeirra en þess í stað að ætla þeim að skila eiganda sínum arði af því fé sem bundið er í rekstrinum. Alls er fimm fyrirtækjum ætlað að skila 965 m.kr. arðgreiðslu í ríkissjóð á árinu 1994. Þar af er Póst- og símamálastofnun ætlað að skila 850 m.kr. Í fjárlögum 1993 er sömu fyrirtækjum ætlað að skila 913 m.kr. í ríkissjóð. Almennt er í frumvarpinu ekki talin þörf fyrir hækkun á gjaldskrám B-hluta fyrirtækja á næsta ári.

Fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta er að venju skipt í fjóra flokka, þ.e. fyrirtæki sem selja vöru og þjónustu, lánastofnanir, ýmsa sjóði og aðra aðila. Miðað við þessa skiptingu eru umsvif aðila í B-hluta áætluð í frumvarpinu sem hér segir:

Í milljónum króna	Ríkis-fyrirtæki	Lána-stofnanir	Sjóðir	Aðrir aðilar	B-hluti samtals
Gjöld	29.345	8.457	4.813	1.677	44.292
Vörusölu og þjónustu	36.517	9.468	1.270	1.689	48.944
Framlög úr A-hluta ríkissjóðs	471	2.881	3.362	83	6.797
Mismunur	7.643	3.892	-181	95	11.449
Veitt lán	-	21.612	60	-	21.672
Fjárfesting	2.885	22	216	22	3.325
Afborganir lána	169	15.130	93	24	15.415
Arðgreiðslur í ríkissjóð	965	-	-	-	965
Önnur skil í ríkissjóð	7.173	-	-	-	7.173
Annað, sjóðsbreytingar o.fl.	298	1.866	-	9	2.173
Innheimtar afborganir	103	9.214	226	-	9.543
Afskriftir	2.528	2	119	40	2.689
Tekin lán	287	24.900	-	100	25.287
Ráðstöfun eigin fjár	7.643	3.892	-181	95	11.449
Annað	929	622	205	-	1.756

Tekjuafgangur B-hluta er samtals áætlaður tæpir 11,5 m.kr. milljarðar króna sem er um 3 milljörðum króna hærri fjárhæð en í áætlun fjárlaga 1993. Skil í ríkissjóð eru áætluð 8,1 milljarður króna. Þar af eru skattar af einkasöluvörum rúmlega 7,1 milljarður króna

og skiptast sem hér segir: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 6.370 m.kr., Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli 530 m.kr., Sala varnarliðseigna 32 m.kr., Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli 15 m.kr. og Happdrætti Háskóla Íslands 200 m.kr., þar af renna 160 m.kr. til Háskóla Íslands og stofnana hans. Arðskil nema tæplega 1 milljarði króna eins og nefnt var að framan. Til fjárfestingar verður varið 3,3 milljörðum króna og vegur þar þyngst fjárfesting Póst- og símamálastofnunarinnar, 2,0 milljarðar króna, og Rafmagnsveitna ríkisins, 0,5 milljarðar króna.

Lántökur B-hluta aðila eru áætlaðar um 25,3 milljarðar króna á árinu 1994. Í fyrsta lagi er lánsfjárþörf húsnæðislánakerfisins áætluð 20,2 milljarðar króna. Ný útgáfa húsbréfa er áætluð 11,5 milljarðar króna. Að auki er ráðgert að afla húsbyggingarsjóðunum um 9,7 milljarða króna með sölu skuldabréfa á markaði. Í öðru lagi mun ríkissjóður hafa milligöngu um að taka að láni 3,8 milljarða króna sem verður síðan endurlánað B-hluta aðilum eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Þeir sem njóta þessarar lánafyrirgreiðslu ríkissjóðs eru: Lánasjóður íslenskra námsmanna 3.700 m.kr. og Alþjóðaflugþjónustan 100 m.kr. Í þriðja lagi mun ríkissjóður ábyrgjast lántökur B-hluta fyrirtækja samtals að fjárhæð 267 m.kr. Þar er um að ræða Póst- og símamálastofnun og Lyfjaverslun ríkisins. Þá mun ríkissjóður einnig hafa milligöngu um 2.500 m.kr. lántöku vegna Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar.

Á undanförnum árum hefur nokkrum ríkisfyrirtækjum verið breytt í hlutafélög og þau þar með fallið brott úr B-hluta fjárlaga. Frá því fjárlög 1993 voru afgreidd á Alþingi í lok síðasta árs hefur Sementsverksmiðju ríkisins og Síldarverksmiðjum ríkisins verið breytt í hlutafélög og er því hvorugt fyrirtækið í B-hlutanum nú. Þá er fyrirhugað að leita eftir heimild Alþingis til að breyta Lyfjaverslun ríkisins og þvottahúsi Ríkisspítala í hlutafélög og selja eignarhluta ríkisins í þeim. Verði sú heimild veitt fyrir afgreiðslu fjárlaga mun fyrirtækjum í B-hluta fjárlaga fækka enn.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Tekjuafgangur happdrættisins lækkar um þriðjung frá gildandi fjárlögum og verður 200 m.kr. Skýrist það að stærstum hluta af því að gert er ráð fyrir að sala happdrættismiða verði aðeins 1.160 m.kr. Er það verulegur samdráttur frá því sem verið hefur undanfarin ár, en til samanburðar má nefna að salan var tæpar 1.500 m.kr. samkvæmt reikningi ársins 1992. Forsendur þessarar söluáætlunar happdrættisins verða endurmetnar fyrir setningu fjárlaga 1994, enda hefur afkoma fyrirtækisins yfirleitt reynst betri síðustu árin en ætlað hefur verið í fjárlögum. Einnig er fyrirhugað að taka útgjaldahliðina til frekari athugunar, m.a. í ljósi þess að fyrirtækið hefur nú hætt rekstri sjóðshappdrættis. Happdrættið greiðir í ríkissjóð einkaleyfisgjald sem nemur 20% af rekstrarhagnaði ársins, eða 40 m.kr., og ríkissjóður veitir jafnhátt framlag til *Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna.* Afgangurinn af hagnaðinum, eða 160 m.kr., rennur til Háskóla Íslands og er varið í viðhald og stofnkostnað vegna bygginga og tækjabúnaðar háskólans.

233 Rannsóknasjóður. Rannsóknasjóður er í vörslu Rannsóknaráðs ríkisins, sem veitir styrki úr honum til hagnýtra rannsóknaverkefna einstakra vísindamanna, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Framlag úr ríkissjóði er aukið um 85 m.kr. frá fjárlögum 1993 og verður 200 m.kr. í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að gera sérstakt átak

í rannsókna- og þróunarmálum. Ráðgert er að viðbótarframlagið komi úr tekjum af sölu ríkiseigna, sbr. lið 5.5 í 6. grein frumvarpsins.

*235 **Vísindasjóður.*** Vísindaráð veitir styrki úr sjóðnum til eflingar íslenskum vísindarannsóknum. Framlag ríkissjóðs er óbreytt frá gildandi fjárlögum, eða 25 m.kr. Helmingur árlegra tekna arðsjóðs Seðlabanka Íslands rennur til Vísindasjóðs og er áætlað að þær hækki um 5 m.kr. frá fjárlögum og verði 120 m.kr. Að viðbættum fjármunatekjum að fjárhæð 2 m.kr. hefur sjóðurinn því 147 m.kr. til ráðstöfunar í styrkveitingar á næsta ári.

*276 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.*** Einkaleyfisgjald af hagnaði *Happdrættis Háskóla Íslands* sem rennur til sjóðsins lækkar um 20 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs í samræmi við fyrirliggjandi áætlun um verulegan samdrátt í miðasölu happdrættisins. Ráðstöfunarfé sjóðsins umfram greiddar afborganir og vexti verður samkvæmt þessu 29 m.kr. á næsta ári.

*872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Á árinu 1991 stefndi fjárhagsstaða sjóðsins í óefni. Úthlutunarreglur sjóðsins höfðu verið með þeim hætti árin áður að lánveitingar fóru ört vaxandi með fjölgun lánþega og hækkun námslána umfram verðlag. Þannig varð aukning lánveitinga 45% að raungildi frá árinu 1988. Á sama tíma höfðu fjárveitingar til sjóðsins í fjárlögum verið lækkaðar verulega eða um 28%. Sá hluti námslánanna sem er styrkur úr ríkissjóði hafði af þessum sökum fallið úr um 80% á árinu 1988 niður í um 40% á árinu 1991. Skammtímalán voru tekin í vaxandi mæli til að brúa bilið sem þannig myndaðist milli fjárþarfar sjóðsins og framlaga ríkisins og lætur nærri að lántökurnar hafi þrefaldast á tímabilinu. Á árinu 1992 voru sett ný lög um sjóðinn og úthlutunarreglum breytt í því skyni að snúa þessari þróun við með því að aðlaga námsaðstoðina og endurgreiðslurnar að framlögunum sem Alþingi hefur ákveðið. Í kjölfarið á þessum ráðstöfunum hefur lántöku sjóðsins verið hagað þannig að endurgreiðslutími eldri lána er lengdur jafnóðum og þau gjaldfalla og ný lán eru til fimmtán ára.

Með hliðsjón af þessum áformum um framvinduna í fjárreiðum sjóðsins var áætlað að framlag ríkissjóðs þyrfti að nema 54% af lánveitingum til að viðhalda eiginfjárstöðu sjóðsins og tekur framlagið í gildandi fjárlögum mið af því. Gert er ráð fyrir að á næsta ári verði áhrifin af breyttum úthlutunarreglum og af endurskipulagningu lána að mestu komin fram. Mikilvægt er að þá fari fram vandlegt endurmat á hlutdeild ríkissjóðs í fjárþörf sjóðsins með það fyrir augum að ná jafnvægi milli framlagsins og fjárhagsstöðu sjóðsins til frambúðar.

Endurskoðuð áætlun um lánveitingar sjóðsins í ár bendir til að þær verði nokkru minni en ætlað var við setningu fjárlaga. Gert er ráð fyrir að lánveitingar haldist svipaðar á næsta ári og verði 3.000 m.kr. Greiddar afborganir umfram innheimtar eru áætlaðar 1.323 m.kr. og vaxtagjöld umfram vaxtatekjur 932 m.kr. Við afgreiðslu gildandi fjárlaga var rekstrarkostnaður sjóðsins hækkaður tímabundið um 14 m.kr. frá frumvarpi með tilliti til aukins álags á starfsemina á meðan breytingar á úthlutunarkerfi stæðu yfir. Miðað er við að rekstrarkostnaðurinn verði óbreyttur á næsta ári, eða 89 m.kr., en lækki síðan aftur niður í fyrra horf. Tekjur af 1,2% lántökugjaldi eru taldar verða 36 m.kr. Fjárfest verður fyrir 12 m.kr. Heildarfjárþörf sjóðsins verður því 5.320 m.kr. og verður hún fjármögnuð annars vegar með lántökum að fjárhæð

3.700 m.kr. og hins vegar með 1.620 m.kr. framlagi úr ríkissjóði. Bent skal á að framsetningu áætlunarinnar hefur nú verið breytt þannig að verðbætur námslána eru ekki lengur taldar með fjármunatekjum heldur með innheimtum afborgunum. Eftirfarandi tafla veitir yfirlit um breytingar á sjóðstreyminu milli áranna 1993 og 1994.

	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.	Breyting frá áætlun %	Breyting frá fjárlögum %
Innstreymi	6.574	6.280	6.332	1	-4
Framlag ríkissjóðs	1.760	1.700	1.620	-5	-8
Tekin lán	3.900	3.700	3.700	0	5
Afborganir	874	850	975	15	12
Tekjur	40	30	37	23	-8
Útstreymi	6.574	6.280	6.332	1	-4
Rekstrarkostnaður	87	80	89	11	2
Afborganir	2.140	2.300	2.258	-2	6
Vextir	1.075	980	973		-9
Fjárfesting	12	20	12	-40	
Veitt lán	3.260	2.900	3.000	3	-9

970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður. Fé Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins er varið til viðhalds og stofnkostnaðar vegna húsnæðis, tækjabúnaðar og dreifikerfis fyrirtækisins. Samkvæmt útvarpslögum skulu aðflutningsgjöld af innfluttum útvarps- og sjónvarpstækjum renna til sjóðsins. Þegar samningurinn um EES tekur gildi koma tollar og vörugjöld í stað aðflutningsgjalda og er gert ráð fyrir að þessir skattar renni í ríkissjóð sem fyrr. Framkvæmdasjóðurinn hefur hins vegar tekjur sem nema 10% af afnotagjöldum og auglýsingum hljóðvarps og sjónvarps og er áætlað að þær verði 210 m.kr. á næsta ári. Af þeirri fjárhæð verður 14 m.kr. varið til að greiða kostnað af þeim hluta útvarpshússins sem ekki er í notkun. Afborganir af lánum eru áætlaðar 16 m.kr. Það sem eftir stendur, 180 m.kr., verður notað til að fjármagna fjárfestingu Ríkisútvarpsins en það er svipuð fjárhæð og í fjárlögum 1993.

971 - 972 Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp. Samanlagðar tekjur hljóðvarpsins og sjónvarpsins eru áætlaðar 2.243 m.kr. Afnotagjald var síðast hækkað 1. febrúar s.l. um 4% eða í 1.754 á mánuði og er ekki fyrirhugað að hækka það frekar á næsta ári. Miðað er við að fjöldi greiðenda verði 72.100 og að afnotagjöld hjá um 8.000 tryggingaþegum falli niður, eða sem jafngildir 168 m.kr. tekjutapi. Er það í samræmi við ákvæði um innheimtu útvarpsgjalds í núgildandi reglugerð menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið. Að auki fellir stofnunin niður afnotagjöld hjá öllum starfsmönnum sínum sem náð hafa þriggja ára starfsaldri. Einnig er reiknað með að sala auglýsingatíma dragist saman um 8% til viðbótar við þann samdrátt sem gert er ráð fyrir í gildandi fjárlögum en að gjaldskrá fylgi almennum verðlagsbreytingum. Heildargjöld án afskrifta verða 2.237 m.kr. og er það hækkun sem nemur verðlagsbreytingum frá fjárlögum 1993. Launagjöld lækka frá fjárlögum en önnur rekstrargjöld hækka í staðinn sem því nemur. Tekjuafgangur verður þá 6 m.kr. og gengur til afborgana af lánum.

973 Þjóðleikhús. Framlag úr A-hluta ríkissjóðs til starfsemi Þjóðleikhússins lækkar frá fjárlögum 1993 eða úr 300 m.kr. í 297 m.kr. og verður um 65% af áætluðum heildargjöldum næsta árs. Sala aðgöngumiða og aðrar tekjur eru taldar verða um 161 m.kr. og óbreyttar að raungildi frá gildandi fjárlögum. Á árinu 1992 urðu þær um 188 m.kr. á sambærilegu verðlagi. Í tekjuáætluninni felst að draga þarf nokkuð úr útgjöldum að raungildi í samanburði við fjárlög í ár. Áætlunin miðast við að sýnd verði sex verkefni á stóra sviði leikhússins og fjögur á litlu sviðunum. Rekstur Þjóðleikhúskjallarans og mötuneytis starfsmanna hefur nú verið boðinn út en ekki er talið að það leiði til sparnaðar fyrr en á árinu 1995 þar sem leggja þarf í kostnað ásamt rekstraraðila við endurbætur á húsnæðinu. Trésmíða-og málaraverkstæðum leikhússins hefur verið lokað og samið við þjónustuaðila um að annast þann þátt starfseminnar. Ekki er gert ráð fyrir að sparnaðurinn af þessum breyttu starfsháttum skili sér að fullu fyrr en á árinu 1995. Í töflunni hér að neðan er yfirlit um nokkrar kennitölur í fjármálum og starfsemi leikhússins.

Upphæðir á verðlagi frumvarps	1988	1989	1990	1991	1992
Fjöldi sýninga	249	276	252	334	457
Áhorfendur alls	77.383	93.509	56.453	82.871	104.106
Greiðandi áhorfendur	85%	83%	81%	91%	87%
Greiðandi áhorfendur með afslátt	13%	20%	24%	34%	28%
Sætanýting, greiðandi áhorfendur	63%	58%	51%	68%	75%
Kostnaður á greiddan miða	9.612	6.673	8.111	6.453	5.225
Framlag ríkissj. á greiddan miða	6.460	4.678	5.407	4.265	3.443

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Lög um Sinfóníuhljómsveitina kveða á um að sem mest af útgjöldum hennar skuli greitt með sjálfsaflafé hennar af tónleikahaldi. Þessar tekjur eru áætlaðar 26,5 m.kr. miðað við að verð aðgöngumiða hækki sem nemur verðlagsbreytingum. Eignaraðilar skipta með sér útgjöldum umfram tekjur í eftirfarandi hlutföllum: Ríkissjóður 56%, Menningarsjóður útvarpsstöðva 25%, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarneskaupstaður 1%. Framlag úr ríkissjóði verður 101 m.kr. að meðtöldum 10% hlut hljómsveitarinnar í innheimtum skemmtanaskatti, sem varið skal til að greiða kostnað við tónleikaferðir innanlands. Ná þarf fram nokkrum sparnaði í útgjöldum hljómsveitarinnar að raungildi á næsta ári til þess að áætlunin gangi eftir.

Áætlað er að fjöldi áheyrenda á tónleikum hljómsveitarinnar hafi verið 37.300 á árinu 1992. Kostnaður á hvern áheyranda hefur þá verið 5.662 kr. Þar af nam framlag úr ríkissjóði 2.925 kr. Ekki liggja fyrir sambærilegar tölur miðað við greiðandi áheyrendur þar sem upplýsingar skortir um fjölda boðsgesta.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli. Rekstrargjöld fyrirtækisins eru áætluð 1.374 m.kr. á árinu 1994 en rekstrartekjur eru taldar verða 1.903 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjöldi farþega um flugstöðina verði svipaður og verið hefur eða um 700.000 talsins, og að meðalsala á hvern farþega nemi 40 Bandaríkjadölum. Er það lækkun um 4 dali frá því sem ráðgert var í fjárlögum 1993. Miðað við þessa afkomu verða skil fyrirtækis-

ins í ríkissjóð 530 m.kr. og hækka um 70 m.kr. frá fjárlögum 1993. Áformuð fjárfesting er 18 m.kr. og er einkum ætluð til endurnýjunar á afgreiðslukössum, innréttingum og tölvubúnaði. Fjárveiting var til þessa í fjárlögum 1993 en hún verður ekki nýtt.

111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld stofnunarinnar eru áætluð 216,5 m.kr. Launaútgjöld stofnunarinnar lækka milli ára um rúmar 11 m.kr. Lækkunin skýrist af hagræðingu sem náðst hefur í starfsmannamálum í flugturni. Önnur rekstrargjöld lækka einnig. Tekjur, sem að stærstum hluta eru lendingargjöld, eru áætlaðar 232 m.kr. og hækka um 9 m.kr. vegna hækkunar Bandaríkjadals. Tekjur af lendingargjöldum halda hins vegar áfram að lækka vegna þess að flugvélar sem lenda á Keflavíkurflugvelli eru léttari en áður. Lendingargjöld eru núna 7,05 Bandaríkjadalir á hvert tonn. Eins og verið hefur renna 10% lendingargjalda til reksturs Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Stofnuninni er ætlað að skila 15 m.kr. í ríkissjóð.

114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Rekstrarstaða flugstöðvarinnar hefur batnað frá fjárlögum 1993. Tekjur eru alls 410 m.kr. og hækka um 7% frá fjárlögum 1993, fyrst og fremst vegna hækkunar á gengi Bandaríkjadals. Halli á rekstri flugstöðvarinnar er áætlaður 58 m.kr. Húsaleigutekjur, sem er meginuppistaðan í tekjum flugstöðvarinnar og bundnar Bandaríkjadölum, hafa heldur dregist saman, m.a. vegna samnýtingar leigutaka á húsnæði. Aðrar tekjur eru endurgreiðsla leigutaka á sameiginlegum kostnaði og 10% af lendingargjöldum á Keflavíkurflugvelli, en þær munu lækka eins og fram kemur í skýringum með *Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.*

24 Landbúnaðarráðuneyti

221 Áburðarverksmiðja ríkisins. Rekstrargjöld verksmiðjunnar á árinu 1994 eru áætlaðar 1.066 m.kr. sem er 5 m.kr. undir áætluðum rekstrartekjum. Gert er ráð fyrir 48 þús. tonna framleiðslu og sölu áburðar á árinu og er það sama magn og gert var ráð fyrir í fjárlögum 1993. Á undanförnum árum hefur verið unnið að umfangsmikilli hagræðingu í rekstri verksmiðjunnar og hefur það skilað sér í minni tilkostnaði. Nú skilar rekstur fyrirtækisins 33 m.kr. arði í ríkissjóð. Þrátt fyrir þetta er ekki gert ráð fyrir hækkun áburðarverðs milli ára. Fjárfesting er áformuð 40 m.kr., m.a. til kaupa á vatnshreinsara, endurnýjunar á vigtum, búnaði fyrir stórsekkjun og lyftara. Áformað er að lækka skammtímaskuldir fyrirtækisins um 71 m.kr. á næsta ári.

25 Sjávarútvegsráðuneyti

272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging. Framlag úr ríkissjóði verður óbreytt frá fjárlögum í ár eða 25 m.kr. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir framlagi úr *Byggingarsjóði rannsókna í þágu atvinnuveganna* þar sem talið er að ráðstöfunarfé sjóðsins dragist verulega saman vegna minni skila frá *Happdrætti Háskóla Íslands* á næsta ári. Framkvæmdagetan skerðist við þetta og lækkar í 35 m.kr. að meðtöldum 10 m.kr. tekjum af rekstri húseignar.

27 Félagsmálaráðuneyti

*270 **Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild.*** Nýr reikningur er nú tekinn inn í B-hluta fjárlaga til þess að gera grein fyrir fjárreiðum húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins. Rekstrarkostnaður deildarinnar er metinn á 109 m.kr. en á móti koma 63 m.kr. af ýmsum tekjum, svo sem af lántökugjaldi, kaup og sölu uppboðsíbúða og útseldri vinnu. Vaxtatekjur verða mun hærri en vaxtagjöld, eða sem nemur 3.013 m.kr., en greiddar afborganir verða á hinn bóginn verulega umfram innheimtar, eða sem nemur 1.891 m.kr. Stafar þetta einkum af því að útlán húsbréfadeildarinnar eru jafngreiðslulán, þar sem vextir vega þyngra en afborganir framan af endurgreiðslutímanum. Horfur eru á að útgáfa húsbréfa verði á bilinu 11.000 til 11.500 m.kr. í ár. Nokkurs samdráttar hefur gætt á fasteignamarkaði og er ekki útlit fyrir að viðskiptin glæðist á næsta ári þegar tekið er tillit til þverrandi ráðstöfunartekna og aukinnar skuldsetningar heimilanna, auk þess sem fasteignaverð hefur lækkað og umsóknum um greiðslumat fækkað. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á reglum um útgáfu húsbréfa, hvorki til þrengingar né rýmkunar. Er því gert ráð fyrir að eftirspurnin verði svipuð að ári og áætlað að keypt verði fasteignaverðbréf fyrir 11.620 m.kr., en að gefin verði út húsbréf að andvirði 11.500 m.kr. í því skyni. Gangi þessi áætlun eftir verður sjóðshækkun húsbréfadeildarinnar 956 m.kr. Áætlunin verður endurmetin fyrir afgreiðslu fjárlaga þegar fyllri upplýsingar liggja fyrir um útgáfu húsbréfa á árinu 1993.

Félagsmálaráðherra áformar að stofnsetja með reglugerð áður en 1. flokkur húsbréfa 1994 verður gefinn út sérstakan varasjóð í húsbréfakerfinu til þess að mæta hugsanlegum útlánatöpum í framtíðinni. Á þessu stigi er miðað við að tekjustofn varasjóðsins verði vextir af innistæðu húsbréfadeildarinnar í Seðlabanka ásamt tekjum vegna greiðsluseðla og vanskila. Hrökkvi þær tekjur ekki til verður annað hvort beitt heimild um vaxtaálag eða aukið svigrúm annarra tekna húsbréfadeildar. Sérstök húsbréfanefnd sem starfar á vegum félagsmálaráðherra hefur þessa kosti til skoðunar og má vænta niðurstöðu nefndarinnar fyrir afgreiðslu fjárlaga.

*271 **Byggingarsjóður ríkisins.*** Með lögum nr. 47/1991 voru felldir niður almennir lánaflokkar sjóðsins vegna kaupa á nýju og notuðu húsnæði. Á næsta ári verður búið að greiða út lán til allra sem öðlast höfðu lánsrétt áður en lagabreytingin var gerð. Þrír lánaflokkar eru þó enn virkir hjá sjóðnum: Lán til byggingar heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða, lán til einstaklinga með sérþarfir og lán til tækninýjunga í byggingariðnaði. Nú er gert ráð fyrir að 50 m.kr. skerðing á þessum lánaflokkum, sem ákveðin var við afgreiðslu fjárlaga 1993, gangi til baka þannig að útlánin verði 313 m.kr. á komandi ári. Þessu til viðbótar eru lán til Byggingarsjóðs verkamanna vegna endursölu- og kaupleiguíbúða að fjárhæð 332 m.kr. Verða lánveitingar alls því 645 m.kr. Að öðru leyti verða fjárreiður sjóðsins með áþekkum hætti og í ár: greiddar afborganir umfram innheimtar eru áætlaðar 1.057 m.kr., vaxtatekjur umfram vaxtagjöld 332 m.kr., útstreymi vegna uppboðsíbúða 156 m.kr. og vegna skyldusparnaðarreikninga 727 m.kr. Rekstrarkostnaður er metinn á 131 m.kr. og fjárfesting á 11 m.kr, en á móti koma 145 m.kr. tekjur vegna útseldrar vinnu, greiðsluseðla og vanskila. Fjárþörf sjóðsins verður samkvæmt þessu 2.250 m.kr. og verður henni mætt með nýjum lántökum.

Byggingarsjóður ríkisins fékk 1.500 m.kr. bráðabirgðalán hjá ríkissjóði í febrúar 1991. Greiddar voru 100 m.kr. af láninu á árinu 1992 og samkvæmt fjárlögum í ár átti að greiða skuldina niður um 600 m.kr., en ljóst er að sala skuldabréfa til lífeyrissjóða verður ekki nægileg til að það gangi eftir. Er því fyrirhugað er að breyta skuldinni í langtímalán sem greiðist upp á tíu árum og verður 140 m.kr. af heildarafborgunum sjóðsins varið til þess á næsta ári.

Félagsmálaráðherra ákvað fyrr á þessu ári að stofna nýjan lánaflokk til að skuldbreyta vanskilum hjá Húsnæðisstofnun til allt að 15 ára, samtals að fjárhæð 300 m.kr. Svigrúm verður væntanlega innan áætlunar ársins 1993 til þessara breytinga.

*272 **Byggingarsjóður verkamanna.*** Eins og boðað var í frumvarpi til fjárlaga 1993 voru vextir af lánum sjóðsins vegna eignaríbúða hækkaðir úr 1% í 2,4% þann 1. mars sl. Sú hækkun náði til lána sem veitt hafa verið frá 1. júlí 1984. Vextir eignaríbúða eru jafnframt endurskoðaðir reglulega og hækkaðir í 4,9% fari tekjur eða eignir lántakenda umfram tiltekin mörk. Verðtryggð útlán sjóðsins námu um 24,6 milljörðum króna í árslok 1992. Þar af bera um 1,2 milljarður 4,9% vexti, rúmlega 16 milljarðar 2,4%, 3,9 milljarðar 1% og um 2,5 milljarðar 0,5% vexti. Þótt vaxtamunur inn- og útlána sjóðsins sé enn verulegur munu þessar vaxtabreytingar draga úr honum og treysta þannig eiginfjárstöðu sjóðsins til langframa. Bent skal á að þar sem lán úr sjóðnum eru jafngreiðslulán leiðir hækkun útlánsvaxtanna til þess að innheimtar afborganir lækka miðað við fjárlög í ár. Stefnt er að því að lánafyrirgreiðsla sjóðsins haldist óbreytt á næsta ári og að lánaðir verði rúmlega 5,9 milljarðar króna til byggingar eða kaupa á um 500 félagslegum íbúðum. Þar af verða nálægt 5 milljarðar til framkvæmda en um 0,9 milljarðar til endursöluíbúða.

Samkvæmt nýsettum lögum um Húsnæðisstofnun ákveður félagsmálaráðherra með reglugerð skiptingu rekstrarkostnaðar stofnunarinnar milli deilda. Áætlaður rekstrarkostnaður húsbréfadeildar og byggingarsjóðanna tekur mið af þeim áformum og er af þeirri ástæðu ekki fyllilega sambærilegur við skiptinguna í fjárlögum yfirstandandi árs. Í heild er fyrirhugað að draga úr rekstrarkostnaði Húsnæðisstofnunar sem nemur 24 m.kr. á næsta ári. Þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið í rekstri stofnunarinnar í ár eiga að skila hluta sparnaðarins en einnig er ætlunin að komið verði við frekari hagræðingu í starfseminni. Framlag úr ríkissjóði lækkar jafnframt um sömu fjárhæð og verður 901 m.kr. Útlánageta byggingarsjóðsins verður þó óskert eftir sem áður, enda nái áform um rekstrarsparnað fram að ganga.

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

*212 **Atvinnuleysistryggingasjóður.*** Samkvæmt lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð, nr. 93/1993 og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, er sjóðurinn fjármagnaður með 0,15% af gjaldstofni tryggingagjalds og með framlagi úr ríkissjóði er nemur þrefaldri þeirri fjárhæð. Framlag atvinnurekenda af tryggingagjaldi er áætlað 300 m.kr. og lögbundið framlag ríkissjóðs er því áætlað 900 m.kr., eða sem svarar til 0,45% af gjaldstofni. Í fjárlagafrumvarpinu er lýst áformum um að auka tekjur sjóðsins með því að hækka framlag atvinnurekenda úr 0,15% af stofni tryggingagjalds í 0,5%, eða um 0,35%. Einnig er áformað að leggja iðgjald á launþega er nemi 0,5% af sama stofni. Talið er að þessar breytingar skili sjóðnum 1.350 m.kr. í viðbótartekjur.

Samtals er því áætlað að lögbundnar tekjur sjóðsins verði 2.550 m.kr. Að auki er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi sjóðnum til um 400 m.kr. umfram lögbundin framlög, þannig að heildarfjárveiting til sjóðsins verði 2.950 m.kr. Loks er gert ráð fyrir að sveitarfélögin greiði 600 m.kr. í sjóðinn samkvæmt samkomulagi við ríkisstjórnina um átak í atvinnumálum.

Heildarútgjöld sjóðsins eru áætluð rúmir 4 milljarðar króna. Mismunurinn á tekjum og útgjöldum, 461 m.kr., fjármagnast með leigutekjum, vöxtum og afborgunum samtals að fjárhæð 261 m.kr. og með sölu skuldabréfa að fjárhæð 200 m.kr. Af heildarútgjöldum fara 125 m.kr. í rekstrarkostnað, 300 m.kr. til Eftirlaunasjóðs aldraðra og 3.586 m.kr. til greiðslu á atvinnuleysisbótum. Rekstrarkostnaður skiptist þannig að 18 m.kr. fara í beinan rekstrarkostnað sjóðsins, 90 m.kr. er varið til að greiða þóknanir til stéttarfélaga og úthlutunarnefnda og 17 m.kr. fara til að greiða rekstur Kjararannsóknanefndar.

Áætlun um greiðslur atvinnuleysisbóta byggir á spá þjóðhagsáætlunar um 5% atvinnuleysi á næsta ári og að áframhald verði á atvinnuátaki sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að útgjöld til atvinnuleysisbóta verði lækkuð um 250 m.kr. með auknu eftirliti, fræðslu og samræmingu á störfum úthlutunarnefnda, auk þess sem áformað er að úthlutunarreglum verði breytt.

Á árinu 1993 fjölgar þeim sem eiga rétt á bótum atvinnuleysistrygginga. Samkvæmt lögum nr. 53/1993, sem samþykkt voru í lok síðasta þings, öðluðust launþegar utan stéttarfélaga bótarétt frá 1. júní sl. og sjálfstætt starfandi fólk frá 1. október í ár. Að auki sóttu bankamenn um aðild að sjóðnum á þessu ári, og fengu hana á grundvelli laga nr. 64/1990. Þessi fjölgun réttindahafa gerir áætlanir um útgjöld óvissari en áður, en gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins á árinu 1994 aukist um 300-400 m.kr. af þessum sökum. Er þá gert ráð fyrir að reglur um sjálfstætt starfandi verði tiltölulega strangar og að áformaðar aðgerðir til lækkunar útgjalda skili sér á þessu og næsta ári.

312 Ríkisspítalar, dauðhreinsun. Rekstur dauðhreinsideildar hefur nú verið aðskilinn frá rekstri þvottahúss Ríkisspítalanna. Tengist það hugmyndum um breytingu þvottahússins í hlutafélag og sölu hlutabréfa. Því er nánar lýst í greinargerð um Ríkisspítalana í A-hluta.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Tekjur af sölu áfengis og tóbaks eru áætlaðar tæpir 9,4 milljarðar króna og lækka um rúm 3% frá áætlun fjárlaga 1993. Sala áfengis og tóbaks dróst saman fyrstu sex mánuði ársins 1993 og tekur áætlun um sölu á árinu 1994 mið af því. Gert er ráð fyrir óverulegum breytingum á verði áfengis og tóbaks á næsta ári. Skil ÁTVR í ríkissjóð á árinu 1994 eru áætluð 6.370 m.kr. í stað 6.350 m.kr. á þessu ári. Fyrir liggja tillögur um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem gera ráð fyrir að landsútsvar falli niður. ÁTVR greiddi 320 m.kr. í landsútsvar í ár sem bætast við skil í ríkissjóð á næsta ári. Án þeirrar viðbótar hefðu skil fyrirtækisins numið 6.030 m.kr. og endurspeglar það samdráttinn sem orðið hefur í sölu áfengis og tóbaks.

Fjárfesting er áætluð 15 m.kr. og verður varið til uppsetningar á kæligeymslu, byggingu vindfanga við aðalstöðvar fyrirtækisins við Stuðlaháls og tölvubúnaðar.

102 Lyfjaverslun ríkisins. Tekjur umfram gjöld eru áætlaðar 72 m.kr. og er fyrirtækinu ætlað að skila 27 m.kr. arði í ríkissjóð. Hjá fyrirtækinu er nú unnið að gagngerum endurbótum og endurnýjun á framleiðsludeild og á þeim að vera lokið á árinu 1994. Heildarkostnaður við framkvæmdirnar er áætlaður 236 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 103 m.kr. á árinu 1994, þar af verða 72 m.kr. teknar að láni. Að öðru leyti verður fjárfestingin fjármögnuð með eigin fé fyrirtækisins.

Stefna fjármálaráðherra er að einkavæða starfsemi Lyfjaverslunar og mun frumvarp þess efnis verða endurflutt á Alþingi á næstunni.

971 Lánasýsla ríkisins. Starfsemi Lánasýslu ríkisins skiptist í tvennt: Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa og Ríkisábyrgðasjóð. Auk þess annast Lánasýslan rekstur Framkvæmdasjóðs en í framsetningu fjárlagafrumvarpsins er honum haldið aðgreindum. Tekjur og gjöld Lánasýslunnar á árinu 1994 miðast við óbreytt umsvif frá fjárlögum 1993. Störf eru 15,5 alls og skiptast þannig að 5 eru hjá Ríkisábyrgðasjóði, 6 hjá Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa og 4,5 hjá yfirstjórn.

Tekjur Þjónustumiðstöðvarinnar eru áætlaðar 38 m.kr. eða heldur lægri en í fjárlögum 1993. Helmingur þeirra, tæpar 19 m.kr. eru vegna umsýsluþóknunar spariskírteina, rúmar 16 m.kr. vegna sölulauna ríkisverðbréfa og 2,5 m.kr. eru þóknun vegna áskriftarkerfis.

Gert er ráð fyrir að fjármunatekjur Ríkisábyrgðasjóðs verði 52 m.kr. Framlag úr ríkissjóði verður 300 m.kr. og er ætlað til að mæta töpuðum útlánum í ábyrgð hjá Ríkisábyrgðasjóði. Framlagið til sjóðsins jafngildir innheimtu áhættugjaldi vegna ríkisábyrgða. Undir liðnum veitt lán eru færðar vanskilagreiðslur annarra sem Ríkisábyrgðasjóður leysir til sín. Innheimtar afborganir er sá hluti þeirra sem innheimtist af vanskilum fyrri ára.

972 Lánasýsla ríkisins - Framkvæmdasjóður Íslands. Rekstrarumfang Framkvæmdasjóðs dregst áfram saman á árinu 1994. Laun og rekstrargjöld lækka milli ára um 15 m.kr. og verða 54 m.kr. Störf verða 7 talsins.

Samkvæmt reikningi sjóðsins í árslok 1992 á sjóðurinn útistandandi kröfur að fjárhæð 18,1 milljarð króna en skuldir á móti nema 21,2 milljörðum króna. Vaxtagjöld á árinu 1994 eru áætluð 1.063 m.kr. og er það í samræmi við lánasamninga um vaxtakjör og endurgreiðslur tekinna lána. Vaxtatekjur eru hins vegar áætlaðar 972 m.kr. Er þá ekki reiknað með fullum skilum af nokkrum ótryggum lánum. Sjóðurinn er mjög viðkvæmur fyrir gengisbreytingum. Þannig varð sjóðurinn fyrir 150 m.kr. gengistapi við gengisbreytinguna í lok júní sl. Ástæðan er sú að skuldir í erlendri mynt eru um 2 milljörðum króna hærri en sambærilegar eignir. Aðrar tekjur eru leigutekjur af innleystum eignum sjóðsins.

Innheimtar afborganir eru í samræmi við fyrirliggjandi lánasamninga. Reiknað er með töluverðum vanskilum á afborgunum, einkum vegna lána til fiskeldis. Ganga þarf á sjóðsinnstæðu sem nemur 622 m.kr. til að fjármagna neikvæðar fjármunahreyfingar.

30 Samgönguráðuneyti

101 Póst- og símamálastofnun. Viðamikil fjárfesting er fyrirhuguð hjá fyrirtækinu á næsta ári eins og í fjárlögum yfirstandandi árs, eða alls sem nemur 2 milljörðum

króna. Annars vegar er um að ræða rúmlega 600 m.kr. til að ljúka lagningu ljósleiðarastrengsins Cantat-3 yfir Atlantshafið milli Norður-Ameríku og Evrópu í samstarfi við erlend símafyrirtæki. Í gildandi fjárlögum var ráðstafað um 1,2 milljarði króna til þessa verkefnis og gert ráð fyrir að 200 m.kr. kæmu til greiðslu á næsta ári, en greiðslur hafa frestast nokkuð og færast milli ára. Hins vegar er áformað að almenn fjárfesting Pósts og síma verði tæplega 1,4 milljarðar króna og hækki um 140 m.kr. frá fjárlögum eða um 8%. Sú fjárfesting verður fjármögnuð með fé úr rekstri og beinist einkum að uppbyggingu stafræna símakerfisins, bæði í almenna símakerfinu og farsímakerfinu. Sem fyrr er gengið út frá því að ríkissjóður felli niður tolla og vörugjöld af ýmiss konar fjarskiptabúnaði sem fluttur verður til landsins á vegum Pósts og síma. Þessu til viðbótar er 16 m.kr. greiðsla til Intelsat/Eutelsat/Inmarsat.

Heildargjöld eru áætluð 8.557 m.kr. Launagjöld aukast um tæplega 1% frá fjárlögum en á móti vegur að greiðslur vegna lífeyrisuppbóta starfsmanna lækka um 30 m.kr. Önnur rekstrargjöld eru áætluð um 8% hærri en í fjárlögum og einnig er ráðgert að auka viðhald verulega. Heildartekjur eru taldar verða 9.045 m.kr. miðað við að gildandi verðskrár fyrir póst- og símaþjónustu standi óbreyttar á næsta ári. Tekjuafgangur verður samkvæmt þessu 720 m.kr. til viðbótar við 915 m.kr. afgang frá síðasta ári. Afborganir lána verða 9 m.kr. Þá er gert ráð fyrir lántökum vegna Cantat-3 að fjárhæð 195 m.kr. Arðgreiðsla í ríkissjóð hækkar um 30 m.kr. frá fjárlögum, eða í 850 m.kr., en greiðslur vegna lífeyrisuppbóta lækka tilsvarandi eins og áður segir þannig að heildargreiðslan verður óbreytt.

211 - 213 Vegagerð ríkisins. Vegagerð ríkisins hefur um langt skeið staðið að umfangsmikilli þjónustustarfsemi sem snýr bæði að vegaframkvæmdum og rekstri vegakerfisins. Sá hluti þessarar starfsemi sem ekki fær bein framlög úr ríkissjóði hefur verið felldur undir B-hluta fjárlaga og er fjármagnaður að mestu með þjónustutekjum og álagi frá vegagerðarverkefnum í A-hluta. Allur rekstur Vegagerðarinnar í B-hluta hefur til þessa verið dregin saman í einum reikningi. Sú framsetning hefur sætt nokkurri gagnrýni í seinni tíð, þar sem hún hefur ekki þótt gefa nægilega skýra mynd af helstu þáttum starfseminnar. Að auki eiga flestar rekstrareiningarnar í miklum innbyrðis viðskiptum og hafa fjárhæðir því verið margtaldar í veltutölum. Af þessum sökum hefur B-hluta starfsemi Vegagerðarinnar nú verið aðgreind í þrjá reikninga. Hver þessarar rekstrareiningar er starfrækt sem sjálfstætt fyrirtæki og er ætlað að standa undir eigin rekstrarkostnaði, aðstöðu og búnaði.

Umdæmi og vinnuflokkar taka í fyrsta lagi til allra umdæmis- og svæðismiðstöðva Vegagerðarinnar, en þær annast alla stjórn, hönnun og eftirlit með verkum auk þjónustu við vegfarendur og vegakerfið, hver á sínu svæði. Þessi þáttur starfseminnar er að mestu fjármagnaður með álagi af framkvæmdakostnaði. Í öðru lagi er hér um að ræða eigin vinnuflokka Vegagerðarinnar, sem taka að sér vegagerðarverkefni í A-hluta á svipaðan hátt og aðkeyptir verktakar.

Hlutverk *Vélamiðstöðvar* er að annast rekstur, viðhald og endurnýjun á bifreiða- og vélaflota fyrirtækisins og útleigu hans til vinnuflokka eða verkefna. Tekjur Vélamiðstöðvarinnar eru innheimtar eftir sömu gjaldskrá og gildir fyrir aðkeyptar vinnuvélar og vörubifreiðar.

Rekstrareiningin *Birgðamiðstöð og fasteignir* sér um birgðahald á vegagerðarefni, s.s. asfalt, rykbindiefni, ræsarör o.þ.h., og selur vörurnar ýmist til eigin vinnuflokka stofnunarinnar eða til verktaka. Rekstur, viðhald og endurnýjun húsnæðis er

einnig á verksviði einingarinnar og er aflað tekna á móti þeim kostnaði með leigu húsnæðisins til deilda stofnunarinnar, bæði í A- og B-hluta.

471 ***Alþjóðaflugþjónustan.*** Ísland er aðili að samningi um þjónustu við alþjóðaflugumferð yfir Norður-Atlantshafið, sem verið hefur í gildi síðan 1956. Í samningnum felst að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, tekur að sér að greiða með yfirflugsgjöldum fyrir þá þjónustu sem veitt er á íslenska flugstjórnarsvæðinu af *Flugmálastjórn, Póst- og símamálastofnun* og *Veðurstofu Íslands*. Þessar endurgreiðslur eru áætlaðar 652,4 m.kr. á næsta ári og er þóknunin til þjónustuaðilanna sýnd sem önnur rekstrargjöld í reikningi Alþjóðaflugþjónustunnar en samsvarandi tekjur frá ICAO sem seld þjónusta. Hér færast einnig afskriftir að fjárhæð 25,6 m.kr. og fjármunatekjur að fjárhæð 68,1 vegna fjárfestingar Flugmálastjórnar og Veðurstofu sem ríkissjóður hefur fjármagnað.

Í annan stað sér Alþjóðaflugþjónustan um fjármögnun, rekstur og innheimtu tekna vegna nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar sem verið er að reisa á Reykjavíkurflugvelli. Fyrirhugað er að taka bygginguna í notkun í lok þessa árs þótt frágangi tækjabúnaðar í hana verði ekki að fullu lokið fyrr en á næsta ári. Framkvæmdirnar á næsta ári verða eins og áður fjármagnaðar annars vegar með lántökum, sem áætlað er að nemi 100 m.kr. vegna ratsjárkerfis, og hins vegar með 57,7 m.kr. af flugmálaáætlun, sem er lokaframlag íslenska ríkisins til flugstjórnarmiðstöðvarinnar. Að frátöldu framlagi ríkissjóðs verður allur stofnkostnaðurinn endurgreiddur með yfirflugsgjöldum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslurnar hefjist í mynd húsaleigu á árinu 1994 og verði 17 m.kr. Því fé verður ráðstafað til afborgana af lánum.

31 Iðnaðarráðuneyti

321 ***Rafmagnsveitur ríkisins.*** Í áætlun fyrirtækisins felast áform um aukna fjárfestingu miðað við uppgjör framkvæmda síðasta árs, eða úr 415 m.kr. í 525 m.kr. Uppistaðan í framkvæmdaáætluninni er fjárfesting í dreifikerfum, eða um tveir þriðju hlutar heildarkostnaðarins, en stærsti liðurinn þar á eftir er bygging skrifstofu- og lagerhúsnæðis á þjónustusvæðum fyrirtækisins. Sem fyrr er stefnt að því að fjármagna framkvæmdir með fé úr rekstri. Heildargjöld fyrirtækisins eru talin verða rúmlega 4 milljarðar króna og er þá gert ráð fyrir að orkuverð frá Landsvirkjun verði óbreytt. Áætlað er að heildartekjur aukist úr tæpum 3,5 milljörðum króna samkvæmt gildandi fjárlögum í um 3,8 milljarða króna á næsta ári miðað við gjaldskrá fyrir orkusölu sem tók gildi 1. ágúst sl. Arðgreiðsla í ríkissjóð hækkar nokkuð frá fjárlögum í ár með tilliti til betri stöðu fyrirtækisins og verður 50 m.kr. Jafngildir það um 0,5% arðkröfu af eigin fé en stefnt er að því að hún hækki í áföngum og verði 2%.

7 Lánsfjármál

7.1 Staða fjármagnsmarkaðarins

Nokkrir þættir er varða stöðu fjármagnsmarkaðarins og uppbyggingu hans gefa tilefni til umfjöllunar og þess að á því sé vakin sérstök athygli.

Eitt helsta einkenni innlends fjármagnsmarkaðar er ójafnvægi í eftirspurn lánsfjár og framboði sparifjár. Lánsfjáreftirspurn hefur aukist mjög verulega á undanförnum árum en henni hefur ekki verið mætt með samsvarandi aukningu á innlendum sparnaði. Í heild eru lántökur um þriðjungi meiri en nemur öllum innlendum sparnaði. Þetta hefur leitt til hárra raunvaxta hér á landi og til mikillar skuldasöfnunar erlendis. Háir raunvextir á innlendum fjármagnsmarkaði draga úr hagvexti til lengri tíma þar sem ekki er ráðist í nýja fjárfestingu. Erlendar skuldir þjóðarinnar, sem hlutfall af landsframleiðslu, eru með því allra hæsta sem þekkist meðal aðildarríkja OECD, sbr. meðfylgjandi mynd. Mikilvægt er því að snúa þessari þróun við, draga úr lánsfjáreftirspurn og auka innlendan sparnað.

Hrein erlend skuldastaða 1991[1)]
Hlutfall af landsframleiðslu



[1)] Skuldahlutfall Hollands og Belgíu miðast við árslok 1990, hlutfall Noregs og Svíþjóðar við árslok 1989.

Markaðssetning ríkisverðbréfa. Á síðustu tveimur árum hafa orðið þáttaskil í aðild ríkissjóðs að innlendum fjármagnsmarkaði. Fjármálaráðherra ákvað á árinu 1992 að stefna bæri að afnámi yfirdráttar ríkissjóðs í Seðlabankanum og að öll innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs færi fram á markaði. Því var gerður samningur milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka sem takmarkaði möguleika ríkissjóðs til að stofna til yfirdráttar í bankanum. Á árinu 1992 var yfirdrátturinn takmarkaður við hámarkið þrír milljarðar króna. Um

áramótin 1992/93 var alveg tekið fyrir yfirdrátt ríkissjóðs hjá bankanum en honum heimilað að kaupa beint af ríkissjóði ríkisvíxla sem kæmu til uppgjörs í næsta ríkisvíxla-útboði. Einungis í örfáum tilfellum hefur ríkissjóður þurft að selja Seðlabankanum víxla til að brúa fjárþörf milli útboða. Um næstkomandi áramót verður samkvæmt samningnum tekið fyrir þessa fyrirgreiðslu bankans og ríkissjóður verður því að mæta fjárþörf sinni að fullu á markaði. Þessi aðlögun var mikilvæg fyrir ríkissjóð á meðan fjáröflunarleiðir á markaði voru þróaðar, en einnig gerði hún Seðlabankanum kleift að móta aðgerðir til áhrifa á vaxtamyndunina.

Ríkissjóður hóf markaðssölu á verðbréfum um mitt ár 1992 með útboði á sex mánaða ríkisbréfum. Í nóvember sama ár var byrjað að bjóða út ríkisvíxla til þriggja mánaða. Fyrsta útboð langtímaverðbréfa var útboð á spariskírteinum í október 1992. Ríkisvíxlar hafa verið boðnir út tvisvar í mánuði en ríkisbréf og spariskírteini einu sinni í mánuði. Á árinu hefur tekist að festa þessa tilhögun í sessi og mæta fjárþörf ríkissjóðs innan ársins á markaði. Þetta fyrirkomulag hefur styrkt innviði fjármagnsmarkaðarins til muna.

Á árinu 1993 er gert ráð fyrir að seldir verði ríkisvíxlar með útboði fyrir 60 milljarða króna og ríkisbréf fyrir 8,8 milljarða króna. Þá er gert ráð fyrir að sala spariskírteina verði alls 9,5 milljarðar króna á árinu, þar af 7 milljarðar króna með útboði.

Skammtímaávöxtun á fjármagnsmarkaði 1993



Í línuritinu hér að ofan er sýnd ávöxtun skammtímabréfa ríkissjóðs eins og hún hefur ákvarðast með útboði borið saman við meðalávöxtun almennra víxillána banka. Fram kemur að vextir ríkisverðbréfa hafa farið lækkandi á árinu ef undan er skilin lítils háttar hækkun í kjölfar gengisfellingar sl. sumar. Það vekur hins vegar athygli að meðalvextir almennra víxillána banka fylgja frá miðju ári engan veginn þeim vöxtum sem myndast á viðmiðunarbréfum ríkissjóðs. Þannig fór munur á ávöxtun ríkisvíxla í september hæst í um 11% en var framan af árinu milli 3 og 4%. Það er umhugsunarefni að ávöxtun ríkisverðbréfa, sem ræðst alfarið með útboði á markaði, skuli ekki endurspeglast í vaxta-

ákvörðunum banka á víxillánum. Þetta gefur tilefni til að ætla að samkeppnisumhverfi banka og sparisjóða sé ábótavant og að vextir á ríkisvíxlum hafi takmörkuð áhrif á vaxtamyndun þeirra.

Á árinu var haldið áfram að þróa markað fyrir óverðtryggð ríkisverðbréf. Í maí voru boðin til sölu tólf mánaða ríkisbréf og nú í haust er fyrirhugað að gefa þau út til tveggja ára. Þá er til athugunar að gefa út óverðtryggð bréf til enn lengri tíma. Hér er um að ræða áfanga að því marki að draga úr verðtryggingu *skammtímaskuldbindinga* og aðgreina markaðsvexti til langs og skamms tíma.

Á sl. sumri var gerð tilraun með sölu á verðbréfum í erlendri mynt hér innan lands. Veruleg eftirspurn reyndist vera fyrir hendi og seldust alls bréf fyrir um 2 milljarða króna af samtals 100 milljón dollara útgáfu sem ríkissjóður seldi að öðru leyti á markaði erlendis. Stefnt er að því að ríkissjóður gefi út markaðsverðbréf í erlendri mynt til frumsölu hér innan lands fyrir árslok.

Ríkisábyrgðir. Ríkisábyrgðir á fjárskuldbindingum eru all víðtækar hér á landi. Tveir af þremur viðskiptabönkum eru í eigu ríkissjóðs; allir helstu fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna eru í eigu ríkissjóðs; almenna húsnæðislánakerfið er í höndum ríkissjóðs; auk þess veitir ríkissjóður ábyrgð á lántökum ýmissa aðila. Ókostir svo víðtækra ríkisábyrgða frá peningalegu sjónarmiði eru einkum tveir. Annars vegar ýta ríkisábyrgðir undir aukna lánsfjáreftirspurn þar sem ríkistryggð lán bjóðast að öðru jöfnu á hagstæðari kjörum en ella standa til boða. Húsbréfakerfið er dæmi um þetta. Hins vegar er hætta á, og mörg dæmi um, að ekki sé tekið nægilegt tillit til arðsemi þeirra fjárfestinga sem njóta ríkisábyrgðar. Útlán Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs Íslands eru dæmi um þetta.

Með hliðsjón af ofangreindu er rík ástæða til að notkun ríkisábyrgða verði takmörkuð. Ríkisábyrgðir hafa þegar verið afnumdar í nokkrum tilvikum og áform er um frekari takmörkun þeirra. Þegar hefur ríkisábyrgð á nýjum lántökum Fiskveiðasjóðs verið afnumin. Í frumvarpi til laga um stofnun Íslenska fjárfestingarbankans hf. er ríkisábyrgð á nýjum lántökum Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs afnumin með því að starfsemi þeirra er felld inn í bankann. Loks er afnám ríkisábyrgðar á húsbréfum til athugunar í sérstakri nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði fyrr á árinu. Með þessu móti er stigið veigamikið skref í þá átt að jafna samkeppnisskilyrði á fjármagnsmarkaði.

Verðtrygging skuldbindinga. Verðtrygging skuldbindinga hefur verið mjög til umfjöllunar að undanförnu, sérstaklega með tilliti til áhrifa hennar á vaxtamyndun á innlendum fjármagnsmarkaði. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á kostum verðtryggingar þegar um *langtímaskuldbindingar* er að ræða. Slík verðtrygging er víðar viðhöfð en hér á landi. Ríkissjóðir Bretlands, Ástralíu, Írlands, Kanada og Nýja-Sjálands gefa til dæmis allir út verðtryggð langtímabréf. Ríkissjóður Bretlands er sérstaklega umsvifamikill útgefandi og seljandi verðtryggðra langtímabréfa, einkum til lífeyrissjóða og annarra langtímafjárfesta. Ríkissjóður Bandaríkjanna hefur nú einnig til athugunar að hefja sölu verðtryggðra langtímabréfa.

Með útgáfu slíkra bréfa er stefnt að því að lækka vexti á langtímamarkaði þar sem áhættu er eytt. Nafnvextir á óverðtryggðum langtímabréfum eru samansettir af þremur þáttum. Í fyrsta lagi ákveðinni raunávöxtunarkröfu, í öðru lagi álagi sem nemur áætlaðri verðbólgu á lánstímanum og í þriðja lagi sérstöku áhættuálagi vegna óvissu um verðbólgu. Með því að taka upp verðtryggingu er verið að eyða óvissunni sem ávallt fylgir verðbólgu. Þannig eru vextir á verðtryggðum langtímabréfum taldir lækka sem

nemur áhættuálaginu. Miðað við reynsluna hér á landi á undanförnum árum og áratugum má gera ráð fyrir að áhættuálag á óverðtryggðum langtímabréfum vegna verðbólgu yrði það hátt að þau yrðu nánast ónothæf í viðskiptum.

7.2 Framboð og eftirspurn lánsfjár

Lánsfjáreftirspurn hefur samkvæmt áætlun Seðlabanki Íslands aukist um 7,3%, eða 49 milljarða króna, á fyrri hluta árs 1993 í stað 4,1%, eða 25 milljarða króna, á sama tíma í fyrra. Á það ber hins vegar að líta að gengisfelling krónunnar hafði talsverð áhrif á reiknaða lánsfjáreftirspurn. Þannig hækkaði gengisfellingin í júní síðastliðnum erlendar skuldir um tæplega 23 milljarða króna. Sé leiðrétt fyrir áhrifum gengisfellingarinnar er vöxtur heildarlánsfjáreftirspurnar svipaður á fyrri hluta þessa árs og síðasta árs eða rösklega 4%.

Seðlabanki Íslands skiptir eftirspurn eftir lánsfé í fjóra flokka eftir því hver endanlegur notandi fjármagnsins er. Hér er um að ræða ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og heimili. Á eftirfarandi yfirliti kemur fram hvernig lánsfjáreftirspurn hefur þróast hjá þessum aðilum að undanförnu:

Lánsfjáreftirspurn innlendra aðila

	Staða í lok tímabils				Hreyfing	
Milljarðar króna	1991	1992	Júní 1992	Júní 1993	jan.-jún. 1992	jan.-jún. 1993
Ríkið	81,5	95,5	88,3	110,0	8,3%	15,2%
Sveitarfélög	25,6	29,1	25,0	29,1	-2,3%	0,0%
Fyrirtæki	285,5	306,7	287,8	328,2	0,8%	7,0%
Heimili	211,3	238,8	227,3	251,7	7,6%	5,4%
Samtals	**603,9**	**670,1**	**628,4**	**719,0**	**4,1%**	**7,3%**

Lán til ríkisins jukust um 15,2% á fyrri hluta ársins. Sé leiðrétt fyrir áhrifum gengisfellingarinnar er aukningin um 8-9%. Á sama tíma í fyrra var aukningin um 8,3%.

Mikill og langvarandi halli á ríkissjóði hefur átt drjúgan þátt í aukningu heildarlánsfjáreftirspurnar á undanförnum árum. Þrátt fyrir að ríkissjóður hafi náð verulegum árangri í því að lækka ríkisútgjöld hefur eftirspurn ríkissjóðs eftir nýju lánsfé ekki dregist saman að sama skapi vegna minnkandi skatttekna í kjölfar efnahagssamdráttarins í þjóðfélaginu. Þegar efnahagslífið réttir við eiga að vera forsendur til minni lánsfjáreftirspurnar ríkisins.

Lánsfjáreftirspurn sveitarfélaga hélst óbreytt á fyrri hluta þessa árs. Sé leiðrétt fyrir áhrifum gengisfellingarinnar minnkuðu lán til sveitarfélaga um 4-5% á tímabilinu. Á sama tíma í fyrra minnkaði lánsfjáreftirspurn þeirra um 2,3%.

Lánsfjáreftirspurn heimilanna jókst um 5,4% á fyrri helmingi þessa árs samanborið við 7,6% á fyrri helmingi síðasta árs. Þannig hefur verulega dregið úr lánsfjáreftirspurn þeirra en erfitt er hins vegar að segja á þessu stigi hvort um varanlega lækkun sé að ræða. Það skal tekið fram að gengisfellingin hafði engin bein áhrif á reiknaða lánsfjáreftirspurn heimilanna, enda skuldir þeirra eingöngu innan lands.

Á undanförnum árum hafa heimilin aukið mjög eftirspurn sína eftir lánsfé. Þá aukningu má að verulegu leyti rekja til tilkomu húsbréfakerfisins sem olli þáttaskilum í þeim efnum. Húsbréfunum var m.a. ætlað að létta útlánum af lífeyrissjóðum og bönkum. Svo hefur hins vegar ekki orðið raunin og hefur húsbréfakerfið orðið veruleg viðbót við lánsfjáreftirspurn heimilanna.

Lánsfjáreftirspurn fyrirtækja er talin hafi aukist um 7% á fyrri helmingi þessa árs. Leiðrétt fyrir áhrifum gengisfellingar er aukningin um 2-3%. Á sama tíma í fyrra er talið að lánsfjáreftirspurn fyrirtækja hafi aukist um 0,8%.

Mjög hefur dregið úr lánsfjáreftirspurn fyrirtækja á undanförnum árum. Þau hafa verið að greiða upp skuldir og draga verulega úr nýfjárfestingu. Samdráttur í nýfjárfestingu fyrirtækja veldur áhyggjum þar sem á þeim veltur hagvöxtur í framtíðinni. Þó skiptir arðsemi fjárfestingar ekki síður máli en hversu mikil hún er, en það háir efnahagslífinu hversu arðsemi fjárfestingar á undanförnum árum hefur oft á tíðum verið lítil.

Þrátt fyrir minnkandi lánsfjáreftirspurn fyrirtækja er skuldsetning þeirra samt sem áður mjög mikil í alþjóðlegum samanburði og eiginfjármögnun að sama skapi lítil. Í nýrri skýrslu Þjóðhagsstofnunar um afkomu fyrirtækja kemur fram að eiginfjárhlutfall íslenskra fyrirtækja er að meðaltali 33,1% en er hins vegar 42,5% að meðaltali hjá aðildarríkjum OECD. Nauðsynlegt er því að stuðla að eflingu innlends hlutafjármarkaðar þannig að fjármagna megi aukna fjárfestingu á komandi árum með áhættufjármagni jafnhliða lánsfjármagni.

Innlendur sparnaður jókst um 4,5% á fyrri hluta ársins og námu peningalegar eignir 473 milljörðum króna í lok júní sl. Nokkuð hefur hægt á vexti sparnaðar en samsvarandi aukning var 5,5% á fyrri hluta árs 1992. Frjáls sparnaður, þ.e. einkum bankainnlán og markaðsverðbréf, er áætlaður um 217 milljarðar króna og jókst um rösk 3% á fyrri hluta ársins en kerfisbundinn sparnaður, fyrst og fremst eignir lífeyrissjóðanna, er talinn hafa vaxið um 5,8% á sama tíma.

Áætlun um peningalegan sparnað

	Staða í árslok			Hrein aukning á meðalverðlagi		
Milljarðar króna	1992	Áætlun 1993	Spá 1994	1992	Áætlun 1992	Spá 1993
Peningalegur sparnaður	453	503	534	28	25	26
Frjáls	211	231	241	7	8	8
Kerfisbundin	242	272	293	21	17	18
Peningalegur sparnaður sem hlutfall af landsframleiðslu				7,3%	6,4%	6,6%

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Seðlabanka Íslands er talið að innlendur sparnaður verði um 25 milljarðar króna árið 1993, þar af kerfisbundinn sparnaður 17 milljarðar króna eða fimmtungi minni en á síðasta ári. Aukning frjáls sparnaðar verður hins vegar meiri en á síðasta ári, eða 8 milljarðar króna.

Áætlað er að heildarsparnaður verði um 26 milljarðar króna á árinu 1994, eða 6,6% af landsframleiðslu. Reiknað er með að kerfisbundinn sparnaður verði um 18 milljarðar króna en hinn frjálsi um 8 milljarðar króna. Rétt er að leggja áherslu á að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg og því verður að skoða niðurstöðurnar með miklum fyrirvara.

7.3 Lánsfjárþörf hins opinbera

Að framan var fjallað um lánsfjáreftirspurn eftir endanlegum notendum fjármagnsins. Þannig voru t.d. húsnæðislán Húsnæðisstofnunar ríkisins hluti af lánsfjáreftirspurn heimila og fjárfestingarlán veitt af Iðnlánasjóði hluti af lántökum fyrirtækja. Hér er hins vegar fjallað um lántökur hins opinbera óháð því hver er endanlegur notandi fjármagnsins. Þannig eru lántökur Húsnæðisstofnunar ríkisins og Iðnlánasjóðs taldar hluti af lánsfjárþörf hins opinbera.

Þetta er mjög víðtæk skilgreining á lánsfjárþörf hins opinbera. Fjármálastofnanir og fyrirtæki eru í eigu hins opinbera hér á landi í ríkara mæli en í öðrum aðildarríkjum OECD. Þannig getur þessi skilgreining gefið villandi mynd af umsvifum hins opinbera á fjármagnsmarkaði og efnahagsáhrifum þeirra, sérstaklega í samanburði við önnur lönd.

Lánsfjárþörf hins opinbera verður því framvegis skipt á milli *opinberra aðila* annars vegar og *viðskiptalegra aðila* hins vegar. Undir *viðskiptalega aðila* fellur sú starfsemi sem víða er í einkaeigu í aðildarríkjum OECD. Hér er átt við fyrirtæki á borð við Landsvirkjun og Póst- og símamálastofnun, húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna. Undir skilgreininguna *opinberir aðilar* fellur ríkissjóður og félagslegir lánasjóðir á borð við Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, að húsbréfadeild frátaldri. Það skal tekið fram að skilgreining á lánsfjárþörf hins opinbera nær ekki til sveitarfélaga og er því ekki tæmandi að því leyti.

Hrein lánsfjárþörf hins opinbera



Á myndinni hér að framan kemur fram hvernig lánsfjárþörf hins opinbera samkvæmt þessari skilgreiningu, þ.e. opinberir aðilar annars vegar og viðskiptalegir aðilar hins vegar, hefur þróast á undanförnum árum:

Lánsfjárþörf hins opinbera, samkvæmt þessari skilgreiningu, breytist milli ára sem hér segir:

Lánsfjárþörf hins opinbera

	Áætlun 1993			Áætlun 1994		
Milljarðar króna	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	-	-	**56,7**	-	-	**63,9**
Opinberir aðilar	-	-	28,7	-	-	37,6
Ríkissjóður A-hluti	-	-	20,3	-	-	27,9
Byggingarsjóðir	-	-	8,4	-	-	9,7
Viðskiptalegir aðilar	-	-	28,0	-	-	26,3
Ríkisfyrirtæki	-	-	9,0	-	-	6,1
Húsbréf	-	-	11,3	-	-	11,5
Aðrir	-	-	7,7	-	-	8,7
Afborganir	**15,2**	**15,3**	**30,5**	**19,7**	**21,3**	**41,0**
Opinberir aðilar	8,9	1,6	10,5	11,9	9,7	21,6
Ríkissjóður A-hluti	4,6	1,6	6,2	6,2	9,7	15,9
Byggingarsjóðir	4,3	-	4,3	5,7	-	5,7
Viðskiptalegir aðilar	6,3	13,7	20,0	7,8	11,6	19,4
Ríkisfyrirtæki	-	8,7	8,7	-	6,1	6,1
Húsbréf	2,1	-	2,1	3,0	-	3,0
Aðrir	4,2	5,0	9,2	4,8	5,5	10,3
Hrein lánsfjárþörf	-	-	**26,2**	-	-	**22,9**
Hlutfall af landsframleiðslu	-	-	6,7%	-	-	5,8%

Heildarlántökur hins opinbera á árinu 1994 eru áætlaðar um 64 milljarðar króna og afborganir 41 milljarður króna. Hrein lánsfjárþörf er þannig áætluð tæpir 23 milljarðar króna eða um 3 milljörðum króna lægri fjárhæð en á þessu ári. Áætlað er að hrein lánsfjárþörf *opinberra aðila* nemi rúmum 16 milljörðum króna á næsta ári samanborið við 18 milljarða króna árið 1993. Minni lánsfjárþörf ríkissjóðs skýrir lækkunina. Hrein lánsfjárþörf byggingarsjóðanna er hins vegar nánast óbreytt milli ára. Hrein lánsfjárþörf *viðskiptalegra aðila*, þ.e. ríkisfyrirtækja, húsbréfadeildar og fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, er talin nema 7 milljörðum króna á næsta ári samanborið við 8 milljarða króna í ár. Lækkunin milli ára stafar að langmestu leyti af meiri afborgunum af teknum lánum fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna á næsta ári. Ítarlega umfjöllun um lánsfjármál ríkissjóðs er að finna í næsta hluta þessa kafla en nánar verður greint í frumvarpi til lánsfjárlaga frá lánsfjárþörf annarra aðila.

Með frumvarpi til lánsfjárlaga verður horfið frá því að skipta lántökuheimildum í innlendar og erlendar sérstaklega. Leitað verður lántökuheimilda fyrir ríkissjóð, ríkisfyrirtæki og ríkislánastofnanir til nota innan lands eða utan eftir því sem aðstæður á markaði leyfa hverju sinni. Frá og með næstu áramótum verða nær allar hömlur á fjármagnsflutningum milli landa afnumdar og verða skilin á milli innlendrar og erlendrar lántöku afar óskýr, t.a.m. getur íslenskur aðili keypt ríkisverðbréf gefin út erlendis eða erlendur aðili keypt ríkisverðbréf gefin út á Íslandi.

7.4 Lánsfjárþörf ríkissjóðs

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð um 27,9 milljarðar króna á árinu 1994. Greiddar afborganir af teknum lánum nema 15,9 milljörðum króna þannig að hrein lánsfjárþörf, þ.e. nýjar lántökur umfram afborganir af eldri lánum, er talin verða um 12 milljarðar króna. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárþörf ríkissjóðs 1993 og 1994 og skiptingu hennar:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.
Rekstrarhalli ríkissjóðs	12.335	9.821
Veitt lán, nettó	770	1.200
Eignfærð framlög	435	500
Viðskiptareikningar	500	500
Hrein lánsfjárþörf	**14.040**	**12.021**
Afborganir af teknum lánum	6.200	15.900
Heildarlánsfjárþörf	**20.240**	**27.921**

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hvernig lánsfjárþörf ríkissjóðs er saman sett.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs, þ.e. veitt ný lán að frádregnum innheimtum afborgunum af eldri lánum. Á árinu 1994 er ráðgert að veita ný lán að fjárhæð 6.300 m.kr. til fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkissjóðs. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri lánum sem eru áætlaðar samtals 5.100 m.kr. Veitt lán A-hluta ríkissjóðs, nettó, nema því samtals 1.200 m.kr. á árinu 1994. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.
Veitt ný lán	**5.620**	**6.300**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.700	3.700
Alþjóðaflugþjónustan	290	100
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	1.420	2.500
Spölur hf.	50	-
Annað	160	-
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**4.850**	**5.100**
Bundnar innlendu verðlagi	2.850	2.900
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	2.000	2.200
Veitt lán, nettó	**770**	**1.200**

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum, en báðir þessir liðir eru færðir í efnahagsreikning ríkissjóðs. Eignfærð framlög eru áætluð samtals 500 m.kr. á árinu 1994. Leitað er m.a. heimildar til 200 m.kr. hlutafjárframlags til Íslenska járnblendifélagsins hf.

Greiðslugrunnur	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.
Alþjóðabankinn, IBRD, Washington, DC	22	4
Alþjóðaþróunarfélagið, IDA, Washington, DC	107	87
Evrópubankinn, EBRD, London	48	49
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington, DC	32	40
Eystrasaltssjóður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Washington, DC	65	-
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	22	23
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	6	6
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Reykjavík	3	3
Norræn fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin	11	11
Rýni hf., Reykjavík	25	-
Slippstöðin Oddi hf., Akureyri	30	-
Íslenska járnblendifélagið hf., Grundartangi	-	200
Annað	64	77
Samtals	**435**	**500**

Viðskiptareikningar. Þessir reikningar taka til ýmissa skuldaviðurkenninga til skamms tíma vegna virðisaukaskatts, staðgreiðslu af launum, tryggingagjalds o.fl. Áætlað er að útstreymi umfram innstreymi á almennum viðskiptareikningum nemi 500 m.kr á árinu 1994.

Greiddar afborganir af teknum lánum. Greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 15,9 milljarðar króna árið 1994 samanborið við 6,2 milljarða króna á þessu ári. Hækkun milli ára er aðallega vegna uppgreiðslu dollaraláns hjá Citibank sem nemur um 7½ milljarði króna. Einnig eykst innlausn spariskírteina um 2½ milljarð króna milli ára að talið er. Á næstu árum mun innlausn spariskírteina verða mun meiri en hún hefur verið hingað til þar sem spariskírteini sem gefin hafa verið út á undanförnum árum eru nú að koma til innlausnar. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs af lánum á árunum 1993 og 1994:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr
Innlausn spariskírteina	2.700	4.700
Önnur innlend lán	1.910	1.500
Erlend lán	1.590	9.700
Samtals	**6.200**	**15.900**

Töfluviðauki

Bls.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

1. Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1985-1994 380
2. Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1985-1994 381
3. Útgjöld ríkissjóðs eftir málaflokkum 1985-1994 382
4. Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs 1986-1994 383
5. Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1985-1994 384
6. Markaðar ríkissjóðstekjur 1994 385
7. Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur 1993-1994 386
8. Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1993-1994 387
9. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta 1993-1994 388
10. Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta 1993-1994 ... 389
11. Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1985-1994 390

II Fjárfesting

12. Fjárfesting 1992-1994 391
13. Raforku- og rafveituframkvæmdir 1994 392
14. Samgönguframkvæmdir 1994 392
15. Opinberar byggingar 1994 392
16. Opinberar framkvæmdir 1985-1994 393

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

17. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1990-1994 394
18. Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1994 394
19. Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna 1994 395
20. Byggingarsjóður ríkisins 1992-1994 396
21. Byggingarsjóður ríkisins - húsbréfadeild 1992-1994 397
22. Byggingarsjóður verkamanna 1992-1994 397

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

23. Greiðslujöfnuður við útlönd 1991-1994 398
24. Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði 1985-1994 399
25. Flokkun erlendra langtímalána 1984-1993 400

V Efnahagsmál

26. Skuldir opinberra aðila 1983-1994 401
27. Verðlags- og launaþróun 1985-1994 402
28. Þjóðhagsyfirlit 1985-1994 403
29. Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða 1985-1994 404
30. Utanríkisviðskipti 1985-1994 405

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 1 Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
Tekjur	28 861	38 113	48 957	64 506	80 098	92 453	99 953	103 447	101 605	103 471
Gjöld	31 142	40 111	51 688	71 583	86 056	96 899	112 487	110 607	113 940	113 292
Rekstrarafkoma	**-2 281**	**-1 998**	**-2 731**	**-7 077**	**-5 958**	**-4 446**	**-12 534**	**-7 160**	**-12 335**	**-9 821**
Veitt lán, nettó	...	322	- 99	- 779	- 722	- 522	-1 954	-2 062	- 770	-1 200
Hlutafé og stofnfjárframlög	...	- 89	- 873	- 116	70	- 123	- 233	- 43	- 435	- 500
Viðskiptareikningar, nettó	...	- 964	-1 818	- 211	- 889	-2 079	73	2 090	- 500	- 500
Hrein lánsfjárþörf	...	**-2 729**	**-5 521**	**-8 183**	**-7 499**	**-7 170**	**-14 648**	**-7 175**	**-14 040**	**-12 021**
Lántökur, nettó	...	**5 642**	**3 847**	**4 724**	**11 018**	**9 915**	**9 290**	**10 210**	**14 050**	**12 050**
Innlend lántaka	...	1 886	2 728	1 526	5 837	7 175	3 216	5 494	6 440	-
Ný lán	...	3 617	4 485	4 882	10 386	10 098	8 819	9 315	11 050	-
Afborganir	...	-1 731	-1 757	-3 356	-4 549	-2 923	-5 603	-3 821	-4 610	-6 200
Erlend lántaka	...	3 756	1 119	3 198	5 181	2 740	6 074	4 716	7 610	-
Ný lán	...	5 004	2 155	4 230	6 663	3 966	7 339	9 044	9 200	-
Afborganir	...	-1 248	-1 036	-1 032	-1 482	-1 226	-1 265	-4 328	-1 590	-9 700
Seðlabanki Íslands, nettó	...	-2 188	954	- 646	-5 548	-2 031	- 755	- 776	-	-
Greiðsluafkoma	...	**725**	**- 720**	**-4 105**	**-2 029**	**714**	**-6 113**	**2 259**	**10**	**29**
Hlutfall af VLF, %										
Tekjur	24,1	24,0	23,5	25,2	26,0	26,1	26,0	27,1	26,1	26,4
Gjöld	26,0	25,2	24,8	28,0	27,9	27,3	29,3	28,9	29,2	28,9
Rekstrarafkoma	-1,9	-1,3	-1,3	-2,8	-1,9	-1,3	-3,3	-1,9	-3,2	-2,5
Hrein lánsfjárþörf	...	-1,7	-2,7	-3,2	-2,4	-2,0	-3,8	-1,9	-3,6	-3,1
Greiðsluafkoma	...	0,5	-0,3	-1,6	-0,7	0,2	-1,6	0,6	0,0	0,0

[1] Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum. Í töflunni hefur niðurstöðutölum ársins 1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

Tafla 2 Innheimtar tekjur ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
Beinir skattar	**3 280**	**5 508**	**6 103**	**9 363**	**13 017**	**17 690**	**19 263**	**20 348**	**19 796**	**20 565**
Einstaklingar	2 404	3 904	4 420	6 772	9 317	13 677	15 055	15 467	15 146	16 910
Fyrirtæki	876	1 604	1 683	2 591	3 700	4 013	4 208	4 881	4 650	3 655
Óbeinir skattar	**22 794**	**29 468**	**39 920**	**51 261**	**61 225**	**68 448**	**74 240**	**75 422**	**74 892**	**75 356**
Innflutnings- og vörugjöld	5 090	5 786	7 810	5 167	7 425	8 354	9 460	8 195	8 215	9 034
Virðisaukaskattur/söluskattur	10 725	14 444	19 972	29 529	34 151	37 086	38 954	39 944	40 000	37 950
Hagnaður ÁTVR	1 923	2 431	3 204	4 275	5 370	5 920	6 487	6 435	6 150	6 370
Launa- og tryggingagjöld	2 019	2 653	3 543	4 849	5 824	7 327	9 130	9 568	9 300	10 850
Bifreiðagjöld [1]	1 348	2 144	2 739	3 771	4 734	5 471	6 404	7 027	7 395	7 485
Aðrir skattar	1 689	2 010	2 652	3 670	3 721	4 290	3 805	4 253	3 832	3 667
Aðrar tekjur	**2 787**	**3 137**	**2 934**	**3 882**	**5 856**	**6 315**	**6 450**	**7 677**	**6 917**	**7 550**
Vaxtatekjur	2 530	2 549	2 438	3 272	4 589	4 096	3 947	4 203	4 440	4 100
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	257	588	496	610	1 267	2 219	2 503	3 474	2 477	3 450
Heildartekjur ríkissjóðs	**28 861**	**38 113**	**48 957**	**64 506**	**80 098**	**92 453**	**99 953**	**103 447**	**101 605**	**103 471**
Þar af skattekjur	26 074	34 976	46 023	60 624	74 242	86 138	93 503	95 770	94 688	95 921
Hlutfall af VLF, %										
Beinir skattar	2,7	3,5	2,9	3,7	4,2	5,0	5,0	5,3	5,1	5,3
Óbeinir skattar	19,0	18,5	19,2	20,0	19,8	19,3	19,3	19,7	19,2	19,2
Skatttekjur	**21,7**	**22,0**	**22,1**	**23,7**	**24,1**	**24,3**	**24,3**	**25,1**	**24,3**	**24,5**
Aðrar tekjur	2,3	2,0	1,4	1,5	1,9	1,8	1,7	2,0	1,8	1,9
Heildartekjur ríkissjóðs	**24,1**	**24,0**	**23,5**	**25,2**	**26,0**	**26,1**	**26,0**	**27,1**	**26,1**	**26,4**

[1] Bensíngjald er hér talið með bifreiðagjöldum en ekki innflutningsgjöldum.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 3 Útgjöld ríkissjóðs eftir málaflokkum [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
Almenn mál	**2 808**	**3 791**	**5 291**	**7 258**	**8 211**	**9 900**	**11 657**	**10 946**	**11 730**	**11 584**
Almenn þjónusta og löggæsla	2 524	3 410	4 816	6 699	7 509	8 942	10 527	9 911	10 540	10 357
Utanríkisþjónusta	284	381	475	559	702	958	1 130	1 035	1 190	1 227
Félagsmál	**17 392**	**23 091**	**31 576**	**41 941**	**49 708**	**59 297**	**68 085**	**68 192**	**70 110**	**70 186**
Fræðslu-, menningar- og kirkjumál	5 003	6 432	8 572	11 816	13 784	15 388	17 619	16 872	17 350	16 782
Heilbrigðismál	2 989	4 283	8 256	11 129	12 933	15 311	17 628	18 097	18 630	18 190
Velferðarmál	9 400	12 376	14 748	18 996	22 991	28 598	32 838	33 223	34 130	35 214
Atvinnumál	**6 890**	**8 532**	**9 459**	**14 056**	**17 944**	**18 156**	**20 931**	**21 038**	**19 861**	**17 785**
Landbúnaður og niðurgreiðslur	2 338	2 992	3 547	6 521	8 502	8 908	10 426	10 648	7 826	6 765
Sjávarútvegur	939	1 197	1 240	1 715	2 295	1 025	1 240	1 200	1 335	1 244
Iðnaðar- og orkumál	1 155	1 359	1 058	1 158	1 417	1 162	1 259	959	946	916
Samgöngur	2 458	2 984	3 614	4 662	5 730	7 061	7 525	7 760	9 202	8 362
Umhverfismál	-	-	-	-	-	-	481	471	552	498
Ýmis mál, þ.m.t. vextir	**4 052**	**4 697**	**5 362**	**8 328**	**10 193**	**9 546**	**11 814**	**10 431**	**12 241**	**13 737**
Gjöld samtals	**31 142**	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**113 942**	**113 292**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %										
Almenn mál	9,0	9,5	10,2	10,1	9,5	10,2	10,4	9,9	10,3	10,2
Félagsmál	55,8	57,6	61,1	58,6	57,8	61,2	60,5	61,7	61,5	62,0
Atvinnumál	22,1	21,3	18,3	19,6	20,9	18,7	18,6	19,0	17,4	15,7
Ýmis mál	13,0	11,7	10,4	11,6	11,8	9,9	10,5	9,4	10,7	12,1

1) Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum ársins 1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 4 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
Rekstrargjöld	**13 373**	**22 146**	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**	**42 382**	**44 200**	**42 984**
Laun	9 958	17 800	22 400	25 100	29 070	32 448	33 410	34 800	34 113
Önnur rekstrarútgjöld	4 665	6 227	8 059	10 602	13 397	14 570	15 372	16 000	15 447
Sértekjur	-1 250	-1 881	-3 174	-3 584	-5 140	-4 600	-6 400	-6 600	-6 576
Tilfærslur	**17 405**	**18 303**	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**43 295**	**43 876**
Almannatryggingar	9 909	11 476	14 848	20 231	24 412	28 265	28 716	29 333	29 589
Greiðslur til landbúnaðar	2 087	2 522	5 120	7 067	8 072	9 049	8 983	6 669	5 747
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 072	927	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 700	1 620
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	-	-	-	1 207	1 366	1 497	1 246	1 846
Aðrar tilfærslur	4 337	3 378	5 975	4 910	3 745	3 997	5 051	4 347	5 074
Vextir	**3 916**	**4 289**	**6 864**	**8 548**	**8 274**	**9 875**	**8 346**	**10 000**	**11 700**
Viðhald	**946**	**1 200**	**1 475**	**1 782**	**2 362**	**2 287**	**2 541**	**3 361**	**3 267**
Stofnkostnaður	**4 471**	**5 750**	**8 409**	**9 602**	**9 326**	**12 798**	**11 095**	**13 084**	**11 465**
Vegagerð	...	...	...	2 125	2 599	3 215	3 334	4 601	3 784
Flugvellir og hafnir	...	...	...	808	942	1 228	1 352	1 335	1 274
Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir	...	...	...	765	836	1 090	1 071	953	952
Húsnæðisstofnun	...	...	...	1 150	534	900	1 075	925	901
Annar stofnkostnaður	...	...	...	4 754	4 415	6 365	4 263	5 270	4 554
Gjöld samtals	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**113 940**	**113 292**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %									
Rekstrargjöld	33,3	42,8	38,1	37,3	38,5	37,7	38,3	38,8	37,9
Tilfærslur	43,4	35,4	38,5	39,5	40,9	40,1	41,8	38,0	38,7
Vextir	9,8	8,3	9,6	9,9	8,5	8,8	7,5	8,8	10,3
Viðhald	2,4	2,3	2,1	2,1	2,4	2,0	2,3	2,9	2,9
Stofnkostnaður	11,1	11,1	11,7	11,2	9,6	11,4	10,0	11,5	10,1

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 5 Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum

	Rekstrargrunnur			Greiðslugrunnur						
Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986 [1]	1987	1988	1989	1990 [2]	1991	1992	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
Æðsta stjórn ríkisins	285	347	526	679	825	1 052	1 090	1 040	1 120	1 081
Forsætisráðuneyti	135	183	197	386	897	731	778	346	310	405
Menntamálaráðuneyti	4 982	6 577	8 579	11 618	13 556	15 144	17 357	16 629	17 130	16 577
Utanríkisráðuneyti	353	496	693	807	1 009	1 322	1 540	1 453	1 540	1 550
Landbúnaðarráðuneyti	1 472	1 763	2 034	2 893	3 889	3 621	5 426	5 688	7 890	6 837
Sjávarútvegsráðuneyti	923	1 053	1 225	1 620	2 123	923	1 040	1 028	1 120	1 070
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1 675	2 069	2 849	3 639	3 987	4 536	5 022	5 165	5 520	5 424
Félagsmálaráðuneyti	1 817	2 381	2 251	3 162	3 009	3 760	4 977	4 962	4 950	5 791
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	11 289	15 131	21 004	26 997	32 313	39 765	45 095	46 391	47 950	47 673
Fjármálaráðuneyti	4 391	5 538	6 851	10 188	12 534	12 099	15 374	13 142	15 220	16 488
Samgönguráðuneyti	2 546	3 022	3 673	4 700	5 770	7 118	7 589	7 824	9 260	8 544
Iðnaðarráðuneyti	1 235	1 295	1 905	1 191	1 453	1 205	1 303	1 011	1 000	971
Viðskiptaráðuneyti	1 063	1 413	1 740	3 618	4 596	5 478	5 224	5 197	170	168
Hagstofa Íslands	24	40	57	85	95	110	142	145	150	147
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	-	-	34	533	586	610	565
Samtals	**32 190**	**41 308**	**53 584**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**113 940**	**113 292**

[1] Ríkissjóður yfirtók skuldir frá orkufyrirtækjum árið 1986 að fjárhæð 5.081 m. kr. Sú tala er undanskilin í ofangreindu uppgjöri.

[2] Í upphafi árs 1990 breyttist verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem jók útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 6 Markaðar ríkissjóðstekjur 1994

Milljónir króna	Tekjur	Greiðslur
Menntamálaráðuneyti:		
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.	40	
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna		40
Skemmtanaskattur	75	
Sinfóníuhljómsveit Íslands		8
Menningarsjóður félagsheimila		8
Framlög til áfengis- og fíkniefnavarna		60
Miðagjald í Menningarsjóð	7	
Menningarsjóður		9
Sérstakur eignarskattur	340	
Lög nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu o.fl.		340
Félagsmálaráðuneyti:		
Tryggingagjald	140	
Vinnueftirlit ríkisins		120
Ábyrgðargjald	400	
Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota		400
Erfðafjárskattur	300	
Framkvæmdasjóður fatlaðra		300
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:		
Tryggingagjald	10 210	
Tryggingastofnun ríkisins		8 580
Atvinnuleysistryggingasjóður		1 650
Samúðarskeyti Landssímans	9	
Minningarsjóður Landspítalans		9
Hluti gjalds af einkasöluvörum	7	
Gæsluvistarsjóður		-
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	415	
Framkvæmdasjóður aldraða		415
Fjármálaráðuneyti:		
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	300	
Ríkisábyrgðir og tjónabætur		300
Samgönguráðuneyti:		
Sérstakt vörugjald af bensíni	4 145	
Þungaskattur af dísilbifreiðum samkvæmt ökumælum	1 400	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	560	
Vegagerð ríkisins		5 735
Vitagjald	50	
Vitastofnun Íslands		50
Skipaskoðunargjald	52	
Siglingamálastofnun ríkisins		52
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	190	
Ferðamál, sbr. 8. gr. laga nr. 79/1985		68
Iðnaðarráðuneyti:		
Rafmagnseftirlitsgjald	85	
Rafmagnseftirlit ríkisins		66
Markaðir tekjustofnar alls	**18 725**	
Gjaldfærsla markaðra tekjustofna		**18 209**
Skerðing markaðra tekjustofna		**516**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 7 Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur

Milljónir króna á verðlagi hvors árs	Fjárlög 1993	Frumvarp 1994
Einstaklingar og ýmis samtök:	**33 297**	**36 127**
Lífeyristryggingar	15 280	15 675
Sjúkratryggingar	9 530	9 540
Atvinnuleysistryggingasjóður	1 464	2 950
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	1 246	1 846
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 760	1 620
Uppbætur á lífeyri	875	890
Slysatryggingar	605	534
Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota [1]	-	400
Alþjóðastofnanir	245	373
Niðurgreiðsla á rafhitun	347	347
Þjóðleikhús	300	297
Þróunarmál	270	227
Framlög til lista	173	177
Framkvæmdarsjóður aldraðra	160	156
Lífeyrissjóður bænda, lög nr. 50/1984	151	144
Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	40	120
Eftirlaunasjóður aldraðra	128	116
Listasjóðir skv. lögum nr. 9/1981	100	108
Sinfóníuhljómsveit Íslands	102	101
Kvikmyndasjóður	111	99
Greiðslur vegna riðuveiki	87	87
Jöfnun á námskostnaði	85	85
Íþróttamál	67	67
Framlag til Norrænu ráðherranefndarinnar	58	61
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	61	61
Vinnumál	52	48
Fyrirtæki og atvinnuvegir:	**6 159**	**5 721**
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu og framlag í Framleiðnisjóð	5 523	5 364
Lífeyrissjóður bænda, mótframlag	185	152
Búnaðarfélag Íslands	82	80
Héraðssambönd og kynbótastöðvar	75	75
Markaðsátak í löndum EES	50	50
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	244	-
Annað:	**1 795**	**2 028**
Samtals	**41 251**	**43 876**

[1] Ríkisreikningsnefnd hefur úrskurðað að Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota skuli sýndur í fjárlögum.

Tafla 8 Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar

Milljónir króna á verðlagi hvors árs	Fjárlög 1993	Frumvarp 1994
Stofnkostnaður	**7 857**	**6 807**
Vegagerð án þéttbýlisvega	4 047	2 966
Almennir framhaldsskólar	460	517
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	340	415
Sjúkrahús í Reykjavík	299	404
Þjóðarbókhlaða	338	340
Flugvellir	335	335
Framkvæmdasjóður fatlaðra	350	320
Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	137	203
Háskóli Íslands	180	100
Embætti sýslumanna	105	98
Bessastaðir	82	82
Fangelsisbyggingar	30	80
Fasteignir ríkissjóðs	90	65
Þjóðminjasafn	112	48
Annað	952	834
Fjármagnstilfærslur	**4 929**	**4 658**
Hafnamál	939	939
Byggingarsjóður verkamanna	925	901
Ferjur og flóabátar	330	550
Uppgjör við sveitarfélög	405	330
Ríkisábyrgðir	320	300
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	289	289
Vegagerð í þéttbýli	224	268
Framkvæmdasjóður aldraðra	265	259
Byggðastofnun	170	170
Rannsóknasjóður	115	115
Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi	300	100
Ferðamál, sbr. 8. gr. laga nr. 79/1985	68	68
Orkusjóður	62	58
Framlög skv. lögum um jarðrækt og búfjárrækt	108	44
Byggingarsjóður rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna	60	40
Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins	115	35
Annað	234	193
Samtals	**12 786**	**11 465**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 9 Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta

Milljónir króna á verðlagi hvors árs		Fjárlög 1993	Frumvarp 1994	Breyting m.kr.	Breyting %
51	Launagjöld	8 380	7 984	- 397	-4.7
54-58	Önnur rekstrargjöld	9 479	9 879	400	4.2
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	10 876	9 681	-1 195	-11.0
571	Fjármagnskostnaður	8 285	8 470	185	2.2
51-57	Viðhald	1 397	820	- 578	-41.3
593	Afskriftir	2 793	2 689	- 104	-3.7
59	Tilfærslur	3 464	4 771	1 307	37.7
5.8	Gjöld samtals	44 674	44 292	- 382	-0.9
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	39 935	37 326	-2 610	-6.5
48	Fjármunatekjur	5 656	9 320	3 664	64.8
4910	Framlög ríkissjóðs	5 519	6 797	1 278	23.2
49	Aðrar tekjur	2 031	2 299	268	13.2
4.7	Tekjur samtals	53 141	55 742	2 601	4.9
	Mismunur	8 467	11 449	2 982	35.2
Fjármunahreyfingar út:		**36 299**	**50 725**	**14 426**	**39,7**
16	Veitt lán	10 417	21 672	11 255	108.0
18	Fjárfesting	4 001	3 325	- 676	-16.9
26	Afborganir lána	12 129	15 415	3 286	27.1
59	Arðgreiðslur í ríkissjóð	934	965	31	3.3
59	Önnur skil í ríkissjóð	7 139	7 173	34	0.5
	Annað	1 679	2 175	496	29.5
Fjármunahreyfingar inn:		**36 299**	**50 725**	**14 426**	**39,7**
16	Innheimtar afborganir	7 639	9 544	1 905	24.9
18	Sala eigna	276	217	- 59	-21.4
19	Afskriftir	2 793	2 689	- 104	-3.7
26	Tekin lán	16 397	25 287	8 890	54.2
39	Ráðstöfun eigin fjár	8 467	11 449	2 982	35.2
	Annað	728	1 540	812	111.6

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 10 Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta

Milljónir króna á verðlagi hvors árs	Framlög		Fjárfesting		Lántaka	
	Fjárlög 1993	Frumvarp 1994	Fjárlög 1993	Frumvarp 1994	Fjárlög 1993	Frumvarp 1994
22-215 Háskólabíó	-	-	10	-	23	20
22-233 Rannsóknasjóður	115	200	-	-	-	-
22-235 Vísindasjóður	25	25	-	-	-	-
22-276 Byggingarsj. rannsókna í þágu atv.veganna	60	40	-	-	-	-
22-679 Sam. kostn. við skólana á Laugarvatni	-	-	1	1	-	-
22-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 760	1 620	12	12	3 900	3 700
22-970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður	-	-	178	180	-	-
22-973 Þjóðleikhúsið	300	297	12	-	-	-
22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	102	101	-	3	-	-
23-101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	-	-	18	18	-	-
23-111 Flugmálastjórn, Keflavík	-	-	5	4	-	-
24-831 Jarðeignir ríkisins og jarðasjóður	115	35	110	36	-	-
24-841 Laxeldisstöðin Kollafirði	30	30	2	1	-	-
24-911 Áburðarverksmiðja ríkisins	-	-	43	40	-	-
25-222 Síldarverksmiðjur ríkisins	-	-	-	-	130	-
25-272 Rannsóknarst. sjávarútvegsins, bygging	25	25	60	35	-	-
26-731 Kristnisjóður	18	18	-	-	-	-
26-732 Kirkjubyggingasjóður	1	1	-	-	-	-
27-270 Byggingarsjóður ríkisins - húsbréfadeild	-	-	-	-	-	11 500
27-271 Byggingarsjóður ríkisins	-	-	10	11	3 860	2 250
27-272 Byggingarsjóður verkamanna	925	901	-	-	6 870	7 450
28-212 Atvinnuleysistryggingasjóður	1 464	2 950	-	-	-	-
28-311 Ríkisspítalar, þvottahús	-	-	4	-	-	-
28-378 Læknishéraðasjóður	3	3	-	-	-	-
29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	-	-	30	15	-	-
29-102 Lyfjaverslun ríkisins	-	-	70	103	11	72
29-103 Innkaupastofnun ríkisins	-	-	2	2	-	-
29-402 Fasteignamat ríkisins	44	43	37	19	-	-
29-931 Arnarhvoll	-	-	6	8	-	-
29-971 Lánasýsla ríkisins	320	300	-	-	-	-
30-101 Póst- og símamálastofnun	-	-	2 430	2 000	1 280	195
30-211 Vegagerð ríkisins, umdæmi og vinnufl.	-	-	250	15	-	-
30-212 Vegagerð ríkisins, vélamiðstöð	-	-	-	133	-	-
30-213 Vegagerð ríkisins, birgðamiðstöð	-	-	-	0	-	-
30-332 Vita- og hafnarmálaskrifstofa, þjónustum.	-	-	-	6	-	-
30-333 Hafnabótasjóður	90	90	-	-	-	-
30-471 Alþjóðaflugþjónustan	58	58	242	158	290	100
31-231 Sementsverksmiðja ríkisins	-	-	20	-	33	-
31-321 Rafmagnsveitur ríkisins	-	-	450	525	-	-
31-371 Orkusjóður	64	60	-	-	-	-
Samtals	**5 519**	**6 797**	**4 001**	**3 325**	**16 397**	**25 287**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 11 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
Tekin lán	**37 478**	**44 185**	**51 908**	**68 149**	**96 917**	**112 525**	**127 655**	**153 412**	**176 106**	**192 935**
Seðlabanki Íslands	3 683	1 693	3 059	3 448	3 221	1 810	757	13	-	-
Spariskírteini	5 165	8 541	11 775	16 659	21 717	31 043	35 907	39 089	46 903	-
Ríkisbréf	-	-	-	-	-	-	1 257	2 487	6 087	-
Ríkisvíxlar	-	-	931	725	5 892	8 142	8 244	12 545	10 545	-
Aðrir innlendir aðilar	3 092	4 749	6 306	7 236	7 840	12 011	13 537	12 005	10 095	-
Erlend lán	25 538	29 202	29 837	40 081	58 247	59 519	67 953	87 273	102 476	-
Lánveitingar	**29 839**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**53 058**	**63 091**	**66 870**	**70 415**	**72 877**
Veitt lán	24 737	22 985	24 182	29 967	34 433	34 022	37 902	41 653	44 715	-
Lán tengd innlendu verðlagi	10 517	11 596	13 476	15 795	16 331	18 306	22 050	22 773	24 243	-
Gengisbundin lán	14 220	11 389	10 706	14 172	18 102	15 716	15 852	18 880	20 473	-
Viðskiptareikningar, nettó	5 102	6 728	11 450	17 602	14 789	19 036	25 189	25 217	25 700	-
Tekin lán umfram lánveitingar	**7 639**	**14 472**	**16 276**	**20 580**	**47 695**	**59 467**	**64 564**	**86 542**	**105 690**	**120 058**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	79.6	67.2	68.6	69.8	50.8	47.2	49.4	43.6	40.0	37.8
Hlutfall af VLF, % [2]										
Tekin lán	28.2	27.3	24.1	25.0	30.0	31.4	32.8	40.0	44.9	46.1
Þar af erlend lán	19.5	18.3	14.5	14.7	17.9	16.8	17.7	22.8	26.3	-
Veitt lán	18.0	14.0	11.0	11.0	10.4	9.5	9.7	10.9	11.4	11.7
Þar af gengisbundin lán	10.3	6.9	5.2	5.2	5.5	4.4	4.1	4.9	5.2	-
Viðskiptareikningar, nettó	3.7	4.0	5.0	6.4	4.6	5.3	6.4	6.6	6.5	-
Tekin lán umfram lánveitingar	6.5	9.3	8.0	7.6	15.0	16.7	16.7	22.6	27.0	30.6

1) Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs ekki meðtaldar.

2) Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengi.

Tafla 12 Fjárfesting

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar [1] frá fyrra ári %		
	Bráðab. 1992	Áætlun 1993	Spá 1994	Bráðab. 1992	Áætlun 1993	Spá 1994
Fjárfesting alls	**64 900**	**61 400**	**61 300**	**-13,3**	**-9,5**	**-4,1**
Landsvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	1 180	1 090	980	-75,8	-12,2	-14,0
Innflutt skip og flugvélar	6 600	1 500	2 500	0,7	-79,8	55,0
Útflutt skip og flugvélar	- 480	- 400	- 400	-	-	-
Önnur fjárfesting	57 600	59 210	58 220	-9,4	-1,6	-5,5
Atvinnuvegir	**27 050**	**21 950**	**23 000**	**-16,4**	**-25,2**	**-0,9**
Landbúnaður [2]	1 550	1 550	1 600	-19,0	-5,5	-1,0
Fiskveiðar	5 750	1 700	2 500	114,2	-72,6	38,0
Fiskvinnsla	1 320	1 450	1 550	-9,6	0,0	0,0
Álverksmiðja	350	630	700	-62,3	68,0	6,0
Járnblendiverksmiðja	30	30	30	-28,9	-6,7	-3,0
Annar iðnaður	5 100	5 300	5 600	-14,2	-5,0	0,0
Flutningatæki	5 200	3 300	3 200	-45,9	-42,6	-10,0
Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	3 550	3 500	3 500	-19,9	-3,0	-3,0
Ýmsar vélar og tæki	4 200	4 490	4 320	-21,3	-5,0	-10,0
Íbúðarhús	**15 300**	**14 300**	**14 800**	**-6,0**	**-9,0**	**0,0**
Opinberar framkvæmdir	**22 550**	**25 150**	**23 500**	**-13,9**	**8,8**	**-9,3**
Rafvirkjanir og rafveitur	2 600	2 200	2 000	-56,7	-17,5	-12,0
Hita- og vatnsveitur	1 500	1 550	1 600	1,0	0,8	0,0
Þar af hitaveitur	850	850	900	13,7	-2,5	2,8
Samgöngumannvirki	9 850	12 200	10 900	1,8	20,8	-13,0
Byggingar hins opinbera	8 600	9 200	9 000	-4,6	4,4	-5,0
Fjárfesting, sparnaður og viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF, %						
Þjóðhagslegur sparnaður	13,9	14,3	14,3	.	.	.
- *Heildarfjárfesting*	17,0	15,7	15,7	.	.	.
- Birgðabreytingar	0,0	-	-	.	.	.
Mismunur=viðskiptajöfnuður	**-3,1**	**-1,4**	**-1,4**	.	.	.

[1] Magnbreytingar 1992 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990, en spá 1993 og 1994 á verðlagi fyrra árs.
[2] Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 13 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1994

Milljónir króna	Spá um fjárfestingu	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Úr rekstri eða sjóðum	Fjármögnun: Lántaka
Landsvirkjun	250	-	250	-
Almennar framkvæmdir RARIK	556	-	556	-
Dreifikerfi í sveitum	19	19	-	-
Orkubú Vestfjarða	100	-	100	-
Framkvæmdir sveitarfélaga	1 075	-	1 075	-
Samtals	**2 000**	**19**	**1 981**	**-**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 14 Samgönguframkvæmdir 1994

Milljónir króna	Spá um fjárfestingu	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Frá sveitarfélögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Fjármögnun: Lántaka
Vegir og brýr	2 966	2 966	-	-
Götur og holræsi	3 701	268	3 433	-
Hafnir og vitar	1 500	939	561	-
Flugvellir	335	335	-	-
Póstur og sími	2 000	-	1 805	195
Hljóðvarp og sjónsvarp	240	-	240	-
Alþjóðaflugþjónustan	158	58	-	100
Samtals	**10 900**	**4 566**	**6 039**	**295**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 15 Opinberar byggingar 1994

Milljónir króna	Spá um fjárfestingu	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Frá sveitarfélögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Fjármögnun: Lántaka
Skólar og íþróttamannvirki	3 700	1 100	2 600	-
Sjúkrahús	1 600	1 000	600	-
Félagsheimili og kirkjur	450	15	435	-
Aðrar opinberar byggingar	3 250	1 100	2 150	-
Samtals	**9 000**	**3 215**	**5 785**	**-**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 16 Opinberar framkvæmdir

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993	Spá 1994
Rafvirkjanir og rafveitur	991	899	1 177	1 882	3 103	4 880	5 800	2 600	2 200	2 000
Hitaveitur	663	630	690	1 330	1 970	1 040	730	850	850	900
Vatnsveitur	208	210	240	320	370	605	720	650	700	700
Vegir og brýr	874	955	1 027	1 537	1 728	2 290	2 600	2 640	4 140	2 966
Götur og holræsi	973	950	1 456	1 947	2 221	2 565	3 350	3 210	3 420	3 701
Hafnir og vitar	232	206	508	785	913	960	1 520	1 410	1 400	1 500
Flugvellir	431	712	1 528	388	521	340	530	810	590	493
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	552	802	1 115	752	905	1 005	1 450	1 780	2 650	2 240
Skólar og íþróttamannvirki	797	907	1 532	2 038	2 723	2 720	2 950	3 200	3 700	3 700
Sjúkrahús	558	798	754	1 234	1 336	1 490	1 920	1 900	1 800	1 600
Félagsheimili og kirkjur	182	292	149	189	217	280	280	350	450	450
Aðrar byggingar hins opinbera	389	463	966	1 565	2 067	3 480	3 650	3 150	3 250	3 250
Samtals	**6 850**	**7 824**	**11 142**	**13 967**	**18 074**	**21 655**	**25 500**	**22 550**	**25 150**	**23 500**
Hlutfallsleg skipting, %										
Rafvirkjanir og rafveitur	14,5	11,5	10,6	13,5	17,2	22,5	22,7	11,5	8,7	8,5
Hitaveitur	9,7	8,1	6,2	9,5	10,9	4,8	2,9	3,8	3,4	3,8
Vatnsveitur	3,0	2,7	2,2	2,3	2,0	2,8	2,8	2,9	2,8	3,0
Vegir og brýr	12,8	12,2	9,2	11,0	9,6	10,6	10,2	11,7	16,5	12,6
Götur og holræsi	14,2	12,1	13,1	13,9	12,3	11,8	13,1	14,2	13,6	15,7
Hafnir og vitar	3,4	2,6	4,6	5,6	5,1	4,4	6,0	6,3	5,6	6,4
Flugvellir	6,3	9,1	13,7	2,8	2,9	1,6	2,1	3,6	2,3	2,1
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	8,1	10,3	10,0	5,4	5,0	4,6	5,7	7,9	10,5	9,5
Skólar og íþróttamannvirki	11,6	11,6	13,7	14,6	15,1	12,6	11,6	14,2	14,7	15,7
Sjúkrahús	8,1	10,2	6,8	8,8	7,4	6,9	7,5	8,4	7,2	6,8
Félagsheimili og kirkjur	2,7	3,7	1,3	1,4	1,2	1,3	1,1	1,6	1,8	1,9
Aðrar byggingar hins opinbera	5,7	5,9	8,7	11,2	11,4	16,1	14,3	14,0	12,9	13,8
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 17 Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1990	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993	Spá 1994
1 Eigið framlag	**16 013**	**21 109**	**25 400**	**30 500**	**35 400**
Afborganir og vextir	15 515	21 060	24 400	29 500	34 400
Annað	498	49	1 000	1 000	1 000
2 Framlög, nettó	**13 440**	**15 478**	**15 150**	**15 300**	**15 500**
Iðgjöld	13 454	15 306	15 150	15 300	15 500
Annað, nettó	- 14	172	-	-	-
3 Uppruni (1-2)=Ráðstöfun (4-8)	**29 453**	**36 587**	**40 550**	**45 800**	**50 900**
4 Rekstrarkostnaður	**614**	**669**	**750**	**800**	**800**
5 Lífeyrisgreiðslur	**5 833**	**6 394**	**6 600**	**6 900**	**7 100**
6 Útlán og verðbréfakaup	**22 625**	**28 597**	**32 700**	**37 700**	**42 650**
Byggingarsjóðir	10 253	9 234	7 212	...	...
Húsbréf	2 221	7 276	9 125	...	...
Önnur útlán	10 151	12 087	16 363	...	...
7 Aðrar greiðslur, nettó	**211**	**117**	**400**	**250**	**200**
8 Sjóðsbreyting	**170**	**811**	**100**	**150**	**150**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 18 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1994

Milljónir króna	Eigin fjáröflun: Rekstur og fjárm.hreyfing. nettó	Eigin fjáröflun: Sjóðs-breytingar	Framlög og skatttekjur	Lántökur	Útlán og styrkir
Fjárfestingarlánasjóðir alls	**-10 067**	**113**	**1 511**	**32 300**	**23 857**
Atvinnutryggingadeild Byggðastofnunnar	-2 500	-	-	2 500	-
Byggingarsjóður ríkisins	-1 606	-	-	2 250	644
Byggingasjóður ríkisins - húsbréfadeild	1 077	- 957	-	11 500	11 620
Byggingarsjóður verkamanna	-2 428	-	901	7 450	5 923
Byggðastofnun	- 370	-	170	1 000	800
Framkvæmdasjóður	-1 100	1 100	-	-	-
Fiskveiðasjóður	-2 370	- 130	-	3 500	1 000
Iðnþróunarsjóður	670	- 20	-	800	1 450
Iðnlánasjóður	- 630	-	80	2 600	2 050
Stofnlánadeild landbúnaðarins	- 810	120	360	700	370

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 19 Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna 1994

Milljónir króna	Framkvæmda-sjóður	Byggða-stofnun	Atvinnutr.d.-Byggðast.	Fiskveiða-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Iðnlána-sjóður	Stofnlánad. landbúnaðar	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi:	**5 320**	**2 470**	**2 920**	**6 800**	**2 290**	**4 790**	**2 130**	**-3 170**	**23 550**
Sjóðslækkun	1 100	-	-	-	-	-	120	-	**1 220**
Innheimtar afborganir	3 300	700	20	1 450	750	1 500	620	-2 370	**5 970**
Fjárfestingarlánasjóðir	2 370	-	-	-	-	-	-	-2 370	**-**
Aðrir	930	700	20	1 450	750	1 500	620	-	**5 970**
Innheimtir vextir	900	600	400	1 850	700	590	320	- 800	**4 560**
Fjárfestingarlánasjóðir	800	-	-	-	-	-	-	- 800	**-**
Aðrir	100	600	400	1 850	700	590	320	-	**4 560**
Tekin lán	-	1 000	2 500	3 500	800	2 600	700	-	**11 100**
Framlög og skatttekjur	-	170	-	-	-	80	360	-	**610**
Ríkissjóður	-	170	-	-	-	-	-	-	**170**
Sveitarfélög	-	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Aðrir	-	-	-	-	-	80	360	-	**440**
Aðrar tekjur	20	-	-	-	40	20	10	-	**90**
Útstreymi:	**5 320**	**2 470**	**2 920**	**6 800**	**2 290**	**4 790**	**2 130**	**-3 170**	**23 550**
Sjóðsaukning	-	-	-	130	20	-	-	-	**150**
Rekstrarkostnaður	60	160	20	150	70	130	60	-	**650**
Fjárfesting	-	-	-	-	-	10	-	-	**10**
Greiddar afborganir	3 300	1 100	2 100	4 200	90	1 930	700	-2 370	**11 050**
Framkvæmdasjóður	-	300	-	1 200	-	470	400	-2 370	**-**
Aðrir innlendir aðilar	700	200	2 100	1 500	10	720	300	-	**5 530**
Erlendir aðilar	2 600	600	-	1 500	80	740	-	-	**5 520**
Greiddir vextir	1 960	410	800	1 170	520	670	1 000	- 800	**5 730**
Framkvæmdasjóður	-	80	-	200	-	70	450	- 800	**-**
Aðrir innlendir aðilar	260	70	800	380	210	20	550	-	**2 290**
Erlendir aðilar	1 700	260	-	590	310	580	-	-	**3 440**
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	140	-	-	-	**140**
Veitt lán og styrkir	-	800	-	1 000	1 450	2 050	370	-	**5 670**
Annað	-	-	-	150	-	-	-	-	**150**

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 20 Byggingarsjóður ríkisins [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1992	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
Innstreymi	**8 294**	**8 190**	**8 703**
Tekin lán, lífeyrissjóðir	2 353	2 032	2 250
Innheimtar afborganir	2 723	2 800	3 221
Innheimtir vextir	3 352	3 400	3 814
Byggingarsjóður verkamanna, bráðabirgðalán	96	116	-
Húsbréfadeild, bráðabirgðalán	58	55	-
Skyldusparnaður, nettó	- 420	-1 500	- 727
Tekjur	132	160	145
Sjóðsminnkun	-	1 127	-
Útstreymi	**8 294**	**8 190**	**8 704**
Rekstrarkostnaður	82	140	131
Veitt lán, samkvæmt 11. gr.	816	370	313
Lán til Byggingarsj. verkam. vegna endursölu- og alm. kaupleiguíbúða	258	330	332
Bráðabirgðalán til Byggingarsjóðs verkamanna	116	-	-
Bráðabirgðalán til húsbréfadeildar	55	-	-
Greiddar afborganir	2 677	3 150	4 279
Greiddir vextir	3 887	4 100	3 482
Uppgjör á skammtímaláni hjá ríkissjóði	100	-	-
Annað	118	100	167
Sjóðsaukning	185	-	-

[1] Fjármagnshreyfingar við Byggingarsjóð verkamanna vegna lífeyrissjóða eru ekki teknar með í yfirlitinu.

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 21 Byggingarsjóður ríkisins - húsbréfadeild

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1992	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
Innstreymi	**14 656**	**14 550**	**16 135**
Seld húsbréf	12 422	11 300	11 500
Innheimtar afborganir	492	890	1 174
Innheimtir vextir	1 600	2 300	3 398
Bráðabirgðalán frá Byggingarsjóði ríkisins	55	-	-
Annað	87	60	63
Útstreymi	**14 656**	**14 550**	**16 135**
Rekstrarkostnaður	93	122	109
Keypt fasteignaveðbréf	12 577	11 413	11 620
Greiddar afborganir	1 090	2 100	3 065
Greiddir vextir	116	250	384
Byggingarsjóður ríkisins, bráðabirgðalán	58	55	-
Sjóðsaukning	722	610	957

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 22 Byggingarsjóður verkamanna

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1992	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
Innstreymi	**7 635**	**8 664**	**9 546**
Tekin lán, lífeyrissjóðir	5 035	6 368	6 855
Kaupendur eldri íbúða	64	70	92
Lán frá Byggingarsjóð ríkisins vegna endursölu- og alm. kaupleiguíbúða	258	330	334
Lán frá sveitarfélögum	209	160	261
Bráðabirgðalán frá Byggingarsjóði ríkisins	116	-	-
Innheimtar afborganir	285	180	312
Innheimtir vextir	100	270	468
Uppgjör framkvæmdalána	271	250	261
Framlag ríkissjóðs	1 075	925	901
Framlög sveitarfélaga	5	20	-
Annað	44	70	63
Sjóðsminnkun	173	21	-
Útstreymi	**7 635**	**8 664**	**9 546**
Rekstrarkostnaður o.fl.	253	98	87
Veitt lán	5 307	5 750	5 922
Greiddar afborganir	760	1 250	1 560
Greiddir vextir	1 219	1 450	1 977
Byggingarsjóður ríkisins, bráðabirgðalán	96	116	-
Sjóðsaukning	-	-	-

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 23 Greiðslujöfnuður við útlönd

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993	Spá 1994
Vöruskiptajöfnuður	**-3 079**	**- 76**	**7 360**	**7 758**
Útfluttar vörur	**91 560**	**87 833**	**93 070**	**95 873**
Sjávarafurðir	74 334	70 210	72 802	73 301
Ál og kísiljárn	9 953	9 509	11 198	12 420
Skip og flugvélar	153	523	400	400
Annað	7 120	7 591	8 670	9 752
Innfluttar vörur	**94 639**	**87 909**	**85 710**	**88 115**
Sérstakur vöruinnflutningur	13 107	12 237	7 660	9 200
Skip og flugvélar	6 296	6 589	1 500	2 500
Annað	6 811	5 648	6 160	6 700
Almennur innflutningur	81 532	75 672	78 050	78 915
Olía	7 406	7 088	7 249	7 531
Annað	74 126	68 584	70 801	71 384
Þjónustujöfnuður	**-14 969**	**-11 924**	**-12 890**	**-13 424**
Þjónustujöfnuður án vaxta	**- 172**	**1 695**	**2 050**	**2 376**
Útflutt þjónusta án vaxta	36 377	36 461	38 954	41 554
Innflutt þjónusta án vaxta	36 549	34 766	36 904	39 178
Vaxtajöfnuður	**-14 797**	**-13 619**	**-14 940**	**-15 800**
Vaxtatekjur	1 783	2 375	2 060	2 000
Vaxtagjöld	16 580	15 994	17 000	17 800
Viðskiptajöfnuður	**-18 048**	**-12 000**	**-5 530**	**-5 666**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	-4,7	-3,1	-1,4	-1,4
Framlög án endurgjalds	**-301**	**-360**	**-**	**-**
Fjármagnsjöfnuður	**17 044**	**11 678**	**5 530**	**5 660**
Langtímalántökur, nettó	14 532	13 070	7 800	4 500
Innkomin langtímalán	29 588	32 195	32 000	39 000
Afborganir	15 056	19 125	24 200	34 500
Skammtímafjármagnshreyfingar	2 512	-1 392	-2 270	1 160
Skekkjur og vantalið	**1 305**	**622**	**-**	**-**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 24 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993	Spá 1994
I Erlend skuldastaða										
Erlend langtímalán	60 857	75 082	83 806	105 470	151 065	179 712	196 214	209 007	250 900	264 800
Erlend skammtímastaða nettó	-9 339	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-5 846	-8 256	-9 609	-11 400	-12 000
Gjaldeyrisstaða	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	36 000	36 400
Hrein skuldastaða við útlönd	**62 899**	**71 362**	**84 154**	**106 349**	**142 353**	**161 685**	**179 626**	**189 597**	**226 300**	**240 400**
Hlutfall af VLF, %										
Erlend langtímalán	50,7	47,2	40,3	41,2	49,0	50,7	51,1	54,7	64,3	67,6
Hrein skuldastaða	52,4	44,9	40,4	41,6	46,1	45,6	46,8	49,6	58,0	61,4
II Greiðslubyrði erlendra lána										
Afborganir af erlendum langtímalánum	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 360	15 056	19 125	24 200	34 500
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 345	14 816	14 036	14 500	16 500
Samtals	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 705	29 872	33 161	38 700	51 000
Nettó vaxtagreiðslur	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 797	13 619	14 940	15 800
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af erlendum langtímalánum	8,9	9,3	7,8	7,8	8,3	8,8	11,6	15,1	18,1	24,7
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	10,5	9,7	8,3	9,0	11,2	11,1	11,4	11,1	10,8	11,8
Samtals	19,4	19,0	16,1	16,8	19,4	20,0	23,0	26,2	28,9	36,6
Vaxtajöfnuður	11,2	9,8	8,4	9,7	11,8	11,2	11,4	10,8	11,1	11,3
Afborganir og vaxtajöfnuður samtals	20,0	19,1	16,2	17,4	20,0	20,0	23,0	25,9	29,2	36,1

Heimild: Seðlabanki Íslands.

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 25 Flokkun erlendra langtímalána

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993
Lántökur	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 037**	**29 802**	**32 378**	**32 000**
Opinberir aðilar	4 111	5 727	5 816	3 213	4 949	9 771	8 721	15 690	20 291	19 730
Lánastofnanir	1 982	1 945	2 106	3 187	3 670	4 968	4 717	3 544	6 160	6 800
Einkaaðilar	1 416	2 260	4 120	6 419	8 013	11 331	14 599	10 568	5 927	5 470
Afborganir	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**15 056**	**19 362**	**24 200**
Opinberir aðilar	1 546	1 791	2 680	2 534	1 978	2 973	3 293	4 147	9 328	8 300
Lánastofnanir	491	658	603	455	459	630	968	1 444	2 954	5 000
Einkaaðilar	2 241	2 007	2 654	2 788	4 162	5 501	7 099	9 465	7 080	10 900
Nettó hreyfing	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 677**	**14 746**	**13 016**	**7 800**
Opinberir aðilar	2 565	3 936	3 136	679	2 971	6 798	5 428	11 543	10 963	11 430
Lánastofnanir	1 491	1 287	1 503	2 732	3 211	4 338	3 749	2 100	3 206	1 800
Einkaaðilar	- 825	253	1 466	3 631	3 851	5 830	7 500	1 103	-1 153	-5 430
Vaxtagreiðslur	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 345**	**14 816**	**14 036**	**14 500**
Opinberir aðilar	2 894	3 656	4 382	4 258	4 918	7 218	7 643	7 918	7 941	8 940
Lánastofnanir	449	692	806	880	1 247	2 372	2 812	2 898	2 421	2 465
Einkaaðilar	834	911	964	1 020	1 429	2 705	3 890	4 000	3 674	3 095
Staða í árslok	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 214**	**209 007**	**250 900**
Opinberir aðilar	29 475	42 293	50 755	52 294	62 813	86 324	98 814	111 387	123 513	151 900
Lánastofnanir	5 693	8 735	11 778	14 943	20 264	30 245	35 265	38 020	40 055	51 150
Einkaaðilar	7 391	9 829	12 549	16 569	22 394	34 496	45 633	46 807	45 439	47 850
Gengisforsendur; SDR = Krónur	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	80,7	81,0	94,6
Meðalvextir	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,0**	**7,0**	**5,8**
Opinberir aðilar	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,7	6,9	6,2
Lánastofnanir	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,8	8,7	8,0	6,5	5,0
Einkaaðilar	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	9,0	9,8	8,7	7,5	5,6

Heimild: Seðlabanki Íslands.

V Efnahagsmál

Tafla 26 Skuldir opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992 [2]	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
1. Á verðlagi hvers árs												
Ríkissjóður	18 864	26 829	37 478	44 185	51 908	68 149	96 917	112 525	127 655	153 412	176 106	195 035
Innlendar	6 459	7 416	11 940	14 983	22 071	28 068	38 670	53 006	59 702	66 139	73 640	-
Erlendar	12 405	19 413	25 538	29 202	29 837	40 081	58 247	59 519	67 953	87 273	102 466	-
Bæjar- og sveitarfélög [3]	2 511	2 987	3 705	5 258	6 977	9 340	13 450	16 150	18 200	19 300	21 350	22 500
Innlendar	2 134	2 539	3 149	4 469	5 930	7 939	11 433	13 728	15 015	15 440	17 080	-
Erlendar	377	448	556	789	1 047	1 401	2 018	2 423	3 185	3 860	4 270	-
Samtals	**21 375**	**29 816**	**41 183**	**49 443**	**58 885**	**77 489**	**110 367**	**128 675**	**145 855**	**172 712**	**197 456**	**217 535**
Innlendar	8 593	9 955	15 089	19 452	28 001	36 007	50 103	66 734	74 717	81 579	90 720	-
Erlendar	12 782	19 861	26 094	29 991	30 884	41 482	60 265	61 942	71 138	91 133	106 736	-
2. Á föstu verðlagi 1993												
Ríkissjóður	90 523	100 810	107 151	101 467	99 142	105 492	124 642	126 621	133 906	155 728	176 106	186 317
Innlendar	30 995	27 866	34 137	34 407	42 155	43 448	49 732	59 646	62 625	67 138	73 640	-
Erlendar	59 528	72 944	73 014	67 060	56 987	62 044	74 910	66 975	71 280	88 591	102 466	-
Bæjar- og sveitarfélög	12 050	11 224	10 593	12 075	13 326	14 458	17 298	18 173	19 091	19 591	21 350	21 826
Innlendar	10 242	9 540	9 004	10 263	11 327	12 289	14 703	15 447	15 750	15 673	17 080	-
Erlendar	1 807	1 684	1 589	1 811	1 999	2 169	2 595	2 726	3 341	3 918	4 270	-
Samtals	**102 573**	**112 033**	**117 744**	**113 542**	**112 468**	**119 950**	**141 940**	**144 794**	**152 997**	**175 320**	**197 456**	**208 143**
Innlendar	41 237	37 406	43 141	44 671	53 482	55 737	64 436	75 093	78 376	82 811	90 720	-
Erlendar	61 336	74 628	74 603	68 871	58 986	64 212	77 505	69 701	74 621	92 509	106 736	-
3. Skuldir opinberra aðila sem hlutfall af VLF, %												
Samtals	**32,3**	**33,8**	**34,3**	**31,1**	**28,3**	**30,3**	**35,8**	**36,3**	**38,0**	**45,2**	**50,6**	**55,6**
Innlendar	13,0	11,3	12,6	12,2	13,5	14,1	16,2	18,8	19,5	21,3	23,3	-
Erlendar	19,3	22,5	21,7	18,9	14,8	16,2	19,5	17,5	18,5	23,8	27,4	-

[1] Við skilgreiningu á því hvað skuli telja til opinberra aðila er stuðst við alþjóðlega staðla (SNA). Í þessu felst að opinberar lánastofnanir og fyrirtæki sem ríkið á hlut í en koma ekki inn í A-hluta fjárlaga eru fyrir utan þetta uppgjör (Dæmi: Landsvirkjun, Fiskveiðasjóður og Byggingasjóður ríkisins).

[2] Hluti skuldaaukningar ríkissjóðs á árinu 1992, um 5,6 milljarðar króna, stafar af erlendri lántöku til greiðslu á yfirdráttarskuld við Seðlabanka Íslands vegna halla á árinu 1991.

[3] Áætlaðar tölur þar sem ekki liggur fyrir sambærilegt uppgjör á heildarskuldum sveitarfélaga og á heildarskuldum ríkisins.

V Efnahagsmál

Tafla 27 Verðlags- og launaþróun

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Áætlun 1993	Spá 1994
Vísitölur (1980 = 100)										
Framfærsluvísitala	718	871	1 034	1 297	1 571	1 804	1 926	1 997	2 081	2 137
Byggingarvísitala	668	832	979	1 153	1 420	1 673	1 800	1 843	1 886	1 937
Lánskjaravísitala	713	888	1 043	1 287	1 524	1 760	1 894	1 964	2 015	2 055
Meðalgengi	573	659	684	781	982	1 104	1 103	1 114	1 211	1 257
Verðvísitala samneyslu	621	788	1 003	1 242	1 439	1 598	1 730	1 794	1 839	1 861
Verðvísitala einkaneyslu	732	878	1 017	1 278	1 576	1 832	1 929	2 023	2 104	2 166
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	680	846	1 017	1 255	1 511	1 727	1 852	1 914	1 943	2 003
Atvinnutekjur á mann	685	912	1 296	1 607	1 820	2 019	2 216	2 250	2 238	2 227
Ráðstöfunartekjur á mann	743	977	1 424	1 737	1 937	2 130	2 332	2 368	2 316	2 286
Kaupmáttur atvinnutekna	96	105	125	124	116	112	115	113	108	104
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	104	112	138	134	123	118	121	119	111	107
Breyting milli ára, %										
Framfærsluvísitala	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	3,7	4,2	2,7
Byggingarvísitala	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	2,3	2,7
Lánskjaravísitala	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	15,4	7,6	3,7	2,6	2,0
Meðalgengi	27,8	15,0	3,7	14,2	25,8	12,4	-0,1	1,0	8,7	3,8
Verðvísitala samneyslu	35,0	27,0	27,2	23,8	15,8	11,1	8,2	3,7	2,5	1,2
Verðvísitala einkaneyslu	32,6	19,9	15,9	25,7	23,3	16,3	5,3	4,8	4,0	3,0
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	31,4	24,5	20,2	23,4	20,4	14,3	7,3	3,4	1,5	3,1
Atvinnutekjur á mann	42,5	33,0	42,2	24,0	13,3	10,9	9,8	1,5	-0,5	-0,5
Ráðstöfunartekjur á mann	47,1	31,5	45,8	22,0	11,5	10,0	9,5	1,5	-2,2	-1,3
Kaupmáttur atvinnutekna	7,6	9,6	19,7	-1,2	-6,4	-3,4	2,8	-2,1	-4,5	-3,1
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	11,1	8,5	22,6	-2,8	-7,8	-4,6	2,5	-2,0	-6,0	-4,0

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

V Efnahagsmál

Tafla 28 Þjóðhagsyfirlit

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993	Spá 1994
1. Einkaneysla	74 689	96 072	129 795	156 203	184 435	213 555	236 276	236 213	236 142	236 860
2. Samneysla	20 954	28 419	38 529	49 895	59 503	68 854	76 918	79 434	83 048	83 206
3. Fjárfesting	24 460	29 684	41 042	48 414	56 051	66 896	72 700	64 900	61 400	61 300
4. Neysla og fjárfesting alls	120 103	154 175	209 366	254 512	299 989	349 305	385 894	380 547	380 590	381 366
5. Birgðabreytingar	- 978	-2 094	- 416	1 850	- 578	-1 787	1 233	123	-	-
6. Þjóðarútgjöld alls	**119 125**	**152 081**	**208 950**	**256 362**	**299 411**	**347 518**	**387 127**	**380 670**	**380 590**	**381 366**
7. Útflutningur vöru og þjónustu	49 534	62 888	73 085	83 548	108 335	126 456	127 231	123 537	132 022	137 428
8. Innflutningur vöru og þjónustu	48 663	55 880	73 965	84 100	99 240	119 595	130 305	121 952	122 614	127 293
9. Verg landsframleiðsla	**119 996**	**159 089**	**208 070**	**255 810**	**308 506**	**354 379**	**384 053**	**382 255**	**389 998**	**391 501**
10. Vaxtajöfnuður o.fl.	-5 584	-6 229	-6 203	-8 333	-13 217	-14 611	-14 974	-13 585	-14 938	-15 801
11. Viðskiptajöfnuður (7-8+10)	-4 713	779	-7 083	-8 885	-4 122	-7 750	-18 048	-12 000	-5 530	-5 666
12. Verg þjóðarframleiðsla (9+10)	**114 412**	**152 860**	**201 867**	**247 477**	**295 289**	**339 768**	**369 079**	**368 670**	**375 060**	**375 700**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

V Efnahagsmál

Tafla 29 Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993	Spá 1994
Vísitölur (1980 = 100)										
Einkaneysla	114	123	143	137	131	130	137	131	126	122
Samneysla	128	136	145	152	156	163	168	167	171	169
Fjármunamyndun	98	97	115	115	105	108	110	96	87	83
Þjóðarútgjöld alls	**111**	**117**	**135**	**134**	**128**	**129**	**135**	**128**	**123**	**120**
Útflutningur vöru og þjónustu	118	125	130	126	129	129	121	119	121	117
Innflutningur vöru og þjónustu	115	116	143	136	122	124	130	120	108	104
Verg landsframleiðsla	**113**	**120**	**130**	**130**	**130**	**131**	**132**	**127**	**128**	**125**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	203	204	212	241	257	254	269	265	265	265
Verg þjóðarframleiðsla	**110**	**118**	**128**	**127**	**127**	**128**	**129**	**124**	**124**	**121**
Vergar þjóðartekjur	**108**	**118**	**131**	**129**	**127**	**127**	**130**	**124**	**122**	**118**
Breyting milli ára, %										
Einkaneysla	4,4	7,2	16,6	-4,3	-4,2	-0,4	5,1	-4,7	-3,9	-2,6
Samneysla	6,4	6,8	6,6	4,6	3,0	4,2	3,2	-0,4	2,0	-1,0
Fjármunamyndun	2,0	-1,2	19,0	-0,6	-8,3	2,8	2,1	-13,3	-9,5	-4,1
Þjóðarútgjöld alls	3,0	4,7	16,0	-0,9	-4,5	0,9	5,0	-5,7	-3,7	-2,5
Útflutningur vöru og þjónustu	11,0	5,9	3,8	-3,4	2,6	-0,2	-5,8	-1,8	2,0	-3,5
Innflutningur vöru og þjónustu	9,4	0,9	23,3	-4,6	-10,3	1,0	5,4	-7,9	-10,2	-3,4
Verg landsframleiðsla	**3,6**	**6,5**	**8,8**	**-0,4**	**0,2**	**0,5**	**1,0**	**-3,7**	**0,5**	**-2,6**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	3,7	0,3	4,1	14,0	6,4	-1,0	5,9	-1,7	-	-
Verg þjóðarframleiðsla	**3,6**	**6,8**	**9,0**	**-1,0**	**-0,1**	**0,6**	**0,8**	**-3,8**	**0,0**	**-2,5**
Vergar þjóðartekjur	**3,3**	**9,4**	**11,0**	**-1,2**	**-1,8**	**0,0**	**2,4**	**-4,5**	**-1,9**	**-2,6**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 30 Utanríkisviðskipti

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993	Spá 1994
Vöruútflutningur	**33 750**	**44 968**	**53 053**	**61 667**	**80 072**	**92 452**	**91 560**	**87 833**	**93 070**	**95 873**
Sjávarafurðir	25 232	34 627	40 322	43 826	55 354	67 692	74 334	70 210	72 802	73 301
Ál	3 340	4 125	5 080	6 626	10 146	9 636	8 340	7 964	8 753	9 740
Kísiljárn	1 220	1 334	1 473	2 418	3 303	2 331	1 613	1 545	2 445	2 680
Annar vöruútflutningur	3 958	4 882	6 178	8 797	11 269	12 794	7 273	8 114	9 070	10 152
Vöruinnflutningur	**33 760**	**40 988**	**55 020**	**61 996**	**72 603**	**87 652**	**94 639**	**87 909**	**85 710**	**88 115**
Skip og flugvélar	959	1 862	3 268	5 405	5 841	7 970	6 300	6 600	1 500	2 500
Olía	5 282	3 693	3 724	3 658	5 990	8 343	7 406	7 088	7 249	7 531
Annar vöruinnflutningur	27 519	35 433	48 028	52 933	60 772	71 339	80 933	74 221	76 961	78 084
Vöruskiptajöfnuður	**- 10**	**3 980**	**-1 967**	**- 329**	**7 469**	**4 800**	**-3 079**	**- 76**	**7 360**	**7 758**
Útflutt þjónusta án vaxta	15 784	17 920	20 032	21 881	28 263	34 004	35 671	35 704	38 952	41 555
Innflutt þjónusta án vaxta	14 903	14 892	18 945	22 104	26 637	31 943	35 666	34 043	36 904	39 178
Þjónustujöfnuður án vaxta	**881**	**3 028**	**1 087**	**- 223**	**1 626**	**2 061**	**5**	**1 661**	**2 048**	**2 377**
Vaxtajöfnuður o.fl.	**-5 584**	**-6 229**	**-6 203**	**-8 333**	**-13 217**	**-14 611**	**-14 974**	**-13 585**	**-14 938**	**-15 801**
Viðskiptajöfnuður	**-4 713**	**779**	**-7 083**	**-8 885**	**-4 122**	**-7 750**	**-18 048**	**-12 000**	**-5 530**	**-5 666**
Hlutfall af VLF, %										
Vöruskiptajöfnuður	0,0	2,5	-0,9	-0,1	2,4	1,4	-0,8	0,0	1,9	2,0
Þjónustujöfnuður án vaxta	0,7	1,9	0,5	-0,1	0,5	0,6	0,0	0,4	0,5	0,6
Vaxtajöfnuður o.fl.	-4,7	-3,9	-3,0	-3,3	-4,3	-4,1	-3,9	-3,6	-3,8	-4,0
Viðskiptajöfnuður	-3,9	0,5	-3,4	-3,5	-1,3	-2,2	-4,7	-3,1	-1,4	-1,4

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Fylgiskjal

Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Sótt verður um nauðsynlegar heimildir til breytinga á lögum til skerðingar á framlögum og til innlendrar og erlendrar lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Auk þess verður leitað heimilda til ábyrgðaveitinga og skuldbreytinga á lánum ríkissjóðs og fleiri aðila.

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarps:

Lög nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Breytingar vegna lækkunar á skatthlutfalli einstaklinga. Breytingar á vaxtabótum, barnabótaauka o.fl.

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Breytingar á skatthlutfalli matvæla.

Lög nr. 29/1993, um vörugjald á ökutæki, eldsneyti o.fl. Hækkun á vörugjaldi af bensíni til að mæta tekjutapi vegna niðurfellingar landsútsvars af olíufélögum.

Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald. Breytingar vegna tekjuöflunar með sérstöku atvinnutryggingagjaldi.

Lög nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingar sem leiða af niðurfellingu aðstöðugjalds.

Frumvarp til laga um vaxtaskatt. Skattur á fjármagnstekjur sem komi til framkvæmda á miðju næsta ári.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarps:

Menntamálaráðuneyti

Lög nr. 49/1991, um grunnskóla. Frestað verði framkvæmd ákvæðis um að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma og ákvæðis um lengingu kennslutíma nemenda. Einnig er ráðgert að fresta ákvæði um að koma skuli upp skólaathvarfi við hvern grunnskóla og ákvæði um fækkun nemenda í bekkjum.

Lög nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands. Heimild til innheimtu innritunar- og efnisgjalda verði ótvíræð og í samræmi við heimildir hliðstæðra skóla í landinu.

Landbúnaðarráðuneyti

Lög nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu. Heimild til innheimtu innritunar-, efnis- og nemendasjóðsgjalda verði ótvíræð.

Lög nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins. Heimild til innheimtu innritunar-, efnis- og nemendasjóðsgjalda.

Lög nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Heimild til að innheimta gjald af sölu búvéla til að standa undir kostnaði RALA við vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir og prófanir á búvélum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Héraðsdómur Norðurlands vestra verði lagður niður og á Norðurlandi verði einn héraðsdómur með aðsetri á Akureyri. Einnig er gert ráð fyrir að sýslumannsembættið í Borgarnesi verði lagt niður og sameinað Akranesi, embættið í Búðardal sameinað Stykkishólmi, embættið í Bolungarvík sameinað Ísafirði, embættið í Ólafsfirði sameinað Akureyri og embættið í Vík í Mýrdal sameinað Hvolsvelli. Þá er gert ráð fyrir að sýslumannsembættin á Seyðisfirði, og Neskaupstað verði lögð niður og sameinuð embætti sýslumanns á Eskifirði. Einnig er ráðgert að sýslumannsembættin í Hafnarfirði og Kópavogi verði lögð niður og starfsemi þeirra embætta færð til viðeigandi embætta í Reykjavík.

Lög nr. 21/1963, um kirkjugarða. Tekið verði af hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti til að standa undir kostnaði ríkissjóðs við tiltekin verkefni.

Lög nr. 90/1989, um aðför. Kröfur Innheimtustofnunar sveitarfélaga fái sömu réttarstöðu og skattkröfur hins opinbera hvað aðfararbeiðnir snertir.

Félagsmálaráðuneyti

Lög nr. 30/1987, um orlof. Ábyrgðasjóði launa verði falin framkvæmd ríkisábyrgðar á orlofi vegna greiðsluerfiðleika launagreiðanda.

Lög nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Heimild til að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra til greiðslu á tilteknum rekstrarkostnaði vegna fatlaðra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lög nr. 67/1971, um almannatryggingar. Heimilt verði að tengja greiðslur lífeyris við fjármagnseign eða fjármagnstekjur. Heimilt verði með sérlögum eða reglugerð að ákveða að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalar á sjúkrastofnun. Einnig verði heimilt að tekjutengja ekkjulífeyri, innheimta fyrir réttindaskírteini o.fl.

Lög nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar. Endurskoðun ákvæða um úthlutun atvinnuleysisbóta og biðtíma eftir atvinnuleysisbótum. Einnig verði tekjustofnum sjóðsins breytt.

Ný lög um stofnun hlutafélags um þvottahús ríkisspítalanna. Heimild til að stofna hlutafélag um þvottahús ríkisspítalanna og selja hlutabréf í því.

Ný lög í stað laga nr. 108/1984, lyfjalaga, og laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu. Aukið frjálsræði í sölu og dreifingu lyfja.

Fjármálaráðuneyti

Lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Embætti skattstjóra Vestmannaeyjaumdæmis verði lagt niður og starfsemi sem hann hefur haft með höndum verði flutt til skattstjóra Suðurlandsumdæmis.

Tímabundin ákvæði til skerðingar fjárframlaga, eða frestunar á greiðslum:

Listskreytingasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs eigi vera hærra en 12 m.kr. á árinu 1994.

Ríkisútvarpið. Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1994 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

Húsafriðunarsjóður. Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10,5 m.kr. á árinu 1994. Þrátt fyrir ákvæði 49. gr. sömu laga skal kostnaður við húsafriðunarnefnd greiðast úr Húsafriðunarsjóði.

Stofnlánadeild. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins falla niður á árinu 1994.

Búfjárrækt. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1994.

Jarðræktarlög. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til launa og aksturs héraðsráðunauta eigi vera hærra en 40,1 m.kr. á árinu 1994.

Mat á sláturafurðum. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

Fiskveiðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, falli framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs niður á árinu 1994.

Kirkjubyggingasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um Kirkjubyggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 1 m.kr. kr. á árinu 1994.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1994.

Gæsluvistarsjóður. Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal framlag ríkissjóðs til Gæsluvistarsjóðs falla niður á árinu 1994.

Lyfsölusjóður. Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til Lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 0,9 m.kr. á árinu 1994.

Hafnabótasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 90 m.kr. á árinu 1994.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri fjárhæð en 68 m.kr. á árinu 1994.

Fjáröflun vegna vegagerðar. Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, skulu 370 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1994.

Skipulagslög. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 31,5 m.kr. á árinu 1994.

Eyðing refa og minka. Þrátt fyrir ákvæði 3., 4., 5. og 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, verði framlag ríkissjóðs vegna eyðingar refa og minka eigi hærra en 28 m.kr. á árinu 1994.

Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl. í stafrófsröð
A- og B-hluti

A

Bls.

Afleysingarþjónusta kúabænda 82
Almannavarnir ríkisins 98
Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður 30
Alþingi 11, 288
Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF 73
Alþjóðaflugþjónustan (B-hluti) 234, 368
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC) 74
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 147
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA 74
Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL 91
Alþjóðasamstarf þingmanna 11
Alþjóðasiglingamálastofnunin IMCO 187
Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB 91
Alþjóðastaðlar, CEN-CENELEC 196
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB) 186
Alþjóðastofnanir, utanríkisráðuneyti 74, 311
Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO 130
Alþjóðleg samskipti, menntamálaráðuneyti 65, 307
Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf 196
Alþýðusamband Íslands 128
Alþýðuskólinn Eiðum 47
Arnarhvoll (B-hluti) 229
ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu 129
Atlantshafsbandalagið, NATO 74
Atvinnuleit fatlaðra, Reykjavík 120
Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna 133
Atvinnuleysistryggingasjóður 133, 333
Atvinnuleysistryggingasjóður (B-hluti) 225, 364
Atvinnumál kvenna 128

Á

Áburðarverksmiðja ríkisins (B-hluti) 219, 362
Ábyrgðasjóður launa 129, 328
Áfengis- og fíkniefnamál 99
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (B-hluti) 227, 365
Áfengisvarnaráð 173

Bls.
Áfengisvarnir og bindindismál 173
Ár fjölskyldunnar 129
Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi 183
Átak í sorphirðumálum 204
Átak í sölu kindakjöts innan lands 82
Átak í vatnsorkurannsóknum 197

B

Bandalag íslenskra leikfélaga 64
Barnaverndarráð 118
Beinar greiðslur til bænda 82
Bessastaðir 12, 289
Biskup Íslands 114
Blindrabókasafn Íslands 60
Borgarspítalinn 144, 336
Brunamálastofnun ríkisins 127, 325
Búfjárræktarframlög 82
Búnaðarfélag Íslands 82, 314
Byggðastofnun 15, 291
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 88, 317
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 145
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna 25, 296
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna (B-hluti) 211, 359
Byggingarsjóður ríkisins 117
Byggingarsjóður ríkisins (B-hluti) 223, 363
Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild (B-hluti) 223, 363
Byggingarsjóður verkamanna 117
Byggingarsjóður verkamanna (B-hluti) 224, 364
Bændaskólinn á Hólum 78
Bændaskólinn á Hvanneyri 78

D

Dagvist Siglufirði 122
Dagvistun Bjarkarási 124
Dagvistun fatlaðra, Akranesi 121
Dagvistun fatlaðra, Keflavík 120
Dagvistun Lyngási 124
Dagvistun Lækjarási 124
Dalbrautarskóli 55
Dómkröfur 186
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 90, 317
Dómsmál, ýmis kostnaður 95
Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir 199
Dýralæknisbústaðir, óskipt 78

E

Bls.

EFTA-dómstóllinn 74
Efnahags- og framfarastofnunin, OECD 74
Eftirlaunasjóður aldraðra 133, 334
Eftirlitsstofnun EFTA, ESA 74
Einholtsskóli 56
Einkaleyfastofan 194, 351
Eiturefnaeftirlit 135
Eldi sjávardýra 85
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands 137
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri 137
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík 137
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 137
Erfðafræðirannsóknir 147
Evrópska lyfjaskráin 146
Evrópuráðið 74

F

Fangahjálp 113
Fangavarðaskóli 113
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu 112
Fangelsið á Akureyri 105
Fangelsið Kópavogsbraut 112
Fangelsið Kvíabryggju 113
Fangelsið Litla-Hrauni 112
Fangelsið Síðumúla 112
Fangelsisbyggingar 113, 322
Fangelsismálastofnun ríkisins 111
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf 72
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu 72
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York 71
Fasteignamat ríkisins 182, 345
Fasteignamat ríkisins (B-hluti) 228
Fasteignir ríkissjóðs (B-hluti) 230
Fálkaorðan 11
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985 192
Ferðamálaráð 192
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda 187
Ferjubryggjur 190
Ferjur og flóabátar, Vegagerð ríkisins 188
Félag heyrnarlausra 120
Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi 73
Félagasamtök, styrkir, félagsmálaráðuneyti 129
Félagsdómur 128
Félagsmál, ýmis starfsemi 129, 328

Bls.
Félagsmálaráðuneyti 117, 324
Félagsmálaskóli alþýðu 129
Félagsstofnun stúdenta, byggingarstyrkur 25
Fiskeldisrannsóknir 83, 314
Fiskifélag Íslands 86, 316
Fiskistofa 87, 317
Fiskvinnsluskólinn 41
Fíkniefnamál 99
Fjallvegir, Vegagerð ríkisins 188
Fjarskiptaeftirlit ríkisins 192
Fjármálaráðuneyti 174, 339
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 139
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði 138
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað 141
Fjölbrautaskóli Suðurlands 34
Fjölbrautaskóli Suðurnesja 32
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi 33
Fjölbrautaskólinn Ármúla 31
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki 34
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 31
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 36
Fjölstofnarannsóknir, Hafrannsóknastofnun 86
Flensborgarskóli, fjölbraut 32
Flugeftirlitsnefnd 187
Flugmálastjórn 191, 349
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) 215, 362
Flugskóli Íslands 187
Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur (B-hluti) 216, 362
Forseti Íslands 11, 288
Forsætisráðuneyti 14
Fósturskóli Íslands 42
Framhaldsskólar, almennt 30, 299
Framhaldsskóli Vestfjarða 28
Framhaldsskólinn á Húsavík 37
Framhaldsskólinn á Laugum 37
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 36
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 33
Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 129
Framkvæmdaátak vegna atvinnumála, Vegagerð ríkisins 188
Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál 117
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins 183
Framkvæmdasjóður aldraðra 145
Framkvæmdasjóður fatlaðra 126
Framleiðnisjóður landbúnaðarins 83, 314
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II 74
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í El Salvador, ONUSAL 74
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Kambódíu, UNTAC 74
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Mósambik, ONUMOZ 74

Bls.
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Sómalíu, UNOSOM 74
Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR 74
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) 215, 361
Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA 74
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna 187
Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis 51
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra 51
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra 51
Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis 50
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis 50
Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis 52
Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis 50
Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis 50
Fræðsluskrifstofur, almennt 52
Fullorðinsfræðsla 39
Fullorðinsfræðsla fatlaðra 55
Fyrirhleðslur 80

G

GATT, hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti 74
Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu 66
Garðvangur, Garði 152
Garðyrkjuskóli ríkisins 79
Geislavarnir ríkisins 136
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands 137
Gistiheimili Kópavogi 120
Gjaldheimta Suðurnesja 181
Gjaldheimtan í Reykjavík 181
Gjöf Jóns Sigurðssonar 14
GPS-staðsetningarkerfi 187
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu 82, 313
Greiðslur vegna riðuveiki 84
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu 82, 313
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 126
Gróðurkortagerð 204
Grunnskólar, Austurlandi 49
Grunnskólar, almennt 52, 300
Grunnskólar, Norðurlandi eystra 49
Grunnskólar, Norðurlandi vestra 49
Grunnskólar, Reykjanesi 48
Grunnskólar, Reykjavík 48
Grunnskólar, Suðurlandi 49
Grunnskólar, Vestfjörðum 48
Grunnskólar, Vesturlandi 48
Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir 85
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kípur, UNFICYP 74

Bls.
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs 74
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa 74
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL 74

H

Hafnabótasjóður (B-hluti) 234
Hafnabótasjóður, framlag 190
Hafnaframkvæmdagjald 190
Hafnamannvirki 190
Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði 190
Hafnamál 190, 349
Hafnarannsóknir og mælingar 190
Hafrannsóknastofnun 86, 316
Hafsbotnsrannsóknir 198
Hagstofa Íslands 202, 354
Hagþjónusta landbúnaðarins 80
Hallgrímskirkja 116
Happdrætti Háskóla Íslands (B-hluti) 209, 358
Háskólabíó (B-hluti) 210
Háskóli Íslands 17, 294
Háskóli Sameinuðu þjóðanna 73
Háskólinn á Akureyri 21, 295
Hegningarhúsið í Reykjavík 112
Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis 64
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 131, 329
Heilbrigðiseftirlit 135
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi 147
Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra 155
Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra 155
Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi 156
Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi 156
Heilsugæslustöð Suðurnesja 170
Heilsugæslustöðin Akranesi 157
Heilsugæslustöðin Akureyri 163
Heilsugæslustöðin Álftamýri í Reykjavík 157
Heilsugæslustöðin Blönduósi 161
Heilsugæslustöðin Bolungarvík 160
Heilsugæslustöðin Borgarnesi 157
Heilsugæslustöðin Búðardal 159
Heilsugæslustöðin Dalvík 163
Heilsugæslustöðin Djúpavogi 167
Heilsugæslustöðin Egilsstöðum 165
Heilsugæslustöðin Eskifirði 166
Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði 166
Heilsugæslustöðin Flateyri 160
Heilsugæslustöðin Garðabæ 171

Bls.
Heilsugæslustöðin Grundarfirði 158
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 171
Heilsugæslustöðin Hellu 169
Heilsugæslustöðin Hólmavík 161
Heilsugæslustöðin Húsavík 163
Heilsugæslustöðin Hvammstanga 161
Heilsugæslustöðin Hveragerði 170
Heilsugæslustöðin Hvolsvelli 168
Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði 167
Heilsugæslustöðin Ísafirði 159
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 167
Heilsugæslustöðin Kópaskeri 164
Heilsugæslustöðin Kópavogi 171
Heilsugæslustöðin Laugarási 169
Heilsugæslustöðin Neskaupstað 166
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 162
Heilsugæslustöðin Ólafsvík 158
Heilsugæslustöðin Patreksfirði 159
Heilsugæslustöðin Raufarhöfn 164
Heilsugæslustöðin Reykjalundi 172
Heilsugæslustöðin Sauðárkróki 162
Heilsugæslustöðin Selfossi 169
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 172
Heilsugæslustöðin Seyðisfirði 165
Heilsugæslustöðin Siglufirði 162
Heilsugæslustöðin Stykkishólmi 158
Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum 168
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 168
Heilsugæslustöðin Vopnafirði 165
Heilsugæslustöðin Þingeyri 160
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 170
Heilsugæslustöðin Þórshöfn 164
Heilsugæslustöðvar, almennt 154
Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands 153
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 155
Heimili fyrir börn og unglinga 119
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 135
Heyrnarmælingaklefar 154
Heyrnleysingjaskólinn 56
Héraðsbúnaðarsambönd 82
Héraðsdómur Austurlands 94
Héraðsdómur Norðurlands 94
Héraðsdómur Norðurlands eystra 94
Héraðsdómur Norðurlands vestra 93
Héraðsdómur Reykjaness 94
Héraðsdómur Reykjavíkur 92
Héraðsdómur Suðurlands 94
Héraðsdómur Vestfjarða 93

Bls.
Héraðsdómur Vesturlands 93
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra 134
Héraðslæknir í Reykjavík 134
Héraðsskógar 81
Héraðsskólar, almennt 47
Héraðsskólinn Núpi 47
Héraðsskólinn Reykholti 46
Héraðsskólinn Reykjanesi 47
Héraðsskólinn Skógum 47
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT 74
Hið íslenska þjóðvinafélag 11
Hjartavernd 147
Hjartavernd, Monica-rannsóknir 147
Hjúkrunarheimilið Eir 151
Hjúkrunarheimilið Skjól 151
Hjúkrunarheimilið Víðihlíð 142
Hlaðgerðarkot 153
Hollustuvernd ríkisins 135
Hóladómkirkja 116
Hótel- og veitingaskóli Íslands 41
Hrafnseyri 14
Hús Jóns Sigurðssonar 11
Húsafriðunarsjóður 63
Húsameistari ríkisins 16, 291
Húsnæði Hæstaréttar 96
Húsnæði löggæslustofnana 99
Húsnæði og búnaður sýslumanna 111
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað 44
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík 43
Hvammshlíðarskóli 55
Hæfingarstöðvar fatlaðra, Reykjanesi 120
Hæstiréttur 12
Hæstiréttur 92

I

Icepro-nefnd 199
Iðja og iðnaður, framlög 196, 351
Iðjulundur, verndaður vinnustaður, Norðurlandi eystra 122
Iðnaðarrannsóknir 196, 351
Iðnaðarráðuneyti 194, 350
Iðnskólinn í Hafnarfirði 41
Iðnskólinn í Reykjavík 40
Iðntæknistofnun Íslands 195, 351
Iðnþróun og tækninýjungar 196
Innheimta meðlaga 91
Innheimtukostnaður, fjármálaráðuneyti 180
Innkaupastofnun ríkisins (B-hluti) 228

Í

	Bls.
Íslensk málstöð	20
Íslenska óperan	64
Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	61
Íþróttafélög, styrkir	65
Íþróttakennaraskóli Íslands	43
Íþróttamiðstöð Íslands	65
Íþróttasamband fatlaðra	65
Íþróttasamband Íslands	65

J

Jafnréttisráð	127
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	83, 314
Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður (B-hluti)	219
Jöfnun á námskostnaði	57
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	126, 327

K

Keldnaholt	88
Kennaraháskóli Íslands	22, 295
Kirkjubyggingarsjóður	115
Kirkjubyggingasjóður (B-hluti)	221
Kirkjugarðasjóður (B-hluti)	222
Kirkjumál, ýmis kostnaður	116
Kirkjumiðstöð Austurlands	116
Kirkjuráð	114
Kirkjuþing	114
Kjaradómur og kjaranefnd	186
Kjararannsóknir	186
Kjarasamningar	186
Kosningar	91
Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	147
Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	129
Kostnaður skv. 3.-5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraða	145
Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	147
Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	111
Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	147
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	147
Kristnisjóður	115
Kristnisjóður (B-hluti)	221
Kvennaathvarf í Reykjavík	129
Kvennaskólinn í Reykjavík	29
Kvennasögusafn	60

Bls.
Kvikmyndaeftirlit ríkisins 56
Kvikmyndasjóður 63, 307
Kynbótastöðvar 82
Kynsjúkdómar, alnæmi 147

L

Lagasafn 90
Lambhagi 124
Landbúnaðarráðuneyti 76, 312
Landfræðilegt upplýsingakerfi 206
Landgræðsla ríkisins 80
Landgræðsluáætlanir 76
Landgræðslusjóður 76
Landhelgisgæsla Íslands 100, 320
Landlæknir 134
Landmælingar Íslands 207, 356
Landsbjörg 187
Landsbókasafn Íslands 57
Langamýri í Skagafirði 116
Laufásvegur 72, viðhald 11
Launa- og verðlagsmál 184, 344
Launasjóður stórmeistara í skák 65
Laxeldisstöðin Kollafirði (B-hluti) 219
Lán til jarðhitaleitar 198
Lánagreiðslur, framlög 198
Lánasjóður íslenskra námsmanna 57, 304
Lánasjóður íslenskra námsmanna (B-hluti) 212, 359
Lánasýsla ríkisins (B-hluti) 229, 366
Lánasýsla ríkisins - Framkvæmdasjóður Íslands (B-hluti) 230, 366
Leikfangasafn Akureyri 122
Leikfangasafn Borgarnesi 121
Leikfangasafn Ísafirði 121
Leikfangasafn Keflavík 120
Leikfangasafn Vestmannaeyjum 123
Leikfélag Akureyrar 64
Leiklistarskóli Íslands 44
Leiktækjasöfn, Norðurlandi vestra 122
Lendingarbætur 190
Listasafn ASÍ 60
Listasafn Ásgríms Jónssonar 60
Listasafn Einars Jónssonar 59
Listasafn Íslands 60, 305
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 60
Listasjóðir 62, 306
Listaskóli 184
Listdansskólinn 61

Bls.
Listir, framlög . . . 64, 307
Listskreytingasjóður . . . 63
Lífeyrissjóður bænda . . . 82
Lífeyrissjóður bænda . . . 186
Lífeyristryggingar . . . 131, 330
Ljósmæðraskóli Íslands . . . 172
Lúðueldi á Reykjanesi . . . 86
Lyfjabúð Háskóla Íslands (B-hluti) . . . 210
Lyfjaeftirlit ríkisins . . . 146
Lyfjamál . . . 146
Lyfjanefnd . . . 147
Lyfjaverslun ríkisins (B-hluti) . . . 227, 366
Lyfsölusjóður . . . 146
Læknaráð . . . 134
Læknishéraðasjóður . . . 145
Læknishéraðasjóður (B-hluti) . . . 226
Lög- og réttindaskráning sjómanna . . . 187
Lögbirtingablað (B-hluti) . . . 221
Löggildingarstofan . . . 200, 353
Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu . . . 98, 312
Lögregluskóli ríkisins . . . 97
Lögreglustjórinn í Reykjavík . . . 97

M

Mannanafnanefnd . . . 91
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA . . . 74
Markaðsátak í löndum EES . . . 185
Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar . . . 198
Mat á umhverfisáhrifum . . . 206
Matsnefnd eignarnámsbóta . . . 91
Matsnefnd vínveitingahúsa . . . 99
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO . . . 73
Málefni barna og ungmenna . . . 118
Málefni fatlaðra . . . 119
Málefni fatlaðra, Austurlandi . . . 123
Málefni fatlaðra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti . . . 137
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra . . . 122
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra . . . 122
Málefni fatlaðra, Reykjanesi . . . 120
Málefni fatlaðra, Reykjavík . . . 120
Málefni fatlaðra, Suðurlandi . . . 123
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum . . . 121
Málefni fatlaðra, Vesturlandi . . . 121
Málskostnaður í opinberum málum . . . 95
Meðdómsmenn . . . 95
Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum . . . 124

Bls.
Meðferðarheimili barna 119
Meðferðarheimili og sambýli einhverfra 124
Meðferðarheimili Torfastöðum 119
Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981 129
Mengunarslys 204
Mengunarvarnaeftirlit 135
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO 74
Menningarsjóður 62, 306
Menningarsjóður félagsheimila 64
Menntamálaráðuneyti 17, 292
Menntaskólinn á Akureyri 26
Menntaskólinn á Egilsstöðum 28
Menntaskólinn á Laugarvatni 26
Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut 29
Menntaskólinn í Reykjavík 26
Menntaskólinn við Hamrahlíð 27
Menntaskólinn við Sund 27
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna 66
Minningarsjóður Landspítalans 147
Myndlista- og handíðaskóli Íslands 44
Myndlistarskólinn Akureyri 31
Myndlistarskólinn í Reykjavík 31

N

NATO, Atlantshafsbandalagið 74
Námsgagnastofnun 38
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum 129
Námsleyfi lögfræðinga 91
Náttúrufræðistofnun Íslands 207, 356
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 206
Náttúrustofa á Austurlandi 204
Náttúruverndarráð 205, 355
Nefnd um upptöku ólögmæts sjávarafla 85
Neyslu- og manneldismál, manneldisráð 147
Neytendasamtökin 199
Niðurgreiðsla á rafhitun 198
Niðurgreiðslur á ull og gærum 82
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO 74
Norðurlandaráð, Alþingi 11
Norræn samvinna á sviði sakfræði 91
Norræn samvinna í lyfsölumálum 146
Norræn samvinna, menntamálaráðuneyti 64, 307
Norræna ráðherranefndin 15, 291
Norræni heilsugæsluskólinn 147
Norræni verkalýðsskólinn í Genf 129
Notendur utan samveitna 197

Bls.
Ný flugstjórnarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli 191
Nýbygging, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 140
Nýframkvæmdir, Vegagerð ríkisins 188
Nýlistasafn 60
Nýsköpun og markaðsmál 196
Nýsköpunarsjóður 25

O

OECD, Efnahags- og framfarastofnunin Alþjóðastofnanir 74
Opinber réttaraðstoð 95
Opinberar heimsóknir 13
Orator, almenn lögfræðiaðstoð 91
Orðabók Háskólans 20
Orkusjóður 197
Orkusjóður (B-hluti) 235
Orkustofnun 197, 352

Ó

Ólympíunefnd fatlaðra 65
Ólympíunefnd Íslands 65
Ósonmál 204

P

Parísarsamþykkt um vernd á sviði iðnaðar 196
Póst- og símamálastofnun (B-hluti) 231, 366
Prestaköll og prófastsdæmi 114
Prestastefna 114
Prestssetur 114
Próf fasteignasala 91
Próf málflytjenda 91
Próf skjalaþýðenda 91

R

Rafmagnseftirlit ríkisins 197, 352
Rafmagnsveitur ríkisins (B-hluti) 235, 368
Rannsóknanefnd flugslysa 187
Rannsóknanefnd sjóslysa 191
Rannsóknaráð ríkisins 24, 296
Rannsóknarlögregla ríkisins 96
Rannsóknarstofnun landbúnaðarins 77

Bls.
Rannsóknasjóður 24
Rannsóknasjóður (B-hluti) 211, 358
Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging (B-hluti) 220, 362
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 195, 351
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 87
Rannsóknastofnun uppeldismála 23, 296
Rannsóknastöðin Mógilsá 81
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum 204
Rannsóknir á íslenskum vötnum 204
Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls 204
Rannsóknir á loftmengun 204
Rannsóknir í Öxarfirði 197
Ratsjárstöðvar, rekstur (B-hluti) 216
Raunvísindastofnun Háskólans 19
Ráðgjöf í fjölskyldumálum, kirkjumál 116
Ráðherrabústaður Tjarnargötu 14
Ráðherrabústaður Þingvöllum 14
Ráðstefna um öryggi fiskiskipa 187
Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE 74
Ráðstöfunarfé, dóms- og kirkjumálaráðuneyti 92
Ráðstöfunarfé, félagsmálaráðuneyti 117
Ráðstöfunarfé, fjármálaráðuneyti 175
Ráðstöfunarfé, forsætisráðuneyti 15
Ráðstöfunarfé, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 131
Ráðstöfunarfé, iðnaðarráðuneyti 195
Ráðstöfunarfé, landbúnaðarráðuneyti 77
Ráðstöfunarfé, menntamálaráðuneyti 17
Ráðstöfunarfé, samgönguráðuneyti 188
Ráðstöfunarfé, sjávarútvegsráðuneyti 86
Ráðstöfunarfé, umhverfisráðuneyti 205
Ráðstöfunarfé, utanríkisráðuneyti 68
Ráðstöfunarfé, viðskiptaráðuneyti 200
Rekstrarhagræðing, dóms- og kirkjumálaráðuneyti 116
Rekstrarhagræðing, félagsmálaráðuneyti 127
Rekstrarhagræðing, fjármálaráðuneyti 184
Rekstrarhagræðing, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 173
Rithöfundasjóður Íslands 64
Ríkisábyrgðir og tjónabætur 184, 344
Ríkisbifreiðar, framlag 186
Ríkisbókhald 174
Ríkisendurskoðun 13
Ríkisfjárhirsla 175
Ríkislögmaður 175
Ríkismat sjávarafurða 88, 317
Ríkissaksóknari 96
Ríkissáttasemjari 118
Ríkisskattstjóri 176, 341
Ríkisspítalar 143 336

Bls.
Ríkisspítalar, dauðhreinsun (B-hluti) . . . 226, 365
Ríkisspítalar, þvottahús (B-hluti) . . . 225
Ríkisstjórn . . . 12
Ríkisstjórnarákvarðanir . . . 185, 344
Ríkistollstjóri . . . 181
Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður (B-hluti) . . . 212, 360
Ríkisútvarpið, hljóðvarp (B-hluti) . . . 213, 360
Ríkisútvarpið, sjónvarp (B-hluti) . . . 213, 360

S

Safamýrarskóli . . . 54
Safnahúsið við Hverfisgötu . . . 59
Sala varnarliðseigna (B-hluti) . . . 217
Sambýli Akranesi . . . 121
Sambýli Akurgerði 20, Reykjavík . . . 120
Sambýli Bitru . . . 123
Sambýli Borgarnesi . . . 121
Sambýli Egilsstöðum . . . 123
Sambýli fatlaðra, Norðurlandi eystra . . . 122
Sambýli fatlaðra, Reykjanesi . . . 120
Sambýli Hlíðartungu . . . 123
Sambýli Ísafirði . . . 121
Sambýli Norðurlandi vestra . . . 122
Sambýli Reykjavík . . . 120
Sambýli Selfossi . . . 123
Sambýli Stigahlíð 71, Reykjavík . . . 120
Sambýli Vestmannaeyjum . . . 123
Sambýli, Styrktarfélag vangefinna . . . 124
Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa . . . 176
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni (B-hluti) . . . 211
Sameining sveitarfélaga . . . 117
Sameinuðu þjóðirnar, UN . . . 74
Samgönguráðuneyti . . . 187, 348
Samheitaverðskrá lyfja . . . 146
Samkeppnisstofnun . . . 200, 353
Samráðsnefnd um ferlimál . . . 119
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra . . . 38
Samskipti við Vestur-Íslendinga . . . 73
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið . . . 152
Samvinnuskólinn . . . 45
Sauðfjárveikivarnir . . . 78
Sendiráð Íslands í Bonn . . . 69
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu . . . 71
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn . . . 69
Sendiráð Íslands í London . . . 69
Sendiráð Íslands í Moskvu . . . 69

Bls.
Sendiráð Íslands í Ósló . . . 70
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO . . 70
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi . . . 70
Sendiráð Íslands í Washington . . . 71
Sendiráð, almennt . . . 72
Setu- og varadómarar . . . 95
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka . . . 11
Siglingamálastofnun ríkisins . . . 190
Sinfóníuhljómsveit Íslands . . . 62
Sinfóníuhljómsveit Íslands (B-hluti) . . . 214, 361
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið . . . 186
Sjálfsbjörg Akureyri . . . 137
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun . . . 153
Sjávarútvegsráðuneyti . . . 85, 315
Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga . . . 74
Sjómannadagsráð . . . 128
Sjómannasamtök, lögskráning . . . 128
Sjómannaskólahúsið . . . 45
Sjómannastofur . . . 129
Sjómerki . . . 189
Sjónstöð Íslands . . . 136
Sjóvarnargarðar . . . 190
Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur . . . 85
Sjúkraflutningaráð . . . 134
Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi . . . 138
Sjúkrahús Bolungarvíkur . . . 149
Sjúkrahús Hvammstanga . . . 149
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi . . . 143
Sjúkrahús og læknisbústaðir . . . 145
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi . . . 141
Sjúkrahúsið Akranesi . . . 137
Sjúkrahúsið Egilsstöðum . . . 141
Sjúkrahúsið Húsavík . . . 140
Sjúkrahúsið Keflavík . . . 142
Sjúkrahúsið Patreksfirði . . . 138
Sjúkrahúsið Sauðárkróki . . . 139
Sjúkrahúsið Seyðisfirði . . . 140
Sjúkrahúsið Siglufirði . . . 139
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum . . . 142
Sjúkraskýlið Hólmavík . . . 149
Sjúkraskýlið Þingeyri . . . 150
Sjúkrastofnanir SÁÁ . . . 152
Sjúkratryggingar . . . 132, 331
Skaftholt . . . 124
Skammtímavistun Álfalandi 6, Reykjavík . . . 120
Skammtímavistun fatlaðra, Norðurlandi eystra . . . 122
Skammtímavistun fatlaðra, Reykjanesi . . . 120
Skammtímavistun fatlaðra, Vesturlandi . . . 121

Bls.
Skammtímavistun Víðihlíð 9 124
Skammtímavistun Þykkvabæ 1 124
Skammtímavistun, Reykjadal 120
Skattamál, ýmis útgjöld 179
Skatteftirlit 179
Skattkerfisbreytingar 179
Skattrannsóknarstjóri ríkisins 180, 342
Skattstofa Austurlands 178
Skattstofa Norðurlands eystra 177
Skattstofa Norðurlands vestra 177
Skattstofa Reykjaness 179
Skattstofa Suðurlands 178
Skattstofa Vestfjarða 177
Skattstofa Vestmannaeyja 178
Skattstofa Vesturlands 176
Skattstofan í Reykjavík 176
Skáksamband Íslands, byggingarstyrkur 65
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ 125
Skálholtsstaður 116
Skipulagsstjóri ríkisins 206, 355
Skógrækt ríkisins 81
Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði 81
Skógræktarfélag Íslands 76
Skólabúðir að Reykjum 53
Skólar fyrir fatlaða 53
Skólavörubúð 38
Skráning hlutafélaga 201
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 88, 317
Skýrsluvélakostnaður 185, 346
Slysatryggingar 133, 333
Slysavarnafélag Íslands 129
Slysavarnaskóli sjómanna 187
Smáiðnaður í dreifbýli 196
Snjóflóða- og skriðufallavarnir 130
Snorrastofa 116
Sólheimar Grímsnesi 125
Sólvangur, Hafnarfirði 143
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi 148
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 148
St. Jósefsspítali, Landakoti 144, 337
Starfsemi atvinnuleikhópa 64
Starfsemi áhugaleikfélaga 64
Starfsmenntun í atvinnulífinu 129
Starfsþjálfun guðfræðikandídata 114
Starfsþjálfun, Málefni fatlaðra 119
Stefnumörkun í frárennslismálum 204
Stefnumörkun í umhverfismálum 204
Stígamót 129

Bls.
Stjórn fiskveiða 85
Stjórnarráðshús 14
Stjórnartíðindi 90
Stjórnsýsluhús Akranesi 184
Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar sjúkrahúsa 143
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 19
Stofnun Sigurðar Nordals 19
Stofnviðhald, Vegagerð ríkisins 188
Styrking dreifikerfis í sveitum 198
Styrktarfélag vangefinna 124
Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar 186
Stýrimannaskólinn í Reykjavík 40
Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum 33
Sumardvalarheimili í Reykjadal 137
Sundabúð II, Vopnafirði 150
Sunnuhlíð, Kópavogi 151
Sýslumaðurinn á Akranesi 101
Sýslumaðurinn á Akureyri 105
Sýslumaðurinn á Blönduósi 104
Sýslumaðurinn á Eskifirði 107
Sýslumaðurinn á Hólmavík 103
Sýslumaðurinn á Húsavík 106
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli 108
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði 107
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu 100
Sýslumaðurinn á Ísafirði 103
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli 68, 309
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði 105
Sýslumaðurinn á Patreksfirði 102
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki 104
Sýslumaðurinn á Selfossi 109
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði 106
Sýslumaðurinn á Siglufirði 105
Sýslumaðurinn í Bolungarvík 103
Sýslumaðurinn í Borgarnesi 101
Sýslumaðurinn í Búðardal 102
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði 110
Sýslumaðurinn í Keflavík 109
Sýslumaðurinn í Kópavogi 110
Sýslumaðurinn í Neskaupstað 107
Sýslumaðurinn í Reykjavík 100
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi 101
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum 109
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal 108
Sýsluvegir, Vegagerð ríkisins 188
Söfn, ýmis framlög 60, 305
Sögusafn alþýðu 60
Sölvhóll 184

Bls.
Sölvhólsgata 7 184
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar 115

T

Tannverndarsjóður 147
Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 185
Tilkynningarskylda íslenskra skipa 187
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 18
Tilraunir, Vegagerð ríkisins 188
Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ 125
Tollgæsla 182
Tollhúsið við Tryggvagötu 184
Tollstjórinn í Reykjavík 182
Tóbaksvarnir 147
Tónlistarskólinn í Reykjavík 45
Tónskóli þjóðkirkjunnar 115
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 186
Tryggingaeftirlitið 135
Tryggingastofnun ríkisins 131, 330
Tækniskóli Íslands 21, 295
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands 120
Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS 199
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl. 186
Tölvumiðstöð fatlaðra 119
Tölvunefnd 91
Tölvuvæðing heilsugæslustöðva 154

U

Umboðsmaður Alþingis 13
Umferðarráð 98
Umhverfisráðuneyti 204, 354
Umhverfisvöktun 204
Unglingaheimili ríkisins 119
Uppbætur á lífeyri 182, 343
Uppgjör við sveitarfélög 66, 307
Uppgræðsla og gróðurvernd 204
Uppkaup á fullvirðisrétti 82
Upplýsingakerfi dómstóla 96
Upplýsingakerfi sýslumanna 111
Utanríkisráðuneyti 67, 300

Ú

Bls.

Útflutningsráð Íslands 67
Útgáfa hæstaréttardóma 92
Útgáfa norræns dómasafns 91
Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár 146
Útgáfu- og fræðslumál 204
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 183, 346

V

Varnarmálaskrifstofa 67, 309
Vaxta- og geymslukostnaður 82
Veðurstofa Íslands 208, 356
Veðurþjónusta fyrir millilandaflug 208
Vegagerð ríkisins 188, 349
Vegagerð ríkisins (B-hluti) 232, 367
Veiðimálastofnun 78
Veiðistjóri 206, 355
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 76
Verðlagsráð sjávarútvegsins 88
Verkefni um nýsköpun í atvinnulífinu 195
Verkmenntaskóli Austurlands 35
Verkmenntaskólinn á Akureyri 35
Verkstjórnarfræðsla 196
Verndaður vinnustaður Akranesi 121
Verndaður vinnustaður fatlaðra, Egilsstöðum 123
Verndaður vinnustaður fatlaðra, Norðurlandi eystra 122
Verndaður vinnustaður fatlaðra, Selfossi 123
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum 123
Verndaður vinnustaður, Örvi 120
Verslunarskóli Íslands 46
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar 187
Vélskóli Íslands 39
Viðskiptaráðuneyti 199, 352
Vinnueftirlit ríkisins 128, 325
Vinnumál 128
Vinnustofa Blindrafélagsins 120
Vinnustofan Ás 124
Virkjun jarðhita til raforkuvinnslu 197
Vistheimili Árbót 119
Vistheimili fyrir börn, Reykjavík 120
Vistheimili fyrir fötluð börn , Suðurlandi 123
Vistheimili fyrir fötluð börn, Norðurlandi vestra 122
Vistheimili fyrir fötluð börn, Reykjanesi 120
Vistheimilið Sólborg 122
Vistun geðfatlaðra 119

Bls.
Vistun ósakhæfra afbrotamanna 154
Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð (B-hluti) 233
Vita- og hafnamálaskrifstofan 189, 349
Vitabyggingar 189
Vitastofnun Íslands 189, 349
Víðines 152
Vísindaráð 24
Vísindasjóður (B-hluti) 211, 359

Y

Yfirdýralæknir 78
Yfirskattanefnd 179, 342
Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð 143

Ý

Ýmis framlög til þróunarmála 73
Ýmis fræðistörf 64
Ýmis íþróttamál 65
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir 183
Ýmis löggæslukostnaður 99, 320
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta 111
Ýmis umhverfisverkefni 204
Ýmis viðskipta- og bankamál 199
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs 184, 346

Þ

Þéttbýlisvegir, Vegagerð ríkisins 188
Þingvallabær o.fl. 16
Þingvallakirkja 16
Þjóðarbókhlaða 62, 305
Þjóðgarðar og friðlýst svæði 205
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 16, 291
Þjóðhagsstofnun 14, 290
Þjóðleikhús 61
Þjóðleikhúsið (B-hluti) 214, 361
Þjóðminjasafn Íslands 58, 304
Þjóðskjalasafn Íslands 58
Þjóðskráin 202
Þjónustumiðstöð Bræðratungu 121
Þjónustumiðstöð fatlaðra, Vonarlandi 123
Þjónustuviðhald, Vegagerð ríkisins 188
Þroskaþjálfaskóli Íslands 42

Bls.
Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði 123
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 73
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 73, 310
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 73, 310
Þróunarsjóður EFTA 74
Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins 67
Þýðingarsjóður 64

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 11, 288
Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands 23, 301
Æskulýðsmál 65, 988

Ö

Ökunám 98
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri 150
Örnefnastofnun 21
Örorkumatsnefnd 91
Öskjuhlíðarskóli 54

Efnisyfirlit

		Bls.
A-hluti:	Greiðsluyfirlit ríkissjóðs (1. grein)	3
	Rekstrarreikningur (2.-3. grein)	4
	Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda (4. grein)	11
	Æðsta stjórn ríkisins	11
	Forsætisráðuneyti	14
	Menntamálaráðuneyti	17
	Utanríkisráðuneyti	67
	Landbúnaðarráðuneyti	76
	Sjávarútvegsráðuneyti	85
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	90
	Félagsmálaráðuneyti	117
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	131
	Fjármálaráðuneyti	174
	Samgönguráðuneyti	187
	Iðnaðarráðuneyti	194
	Viðskiptaráðuneyti	199
	Hagstofa Íslands	202
	Umhverfisráðuneyti	204
B-hluti:	Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign (5. grein)	209
Heimildir (6. grein)		237
Athugasemdir		241
	Inngangur	241
	1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	243
	2. Helstu þættir ríkisfjármála	246
	3. Efnahagsforsendur fjárlaga 1994	252
	4. Tekjur	267
	5. Gjöld	280
	6. Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta	357
	7. Lánsfjármál	369
Töfluviðauki		379
Fylgiskjal: Yfirlit yfir lagabreytingar		407
Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl.		410

2. Tillaga til þingsályktunar [2. mál]

um valfrelsi í lífeyristryggingum.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 55/1980 þannig að

a. starfandi menn ráði sjálfir til hvaða lífeyrissjóðs eða samsvarandi stofnunar þeir greiða iðgjöld eða kaupa lífeyristryggingu hjá,
b. bönkum, sparisjóðum og tryggingafélögum verði leyft að starfa á sviði lífeyristrygginga og veita þjónustu sem samsvarar þjónustu lífeyrissjóða.

Í frumvarpinu verði ekki hróflað við skyldu launamanna og sjálfstæðra atvinnurekenda til kaupa á lífeyristryggingu hjá lífeyrissjóði eða samsvarandi stofnun og ekki verði gerðar minni kröfur til annarra stofnana sem selja lífeyristryggingar en gerðar eru til lífeyrissjóða.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 116. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Í lögunum eru ítarleg ákvæði um það hvernig skyldutryggingunni, svo og skylduaðildinni, skuli fullnægt. Þegar lög þessi voru sett voru um það bil tíu ár liðin frá því að launþegar og atvinnurekendur höfðu samið um aðild launþega að lífeyrissjóðum og í sjálfu sér eðlilegt að kveða á um skyldutryggingu allra sem launatekna afla. Lífeyrissjóðir höfðu þá fest sig í sessi á grundvelli stéttarfélagsaðildar. Á þessum tíma var fjármagnsmarkaður mjög vanþróaður og ávöxtun fjár var í hefðbundnum farvegi, þ.e. aðallega í útlánum til sjóðfélaga.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Í nýútkominni skýrslu bankaeftirlitsins um starfsemi lífeyrissjóða á árinu 1991 koma fram ýmsar fróðlegar upplýsingar um rekstur einstakra sjóða. Tvö atriði í rekstri lífeyrissjóðs, sem stjórnendur hans hafa veruleg áhrif á, eru annars vegar ávöxtun fjár hans og hins vegar rekstrarkostnaður. Þessi atriði hafa mikil áhrif á getu hans til að sinna meginverkefni sínu, þ.e. að greiða sjóðfélögum og aðstandendum þeirra lífeyri. Það kemur skýrt fram í þessari skýrslu að raunverulegur munur er á árangri einstakra sjóða að þessu leyti og raunar svo mikill að ekki er viðunandi fyrir sjóðfélaga þeirra sjóða sem njóta lakastrar ávöxtunar eða bera mestan rekstrarkostnað. Munur á milli sjóða að þessu leyti mun valda verulegum mun á þeim lífeyri sem sjóðirnir greiða og það er ekki á nokkurn hátt verjandi að lögum sé á þann veg skipað að tilteknir hópar manna séu skikkaðir til að greiða iðgjöld til sjóða og ávinna sér lífeyrisréttindi í sjóðum sem vegna lélegrar stjórnunar (eða stærðar) koma til með að greiða mun lægri lífeyri en almennt gerist og miklu lægri lífeyri en hjá þeim sjóðum sem bestum árangri ná.

Verði einstaklingum gefinn kostur á að velja sér lífeyrissjóð til þess að fullnægja skyldutryggingu sinni er ljóst að það verður lífeyrissjóðunum meiri hvatning til samkeppni um að ávaxta fé á sem hagstæðastan hátt, svo og að gera reksturinn eins hagfelldan og kostur er. Þetta yrði einnig hvati að frekari samruna lífeyrissjóða en þótt nokk-

uð hafi miðað þar í rétta átt þarf að gera miklu betur á því sviði.

Þá hlýtur mjög að koma til álita að heimila fleirum en lífeyrissjóðum að keppa á þessum markaði, t.d. tryggingafélögum, bönkum og sparisjóðum. Þetta er algengt erlendis og ekkert því til fyrirstöðu að það sé gert hér. Mjög eðlilegt er að stofnanir á þessu sviði veiti sveigjanlegri tryggingavernd en nú tíðkast þannig að einstaklingarnir geti lagað hana að þörfum sínum. Stofnanir, sem fengju heimildir til þess að veita lífeyristryggingar, yrðu hins vegar að uppfylla mjög ströng skilyrði að því er varðar fjárhagsstyrk. Það verður vissulega að gera mjög ríkar kröfur til þeirra aðila sem veita viðtöku 10% allra launagreiðslna í landinu.

3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um gæslu íslenskra hafsbotnsréttinda.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fylgja fast eftir, á grundvelli ítrekaðra ályktana Alþingis, réttmætum kröfum Íslendinga til hafsbotnsréttinda á Reykjaneshrygg og Rockall-svæðinu í nær tvo áratugi. Sérstaklega sé nú gætt íslenskra hagsmuna vegna nýlegra fregna af athöfnum Breta og Færeyinga.

Jafnframt ályktar Alþingi að kjósa sjö alþingismenn hlutbundinni kosningu til að starfa með ríkisstjórninni að framgangi málsins.

Greinargerð.

Mál þetta á sér langa forsögu. Flutt var tillaga til þingsályktunar á 100. löggjafarþingi (1978–1979) um landgrunnsmörk Íslands til suðurs. Flutningsmenn voru Eyjólfur Konráð Jónsson o.fl. Var hún svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að mótmæla nú þegar öllum tilraunum Breta til að reyna að slá eignarhaldi á klettinn Rokk (Rockall).

Alþingi lýsir því jafnframt yfir, að ákvörðun ytri landgrunnsmarka Íslands til suðurs miðast við, að engri þjóð beri tilkall til Rokksins.“

Í greinargerð með tillögunni sagði:

„Ríkisstjórn Stóra-Bretlands hefur gert tilraun til að slá eignarhaldi Breta á klettinn Rockall í þeim tilgangi að teygja yfirráð þeirra út á hafsbotnssvæði, sem tilheyrir Íslendingum eftir þeim þjóðréttarreglum, sem nú eru í mótun. Öllum slíkum tilraunum ber þegar í stað að mótmæla, enda þótt sker þetta mundi ekki fá sjálfstæða efnahagslögsögu eftir þeim reglum, sem nú eru skráðar í uppkasti að hafréttarsáttmála.

Þegar fiskveiðilögsaga Íslands var loks færð út í 200 mílur, var þess að sjálfsögðu gætt, að engin skerðing yrði á henni vegna Rokksins. Bretar viðurkenndu síðan fiskveiðitakmörk Íslands skv. reglugerð frá 15. júlí 1975 með Oslóarsamkomulaginu 1. júní 1976 og staðfestu þar með, að engin efnahagslögsaga ætti að vera út frá Rokknum, þótt þeir teldu klettinn tilheyra sér. Ljóst er því, að nibba þessi getur ekki skert ytri landgrunnsmörk Íslands, fremur en efnahagslögsöguna.“

Fyrsti flutningsmaður tillögunnar (Eyjólfur Konráð Jónsson) sagði m.a. í framsögu með tillögunni: „. . . vart getur farið á milli mála að ágreiningur verður milli Breta, Íra, Færeyinga og Íslendinga um ákvörðun ytri landgrunnsmarka langt suður af Íslandi og þær

réttarreglur sem ákvörðun slíkra marka mun hlíta. ... Rétt er að Íslendingar taki af öll tvímæli um að þeir viðurkenna ekkert tilkall Stóra-Bretlands til Rokksins, því að bein eða óbein viðurkenning á tilkalli Breta til þessarar nibbu gæti firrt okkur rétti þegar við gætum hagsmuna okkar á umræddu hafsvæði."

Tillögunni var vísað til utanríkismálanefndar sem varð sammála um að leggja til að henni yrði vísað til ríkisstjórnarinnar svo breyttri:

„Alþingi lýsir því yfir, að ytri landgrunnsmörk Íslands til suðurs verði ákveðin án tillits til klettsins Rockall og að samvinna verði höfð við Færeyinga til að tryggja sameiginleg réttindi á landgrunnssvæðinu utan 200 sjómílna marka landanna."

Það var samþykkt og var málinu vísað til ríkisstjórnarinnar 22. desember 1978.

Þess má geta að þrjú fyrstu þingmál 100. löggjafarþings fjölluðu öll um hafréttarmál en auk tillögu til þingsályktunar um landgrunnsmörk Íslands til suðurs fluttu Eyjólfur Konráð Jónsson o.fl. tillögu til þingsályktunar um rannsókn landgrunns Íslands og tillögu til þingsályktunar um samninga við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi.

Þá var flutt tillaga til þingsályktunar á 102. löggjafarþingi (1979–1980) um hafsbotnsréttindi Íslands og samvinnu við Færeyinga. Voru flutningsmenn Eyjólfur Konráð Jónsson o.fl. Var tillagan svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fylgja fast eftir kröfum þeim, sem Íslendingar settu fram með ályktun Alþingis 22. des. 1978, til hafsbotnsréttinda sunnan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, í fullri samvinnu við Færeyinga.

Alþingi mótmælir öllum tilraunum Breta og Íra til að teygja hafsbotnsréttindi sín til vesturs út fyrir 200 mílur. Sérstaklega er mótmælt fyrirætlunum þeirra um að fela gerðardómi að fjalla um svæði, sem Íslendingar og Færeyingar telja tilheyra sér.

Alþingi lýsir yfir, að það telur unnt að leysa mál varðandi yfirráðarétt þessa hafsbotnssvæðis milli Íslendinga og Færeyinga, annaðhvort með sameiginlegum yfirráðum eða skiptingu svæðisins.

Er ríkisstjórninni heimilað að semja um, að gerðardómur ákveði skiptingu svæðisins milli Íslendinga og Færeyinga, ef Færeyingar æskja þess frekar en skipta því með samningum.

Áður en til þess kemur, er ríkisstjórninni þó falið að taka upp viðræður við Breta og Íra til að leitast við að leysa ágreiningsefnin með samningum þessara fjögurra þjóða. Skal viðræðum þessum hraðað, þannig að niðurstaða liggi fyrir áður en fundir hafréttarráðstefnunnar hefjast í Genf í sumar."

Í greinargerð sagði m.a.:

„Reglur um hafsbotnsréttindi strandríkja utan 200 sjómílna efnahagslögsögu eru nú í mótun, m.a. á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ljóst er að um víðtæk réttindi verður að ræða, sem skipt geta Íslendinga miklu máli á svæðinu suður af Íslandi. Rétt er því að við mörkum skýra og ákveðna stefnu á þessu sviði hafréttarmálanna, svo að engum geti dulist hvaða kröfum við hyggjumst fylgja fram."

Málinu var vísað til utanríkismálanefndar sem varð sammála um að flytja tillöguna sjálf, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fylgja fast eftir, á grundvelli tillögu þeirrar sem afgreidd var á Alþingi hinn 22. desember 1978, kröfum um hafsbotnsréttindi sunnan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, að því marki sem þjóðréttarreglur frekast leyfa, og efna í því sambandi hið allra fyrsta til viðræðna við aðrar þjóðir sem gert hafa kröfur á þessu svæði.

Jafnframt er mótmælt hvers kyns tilraunum Breta og Íra til að taka sér réttindi vest-

an svonefnds Rockall-trogs, utan 200 mílna þeirra, þar á meðal á Hatton-banka, enda mæla jarðfræðileg og önnur rök eindregið gegn slíku og þarna um að ræða svæði sem Íslendingar og Færeyingar telja tilheyra sér.

Alþingi lýsir yfir, að það telur fyrir sitt leyti unnt að leysa mál varðandi yfirráðarétt þessa hafsbotnssvæðis milli Íslendinga og Færeyinga, annaðhvort með sameiginlegum yfirráðum eða skiptingu svæðisins.

Er ríkisstjórninni heimilað að semja um, að gerðardómur ákveði skiptingu svæðisins milli Íslendinga og Færeyinga, ef Færeyingar æskja þess."

Formaður utanríkismálanefndar (Geir Hallgrímsson) sagði í framsögu með málinu að nefndinni hefði þótt eðlilegt að flytja sjálfstæða tillögu um málið. Var tillagan samþykkt sem ályktun frá Alþingi 19. maí 1980.

Loks var flutt tillaga til þingsályktunar á 105. löggjafarþingi (1982–1983) um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri. Flutningsmenn voru Eyjólfur Konráð Jónsson o.fl. Var tillagan svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar á það reyna, hvort samkomulag geti náðst við Færeyinga um sameiginlega réttargæslu á Rockall-svæðinu í samræmi við ályktanir Alþingis frá 22. desember 1978 og 19. maí 1980. Jafnframt verði haldið áfram samkomulagsumleitunum við Breta og Íra um eignar- og umráðarétt hafsbotnsins á Rockall-sléttu.

Sameinað Alþingi kjósi með hlutbundinni kosningu fimm menn sem starfi með ríkisstjórninni að framgangi málsins."

Í greinargerð sagði:

„Strandþjóðir víða um heim eru nú sem óðast að tryggja hafsbotnsréttindi sín utan 200 mílna efnahagslögsögu samkvæmt hinum nýja hafréttarsáttmála. Beinna aðgerða er þörf af strandríkisins hálfu samkvæmt 76. gr. hafréttarsáttmálans til að það öðlist þessi réttindi. Fyrir löngu er því ljóst orðið að Íslendingar þurfa að fylgja fram ályktunum Alþingis frá 22. desember 1978 og 19. maí 1980 af festu og engum tíma má lengur glata. Í þeim tilgangi að hraða framgangi málsins og tryggja fulla einingu innan lands er tillaga þessi flutt.

Hér fara á eftir helstu rök, sem Íslendingar hafa sett fram til stuðnings réttindakröfum sínum.

Í 76. grein hafréttarsáttmálans eru mjög flóknar reglur um rétt strandríkis til hafsbotnsins utan 200 mílnanna, þar sem meðal annars er miðað við þykkt setlaga, 2500 metra dýptarlínu, 350 mílna víðáttu frá grunnlínum o.s.frv. En meginhersla er lögð á það, sem kallað er eðlileg framlenging landsins eða „natural prolongation", en nákvæma skilgreiningu þess hugtaks er þó hvergi að finna, en almennt viðurkennt að þar geti bæði verið um að ræða lögun hafsbotnsins, „landslagið", og eiginlega jarðfræði, þ.e. að uppruni og efni botnsins séu sömu gerðar og landsins. Er þá talað um tvær megingerðir, þ.e. úthafsbotn eða basalt og meginlandsgerð gamals bergs eða setlaga.

Vísindamenn eru sammála um að Rockall-hásléttan sé meginlandsgerðar, þ.e. að um sé að ræða sokkið land sem klofnað hafi frá Bretlandseyjum fyrir 100–170 milljónum ára og sumir telja jafnvel enn lengra um liðið. Þarna er um að ræða hina upprunalegu klofnun, þegar Atlantshaf tók að myndast. Þá myndaðist Rockall-trog. Land þetta var þá áfast við Grænland, en klofnaði frá því er nýr rekás myndaðist, núverandi Reykjaneshryggur, fyrir um það bil 60 milljónum ára. Á hinn bóginn er ljóst að Ísland er miklu yngra og af basaltgerð, og hið sama er talið eiga við um hinn mikla Íslands-Færeyjahrygg og Grænlands-Íslandshrygg. Þess er þó að gæta, að rannsóknir eru hvergi nærri fullnægj-

andi, og eins hins, að allt umhverfi Íslands er talið einstætt á jarðarkringlunni.

Vegalengdin frá Bretlandseyjum að Rockall-hásléttunni er um 200 mílur, en um 250 mílur eru milli hennar og Íslands annars vegar og Færeyja hins vegar. Fljótt á litið kynni maður því að ætla að Bretar og Írar ættu meira tilkall til þessa hafsbotnssvæðis en Íslendingar og Færeyingar. Þessum sjónarmiðum mótmælum við algjörlega og færum m.a. þau rök, að í þeirri gjá, sem nefnd er Rockall-trog, sé úthafsbotn á allt að 3000 metra dýpi og út yfir þá gjá geti ekki verið um að ræða neitt eðlilegt framhald eða framlengingu bresks og írsks lands. Færeyingar gera sér auk þess vonir um að geta fært sönnur á að þetta sokkna land teygi sig djúpt í jörðu inn undir Færeyjar, og við bendum m.a. á þær staðreyndir, að sömu jarðfræðilegu umbrotin hafi sett einkenni sitt á jarðsögu alls svæðisins vestan Rockall-trogs síðustu 100 milljón ár a.m.k. og þar sé ekki um nein jarðfræðileg tengsl á þeim tíma við Bretland að ræða. Styðjumst við þar m.a. við gagnmerka og langa ritgerð, sem prófessor E.D. Brown, sérfræðingur í alþjóðalögum við háskólann í Wales, ritaði 1978, þar sem hann dregur mjög í efa, að Bretar og Írar eigi nokkurt tilkall til Rockall-svæðisins, einkum þó Írar. Hins vegar sé réttur Færeyinga meiri, en á Ísland minnist hann ekki enda höfðum við þá ekkert tilkall gert til áhrifa á svæðinu.

Írar munu raunar um síðir hafa áttað sig á veikleika sínum og því reynt að bæta um í 76. grein með setlagakenningu sem gengur undir nafninu „írska reglan". Og þar sem allmikil setlög eru í Rockall-trogi telja þeir sig hafa öðlast tengingu við neðansjávarhásléttuna. Sá galli er þó á gjöf Njarðar, að þessi set hafa borist norðan úr höfum, að miklu leyti að minnsta kosti, og hitt kann ekki síður að reynast þeim skeinuhætt, að í upphafi 76. greinar er gengið út frá því, að framlenging botnsins þurfi að vera samfelld frá landhelgismörkum, þ.e. 12 mílum. Sú framlenging þarf að gerast óslitið eða „throughout the natural prolongation". Vegna Rockall-trogs er ekki hægt að líta á þessa framlengingu sem óslitna.

Bretar aftur á móti telja sig fá tengingu við Rockall-svæðið eftir svonefndum Wyville-Thomson-hrygg, sem er suður af Færeyjum, en bæði er hann heldur lítilfjörlegur og þar að auki af gerð úthafsbotns. Þá hafa þeir og gert sér vonir um að tilvist Rokksins sjálfs á útjaðri Rockall-hásléttunnar styrkti stöðu þeirra. En hvort tveggja er, að öllum réttindum þeim til handa að því er klettinn varðar er mótmælt bæði af Dönum fyrir hönd Færeyinga og af okkur Íslendingum og í þriðju málsgrein 121. greinar hafréttarsáttmálans er skýrt tekið fram að klettar á borð við Rokkinn hafi enga efnahagslögsögu eða hafsbotnsréttindi, þ.e. aðeins tólf mílna landhelgi.

Þótt við Íslendingar mótmælum harðlega einhliða rétti Breta og Íra til að teygja hafsbotnsréttindi sín út fyrir 200 mílurnar höfum við ekki mótmælt því, að Færeyingar hefðu réttindi á þessu svæði, heldur þvert á móti óskað margsinnis eftir nánu samstarfi við þá og Dani fyrir þeirra hönd, en það verður að segja þá sögu eins og hún er, að þeir eru furðulega svifaseinir.

En þótt við mótmælum öllum einhliða réttindum Breta og Íra höfum við engu að síður boðið þeim til samningaviðræðna, enda er það grundvallarregla þess hafréttar, sem nú er óðum að verða til á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, að ágreiningsmál eigi að leitast við að leysa með samkomulagi. Og Bretar hafa fagnað því, að við nálgumst málið með þessum hætti. Kom það sérstaklega ljóst fram á þeim formlega viðræðufundi sem haldinn var í Genf í ágústmánuði 1981.

Við Íslendingar færum fjölmörg rök fyrir réttindum okkar á Rockall-hásléttunni og skulu nokkur talin:

1. Sanngirni er sú meginregla sem ríkja á samkvæmt orðum og anda hafréttarráðstefnu og hafréttarsáttmála, og sanngjarnt hlýtur það að teljast, að við eigum einhverja íhlutun í þessum réttindum, a.m.k. ef Írar eiga það. Og sanngjarnt hlýtur það líka að teljast, hvernig við höfum nálgast málið.
2. Í 100 milljónir ára hafa sömu jarðfræðilegu umbrotin sett einkenni sitt á jarðsögu Rockall-hásléttu, Íslands og Færeyja.
3. Eftir Íslands-Færeyjahryggnum tengjumst við Hatton-banka beint, en hryggurinn er náttúrulegt framhald Íslands.
4. Íslands-Færeyjahryggurinn er af sérstakri tegund úthafsskorpu sem kölluð er „Icelandic type crust".
5. Dýpi frá Íslandi til Hatton-banka er hvergi meira en 2500 metrar, sem er sú viðmiðun sem getið er í 76. grein. Allmikil setlög, sem myndast hafa af framburði íslenskra fljóta, eru meðfram Hatton-banka og allt suður í Biskayaflóa.
6. Ef miðlínuregla væri látin gilda mundi svo til allur Hatton-banki falla í hlut Íslendinga.
7. Á Íslands-Færeyjahrygg hafa fundist set mynduð á landi í borkjarna á 1300 metra dýpi frá sjávarmáli.
8. Jarðfræðisaga Íslandssvæðisins allt frá Grænlandi, Jan Mayen og Færeyja- og Rockall-svæðinu er einstök á hnettinum.
9. Orðin eðlilegt framhald, „natural prolongation", hafa ekki verið skilgreind á neinn afgerandi hátt, þannig að eðli máls á að ráða, enda tilbrigðin óteljandi á heimshöfunum.
10. En sú regla, sem myndaðist með Jan Mayen-samkomulaginu, á að vera vegvísir að lausn ágreiningsmála þessara fjögurra nágrannaþjóða.
11. Ef ekki næst samkomulag þeirra þjóða, sem tilkall gera til svæðisins, gæti svo farið að engin fengi neitt, en svæðið yrði alþjóðlegt.

Í niðurstöðum sáttanefndarinnar í Jan Mayen-málinu er þess í fyrsta lagi getið, að nefndin sé þeirrar skoðunar, að hugtakið „natural prolongation" hæfi ekki við lausn deilunnar, en nefndin hafi rækilega athugað ýmiss konar dómsniðurstöður og venjur sem leiði til sanngjarnrar lausnar. Nefndin kemst síðan að þeirri niðurstöðu, að heppilegust sé sameign og samnýting auðlinda, og segir að ástæðan fyrir þeim tillögum sínum sé meðal annars sú að hvetja til enn frekari samvinnu og vinsamlegra samskipta milli Íslands og Noregs.

Í viðtali við Morgunblaðið 6. júní 1981 segir Hans G. Andersen sendiherra um Jan Mayen-samkomulagið m.a.:

„Þetta verður í fyrsta skipti sem slíkur samningur er gerður á grundvelli uppkastsins að hafréttarsáttmála og verður að skoðast sem þýðingarmikið framlag við þróun þessara mála." Hann segist mega fullyrða „að það sé leitun að öðrum tveim þjóðum, sem hefðu getað komið sér saman um slíkt". En bætir þó við síðar í viðtalinu:

„Og þá er mikill styrkur fyrir okkur að hafa þessa lausn í höndum, og enginn efi er á því, að Bretar, Írar og Danir munu kynna sér þessi gögn rækilega, og vissulega væri ánægjulegt ef tækist að vinna í svipuðum anda að lausn Rockall-málsins í þeim viðræðum sem fyrirhugaðar eru, enda er þar einnig um nágranna- og vinaþjóðir að ræða sem einmitt hljóta að leita að sanngjarnri lausn miðað við allar aðstæður."

Það kom einnig í ljós í hinum formlegu viðræðum við Breta í Genf að Jan Mayen-samkomulagið hafði vakið athygli þeirra og þeir kváðust hafa kynnt sér það og mundu kanna það miklu nánar.

Allir velviljaðir menn hljóta að vona og treysta að ágreiningurinn um Rockall-hásléttuna leysist með einhverjum hætti á svipaðan veg og gerðist að því er Jan Mayen-svæðið varðar. Það væri öllum þeim, sem málið snertir, til sóma, en ekki síst til gagns, aukinna samskipta og traustari vináttubanda í bráð og lengd. Þótt einhvers konar skipting Rockall-hásléttunnar komi auðvitað til greina væri áreiðanlega happadrýgst að um sameign og samnýtingu yrði að ræða með svipuðum hætti og er á Jan Mayen-svæðinu."

Fyrsti flutningsmaður málsins (Eyjólfur Konráð Jónsson) sagði m.a. í framsögu sinni fyrir tillögunni að Íslendingar ættu mjög þýðingarmikil réttindi suður af landinu þar sem væri hafsbotninn á Rockall-svæðinu svonefnda. Væru þau réttindi enn þá ótvíræðari samkvæmt hafréttarsáttmálanum og skýringum á 76. gr. hans en þau höfðu verið á Jan-Mayen-svæðinu. Íslendingar hefðu sigrað í því máli með samstöðu og festu. Þyrfti án efa að auka þrýsting til þess að fá nágranna okkar til viðræðna og helst vildu menn ná samningum allra þeirra sem hefðu uppi kröfugerð á svæðinu. Las framsögumaður upp bréf, dagsett í maí 1982, sem fjórir fulltrúar stjórnmálaflokkanna sendu til utanríkisráðherra að loknum fundi hafréttarráðstefnunnar. Þeir voru auk framsögumanns Benedikt Gröndal, Lúðvík Jósepsson og Þórarinn Þórarinsson. Sagði m.a. í bréfinu:

„Á síðasta degi hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York, 30. apríl 1982, ræddum við undirritaðir fulltrúar stjórnmálaflokkanna við fulltrúa úr sendinefnd Dana um Rockall-svæðið og þau réttindi sem við teljum okkur eiga til hafsbotnsins suður af 200 mílna efnahagslögsögu landsins. . . . [Þegar] ljóst var orðið að sjónarmið og hagsmunir Færeyinga fara mjög vel saman við ályktanir Alþingis varpaði Lúðvík Jósepsson fram þeirri hugmynd að sett yrði á fót samstarfsnefnd Íslendinga og Dana (Færeyinga) til að gæta sameiginlegra hagsmuna þjóðanna og skoða málin út í hörgul. Var þeirri hugmynd vel tekið og er það sameiginlegt álit okkar að utanríkisráðuneytið eigi nú þegar að eiga frumkvæðið að því að fylgja þessari tillögu eftir á grundvelli ítrekaðra ályktana Alþingis. Þótt við teljum réttindi Íslendinga og Færeyinga til hafsbotnsins vestur af Rokknum meiri en Breta og Íra teljum við þó eðlilegt að starfað verði áfram samkvæmt ályktunum Alþingis og rætt við Breta og Íra, að svo miklu leyti sem þeir vilja við okkur ræða, í þeim tilgangi að ná samstöðu þjóðanna fjögurra, því að harðvítugar deilur gætu leitt til þess að enginn fengi kröfum sínum framgengt og svæðið yrði alþjóðlegt."

Þá sagði framsögumaður að ef svo kynni að fara að Færeyingar tækju ekki upp viðræður við Íslendinga væri ekkert annað fyrir Íslendinga að gera en að grípa til einhliða aðgerða og helga sér réttindi í samræmi við reglur 76. gr. hafréttarsáttmálans.

Við sömu umræðu gerði utanríkisráðherra (Ólafur Jóhannesson) grein fyrir því hvaða ráðstafanir hefðu verið gerðar af Íslands hálfu til að reyna að tryggja rétt Íslendinga til svæðisins. Óskað hafi verið eftir viðræðum við Breta og Íra. Bretar hafi svarað að þeir væru tilbúnir til viðræðna um málið en Írar hafi ekki verið reiðubúnir á þessu stigi til beinna viðræðna. Lýsti utanríkisráðherra lauslega þeim viðræðum sem fram höfðu farið milli Íslendinga og Breta. Það hafi orðið að samkomulagi að sérfræðingar könnuðu málið frá þjóðréttarlegu, landfræðilegu og jarðfræðilegu sjónarmiði og að þeir mundu skila um það skýrslu. Sama niðurstaða hafi orðið hjá Íslendingum og Dönum, að málið yrði kannað með svipuðum hætti. Væri nú verið að vinna í málunum. Ekki væri um neinar samningaviðræður að tefla, heldur könnunarviðræður í þeim tilgangi að skýra málin og gera ljósari vissar undirstöður sem þyrftu að vera fyrir hendi áður en ákvarðanir yrðu teknar.

Í umræðunum tóku þátt auk framsögumanns og formanns utanríkismálanefndar Garðar Sigurðsson og Árni Gunnarsson og eru allar umræður í B-deild Alþingistíðinda

1982–1983 (612–627). Sagan hefur sýnt að ummæli ræðumanna áttu við rök að styðjast. Ekki skal farið nánar út í þá sálma að þessu sinni en mikinn fróðleik er þar að finna.

Málinu var vísað til utanríkismálanefndar sem mælti með samþykkt tillögunnar svo breyttrar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að samkomulagi við Færeyinga, Breta og Íra um yfirráð á Hatton-Rockall hafsbotnssvæðinu í samræmi við ákvæði hafréttarsáttmálans.

Alþingi felur utanríkismálanefnd að starfa með ríkisstjórninni að framgangi málsins."

Tillagan var samþykkt sem ályktun frá Alþingi 14. mars 1983.

Þess má geta að á sama löggjafarþingi var flutt tillaga til þingsályktunar um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg og voru flutningsmenn Pétur Sigurðsson og Eyjólfur Konráð Jónsson. Var tillagan samþykkt sem ályktun frá Alþingi þann 14. mars 1983, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að tryggja formlega þau ótvíræðu réttindi til hafsbotnsins á Reykjaneshrygg og út frá hlíðum hans sem Ísland á tilkall til samkvæmt 76. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna."

Hvað varðar kröfur okkar Íslendinga um hafsbotnsréttindi á Rockall-svæðinu er ljóst að lítið hefur áunnist eftir að ályktun Alþingis var gerð í mars 1983. Bretar og Írar hafa gert samning um skiptingu svæðisins sín á milli, en Íslendingar og Danir hafa sett reglugerðir um lögsögu á svæðinu sem Bretland og Írland gera tilkall til. Enn deila ríkin fjögur þannig um rétt til svæðisins.

Nýlega bárust fregnir af rannsóknum sem farið hafa fram á Rockall-svæðinu á vegum Dana (Færeyinga) annars vegar og Breta hins vegar. Stafar þessi aukni áhugi af því að fundist hafa vísbendingar um olíu á svæðinu. Auk þessa stunduðu Bretar fyrir stuttu veiðar á Hatton-bankanum.

Í ljósi þessara fregna er brýnt að Íslendingar fylgi fast eftir kröfum sínum til svæðisins.

Með hliðsjón af framansögðu má ljóst vera að landhelgisbaráttu Íslendinga er ekki lokið. Þvert á móti eigum við enn mikilla hagsmuna að gæta. Því er tillaga þessi flutt.

4. Frumvarp til laga [4. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Við fyrri málsgrein 11. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo:

4. Lán til endurbóta eða útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 11. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins er tilgreint hverjir geta notið láns úr Byggingarsjóði ríkisins. Með frumvarpi þessu er lagt til að við greinina bætist nýr töluliður er

felur í sér heimild handa sjóðnum til að veita jafnframt lán til endurbóta eða útrýmingar heilsuspillandi húsnæði.

Í eldri lagaákvæðum um Húsnæðisstofnun ríkisins var gert ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins gæti veitt lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði. Það ákvæði var fellt brott með lögum nr. 70/1990 og talið að þær lánsumsóknir sem bærust vegna þessa féllu þrátt fyrir það innan ramma laganna. Það hefur síðan komið í ljós að svo er ekki. Því telja flutningsmenn þessa frumvarps brýnt að svipað ákvæði verði sett á ný í lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ekki þarf að reikna með viðbótarkostnaði þar sem lánsumsóknir um endurbætur eða útrýmingu á heilsuspillandi húsnæði eru fáar.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um aukna þjónustu Ríkisútvarpsins á Suðurlandi.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að Ríkisútvarpið ráði fréttamann í fast starf til að annast fréttaöflun og úrvinnslu á fréttatengdu útvarpsefni frá Suðurlandi. Jafnframt verði komið á fót hljóðstofum á Selfossi og í Vestmannaeyjum og húsnæði tekið á leigu eða keypt til starfseminnar. Þar verði starfrækt reglubundið svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins.

Greinargerð.

Hér er endurflutt tillaga samhljóða þeirri sem flutningsmaður lagði fram á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Í greinargerð með þeirri tillögu kom m.a. fram að Sunnlendingar eru þeirrar skoðunar að þeir séu afskiptir í umfjöllun Ríkisútvarpsins um málefni líðandi stundar.

Með stofnun svæðisútvarps á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum og við það að ráða fréttamenn í fastar stöður utan höfuðborgarsvæðisins var gert stórátak í því að auka fréttaflutning frá landsbyggðinni. Starfsemi þessara svæðisútvarpsstöðva hefur fyrir löngu sannað ágæti sitt. Fréttir, fréttatengdir þættir og annað útvarpsefni hefur verið flutt frá þessum stöðum. Enginn vafi er á því að svæðisútvarp hefur sinnt hlutverki sínu afar vel.

Á Suðurlandi, að Vestmannaeyjum meðtöldum, eru samtals um sex þúsund heimili sem eiga rétt á sömu eða svipaðri þjónustu af hálfu Ríkisútvarpsins og Norðlendingar, Vestfirðingar og Austfirðingar njóta nú.

Á Suðurlandi er fjölbreytt og kröftugt mannlíf sem borið er uppi af undirstöðuatvinnuvegum íslensks samfélags. Þar ber daglega eitthvað til tíðinda sem vert er að gefinn sé gaumur af hálfu fjölmiðla. Sunnlendingum er þess vegna mikið í mun að rödd þeirra fái að hljóma til jafns við aðra á öldum ljósvakans.

Vissulega höfum við haft ötula fréttaritara Ríkisútvarps á Suðurlandi sem sinnt hafa starfi sínu af alúð og samviskusemi en þar er aðeins um hlutastarf að ræða því ekki hefur fengist heimild til þess að fastráða fréttamann í fullt starf. Það segir sig því sjálft að þrátt fyrir dugnað fréttaritara hafa þeir aldrei möguleika til að rækja starf sitt sem skyldi.

Hlustunarskilyrði Ríkisútvarpsins á Suðurlandi eru á flestum svæðum vel við unandi. Þó er sums staðar verulegra úrbóta þörf, t.d. í Ölfusi, Hveragerði og neðanverðum Flóanum.

Það er eins og áður segir ánægjuleg þróun að þjónusta Ríkisútvarpsins við landsbyggðina skuli hafa verið stóraukin á síðustu árum. Þar má þó ekki vera um mismunun að ræða. Uppbygging á einum stað má ekki verða til þess að þjónusta við annan stað verði í lágmarki. Ríkisútvarpið þarf að koma víðar upp sambærilegri aðstöðu við þá sem nú er fyrir hendi í þeim þremur landshlutum sem áður hafa verið nefndir. Má þar benda á Selfoss eða annan heppilegan stað á Suðurlandi. Einnig er sjálfsagt að hafa í huga sérstöðu Vestmannaeyja.

Ríkisútvarpið er útvarp allra landsmanna. Þangað greiða menn þjónustugjöld án tillits til búsetu á landinu og þess vegna er eðlileg krafa að greiðendur allir njóti sambærilegrar þjónustu þessarar stofnunar.

Að lokum skal þess getið að Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa ítrekað skorað á menntamálaráðherra að hann hlutist til um að hafinn verði undirbúningur að rekstri svæðisútvarps á Suðurlandi í tengslum við Ríkisútvarpið.

6. Frumvarp til laga [6. mál]

um eftirlaunaréttindi launafólks.

Flm.: Guðni Ágústsson, Finnur Ingólfsson, Halldór Ásgrímsson.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til fyrirtækja, hér eftir nefnd eftirlaunasjóðir, sem hafa eingöngu að markmiði

1. að veita viðtöku eftirlaunaframlögum frá launamönnum til sameiginlegrar fjárfestingar í verðbréfum og fasteignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu og sjá launamönnum fyrir vátryggingavernd samkvæmt reglugerð viðkomandi eftirlaunasjóðs,
2. að greiða launamanni eftirlaun og vátryggingabætur eftir þeim reglum er fram koma í reglugerð viðkomandi eftirlaunasjóðs.

II. KAFLI
Starfsleyfi eftirlaunasjóða, stofnun og skráning.

2. gr.

Starfsemi samkvæmt lögum þessum verður einungis stunduð af eftirlaunasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara og fengið hafa starfsleyfi fjármálaráðherra.

Skilyrði fyrir starfsleyfi eru sem hér segir:

1. Eftirlaunasjóðurinn sé löglega stofnaður, sbr. 4. gr.
2. Eftirlaunasjóðurinn hafi yfir að ráða við stofnun minnst 50 millj. kr. eða a.m.k. 500 aðilar hafi skuldbundið sig til að uppfylla skyldu laganna til að greiða eftirlaunaframlag sitt í eftirlaunasjóðinn.
3. Reglugerð sjóðsins fullnægi ákvæði 1. mgr. 19. gr.

4. Rekstraraðili fullnægi skilyrðum 18. gr.
5. Endurskoðun sé framkvæmd af löggiltum endurskoðanda.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja reglugerð eftirlaunasjóðs og aðrar þær upplýsingar sem ráðherra ákveður. Áður en leyfi er veitt skal leitað umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og tryggingaeftirlits.

3. gr.

Eftirlaunasjóðum með fullgilt starfsleyfi er einum heimilt að stunda starfsemi skv. 1. gr. Önnur starfsemi er eftirlaunasjóðum óheimil.

Eftirlaunasjóðum er einum heimilt og rétt, eftir því sem við verður komið, að nota orðið „eftirlaunasjóður“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum, í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni. Óheimilt er að breyta eftirlaunasjóðum samkvæmt lögum þessum í fyrirtæki sem lögin taka ekki til.

4. gr.

Eftirlaunasjóð skal stofna sem hlutafélag samkvæmt lögum um hlutafélög. Ákvæði þeirra laga gilda að svo miklu leyti sem við getur átt að þessum lögum slepptum.

5. gr.

Uppfylli eftirlaunasjóður ekki skilyrði laga þessara til að öðlast starfsleyfi skal umsókn synjað.

Ráðherra getur synjað um leyfi til reksturs eftirlaunasjóðs hafi stjórnarmenn sjóðsins eða framkvæmdastjórar rekstraraðila

1. verið dæmdir fyrir refsiverðan verknað sem ætla má að skapi hættu á að viðkomandi misnoti aðstöðu sína,
2. sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir muni ekki sinna starfi sínu á forsvaranlegan hátt.

Áður en ákvörðun er tekin um synjun skv. 2. mgr. skal leitað umsagnar bankaeftirlits.

6. gr.

Synjun fjármálaráðherra á leyfi skv. 5. gr. skal rökstudd skriflega og send umsækjanda, að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Ákvörðun ráðherra skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

7. gr.

Ráðherra skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um starfsleyfi eftirlaunasjóðs. Í tilkynningunni skal koma fram nafn sjóðsins, stjórnarmanna og endurskoðenda auk nafns rekstraraðila. Óheimilt er að veita viðtöku eftirlaunaframlögum fyrr en tilkynning hefur verið birt. Hefji eftirlaunasjóður ekki starfsemi innan tólf mánaða frá veitingu starfsleyfis fellur það úr gildi.

8. gr.

Bankaeftirlitið skal halda sérstaka skrá yfir eftirlaunasjóði sem hlotið hafa starfsleyfi. Í skránni skulu koma fram nöfn stjórnarmanna eftirlaunasjóðs og hverjir séu endurskoðendur hans. Jafnframt skulu koma fram helstu upplýsingar um rekstraraðila.

Bankaeftirlitinu er heimilt að kveða nánar á um þær upplýsingar sem veittar skulu skv. 1. mgr. Breytingar á áður tilkynntum atriðum skulu þegar tilkynntar bankaeftirlitinu.

III. KAFLI
Skilgreiningar.

9. gr.

Með *launum* er í lögum þessum átt við hvers konar endurgjald fyrir vinnuframlag samkvæmt vinnusamningi eða verktakasamningi.

Með *launamanni* er átt við hvern þann sem þiggur laun frá atvinnurekenda eða úr eigin atvinnurekstri.

Með *atvinnurekanda* er átt við þann er hefur einstaklinga á launaskrá.

Með *lífeyrissjóði* er átt við sjóð sem starfar samkvæmt reglugerð og samþykktum sem settar hafa verið af stofnendum sjóðsins og staðfestar hafa verið af fjármálaráðuneytinu skv. 2. gr. laga nr. 55/1980 eða starfa á grundvelli laga.

Verðbréf er skilgreint á sama hátt og fram kemur í 1. tölul. 1. gr. laga nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti.

IV. KAFLI
Skylduaðild að eftirlaunasjóðum. — Valfrelsi um eftirlaunasjóð.

10. gr.

Öllum launamönnum á aldrinum 16 til 67 ára er rétt og skylt að eiga aðild að eftirlaunasjóði.

11. gr.

Launamenn velja sér eftirlaunasjóð samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI
Vátryggingavernd.

12. gr.

Eftirlaunasjóði er skylt að hafa eftirfarandi lágmarksvátryggingavernd hjá vátrygginga- eða líftryggingafélagi:

1. Örorkutryggingu sem vátryggir viðkomandi gegn slysi eða sjúkdómi bæði í vinnu og frítíma ef um sannanlega óvinnufærni er að ræða fram til 67 ára aldurs. Þegar um tímabundna örorku er að ræða þarf vátryggingarfjárhæð að vera að lágmarki 10.000 kr. á viku en með þriggja mánaða biðtíma og tveggja ára bótatíma.

   Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast sem eingreiðsla í hlutfalli við vátryggingarfjárhæðina, sbr. 4. mgr. þessa töluliðar, þó þannig að hvert örorkustig frá 26–50% gildir tvöfalt og hvert örorkustig frá 51–100% þrefalt. Bætur fyrir 100% varanlega örorku verða 225% af vátryggingarfjárhæðinni.

   Bætur eru ekki greiddar fyrir lægri varanlega örorku en 25%.

   Lágmark vátryggingarfjárhæðar:

	16–35 ára	8.000.000 kr.
	36–50 ára	4.000.000 kr.
	51–60 ára	2.000.000 kr.
	61–67 ára	1.000.000 kr.

2. Lífeyristryggingu sem greiðir launamanni eftirlaun frá 67 ára aldri svo lengi sem hann lifir en fellur niður að honum látnum. Hafi launamaður valið sér eftirlaunasjóð, þar sem söfnun hans er séreign, verður launamaður að greiða helming eftirlaunaframlagsins til kaupa á lífeyristryggingu samkvæmt þessum tölulið sem tekur til þess tímamarks að fyrirséð er að greiðslu séreignasjóðs lýkur.

Þegar réttindi lífeyristryggingarinnar nema 40.000 kr. eftirlaunum á mánuði fellur niður skylda til kaupa á vátryggingunni.

Vátryggingarfjárhæðir breytast samkvæmt lánskjaravísitölu.

Það er á ábyrgð eftirlaunasjóðs að ofangreind lágmarksvátryggingavernd samkvæmt þessari grein sé fyrir hendi.

VI. KAFLI
Eftirlaunaframlagið.

13. gr.

Reiknigrunnur að eftirlaunaframlagi er öll laun. Eftirlaunaframlag af reiknigrunni skal vera að lágmarki 13%. Hlutfall eftirlaunaframlagsins milli launamanns og atvinnurekanda er háð kjarasamningum þessara aðila á hverjum tíma. Eftirlaunaframlag er eign launamanns.

Atvinnurekanda er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns framlagi þess og standa viðkomandi eftirlaunasjóði skil á því ásamt mótframlagi sínu.

Launamaður skal einungis greiða eftirlaunaframlag í einn eftirlaunasjóð á hverjum tíma.

14. gr.

Sé reiknigrunnur grundvallaður á eigin atvinnurekstri ákvarðast eftirlaunaframlagið samkvæmt nýjasta skattframtali eða ákvörðun skattstjóra uppfært til þess tíma sem framlagið tekur til. Fjármálaráðuneytið ákveður og birtir uppfærslustuðul reiknigrunnsins með hliðsjón af almennum launabreytingum.

VII. KAFLI
Skattareglur.

15. gr.

Eftirlaunaframlag launamanns skv. 13. gr. er undanþegið tekjuskatti. Skattundanþága samkvæmt þessari grein getur þó ekki orðið hærri en 7% af launum.

Greiðsla eftirlauna úr eftirlaunasjóði eða vátryggingabætur eru hins vegar tekjuskattsskyldar. Séu vátryggingabætur greiddar út sem eingreiðsla eru slíkar bætur undanþegnar tekjuskatti.

Á skattskýrslu er launamanni skylt að geta um réttindi sín í eftirlaunasjóði. Þar skal koma fram til hvaða eftirlaunasjóðs eftirlaunaframlag er greitt og hver áunnin réttindi launamanns eru hjá sjóðnum.

VIII. KAFLI
Stjórn og skipulag eftirlaunasjóða.

16. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum eftirlaunasjóða. Stjórn sjóðsins fer með málefni hans milli aðalfunda. Aðalfund skal halda árlega, en boða skal til hans með minnst tíu daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir launamenn sem greitt hafa í sjóðinn. Atkvæðisréttur sjóðfélaga fer eftir inneign þeirra við síðustu áramót. Einfaldur meiri hluti ræður úrslitum mála.

Reglugerð sjóðsins má breyta á aðalfundi hljóti breytingarnar samþykki tveggja þriðju hluta greiddra atkvæða, enda hafi tillögur til breytinga á reglugerð fylgt fundarboði.

17. gr.

Stjórn sjóðsins skal kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum reglugerðar og skal skipuð fimm mönnum, þremur frá sjóðfélögum en tveimur frá rekstraraðila. Stjórnin hefur almennt eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglur settar samkvæmt þeim og reglugerð sjóðsins, þar á meðal að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins.

Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri og hafa óflekkað mannorð og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu.

Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru undanþegnir búsetuskilyrði skv. 2. mgr. Fjármálaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Stjórnarmenn eftirlaunasjóðs mega ekki jafnframt eiga sæti í stjórn rekstraraðila eftirlaunasjóðs skv. 18. gr.

IX. KAFLI
Rekstraraðilar.

18. gr.

Starfræksla eftirlaunasjóðs skal falin rekstraraðila sem hlotið hefur viðurkenningu fjármálaráðuneytisins að undangenginni umsögn bankaeftirlits. Viðurkenningu sem rekstraraðilar geta hlotið:

1. Lífeyrissjóðir.
2. Líftryggingafélög.
3. Viðskiptabankar.
4. Sparisjóðir.
5. Verðbréfafyrirtæki.

Fyrirtæki skv. 1. mgr., sem teljast rekstraraðilar, mega reka einn eða fleiri eftirlaunasjóði. Stjórn eftirlaunasjóðs og rekstraraðili skulu gera með sér samstarfssamning þar sem fram kemur m.a. umsýsluþóknun rekstraraðila.

Erlend fyrirtæki skv. 1.–5. tölul. 1. mgr., sem hafa starfsleyfi hérlendis lögum samkvæmt, geta öðlast viðurkenningu sem rekstraraðilar.

Eftirlaunasjóði er óheimilt að skipta um rekstraraðila án samþykkis stjórnar rekstraraðila. Þó getur fjármálaráðuneytið samþykkt skipti á rekstraraðila sé brotið gegn reglugerð sjóðsins og fyrirséð að réttindi sjóðfélaga skerðast verulega.

Fjármálaráðuneyti ber að fá greinargerðir beggja aðila og umsögn bankaeftirlitsins áður en ákvörðun er tekin um hvort heimila skuli skipti á rekstraraðila.

X. KAFLI
Reglugerð.

19. gr.

Hver eftirlaunasjóður skal hafa reglugerð sem staðfest er af fjármálaráðuneytinu. Í henni skulu m.a. koma fram eftirfarandi atriði:

a. nafn eftirlaunasjóðs, heimili og varnarþing,
b. nafn rekstraraðila og heimili og ákvæði um það hvernig skipt verður um hann,
c. fjárfestingarstefna,
d. hver hefur rétt til að skuldbinda eftirlaunasjóðinn,
e. hvernig háttað skal meðferð eignarhluta í öðrum fyrirtækjum, svo sem hverjir fari með atkvæði sjóðsins,

f. hvernig reikna skal út inneign hvers sjóðfélaga þegar um slíkt er að ræða,
g. hvernig ráðstafa skal arði eða hagnaði af eignum sjóðsins,
h. hvernig háttað er vali stjórnarmanna og endurskoðenda sjóðsins og hvert er hlutverk stjórnar,
i. hvort hægt er að breyta samþykktum sjóðsins og hvernig skal að breytingum staðið,
j. hvernig háttað er greiðslu eftirlaunaframlags í sjóðinn,
k. hvernig háttað er flutningi réttinda í og úr sjóðnum,
l. hvernig háttað er viðurlögum gagnvart sjóðfélaga vegna brota á reglugerð sjóðsins,
m. hvernig eftirlaunasjóði verður slitið,
n. hvernig háttað er viðurlögum gagnvart stjórn eða starfsmönnum eftirlaunasjóðs vegna brota á reglugerð sjóðsins,
o. hvaða tryggingar sjóðfélögum standa til boða,
p. hvernig útgreiðslu bóta verður háttað.

Breytingar á reglugerðum eftirlaunasjóðs öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu fjármálaráðuneytisins að undangenginni umsögn bankaeftirlitsins. Breytingarnar skulu staðfestar séu þær í samræmi við lög, enda séu þær að öðru leyti í samræmi við hagsmuni sjóðfélaga og engar aðrar fullgildar ástæður mæli gegn staðfestingu. Breytingar öðlast gildi eigi síðar en þremur mánuðum eftir staðfestingu nema fjármálaráðuneytið ákveði annað. Tilkynning um breytingar skal birt í Lögbirtingablaði.

Eftirlaunasjóður skal tilkynna sjóðfélögum um hverja breytingu á samþykktum sjóðsins og jafnframt auglýsa hana opinberlega.

XI. KAFLI
Fjárfestingarstefna.

20. gr.

Eftirlaunasjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta með eftirfarandi hætti:

1. Framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega og er opinn almenningi. Sé markaðurinn utan Evrópska efnhagssvæðisins skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.
2. Í nýútgefnum framseljanlegum verðbréfum, enda sé í skilmálum fyrir útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu á opinberum verðbréfamarkaði eða að þau verði látin ganga kaupum og sölum á öðrum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eftirlaunasjóði heimilt:

1. að fjárfesta sem svarar allt að 10% af eigum sínum í öðrum verðbréfum en þar getur,
2. að fjárfesta í skuldaskjölum sjóðfélaga vegna lána með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði sem nemur allt að 15% af eignum.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja reglur sem heimila eftirlaunasjóðum að fjárfesta allt að 10% af eignum sínum í skuldaskjölum sem talin eru jafngilda framseljanlegum verðbréfum, eru auðseljanleg og með verðgildi sem ákvarða má hvenær sem er.

Eftirlaunasjóðum er óheimilt að fjárfesta í eðalmálmum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

21. gr.

Eftirlaunasjóðum ber skylda til að fjárfesta að lágmarki 5% af eignum sínum í hlutafélögum eða sambærilegu félagsformi enda séu engar hömlur á viðskiptum með eignarhluti í félaginu. Félagið skal vera skráð á Íslandi og með höfuðstöðvar þar en má hafa starfsemi erlendis.

Eftirlaunasjóður má ekki eignast meira en 10% eignarhlut í einstöku félagi, með eða án atkvæðisréttar.

22. gr.

Eftirlaunasjóðum er heimilt að fjárfesta í íbúðarhúsnæði með allt að 10% eigna sinna. Eftirlaunasjóðum er óheimilt að fjárfesta í atvinnuhúsnæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eftirlaunasjóðum heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en 18 mánuðum frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna bankaeftirlitinu sem getur krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

23. gr.

Heildarfjárfesting skv. 2.–3. mgr. 20. gr. og 22 gr. má aldrei fara fram úr 30% af eignum eftirlaunasjóðs.

24. gr.

Eftirlaunasjóði er óheimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum, útgefnum af sama útgefanda, sbr. þó 25. gr. Fjárfesti eftirlaunasjóðurinn meira en 5% í verðbréfum, útgefnum af sama útgefanda, skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eftirlaunasjóði heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagsvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur bankaeftirlitið heimilað eftirlaunasjóði að fjárfesta allt að 25% af eignum sínum í skuldabréfum útgefnum af sama útgefanda, enda sé um að ræða lánastofnun innan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur lögbundnu eftirliti. Fjárfesti eftirlaunasjóður meira en 5% af eignum sínum í slíkum skuldabréfum má samanlagt verðmæti þess konar fjárfestinga ekki nema meira en 80% af eignum sjóðsins.

Ekki skal tekið tillit til verðbréfa skv. 2. og 3. mgr. þegar fundin er samtala fjárfestinga samkvæmt síðari málslið 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. mega samanlagðar fjárfestingar eftirlaunasjóðs í verðbréfum, útgefnum af sama útgefanda, aldrei nema meira en 35% af eignum sjóðsins.

25. gr.

Bankaeftirlitið getur heimilað eftirlaunasjóði að fjárfesta allt að 100% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum skv. 2. mgr. 24. gr. telji bankaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum sjóðfélaga.

Fjárfestingar eftirlaunasjóðs skv. 1 mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaflokka og má fjárfesting í einum og sama verðbréfaflokki ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum eftirlaunasjóðs.

Bankaeftirlitið getur sett nánari reglur um fjárfestingu samkvæmt þessu ákvæði.

26. gr.

Rekstraraðila er óheimilt að leggja gjöld eða kostnað á viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs í þeim tilvikum þegar hluti eigna eftirlaunasjóðsins er fjárfestur í hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóði sem rekinn er af sama rekstraraðila eða öðru félagi sem rekstraraðili er tengdur vegna sameiginlegra stjórna eða yfirráða eða vegna verulegrar beinnar eða óbeinnar eignarhlutdeildar.

27. gr.

Eftirlaunasjóður má ekki eignast meira en 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda framseljanlegra verðbréfa.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa sem

1. ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þess gefa út eða ábyrgjast,
2. ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast,
3. alþjóðastofnanir, sem eitt eða fleiri ríki Evrópska efnahagssvæðisins eru aðilar að, gefa út.

28. gr.

Fari fjárfesting eftirlaunasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki jafnan náð innan sex mánaða.

Bankaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum mælt fyrir um lengri frest enda sé það augljóslega í þágu sjóðfélaga.

29. gr.

Eftirlaunasjóðir mega ekki fjárfesta í lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins.

30. gr.

Eftirlaunasjóði er óheimilt að taka lán nema í þeim tilvikum sem hér greinir:

1. Skammtímalán, allt að 10% af eignum sjóðsins, til að standa straum af réttindum launamanns í sjóðnum.
2. Lán, allt að 10% af eignum sjóðsins, til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins.

Lán skv. 1. mgr. mega hæst nema 15% af eignum eftirlaunasjóðs.

Eftirlaunasjóði er óheimilt að veita lán til annarra en sjóðfélaga eða ganga í ábyrgð fyrir aðra eða taka á sig aðrar skuldbindingar en greindar eru í þessari grein.

31. gr.

Í viðskiptum stjórnenda og starfsmanna eftirlaunasjóðs, rekstraraðila, svo og maka þeirra, skal gæta eftirtalinna atriða:

1. að viðskiptin séu sérstaklega skráð,
2. að stjórnir fyrirtækjanna fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Fyrirtækin skulu setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirlitinu.

XII. KAFLI
Innganga í og brottvikning úr eftirlaunasjóði.

32. gr.

Fullnægi launamaður skilyrðum reglugerðar um inngöngu er eftirlaunasjóði óheimilt að hafna aðild að sjóðnum. Sé launamaður metinn öryrki þegar við inngöngu í eftirlaunasjóðinn getur sú örorka ekki orðið tilefni bótaskyldu eftirlaunasjóðs heldur einungis sú örorka sem verður til eftir inngöngu. Hafi viðkomandi fengið inngöngu í eftirlaunasjóð er óheimilt að vísa honum úr sjóðnum nema brotið sé gegn reglugerð hans.

XIII. KAFLI
Ársreikningur og endurskoðun.

33. gr.

Stjórnir eftirlaunasjóðs og rekstraraðila hans skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og góða reikningsskilavenju. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild. Reikningsár eftirlaunasjóðs er almanaksárið. Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórnum eftirlaunasjóðs og rekstraraðila. Hafi einhverjir stjórnarmanna mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skulu þeir undirrita hann með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er. Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga þessara og reglur settar samkvæmt þeim. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu eftirlaunasjóðs.

Í ársskýrslu skal koma fram yfirlit yfir starfsemi eftirlaunasjóðs á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu en koma ekki fram annars staðar í ársreikningum. Bankaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings.

34. gr.

Ársreikningur eftirlaunasjóðs skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðandi má ekki sitja í stjórn eftirlaunasjóðs eða rekstraðila, vera starfsmaður þeirra aðila eða starfa í þágu þeirra að öðru en endurskoðun. Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum eftirlaunasjóðs. Jafnframt skulu stjórn og starfsmenn veita endurskoðanda allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til upplýsinga og gagna hjá rekstraraðila sem nauðsynleg eru við endurskoðun hjá eftirlaunasjóði.

35. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglur og reglugerð eftirlaunasjóðs. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi komi ekki fram þær upplýsingar sem þar eiga

að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Ef ársskýrsla hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða er ekki í samræmi við ársreikning skulu endurskoðendur vekja athygli á því í áritun sinni. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri eftirlaunasjóðs, greiðslutryggingu eða öðrum atriðum er veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins skal endurskoðandi gera stjórn sjóðsins viðvart, svo og bankaeftirlitinu, hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur sjóðsins hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi. Ákvæði þessarar málsgreinar taka til endurskoðanda rekstraraðila eftir því sem við getur átt.

36. gr.

Endurskoðaður ársreikningur eftirlaunasjóðs ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun, en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningnum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda þar sem m.a. kemur fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað og jafnframt hvernig verðmati á fasteignum í eigu sjóðsins er háttað. Meginniðurstöður ársreikninga skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu vera aðgengilegar almenningi og liggja frammi í starfsstöð eftirlaunasjóðs og rekstraraðila.

Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit í því formi sem bankaeftirlitið ákveður skal einnig sent því og skal það liggja frammi á starfsstöð eftirlaunasjóðs og rekstraraðila.

Auk ársreiknings eftirlaunasjóðs samkvæmt þessari grein skal einnig senda bankaeftirlitinu endurskoðaða ársreikninga rekstraraðila eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Þessum félögum er einnig skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda til hagsýslugerða, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands.

XIV. KAFLI
Eftirlit.

37. gr.

Bankaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi eftirlaunasjóða og jafnframt eftirlit með því að starfsemi rekstraraðila sé í samræmi við lög þessi. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem að mati bankaeftirlitsins eru nauðsynleg. Bankaeftirlitið leitar upplýsinga hjá tryggingaeftirliti um rekstur vátryggingaverndar eftirlaunasjóða.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi eftirlaunasjóðs eða rekstraraðila brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðar eða reglna settra samkvæmt þeim eða séu að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

XV. KAFLI
Afturköllun leyfis.

38. gr.

Skylt er fjármálaráðherra að afturkalla starfsleyfi eftirlaunasjóðs

1. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði til að öðlast starfsleyfi,
2. sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta eða starfsemi hans slitið.

39. gr.

Hafi eftirlaunasjóðir eða rekstraraðili í starfsemi sinni ítrekað eða með alvarlegum hætti brotið gegn ákvæðum laga þessara, reglna eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða starfsemi þeirra er að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust og kröfum bankaeftirlitsins skv. 2. mgr. 37. gr. hefur ekki verið sinnt er ráðherra heimilt að afturkalla starfsleyfi eftirlaunasjóðs að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Standi yfir opinber rannsókn á meintu broti eftirlaunasjóðs á ákvæðum laga þessara er ráðherra heimilt að svipta sjóðinn starfsleyfi um stundasakir. Skal þá ráðherra skipa hlutaðeigandi umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir sem miða að því að tryggja hag sjóðfélaga.

40. gr.

Afturköllun á starfsleyfi eftirlaunasjóðs skal rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi skriflega. Jafnframt skal birta tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi eftirlaunasjóðs endanlega skal hann skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á sjóðnum eða flutning á starfsemi hans til annars eftirlaunasjóðs.

XVI. KAFLI
Lífeyrissjóðir.

41. gr.

Ákvæði IV., VI. og VII. kafla laga þessara taka til réttinda sjóðfélaga í lífeyrissjóðum og einnig starfsemi lífeyrissjóðanna.

Lífeyrissjóðum er heimilt að öðru leyti að breyta starfsemi sinni til samræmis við lög þessi.

Breyti lífeyrissjóður hins vegar starfsemi sinni eftir gildistöku laga þessara og slík starfsemi rúmast ekki innan reglugerðar lífeyrissjóðsins ber honum að breyta reglugerð sinni til samræmis við lög þessi.

Óheimilt er að breyta samþykktum, reglugerðum, vinnureglum eða venjum lífeyrissjóða með ábyrgð ríkissjóðs, sveitarfélaga, ríkisbanka eða lögaðila til rýmkunar á inntökuskilyrðum nýrra sjóðfélaga eftir gildistöku laga þessara nema það samrýmist lögum þessum og hljóti staðfestingu fjármálaráðuneytis skv. 19. gr.

Eftirlaunasjóði er heimilt að yfirtaka rekstur lífeyrissjóðs að undangenginni úttekt á eignum og tryggingastærðfræðilegri úttekt á skuldbindingum lífeyrissjóðsins. Við slíka yfirtöku verða eignir lífeyrissjóðsins að nægja fyrir skuldbindingum.

XVII. KAFLI
Ágreiningur.

42. gr.

Verði ágreiningur um réttindi eða skyldur aðila samkvæmt lögum þessum úrskurðar fjármálaráðuneytið að fenginni greinargerð deiluaðila. Uni málsaðilar ekki úrskurði ráðuneytisins geta deiluaðilar leitað til dómstóla.

XVIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

43. gr.

Verði vanskil á greiðslu framlags skv. VI. kafla laga þessara skulu vangoldin framlög innheimt með vanskilavöxtum frá gjalddaga sem heimilaðir eru samkvæmt lögum. Vangoldin framlög má fullnusta skv. 10. tölul. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

44. gr.

Kröfur um framlög samkvæmt lögum þessum njóta forgangsréttar í þrotabú atvinnurekenda skv. 4. tölul. 112. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

45. gr.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

XIX. KAFLI
Viðurlög.

46. gr.

Haldi atvinnurekandi eftir eftirlaunaframlagi, hvort heldur er launamanns eða atvinnurekanda, og standi þannig ekki skil á eftirlaunaframlagi til viðurkennds eftirlaunasjóðs samkvæmt lögum þessum, varðar slíkt brot refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

47. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Um tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

XX. KAFLI
Gildistaka.

48. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Við gildistöku þeirra falla niður 2.–5. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Orðin „eftirlaun og lífeyrir“ í 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, falla brott.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 116. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu.

Um greinargerð frumvarpsins vísast til samhljóða greinargerðar á þskj. 827, 479. mál 116. löggjafarþings, bls. 4581–4600 í A-deild Alþt. 1992–93.

7. Þjóðhagsáætlun [7. mál]

fyrir árið 1994.

(Lögð fram af forsætisráðherra 4. október 1993.)

I. INNGANGUR OG YFIRLIT UM HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Þrátt fyrir að margvíslegir erfiðleikar hafi steðjað að íslenskum þjóðarbúskap undanfarin ár hefur náðst mikilsverður árangur á ýmsum sviðum efnahagsmála. Mestu máli skiptir tvennt. Annars vegar hefur tekist að halda verðbólgu í skefjum og hins vegar hefur viðunandi jafnvægi verið komið á í viðskiptum við útlönd.

Verðbólga hér á landi er nú svipuð og annars staðar í Evrópu og horfur eru á að hún verði minni á næsta ári. Gert er ráð fyrir að almennt verðlag á Íslandi hækki um 4% milli áranna 1992 og 1993 borið saman við spá OECD um 4,1% hækkun verðlags í Evrópu. Á næsta ári er spáð um 3% verðbólgu hér á landi en 3,9% í Evrópu. Viðskiptahallinn stefnir í um 5½ milljarð króna á þessu ári, eða sem svarar til 1,4% af landsframleiðslu, og hefur hann ekki verið minni um árabil. Til samanburðar var hallinn 12 milljarðar króna í fyrra og 18 milljarðar í hittiðfyrra. Þessi halli felur í sér að skuldasöfnun Íslendinga erlendis hefur verið stöðvuð og reyndar lækka erlendar skuldir þjóðarbúsins lítillega að raungildi milli áranna 1992 og 1993. Reiknað er með að viðskiptahallinn verði svipaður á árinu 1994 og á þessu ári eða um 5½ milljarður króna.

Þessi árangur hefur náðst þótt erfið ytri skilyrði hafi leitt til samdráttar og stöðnunar í þjóðarbúskapnum um nokkurra ára skeið. Gagnstætt því sem venja hefur verið við slík skilyrði hefur bæði verðbólga og viðskiptahalli minnkað. Í því sambandi nægir að benda á reynsluna frá erfiðleikaárunum um miðjan áttunda áratuginn og á fyrri hluta þess níunda. Í báðum tilvikum fór hvort tveggja úr böndum verðbólga og viðskiptahalli. Að baki hagstæðari þróun nú en áður við svipaðar aðstæður liggur aðhaldssöm hagstjórn og raunsætt mat aðila vinnumarkaðarins á efnahagslegum forsendum.

Þótt þannig hafi um margt miðað í rétta átt að undanförnu blasa við erfið verkefni, einkum á sviði ríkisfjármála og peningamála. Hallinn á ríkissjóði er meiri en fær staðist til lengdar og því er brýnt að ná honum niður í hæfilegum áföngum á næstu misserum. Í þessum efnum þarf þó að vega saman sjónarmið ríkisfjármála í þröngum skilningi annars vegar og almenn hagstjórnarsjónarmið hins vegar. Stefnan í ríkisfjármálum verður bæði að taka mið af samdrætti í þjóðarbúskapnum og skuldastöðu ríkisins. Þess vegna verður að skoða ríkisfjármálin í samhengi við stefnuna í peningamálum. Mikilvægt er að ná niður raunvöxtum til að örva atvinnulífið og bæta stöðu skuldugra heimila. Í því skyni þarf að stilla saman ríkisfjármálin og peningamálin þannig að skilyrði skapist fyrir varanlegri lækkun raunvaxta.

Ríkisstjórnin leggur megináherslu á að verja þann árangur sem náðst hefur í viðureigninni við verðbólgu og viðskiptahalla og búa þannig í haginn fyrir framfarir og bætt lífskjör þegar þjóðhagsleg skilyrði batna. Jafnframt hefur ríkisstjórnin kappkostað að draga svo sem verða má úr atvinnuleysi. Í því skyni hafa opinberar framkvæmdir verið auknar og Atvinnuleysistryggingasjóður varið fé til sérstakra verkefna. Þá hefur

ríkisstjórnin beitt sér fyrir aðgerðum til að efla starfsskilyrði innlendra fyrirtækja. Þannig hefur verið dregið úr skattlagningu atvinnuvega og raungengi krónunnar lækkað. Þessar aðgerðir hafa skilað sér í umtalsvert betri samkeppnisstöðu gagnvart útlöndum og þannig treyst hagvaxtarskilyrðin þegar horft er til langs tíma.



Gert er ráð fyrir að landsframleiðslan á þessu ári verði 0,5% meiri en í fyrra. Þjóðartekjur eru hins vegar taldar dragast saman um 1,9% vegna rýrnunar viðskiptakjara. Reiknað er með að þjóðarútgjöld verði 3,7% minni á þessu ári en í fyrra. Fjárfesting og einkaneysla eru þeir þættir þjóðarútgjalda sem minnka milli ára en samneysla eykst nokkuð. Í þessu felst að þjóðarútgjöldin dragast töluvert meira saman á þessu ári en þjóðartekjurnar sem skýrir hagstæða þróun viðskiptajafnaðar milli áranna 1992 og 1993.

Horfur eru á að landsframleiðslan taki nýja dýfu á árinu sem í hönd fer. Ástæðan er einfaldlega sú að nauðsynlegt er að draga úr þorskveiðum um stundarsakir í því skyni að efla þorskstofninn. Á þeim forsendum sem nú liggja fyrir um fiskafla á næstu árum má ætla að botni hagsveiflunnar verði náð á árinu 1994 og að á árinu 1995 megi búast við því að hagvöxtur glæðist. Þessi spá byggir meðal annars á því að ekki reynist nauðsynlegt að skerða þorskafla meira en þegar hefur verið ákveðið og ástand í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi fari batnandi eins og spáð er.

Að öllu samanlögðu er reiknað með að landsframleiðslan dragist saman um 2,6% milli áranna 1993 og 1994. Horfur eru á að hagvöxtur glæðist á árunum 1995 og 1996 og verði 1-2% hvort árið.

Hér á eftir er fyrst gerð grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Í framhaldi er fjallað um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum á þessu og næsta ári.

II. EFNAHAGSSTEFNAN

Inngangur

Lengst af þeim tíma sem núverandi ríkisstjórn hefur setið hefur hún þurft að glíma við samdrátt í þjóðarbúskapnum og erfiðar efnahagsaðstæður.

Meginverkefni efnahagsstjórnarinnar hafa verið að milda áhrifin af samdrættinum á atvinnulíf og heimili, tryggja stöðugleika í efnahagslífinu og búa í haginn fyrir hagvöxt og bætt lífskjör þegar fram í sækir. Vegna mikillar skuldasöfnunar ríkisins mörg undanfarin ár hefur svigrúm til aðgerða hins vegar verið þrengra en ella.

Til að treysta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs gagnvart erlendum keppinautum hefur raungengi krónunnar verið lækkað og er það nú í lágmarki miðað við síðustu þrjá áratugina. Einnig hafa starfsskilyrði atvinnulífsins verið bætt með lækkun skatta, ekki síst afnámi aðstöðugjaldsins. Til að milda áhrif samdráttarins á heimilin hefur verið ákveðið að lækka virðisaukaskatt af matvælum og viðamiklar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hamla gegn vaxandi atvinnuleysi.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru grundvöllur þess að kjarasamningar voru á þessu ári gerðir til lengri tíma en oftast áður, en friður á vinnumarkaði er mikilvægur þáttur í því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum. Þrátt fyrir lækkun á gengi krónunnar hefur verðbólga ekki farið úr böndum og verður á næsta ári minni en að meðaltali í Evrópuríkjum. Viðskiptahalli hefur farið minnkandi eins og að var stefnt með aðgerðum ríkisstjórnarinnar í fyrrahaust og í júní síðastliðnum og skuldir þjóðarbúsins aukast ekki lengur að raungildi.

Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur skilað þeim árangri sem til var ætlast við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja. Þessari stefnu verður einnig fylgt á næsta ári. Verkefnið er að halda halla á ríkissjóði í skefjum og sporna gegn vaxandi atvinnuleysi án þess að fórna því sem áunnist hefur í hjöðnun verðbólgu og minnkandi viðskiptahalla.

Stefnan í gengismálum miðast við að halda gengi krónunnar stöðugu enda hefur sú stefna átt mikinn þátt í hjöðnun verðbólgunnar, þótt nauðsynlegt hafi reynst að gera breytingar á gengi vegna ytri aðstæðna. Dregið verður úr halla ríkissjóðs án þess að hækka skatta en það, ásamt ráðstöfunum á fjármagnsmarkaði, skapar skilyrði til lækkunar raunvaxta. Unnið verður að því að treysta íslenskt atvinnulíf með öflugri sókn í atvinnumálum, meðal annars með breytingum á starfsskilyrðum, skipulagi og starfsaðferðum sem skila mun árangri til lengri tíma. Að þessu verður unnið í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Í sjávarútvegi verður unnið að hagræðingu - meðal annars fyrir tilstilli Þróunarsjóðs sjávarútvegsins - og í landbúnaði verður unnið að því að undirbúa greinina undir erlenda samkeppni í kjölfar EES-samnings og væntanlegra GATT-samninga. Með þessari stefnu verður búið í haginn fyrir þann hagvöxt sem nú hillir undir á næstu árum.

Viðfangsefni hagstjórnar á Íslandi eru um flest svipuð og í nágrannalöndunum. Einnig þar hafa stjórnvöld þurft að glíma við samdrátt, óstöðugleika og vaxandi atvinnuleysi sem víðast er reyndar mun meira en hér á landi. Svigrúm til aðgerða gegn samdrætti er alls staðar þröngt vegna þess að halli á opinbera búskapnum hefur vaxið ört. Gengissamstarf í Evrópu hefur beðið nokkurn hnekki um sinn, ekki síst vegna ólíkra efnahagsaðstæðna í einstökum löndum auk þess sem sameining Þýskalands hefur haft víðtæk áhrif á þróun efnahagsmála í Evrópu. Þrátt fyrir þetta stefna flest Evrópuríkin að því að treysta gengissamstarf á ný og koma á gengisstöðugleika, þegar aðstæður leyfa. Það mun auðvelda Íslendingum að fylgja eftir stefnu um stöðugt gengi krónunnar.

Í nágrannalöndum hefur verið lögð mikil áhersla á að lækka vexti til að örva atvinnulífið. Talsverður árangur hefur náðst í þessum efnum, einkum að því er varðar skammtímavexti, en langtímavextir hafa lækkað minna enda ráðast þeir í meira mæli af ástandi á fjármagnsmarkaði til lengri tíma litið, ekki síst af lánsfjárþörf hins opinbera. Þess vegna er alls staðar lögð áhersla á að draga úr hallarekstri ríkissjóðs, þrátt fyrir erfitt efnahagsástand. Hagstjórninni eru þannig settar afar þröngar skorður en reynt er að örva atvinnulífið með því að lækka vexti án þess að fórna árangri í hjöðnun verðbólgu og þess vegna verður að halda halla á ríkissjóði í skefjum. Þetta er einnig sú þraut sem hagstjórn hér á landi stendur frammi fyrir.

Gengis- og gjaldeyrismál

Miklar umbætur hafa átt sér stað á undanförnum misserum í gengis- og gjaldeyrismálum. Þar ber hæst tilkomu skipulegs millibankamarkaðar með erlendan gjaldeyri, sem hóf starfsemi sína 28. maí síðastliðinn. Millibankamarkaðurinn gerir það mögulegt að láta markaðsöflin hafa meiri og beinni áhrif á ákvörðun gengisins en áður. Þannig er hægt að láta gengið sveiflast innan ákveðinna marka og yfirvöld gengis- og peningamála fá mikilvægar vísbendingar á markaðnum.

Þegar gjaldeyrismarkaðurinn hóf starfsemi sína var ákveðið að stefnan í gengismálum yrði óbreytt, það er að stefna stöðugs gengis væri áfram helsta markmið stefnunnar í peningamálum. Því voru þau mörk, sem Seðlabankinn skal halda genginu innan, ákveðin tiltölulega þröng, eða 2¼% í hvora átt. Þótt viss rök megi færa fyrir víðari mörkum vegna sveiflukenndra gjaldeyristekna Íslendinga, var ákveðið að senda með þessum hætti skýr skilaboð um það að tilkoma gjaldeyrismarkaðarins fæli ekki í sér fráhvarf frá stefnu stöðugs gengis. Markmiðið um stöðugt gengi tryggir best að stefnan í peningamálum stuðli að stöðugleika í verðlagsmálum. Stöðugt gengi er því eins konar millimarkmið sem miðar að því að halda verðlagi stöðugu.

Ákveðið var að fella gengi krónunnar um 7,5% 28. júní síðastliðinn vegna fyrirséðs samdráttar útflutningstekna og erfiðrar stöðu sjávarútvegsins af völdum niðurskurðar aflaheimilda á nýju fiskveiðiári. Eftir gengisfellinguna er raungengi krónunnar í lágmarki miðað við það sem það hefur verið síðustu þrjá áratugi. Ef ekki koma til meiri háttar ytri áföll eru raunhæfar forsendur fyrir því að halda nafngengi krónunnar innan fráviksmarka á næstu misserum.

Í byrjun ágúst ákváðu ráðherrar og seðlabankastjórar Evrópubandalagsríkjanna að víkka tímabundið fráviksmörk í gengissamstarfi sínu þannig að þau urðu ± 15% fyrir

þau ríki sem taka þátt í gengisfyrirkomulaginu (ERM). Þó var ákveðið að fráviksmörk milli þýsks marks og hollensks gyllinis yrðu áfram ± 2¼%. Í reynd fól þessi ákvörðun í sér að gengi Evrópumynta gæti flotið innan tiltölulega víðra marka og í framhaldi af henni sköpuðust betri skilyrði fyrir einstök Evrópulönd að lækka vexti til samræmis við efnahagsskilyrði í hverju landi fyrir sig. Ekki urðu hins vegar neinar stórar breytingar á gengi einstakra mynta fyrsta daginn eftir að ákvörðunin var tekin. Seðlabankinn reiknaði út að miðað við viðskiptavegna gengisvog (landavog) fælu breytingarnar sem urðu fyrsta daginn í sér lítilsháttar gengislækkun, eða um 0,2%, en óveruleg viðskiptakjaraáhrif. Því var ekki talin ástæða að gera breytingar í gengismálum hér á landi að svo stöddu í framhaldi af þessum atburðum, heldur að bíða og sjá hver framvindan yrði. Hingað til hefur framvindan ekki gefið ástæðu til breytinga á gengisfyrirkomulaginu hér á landi.

Stöðugt gengi frá desember 1989 til nóvember 1992 átti mikinn þátt í hjöðnun verðbólgunnar á þessu tímabili. Sem mestur stöðugleiki í gengismálum er áfram mikilvægur til að halda aftur af verðbólgutilhneigingum. Á næsta ári verður frjálsræði í fjármagnshreyfingum enn aukið og því mikilvægt að gengisstefnan njóti trausts. Að öðrum kosti er hætt við að gengisáhættu- og verðbólguálag í nafnvöxtum hér á landi hækki og raunvextir verði þess vegna hærri en ella. Því trúverðugri sem gengisstefnan er, því lægri verða innlendir nafnvextir. Hins vegar sýnir reynslan að til að varðveita traust á stöðugu nafngengi þarf raungengið að vera í samræmi við raunveruleg efnahagsskilyrði.

Torvelt virðist að skilgreina annað millimarkmið fyrir stjórn peningamála hér á landi en gengið. Slíkt millimarkmið verður að hafa þann eiginleika að hafa sterkt samband við hið endanlega markmið, sem er stöðugleiki í verðlagi, og verða fyrir sterkum áhrifum af stjórntækjum peningamála. Peningamagnsstærðir, sem stundum eru nefndar í þessu sambandi, uppfylla illa þessi skilyrði, sérstaklega á tímaskeiði þegar miklar breytingar verða á fjármagns- og peningamörkuðum, eins og nú er raunin hér á landi. Af þessum ástæðum verður áfram fylgt stefnu stöðugs gengis á næsta ári.

Peningamál

Að undanförnu hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir sem horfa til framfara á fjármagnsmarkaði og stuðla að því að vaxtamyndun hér á landi eigi sér stað á hliðstæðan hátt og á erlendum mörkuðum þar sem frjálsræði ríkir. Með því að taka fyrir yfirdrátt ríkissjóðs í Seðlabankanum en afla ríkinu þess í stað lánsfjár með útboðum ríkisvíxla er lagður nýr grundvöllur að myndun skammtímavaxta á markaði. Ríkissjóður hefur einnig boðið út 6 og 12 mánaða óverðtryggð ríkisbréf, og er það liður í þeirri stefnu að draga úr notkun verðtryggingar fjárskuldbindinga. Einnig fara nú fram regluleg útboð á spariskírteinum auk þess sem Húsnæðisstofnun hefur hafið útboð skuldabréfa sem leysa munu af hólmi beina samninga við lífeyrissjóði um útvegun lánsfjármagns.

Ráðstafanir Seðlabankans að undanförnu hafa mótast af því markmiði að stuðla að lækkun vaxta. Hefur bankinn lækkað bindiskyldu, hækkað vexti af skyldubundnu fé, tekið upp nýbreytni í fyrirgreiðslu við innlánsstofnanir, svonefnda endurkaupsamninga, og lækkað vexti í tilboðum sínum á Verðbréfaþingi. Vextir á Verðbréfaþingi hafa

lækkað nær stöðugt það sem af er árinu. Ávöxtun í viðskiptum með spariskírteini var 6,9% í september, tæpu prósenti lægri en í janúar. Vextir ríkisvíxla í viðskiptum á Verðbréfaþingi voru 2,8 prósentustigum lægri í september en í janúar. Athyglisvert er að hin skammvinna aukning verðbólgu sem varð upp úr miðju ári í kjölfar gengisbreytingar hafði ekki áhrif til hækkunar vaxta á markaði fyrir ríkisvíxla. Hins vegar hækkuðu útlánsvextir banka og sparisjóða á þessum tíma. Þeir virðast vera næmir fyrir verðbólgubreytingum, jafnvel skammvinnum, þar sem verðtrygging er mjög útbreidd á innlánum. Með reglum Seðlabankans um verðtryggingu frá miðju þessu ári er að því stefnt að draga úr verðtryggingu innlána, að minnsta kosti þeirra sem hafa stuttan dvalartíma, og bönkum og sparisjóðum gert að ná jafnvægi milli verðtryggðra eigna og skulda. Með svonefndum vaxtaskiptasamningum milli Seðlabankans og innlánsstofnana nú í september er mjög dregið úr verðbólguáhættu innlánsstofnana sem felst í að verðtryggðar skuldir eru meiri en verðtryggðar eignir. Þurfa því innlánsstofnanir ekki að láta vexti fylgja skammvinnri hækkun verðbólgu eins mikið og áður var. Þetta ásamt áðurnefndum aðgerðum ríkissjóðs á peningamarkaði stuðlar að því að vaxtabreytingar verði hægari og mótist af framboði og eftirspurn fremur en af skammvinnum sveiflum í verðlagsþróun.

Þrenn ný lög um verðbréfamarkaðinn tóku gildi 1. júlí 1993: Um verðbréfaviðskipti, um verðbréfasjóði og um Verðbréfaþing Íslands. Með þeim eru lagaákvæði á þessu sviði færð til nútímalegra horfs og til samræmis við það sem gengur og gerist meðal grannþjóðanna.

Ný lög um viðskiptabanka og sparisjóði tóku gildi 1. júlí 1993. Með þeim fá viðskiptabankar og sparisjóðir víðtækari starfsheimildir en áður. Jafnframt hafa möguleikar þeirra til að eiga hlut í atvinnufyrirtækjum verið rýmkaðir.

Frumvarp til laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði var lagt fram á síðasta þingi. Til annarra lánastofnana teljast einkum fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna og eignarleigufyrirtæki. Frumvarpið varð ekki að lögum og verður það endurflutt á haustþingi 1993, enda er það hluti af aðlögun íslenskrar löggjafar að ákvæðum EES-samningsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsheimildir annarra lánastofnana verði þær sömu og viðskiptabanka og sparisjóða að því undanskildu að þeim verður ekki heimilt að taka við innlánum. Verði frumvarpið að lögum munu í fyrsta skipti gilda almenn lög um fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna og þeir settir undir eftirlit bankaeftirlits Seðlabankans.

Á árinu 1993 var kynnt á Alþingi frumvarp til laga um að breyta Iðnlánasjóði í Íslenska fjárfestingarbankann hf. og láta hann yfirtaka Iðnþróunarsjóð þegar Íslendingar eignast hann að fullu á árinu 1995. Frumvarpið verður lagt fram á haustþingi 1993. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hagsmunasamtök í iðnaði eignist hlut í Íslenska fjárfestingabankanum hf. á móti ríkissjóði og að ríkissjóði verði heimilt að selja hlut sinn í bankanum þegar frá stofnun hans. Með þessu móti er ekki aðeins verið að fækka fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna heldur einnig draga úr eignarhaldi ríkisins í sjóðakerfinu og setja á laggirnar alhliða fjármálastofnun sem veitt getur öfluga samkeppni á innlendum fjármagnsmarkaði.

Starfsumhverfi Seðlabanka Íslands hefur tekið stakkaskiptum á síðustu misserum. Gjaldeyrishömlur heyra brátt sögunni til og ör framþróun hefur orðið á innlendum

fjármagnsmarkaði. Breyttar aðstæður hafa kallað á ný vinnubrögð og jafnframt gert kleift að beita stýritækjum sem áður höfðu ekkert gildi. Bankinn leggur síaukna áherslu á markaðsaðgerðir, bæði á gjaldeyrismarkaði og peningamarkaði, til að ná fram markmiðum ríkisstjórnarinnar í gengis- og peningamálum.

Breyttar aðstæður kalla á breytingar á löggjöfinni um bankann. Frumvarp til nýrra laga um Seðlabankann var lagt fram á haustþingi 1992 en náði ekki fram að ganga. Fyrirhugað er að frumvarpið verði lagt fram á ný á haustþingi 1993. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bankinn hafi það eina meginmarkmið að stuðla að stöðugu verðlagi í stað þess að stefna að nokkrum markmiðum, iðulega ósamræmanlegum, eins og nú gildir. Þá er lagt til að bankinn verði sjálfstæðari með því að frelsi hans til að beita stjórntækjum í peningamálum verði aukið.

Á allra síðustu árum hefur orðið ör framþróun á innlendum fjármagnsmarkaði, einkum verðbréfamarkaði. Húsbréfaútgáfa hefur vaxið hröðum skrefum og þess verður ekki langt að bíða að markaðsvirði útgefinna húsbréfa verði hærra en markaðsvirði útgefinna spariskírteina ríkissjóðs. Regluleg útboð ríkissjóðs á spariskírteinum og Húsnæðisstofnunar á húsnæðisbréfum, viðskipti með spariskírteini á Verðbréfaþingi Íslands og húsbréf hafa stuðlað að virkari markaðsmyndun langtímavaxta. Þá hafa regluleg útboð ríkissjóðs á ríkisvíxlum og ríkisbréfum stuðlað að því að hér á landi er loks að þróast öflugur markaður fyrir skammtímabréf. Með viðskiptum á honum opnast Seðlabankanum nýjar leiðir til að hafa áhrif á þróun skammtímavaxta.

Sömu þróunar í átt til markaðsviðmiðunar allra vaxta hefur hins vegar ekki gætt í bankakerfinu. Vaxtabreytingar banka og sparisjóða í kjölfar tímabundinna verðbólguhækkana hafa sætt gagnrýni svo og tenging vaxta af óverðtryggðum skuldbindingum til skamms tíma við vexti af verðtryggðum fjárskuldbindingum til lengri tíma. Þá hafa raunvextir hér á landi haldist tiltölulega háir allt frá því að vaxtafrelsi var að fullu komið á í ársbyrjun 1987, þrátt fyrir efnahagsstöðnun frá 1988. Þetta á sérstaklega við um ríkisskuldabréf. Því hefur athyglin í sívaxandi mæli beinst að vaxtamyndunarkerfinu og þeirri spurningu hvort í því leynist innbyggðir veikleikar sem torvelda eðlilega vaxtaþróun hér á landi.

Ríkisstjórnin ákvað í lok júní á þessu ári að skipa nefnd sérfræðinga til að kanna vaxtamyndun á lánsfjármarkaði, einkum með tilliti til þess hvort uppbygging og skipulag markaðarins, til dæmis víðtæk verðtrygging, hindri eðlilega vaxtamyndun. Jafnframt var nefndinni falið að skoða skipulag innlends fjármagnsmarkaðar og tengsl hans við erlenda fjármagnsmarkaði í því skyni að kanna hvort með frekari skipulagsbreytingum megi leggja grunn að því að raunvaxtastig á Íslandi verði áþekkt og í helstu viðskiptalöndum.

Með umbótum á fjármagnsmarkaði og minnkandi lánsfjárþörf hins opinbera er lagður grundvöllur að því að nafnvaxtaþróun verði á næstunni mun stöðugri en verið hefur og að raunvextir geti haldið áfram að lækka.

Ríkisfjármál

Meginmarkmið stefnunnar í ríkisfjármálum er skýrt: Þrátt fyrir erfiðar efnahagsaðstæður verður að draga úr hallarekstri ríkissjóðs án þess að hækka skatta. Þess vegna verður að lækka ríkisútgjöld.

Þegar ríkisstjórnin tók við völdum fyrir rúmum tveimur árum setti hún sér það markmið að koma ríkisfjármálunum í viðunandi horf. Tvennt hefur raskað þessum áformum. Annars vegar reyndist vandinn mun meiri en gert var ráð fyrir, meðal annars vegna ýmissa skuldbindinga sem ríkisstjórnin fékk í arf frá fyrri tíð. Hins vegar hafa versnandi efnahagsaðstæður, innan lands og utan, leitt mikinn samdrátt yfir þjóðarbúið sem hefur enn aukið hallarekstur ríkissjóðs. Eigi að síður hefur ríkisstjórninni tekist að stöðva útgjaldavöxt hjá ríkinu og hamla þannig gegn frekari halla á ríkissjóði án þess að grípa til skattahækkana. Raunar hafa ríkisútgjöld lækkað og eru samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár 10 milljörðum króna lægri að raungildi en árið 1991. Ef ekki hefði komið til samdráttar í efnahagslífinu hefði upphaflegt markmið um hallalaus fjárlög nú verið innan seilingar.

Um langt árabil hefur ríkissjóður verið rekinn með halla hér á landi, jafnt í góðæri sem á samdráttartímum. Afleiðing þessa hallarekstrar er mikil skuldasöfnun, ekki síst erlendis. Þótt skuldir hins opinbera hafi aukist á undanförnum árum eru þær enn talsvert minni í hlutfalli við landsframleiðslu en í flestum nágrannalöndum. Fram til ársins 1992 mátti rekja verulegan hluta halla á ríkissjóði til mikillar aukningar ríkisútgjalda ár frá ári, en ríkisútgjöld jukust að raungildi um nær 6% að meðaltali á ári á tímabilinu 1970 til 1991. Þessi þróun náði hámarki árið 1991. Ríkisstjórnin setti sér það markmið að stöðva vöxtinn í ríkisútgjöldum og draga þannig úr hallarekstri. Vegna samdráttar í efnahagslífinu hafa útgjöld til atvinnuleysisbóta og atvinnuskapandi verkefna hins vegar aukist og skatttekjur að sama skapi minnkað. Í þessari þröngu stöðu hefur ríkisstjórnin lagt megináherslu á að koma í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi líkt og ýmsar nágrannaþjóðir okkar þurfa að þola. Þessar áherslur hafa haft í för með sér aukin fjárframlög úr ríkissjóði og lækkun skatta. Halli ríkissjóðs hefur þannig óhjákvæmilega orðið meiri en að var stefnt í upphafi.

Við erfiðar aðstæður hefur ríkisstjórnin leitast við að hlífa hinum tekjulægstu og fremur lagt auknar byrðar á hina efnameiri og tekjuhærri. Þannig var lagður á sérstakur hátekjuskattur auk þess sem barnabætur og vaxtabætur hinna tekjuhærri hafa verið skertar. Barnabætur hinna tekjulægri hafa á hinn bóginn verið hækkaðar. Þrátt fyrir strangt aðhald í ríkisútgjöldum hefur verið kappkostað að tryggja þjónustu velferðarkerfisins. Þá hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til að draga úr áhrifum versnandi efnahagsástands á afkomu hinna lægst launuðu og greiða fyrir gerð kjarasamninga, meðal annars með auknum niðurgreiðslum og áformum um lækkun virðisaukaskatts af matvælum.

Lykilatriði í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er að fylgt verði trúverðugri stefnu í ríkisfjármálum þar sem markvisst verði dregið úr halla ríkissjóðs á næstu árum án þess að hækka skatta. Trúverðug stefna í ríkisfjármálum hefur áhrif á væntingar atvinnulífsins og stuðlar að lækkun vaxta.

Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að hallinn á ríkissjóði á árinu 1994 verði umtalsvert minni en 1993. Þessu marki verður náð með lækkun ríkisútgjalda, en ekki

skattahækkunum. Stefnt er að sameiningu ríkisstofnana og auknum sveigjanleika í rekstri og er mikilvægt að þröngir sérhagsmunir standi ekki í vegi fyrir þessum breytingum. Tekjur ríkissjóðs munu hins vegar enn lækka og þarf að fara aftur til ársins 1987 til að finna lægri tekjutölur en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994. Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila verður samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár minni en á þessu ári. Þetta mun stuðla að því að raunvextir lækki.

Þriðja árið í röð mun ríkisstjórnin leitast við að þræða afar erfitt einstigi í ríkisfjármálum sem markast annars vegar af samdrætti í efnahagslífinu og hins vegar af nauðsynlegu aðhaldi í rekstri ríkisins til að hallinn fari ekki úr böndum. Þetta einstigi er engan veginn auðratað eins og reynsla margra nágrannaþjóða sýnir þar sem atvinnuleysi hefur margfaldast, afkoma ríkissjóðs hríðversnað og skuldir opinberra aðila farið ört vaxandi.

Sú stefna í ríkisfjármálum sem mörkuð er í fjárlagafrumvarpinu er veigamikill þáttur í að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Með henni er jafnframt leitast við að skapa skilyrði fyrir hagvöxt og aukna atvinnu hér á landi. Þannig styrkir ríkisfjármálastefnan markmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Atvinnumál

Mikilvægasti þáttur atvinnustefnu er að skapa öllu atvinnulífinu almenn skilyrði svo að framtak fyrirtækja og einstaklinga til sóknar í atvinnumálum fái notið sín. Ríkisstjórnin hefur staðið að margháttuðum aðferðum til að bæta starfsskilyrði atvinnuveganna. Raungengi krónunnar hefur verið lækkað, skattar á atvinnurekstur hafa verið lækkaðir, stöðugleiki er meiri en um langt árabil og EES-samningurinn mun skapa íslensku atvinnulífi ný sóknarfæri. Þessar aðgerðir styrkja viðleitni fyrirtækjanna sjálfra til aukinnar hagræðingar.

Ríkisvaldið getur stutt við framtak einstaklinga og fyrirtækja með margvíslegri aðstoð, meðal annars við rannsókna- og þróunarstarfsemi og markaðssókn. Í tengslum við gerð kjarasamninga í maí síðastliðnum lýsti ríkisstjórnin sig reiðubúna til samstarfs við samtök launafólks og atvinnurekenda með það að markmiði að treysta íslenskt atvinnulíf. Slíka sókn í atvinnumálum þarf að undirbúa, meðal annars með breytingum á starfsskilyrðum, skipulagi og starfsaðferðum. Í yfirlýsingunni voru tilteknir ákveðnir þættir sem ákveðið var að undirbúa þannig að þeir gætu komið til framkvæmda eigi síðar en á næsta ári. Þessi undirbúningur er þegar hafinn og verður honum haldið áfram á næstunni, meðal annars með lagasetningu þar sem nauðsynlegt er. Í þessu sambandi má nefna eftirtalda þætti:

Starfsemi Útflutningsráðs Íslands verður fjármögnuð með svipuðum hætti og verið hefur. Útflutningsráð mun efla samstarf við aðra aðila, þar á meðal Ferðamálaráð, um tiltekin verkefni án þess að um formlegt samstarf eða sameiningu verði að ræða. Með þessum hætti verður skipulag og fjármögnum kynningarstarfsins í því horfi að það skili öflugu starfi að þessum málum.

Stjórnvöld munu leita eftir samningum við Útflutningsráð um að það annist kynningu á fjárfestingarmöguleikum á Íslandi fyrir erlend fyrirtæki og þjónustu við

þau fyrirtæki er leita eftir slíku. Sérstaklega þarf að sjá fyrir fjármögnun á þessu starfi. Á þennan hátt er þessari starfsemi komið fyrir innan starfandi skrifstofu, en slíkt er mun hagkvæmara en að setja upp sérstaka skrifstofu í þessu skyni. Einnig þarf að tryggja eðlilega verkaskiptingu milli Útflutningsráðs og Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar í þessum málum. Í þessu samhengi er einnig unnið að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna frísvæðis.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa að undanförnu verið að hasla sér völl á erlendum vettvangi með því að kaupa hluti í erlendum fyrirtækjum eða stofna ný fyrirtæki. Með stofnun Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verður meðal annars unnt að greiða fyrir fjárfestingu íslenskra fyrirtækja í erlendum sjávarútvegi. Einnig er nú verið að undirbúa breytingar á lögum til að auðvelda íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum starfsemi erlendis. Á þennan hátt verður unnt að nýta betur þá miklu þekkingu sem býr í íslenskum sjávarútvegi.

Öflugt rannsókna- og þróunarstarf gegnir stöðugt auknu hlutverki í því að skapa traust og fjölbreytt atvinnulíf. Ríkisstjórnin hefur nú markað stefnu í vísinda- og tæknimálum sem hrint verður í framkvæmd á næstu misserum. Með stefnu sinni hyggst ríkisstjórnin efla vísinda- og tæknistarfsemi í landinu og tengja hana stefnu í efnahags- og atvinnumálum. Um leið og auknum fjármunum verður veitt til starfseminnar verða meiri kröfur gerðar um vinnubrögð og árangur. Til þess að tryggja þetta verða gerðar veigamiklar breytingar á skipulagi vísinda- og tæknimála, meðal annars með því að sameina Vísindaráð og Rannsóknaráð í eina stofnun.

Með því að skapa atvinnulífinu öllu samkeppnisfær starfsskilyrði og með aðgerðum er styðja við rannsókna- og þróunarstarf og markaðsókn er lagður grundvöllur að fjölbreyttu atvinnulífi sem mætir fjölbreyttum óskum fólks um starf. Þetta gildir um iðnað, hvort sem er til útflutnings eða á heimamarkaði, og þjónustu. Hér má sérstaklega nefna ferðaþjónustu sem er í vexti og vonir eru bundnar við í framtíðinni. Þetta gildir einnig um sjávarútveg og landbúnað en afskipti ríkisvaldsins af þessum atvinnugreinum eru þó meiri en af öðrum greinum. Þess vegna verður hér fjallað um þær sérstaklega.

Þær aðgerðir sem hér hafa verið nefndar miða að því að treysta stöðu atvinnulífsins til lengri tíma litið. Ríkisstjórnin hefur jafnframt gripið til margvíslegra aðagerða til að sporna við vaxandi atvinnuleysi, meðal annars með útgjöldum til framkvæmda og viðhalds mannvirkja. Þessar aðgerðir hafa skilað árangri en þær geta þó aldrei dugað til þess að halda atvinnuleysi í skefjum til langframa. Til þess að vinna bug á atvinnuleysinu þarf hagvöxt þannig að atvinnulífið geti staðið undir aukinni atvinnu með vaxandi umsvifum.

Sjávarútvegur

Slæmt ástand þorskstofnsins hefur haft mikil áhrif á alla stefnumörkun á sviði sjávarútvegsmála á undanförnum árum og hefur megináhersla verið lögð á að grípa til aðgerða til að efla stofninn. Hefur það annars vegar verið gert með því að draga verulega úr leyfilegum heildarafla og hins vegar með ýmsum óbeinum aðgerðum er

miða að því að nýta stofninn betur. Í því skyni hafa verið teknar ákvarðanir um viðamiklar lokanir veiðisvæða til skemmri eða lengri tíma. Þá hefur Hafrannsóknastofnun lagt aukna áherslu á rannsóknir á vöxt og viðkomu þorskseiða. Eru bundnar vonir við að þessar rannsóknir geti skýrt hvaða þættir hafi mest áhrif á nýliðun stofnsins. Ástand annarra nytjastofna en þorsks er viðunandi og jafnvel mjög gott eins og rækju- og loðnustofnsins. Er útlit fyrir metafla þessara tegunda á yfirstandandi fiskveiðiári. Þá hafa veiðar á úthafskarfa farið vaxandi.

Nýlegur rannsóknaleiðangur Hafrannsóknastofnunar, sem farinn var til að kanna ástand þorskseiða, gefur vonir um að betur hafi tekist til með hrygningu þorskstofnsins í vor en sjö undanfarin ár. Reynist þessar vísbendingar réttar þýðir það ekki að hægt verði að auka aflann á allra næstu árum. Þær gefa hins vegar vonir um að botninum sé náð og hægt og sígandi verði hægt að efla stofninn að nýju.

Gripið hefur verið til ýmissa ráðstafana til að mæta niðurskurði aflaheimilda. Ýmsum sköttum hefur verið létt af sjávarútveginum og þá hefur gengi krónunnar verið lækkað tvisvar á innan við ári. Er raungengið nú lægra en það hefur verið í mörg ár. Þá hefur verið gripið til ýmissa aðgerða til að milda áhrif aflasamdráttarins. Má í því sambandi nefna greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins á síðasta ári, verulegar lánalengingar í opinberum sjóðum fyrir árin 1992 til 1995 og ráðstöfun á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs til þeirra fyrirtækja sem hafa orðið fyrir mestri tekjuskerðingu vegna niðurskurðar aflaheimilda. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir er ljóst að afkoma sjávarútvegsins í heild verður erfið þegar áhrif minnkandi þorskafla á þessu fiskveiðiári verða að fullu komin fram. Afkoman virðist þó talsvert skárri en reiknað var með þegar ákvörðunin um fiskveiðikvóta var tekin í sumar. Þessum vanda verður hins vegar að mæta með aukinni hagræðingu innan greinarinnar. Þar skiptir mestu að fiskiskipum og fiskvinnslustöðvum fækki frá því sem nú er þannig að fjárfesting í greininni nýtist betur.

Í vor skilaði nefnd, sem falið var að gera tillögur til mótunar heilstæðrar sjávarútvegsstefnu, áliti sínu. Nefndin lagði til að byggt yrði á núverandi aflamarkskerfi við stjórn fiskveiða en það var álit nefndarinnar að slíkt kerfi tryggði mesta hagkvæmni í sjávarútvegi. Þó lagði nefndin til að nokkrar breytingar yrðu gerðar á gildandi lögum. Með hliðsjón að tillögum nefndarinnar verður lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Nefndin lagði jafnframt til að tekið yrði á þeirri umframafkastagetu sem er í fiskvinnslustöðvum og fiskiskipum. Lagði hún til að settur yrði á stofn Þróunarsjóður sjávarútvegsins sem hefði það hlutverk að stuðla að aukinni hagræðingu í sjávarútvegi. Frumvarp um stofnun sjóðsins verður lagt fram á Alþingi.

Þróunarsjóðurinn mun fyrst og fremst sinna hlutverki sínu með því að stuðla að betri nýtingu fjárfestingar í útgerð og fiskvinnslu. Er gert ráð fyrir að styrkir til úreldingar fiskiskipa verði hækkaðir úr 30% af húftryggingarverðmæti skipa samkvæmt gildandi lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins í 45%. Þá er gert ráð fyrir að hámarksfjárhæð styrksins hækki úr 50 milljónum króna á skip í 75 milljónir króna. Ljóst er að þessi hækkun styrksins mun skipta sköpun um áhuga útvegsmanna til að leggja skipum. Sjóðnum er jafnframt gert kleift að stuðla að hagræðingu í fiskvinnslunni. Það gerir sjóðurinn með því að kaupa fasteignir fiskvinnslustöðva og stuðla þannig að því að meiri afli komi til vinnslu í þeim stöðvum sem eftir verða. Þá er

gert ráð fyrir að sjóðurinn geti, í samvinnu við lánastofnanir, stuðlað að fjárhagslegri endurskipulagningu við sameiningu sjávarútvegsfyrirtækja. Að lokum er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti hlúð að þeirri viðleitni sem mjög hefur verið ríkjandi í sjávarútveginum á undanförnum árum að taka þátt í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti veitt styrki til einstaklinga og fyrirtækja við öflun slíkra verkefna og eins er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti lagt fram hlutafé í slík verkefni. Það mundi sjóðurinn væntanlega fyrst og fremst gera með því að leggja til þau fiskvinnslutæki sem hann kann að eignast við kaup á fiskvinnslustöðvum. Loks verður lagt fram frumvarp til laga um afnám Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins en það frumvarp er í samræmi við álit nefndar sem falið var að gera tillögur um framtíðarskipan þessara mála.

Þau lagafrumvörp sem rakin voru hér að framan miða öll að því að bæta hag sjávarútvegsins og gefa fyrirtækjum í greininni tækifæri til að takast á við það erfiða verkefni að laga afkastagetu veiða og vinnslu að afrakstursgetu fiskistofnanna. Stjórnvöld munu jafnframt beita sér í því að treysta atvinnu í sjávarútvegi með því að efla nýsköpun í greininni, jafnt með bættri nýtingu þeirra tegunda sem nú eru nýttar sem og með aukningu verðmæta úr þeim stofnum sem nú eru vannýttir. Þá er þess að vænta að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið komist á fyrir eða um næstu áramót. Samningurinn er sjávarútveginum afar mikilvægur en hann mun tryggja verulegar tollalækkanir á mikilvægum sjávarafurðum og treysta þannig samkeppnisstöðu sjávarútvegsins. Þá mun samningurinn veita færi til frekari fullvinnslu og auka þannig verðmætasköpun í sjávarútveginum.

Nú er í undirbúningi endurskoðun laga um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Gildandi lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands eru frá árinu 1976. Þar sem miklar breytingar hafa átt sér stað á þessu sviði síðan lögin öðluðust gildi er orðin brýn þörf á endurskoðun þeirra. Veiðar á úthafinu hafa færst í vöxt, bæði veiðar Íslendinga á nálægum sem fjarlægum miðum og veiðar erlendra skipa utan íslensku 200 mílna efnahagslögsögunnar. Slíkar veiðar eru því orðnar miklu brýnna hagsmunamál nú en fyrirsjáanlegt var árið 1976. Samhliða þessu hefur verslun með óunninn fisk aukist verulega á síðustu árum. Hefur það í mörgum tilfellum orðið til þess að veikja möguleika á ábyrgri nýtingu auðlindarinnar, meðal annars vegna þess að ekki er vitað hve mikið er veitt úr hverjum stofni. Jafnframt hefur mikil þróun orðið í hafréttarmálum. Ákvæði Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagslögsögu, úthaf og verndun og stjórnun hinna lífrænu auðlinda úthafsins hafa hlotið viðurkenningu sem þjóðréttarreglur. Nánari þjóðréttarreglur á ýmsum þessum sviðum eru nú í mótun á vegum Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana þeirra. Hefur Ísland haft forystu ásamt fleiri strandríkjum varðandi tillöguflutning í þessum efnum og er í þeim tillögum meðal annars gert ráð fyrir ríkri skyldu fiskveiðiþjóða til stjórnunar og eftirlits með veiðum fiskiskipa sinna á alþjóðlegu hafsvæði. Af framangreindum ástæðum er þörf á að fram fari mat á því hvernig hagsmunir Íslands varðandi veiðar á úthafinu verði best tryggðir til lengri tíma litið og hvaða löggjöf er nauðsynleg í þeim efnum.

Landbúnaður

Árið 1993 er fyrsta árið sem búvörusamningur frá 1991 hefur virkað að fullu á sauðfjár- og mjólkurframleiðslu. Samkvæmt samningnum er árlega úthlutað framleiðsluheimildum (greiðslumarki) sem miðast við neyslu viðkomandi búvara innanlands. Útflutningsbætur hafa verið aflagðar, en á vegum framleiðenda og afurðastöðva er unnið að markaðsöflun erlendis á nýjum forsendum. Árangur er óviss.

Þar sem neysla mjólkurafurða hefur verið tiltölulega stöðug undanfarin ár er úthlutað sama greiðslumarki fyrir árið 1994 og var 1993, það er 100 milljónum lítra. Nokkur viðskipti hafa verið með greiðslumark í mjólk á milli bænda og framleiðslan færist á æ færri hendur. Því má ætla að afkoma mjólkurframleiðenda versni ekki þrátt fyrir raunlækkun á verði.

Öðru máli gegnir um sauðfjárframleiðsluna. Þar heldur neyslusamdrátturinn áfram og greiðslumark sem var 8.150 tonn á þessu ári verður 7.400 tonn árið 1994, en þá er gert ráð fyrir sérstakri niðurfærslu þess um 270 tonn vegna birgðasöfnunar, sem heimilt er samkvæmt búvörusamningi. Í þessu sambandi má nefna að virkar og óvirkar framleiðsluheimildir voru 11.850 tonn árið 1991, áður en til niðurfærslu kom. Sá samdráttur sem fyrirsjáanlegur er mun óhjákvæmilega valda gríðarlegum samdrætti hjá sauðfjárbændum og mun hann fyrst koma fram af fullum þunga á næsta ári. Áætla má að launaskerðing þessara bænda geti numið um eða yfir 40% þegar hún er öll komin fram.

Neysla á svínakjöti heldur áfram að vaxa, en kjúklinganeysla hefur staðið í stað. Neysla á eggjum er nokkuð stöðug. Sjömannanefnd skilaði í vor tillögu um úrbætur í þessum greinum og benti á að best væri að vinna að bættu skýrsluhaldi, skipulögðum innflutningi erfðaefnis og úrbótum í heilbrigðismálum. Jafnframt lagði nefndin til að felld yrði niður innheimta ríkissjóðs á kjarnfóðurgjaldi og bætt yrði stofnlánafyrirgreiðsla alifuglabænda. Að þessum málum öllum er unnið.

Á þessu ári hafa verið afskrifaðar skuldir loðdýrabænda sem ríkisábyrgð var fyrir og færðar niður skuldir þeirra hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins. Verðhækkanir hafa orðið á skinnum, en framtíð greinarinnar er þó óviss.

Erfitt er að spá fyrir um þróun fiskeldis á næstu árum, en nýlega kom út skýrsla á vegum Rannsóknaráðs ríkisins þar sem áhersla er lögð á að skapa rekstrarskilyrði fyrir hagkvæmustu stöðvarnar og rök færð að því að fiskeldi geti átt hér framtíð fyrir sér ef rétt er á málum haldið.

Með gildistöku EES samninganna og þó einkum með væntanlegri niðurstöðu í Úrúgvæ-viðræðunum hjá GATT opnast fyrir innflutning á flestum unnum búvörum með heimild til þess að leggja á stiglækkandi jöfnunartolla. Ríkisstjórnin hefur mótað ákveðna stefnu í þessum efnum og leggur áherslu á að framkvæmdin verði skipuleg og landbúnaðinum gefist möguleiki á að aðlagast þessum breyttu aðstæðum. Nauðsynlegt er að endurmeta ýmsar álögur á landbúnaðinn og rekstrarskilyrði hans að öðru leyti í því skyni að styrkja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu. Að því er nú unnið.

Með fjárlagafrumvarpi 1994 hafa bein útgjöld ríkissjóðs til landbúnaðarmála verið dregin saman um 40% miðað við meðalútgjöld á síðasta kjörtímabili. Þetta, ásamt aukinni samkeppni erlendis frá, mun þýða verulegar breytingar fyrir íslenskan landbúnað á næstu árum.

III. ÁSTAND OG HORFUR 1993-1994

Efnahagshorfur fyrir árið 1994 mótast af nauðsyn þess að draga saman þorskafla. Fyrir vikið er óhjákvæmilegt að landsframleiðslan verði minni en á þessu ári. Niðurstaða þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1994 er sú að bæði landsframleiðsla og þjóðartekjur dragist saman um 2,6%. Til samanburðar er reiknað með að landsframleiðsla aukist um 0,5% á þessu ári en þjóðartekjur minnki um 1,9% vegna mikillar lækkunar á verði sjávarafurða. Áætlunin bendir til þess að þjóðarútgjöld dragist svipað saman og þjóðartekjur á næsta ári og hallinn á viðskiptum við útlönd verði því nokkurn veginn sá sami og á líðandi ári. Spáð er að hallinn verði liðlega 5½ milljarður króna eða sem svarar 1,4% af landsframleiðslu. Atvinnuleysi er talið aukast á næsta ári vegna minni eftirspurnar og umsvifa í þjóðarbúskapnum. Gert er ráð fyrir að skráð atvinnuleysi verði 5-5½% borið saman við 4½% á þessu ári. Spáð er 3% verðbólgu milli áranna 1993 og 1994. Horfur til lengri tíma benda til þess að botni hagasveiflunnar verði náð á næsta ári og búast megi við nokkrum hagvexti á næstu árum þar á eftir. Þetta byggir einkum á því að ekki þurfi að koma til frekari skerðingar þorskafla en nú er stefnt að og langþráður bati í efnahagslífi helstu viðskiptalanda líti dagsins ljós. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið mun þá væntanlega einnig fara að skila ávinningi.

Alþjóðaefnahagsmál

Lægðin í efnahagslífi iðnríkjanna hefur nú varað í fjögur ár og örugg merki um bata hafa ekki enn komið fram. Alþjóðaefnahagsstofnanir hafa að undanförnu endurskoðað hagvaxtarspár sínar frá því í vor til lækkunar í ljósi framvindu efnahagsmála í sumar. Flest bendir þó til að erfiðasti hjallinn sé að baki í þeim löndum þar sem fyrst kreppti að - Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi. Annars staðar ríkir meiri óvissa. Þannig eru horfurnar í Japan ekki uppörvandi um þessar mundir og líklegt er talið að á meginlandi Evrópu verði botni hagsveiflunnar ekki náð fyrr en í byrjun næsta árs. Þótt horfurnar séu þannig bæði óvissar og afar mismunandi eftir löndum er því spáð að hagvöxtur í iðnríkjunum í heild muni smám saman glæðast á næstu mánuðum og samsvara jafnaðarvexti í iðnríkjunum undanfarna áratugi - um 3% á ári - seint á næsta ári. Til samanburðar er spáð 1,1% hagvexti í iðnríkjunum á þessu ári.

Erfiðleikarnir í iðnríkjunum virðast ekki hafa dregið máttinn úr efnahagslífi þróunarríkja. Í mörgum þeirra hefur hagvöxtur að undanförnu verið ör, einkum þó í Austur-Asíu. Hins vegar er gert ráð fyrir töluverðum samdrætti í Austur-Evrópu og fyrrum Sovétríkjunum á þessu ári en þar gæti hins vegar víða farið að rofa til á næsta ári.

Að baki þessum óþægilega hægagangi í efnahagslífi iðnríkjanna að undanförnu liggja margar ástæður. Án efa skiptir þó mestu máli óhjákvæmileg fjárhagsleg endur-

skipulagning hjá heimilum og fyrirtækjum eftir skuldasöfnun í uppganginum á níunda áratugnum. Háir vextir hafa jafnframt torveldað þessa endurskipulagningu og dregið batann á langinn. Betra jafnvægi í fjármálum heimila og fyrirtækja er nú víða í augsýn, meðal annars vegna mikilla vaxtalækkana. Jafnvægisleysi einkennir hins vegar enn ríkisfjármál í mörgum löndum og er það áhyggjuefni.

Efnahagslægðin í iðnríkjum hefur birst í ýmsum myndum. Aukning atvinnuleysis hefur verið mest sláandi, einkum í Evrópu. Talið er að nú séu um 36 milljónir manna atvinnulausir í aðildarríkjum OECD og hefur atvinnuleysið ekki áður verið meira frá því á fjórða áratugnum. Við bætist að horfur um betri tíð í þessum efnum á næstunni eru óvissar. Það er jafnan svo að nokkur tími líður frá því að hagvöxtur glæðist og þar til áhrifin koma fram á vinnumarkaði. Ljósi punkturinn í efnahagsþróun á alþjóðavettvangi að undanförnu er hjöðnun verðbólgunnar. Hún hefur minnkað ár frá ári síðastliðin þrjú ár eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirlitstöflu.

Ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum

	1991	1992	Spá 1993	Spá 1994
Hagvöxtur, %-br. frá fyrra ári	0,6	1,7	2,2	3,2
Iðnríki	0,5	1,7	1,1	2,2
Bandaríkin	-0,7	2,6	2,7	2,6
Evrópubandalagið	0,8	1,1	-0,2	1,6
Japan	4,0	1,3	-0,1	2,0
Þróunarríki	4,5	5,8	6,1	5,5
Austur-Evrópa og fyrrum Sovétríkin	-12,0	-15,4	-10,2	-1,1
Alþjóðaviðskipti, %-br. frá fyrra ári	**2,4**	**4,6**	**3,0**	**5,0**
Olíuverð [1]	**-17**	**-0,5**	**-8,4**	**3,3**
Verðbólga				
Iðnríki	4,6	3,3	3,0	2,7
Vextir, LIBOR [2]	**6,1**	**3,9**	**3,5**	**4,1**

1) Breyting frá fyrra ári í Bandaríkjadollurum

2) Millibankavextir í London á lánum í Bandaríkjadollurum til sex mánaða.

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Afli og útflutningur

Áætlað er að heildarafli landsmanna á árinu 1993 verði um 1.865 þúsund tonn sem er tæplega 19% meiri afli í tonnum en á árinu 1992.

Þessi aukning skýrist öll af loðnuafla sem talinn er aukast um 300 þúsund tonn á milli ára. Á föstu verði er gert ráð fyrir 3,4% aukningu aflans á milli ára ef loðnan er talin með, en um ½% samdrætti án hennar. Botnfiskaflinn í heild dregst saman um 2½% og þar af þorskur um 10%. Nú stefnir í að þorskaflinn 1993 verði sá minnsti sem

veiðst hefur á Íslandsmiðum frá því síðari heimsstyrjöldinni lauk. Búist er við að útflutningsframleiðsla sjávarafurða árið 1993 aukist um 3% á föstu verðlagi.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur úthlutað aflaheimildum fyrir nýhafið fiskveiðiár að fengnum tillögum Hafrannsóknarstofnunar. Úthlutunin felur í sér verulega minnkun þorskafla og því ljóst að það stefnir í talsverðan samdrátt heildarafla milli ára þrátt fyrir aukningu annars afla en þorsks. Gert er ráð fyrir að þorskaflinn dragist saman um rúmlega 30%, verði 165 þúsund tonn samanborið við 240 þúsund tonn á nýliðnu fiskveiðiári. Annar botnfiskafli er talinn aukast um 6,6%, meðal annars vegna aukins afla úthafskarfa, sem leiðir til þess að í heild dregst botnfiskaflinn saman um tæp 13%. Reiknað er með að annar afli en botnfiskafli verði tæplega 3,0% meiri á árinu 1994 en 1993. Á þessum forsendum verður heildarafli á Íslandsmiðum á árinu 1994 7,6% minni en hann var á árinu 1993 reiknað á föstu verði. Þessi aflaspá byggir á úthlutun aflaheimilda í kvótabundnum fisktegundum.

Afli og veiðistofn þorsks á Íslandsmiðum

Þúsund tonn



Erfiðara er að áætla aflann af öðrum miðum en Íslandsmiðum. Erlend fiskiskip hafa landað hér á landi um 6 þúsund tonnum af botnfiski það sem af er árinu 1993 sem er sama magn og landað var allt árið í fyrra. Mest af því var flutt inn á síðustu mánuðum ársins. Það sem af er árinu hafa verið flutt inn rúmlega þúsund tonn af rækju til vinnslu. Þessi innflutningur var 3.500 tonn 1992 og 6 þúsund tonn árið 1991. Mikil óvissa er um afla íslenskra skipa í svonefndri Smugu en varkárar áætlanir gera ráð fyrir 1-2 þúsund tonn hafi aflast nú þegar, en það er um hálfs árs afli meðaltogara við Ísland. Fjögur skip hafa veitt rækju á svonefndum Flæmska hatti við Nýfundnaland. Afli þeirra hefur verið um 1.500 tonn. Ekki er ólíklegt að fleiri möguleikar verði reyndir á næstu mánuðum vegna hins mikla aflasamdráttar á Íslandsmiðum. Óvissan um þessar veiðar felur í sér að skynsamlegt er að fara varlega í að áætla umfang þeirra. Þjóðhagsstofnun telur að

afli af öðrum miðum en Íslandsmiðum auki útflutningsframleiðslu sjávarafurða um 1-2% á þessu ári og reiknar með nokkurri aukningu milli áranna 1993 og 1994.

Að öllu samanlögðu og á þeim forsendum sem hér hefur verið lýst telur Þjóðhagsstofnun að útflutningsframleiðsla sjávarafurða á árinu 1994 verði 7% minni en hún var á árinu 1993.

Afli og aflaverðmæti fiskveiðiárin 1993-1994
Breytingar heildaraflaverðmætis á föstu verði

	Afli þús. tonn		Breyting aflaverðmætis á föstu verði
	1993	1994	1993-94,%
Þorskur	240	165	-31,3
Annar botnfiskur	349	367	6,6
Síld	107	110	2,8
Loðna	1.100	1.100	0,0
Rækja	50	52	4,6
Hörpudiskur	11	11	0,0
Annað	10	10	10,3
Botnfiskur	589	532	-12,9
Annað	1.270	1.283	7,9
Samtals	1.867	1.815	-7,6

Framleiðsla á áli og kísiljárni hefur farið vaxandi á síðustu misserum þátt fyrir að verðlag á mörkuðum erlendis hafi verið óhagstætt. Áætlað er að framleiðsla á áli aukist um 4% á þessu ári og um tæplega 2% á því næsta. Þrátt fyrir erfiðleika í áliðnaði í iðnríkjunum vegna minnkandi eftirspurnar og aukinnar samkeppni frá álframleiðendum í fyrrum Sovétríkjunum, hefur ekki verið dregið úr álframleiðslu hér á landi. Þetta endurspeglar tiltölulega sterka stöðu álverksmiðjunnar hér á landi. Kísiljárnverksmiðjan á Grundartanga hefur átt við mikla erfiðleika að stríða að undanförnu, sem einnig má rekja til aukinnar samkeppni á heimsmarkaði, einkum frá framleiðendum í Austur-Evrópu og Kína. Framleiðsla verksmiðjunnar dróst mikið saman árin 1990-1991 og var um tíma einungis helmingur af áætlaðri framleiðslugetu. Nú hefur hins vegar ræst úr ástandinu og stefnir í að framleiðsluaukningin á þessu ári verði rúm 20% og að sú framleiðsla haldist óbreytt á næsta ári.

Annar vöruútflutningur en útflutningur sjávarafurða, áls og kísiljárns hefur átt undir högg að sækja á síðustu árum. Á árunum 1990-1992 dróst útflutningur á iðnaðarvörum, öðrum en áli og kísiljárni, saman um rúman fjórðung að magni og útflutningur á landbúnaðarafurðum um 7%. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs hefur útflutningur á iðnaðarvörum farið vaxandi á nýjaleik. Þar má meðal annars nefna aukinn útflutning lagmetis og rafeindatækja og -búnaðar af ýmsu tagi, sem hefur vaxið hratt á síðustu árum. Horfur eru á að samdráttarskeiðið í almennum útflutningsiðnaði sé nú á enda og framundan sé vöxtur á næstu misserum. Samtals er reiknað með að annar vöruútflutningur aukist um 2½% að raungildi á þessu ári og um tæp 5% árið 1994.

Þjónustutekjur án vaxta lækkuðu lítillega að raungildi á fyrra helmingi þessa árs samanborið við sama tímabil í fyrra. Tekjur af erlendum ferðamönnum og af samgöngum fóru vaxandi, en aðrar þjónustutekjur drógust saman. Mesti samdrátturinn varð í tekjum af varnarliðinu sem á þessu tímabili lækkuðu um fjórðung að raungildi. Fyrir árið í heild er reiknað með að þjónustutekjur án vaxta lækki að raungildi um 1,4% frá fyrra ári, aðallega vegna samdráttar í tekjum af varnarliðinu. Tekjur af erlendum ferðamönnum hafa vaxið ár frá ári samhliða fjölgun erlendra ferðamanna.



Á þessu ári er reiknað með að á föstu verði aukist tekjur af erlendum ferðamönnum um 10%. Þjónustutekjur alls án vaxta dragast aftur á móti saman um 1,4% á föstu verði á þessu ári, en samkvæmt spánni aukast þessar tekjur lítillega á næsta ári að raungildi.

Í heild eykst útflutningur vöru og þjónustu um 2% á þessu ári, en spáð er 3,6% samdrætti á árinu 1994.

Viðskiptakjör

Lækkandi verð á sjávarafurðum á síðustu misserum hefur mótað þróun viðskiptakjaranna á þessu ári. Frá því í ágúst í fyrra til jafnlengdar í ár hefur verð á sjávarafurðum í SDR lækkað um tæp 18%.

Reiknað er með að meðalverð á sjávarafurðum lækki ekki frekar en þegar er komið fram og markaðir muni styrkjast nokkuð á næstu misserum. Ekki er þó gert ráð fyrir snöggum breytingum til hins betra, heldur að meðalverð haldi fyllilega í við almenna verðþróun í viðskiptalöndunum. Rétt er þó að vekja athygli á því að brugðið getur til beggja vona í þessum efnum.

Álverð á heimsmarkaði hefur farið lækkandi allt frá árinu 1988. Fyrstu átta mánuði þessa árs var meðalverð á skyndimarkaði í London 7% lægra í dollurum en að meðaltali á síðasta ári. Almennt er búist við að álverð þokist upp á við þegar efnahagsástand

batnar í iðnríkjunum. Verð á kísiljárni hefur hins vegar hækkað umtalsvert á þessu ári og útlit fyrir að svo verði einnig á næsta ári. Hvað varðar annan vöruútflutning og þjónustuviðskipti án vaxta er reiknað með svipaðri verðþróun og almennt í viðskiptalöndunum.

Á innflutningshlið hafa breytingar á gengi íslensku krónunnar leitt til hækkunar á verðlagi innflutnings, jafnframt því sem verðbreytingar í viðskiptalöndunum hafa nokkra verðhækkun í för með sér. Þannig hækkaði verðvísitala innflutningsverðs án stóriðju og eldsneytis um tæp 9% fyrstu sjö mánuði ársins, en á sama tíma hækkaði vísitala meðalgengis um 6,4% miðað við innflutningsvog. Þennan mismun má að mestu skýra með verðhækkunum erlendis, þó að innbyrðis breytingar á gengi gjaldmiðla komi einnig við sögu. Olíuverð hefur farið heldur lækkandi það sem af er þessu ári. Hráolíufatið kostar nú um 7% minna í dollurum en að meðaltali í fyrra.



Á næsta ári er miðað við að verðlag á almennum innflutningi að olíu meðtalinni fylgi að mestu verðbreytingum í viðskiptalöndunum og verði á bilinu 3-3½% mælt í erlendri mynt.

Vextir erlendis hafa farið lækkandi á síðustu misserum og stuðlað að lægri greiðslubyrði af erlendum lánum. Samkvæmt áætlunum má reikna með að meðalvextir af erlendum lánum verði allt að 1% lægri á þessu ári en í fyrra og að raunvextir lækki úr 3,3% árið 1992 í 2,3% á yfirstandandi ári. Á næsta ári er aftur á móti búist við að vextir þokist upp á við á ný samfara auknum hagvexti í heiminum og miðað við spá um verðbólgu í viðskiptalöndunum má ætla að raunvextir af erlendum lánum hækki um ½%.

Miðað við þær forsendur sem lýst hefur verið um verðþróun í utanríkisviðskiptum má ljóst vera að viðskiptakjör þjóðarbúins hafa snúist mjög til hins verra á þessu ári. Í heild er áætlað að viðskiptakjör vöru og þjónustu verði um 6½% lakari en í fyrra, fyrst

og fremst vegna 8½% verri viðskiptakjara í vöruviðskiptum. Á móti þessu vegur að hluta hagstæðari vaxtakjör á erlendum fjármagnsmörkuðum og í heild er áætlað að viðskiptakjaraáhrifin verði neikvæð um 1,9% af landsframleiðslu.



Á þeim forsendum sem hér hefur verið lýst batna viðskiptakjör í vöruviðskiptum nokkuð milli áranna 1993 og 1994 en versna hins vegar í þjónustuviðskiptum. Viðskiptakjörin í heild verða því svipuð og á þessu ári.

Samkeppnisstaða

Breytingar á gengi krónunnar í júní síðastliðnum og í nóvember í fyrra ásamt litlum launabreytingum hafa leitt til þess að raungengi á mælikvarða verðlags og launa hefur lækkað verulega undanfarin misseri. Þannig hefur raungengið á mælikvarða verðlags lækkað um rúmlega 10% frá því í ágúst á síðasta ári og til jafnlengdar í ár og stefnir í að verða um 5% undir meðaltali áranna 1980-93 á þessu ári. Á mælikvarða launa hefur lækkun raungengisins verið enn meiri. Útlit er fyrir að raungengið á mælikvarða hlutfallslegra launa verði á þessu ári um 10% undir meðaltali áranna 1980-93.

Þessi þróun raungengisins sýnir að samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs gagnvart erlendum fyrirtækjum hefur batnað umtalsvert á síðustu misserum. Þar með er þó ekki öll sagan sögð um samkeppnisstöðuna. Á það ber einnig að líta að sú tilfærsla skatta frá fyrirtækjum til heimila sem fólst í efnahagsaðgerðunum í nóvember í fyrra bætti samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja. Þyngst vó niðurfelling aðstöðugjalds. Aðstöðugjaldið nam 4,8 milljörðum króna árið 1992. Skattabreytingar af þessu tagi koma aðeins að hluta fram í raungengi krónunnar.

Í þessu sambandi er einnig rétt að vekja athygli á því að oft eru verðbreytingar tekna- og kostnaðarliða einstakra greina allt aðrar en þær almennu verðbreytingar sem verðvísitölur mæla. Þannig endurspeglar raungengisþróun þessa árs ekki nema að hluta

afkomu sjávarútvegsins vegna þess að þróun á afurðaverði botnfiskgreina á erlendum mörkuðum hefur verið allt önnur en þróun almenns neysluvöruverðs. Á sama hátt getur framleiðniþróun einstakra greina verið allt önnur en sú þróun meðaltalsframleiðni sem raungengi á mælikvarða launa byggir á.



Loks er rétt að víkja nokkrum orðum að lánskjörum fyrirtækja. Samanburður á vöxtum hér á landi og í helstu viðskiptalöndunum leiðir í ljós að raunvextir á bankalánum til fyrirtækja voru að meðaltali 2% hærri hér á landi á síðasta ári og það stefnir í 3½% raunvaxtamun á þessu ári. Þessi þróun raunvaxta hér á landi hefur dregið nokkuð úr því hagræði fyrir innlend fyrirtæki sem felst í lækkun raungengisins.

Hagur atvinnuveganna

Þjóðhagsstofnun hefur nú unnið úr ársreikningum 808 fyrirtækja úr flestum atvinnugreinum fyrir árið 1992. Úrvinnslan nær þó ekki til landbúnaðar né stóriðju- eða orkubúskapar. Til samanburðar eru birtar niðurstöður sömu fyrirtækja fyrir árið 1991. Helstu niðurstöður eru þær að bókfærður hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af tekjum hefur lækkað úr 2,2% árið 1991 í -0,6% árið 1992 eða um 2,8%. Hér er átt við hagnað fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta. Án banka og sparisjóða fer þetta hlutfall úr 2,0% 1991 í 0,6% 1992 og hefur því lækkað um 1,4%. Eiginfjárhlutfall fyrirtækjanna í heild fer úr 20,5% í 19,1% en án banka og sparisjóða úr 33,8% í 32,1%.

Samkvæmt þessu hefur afkoma og eiginfjárhlutfall fyrirtækjanna almennt versnað milli áranna. Mest er breytingin í afkomu hjá bönkum og sparisjóðum en þar skiptir sköpum framlag í afskriftareikning útlána sem fer úr 15,7% af tekjum í 40,2%. Vextir og verðbreytingarfærsla hækka almennt hjá fyrirtækjunum. Án tryggingafélaga fer þessi gjaldaliður úr 2,7% af tekjum í 4,8%. Hér gætir áhrifa gengisfellingarinnar í nóvember í fyrra. Þetta kemur skýrt fram í sjávarútvegi, en þar fara vextir og verðbreytingarfærsla

sem hlutfall af tekjum úr 5,9% í 10,8%, einkum vegna þess hve stór hluti skuldanna er gengistryggður.

Hreinn hagnaður af reglulegri starfsemi sem % af tekjum

	1991	1992
Samtals 808 fyrirtæki	2,2	-0,6
Án banka og sparisjóða	2,0	0,6

Eiginfjárhlutfall

	1991	1992
Samtals 808 fyrirtæki	20,5	19,1
Án banka og sparisjóða	33,8	32,1

Velta fyrirtækjanna er nær óbreytt í krónum talið milli ára sem þýðir nokkurn samdrátt miðað við almennar verðlagsbreytingar. Rétt er að leggja áherslu á að hér er lýst afkomu þessara 808 fyrirtækja en ekki atvinnulífsins í heild. Á árinu 1991 var velta þeirra um þriðjungur heildarveltu fyrirtækja það ár.

Laun og hagnaður

Hér að framan hefur hag atvinnurekstrarins verið lýst eins og ráða má í hann út frá bókhaldsuppgjöri fyrirtækjanna. Önnur hlið er einnig á þessu máli. Hún er sú að líta á þau verðmæti sem myndast í þjóðarbúskapnum eins og þau eru skráð í þjóðhagsreikningum og -spám og er þá öll atvinnustarfsemi meðtalin, bæði starfsemi fyrirtækja og hins opinbera. Unnt er að líta þannig á að lagt sé saman framleiðsluverðmæti alls atvinnurekstrar í landinu en síðan dregin frá sú vara og þjónusta sem hver atvinnugrein eða fyrirtæki kaupir frá öðrum fyrirtækjum. Eftir standa þá þau verðmæti sem vinnuaflið og fjármagnið bera úr býtum eða svonefndar vergar þáttatekjur. Á átján ára tímabili, 1973 til 1990, hefur þessi skipting verið með þeim hætti að í hlut vinnuaflsins hafa komið að meðaltali 66% en hlutur fjármagnsins eða hagnaðarhlutfallið hefur verið 34%. Á árunum 1987 og 1988 var hagnaðarhlutfallið með því lægsta sem það hefur verið á þessum tíma eða 30-31%. Það hækkaði síðan töluvert árin 1989 og 1990, fyrra árið í rúmlega 33% og það síðara í tæp 36%. Hlutfallið lækkaði síðan talsvert á árinu 1991 og var þá svipað og 1989. Á liðnu ári lækkaði hlutfallið enn og svipaðrar þróunar gætir í ár. Á meðfylgjandi mynd er þetta hlutfall sýnt fyrir undanfarna tvo áratugi og sambærilegar tölur fyrir OECD.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að ekki verða dregnar óyggjandi ályktanir um breytingar í afkomu atvinnurekstrarins út frá breytingum á hagnaðarhlutfallinu í reikningum af þessu tagi. Ástæðan er sú að hér er um að ræða hagnað áður en gjaldfærðar eru afskriftir, laun eigenda í einstaklingsfyrirtækjum og raunvextir. Mestu munar hér um raunvextina vegna þess hve mjög þeir sveiflast frá ári til árs en þeir voru jafnvel neikvæðir framan af því tímabili sem hér er miðað við. Útreikningar af þessu tagi sýna því fremur skiptingu þeirra verðmæta sem til ráðstöfunar eru til greiðslu launa annars vegar og svonefnds vergs rekstrarafgangs hins

vegar. En rekstrarafgangurinn sýnir þá fjárhæð sem eftir er til ávöxtunar þess fjármagns sem bundið er í starfseminni. Með ýmsum veigamiklum fyrirvörum má nálgast mat á afkomu atvinnurekstrarins undanfarin ár út frá þessu hagnaðarhugtaki með því að draga frá því reiknuð eigin laun sjálfstæðra atvinnurekenda, afskriftir og raunvaxtagjöld. Þessar aðferðir sýna áþekka afkomu atvinnurekstrarins á árinu 1992 og 1991 en hreinn hagnaður er áætlaður um ½% af tekjum þessi tvö ár.



Afar lauslegar áætlanir um hag atvinnurekstrarins í heild á árinu 1993 sýna aftur á móti lakari afkomu því nú er gert ráð fyrir að hreint tap atvinnurekstrarins verði nálægt ½% af tekjum í ár.

Á árinu 1994 er hins vegar reiknað með batnandi afkomu atvinnurekstrarins og er þá byggt á forsendum þjóðhagsáætlunar.

Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja

Hagnaður botnfiskveiða og -vinnslu nam um 2½% af tekjum á árinu 1992. Afkoman hefur hins vegar snúist til hins verra á þessu ári. Talið er að halli á rekstri botnfiskveiða og -vinnslu sé um 2% af tekjum miðað við rekstrarskilyrði í september á þessu ári. Að baki lakari afkomu nú liggja einkum tvær ástæður. Annars vegar hefur verð á sjávarafurðum lækkað verulega á erlendum mörkuðum frá því í fyrra. Hins vegar fengu fyrirtæki miklar greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins á árinu 1992. Þessar greiðslur bættu afkomu botnfiskveiða og -vinnslu um 4½% á því ári. Þeirra nýtur ekki við nú. Á móti vegur að hluta gengislækkun krónunnar og lækkun skatta. Í þessum áætlunum er miðað við árgreiðsluaðferð Þjóðhagsstofnunar. Með hefðbundnum bókhaldsaðferðum fæst lakari afkoma. Munar þar mest um áhrif gengisbreytinga sem veldur miklum vaxtakostnaði í bókum fyrirtækja.

Hreinn hagnaður í hlufalli af tekjum

	1992	Rekstrarskilyrði í september 1993 1993A	1993B
Veiðar og vinnsla [1]	2½	-2	-4½
Veiðar	1½	-3	-6
Bátar	2	-5	-9½
Togarar	0	-9	-12
Frystiskip	10	9	7
Fiskvinnsla	1½	0	0
Frysting	3	4½	4
Söltun	-1	-13	-15

1) Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni.

Erfitt er að spá um afkomu sjávarútvegs á árinu sem fer í hönd. Á grundvelli þeirrar aflaspár sem lýst var hér á undan er þó ljóst að rekstrarskilyrði botnfiskveiða og -vinnslu verða áfram erfið á árinu 1994. Miðað við rekstrarskilyrði í september á þessu ári og áætlaðan afla á næsta ári samsvarar hallinn á sameiginlegum reikningi botnfiskveiða og -vinnslu um 4½% af tekjum. Margt getur þó breytt þessari afkomumynd, meðal annars hagræðing á vegum fyrirtækjanna sjálfra, áformaður Þróunarsjóður sjávarútvegsins og verðþróun afurða á erlendum mörkuðum.

Tekjur, verðlag og kaupmáttur

Þótt útlit sé nú fyrir að verðbólga verði heldur hærri á þessu ári en áður var reiknað með, er sýnt að verðbólgan hér á landi verði svipuð og í helstu viðskiptalöndum. Þrátt fyrir þrönga stöðu í efnahagsmálum hefur þannig tekist að halda verðbólgunni svipaðri og í öðrum löndum undanfarin misseri.

Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 3,7% í fyrra og hækkunin rénaði mjög er á leið árið, en frá júlí til desember hækkaði vísitalan einungis um 0,7%. Vegna gengisfellingarinnar í lok nóvember í fyrra og breytinga skatta í byrjun árs jókst verðbólgan á ný og mældist árshækkun 6 mánaða breytinga framfærsluvísitölu 5-6% um mitt árið. Lækkun á gengi krónunnar um 7,5% í lok júní og breytingar á sköttum um mitt ár leiddu óhjákvæmilega til nokkurrar hækkunar verðbólgu og var umreiknuð árshækkun breytinga framfærsluvísitölunnar í júlí og ágúst 11-11½%. Þessar hækkanir eru raunar heldur minni en Þjóðhagsstofnun spáði í júní síðastliðnum. Hækkunin í september svaraði hins vegar til 4,3% árshækkunar. Gert er ráð fyrir að mjög hægi á verðbólguhraðanum síðustu mánuði ársins er áhrif gengislækkunarinnar á framfærsluvísitölu hafa að fullu komið fram. Samkvæmt verðlagsspá Þjóðhagsstofnunar hækkar framfærsluvísitalan um 4% milli meðaltala áranna 1992 og 1993.

Við mat á verðlagshorfum er gert ráð fyrir að kjarasamningum þeim sem gerðir voru í lok júní síðastliðnum verði ekki sagt upp og að þeir gildi til ársloka 1994. En samkvæmt samningunum skulu launanefndir samningsaðila endurmeta forsendur þeirra í nóvember og maí næstkomandi. Aðrar mikilvægar forsendur verðlags- og tekjuspár lúta að stöðugu meðalgengi og óbreyttri skattlagningu vöru og þjónustu. Að þessum

forsendum gefnum er það spá Þjóðhagsstofnunar að framfærsluvísitalan hækki um 3,0% frá 1993 til 1994. Þetta er svipuð verðbólga og OECD spáir að verði í aðildarríkjum sínum. Verðbólgan í Evrópu er hins vegar talin verða meiri eða 3,9%.



Í kjarasamningum ASÍ frá því í júní var ekki samið um neina kauphækkun, en enn er að mestu ósamið á opinbera vinnumarkaðnum. Launavísitala Hagstofu Íslands fyrir ágúst er 1,4% hærri en meðaltal 1992 og 0,5% hærri en í ársbyrjun. Hækkunin skýrist meðal annars af því að aðildafélög BHMR sömdu um 1,7% hækkun í mars, sem aðrir launþegar fengu í maí 1992. Þá má og gera ráð fyrir að laun hafi hækkað vegna starfsaldurs og fleiri þátta. Athuganir Kjararannsóknarnefndar á launaþróun á fyrri helmingi þessa árs sýna að greitt tímakaup hafi hækkað um 2,3% frá sama tíma í fyrra. Þessar vísbendingar um launaþróun gefa til kynna að meðallaun á þessu ári verði 1,5% hærri en í fyrra.

Vinnutími hjá ASÍ fólki hefur dregist umtalsvert saman á undanförnum árum. Vinnutími var 48,9 klukkustundir árið 1985 en 46 klukkustundir í fyrra og dróst vinntutími saman um ½ klukkustund í fyrra. Á fyrri helmingi þessa árs hefur vinnutími aukist heldur á nýjan leik. Svipað er uppi á teningnum í öðrum starfsgreinum. Hér verður gert ráð fyrir að vinnutími standi í stað eða styttist óverulega á þessu ári.

Tekjur sjómanna ráðast með beinum hætti af verðmæti afla. Af framtölum 1993 má fá mikilsverðar vísbendingar um tekjuþróun þeirra sem nýta sjómannafslátt. Tekjur þessara aðila af sjómennsku lækkuðu um 2% frá 1991 til 1992 en aflaverðmæti á verðlagi hvers árs lækkaði um 4½%. Bráðabirgðatölur um aflaverðmæti á fyrri hluta þessa árs og skerðing aflakvóta mikilvægra fisktegunda gefa til kynna að samdráttur í tekjum sjómanna verði svipaður og í fyrra.

Staðgreiðsluskyldar tekjur á fyrri helmingi þessa árs eru 0,4% lægri að krónutölu en á sama tíma í fyrra. Tiltækar upplýsingar um laun í staðgreiðslu benda til að

launagreiðslur séu allt að 1,5% lægri en á sama tíma í fyrra. Þessi þróun ræðst einkum af fækkun starfa, en Þjóðhagsstofnun áætlar að vinnuaflseftirpurn dragist enn saman og ársverkum gæti fækkað um 1% á þessu ári.

Þegar öllu er til haga haldið má gera ráð fyrir því að atvinnutekjur á þessu ári standi að mestu í stað, en á bak við þá þróun vegur þungt fyrrnefnd fækkun ársverka og samdráttur í vinnutíma. Þegar tekið er tillit til fólksfjölgunar um tæplega 1% fæst að meðalatvinnutekjur á mann lækki um 1% að krónutölu.

Tilfærslutekjur hækka verulega á þessu ári eða um 6½%. Það á einkum rætur að rekja til minnkandi atvinnu. Þyngst vegur mikil aukning atvinnuleysisbóta, en gert er ráð fyrir að bætur aukist um 40% milli ára og verði um 2,6 milljarðar króna. Skatthlutfall einstaklinga í staðgreiðslu var hækkað um 1,5% í 41,34% og skattbyrði þyngdist um svipað hlutfall. Nú er áætlað að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann muni lækka um 6% frá 1992 til 1993.

Spá um launaþróun á næsta ári gerir ráð fyrir að þeir kjarasamningar sem gerðir voru síðastliðið vor gildi út samningstímann, en það þýðir að um engar launabreytingar verði að ræða á árinu. Samkvæmt samningnum skulu launanefndir samningsaðila endurmeta forsendur kjarasamningsins og hugsanleg tilefni til uppsagnar tvisvar á samningstímanum, fyrst fyrir 10. nóvember næstkomandi og næst í maí á næsta ári. Samningurinn hvílir á forsendu um efnahagsstefnu sjórnvalda. Annars vegar er um að ræða fyrirheit ríkisstjórnarinnar sem fram komu í yfirlýsingu hennar frá 21. maí síðastliðnum. Þar var stefna mörkuð um vaxtamál, aðgerðir í atvinnumálum, niðurgreiðslu tiltekinna landbúnaðarafurða, lækkun virðisaukaskatts á matvælum í 14% frá næstu áramótum, tímabunda lækkun tryggingargjalds af útflutningsstarfsemi og loks um endurgjaldslausa úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs. Hins vegar var ákvæði um fast gengi krónunnar, sem þó var skilyrt og bundið því að aflakvótar á næsta fiskveiðiári verið ekki minni en á því fyrra og jafnframt að verðlag sjávarafurða í íslenskum krónum verði að meðaltali 3% hærra á 3. fjórðungi ársins en á þeim fyrsta og haldist svo út samningstímann. Gengisfellingin í júní síðastliðnum virðist ekki raska gengisforsendu kjarasamninganna, enda var ákvörðun um gengisbreytinguna tekin samtímis því að aflakvótum var úthlutað fyrir nýhafið fisveiðiár.

Við óbreytt meðalgengi krónunnar og miðað við að innflutningsverðlag þróist í hátt við erlenda verðbólgu verður hækkun framfærsluvísitölunnar 3% frá meðaltali þessa árs til hins næsta. Spáin felur í sér að ársverkum fækki um tæpt prósent og atvinnuleysi vaxi í rúm 5%. Samkvæmt þessum forsendum er því spáð að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann dragist saman um 4% á næsta ári.

Atvinna

Fækkun starfa setur enn svip sinn á vinnumarkaðinn. Störfum hefur fækkað á hverju ári frá árinu 1987 að undanskildu árinu 1991. Vinnuaflseftirspurn og vinnuframboð náðu hámarki 1987 þegar saman fór mikil þensla í þjóðarbúskapnum og skattfrelsi almennra launatekna er hvatti fólk til vinnu. Það ár jókst vinnuaflseftirspurn um 5,7% frá árinu á undan. Næstu þrjú árin á eftir dró verulega úr vinnuframboði og jafnvægi komst á að nýju. Síðan 1991 hefur vinnuframboð aukist um ½-1% á ári og samtímis hefur dregið úr

vinnuaflseftirspurninni ár hvert, að undanskildu árinu 1991. Þetta hefur þýtt stóraukið atvinnuleysi.



Í fyrra var atvinnuleysið 3% af mannafla og hafði ekki verið meira á heilu ári frá því samfelld skráning hófst upp úr 1970. Fyrstu átta mánuði þessa árs er skráð atvinnuleysi 4,2%. Mest var atvinnuleysið 5,4% á landinu öllu í mars síðastliðnum. Eftir það fór það minnkandi og var komið niður í 3,2% í júlí. Ástæður minnkandi atvinnuleysis síðustu mánuði eru einkum ártíðarsveifla, átaksverkefni Atvinnuleysistryggingasjóðs og sveitarfélaganna, sérstök framlög ríkissjóðs til atvinnuskapandi aðgerða og mikill fiskafli. Af einstökum landssvæðum var atvinnuleysið mest á Suðurnesjum 9,3% í janúar síðastliðnum, þar af 14,4% meðal kvenna og 6,1% meðal karla. Síðan þá hefur dregið jafnt og þétt úr atvinnuleysi á Suðurnesjum og var það komið niður í 1,9% í ágúst, 0,9% hjá körlum og 3,6% hjá konum. Auk fyrrnefndra þátta má rekja betra atvinnuástand á Suðurnesjum til átaksverkefnis, meðal annars með þátttöku verktaka á svæðinu.

Með átaksverkefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs og sveitarfélaganna átti að veita um 500 milljónum króna til að skapa ný störf á vinnumarkaði. Flestar umsóknir sem bárust sjóðnum voru hins vegar til tímabundinna verkefna á vegum sveitarfélaga við umhverfismál og fleira. Talið er að átaksverkefnið hafi veitt um 1.500 manns vinnu í sumar. Einhver eru þó til frambúðar í iðnaði, aðallega handverki. Með þessum verkefnum hurfu fleiri af atvinnuleysisskrá en sá fjöldi sem tók þátt í verkefnunum því einhverjir höfnuðu vinnu og misstu þar með bótaréttinn. Búast má við að flestir þeirra sem þátt tóku í verkefnunum komi aftur inn á skrá í haust þegar þeim lýkur og skráð atvinnuleysi aukist á ný. Þessi átaksverkefni slíta feril þeirra sem eru búnir að vera lengst á atvinnuleysisskránni og mælist langtímaatvinnuleysi því minna en ella.

Í október taka gildi breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem gefa sjálfstætt starfandi einstaklingum, sem hættir eru eigin atvinnurekstri og eru atvinnulausir, sama rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði og launamenn hafa. Þessi breyting kemur eflaust til með að auka enn frekar skráð atvinnuleysi í vetur.



Í fjárlögum fyrir þetta ár var veitt um 1.850 milljónum króna til atvinnuskapandi aðgerða. Stærstum hluta var varið til vegagerðar eða um 1.550 milljónum og afgangurinn fór að mestu leyti í viðhaldsverkefni. Í kjölfar kjarasamninga í sumar veitti ríkisstjórnin 1.045 milljónum króna umfram fjárlög 1993 í byggingaframkvæmdir og viðhald fasteigna. Þessi framlög styrkja aðallega atvinnu í byggingarstarfsemi og vegagerð á þessu ári með beinum hætti en hafa óbein áhrif á aðrar tengdar atvinnugreinar. Erfitt er að segja hversu mörg ný atvinnutækifæri þessar aðgerðir komi til með að skapa en þær styrkja verulega þá atvinnustarfsemi sem fyrir er.

Gert er ráð fyrir að vinnuframboð aukist um ½% á þessu ári og atvinnuþátttaka, þ.e. vinnuframboð sem hlutfall af mannfjölda á vinnualdri (15-64 ára), lækki úr tæpum 77% í fyrra í um 76½% á þessu ári. Þá er gert ráð fyrir að vinnuaflseftirspurn minnki um 1% og atvinnuleysi verði um 4½% að meðaltali á árinu 1993.

Í þjóðhagsspá fyrir árið 1994 er gert ráð fyrir auknum samdrætti í þjóðarbúskapnum á þessu ári. Því má búast við að enn dragi nokkuð úr vinnuaflseftirspurn á árinu 1994 en vinnuframboð aukist lítillega. Áætlað er að skráð atvinnuleysi verði 5-5½% á árinu 1994 en það samsvarar því að um 6.500 manns verði án vinnu að meðaltali.

Fjármál hins opinbera

Áætlanir benda til þess að tekjuhalli hins opinbera á árinu 1993 verði um 17½ milljarður króna á reikningsgrunni eða sem svarar til 4,5% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuhalli ársins 1992 um 14½ milljarður króna eða 3,8% af

landsframleiðslu. Hér hefur orðið talsverð breyting til hins verra sem skýrist fyrst og fremst af tekjusamdrætti. Tekjur hins opinbera eru nú áætlaðar um 134 milljarðar króna eða um 34,3% af landsframleiðslu. Þetta hlutfall er ríflega einu prósentustigi lægra en árið 1992.



Skatttekjur hins opinbera eru taldar dragast saman um 2½ milljarð króna milli áranna eða um 5% að raungildi. Þó er áætlað að tekju- og eignarskattar skili hinu opinbera um 50 milljörðum króna á árinu samanborið við 46½ milljarð króna í fyrra. Hækkunin nemur um 7½% milli ára, en á móti vegur veruleg lækkun óbeinna skatta. Útgjöld hins opinbera eru áætluð ríflega 151 milljarður króna eða 38,8% af landsframleiðslu, sem er talsvert lægra hlutfall en árið 1992. Að raungildi lækka útgjöldin um 2% milli áranna.

Í fjárlögum A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1993 - sem eru á greiðslugrunni - var gert ráð fyrir 6,2 milljarða króna tekjuhalla, eða heldur minni tekjuhalla en á árinu 1992. Gert var ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu um 104,8 milljarðar króna og heildarútgjöld rúmlega 111 milljarðar króna. En forsendur þessara áforma hafa breyst verulega, bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaga. Á tekjuhlið er nú gert ráð fyrir rúmlega 3 milljarða króna minni tekjum en í fjárlögum ársins. Þar skiptir þrennt mestu máli. Tekjur af sölu eigna verða líklega um einum milljarði króna minni en áætlað var, almennur launa- og veltusamdráttur skerðir tekjur ríkissjóðs um svipaða fjárhæð og einnig þátttaka ríkissjóðs í gerð kjarasamninga síðastliðið vor.

Gjaldahlið ríkissjóðs hefur einnig veikst til muna og er nú talið að útgjöldin verði 3-3½ milljarði króna meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Munar þar mest um aukin framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem nema um 1,3 milljörðum króna. Þá hafa ýmsar nýjar ákvarðanir verið teknar sem hafa í för með sér verulegan útgjaldaauka. Meðal

annars var ákveðið í tengslum við kjarasamninga að auka útgjöld til viðhalds og nýframkvæmda um einn milljarð króna.

Tekjuafkoma ríkissjóðs verður því mun verri en gert var ráð fyrir. Talið er að hallinn verði um 12 milljarðar króna á árinu 1993, á greiðslugrunni, eða tvöfalt meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þá er áætlað að hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs verði rúmlega 14 milljarðar króna á árinu 1993 sem samsvarar 3,6% af landsframleiðslu. Í fjárlögum ársins var gengið út frá að hún yrði 2,3% af landsframleiðslu. Í ofangreindum afkomustærðum eru hvorki eiginfjárframlög ríkissjóðs til Landsbanka Íslands né skuldabréfaútgáfa vegna hans meðtalin.

Yfirlit um fjármál hins opinbera 1992-1993

	Í milljörðum króna			
	Brt.	Áætlun	Hlutfall af VLF	
	1992	1993	1992	1993
Heildartekjur	136,0	133,7	35,6	34,3
1. Skatttekjur	126,1	123,7	33,0	31,8
2. Aðrar tekjur	9,9	10,0	2,6	2,5
Heildarútgjöld	150,5	151,2	39,4	38,8
1. Samneysla	79,4	83,1	20,8	21,3
- þar af afskriftir	2,4	2,5	0,6	0,6
2. Önnur útgjöld 1)	73,5	70,6	19,2	18,1
Tekjuafgangur/halli	-14,5	-17,5	-3,8	-4,5

1) Framlög ríkissjóðs til Landsbanka Íslands eru ekki meðtalin.

Fjárhagur sveitarfélaga í heild hefur versnað síðustu árin. Áætlað er að tekjur þeirra dragist saman á þessu ári. Áætlaður tekjuhalli ársins er talin verða rúmlega 4% af tekjum eða á bilinu 0,3-0,4% af landsframleiðslu.

Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 1992-1994

	Útkoma 1992	Horfur 1993	Breyting frá fyrra ári	Áætlun 1994
Í milljörðum króna:				
Hrein lánsfjárþörf, alls	29,4	26,2	-3,2	22,9
- Ríkissjóður A-hluti	12,8	14,1	1,3	12,0
- Húsnæðiskerfið	15,9	13,3	-2,6	12,5
- Aðrir opinberir aðilar	0,7	-1,2	-1,9	-1,6
Hrein lánsfjárþörf % af VLF	7,7	6,7	-1,0	5,8
Aukning peningalegs sparnaðar	28,5	24,8	-3,7	25,8

Þá er áætlað að heildarskuldir hins opinbera, það er ríkissjóðs og sveitarfélaga, verði um það bil 196 milljarðar króna á árinu 1993 og mælist um 51% af landsframleiðslu.

Til samanburðar mældust skuldirnar rúmlega 45% af landsframleiðslu árið 1992. Í þessu sambandi er þó rétt að nefna að opinberar skuldir á Íslandi eru ekki miklar borið saman við opinberar skuldir í flestum öðrum löndum. Þannig nema opinberar skuldir í aðildarríkjum OECD á þessu ári að meðaltali um 66% af landsframleiðslu.

Í lánsfjárlögum ársins er áætluð hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 26 milljarðar króna. Að teknu tilliti til breyttra efnahagsforsenda og nýrra ákvarðana er nú gert ráð fyrir að lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóð verði um 4½ milljarði króna meiri en lánsfjárlög sögðu til um, en á móti þeirri aukningu vegur minni nettó lántaka fjárfestingarlánasjóða og byggingarsjóða. Á heildina litið er áætluð hrein lánsfjárþörf opinberra aðila ívið hærri en lánsfjárlögin gerðu ráð fyrir, eða sem svarar til 6,7% af landsframleiðslu. Þetta er um 3 milljörðum króna lægri lánsfjárþörf en í fyrra. Í lánsfjárlögum var stefnt að því að sækja um 17 milljarða á innlendan lánamarkað. Nýsparnaður á árinu er áætlaður um 25 milljarðar króna.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1994 gerir ráð fyrir 9,8 milljarða króna tekjuhalla á A-hluta ríkissjóðs. Þetta er rúmlega 2 milljörðum króna minni halli en stefnir í á þessu ári en hins vegar um 4 milljörðum króna meiri halli en í fjárlögum líðandi árs. Einnig er stefnt að því að draga úr lánsfjárþörfinni. Reiknað er með að hún verði um 23 milljarðar króna borið saman við 26 milljarða á þessu ári. Líklega verður nokkur halli á rekstri sveitarfélaga á næsta ári þótt erfitt sé um það að spá að svo stöddu. Hér er reiknað með að hallinn verði 1-2 milljarðar króna sem felur í sér að tekjuhalli hins opinbera í heild verði 11-12 milljarðar króna á greiðslugrunni á árinu 1994.

Peningamál

Fjölmargir þættir vaxtamyndunar á Íslandi mótuðust þegar árleg verðbólga mældist í tugum prósenta og fjármagnsmarkaður var lítt virkur. Tiltölulega snöggar breytingar hafa orðið á þessum ytri skilyrðum vaxtamyndunar sem kalla á endurskoðun margra þátta.

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun raunávöxtunar spariskírteina og húsbréfa í viðskiptum á Verðbréfaþingi og meðalvexti verðtryggðra bankalána. Raunvextir verðtryggðra skuldbindinga fóru lækkandi á fyrri hluta síðasta árs. Um og upp úr miðju ári 1992 fóru raunvextir hins vegar hækkandi á ný, fyrst raunvextir húsbréfa og spariskírteina á Verðbréfaþingi og síðar einnig vextir verðtryggðra útlána innlánsstofnana. Í lok árs í fyrra var ávöxtunarkrafa spariskírteina 7,6% og húsbréfa 7,5%. Meðalávöxtun húsbréfa og spariskírteina var 7,6% í fyrra. Raunvextir bankalána voru hins vegar hækkaðir á ný í júlí og eru nú svipaðir og í byrjun árs. Eins og myndin ber með sér hefur munurinn á raunvöxtum bankalána og bréfa með ríkisábyrgð aukist á síðustu árum. Í því felst lagfæring á skekkju sem verið hefur á fjármagnsmarkaði til langs tíma. Allt frá miðjum 7. áratugnum hefur ríkissjóður gefið út verðtryggð spariskírteini en verðtrygging á skuldbindingum einkaaðila sem telja verður ótryggari lántakendur en ríkissjóð, hefst ekki fyrr en 1979.

Miklar sveiflur hafa verið í nafnvöxtum óverðtryggðra útlána innlánsstofnana. Við ákvörðun á nafnvöxtum óverðtryggðra lána er jafnan horft annars vegar til verðbreytinga undangengis tíma eða horfa um þróun næstu mánaða og hins vegar til raunvaxta á verðbréfamarkaði. Hér líta innlánsstofnanir mjög til samsetningar eigna og

skulda og til þeirrar áhættu er felst í misvægi milli verðtryggingar eigna og skulda. Í því skyni að draga úr þessari áhættu var reglum um verðtryggingu sparifjár breytt þannig að viðmiðunartími vegna verðtryggingar á svonefndum skiptikjarareikningum verður 1 ár í stað 6 mánaða og verðtrygging er eingöngu heimiluð á útlán sem eru til lengri tíma en 3 ára í stað 2 áður. Vextir óverðtryggðra skuldabréfalána hækkuðu um 1,5-2% á fyrstu mánuðum ársins og fóru úr tæpum 12½% í 14,2%. Vextir þessara lána lækkuðu fram undir mitt ár, en í kjölfar gengislækkunar í lok júní, hækkuðu vextirnir á ný og eru í september orðnir um 17,9%. Miðað við hækkun lánskjaravísitölu síðustu 3 mánuði til september svara þessir vextir til um 10% raunvaxta. Umtalsverð lækkun nafnvaxta innlánsstofnana er nú á næsta leiti og kemur þar tvennt til. Annars vegar fer verðbólga rénandi eftir þann kúf sem fylgdi gengislækkuninni. Hins vegar er þess vænst að nýgerður vaxtaskiptasamningur Seðlabanka og innlánsstofnana muni draga úr verðbólguáhættu bankanna og því hraða lækkun nafnvaxta. Þróun ávöxtunar ríkisvíxla og ríkisbréfa hefur verið með nokkuð öðrum hætti, því vextir á þeim hækkuðu mun minna en útlánavextir bankanna. Nafnávöxtun ríkisvíxla er þannig 7,9% í september og ríkisbréfa um 9,5%.



Áætlanir Seðlabanka Íslands benda til þess að peningalegur sparnaður verði um 25 milljarðar króna á þessu ári eða sem svarar til 6½% af landsframleiðslu. Þetta er mun minni sparnaður en nokkur síðastliðin ár, en hann nam 9½% landsframleiðslu árin 1990 og 1991 og 7½% í fyrra. Fyrstu áætlanir um næsta ár gefa vísbendingu um að peningalegur sparnaður glæðist á næsta ári og gæti orðið tæplega 26 milljarðar króna eða um 8% af landsframleiðslu. Þessum áætlunum ber þó að taka með nokkrum fyrirvara.



Horfur um vaxtaþróun á næsta ári eru óvissar. Margt bendir þó til þess að skilyrði séu til staðar fyrir lækkun raunvaxta. Háir vextir tengjast oftast þensluhættu eða veiku gengi gjaldmiðils. Hvorugt felst í horfunum eins og þeim hefur verið lýst hér. Þjóðarbúskapurinn er í lægð og spáð er að svo verði áfram á næsta ári. Raungengi krónunnar er lágt og viðskiptahalli lítill. Vaxtaþróunin er þó mjög háð því hvernig ríkið skiptir lántökum sínum milli innlends og erlends lánamarkaðar.

Neysla

Áætluð einkaneysla á mann á árinu 1993 er aðeins 82% af því sem hún var árið 1987. Einkaneysla hefur dregist saman öll árin frá 1987 nema árið 1991, en þá jókst einkaneysla á mann um 3,8%. Þegar litið er til magntalna hefur einkaneysla dregist mun meira saman en landsframleiðslan. Á mann reiknað er áætluð landsframleiðsla 1993 91,5% af því sem hún var árið 1987. Hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu á verðlagi hvers árs hefur ekki lækkað sem þessu nemur og kemur hér til að verðvísitala einkaneyslu hefur hækkað meira en verðvísitala landsframleiðslu.

Samdráttur einkaneyslunnar er vitaskuld afleiðing af minnkandi kaupmætti ráðstöfunartekna. Á meðfylgjandi mynd gefur að líta þróun vísitalna einkaneyslu og ráðstöfunartekna. Þessar tvær stærðir fylgjast náið að. Undantekningar eru einkum á árabilinu 1983-1985 og um 1991 er vísitala einkaneyslu liggur fyrir ofan vísitölu tekna, en árið 1988 eykst einkaneyslan mun hraðar en ráðstöfunartekjurnar.

Hin hliðin á þessum samanburði er sparnaður heimilanna. Sparnaðinum má skipta í tvennt, annars vegar í peningalegan sparnað og hins vegar í raunsparnað eða fjárfestingu, en þar vegur langþyngst fjárfesting í íbúðarhúsnæði. Peningalegur sparnaður heimilageirans hefur dregist verulega saman þegar til nokkurs tíma er litið, þar sem skuldir heimilanna hafa aukist umtalsvert meira en peningalegar eignir þeirra.

Þróun eigna, skulda og ráðstöfunartekna heimilanna er dregin saman í meðfylgjandi töflu, sem sýnir fjárhæðir í milljörðum króna.



Rétt er að taka fram að matið á peningalegum eignum er töluverðri óvissu háð og ennfremur skal bent á þann mismun sem fram kemur milli skulda heimilanna eins og þær eru taldar fram til skatts og eins og þær eru áætlaðar í tölum Seðlabankans. Loks skal bent á að eign heimilanna í lífeyrissjóðum er haldið utan við þetta yfirlit, en eignir lífeyrissjóðanna hafa aukist umtalsvert á því árabil sem lagt er til grundvallar. Taflan sýnir að skuldir heimilanna hafa vaxið langtum meira en ráðstöfunartekjur og peningalegar eignir á liðnum árum. Skuldamegin skipta lán til húsnæðisöflunar sköpum. Í lok árs 1992 nam útgáfa húsbréfa tæpum 36 milljörðum og útlán byggingarsjóða ríkisins 88 milljörðum. Jafnframt hefur aukning þessara lána verið mun hraðari en annarra lánaflokka. Á föstu verðlagi hafa þessi lán aukist um tæp 60% frá 1990 til 1993 en önnur lán heimilanna aukast á sama tíma um 21½%. Rétt er að benda á að með húsbréfakerfinu minnkar lánsfjárþörf frá öðrum aðilum svo sem innlánsstofnunum og lífeyrissjóðum og að líkum lengist lánstíminn. Á sama tíma og þessarar þróunar verður vart fer fjárfesting í íbúðarhúsnæði lækkandi.

Bráðabirgðatölur um einkaneyslu á árinu 1993 benda til að neysla hafi dregist saman um 3,9% að magni eða um 4,7% á mann. Þegar haft er í huga að ráðstöfunartekjur á mann eru taldar hafa dregist saman um 6%, ætti að draga úr sparnaði heimilanna á þessu ári.

Því er spáð að einkaneysla dragist enn saman á næsta ári sem er afleiðing rýrnandi ráðstöfunartekna og gerir spáin ráð fyrir 2½% samdrætti í heild, sem er um 3½% á mann.

	1988	1989	1990	1991	Brb. 1992	Spá 1993
Peningalegar eignir	85,5	116,7	144,4	170,2	191,6	210
Peningalegar skuldir	91,1	122,5	161,7	199,9	231,9	260
Ráðstöfunartekjur	151,6	176,7	199,1	219,7	221,8	220
Eignarskattstofn í árslok	335,2	389,8	389,8	454,4	470,7	
- Framtaldar eignir	443,8	535,2	615,0	672,9	715,4	
- Framtaldar skuldir	95,7	129,7	160,7	195,3	219,5	
Peningalegar skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum	60,1	69,3	81,2	91,0	104,5	118,7
Peningalegar eignir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum	56,4	66,0	72,5	77,5	86,4	96,8

Vaxandi hluta framleiðslunnar er varið til samneyslu. Árin 1945-1992 gekk til jafnaðar 13½% landsframleiðslu til samneyslu en meðaltal áranna 1980-1992 er 18,4%. Vöxtur samneyslunnar umfram landsframleiðslu síðustu árin hefur haft í för með sér að hlutfall þessara stærða er orðið yfir fimmtungi og á þessu ári er gert ráð fyrir að til samneyslu verði varið 21½% landsframleiðslu. Áætlað er að samneyslan aukist að magni um 2% á þessu ári en útgjaldaáform opinberra aðila fyrir næsta ár gefa til kynna að samneyslan dragist saman um 1%.

Fjármunamyndun

Árin 1945 til 1980 gekk að meðaltali um fjórðungur landsframleiðslu til fjármunamyndunar. Í alþjóðlegum samanburði var þetta fjárfestingarhlutfall mjög hátt. Raunar var að því stefnt á síðari hluta 8. áratugarins að takmarka hlutfall fjárfestinga við fjórðung landsframleiðslu í stað næstum þriðjungs sem verið hafði um og upp úr áratugnum miðjum.

Samdráttur í fjármunamyndun er einn þeirra þátta sem einkennt hefur hagþróun síðustu ára. Samkvæmt þeirri áætlun sem hér er sett fram dregst fjármunamyndun saman um 9½% á þessu ári og um 4% á því næsta. Gangi þessar áætlanir eftir yrði fjármunamyndun þessa árs um fjórðungi minni að magni en árið 1987 og 28% minni næsta ár. Því er spáð að fjárfestingarhlutfall verði 15,7% á þessu og næsta ári en þetta er lang lægsta hlutfall fjárfestinga og landsframleiðslu frá 1945. Í tilfærðum tölum um fjármunamyndun hafa afskriftir fjármuna ekki verið dregnar frá, en áætlað er að afskriftir í heild muni nema um 50 milljörðum króna á þessu ári eða um 13% af landsframleiðslu. Áætlunin felur því í sér að nýfjárfesting á þessu ári verði aðeins tæp 3% af landsframleiðslu. Svo lítil nýfjárfesting veldur áhyggjum um vöxt framleiðslugetu þjóðarbúsins og þar með atvinnustig á næstu árum.

Mestur hefur samdrátturinn verið í fjárfestingu atvinnuveganna. Fjárfesting atvinnuveganna er nú að magni til einungis helmingur þess er hún var 1987, en það ár náði hún sögulegu hámarki. Áætlun um fjárfestingu atvinnuveganna í fyrra sýnir 16½% samdrátt og fjárfestingarspá fyrir þetta ár gerir ráð fyrir samdrætti í atvinnuvegafjárfestingu um rúm 25%. Spáin fyrir næsta ár felur í sér að samdrátt sem nemur tæplega 1%. Gert er

ráð fyrir að fjárfesting útgerðar aukist á ný og vaxi um 38% og þar með gengur hluti af áætluðum samdrætti í fjárfestingu greinarinnar á þessu ári til baka.



Reiknað er með að fjárfesting í íbúðabyggingum dragist saman á þessu ári um 9% en fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur dregist saman fjögur ár í röð og er tæpum fimmtungi minni en 1989. Á næsta ári eru horfur á að byggingarframkvæmdir við íbúðarhús verði svipaður og í ár. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1992 var byrjað á um 1.000 íbúðum og lokið við um 1.250. Þetta er verulega undir langtíma íbúðaþörf sem metin hefur verið um 1.400 íbúðir árlega og þýðir fjölgun íbúða um 1,4%. Til samanburðar má geta þess að á tíu ára tímabilinu 1983-1992 var hafin smíði 1.492 íbúða á ári til jafnaðar og fullgerðar 1.607.

Þróun fjármunamyndunar hins opinbera frá 1980 hefur verið með nokkuð öðrum hætti en aðrar fjárfestingar eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Úr opinberri fjármunamyndun dregur á fyrri hluta síðasta áratugar, en hafa ber í huga að orkuframkvæmdir eru taldar með hinu opinbera. Frá 1986 til 1991 er samfelldur vöxtur í opinberri fjárfestingu sem vegur að nokkru á móti miklum samdrætti í einkafjárfestingu. Opinber fjárfesting minnkar mikið árið 1992 eða um 14%. Á þessu ári er reiknað með aukningu á ný um 9% og munar þar mestu um vegaframkvæmdir sem taldar eru aukast um nær 21%. Spáin fyrir 1994 gerir ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 9,3%. Áætlað er að fjárfesting í virkjunum og rafveitum minnki um 12%, framkvæmdir við samgöngumannvirki minnki um 8% og framkvæmdir við byggingar hins opinbera minnki um 3%.

Hinn mikli samdráttur í fjármunamyndun síðustu ára hefur skipt sköpum um þróun viðskiptajafnaðar, því ætla má að 40-50% fjárfestinga sé innfluttur. Reiknað á föstu verðlagi ársins 1990 felur þessi áætlun í sér að fjármunamyndunin minnki um 15,8

milljarða króna frá 1990 til 1994. Til samanburðar má nefna að á sömu árum dregst útflutningur saman um 11,9 milljarða króna og innflutningur um 19 milljarða króna.

Þjóðarútgjöld í heild

Að öllu samanlögðu felur sú spá um þjóðarútgjöld sem hér er kynnt í sér samdrátt um 3,7% árið 1993 og um 2,5% 1994. Samkvæmt spánni minnka þjóðarútgjöld til muna meira en þjóðartekjur á þessu ári, en þær eru taldar dragast saman um 2,5%. Á verðlagi 1990 minnka vergar þjóðartekjur um 7,8 milljarða króna frá 1992 til 1993 og þjóðarútgjöld um 12,2 milljarða króna. Spáin fyrir næsta ár gerir hins vegar ráð fyrir að svipaðri þróun þjóðarútgjalda og þjóðartekna.



Viðskiptajöfnuður

Fyrstu sjö mánuði þessa árs var vöruskiptajöfnuður við útlönd hagstæður um 7½ milljarð króna, en á sama tíma í fyrra var vöruskiptajöfnuðurinn hagstæður um 3,3 milljarða. Þjónustujöfnuður að vaxtagreiðslum meðtöldum var óhagstæður um 8,7 milljarða króna á fyrri hluta þessa árs, en var óhagstæður um 6,9 milljarða króna sömu mánuði í fyrra. Í heild var viðskiptajöfnuðurinn því óhagstæður um 3,3 milljarða fyrstu sex mánuði þessa árs, samanborið við 5,8 milljarða halla á síðasta ári.

Þessi mikli bati á viðskiptajöfnuði skýrist að meginhluta af minni innflutningi, bæði á fjárfestingarvörum af ýmsu tagi, en sá innflutningur dróst saman að raungildi um rúm 21% fyrstu sjö mánuði ársins, og neyslu- og rekstrarvörum sem drógust saman um 8½% að raungildi á sama tímabili. Útflutningur jókst um tæp 4% að magni en vegna verðlækkunar, aðallega á sjávarafurðum, jukust útflutningstekjur af vöruviðskiptum

einungis um 3% í krónum talið fyrstu sjö mánuði ársins þrátt fyrir breytingar á gengi krónunnar.

Fyrir árið í heild er búist við því að vöruskiptajöfnuðurinn verði hagstæður um 7,7 milljarða króna og að þjónustujöfnuður án vaxta verði hagstæður um 2 milljarða. Sýnt er að vaxtajöfnuðurinn verði neikvæður um tæpa 15 milljarða og viðskiptajöfnuðurinn í heild verður því óhagstæður um rúma 5,5 milljarða króna, sem svarar til 1,4% af landsframleiðslu.

Samkvæmt áætlunum um þróun útflutningsframleiðslu, viðskiptakjara og almennrar eftirspurnar eykst afgangur á vöruviðskiptum um 1½ milljarð króna á næsta ári og verður rúmir 9 milljarðar og þjónustujöfnuður án vaxta verður jákvæður um 2,3 milljarða. Vaxtajöfnuðurinn aftur á móti verður samkvæmt spánni óhagstæður um 15,8 milljarða. Það stefnir því í að viðskiptahallinn á næsta ári verði áþekkur og í ár, eða 5,7 milljarðar, og að hlutfallið við landsframleiðslu haldist óbreytt.

Erlendar skuldir

Þótt erlendar skuldir (nettó) standi í stað að raungildi á þessu ári, eða jafnvel lækki nokkuð, hækka þær sem hlutfall af landsframleiðslu. Í lok síðasta árs sveruðu þær til 49,6% af landsframleiðslu en nú stefnir þetta hlutfall í 58,6% í lok þessa árs. Greiðslubyrðin af erlendum lánum þyngist einnig sem hlutfall af útflutningstekjum, fer úr 26,2% í fyrra í um 29% á þessu ári. Þetta sýnir að hlutföll af þessu tagi eru gallaðir mælikvarðar á skuldastöðu þjóðarbúsins því þau geta breyst jafnt vegna breytinga í teljara og nefnara. Að þessu sinni hækkar skuldahlutfallið fyrst og fremst vegna lækkunar á raungengi krónunnar en ekki vegna skuldaaukningar. Landsframleiðslan hækkar því minna í íslenskum krónum en skuldirnar í krónum talið. Þá þyngist greiðslubyrðin einkum vegna lækkunar útflutningstekna á þessu ári.

Þetta sýnir að slíkir mælikvarðar eru í raun aðeins eitt sjónarhorn á skuldastöðuna en gefa ekki fulla mynd af henni. Til þess að fá fyllri mynd af skuldastöðunni er því nauðsynlegt að hafa einnig auga á þróun erlendra skulda að raungildi, það er að segja hvernig höfuðstóll skuldanna breytist í erlendri mynt að teknu tilliti til verðbólgu erlendis. Á þessum mælikvarða verða erlendar skuldir svipaðar og í fyrra, eða jafnvel ívið minni, samkvæmt þeim áætlunum sem nú liggja fyrir.

Ástæðan fyrir því að erlendar skuldir þjóðarbúsins (hrein skuldastaða gagnvart útlöndum) standa í stað eða jafnvel minnka á þessu ári er hagstæð þróun viðskiptajafnaðar. Horfur eru á að viðskiptahallinn verði mun minni en í fyrra. Þannig stefnir í að hallinn verði um 5,5 milljarðar króna á þessu ári borið saman við 12 milljarða halla í fyrra og 18 milljarða í hittiðfyrra. Spáð er að viðskiptahallinn verði svipaður á næsta ári. En 7-8 milljarða króna halli, 1½-2% af landsframleiðslu, samsvarar því að raungildi erlendra skulda þjóðarbúsins standi í stað miðað við um 3% erlenda verðbólgu. Minni halli felur í sér að skuldirnar lækka að raungildi og meiri halli leiðir til skuldasöfnunar.

Við núverandi aðstæður og þær horfur sem við blasa í þjóðarbúskapnum er brýnt að stöðva skuldasöfnun þjóðarbúsins. Þetta stafar af því að greiðslubyrðin af erlendum lánum Íslendinga er þung og skuldirnar miklar í alþjóðlegu samhengi. Í þessu sambandi

er mikilvægast að líta til viðskiptajafnaðarins því breytingar á skuldastöðunni ráðast af honum.



Yfirlit þjóðhagsspár

Á þeim forsendum um framleiðslu og þjóðarútgjöld sem hér hefur verið lýst verður landsframleiðsla á næsta ári 2,6% minni en á þessu ári. Þjóðartekjur breytast í hátt við landsframleiðslu þar sem gert er ráð fyrir nær óbreyttum viðskiptakjörum. Reiknað er með að þjóðarútgjöld minnki álíka mikið og þjóðartekjur og því verður hallinn á viðskiptum við önnur lönd svipaður og á þessu ári.

Þegar litið er fram yfir næsta ár er því spáð að hagvöxtur glæðist á ný. Spáð er að landsframleiðslan aukist um 1-2% hvort árið 1995 og 1996.

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1991-1994

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993	Þjóðhags-áætlun 1994	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993	Þjóðhags-áætlun 1994
1. Einkaneysla	236.276	236.213	236.142	236.860	5,1	-4,7	-3,9	-2,6
2. Samneysla	76.918	79.434	83.048	83.206	3,2	-0,4	2,0	-1,0
3. Fjárfesting	72.700	64.900	61.400	61.300	2,1	-13,3	-9,5	-4,1
4. Neysla og fjárfesting alls	385.894	380.547	380.590	381.366	4,1	-5,5	-3,7	-2,5
5. Birgðabreytingar [2]	1.233	123	0	0	0,8	-0,3	0,0	0,0
6. Þjóðarútgjöld, alls	387.127	380.670	380.590	381.366	5,0	-5,7	-3,7	-2,5
7. Útflutningur vöru og þjónustu	127.231	123.537	132.022	137.428	-5,8	-1,8	2,0	-3,5
8. Innflutningur vöru og þjónustu	130.305	121.952	122.614	127.293	5,4	-7,9	-10,2	-3,4
9. Verg landsframleiðsla	**384.053**	**382.255**	**389.998**	**391.501**	**1,0**	**-3,7**	**0,5**	**-2,6**
10. Vaxtajöfnuður o.fl.	-14.974	-13.585	-14.938	-15.801	.	.	.	.
11. Viðskiptajöfnuður (7.-8.+10.)	-18.048	-12.000	-5.530	-5.666	.	.	.	.
12. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	**369.079**	**368.670**	**375.060**	**375.700**	**0,8**	**-3,8**	**0,0**	**-2,5**
13. Viðskiptakjaraáhrif [3]	.	.	.		1,5	-0,8	-1,9	-0,1
14. Vergar þjóðartekjur	.	.	.		**2,4**	**-4,5**	**-1,9**	**-2,6**
15. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	.	.	.		-4,7	-3,1	-1,4	-1,4

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

2) Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1991-1994

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993	Þjóðhags-áætlun 1994	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993	Þjóðhags-áætlun 1994
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	74.334	70.210	72.802	73.301	-2,6	-2,0	3,0	-7,0
Ál	8.340	7.964	8.753	9.740	2,7	0,4	3,8	1,8
Kísiljárn	1.613	1.545	2.445	2.680	-20,6	8,7	20,6	0,0
Annað	8.354	7.714	8.670	9.752	-22,5	-11,6	2,4	4,8
Samtals	**92.640**	**87.433**	**92.670**	**95.473**	**-3,9**	**-2,6**	**3,4**	**-4,9**
Útflutt skip og flugvélar	153	523	400	400	.	.	.	
Birgðabreytingar	1.233	123	0	0	.	.	.	
Vöruútflutningur alls	**91.560**	**87.833**	**93.070**	**95.873**	**-7,9**	**-1,0**	**3,4**	**-4,9**
Vöruinnflutningur alls	**94.639**	**87.909**	**85.710**	**88.115**	**4,9**	**-7,6**	**-12,7**	**-4,3**
Almennur vöruinnflutningur	81.532	75.672	78.052	78.908	7,5	-8,7	-7,5	-5,9
þ.a. olía	7.406	7.088	7.249	7.531	-15,5	11,8	-0,9	-3,3
þ.a. annað	74.126	68.584	70.803	71.377	10,5	-10,4	-8,2	-6,2
Sérstakur vöruinnflutningur	13.107	12.237	7.658	9.207	-12,8	-0,8	-59,7	11,9
Vöruskiptajöfnuður	**-3.079**	**-76**	**7.360**	**7.758**	.	.	.	.
Þjónustutekjur [2]	35.671	35.704	38.952	41.555	-0,1	-4,0	-1,4	0,2
Þjónustugjöld [2]	35.666	34.043	36.904	39.178	6,8	-8,6	-3,6	-1,2
Þjónustujöfnuður [2]	**5**	**1.661**	**2.048**	**2.377**	.	.	.	.
Vaxtajöfnuður o.fl.	**-14.974**	**-13.585**	**-14.938**	**-15.801**	.	.	.	.
Viðskiptajöfnuður	**-18.048**	**-12.000**	**-5.530**	**-5.666**	.	.	.	.

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

2) Án vaxta o.fl.

Tafla 3. Fjárfesting 1991-1994

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993	Þjóðhags-áætlun 1994	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993	Þjóðhags-áætlun 1994
Fjárfesting alls	**72.700**	**64.900**	**61.400**	**61.300**	**2,1**	**-13,3**	**-9,5**	**-4,1**
Þar af:								
Landsvirkjun, járnblendi-verksmiðja og álver	4.740	1.180	1.090	980	-4,2	-75,8	-12,2	-14,0
Innfl. skip og flugvélar	6.300	6.600	1.500	2.500	-24,2	0,7	-79,8	55,0
Útfl. skip og flugvélar	-150	-480	-400	-400	.	.	.	.
Önnur fjárfesting	61.810	57.600	59.210	58.220	4,8	-9,4	-1,6	-5,5
I Atvinnuvegirnir	**31.300**	**27.050**	**21.950**	**23.000**	**0,1**	**-16,4**	**-25,2**	**-0,9**
1. Landbúnaður [2]	1.890	1.550	1.550	1.600	0,2	-19,0	-5,5	-1,0
2. Fiskveiðar	2.600	5.750	1.700	2.500	4,3	114,2	-72,6	38,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1.410	1.320	1.450	1.550	-22,8	-9,6	0,0	0,0
4. Álverksmiðja	900	350	630	700	-8,7	-62,3	68,0	6,0
5. Járnblendiverksmiðja	40	30	30	30	-63,8	-28,9	-6,7	-3,0
6. Annar iðnaður	5.750	5.100	5.300	5.600	25,2	-14,2	-5,0	0,0
7. Flutningatæki	9.240	5.200	3.300	3.200	-8,2	-45,9	-42,6	-10,0
8. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl	4.330	3.550	3.500	3.500	-14,8	-19,9	-3,0	-3,0
9. Ýmsar vélar og tæki	5.140	4.200	4.490	4.320	21,5	-21,3	-5,0	-10,0
II Íbúðarhús	**15.900**	**15.300**	**14.300**	**14.800**	**-5,0**	**-6,0**	**-9,0**	**0,0**
III Fjárfesting hins opinbera	**25.500**	**22.550**	**25.150**	**23.500**	**9,9**	**-13,9**	**8,8**	**-9,3**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	5.800	2.600	2.200	2.000	11,8	-56,7	-17,5	-12,0
2. Vatnsveitur, hitaveitur	1.450	1.500	1.550	1.600	-18,1	1,0	0,8	0,0
3. Samgöngumannvirki	9.450	9.850	12.200	10.900	23,0	1,8	20,8	-13,0
4. Byggingar hins opinbera	8.800	8.600	9.200	9.000	2,6	-4,6	4,4	-5,0

Skýringar:

1) Magnbreytingar 1991-1992 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990, en spá 1993 og 1994 á verðlagi fyrra árs.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Tafla 4. Landsframleiðsla 1982-1992

Milljónir króna, á verðlagi hvers árs ásamt magn- og verðvísitölum 1990=100

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992
Verðlag hvers árs											
1. Einkaneysla	22.923	39.432	53.930	74.689	96.072	129.795	156.203	184.435	213.555	236.276	236.213
2. Samneysla	6.893	11.978	14.595	20.954	28.419	38.529	49.895	59.503	68.854	76.918	79.434
3. Fjármunamyndun	9.251	14.127	18.356	24.460	29.684	41.042	48.414	56.051	66.896	72.700	64.900
4. Birgðabreytingar	913	-1.070	786	-978	-2.094	-416	1.850	-578	-1.787	1.233	123
5. Þjóðarútgjöld alls	39.980	64.467	87.667	119.125	152.081	208.950	256.362	299.411	347.518	387.127	380.670
6. Útflutningur alls	12.714	27.078	34.295	49.534	62.888	73.085	83.548	108.335	126.456	127.231	123.537
6.1 Vörur, fob	8.479	18.623	23.557	33.750	44.968	53.053	61.667	80.072	92.452	91.560	87.833
6.2 Þjónusta	4.235	8.455	10.738	15.784	17.920	20.032	21.881	28.263	34.004	35.671	35.704
7. Frádr.:Innflutningur alls	14.329	25.275	33.871	48.663	55.880	73.965	84.100	99.240	119.595	130.305	121.952
7.1 Vörur, fob	10.364	18.156	23.889	33.760	40.988	55.020	61.996	72.603	87.652	94.639	87.909
7.2 Þjónusta	3.965	7.119	9.982	14.903	14.892	18.945	22.104	26.637	31.943	35.666	34.043
8. VERG LANDSFRAMLEIÐSLA	**38.365**	**66.270**	**88.091**	**119.996**	**159.089**	**208.070**	**255.810**	**308.506**	**354.379**	**384.053**	**382.255**
9. Þáttatekjur frá útlönd., nettó	-1.495	-3.066	-4.554	-5.584	-6.229	-6.203	-8.333	-13.217	-14.611	-14.974	-13.585
10. VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA	**36.870**	**63.204**	**83.537**	**114.412**	**152.860**	**201.867**	**247.477**	**295.289**	**339.768**	**369.079**	**368.670**
11. Viðskiptajöfnuður	-3.110	-1.263	-4.130	-4.713	779	-7.083	-8.885	-4.122	-7.750	-18.048	-12.000
11.1 Vöruskiptajöfn fob/fob	-1.885	467	-332	-10	3.980	-1.967	-329	7.469	4.800	-3.079	-76
11.2 Þjónustujöfnuður	270	1.336	756	881	3.028	1.087	-223	1.626	2.061	5	1.661
11.3 Þáttatekjur frá útl.net	-1.495	-3.066	-4.554	-5.584	-6.229	-6.203	-8.333	-13.217	-14.611	-14.974	-13.585
12. *Óbeinir skattar*	9.202	14.486	20.062	26.341	33.964	46.314	58.875	69.133	75.486	79.665	79.418
13. Framleiðslustyrkir	1.392	2.204	2.389	3.491	4.228	4.783	7.808	11.235	10.958	10.272	11.590
14. Afskriftir af þjóðarauðsmati	4.780	8.780	10.697	14.552	18.542	22.086	27.346	35.218	41.382	45.994	49.296
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuv. (15.=10.-12.+13.-14.)	24.280	42.142	55.167	77.010	104.582	138.250	169.064	202.173	233.858	253.692	251.546
Hlutfallsleg skipting											
1. Einkaneysla	59,7%	59,5%	61,2%	62,2%	60,4%	62,4%	61,1%	59,8%	60,3%	61,5%	61,8%
2. Samneysla	18,0%	18,1%	16,6%	17,5%	17,9%	18,5%	19,5%	19,3%	19,4%	20,0%	20,8%
3. Fjármunamyndun	24,1%	21,3%	20,8%	20,4%	18,7%	19,7%	18,9%	18,2%	18,9%	18,9%	17,0%
4. Birgðabreytingar	2,4%	-1,6%	0,9%	-0,8%	-1,3%	-0,2%	0,7%	-0,2%	-0,5%	0,3%	0,0%
5. Þjóðarútgjöld alls	104,2%	97,3%	99,5%	99,3%	95,6%	100,4%	100,2%	97,1%	98,1%	100,8%	99,6%
6. Útfl. vöru og þjónustu	33,1%	40,9%	38,9%	41,3%	39,5%	35,1%	32,7%	35,1%	35,7%	33,1%	32,3%
6.1 Vörur, fob	22,1%	28,1%	26,7%	28,1%	28,3%	25,5%	24,1%	26,0%	26,1%	23,8%	23,0%
6.2 Þjónusta	11,0%	12,8%	12,2%	13,2%	11,3%	9,6%	8,6%	9,2%	9,6%	9,3%	9,3%
7. Frádr.:Innfl.vöru og þjónustu	37,3%	38,1%	38,5%	40,6%	35,1%	35,5%	32,9%	32,2%	33,7%	33,9%	31,9%
7.1 Vörur, fob	27,0%	27,4%	27,1%	28,1%	25,8%	26,4%	24,2%	23,5%	24,7%	24,6%	23,0%
7.2 Þjónusta	10,3%	10,7%	11,3%	12,4%	9,4%	9,1%	8,6%	8,6%	9,0%	9,3%	8,9%
8. VERG LANDSFRAMLEIÐSLA	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0**	**100,0%**
9. Þáttatekjur frá útlönd., nettó	-3,9%	-4,6%	-5,2%	-4,7%	-3,9%	-3,0%	-3,3%	-4,3%	-4,1%	-3,9%	-3,6%
10. VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA	**96,1%**	**95,4%**	**94,8%**	**95,3%**	**96,1%**	**97,0%**	**96,7%**	**95,7%**	**95,9%**	**96,1%**	**96,4%**
11. Viðskiptajöfnuður	-8,1%	-1,9%	-4,7%	-3,9%	0,5%	-3,4%	-3,5%	-1,3%	-2,2%	-4,7%	-3,1%
Magnvísitala 1990=100											
1. Einkaneysla	85,7	80,8	83,8	87,6	93,9	109,5	104,8	100,4	100,0	105,1	100,2
2. Samneysla	69,9	73,3	73,6	78,3	83,7	89,2	93,2	96,0	100,0	103,2	102,8
3. Fjármunamyndun	92,9	81,5	89,0	90,7	89,7	106,7	106,1	97,3	100,0	102,1	88,5
4. Þjóðarútgjöld alls	86,0	78,7	83,7	86,3	90,3	104,7	103,8	99,1	100,0	105,0	99,0
5. Útflutningur alls	73,1	80,8	82,8	91,9	97,4	101,0	97,6	100,2	100,0	94,2	92,5
5.1 Vörur	67,0	76,0	77,5	86,3	95,0	99,2	98,0	101,4	100,0	92,1	91,2
5.2 Þjónusta	90,9	94,8	98,2	108,4	104,2	106,5	96,6	96,5	100,0	99,9	95,9
6. Frádr.:Innflutningur alls	86,2	77,8	84,9	92,9	93,8	115,6	110,3	99,0	100,0	105,4	97,1
6.1 Vörur	85,0	75,8	81,1	87,9	94,7	118,3	111,9	99,7	100,0	104,9	96,9
6.2 Þjónusta	89,6	83,6	96,2	107,7	91,4	107,8	105,8	97,0	100,0	106,8	97,6
7. VERG LANDSFRAMLEIÐSLA	**81,4**	**79,7**	**83,0**	**86,0**	**91,6**	**99,7**	**99,3**	**99,5**	**100,0**	**101,0**	**97,3**
8. Þáttatekjur frá útlönd., nettó	52,3	66,2	77,0	79,9	80,1	83,4	95,0	101,0	100,0	105,9	104,2
9. VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA	**82,9**	**80,5**	**83,3**	**86,4**	**92,2**	**100,5**	**99,5**	**99,4**	**100,0**	**100,8**	**97,0**
10. VERGAR ÞJÓÐARTEKJUR	**82,6**	**79,6**	**82,2**	**84,9**	**92,9**	**103,2**	**101,9**	**100,1**	**100,0**	**102,4**	**97,8**

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Verðvísitala 1990=100											
1. Einkaneysla	12,5	22,9	30,1	39,9	47,9	55,5	69,8	86,0	100,0	105,3	110,4
2. Samneysla	14,3	23,7	28,8	38,8	49,3	62,8	77,7	90,0	100,0	108,2	112,2
3. Fjármunamyndun	14,9	25,9	30,8	40,3	49,5	57,5	68,2	86,1	100,0	106,4	109,6
4. Þjóðarútgjöld alls	13,4	23,6	30,1	39,7	48,5	57,4	71,1	86,9	100,0	106,1	110,7
5. Útflutningur alls	13,7	26,5	32,7	42,6	51,1	57,2	67,7	85,5	100,0	106,8	105,7
5.1 Vörur	13,7	26,5	32,9	42,3	51,2	57,9	68,1	85,4	100,0	107,5	104,2
5.2 Þjónusta	13,7	26,2	32,1	42,8	50,6	55,3	66,6	86,2	100,0	105,0	109,5
6. Frádr.:Innflutningur alls	13,9	27,2	33,3	43,8	49,8	53,5	63,7	83,8	100,0	103,4	105,0
6.1 Vörur	13,9	27,3	33,6	43,8	49,4	53,0	63,2	83,1	100,0	102,9	103,5
6.2 Þjónusta	13,9	26,7	32,5	43,3	51,0	55,0	65,4	85,9	100,0	104,6	109,2
7. VERG LANDSFRAMLEIÐSLA	**13,3**	**23,5**	**29,9**	**39,4**	**49,0**	**58,9**	**72,7**	**87,5**	**100,0**	**107,3**	**110,9**
%-br. frá fyrra ári, magn											
1. Einkaneysla	5,1%	-5,8%	3,8%	4,4%	7,2%	16,6%	-4,3%	-4,2%	-0,4%	5,1%	-4,7%
2. Samneysla	6,0%	4,8%	0,5%	6,4%	6,8%	6,6%	4,6%	3,0%	4,2%	3,2%	-0,4%
3. Fjármunamyndun	-0,5%	-12,3%	9,2%	2,0%	-1,2%	19,0%	-0,6%	-8,3%	2,8%	2,1%	-13,3%
4. Þjóðarútgjöld alls	5,0%	-8,6%	6,4%	3,0%	4,7%	16,0%	-0,9%	-4,5%	0,9%	5,0%	-5,7%
5. Útfl. vöru og þjónustu	-9,0%	10,5%	2,5%	11,0%	5,9%	3,8%	-3,4%	2,6%	-0,2%	-5,8%	-1,9%
5.1 Vörur	-17,1%	13,4%	2,0%	11,3%	10,1%	4,4%	-1,2%	3,5%	-1,4%	-7,9%	-1,0%
5.2 Þjónusta	15,5%	4,2%	3,7%	10,4%	-3,9%	2,2%	-9,3%	-0,1%	3,7%	-0,1%	-4,0%
6. Frádr.:Innfl. vöru og þjónustu	-0,6%	-9,7%	9,1%	9,4%	0,9%	23,3%	-4,6%	-10,3%	1,0%	5,4%	-7,9%
6.1 Vörur	-2,9%	-10,8%	6,9%	8,4%	7,7%	25,0%	-5,5%	-10,9%	0,3%	4,9%	-7,6%
6.2 Þjónusta	6,3%	-6,7%	15,1%	11,9%	-15,1%	18,0%	-1,8%	-8,3%	3,0%	6,8%	-8,6%
7. VERG LANDSFRAMLEIÐSLA	**2,0%**	**-2,0%**	**4,1%**	**3,6%**	**6,5%**	**8,8%**	**-0,4%**	**0,2%**	**0,5%**	**1,0%**	**-3,7%**
8. Þáttatekjur frá útlönd., nettó	13,9%	26,6%	16,3%	3,7%	0,2%	4,1%	14,0%	6,4%	-1,0%	5,9%	-1,7%
9. VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA	**1,6%**	**-3,0%**	**3,6%**	**3,6%**	**6,8%**	**9,0%**	**-1,0%**	**-0,1%**	**0,6%**	**0,8%**	**-3,8%**
10. VERGAR ÞJÓÐARTEKJUR	**1,1%**	**-3,6%**	**3,3%**	**3,3%**	**9,4%**	**11,0%**	**-1,2%**	**-1,8%**	**-0,0%**	**2,4%**	**-4,5%**
%-br. frá fyrra ári, verð											
1. Einkaneysla	51,9%	82,6%	31,8%	32,6%	19,9%	15,9%	25,7%	23,3%	16,3%	5,3%	4,9%
2. Samneysla	55,0%	65,7%	21,2%	35,0%	27,0%	27,2%	23,8%	15,8%	11,1%	8,2%	3,7%
3. Fjármunamyndun	56,8%	74,1%	19,0%	30,6%	22,8%	16,2%	18,6%	26,2%	16,1%	6,4%	3,0%
4. Þjóðarútgjöld alls	53,9%	76,3%	27,8%	31,9%	22,0%	18,5%	23,8%	22,3%	15,0%	6,1%	4,3%
5. Útfl. vöru og þjónustu	60,1%	92,8%	23,6%	30,1%	19,9%	12,0%	18,3%	26,4%	16,9%	6,8%	-1,1%
5.1 Vörur	56,6%	93,7%	24,0%	28,8%	21,0%	13,1%	17,7%	25,4%	17,1%	7,5%	-3,1%
5.2 Þjónusta	67,5%	91,6%	22,5%	33,2%	18,1%	9,4%	20,4%	29,3%	16,1%	5,0%	4,3%
6. Frádr.:Innfl. vöru og þjónustu	61,3%	95,3%	22,8%	31,3%	13,8%	7,4%	19,2%	31,5%	19,3%	3,4%	1,6%
6.1 Vörur	58,5%	96,4%	23,1%	30,4%	12,7%	7,4%	19,2%	31,4%	20,4%	2,9%	0,5%
6.2 Þjónusta	69,2%	92,4%	21,8%	33,4%	17,7%	7,8%	18,8%	31,4%	16,4%	4,6%	4,4%
7. VERG LANDSFRAMLEIÐSLA	**53,4%**	**76,2%**	**27,7%**	**31,4%**	**24,5%**	**20,2%**	**23,4%**	**20,4%**	**14,3%**	**7,3%**	**3,4%**
Meðalmannfjöldi ársins, þús	233,997	237,041	239,498	241,403	243,209	245,962	249,885	252,746	254,788	257,965	261,103
Magnvísitala 1990=100	91,8	93,0	94,0	94,7	95,5	96,5	98,1	99,2	100,0	101,2	102,5
%-br. frá fyrra ári, magn á mann											
1. Einkaneysla	3,7%	-7,0%	2,7%	3,6%	6,5%	15,3%	-5,8%	-5,3%	-1,2%	3,8%	-5,8%
2. Samneysla	4,5%	3,5%	-0,5%	5,5%	6,0%	5,4%	2,9%	1,8%	3,3%	1,9%	-1,6%
3. Fjármunamyndun	-1,9%	-13,4%	8,0%	1,2%	-1,9%	17,7%	-2,1%	-9,3%	2,0%	0,9%	-14,3%
4. Þjóðarútgjöld alls	3,6%	-9,7%	5,3%	2,2%	3,9%	14,7%	-2,5%	-5,6%	0,1%	3,7%	-6,9%
5. Útflutningur alls	-10,2%	9,1%	1,5%	10,1%	5,1%	2,6%	-4,9%	1,4%	-1,0%	-6,9%	-3,0%
6. Frádr.:Innflutningur alls	-1,9%	-10,9%	8,0%	8,6%	0,2%	21,9%	-6,1%	-11,3%	0,2%	4,1%	-9,0%
7. VERG LANDSFRAMLEIÐSLA	**0,6%**	**-3,2%**	**3,0%**	**2,8%**	**5,7%**	**7,6%**	**-1,9%**	**-0,9%**	**-0,3%**	**-0,2%**	**-4,9%**

Tafla 5. Tekjur, verðlag, kaupmáttur og gengi 1982-1994

		1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Áætl. 1993	Spá 1994
I	**Vísitölur 1980=100**													
	Tekjur													
	Ráðstöfunartekjur á mann	248	395	505	743	977	1.424	1.737	1.937	2.130	2.332	2.368	2.316	2.293
	Verðlag													
	Framfærsluvísitala	228	420	542	718	871	1.034	1.297	1.571	1.804	1.926	1.997	2.077	2.139
	Byggingarvísitala	237	403	505	668	832	979	1.153	1.420	1.673	1.800	1.843	1.887	1.944
	Lánskjaravísitala	227	408	546	713	888	1.043	1.287	1.524	1.760	1.894	1.964	2.075	2.123
	Verðlag einkaneyslu	229	419	552	732	878	1.017	1.278	1.576	1.832	1.929	2.024	2.109	2.172
	Kaupmáttur [1]													
	Ráðstöfunartekjur á mann	109	94	93	104	112	138	134	123	118	121	119	112	108
	Gengi													
	Meðalverð erl. gjaldmiðla	210	386	448	573	659	684	781	982	1.104	1.103	1.109	1.204	1.253
	Raungengi miðað við verð	96	90	95	93	95	104	109	101	97	100	100	93	89
	Raungengi miðað við laun	102	84	83	85	86	109	113	98	87	92	95	85	79
II	**Breytingar frá fyrra ári, %**													
	Tekjur													
	Ráðstöfunartekjur á mann	56,0	59,3	27,8	47,1	31,5	45,8	22,0	11,5	10,0	9,5	1,5	-2,2	-1,0
	Verðlag													
	Framfærsluvísitala	51,0	84,3	29,2	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	3,7	4,0	3,0
	Byggingarvísitala	55,3	70,4	25,3	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	2,4	3,0
	Lánskjaravísitala	49,8	79,4	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	15,4	7,6	3,7	2,5	2,3
	Verðlag einkaneyslu	51,9	82,6	31,8	32,6	19,9	15,9	25,7	23,3	16,3	5,3	4,8	4,0	3,0
	Kaupmáttur [1]													
	Ráðstöfunartekjur á mann	3,3	-13,5	-0,9	11,1	8,5	22,6	-2,8	-7,8	-4,6	2,5	-2,0	-6,0	-4,0
	Gengi													
	Meðalverð erl. gjaldmiðla	57,1	83,4	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,8	12,4	-0,1	0,5	8,6	4,1
	Raungengi miðað við verð	-8,2	-5,8	4,9	-1,6	2,0	9,5	5,2	-8,1	-3,1	2,3	0,3	-7,3	-4,0
	Raungengi miðað við laun	-3,9	-17,5	-1,0	1,3	2,2	26,2	4,0	-13,9	-11,1	6,0	2,8	-10,2	-7,2

Skýringar:

1) Miðað við framfærsluvísitölu.

Tafla 6. Afli og aflaverðmæti 1985-1994

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Spá 1993	Spá 1994
Þúsund tonn										
Þorskur	323	366	390	376	354	333	307	266	240	165
Annar botnfiskur	263	266	295	321	339	340	348	317	349	367
Ýsa	50	47	40	53	62	66	54	46	50	60
Ufsi	55	64	78	74	80	95	99	78	85	90
Karfi	91	86	88	94	92	91	97	94	104	90
Úthafskarfi	-	-	-	-	1	4	8	14	20	30
Steinbítur	10	12	13	15	14	14	18	16	12	14
Grálúða	29	31	45	49	58	37	35	32	30	30
Skarkoli	14	13	11	14	11	11	11	11	13	13
Annað	14	13	21	22	21	22	27	26	35	40
Síld	50	66	75	93	97	90	78	123	107	110
Loðna	993	898	810	911	670	694	258	798	1.100	1.100
Humar	2	3	3	2	2	2	2	2	2	2
Rækja	25	36	39	30	27	30	38	46	50	52
Hörpudiskur	17	16	13	10	11	12	10	13	11	11
Annað	7	5	13	15	14	5	6	8	8	8
Heildarafli	1.680	1.656	1.638	1.758	1.514	1.506	1.047	1.574	1.867	1.815
Breytingar heildaraflaverðmætis frá fyrra ári á föstu verði 1), %:										
Samtals	5,1	9,8	6,7	-1,0	-3,8	-3,0	-7,5	-0,4	3,4	-7,6
Samtals án loðnu	4,6	11,5	7,7	-1,3	-1,8	-3,3	-3,4	-6,4	-0,4	-8,7

Skýringar:

1) Magnvísitölur eru fengnar með því að verðleggja aflamagnið á föstu verði. Aflamagn árin 1984-1989 er á verðlagi ársins 1987. Aflamagn árin 1989-1994 er á verðlagi ársins 1990. Allur afli, heima og erlendis er verðlagður miðað við innanlandsverð á afla upp úr sjó.

Tafla 7. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1945-1994 [1)]

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Magn-vísitala 1980=100	Magn-breyting frá fyrra ári	Magn-vísitala 1980=100	Magn-breyting frá fyrra ári
1945	19,1		18,9	
1946	19,8	3,8%	20,3	7,5%
1947	22,1	11,6%	22,0	8,6%
1948	22,5	2,0%	22,1	0,1%
1949	22,2	-1,5%	21,1	-4,1%
1950	21,6	-2,8%	19,8	-6,1%
1951	21,4	-1,1%	19,2	-3,4%
1952	21,0	-1,5%	18,9	-1,3%
1953	24,0	14,1%	22,1	16,8%
1954	26,1	9,0%	24,4	10,2%
1955	28,7	9,7%	26,9	10,2%
1956	29,2	1,9%	27,1	0,7%
1957	29,2	-0,2%	26,7	-1,4%
1958	31,7	8,8%	29,7	11,4%
1959	32,3	1,7%	30,3	2,0%
1960	33,5	3,8%	30,9	1,9%
1961	33,7	0,6%	32,2	4,1%
1962	36,5	8,2%	35,1	9,0%
1963	40,1	9,9%	38,6	10,0%
1964	44,0	9,9%	43,4	12,4%
1965	47,3	7,3%	48,0	10,7%
1966	51,4	8,7%	52,2	8,6%
1967	50,6	-1,6%	49,6	-4,9%
1968	47,9	-5,3%	46,7	-6,0%
1969	49,4	3,2%	48,3	3,5%
1970	53,2	7,6%	54,3	12,4%
1971	60,1	13,1%	62,7	15,6%
1972	63,6	5,8%	66,3	5,6%
1973	67,3	5,8%	73,4	10,7%
1974	71,5	6,3%	74,8	2,0%
1975	72,2	0,9%	71,1	-5,0%
1976	76,5	6,1%	77,6	9,2%
1977	83,4	8,9%	87,2	12,3%
1978	89,2	7,0%	93,4	7,1%
1979	94,1	5,5%	95,2	2,0%
1980	100,0	6,3%	100,0	5,0%
1981	104,4	4,4%	103,4	3,4%
1982	106,4	2,0%	104,6	1,1%
1983	104,3	-2,0%	100,8	-3,6%
1984	108,6	4,1%	104,1	3,3%
1985	112,5	3,6%	107,5	3,3%
1986	119,9	6,5%	117,7	9,4%
1987	130,4	8,8%	130,6	11,0%
1988	129,9	-0,4%	129,1	-1,2%
1989	130,2	0,2%	126,8	-1,8%
1990	130,8	0,5%	126,6	-0,1%
1991	132,2	1,0%	129,6	2,4%
1992	127,3	-3,7%	123,8	-4,5%
1993	127,9	0,5%	121,4	-1,9%
1994	124,6	-2,6%	118,2	-2,6%

Skýringar:

1) Bráðabirgðatölur fyrir 1992, áætlun fyrir 1993 og spá fyrir 1994.


Verg landsframleiðsla 1945-1994
Vísitala 1980=100
140
120
100
80
60
40
20
0
1945 1950 1955 1960 1965 1970 1975 1980 1985 1990


Verg landsframleiðsla 1945-1994
%
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári
15
10
5
0
-5
-10
1945 1950 1955 1960 1965 1970 1975 1980 1985 1990

8. Frumvarp til laga [8. mál]

um yfirstjórn menningarstofnana.

Flm.: Svavar Gestsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/1969, um Landsbókasafn Íslands.

1. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands skipar landsbókavörð samkvæmt tillögu menntamálaráðherra. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis.

Heimilt er landsbókaverði að skipta safninu í deildir og að ákvarða skipulag þess í einstökum atriðum eftir því sem hann telur rétt á hverjum tíma í samræmi við fagleg markmið safnsins og fjárhagslegar forsendur þess.

Landsbókavörður ræður bókaverði og aðra starfsmenn safnsins eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Fari landsbókavörður í leyfi skal staðgengill gegna störfum fyrir hann. Landsbókavörður ákveður í upphafi starfsferils síns hver verður staðgengill í forföllum hans.

Landsbókavörður er ráðinn til fjögurra ára í senn. Heimilt er að ráða landsbókavörð í átta ár samfellt hið lengsta.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Nú lætur landsbókavörður af störfum og skal þá ráðuneytið auglýsa stöðu landsbókavarðar lausa tafarlaust. Að liðnum hæfilegum umsóknarfresti fer dómnefnd yfir umsóknirnar. Dómnefndin skal þannig skipuð að ráðherra menntamála tilnefnir einn nefndarmann og skal hann vera formaður, Háskóli Íslands tilnefnir einn mann og einn nefndarmanna skal tilnefndur af stjórn Bókavarðafélags Íslands. Allir dómnefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu á sviði bókasafnsfræði og á starfsemi bókasafna.

Dómnefnd skilar áliti innan eins mánaðar frá því að umsóknarfrestur rennur út. Skal hún við úrskurð sinn taka tillit til faglegrar þekkingar og reynslu umsækjenda, m.a. af stjórnun. Dómnefnd skal raða umsækjendum, sem hæfir teljast, í tölusetta röð.

Menntamálaráðherra gerir tillögu um skipan landsbókavarðar í samræmi við álit dómnefndarinnar.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

3. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Þjóðskjalasafn Íslands er sjálfstæð skjalavörslustofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Heimilisfang þess er í Reykjavík.

Kostnaður við rekstur safnsins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegum fjárveitingum í fjárlögum.

4. gr.

Á eftir 2. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (3. gr.)

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð samkvæmt tillögu menntamálaráðherra. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við.

Þjóðskjalavörður ræður aðra fasta starfsmenn Þjóðskjalasafns.

Fari þjóðskjalavörður í leyfi skal staðgengill gegna störfum fyrir hann. Þjóðskjalavörður ákveður í upphafi starfsferils síns hver verður staðgengill hans í forföllum.

Þjóðskjalavörður er ráðinn til fjögurra ára í fyrsta sinn. Heimilt er að ráða þjóðskjalavörð í átta ár samfellt hið lengsta.

b. (4. gr.)

Nú lætur þjóðskjalavörður af störfum og skal þá ráðuneytið auglýsa stöðu þjóðskjalavarðar lausa tafarlaust. Að liðnum hæfilegum umsóknarfresti fer dómnefnd yfir umsóknirnar. Dómnefndin skal þannig skipuð að ráðherra menntamála tilnefnir einn nefndarmann og skal hann vera formaður, Háskóli Íslands tilnefnir einn mann en einn nefndarmanna skal tilnefndur af stjórnarnefnd Þjóðskjalasafnsins. Allir dómnefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu á sviði skjalavörslu og á starfsemi skjalasafna.

Dómnefnd skilar áliti innan eins mánaðar frá því að umsóknarfrestur rennur út. Skal hún við úrskurð sinn taka tillit til faglegrar þekkingar og reynslu umsækjenda, m.a. af stjórnun. Dómnefnd skal raða umsækjendum, sem hæfir teljast, í tölusetta röð.

Menntamálaráðherra gerir tillögu um skipan þjóðskjalavarðar í samræmi við álit dómnefndarinnar.

III. KAFLI
Breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989.

5. gr.

4. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Ársskýrslu þjóðminjaráðs skal birta með starfsskýrslu Þjóðminjasafns Íslands.

6. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu í umboði þjóðminjaráðs. Hann er framkvæmdastjóri þjóðminjaráðs og situr fundi þess ásamt safnstjóra Þjóðminjasafns Íslands. Safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands er staðgengill þjóðminjavarðar, hvort sem um er að ræða forföll til lengri eða skemmri tíma.

Forseti Íslands skipar þjóðminjavörð til fimm ára í senn að tillögu menntamálaráðherra. Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun og reynslu á sviði þjóðminjavörslu og í fornleifafræði.

Nú lætur þjóðminjavörður af störfum og skal þá ráðuneytið auglýsa stöðu hans lausa tafarlaust. Að liðnum hæfilegum umsóknarfresti fer dómnefnd yfir umsóknirnar. Dómnefndin skal þannig skipuð að ráðherra menntamála tilnefnir einn nefndarmann og skal hann vera formaður, Háskóli Íslands tilnefnir einn en einn nefndarmaður skal tilnefndur af þjóðminjaráði. Allir dómnefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu á sviði þjóðminjavörslu og fornleifafræði og á starfsemi safna.

Dómnefnd skilar áliti innan eins mánaðar frá því að umsóknarfrestur rennur út. Skal hún við úrskurð sinn taka tillit til faglegrar þekkingar og reynslu umsækjenda, m.a. af stjórnun. Dómnefnd skal raða umsækjendum, sem hæfir teljast, í tölusetta röð.

Menntamálaráðherra gerir tillögu um skipan þjóðminjavarðar í samræmi við álit dómnefndarinnar.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þjóðminjaráð ræður safnstjóra Þjóðminjasafns. Safnstjóri Þjóðminjasafns skal ráðinn til fjögurra ára í fyrsta sinn. Heimilt er að ráða safnvörð Þjóðminjasafns í átta ár samfellt hið lengsta.
b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Safnstjóri Þjóðminjasafns skipar, í samráði við þjóðminjavörð, deildarstjóra og sérfræðinga að fengnum tillögum þjóðminjaráðs, sbr. þó 5. mgr. 3. gr., og skulu þeir að öðru jöfnu hafa sérfræðimenntun á sviði þeirrar deildar sem þeir starfa við.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna þeirra atburða sem hafa átt sér stað við stjórn menningarstofnana á undanförnum missirum. Er þar m.a. um að ræða Þjóðminjasafnið þar sem ráðinn var þjóðminjavörður til tveggja ára án alls samráðs við starfsmenn safnsins. Var þá jafnvel gengið á svig við lög þar sem safnstjóri átti lögum samkvæmt að taka við starfi þjóðminjavarðar í forföllum hans. Í frumvarpi þessu er tekið á málefnum Þjóðminjasafnsins og tveggja annarra menningarstofnana. Fjallað er um Landsbókasafnið, þá Þjóðskjalasafnið og loks Þjóðminjasafnið.

Vel má hugsa sér að taka fleiri menningarstofnanir inn í svona frumvarp ef samkomulag næst um afgreiðslu þess. Í því sambandi koma mörgum vafalaust í hug stofnanir eins og Þjóðleikhúsið og Ríkisútvarpið. Um Þjóðleikhúsið gilda sérstök lög og þar er gert ráð fyrir skipan Þjóðleikhússtjóra í takmarkaðan tíma í senn. Hefur sú skipan gefist vel. Engu að síður er nauðsynlegt að tryggja faglega skipan Þjóðleikhússtjóra betur en gert er í gildandi lögum. Þá er augljóst að lögum um Ríkisútvarpið þarf að breyta. Fráleitt er að ráðherra geti hlutast til um ráðningar einstakra starfsmanna útvarpsins með þeim hætti sem núverandi menntamálaráðherra hefur gert í blóra við aðra starfsmenn stofnunarinnar. Flutningsmaður telur að eðlilegast væri að afnema allar ráðherraskipanir starfsmanna Ríkisútvarpsins, annarra en útvarpsstjóra, en um skipan hans þyrfti að setja í lög sérstakar hæfniskröfur líkt því sem um er að ræða í þessu frumvarpi. Það mun ætlan ríkisstjórnarinnar að taka fyrir í frumvarpi málefni Ríkisútvarpsins og verður að vænta þess að þá gefist kostur á að ræða málið sérstaklega á Alþingi.

Fyrirmyndin að frumvarpi því sem hér er flutt er að nokkru leyti í breytingum á lögum um Háskóla Íslands sem samþykkt voru í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þá hafði Háskólinn lent í hremmingum einkavinavæðingar Sjálfstæðisflokksins eins og Ríkisútvarpið og Þjóðminjasafnið nú. Þess vegna var flutt frumvarp á vegum þeirrar ríkisstjórnar sem síðast sat hér á landi um að takmarka verulega ráðningarvald ráðherra. Hefur sú skipan mála gefist vel. Það ber að taka fram að um það mál var alger samstaða á Alþingi á sínum tíma utan það að einn þingmanna Sjálfstæðisflokksins fann að málatilbúnaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir breytingu á 9. gr. laga um Landsbókasafn Íslands, nr. 38/1969, og miðar hún að því að gera embætti landsbókavarðar sjálfstæðara. Landsbókavörður mun áfram stýra safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis en vera sjálfráður um skiptingu safnsins í deildir og skipulag þess í einstökum atriðum. Embættisfærsla hans skal þó vera í samræmi við fagleg markmið safnsins og fjárhagslegar forsendur þess. Enn fremur er gert ráð fyrir því að landsbókavörður, í stað menntamálaráðherra, ráði bókaverði og aðra starfsmenn eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Þá er lagt til að landsbókavörður skuli hafa lokið prófi bókasafnsfræðings en í lögunum eru ekki gerðar kröfur til menntunar landsbókavarðar.

Í greininni er jafnframt lagt til að landsbókavörður tilnefni í upphafi starfsferils síns staðgengil sem gegna mun starfi landsbókavarðar. Loks verði landsbókavörður ráðinn til fjögurra ára í fyrsta sinn, en heimilt sé að ráða hann í átta ár samfellt hið lengsta.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að ný grein bætist við lög um Landsbókasafn Íslands, nr. 38/1969, um hvernig fara skuli með stöðuveitingu landsbókavarðar. Er gert ráð fyrir að sérstök dómnefnd fari yfir umsóknir um stöðuna og leggi mat sitt á þær. Nefndin skili ráðherra áliti sem gerir tillögu um skipan landsbókavarðar í samræmi við álit dómnefndarinnar. Kveðið er og á um að dómnefndarmenn hafi allir reynslu og þekkingu á því sviði sem um er að ræða.

Um 3. gr.

Hér er gerð tillaga um breytingu á 1. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, í tengslum við breytingar sem lagðar eru til í 4. gr. frumvarpsins, þannig að tvær síðustu málsgreinar 1. gr. laganna breytist og verði að nýrri grein.

Um 4. gr.

Lagt er til að á eftir 2. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, komi tvær nýjar greinar um skipun þjóðskjalavarðar og verkefni hans.

Efni a-liðar (er verði 3. gr. laganna) er ekki með öllu ókunnugt því að efni tveggja málsgreina er að hluta til fengið úr 1. gr. laganna. Þannig er gert ráð fyrir að forseti Íslands skipi áfram þjóðskjalavörð, hann annist daglegan rekstur og stjórn safnsins og komi fram fyrir hönd þess út á við.

Nýmæli ákvæðsins felast hins vegar í því að þjóðskjalavörður skipi sjálfur skjalaverði í stað menntamálaráðherra áður. Enn fremur verði kveðið á um staðgengil þjóðskjalavarðar (líkt og staðgengil landsbókavarðar eins og lagt er til í 1. gr. frumvarpsins), svo og ráðningartíma þjóðskjalavarðar. Allt miðar þetta að því að gera embætti þjóðskjalavarðar sjálfstæðara, bæði innan stofnunarinnar og gagnvart ráðherra.

Í b-lið greinarinnar (er verði 4. gr. laganna) eru einnig nýmæli. Þar er kveðið á um hvernig fara skuli með ráðningu þjóðskjalavarðar. Sama málsmeðferð verði viðhöfð þar og við ráðningu landsbókavarðar, sérstök dómnefnd fari yfir umsóknir sem skili áliti til ráðherra sem geri aftur tillögu um skipan í embættið í samræmi við vilja nefndarinnar.

Um 5. gr.

Í III. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á þjóðminjalögum, nr. 88/1989. Lúta þær að meginefni að því sama og breytingarnar sem lagðar hafa verið til í frumvarpi þessu á lögum um Landsbókasafn Íslands og lögum um Þjóðskjalasafn Íslands.

Í 5. gr. er lögð til breyting á 4. mgr. 2. gr. laganna sem fjallar um embætti þjóðminjavarðar. Gert er ráð fyrir að kveðið verði á um það embætti í sérstakri grein, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um embætti þjóðminjavarðar. Í 1. mgr. er ekki að finna efnislegar breytingar frá núgildandi lögum (þ.e. 4. mgr. 2. gr. þjóðminjalaga) fyrir utan það að lagt er til að skýrt verði mælt fyrir um að safnstjóri Þjóðminjasafns sé staðgengill þjóðminjavarðar, hvort sem um er að ræða forföll til lengri eða skemmri tíma, svo og að þjóðminjavörður hafi menntun og reynslu á sviði þjóðminjavörslu og í fornleifafræði. Í 2.–5. mgr. eru lagðar til sambærilegar breytingar og í öðrum greinum frumvarpsins er lúta að landsbókaverði og þjóðskjalaverði, um málsmeðferð við ráðningu þjóðminjavarðar og ráðningartíma hans.

Um 7. gr.

Hér er lögð til breyting á 5. gr. þjóðminjalaga er lýtur að ráðningu safnstjóra Þjóðminjasafnsins. Ráðningin verði tímabundin og alfarið í höndum þjóðminjaráðs. Þá er lagt til að safnstjóri Þjóðminjasafns ráði deildarstjóra og sérfræðinga safnsins — í samráði við þjóðminjavörð — í stað menntamálaráðherra áður. Breytingin er í samræmi við það sem lagt hefur verið til í öðrum greinum frumvarpsins um að gera yfirstjórn menningarstofnana sjálfstæðari.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

9. Frumvarp til laga [9. mál]

um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI

Um aðgerðir í atvinnu- og verðlagsmálum.

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að verja á árinu 1993 allt að 1.000 millj. kr. til atvinnuskapandi aðgerða, einkum fjárfestinga og viðhalds, og allt að 300 millj. kr. til tímabundinnar niðurgreiðslu á kjötvörum og mjólkurafurðum.

II. KAFLI
Um tímabundna endurgreiðslu tryggingagjalds.

2. gr.

Heimilt er að endurgreiða tryggingagjald sem lagt er á aðila sem stunda útflutning á tímabilinu frá júní til desember 1993 samkvæmt lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Til aðila skv. 1. mgr. teljast:

1. Aðilar í fiskveiðum, fiskeldi og fiskvinnslu.
2. Aðilar í atvinnugreinum skv. 2. og 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

3. gr.

Aðilar skv. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. geta fengið endurgreitt tryggingagjald af öllum tryggingagjaldsstofni á framangreindu tímabili, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Endurgreiðsla til aðila skv. 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. skal miðuð við þann hluta tryggingagjaldsstofns, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, sem tengist þeim hluta framleiðslu á framangreindu tímabili sem fluttur er úr landi eða er ætlaður til útflutnings. Koma skal fram í bókhaldi þessara aðila sundurliðun á því hvernig tryggingagjaldsstofn skiptist milli þess hluta framleiðslu sem ætlaður er til útflutnings annars vegar og til sölu innan lands hins vegar.

Ef aðili, sem fellur undir 1. eða 2. tölul. 2. mgr. 2. gr., hefur annan rekstur með höndum en þar greinir skal hann haga bókhaldi sínu í samræmi við ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

4. gr.

Skýri aðili, sem endurgreiðslu beiðist, vísvitandi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um endurgreiðslubeiðni skal hann greiða sekt er nemi tífaldri þeirri fjárhæð sem beðist er endurgreiðslu á eða allt að þeirri fjárhæð ef háttsemi má rekja til stórkostlegs gáleysis, enda liggi ekki við brotinu þyngri refsing eftir öðrum lögum. Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

5. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um endurgreiðslu tryggingagjalds samkvæmt lögum þessum. Skal þar m.a. kveðið nánar á um fyrirkomulag endurgreiðslu, kærur og fresti.

III. KAFLI
Um breyting á hafnalögum, nr. 69/1984, með síðari breytingum.

6. gr.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar eru einstökum hafnarstjórnum heimiluð frávik til lækkunar á hinni almennu gjaldskrá fyrir hafnir vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávarafla.

IV. KAFLI
Um úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

7. gr.

Aflaheimildum Hagræðingarsjóðs vegna yfirstandandi fiskveiðiárs skv. 5. gr. laga nr. 65/1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sem óráðstafað er við gildistöku laga þessara, skal úthlutað án endurgjalds til þeirra fiskiskipa sem urðu fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári.

Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir meira en sem nemur 6,9% skerðingu aflamarks, í þorskígildum talið, á milli fiskveiðiáranna, sbr. 8. gr., þannig að skerðing umfram framangreind mörk verði að fullu bætt. Skal aflaheimildum skipt milli tegunda í hlutfalli við samsetningu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og úthlutað þannig til einstakra skipa.

8. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir fiskveiðiárið er hófst 1. september 1991 og hins vegar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips af hverri tegund eins og hún var hinn 21. maí 1993. Skal miðað við úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki innan hvers fiskveiðiárs. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs á árinu 1992, sbr. lög nr. 4/1992, um breyting á lögum nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. 10. gr. reglugerðar nr. 290/1992, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993. Sú hlutfallslega breyting, sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 7. gr.

V. KAFLI
Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að við gerð kjarasamninga milli aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga hafi ríkisstjórnin lýst sig reiðubúna að greiða fyrir gerð kjarasamninga til lengri tíma. Mikilvægt sé að eyða óvissu í kjaramálum, tryggja frið á vinnumarkaði og treysta þannig stöðugleika í efnahagsmálum með víðtækri samstöðu um kjarasamninga til loka næsta árs.

Til að ná þessum markmiðum beri brýna nauðsyn til að grípa til aðgerða til styrktar útflutningsgreinum atvinnulífsins, treysta atvinnuástand og lækka verð á tilteknum matvælum.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar:

I. KAFLI
Um aðgerðir í atvinnu- og verðlagsmálum.

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að verja á árinu 1993 allt að 1.000 millj. kr. til atvinnuskapandi aðgerða, einkum fjárfestinga og viðhalds, og allt að 300 millj. kr. til tímabundinnar niðurgreiðslu á kjötvörum og mjólkurafurðum.

II. KAFLI
Um tímabundna endurgreiðslu tryggingagjalds.

2. gr.

Heimilt er að endurgreiða tryggingagjald sem lagt er á aðila sem stunda útflutning á tímabilinu frá júní til desember 1993 samkvæmt lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Til aðila skv. 1. mgr. teljast:

1. Aðilar í fiskveiðum, fiskeldi og fiskvinnslu.
2. Aðilar í atvinnugreinum skv. 2. og 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

3. gr.

Aðilar skv. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. geta fengið endurgreitt tryggingagjald af öllum tryggingagjaldsstofni á framangreindu tímabili, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Endurgreiðsla til aðila skv. 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. skal miðuð við þann hluta tryggingagjaldsstofns, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, sem tengist þeim hluta framleiðslu á framangreindu tímabili sem fluttur er úr landi eða er ætlaður til útflutnings. Koma skal fram í bókhaldi þessara aðila sundurliðun á því hvernig tryggingagjaldsstofn skiptist milli þess hluta framleiðslu sem ætlaður er til útflutnings annars vegar og til sölu innan lands hins vegar.

Ef aðili, sem fellur undir 1. eða 2. tölul. 2. mgr. 2. gr., hefur annan rekstur með höndum en þar greinir skal hann haga bókhaldi sínu í samræmi við ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

4. gr.

Skýri aðili, sem endurgreiðslu beiðist, vísvitandi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um endurgreiðslubeiðni skal hann greiða sekt er nemi tífaldri þeirri fjárhæð sem beðist er endurgreiðslu á eða allt að þeirri fjárhæð ef háttsemi má rekja til stórkostlegs gáleysis, enda liggi ekki við brotinu þyngri refsing eftir öðrum lögum. Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

5. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um endurgreiðslu tryggingagjalds samkvæmt lögum þessum. Skal þar m.a. kveðið nánar á um fyrirkomulag endurgreiðslu, kærur og fresti.

III. KAFLI
Um breyting á hafnalögum, nr. 69/1984, með síðari breytingum.

6. gr.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar eru einstökum hafnarstjórnum heimiluð frávik til lækkunar á hinni almennu gjaldskrá fyrir hafnir vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávarafla.

IV. KAFLI
Um úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

7. gr.

Aflaheimildum Hagræðingarsjóðs vegna yfirstandandi fiskveiðiárs skv. 5. gr. laga nr. 65/1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sem óráðstafað er við gildistöku laga þessara, skal úthlutað án endurgjalds til þeirra fiskiskipa sem urðu fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári.

Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir meira en sem nemur 6,9% skerðingu aflamarks, í þorskígildum talið, á milli fiskveiðiáranna, sbr. 8. gr., þannig að skerðing umfram framangreind mörk verði að fullu bætt. Skal aflaheimildum skipt milli tegunda í hlutfalli við samsetningu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og úthlutað þannig til einstakra skipa.

8. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir fiskveiðiárið er hófst 1. september 1991 og hins vegar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips af hverri tegund eins og hún var hinn 21. maí 1993. Skal miðað við úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki innan hvers fiskveiðiárs. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs á árinu 1992, sbr. lög nr. 4/1992, um breyting á lögum nr. 40/1990, um

Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. 10. gr. reglugerðar nr. 290/1992, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993. Sú hlutfallslega breyting, sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 7. gr.

V. KAFLI
Gildistaka.
9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1993.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Davíð Oddsson.

10. Fyrirspurn [10. mál]

til dómsmálaráðherra um skráningu blóðflokka í ökuskírteini.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Eru uppi áform í dómsmálaráðuneytinu um að breyta reglugerð um ökukennslu og próf ökumanna, nr. 787/1983, ásamt síðari breytingum, þannig að auk þeirra upplýsinga sem nú skal tilgreina í ökuskírteini við útgáfu þess skuli einnig greint frá blóðflokki skírteinishafa?
2. Ef svo er, hvenær mun sú breyting koma til framkvæmda?

11. Fyrirspurn [11. mál]

til dómsmálaráðherra um eftirlit með opinberum fjársöfnunum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig er háttað eftirliti með því að þeir sem gangast fyrir opinberum fjársöfnunum hafi til þess tilskilin leyfi skv. 4. gr. laga nr. 5/1977, um opinberar fjársafnanir, eða hafi tilkynnt slíka fjársöfnun viðkomandi lögreglustjóra eins og ákvæði er um í 3. gr. sömu laga?

2. Hversu margir hafa sótt um leyfi til þess að gangast fyrir opinberri fjársöfnun eða tilkynnt um slíkar safnanir til lögregluyfirvalda árin 1989 til og með 1992 og það sem af er árinu 1993, skipt niður á þessi ár? Hverjir eru þessir aðilar og hver var yfirlýstur tilgangur fjársöfnunar hverju sinni, skipt niður á sömu ár?
3. Hverjir þessara aðila hafa skv. 7. gr. laganna birt opinberlega reikningsyfirlit yfir viðkomandi fjársöfnun? Hvar og hvenær voru þau yfirlit birt?
4. Með hvaða hætti er fylgst með því að söfnunarfé sé notað í þeim tilgangi sem upphaflega var ætlað, sbr. síðari málsgrein 5. gr. laganna um opinberar fjársafnanir?

Skriflegt svar óskast.

12. Fyrirspurn [12. mál]

til menntamálaráðherra um fyrirhugaðar breytingar á rekstri grunnskóla.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur verið gengið frá samningum milli ríkis og sveitarfélaga um fyrirhugaðan flutning á rekstri grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga árið 1995?
2. Hver var heildarkostnaður ríkisins við rekstur grunnskóla árið 1992 og fyrstu sex mánuði ársins 1993? Hver hefði hann orðið ef grunnskólalögum væri að fullu framfylgt?
3. Munu lífeyrisskuldbindingar ríkisins vegna kennara og annarra starfsmanna skóla færast yfir á sveitarfélögin?
4. Ef svo er, hverjar eru áætlaðar lífeyrisgreiðslur til kennara og starfsmanna skóla næstu tíu árin?
5. Hvaða tekjustofnar munu færast frá ríki til sveitarfélaga við það að sveitarfélögin yfirtaka rekstur skólanna?
6. Er við ákvörðun um aukna tekjustofna sveitarfélaganna í tengslum við yfirtöku þessa rekstrar miðað við framkvæmd grunnskólalaga eins og hún er nú eða þann kostnað sem af hlytist ef grunnskólalögum væri að fullu framfylgt?

Skriflegt svar óskast.

13. Fyrirspurn [13. mál]

til félagsmálaráðherra um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Munu þau verkefni, sem ákveðið hefur verið að færa frá ríki til sveitarfélaga í tengslum við tillögur um sameiningu sveitarfélaga, verða færð yfir á sveitarfélögin í óbreyttri mynd ef fyrirliggjandi tillögur um sameiningu sveitarfélaga verða felldar?

2. Hver voru útgjöld ríkisins til þessara verkefna á árunum 1990, 1991 og 1992 og fyrstu sex mánuði ársins 1993 skipt niður á einstök verkefni?
3. Er áformað að flytja önnur verkefni frá ríki til sveitarfélaga en þau sem nefnd hafa verið í tengslum við tillögur um sameiningu sveitarfélaga? Ef svo er, hver eru þau verkefni og hver voru útgjöld ríkisins til þeirra árin 1990, 1991 og 1992 og fyrstu sex mánuði ársins 1993, skipt niður á einstök verkefni?
4. Hvaða tekjustofna munu sveitarfélögin fá til þess að mæta auknum útgjöldum til verkefna sem áformað er að færa frá ríki til sveitarfélaga
   a. í tengslum við tillögur um sameiningu sveitarfélaga,
   b. til annarra verkefna?
5. Munu verkefni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga breytast ef fyrirliggjandi tillögur um sameiningu sveitarfélaga verða samþykktar?
6. Ef svo er, hver verður sú breyting?
7. Munu tekjustofnar Jöfnunarsjóðs breytast? Ef svo er, í hverju verður sú breyting fólgin?

Skriflegt svar óskast.

14. Fyrirspurn [14. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afla krókaleyfisbáta.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver var heildarafli svokallaðra krókaleyfisbáta fiskveiðiárið 1992–1993?
2. Hvernig skiptist þessi afli á milli einstakra kjördæma?
3. Hver var heildarafli krókaleyfisbáta í einstökum kjördæmum, í einstökum mánuðum fiskveiðiárið 1992–1993?
4. Hver var hlutdeild krókaleyfisbáta í heildarþorskaflanum
   a. fiskveiðiárið 1991–1992,
   b. fiskveiðiárið 1992–1993?

Skriflegt svar óskast.

15. Fyrirspurn [15. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afla línubáta.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver var heildarafli línubáta fiskveiðiárið 1992–1993?
2. Hvert var hlutfall línuafla af heildarbotnfiskveiði Íslendinga á þeim tíma?
3. Hver var þorskveiði línubáta fiskveiðiárið 1992–1993?

4. Hvert var hlutfall þorskveiði á línu af heildarþorskveiði Íslendinga fiskveiðiárið 1992–1993?
5. Hver var afli línubáta í janúar, febrúar, nóvember og desember fiskveiðiárið 1992–1993, mælt í tonnum og sem hlutfall af botnfiskafla?
6. Hver var þorskafli línubáta í janúar, febrúar, nóvember og desember fiskveiðiárið 1992–1993, mælt í tonnum og sem hlutfall af heildarþorskafla Íslendinga?

Skriflegt svar óskast.

16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um staðfestingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem undirritað var í Helsingfors 18. mars 1993.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa:

Samstarfssamningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar var undirritaður í Helsingfors 23. mars 1962. Breytingar á honum voru gerðar með samningum 13. febrúar 1971, 11. mars 1974, 15. júní 1983, 6. maí 1985 og 21. ágúst 1991. Samninginn og breytingar og upplýsingar um gildistöku þeirra er að finna í auglýsingum í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1962, 16/1971, 17/1975, 13/1983, 16/1985, 4/1986 og 33/1991.

Forsætisráðherrar Norðurlanda tóku frumkvæði í nóvember 1991 til að láta kanna nýjar forsendur norræns samstarfs sem leiða af þátttöku Norðurlandanna í viðskipta- og efnahagssamstarfi Evrópu innan Evrópska efnahagssvæðisins og hugsanlegri þátttöku fleiri Norðurlanda í Evrópubandalaginu, en ríkisstjórnir Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa sótt um aðild að bandalaginu.

„Skýrsla forsætisráðherra um endurmat á norrænni samvinnu“ (161. mál, þskj. 186) var lögð fram á 116. löggjafarþingi Alþingis 1992. Davíð Oddsson forsætisráðherra kynnti á Alþingi hinn 29. október 1992 efni skýrslunnar, tillögur til breytinga og niðurstöður.

Tillögurnar hafa einnig verið til umræðu hjá Norðurlandaráði. Tillögurnar og þær umræður sem silgdu í kjölfarið hafa sýnt að æskilegt sé að gera tilteknar breytingar á samstarfssamningi Norðurlandanna.

Breytingartillögurnar hafa verið lagðar fyrir Norðurlandaráð, sem fjallað hefur um þær. Samkomulagið sem undirritað var í Helsingfors 18. mars 1993 felur í sér niðurstöðu viðræðna milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar og er í fullu samræmi við tillögu Norðurlandaráðs nr. 16/1993, sem samþykkt var á 42. þingi Norðurlandaráðs í Oslo 1.-4. mars 1993.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samkomulagsins. Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með þingsályktun þessari.

Hér verður gerð grein fyrir einstökum greinum samkomulagsins.

1. og 33. gr.

Mikilvæg niðurstaða í úttekt á vegum forsætisráðherranna var samstaða um að þróa samstarf ríkisstjórna Norðurlanda á sviði utanríkis- og varnarmála og hlutast til um nána norræna samvinnu um þau mál sem á dagskrá eru á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins, Evrópubandalagsins og á öðrum alþjóðlegum samstarfsvettvangi.

Ríkisstjórnirnar hafa látið í ljós vilja sinn til að veita Norðurlandaráði víðtækar upplýsingar um samstarf ríkisstjórnanna um evrópsk og önnur utanríkismál.

Hert er á orðalagi núgildandi 33. gr. og efnislega flutt í 1. gr. Orðalag í hinni nýju 33. gr. lýtur að því að leggja enn frekari áherslu á aukið samstarf Norðurlandanna á utanríkismálasviðinu.

40. gr.

Forsætisráðherrarnir muna hafa á hendi ábyrgðina á því að marka stefnuna í samstarfinu. Forsætisráðherrarnir munu halda fleiri fundi en áður. Þá hafa utanríkisráðherrarnir fjölgað fundum sínum.

Vísað er til funda þessara í greininni til að undirstrika það að fundir forsætisráðherra og utanríkisráðherra séu mikilvægur vettvangur í norrænu samstarfi.

47. og 48. gr.

Í greinum þessum felast engar efnisbreytingar. Landsþing Álandseyja hefur hinsvegar tekið upp nafnið lögþing og er orðalag greinanna breytt með hliðsjón af því.

61. gr.

2. mgr. greinarinnar er breytt til að skilgreina yfirstjórn forsætisráðherranna í norrænu samstarfi.

Þá er í sömu málsgrein bætt inn ákvæði um Norrænu samstarfsnefndina (NSK). Samstarfsnefndina skipa fulltrúar landanna sem skulu vera aðstoðarmenn ráðherra eða háttsettir embættismenn og samræma hin daglegu störf í samstarfi ríkisstjórnanna. Nefndin fellur undir samstarfsráðherrana en forsætisráðherrarnir geta einnig falið henni verkefni beint.

Ný 3. mgr. tekur til hins aukna og styrkta hlutverks formanns ráðherranefndarinnar.

63. gr.

Þessari grein hefur verið breytt til þess að tryggja Álandseyjum, Grænlandi og Færeyjum rétt til þess að fylgjast með öllum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í samningnum, ekki einvörðungu ákvörðunum ráðherranefndarinnar.

64. gr.

Breytingin sem felst í 1. mgr. leiðir af því að nú gefst kostur á að halda fleiri en eitt reglulegt þing á ári hverju.

Í 2. mgr. er nánar skilgreind skylda forsætisráðherra þess lands sem fer með formennsku til þess að gera ráðinu grein fyrir meginatriðum í norrænu og alþjóðlegu samstarfi.

Í 4. mgr. greinarinnar er að finna ný ákvæði um möguleika ráðsins til þess að leggja til breytta forgangsröðun fjármuna Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norðurlandaráð hefur lengi óskað þess að mega fá endanlegt vald um fjárveitingar innan þess heildarramma sem ráðherranefndin setur. Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa ekki getað samþykkt slíka kröfu, en með breytingu sem felst í 5. mgr. ber ráðherranefndinni að fara að tillögum ráðsins um fjárveitingar, sé ekki hægt að tilgreina sérstakar ástæður. Norðurlandaráð er sammála um að þessi breyting verði til bóta og hefur samþykkt þennan samningstexta.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
um breytingu á samstarfssamningnum milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem með samkomulagi frá 13. febrúar 1971, 11. mars 1974, 15. júní 1983, 6. maí 1985 og 21. ágúst 1991 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Norðurlandanna, og

sem óska þess að endurnýja og efla norræna samvinnu í ljósi aukinnar þátttöku Norðurlandanna í evrópskri samvinnu,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

1., 33., 40., 47., 48., 61., 63. og 64. grein samstarfssamningsins orðast svo:

1. grein

Samningsaðilar skulu kappkosta að varðveita og efla enn frekar samstarf ríkjanna á sviði réttarfars, menningarmála, félagsmála og efnahagsmála, svo og um samgöngur og umhverfisvernd.

Samningsaðilar skulu ráðgast hver við annan um sameiginleg hagsmunamál sem eru til umfjöllunar í evrópskum og öðrum alþjóðlegum stofnunum og á evrópskum og öðrum alþjóðlegum ráðstefnum.

33. grein

Þátttaka samningsaðila í evrópskri og annarri alþjóðlegri samvinnu hefur í för með sér góða samstarfskosti í þágu ríkisborgara og fyrirtækja Norðurlanda. Í þessum efnum bera ríkisstjórnirnar sérstaka ábyrgð á því að gæta sameiginlegra hagsmuna og sjónarmiða.

40. grein

Samstarfið fer fram í Norðurlandaráði, í ráðherranefnd Norðurlanda, á fundum forsætisráðherra, utanríkisráðherra og annarra ráðherra, í sérstökum samstarfsstofnunum og milli stjórnvalda landanna sem annast viðkomandi málaflokka.

47. grein

Ráðið skipa 87 kjörnir fulltrúar, fulltrúar ríkisstjórnanna og fulltrúar stjórnar Álandseyja og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Þjóðþing Danmerkur kýs 16 fulltrúa, ríkisþing Finnlands 18 fulltrúa, Alþingi 7 fulltrúa, stórþing Noregs og ríkisþing Svíþjóðar hvort um sig 20 fulltrúa og lögþing Álandseyja og Færeyja og landsþing Grænlands 2 fulltrúa hvert. Enn fremur kýs hvert þing jafnmarga varamenn.

Kjör fulltrúa og varamanna fer fram árlega og gildir til næsta kjörs. Við kjör skal þess gætt að mismunandi stjórnmálastefnur eigi fulltrúa í ráðinu.

Kjörgengir eru einvörðungu þingmenn á því þingi þar sem kjör fer fram.

Ríkisstjórnirnar, stjórn Álandseyja og landsstjórnir Færeyja og Grænlands velja úr sínum hópi stjórnarfulltrúa, svo marga sem þær óska.

48. grein

Í deild danska ríkisins eru þeir fulltrúar sem þjóðþingið kýs og þeir fulltrúar sem ríkisstjórnin velur, svo og deildir Færeyja og Grænlands sem taldar eru í 2. mgr. Í deild

Finnlands eru þeir fulltrúar sem ríkisþingið kýs og þeir fulltrúar sem ríkisstjórnin velur, svo og deild Álandseyja sem talin er í 2. mgr. Deildir hinna ríkjanna skipa kjörnir fulltrúar þjóðþinganna og fulltrúar sem ríkisstjórnirnar velja.

Í deild Færeyja eru þeir fulltrúar sem lögþingið kýs og þeir fulltrúar sem landsstjórnin velur. Í deild Grænlands eru þeir fulltrúar sem landsþingið kýs og þeir fulltrúar sem landsstjórnin velur. Í deild Álandseyja eru þeir fulltrúar sem lögþingið kýs og þeir fulltrúar sem stjórnin velur.

Orðið „deild“ í 52. gr., 53. gr., 1. mgr. 54. gr. og 2. mgr. 58. gr. merkir deild viðkomandi ríkis.

61. grein

Í undantekningartilvikum getur staðgengill með umboði sótt fund í stað fulltrúa úr ríkisstjórn, stjórn Álandseyja eða landsstjórnum Færeyja eða Grænlands. Þó verða hverju sinni fulltrúar þriggja ríkja hið fæsta að vera ráðherrar.

Forsætisráðherrar hafa á hendi yfirstjórn samræmingar norræns samstarfs. Hvert ríki tilnefnir sérstakan ráðherra (samstarfsráðherra) svo og aðstoðarmann ráðherra eða embættismann (fulltrúa í norrænu samstarfsnefndinni) forsætisráðherra til aðstoðar.

Ríkisstjórnir Norðurlanda fara með formennsku til skiptis samkvæmt nánara samkomulagi. Landi því, sem fer með formennsku hverju sinni, ber að samræma norrænt samstarf ríkisstjórnanna og taka nauðsynlegt frumkvæði þar að lútandi. Það veitir ráðherranefndinni forystu svo og öðrum ráðherrafundum og hefur forystu um samráð ríkisstjórnanna um evrópsk og önnur alþjóðleg málefni á öllum stigum.

Til aðstoðar ráðherranefndinni við störf hennar eru embættismannanefndir og skrifstofa ráðherranefndarinnar.

63. grein

Ákvarðanir ráðherranefndarinnar eru bindandi fyrir hvert land. Ákvörðun í máli sem samkvæmt stjórnarskrá einhvers landanna krefst samþykkis þjóðþings þess lands er þó ekki bindandi fyrir það land fyrr en þjóðþing þess hefur samþykkt ákvörðunina. Sé slíkrar samþykktar krafist skal ráðherranefndinni skýrt frá því áður en hún tekur ákvörðun. Önnur lönd eru ekki heldur bundin af slíkri ákvörðun fyrr en samþykkt þjóðþingsins liggur fyrir.

Ákvörðun sem tekin er samkvæmt samningi þessum er bindandi fyrir Álandseyjar, Færeyjar og Grænland í þeim mæli sem þau lönd fallast á ákvörðunina í samræmi við sjálfstjórnarreglur.

64. grein

Ráðherranefndin gefur Norðurlandaráði skýrslu árlega um norrænt samstarf og leggur fram greinargerð um áætlanir um áframhaldandi samstarf.

Forsætisráðherra þess lands, sem fer með formennsku, gerir Norðurlandaráði grein fyrir meginatriðum samstarfsins svo og samstarfi ríkisstjórnanna um evrópsk og önnur alþjóðleg málefni.

Ráðherranefnd Norðurlanda ber að leggja fyrir Norðurlandaráð til umsagnar tillögu sína að fjárhagsáætlun.

Norðurlandaráð getur lagt til breytta forgangsröðun verkefna innan þeirra fjárhagsmarka sem ráðherranefndin hefur sett.

Sé ekki hægt að tilgreina sérstakar ástæður ber ráðherranefndinni að fara að tillögum ráðsins þegar um er að ræða fjárveitingar innan gefinna fjárhagsmarka.

II.

Samkomulagið öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt það.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samkomulagið tekur gildi.

III.

Frumriti þessa samkomulags skal komið til vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit af því til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Helsingfors 18. mars 1993 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

17. Frumvarp til laga [17. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum samkvæmt ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr., nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1994 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknaleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti, svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita skv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp hefur áður verið flutt af þingmönnum Alþýðubandalagsins í neðri deild Alþingis en varð ekki útrætt. Það var fyrst lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp.

Á 113. löggjafarþingi fjallaði iðnaðarnefnd neðri deildar allítarlega um frumvarpið, en ekki vannst tími til að afgreiða það frá nefndinni. Iðnaðarnefnd barst m.a. erindi frá iðnaðarráðuneytinu 26. nóvember 1990 með tillögum um breytingar á frumvarpinu ásamt athugasemdum. Flutningsmenn hafa ekki tekið afstöðu til þessara tillagna ráðuneytisins, en telja eðlilegt að um þær verði fjallað í iðnaðarnefnd þingsins í tengslum við þetta frumvarp og eru þær birtar sem fylgiskjal. Lögfesting þessa frumvarps eða annarra hliðstæðra ákvæða er brýnni nú en nokkru sinni fyrr vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem meiri hluti á Alþingi samþykkti í ársbyrjun 1993.

Um greinargerð frumvarpsins ásamt fylgiskjali vísast til greinargerðar og fylgiskjals á þskj. 71, 69. mál 116. löggjafarþings, bls. 929–943 í A-deild Alþt. 1992–93. Greinargerð og fylgiskjal þessa máls eru samhljóða á 116. og 117. þingi nema ártal breytist á einum stað í textanum í athugasemdum við 8. gr. þar sem 1994 kemur í stað 1988.

18. Frumvarp til laga [18. mál]

um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

1. gr.

Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu óskertar heimildir þeirra sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum. Þá haldast heimildir rétthafa til virkjunar fallvatna sem hér segir:

a. til raforkuframleiðslu allt að 200 kw.,
b. þeirra aðila sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir,
c. þeirra aðila sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laga þessara; tefjist framkvæmdir við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum lengist frestur þessi sem þeirri töf nemur.

3. gr.

Til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun, sem er stærri en 200 kw., þarf leyfi ráðherra.

Nú veitir ráðherra leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal þá líta svo á að það nái einnig til vatnsmiðlana sem nauðsynlegar eru vegna virkjunar.

4. gr.

Gera skal skipulagsáætlun sem lýsi fyrirhuguðum framkvæmdum. Áður en veitt er leyfi skv. 3. gr. skal skipulagsáætlunin hafa hlotið samþykki sveitarstjórnar þar sem það á við, svo og skipulagsstjórnar ríkisins, sbr. 4. gr. laga nr. 19/1964, að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs, sbr. lög nr. 47/1971. Ef um er að ræða vatnsaflsvirkjun með uppsett afl meira en 10 mw. eða vatnsmiðlun þar sem meira en 5 ferkílómetrar fara undir vatn getur skipulagsstjórn krafist þess að fram fari umhverfismat á kostnað framkvæmdaraðila áður en skipulagsáætlun er samþykkt.

5. gr.

Leyfi skv. 3. gr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja almannahagsmuni, m.a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

6. gr.

Nú er veitt leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun og getur ráðherra þá heimilað leyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir virkjunarmannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkutaugar, enn fremur mannvirki er standa kunna í vegi fyrir virkjunarframkvæmdum, rétt til orkuframleiðslu allt að 200 kw., sbr. a-lið 2. gr., og annað sem nauðsynlegt er til framkvæmdar virkjunar og starfrækslu hennar.

Um eignarnámið skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Á eftir orðunum „til að vinna úr því orku“ í 1. mgr. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, kemur: allt að 200 kw.

8. gr.

Um nýtingu orku og vatns fallvatna skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, eftir því sem við á.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema hærri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á 107., 108. og 116. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt. Flutningsmenn tillögunnar telja að vel komi til álita að breyta viðmiðunum varðandi stærð þeirra virkjana sem heimildir þarf fyrir, sbr. 2. og 3. gr., en í frumvarpinu er miðað við gildandi ákvæði orkulaga. Mætti athuga þetta sérstaklega við endurskoðun þeirra laga.

Að mati flutningsmanna er brýnt að lögfesta ákvæði frumvarpsins út frá almennum sjónarmiðum, en einnig vegna breyttrar réttarstöðu erlendra ríkisborgara hér á landi að gerðum samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Frumvarpið var upphaflega afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var af iðnaðarráðuneytinu í apríl 1979 til að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign". Stefnumörkun um þetta efni var tekin inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1. september 1978 sem studd var af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Framsóknarflokki. Áttu fulltrúar frá þessum flokkum sæti í nefndinni ásamt sérfræðingum. Nefndin skilaði áliti með bréfi dagsettu 22. september 1981 og fylgir það hér á eftir sem sérstakt fylgiskjal. Þar segir m.a.:

Um greinargerð frumvarpsins ásamt fylgiskjölum vísast til greinargerðar og fylgiskjala á þskj. 179, 157. mál 116. löggjafarþings, bls. 1737–1742 í A-deild Alþt. 1992–93 og bls. 600–604 í A-deild Alþt. 1985–86.

19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um stuðning við frumkvöðla í atvinnulífinu.

Flm.: Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hefja stuðning við frumkvöðla í atvinnulífinu með

— námsframboði í framhaldsskólum og háskólum, svo og utan skóla,
— stofnun sérstakra eignarhaldsfélaga um nemendafyrirtæki í tengslum við frumkvöðlanám,
— stofnun sérstaks frumkvöðlasjóðs — eða frumkvöðladeilda við þá sjóði er styðja atvinnuþróun og nýsköpun — til að veita fjármuni til áhættufjármögnunar fyrirtækja þeirra,
— upplýsingamiðlun um hvar þeim veitist stuðningur.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 116. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og er því endurflutt.

Um greinargerð þingsályktunartillögunnar ásamt fylgiskjölum vísast til greinargerðar og fylgiskjala á þskj. 313, 244. mál 116. löggjafarþings, bls. 2255–2278. Greinargerð og fylgiskjöl þessa máls eru samhljóða á 116. og 117. þingi nema ártöl bætast inn í textann á tveimur stöðum. Í lokaorðum greinargerðar þar sem stendur 9. september sl. kemur 9. september 1992 og í stað 13. september sl. kemur 13. september 1992.

20. Fyrirspurn [20. mál]

til utanríkisráðherra um ratsjárstöðvar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvað líður uppsetningu skiparatsjáa í tengslum við ratsjárstöðvarnar á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli?

21. Fyrirspurn [21. mál]

til fjármálaráðherra um embætti ríkislögmanns.

Frá Svavari Gestssyni.

Hefur fjármálaráðherra uppi áform um að leggja niður embætti ríkislögmanns?

22. Fyrirspurn [22. mál]

til fjármálaráðherra um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvernig miðar endurskoðun á aukatekjum ríkisins og gjaldtöku ríkisstofnana sem Alþingi fól ríkisstjórninni á síðasta þingi?
2. Hyggst ráðherra leggja tillögu fyrir yfirstandandi þing um breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs og hverjar verða þá helstu breytingar frá núgildandi lögum?
3. Hvenær má búast við að þær breytingar sem af endurskoðun á gjaldtöku ríkisstofnana leiðir muni koma til framkvæmda?

23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um flutning verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu.

Flm.: Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að leita leiða til að flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti hafist í ríkissjónvarpinu á árinu 1994. Jafnframt verði athugað með hverjum öðrum hætti starfsemi þessara stofnana og annarra hliðstæðra geti sem best náð til allra landsmanna.

Greinargerð.

Árlega gengst Þjóðleikhúsið fyrir fjölda leiksýninga, jafnt á innlendum sem erlendum verkum. Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur og á ári hverju marga tónleika. Flutningur þessara menningarverka á sér þó oftast stað í Reykjavík enda er Þjóðleikhúsið þar og Sinfóníuhljómsveitin er með starfsaðstöðu sína í borginni. Aðrir landsmenn en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu eiga því erfiðara um vik að njóta þeirra sýninga og tónleika, sem í boði eru, í jafnríkum mæli og æskilegt væri. Með flutningi þingmáls þessa er lagt til að menntamálaráðherra verði falið að leita leiða til að landsmenn allir geti sem best notið listflutnings Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Flutningsmanni er ljóst að hér er ekki um það að ræða að ríkissjónvarpið flytji öll verk sem þessir aðilar flytja á ári hverju en einhver þeirra skulu þó ætíð flutt.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins, sbr. 14. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985. Þá er Þjóðleikhúsið eign íslensku þjóðarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1978, og greiðist kostnaður af rekstri þess úr ríkissjóði, sbr. 18. gr. laganna. Ríkissjóður greiðir 56% rekstrarkostnaðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpið 25%, sbr. 3. gr. laga nr. 36/1982. Hlutur Ríkisútvarpsins greiðist af menningarsjóðsgjaldi sem leggst á allar auglýsingar í útvarpi, sbr. 11. gr. laga. nr. 68/1985.

Forsvarsmenn Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa eftir megni reynt að sinna öllum landsmönnum, t.d. með leikferðum, sbr. 15. gr. laga nr. 58/1978, og tónleikahaldi um land allt. En betur má ef duga skal. Allir landsmenn eiga rétt á að njóta verka þessara aðila. Það má m.a. auðveldlega gera með því að sjónvarpa frá leiksýningum og tónleikum þeirra. Til þess er ríkissjónvarpið rétti aðilinn, enda í eigu allra landsmanna. Slíkar sjónvarpssendingar tíðkast víða í nágrannalöndum okkar og hafa gefist vel. Þá hefur ríkissjónvarpið lítillega reynt fyrir sér á þessu sviði með góðum árangri.

Ríkisútvarpið–sjónvarp hóf útsendingar sínar 30. september 1966 og hefur því starfað í 27 ár. Starfsemi þess hefur tekið miklum breytingum frá upphafi og er í stöðugri þróun enda háð tíðaranda hverju sinni. Ríkissjónvarpið hefur miklum skyldum að gegna við fólkið í landinu enda sameiginleg menningarstofnun þjóðarinnar. Því er eðlilegt að það sjái um flutning verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitarinnar í sjónvarpi. Rétt þykir einnig að fela menntamálaráðherra að athuga með hverjum öðrum hætti starfsemi Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti náð sem best til allra landsmanna, svo og starfsemi annarra hliðstæðra stofnana, t.d. Íslensku óperunnar og Leikfélags Reykjavíkur.

Hér mætti nefna fleiri til. Það er skoðun flutningsmanns að verði þessi þingsályktunartillaga samþykkt verði þeir fjölmiðlar, sem hér eru nefndir, vakandi yfir því hlutverki sínu að opna möguleika fyrir sem flesta til listflutnings í ríkisfjölmiðlunum. Verði svo er tilgangi þessarar þingsályktunartillögu náð.

24. Fyrirspurn [24. mál]

til fjármálaráðherra um tjón vegna gjaldþrota.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvert var tjón ríkissjóðs, ríkisbanka og sjóða í eigu hins opinbera vegna gjaldþrota á árunum 1990, 1991 og 1992?

Upplýsingar óskast sundurliðaðar eftir fyrirtækjum.

Skriflegt svar óskast.

25. Fyrirspurn [25. mál]

til félagsmálaráðherra um aðgerðir ríkisstjórnar gegn ofbeldisverkum.

Frá Jóni Helgasyni.

1. Hvenær ætlar ríkisstjórnin að leggja fram tillögur um úrræði til verndar börnum og unglingum sem henni var falið að gera samkvæmt þingsályktun er samþykkt var á Alþingi 9. maí 1992?
2. Telur ríkisstjórnin ekki að hinir tíðu válegu atburðir leggi henni þær skyldur á herðar að gera öflugt átak til að draga úr orsökum þeirra?

26. Fyrirspurn [26. mál]

til dómsmálaráðherra um stöðu brotaþola í kynferðisbrotamálum.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Er þess að vænta að í því frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, sem boðað er í stefnuræðu forsætisráðherra, verði reynt að styrkja stöðu brotaþola í kynferðisbrotamálum í samræmi við ábendingar sem Alþingi sendi dómsmálaráðherra á síðasta þingi?

27. Fyrirspurn [27. mál]

til forsætisráðherra um orsakir atvinnuleysis.

Frá Jóni Helgasyni.

Hve stóran þátt í auknu atvinnuleysi í landinu á síðustu tveimur árum á samdráttur í landbúnaði á því tímabili ásamt samdrætti í úrvinnslu- og þjónustugreinum sem af minnkandi búvöruframleiðslu stafar?

28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni M. Mathiesen, Ingibjörg Pálmadóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendum stórgripa, þ.e. nauta og hrossa, er skylt að hafa gripi sína í vörslu allt árið og sjá til þess að þeir gangi ekki lausir á eða við þjóðvegi. Ákvæði þetta skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem tryggt þykir að af því hljótist engin hætta fyrir umferð, svo sem í heimalöndum eða afréttum sem liggja hvergi að alfaraleiðum. Viðkomandi sveitarstjórn eða sveitastjórnir skulu setja í samþykktir sínar um búfjárhald, sbr. 3.–5. gr., nauðsynleg ákvæði í þessu sambandi að höfðu samráði við lögreglustjóra. Engin slík ákvæði, sem heimila hagagöngu stórgripa utan girðinga, sbr. 2. málsl. þessarar greinar, öðlast þó gildi nema landbúnaðarráðherra staðfesti þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1994.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Um greinargerð frumvarpsins ásamt fylgiskjölum vísast til greinargerðar og fylgiskjala á þskj. 865, 512. mál 116. löggjafarþings, bls. 4711–4714 í A-deild Alþt. 1992–93. Greinargerð og fylgiskjöl þessa máls eru samhljóða á 116. og 117. þingi nema ártal breytist á einum stað í textanum. Í lokamálsgrein almennu greinargerðarinnar kemur 1994 í stað 1993.

Á fskj. I voru birtar upplýsingar um umferðaróhöpp sem tengjast búfé á landinu öllu og eru þær fengnar frá Vegagerð ríkisins sem hefur unnið þær upp úr lögregluskýrslum, á fskj. II yfirlit yfir samþykktir sveitarfélaga um búfjárhald og á fskj. III skýrsla nefndar sem landbúnaðarráðherra skipaði í janúar 1989 til að kanna til hvað ráðstafana væri unnt að grípa í því skyni að minnka umferð vörslulauss búfjár á þjóðvegum og gera tillögur til úrbóta. Nefndin lauk störfum í desember sama ár.

29. Frumvarp til laga [29. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992.

Flm.: Geir H. Haarde, Páll Pétursson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ragnar Arnalds, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Formanni nefndar er skylt að boða til fundar ef ósk berst um það frá a.m.k. þriðjungi nefndarmanna og taka á dagskrá þau mál sem tilgreind eru. Sama gildir um ósk frá þeim nefndarmanni sem falið hefur verið að vinna að athugun máls, sbr. 27. gr.

2. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef nefndarmaður gerir tillögu um að athugun máls sé hætt og það afgreitt frá nefndinni er formanni skylt að láta ganga atkvæði um þá tillögu á þeim fundi sem hún er borin fram. Tillagan telst því aðeins samþykkt að meiri hluti nefndarmanna greiði henni atkvæði.

3. gr.

Í stað fyrri málsliðar 1. mgr. 48. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Við umræður um skýrslur skv. 45.–47. gr. mega þingmenn og ráðherrar tala tvisvar, sá er fyrir skýrslu mælir eigi lengur en þrjátíu mínútur í fyrra sinn og eigi lengur en fimmtán mínútur í síðara sinn, en aðrir eigi lengur en fimmtán mínútur í senn. Þó má veita talsmönnum þingflokka lengri tíma þegar um er að ræða skýrslur um utanríkismál og önnur viðamikil mál ef fyrir liggur samþykki þingflokka.

4. gr.

Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Í upphafi fundar, áður en gengið er til dagskrár, geta þingmenn gert athugasemdir er varða störf þingsins. Enginn má tala oftar en tvisvar og ekki lengur en tvær mínútur í senn. Umræður um athugasemdir mega ekki standa lengur en í tuttugu mínútur.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „um gæslu þingskapa“ í 2. mgr. kemur: um fundarstjórn forseta.
b. Við síðari málslið 2. mgr. bætist: og ekki oftar en tvisvar um hvert atriði.
c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má framsögumaður máls, ráðherra eða þingmaður, eigi tala lengur en þrjátíu mínútur í fyrsta sinn, fimmtán mínútur í annað sinn og fimm mínútur í þriðja sinn við 1. umræðu um lagafrumvörp. Aðrir þingmenn og ráðherrar mega eigi tala lengur við þá umræðu en 20 mínútur í fyrra sinn og tíu mínútur í síðara sinn. Hver þingflokkur á rétt á að fá ræðutíma samkvæmt þessari málsgrein lengdan, allt að tvöföldum tíma, ef fyrir liggur rökstudd beiðni þar að lútandi áður en frumvarp er tekið til umræðu.

6. gr.

Við 66. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Við atkvæðagreiðslu með rafbúnaði, svo og nafnakall, er þingmanni heimilt að gera stutta grein fyrir atkvæði sínu. Slík greinargerð má þó eigi taka lengri tíma en eina mínútu.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist: Forseti getur þá, með samþykki allra þingflokka, ákveðið að ræðutími skuli vera annar en ákveðið er í 44., 48. og 50. gr. og hve lengi umræðan má standa. Um slíka ákvörðun skal þó leita samþykkis þingfundar ef a.m.k. þrír þingmenn krefjast þess.
b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

   Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta að því er varðar lengingu ræðutíma, sbr. 3. og 5. mgr. 44. gr., 48. gr. og 3. mgr. 55. gr., svo og breytingar skv. 2. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Í stað orðsins „tíu“ í fyrri málsgrein 73. gr. laganna kemur: fimm, og í stað orðsins „viku“ í sömu málsgrein kemur: þremur dögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skal taka til endurskoðunar fyrir 10. október 1994.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af formönnum allra þingflokka. Efnisatriði þess eru niðurstaða viðræðna sem farið hafa fram að undanförnu milli þingflokka um breytingar á þingsköpum Alþingis. Frumvarpið miðar að því að leysa ýmis ágreiningsatriði um þingstörfin, stuðla að greiðari afgreiðslu þingmála og auka samvinnu allra þingflokka um stjórn þinghaldsins.

Líta má á frumvarp þetta sem einn lið í heildarendurskoðun þingskapa í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af þingstörfum eftir að deildir Alþingis voru afnumdar og þingið hóf störf í einni málstofu. Það er ásetningur formanna þingflokka að halda áfram endurskoðun þingskapanna áður en þessu kjörtímabili lýkur þannig að ný þingsköp taki gildi við upphaf nýs kjörtímabils.

Auk ákvæða þessa frumvarps hefur orðið samkomulag milli þingflokka um að þingmenn stjórnarandstöðuflokka taki við formennsku í þremur nefndum og varaformennsku í fjórum nefndum. Er enn fremur litið svo á að hér sé um áfanga að ræða og að stefnt skuli að því að formennska og varaformennska í fastanefndum þingsins komi síðar í hlut þingflokka sem næst eftir þingstyrk þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sú venja hefur skapast að fastanefndir þingsins hafa haldið fundi vikulega yfir þingtímann og aukafundi eftir þörfum (fjárlaganefnd nær daglega á haustþingi). Með greininni er hins vegar verið að lögfesta rétt nefndarmanna til að fá fund í nefnd um þau mál sem til hennar er vísað eða henni ber að fjalla um. Til þess að formanni sé skylt að halda fund þarf a.m.k. þriðjungur nefndarmanna að standa að beiðninni (fjórir þingmenn í fjárlaganefnd en þrír í öðrum fastanefndum). Óskinni skulu fylgja tilgreind mál sem taka skal á dagskrá fundarins. Rétt þykir jafnframt að veita þingmanni, sem kjörinn hefur verið til þess að annast athugun máls, sömu heimild til að krefjast fundar um mál sem hann vinnur að. — Hér eru fyrst og fremst höfð í huga störf nefndanna að þingmálum yfir þingtímann.

Um 2. gr.

Í þingsköpum eru ekki skýrar reglur um með hvaða hætti mál eru „tekin út úr nefnd", eins og það er jafnan kallað, ef um slíkt er ágreiningur. Þótt ákveðnar hefðir hafi að vísu skapast um það þykir nú rétt að veita nefndarmönnum skýlausa heimild til þess að fá ákvörðun í nefndinni um hvort tiltekið mál skuli afgreitt frá henni ef þeim þykir umfjöllun nefndarinnar orðin fullnægjandi og tímabært sé að Alþingi fjalli frekar um málið. Til þess að slík tillaga teljist samþykkt þarf meiri hluti allra nefndarmanna, þ.e. að minnsta kosti fimm nefndarmenn (sex í fjárlaganefnd), að greiða tillögunni atkvæði. Er þessi atkvæðafjöldi frávik frá meginreglu 67. gr. þingskapa, sbr. einnig 22. gr. Með „nefndarmönnum" er í þessu sambandi einnig átt við varamenn og staðgengla sem taka sæti í nefnd, sbr. 2. og 3. mgr. 17. gr.

Um 3. gr.

Nú gilda engin tímamörk við umræður um skýrslur, jafnt prentaðar skýrslur sem munnlegar. Þykir eðlilegt að við þær umræður gildi svipaðar reglur og nú eru í 50. gr. um umræður utan dagskrár, hinar lengri sem svo eru kallaðar. Skýrslur eru hins vegar misjafnlega ítarlegar og því hefur verið sett í greinina ákvæði um rýmri tíma fyrir aðaltalsmenn þingflokka við umræður um viðamikil mál ef fyrir liggur samkomulag allra þingflokka um það. Þar er meðal annars átt við skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál sem venja hefur verið að flytja á hverju þingi.

Um 4. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að „þingskapaumræður" falli niður í þeim búningi sem þær hafa verið. Í stað þeirra komi ákvæði er veiti þingmönnum jafnan heimild til að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta, eins og kveðið er á um í a-lið 5. gr. frumvarpsins, en jafnframt verði þeim hluta „þingskapaumræðunnar", sem er af almennara tagi, fundinn nýr farvegur. Er það gert með því að veita þingmönnum heimild til þess að kveðja sér hljóðs í upphafi fundar til að koma á framfæri athugasemdum um störf

þingsins. Þingmenn hafa stundum gert slíkar athugasemdir undir liðnum „þingsköp“, þótt athugasemdin hafi ekki varðað framkvæmd þingskapa, vegna þess að ekki hefur verið annað form fyrir slíkar athugasemdir. Ákvæðum greinarinnar er ætlað að bæta úr þessu.

Með því að binda umræður af þessu tagi við upphaf fundar — í allt að tuttugu mínútur — er verið að koma í veg fyrir að umræður um þingmál séu slitnar í sundur með athugasemdum um atriði er ekki varða þau mál. Þannig á þetta nýmæli að flýta umræðum og afgreiðslu mála.

Um 5. gr.

A- og b-liðir greinarinnar tengjast breytingum á „þingskapaumræðum“ sem fjallað er um í 4. gr. Í fyrsta lagi eru felld niður orðin „um gæslu þingskapa“ og í staðinn sett inn orðin „um fundarstjórn forseta“. Gert er ráð fyrir að „fundarstjórn forseta“ verði túlkuð fremur þröngt þannig að athugasemdir þingmanna undir þessum lið lúti einvörðungu að stjórn forseta á fundinum, ákvörðunum hans og fyrirætlunum um umræður og afgreiðslu mála. Í öðru lagi eru settar nokkru þrengri skorður við umræðum um fundarstjórn en gilt hafa fram að þessu um „þingsköp“. Verður reglan sú að þingmanni er einvörðungu heimilt að tala tvisvar um hvert atriði. Er gert ráð fyrir að forseti eigi úrskurðarvald um það, eftir almennum reglum, hvað telst sama atriði í þessu sambandi.

Í c-lið greinarinnar er að finna ákvæði er takmarka umræður við 1. umræðu um lagafrumvörp frá því sem verið hefur. Reynslan sýnir að 1. umræða um lagafrumvörp hefur samtals tekið upp undir helming þess tíma sem í heild hefur farið til þess að ræða lagafrumvörp sem hlotið hafa samþykki við þrjár umræður. Þykir það of langur tími, einkum með hliðsjón af því hve miklum breytingum lagafrumvörp geta tekið eftir að þau hafa sætt athugun í nefnd. Jafnframt hefur þótt bagalegt hve oft hefur dregist að koma málum til nefndar, ekki síst þingmannafrumvörpum, vegna hinna miklu umræðna við 1. umræðu og þau því fengið skemmri tíma til umfjöllunar í nefnd en æskilegt má teljast.

Ákvæði greinarinnar um tímamörkin byggjast á málamiðlun milli þingflokkanna. Þar sem lagafrumvörp eru misjafnlega efnismikil er þingflokkum veittur réttur til þess að fá ræðutímann lengdan, allt að því að hann verði tvöfaldaður. Þarf þá að liggja fyrir rökstudd beiðni frá þingflokki áður en umræðan hefst. Er gert ráð fyrir að til þessarar heimildar verði því aðeins gripið að um mikilvæg mál sé að tefla.

Um 6. gr.

Í þingsköpum hafa ekki verið skýr ákvæði um rétt þingmanna til að gera grein fyrir atkvæði sínu þegar atkvæðagreiðslur fara fram með nafnakalli — og nú á síðustu þingum með rafbúnaði. Gróin þingvenja er þó fyrir þessu. Hefur verið miðað við að þingmenn mættu þá tala í allt að þrjár mínútur, eins og þegar þeir gera athugasemd um framkvæmd atkvæðagreiðslu. Þessi tími þykir of rúmur og er því styttur niður í eina mínútu, jafnframt því sem rétturinn til að flytja slíka greinargerð er lögfestur.

Um 7. gr.

Á Alþingi hefur um langan tíma tíðkast sú venja að þingflokkar geri samkomulag um ræðutíma þar sem vikið er frá þeim reglum sem gilda samkvæmt þingsköpum. Á það jafnt við um mál sem á dagskránni eru og mál sem rædd eru utan dagskrár. Með þessari grein er verið að lögfesta heimild til að gera slíkt samkomulag milli þingflokka og bæta stöðu forseta til þess að stjórna umræðum samkvæmt því. Er höfð hliðsjón af 2. málsl. 1. mgr. 80. gr. en þar er fjallað um umræður sem útvarpað er. Þar sem samkomulag af þessu tagi er frávik frá ákvæðum þingskapa þykir rétt að veita þingmönnum heimild til að krefjast

þess að hin sérstöku tímamörk séu borin undir atkvæði á fundinum.

Þá er í greininni kveðið nánar á um það með hvaða hætti þingflokkar geta krafist rýmri tíma til umræðu um lagafrumvörp við 1. umræðu, fyrri umræðu um þingsályktunartillögur og um skýrslur. Er gert ráð fyrir því að formenn þingflokka annist þau mál gagnvart forseta og komi óskum sinna flokka á framfæri við hann. Ákvæðið er hliðstætt 84. gr. þingskapa þar sem fjallað er um útvarp umræðu.

Um 8. gr.

Frestir til afhendingar og flutnings á stefnuræðu forsætisráðherra í núgildandi þingsköpum þykja of langir. Er gerð tillaga um að stytta þá um helming. Með þeirri breytingu er stefnt að því að stefnuræða og umræða um hana fari fram þegar er þingið hefur lokið þeim formsatriðum sem fram skulu fara á þingsetningarfundi, þ.e. kosningu embættismanna, fastanefnda o.s.frv.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem hér er um allróttækar breytingar á þingsköpum og starfsháttum Alþingis að tefla sem nokkur óvissa er um hvernig reynist er samkomulag milli þingflokka um að taka ákvæði þessa frumvarps til endurskoðunar þegar reynsla hefur fengist af framkvæmd þeirra á þessu þingi. Formenn þingflokka hafa því orðið ásáttir um að annast slíka endurskoðun áður en reglulegt Alþingi kemur saman haustið 1994. Í ákvæðinu er miðað við að endurskoðuninni verði lokið skömmu eftir að það þing kemur saman, þ.e. 10. október 1994, til þess að ráðrúm sé til lagabreytinga við upphaf þingsins ef þörf krefur.

30. Lög [29. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 6. okt.)

Samhljóða þskj. 29.

31. Frumvarp til laga [30. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Guðjón Guðmundsson, Sturla Böðvarsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. tölul. C-liðar 7. gr. laganna bætist nýr málsliður: Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði, án þess að það teljist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi, er honum heimilt að draga húsaleigugjöld íbúðarhúsnæðis frá leigutekjum í stað beins kostnaðar, enda sé íbúðarhúsnæðið nýtt til eigin nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1994 á tekjur ársins 1993.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi skattalögum mega einstaklingar ekki telja til gjalda neinn kostnað af öflun tekna eins og gildir um menn með atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og um lögaðila. Tekjur af útleigu á eigin íbúðarhúsnæði eru skattskyldar og hefur ekki verið lagaheimild til þess að draga leiguútgjöld íbúðarhúsnæðis frá leigutekjum. Hins vegar er heimilt skv. 2. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga að draga beinan kostnað við íbúðarhúsnæði frá leigutekjum.

Í 2. mgr. 2. tölul. C-liðar 7. gr. laganna segir að af íbúðarhúsnæði, sem skattaðili á og notar til eigin þarfa, skuli hvorki reikna tekjur né gjöld. Er með frumvarpinu leitað leiða til að útfæra nánar þetta ákvæði.

Oft háttar svo til að menn þurfa að flytja milli byggðarlaga eða landshluta, t.d. vegna tímabundinna starfa eða náms. Við slíkar aðstæður getur verið verulega íþyngjandi fyrir íbúðareigendur að vera knúnir til þess af skattalegum ástæðum að selja eigin íbúð í heimabyggð og tryggja sér með kaupum húsnæði á þeim stað sem flutt er til. Dæmi eru um það að einstaklingar, sem þannig flytjast tímabundið milli landshluta, greiði mun hærri leigugjöld fyrir íbúð en sem nemur leigutekjum af eigin húsnæði í heimabyggð. Eru þeim þó í slíku tilfelli reiknaðar leigutekjur til skattlagningar. Sprettur af þessu bagaleg mismunun eftir búsetu.

Með þeirri breytingu, sem hér er gerð tillaga um, verður heimilað að draga húsaleigugjöld frá tekjum af útleigu á eigin íbúðarhúsnæði í stað beins kostnaðar. Verði tekjur af útleigu eigin húsnæðis umfram leiguútgjöld er gert ráð fyrir að með slíkar tekjur verði farið samkvæmt ákvæðum laganna um skatta á tekjur utan atvinnurekstrar.

Tillagan snertir 7. gr. laganna og ber þar til tvennt. Annars vegar er verið að útfæra nánar ákvæði 2. tölul. C-liðar 7. gr. laganna um skattalega meðferð eigin íbúðarhúsnæðis. Hins vegar verður með þessari breytingu ekki til sjálfstæður frádráttarliður og er því ekki efni til að fella þessa breytingu inn í 30. gr. laganna þar sem skilgreindir eru sjálfstæðir frádráttarliðir frá tekjum utan atvinnurekstrar.

Ekki er gerð tillaga um að þessi breyting nái aðeins til tímabundinnar útleigu á eigin íbúðarhúsnæði. Verið er að útvíkka skattalega stöðu eigin íbúðarhúsnæðis eins og hún er skilgreind í 7. gr. Af ýmsum ástæðum getur verið hagstætt fyrir einstakling að leigja út eigin íbúðarhúsnæði í lengri eða skemmri tíma og tryggja sér íbúðarhúsnæði með leigu. Er ekki talin vera sérstök ástæða til þess að skattaleg meðferð eigin íbúða komi í veg fyrir slíkan sveigjanleika í húsnæðismálum.

32. Frumvarp til laga [31. mál]

um breytingu á lögum nr. 75 2. desember 1980, um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Eggert Haukdal, Matthías Bjarnason,
Tómas Ingi Olrich, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 8. gr. laganna bætist: Réttur til biðlauna fellur niður ef fyrrverandi alþingismaður tekur við starfi í þjónustu ríkis, sveitarfélags eða fyrirtækis sem að meiri hluta er í eign ríkisins enda fylgja stöðunni jafnhá eða hærri laun en þingfararkaup. Ella greiðist launamismunurinn til loka tímabilsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur komið í ljós að ósamræmi er í ákvæðum laga um biðlaun ráðherra og þingmanna. Frumvarp þetta er flutt til að taka af öll tvímæli um að biðlaunagreiðslur falli niður ef sá sem þeirra á að njóta tekur við öðru starfi sem er jafnt eða hærra launað en þingfararkaup þegar hann lætur af þingmennsku.

33. Fyrirspurn [32. mál]

til umhverfisráðherra um rjúpnastofninn.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Liggja fyrir upplýsingar um stofnstærð rjúpunnar?
2. Hyggst ráðherrann beita sér fyrir aðgerðum til verndar rjúpnastofninum?

34. Fyrirspurn [33. mál]

til dómsmálaráðherra um móttöku flóttamanna.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hefur dómsmálaráðuneytið í undirbúningi að gera úrbætur varðandi meðferð mála erlendra flóttamanna sem kunna að beiðast hér hælis?

35. Fyrirspurn [34. mál]

til fjármálaráðherra um jöfnunar- og undirboðstolla á skipasmíðaverkefni.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hyggst ráðherra grípa til undirboðs og/eða jöfnunartolla til að jafna samkeppnisaðstöðu innlends skipasmíðaiðnaðar gagnvart erlendri samkeppni?
2. Mun ráðherrann leggja fyrir þingið í vetur tillögur um breytingar á XII. kafla tollalaga?
3. Eru í undirbúningi á vegum ríkisstjórnarinnar einhverjar aðrar ráðstafanir til endurreisnar skipasmíðaiðnaðinum og þá hverjar?

36. Fyrirspurn [35. mál]

til fjármálaráðherra um auglýsingar ríkisins og stofnana þess.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hvaða reglur gilda um birtingu auglýsinga ríkisins og stofnana þess í dagblöðum og héraðsfréttablöðum?

37. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt. Í umræðum um málið í nefndinni kom fram að túlkun greinargerðar tillögunnar á 1. og 33. gr. samstarfssamningsins væri of þröng því að evrópskt samstarf næði til fleiri þátta en Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins.

Steingrímur Hermannsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. okt. 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm. Páll Pétursson. Ólafur Ragnar Grímsson.

Rannveig Guðmundsdóttir. Anna Ólafsdóttir Björnsson. Geir H. Haarde.

Árni R. Árnason. Lára Margrét Ragnarsdóttir.

38. Frumvarp til laga [36. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1991 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1991
A-HLUTI

	Reikningur 1991
Tekjur	
Beinir skattar	20.992.703
Óbeinir skattar	76.781.256
Aðrar tekjur	755.908
Tekjur samtals	**98.529.867**
Fjármunatekjur	**7.449.585**
Tekjur alls	**105.979.452**
Gjöld	
Launagjöld	33.764.246
Ýmis rekstrargjöld	22.092.761
Eignakaup	3.177.541
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé	56.216.258
Rekstrargjöld, ósundurliðuð í fjáraukalögum	-
Sértekjur stofnana	-8.782.710
Gjöld samtals	**106.468.096**
Fjármagnskostnaður	**12.961.616**
Gjöld alls	**119.429.712**
TEKJUR UMFRAM GJÖLD	**-13.450.260**

	Reikningur 1991
Sundurliðun gjalda á ráðuneyti	
00 Æðsta stjórn ríkisins	1.053.771
01 Forsætisráðuneyti	3.616.118
02 Menntamálaráðuneyti	16.894.909
03 Utanríkisráðuneyti	1.570.571
04 Landbúnaðarráðuneyti	5.654.283
05 Sjávarútvegsráðuneyti	999.923
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.008.534
07 Félagsmálaráðuneyti	4.947.362
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	45.024.639
09 Fjármálaráðuneyti	19.889.871
10 Samgönguráðuneyti	7.799.025
11 Iðnaðarráðuneyti	1.279.033
12 Viðskiptaráðuneyti	5.017.142
13 Hagstofa Íslands	139.709
14 Umhverfisráðuneyti	534.823
Samtals	**119.429.712**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991
A-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1991
Veltufjármunir	
Sjóður	**282.516**
Ríkisféhirðir	2.361
Aðrir ríkisaðilar	280.155
Bankainnstæður	**1.966.451**
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	437.324
Innlendar innlánsstofnanir	1.049.092
Erlendar innlánsstofnanir	480.035
Skammtímakröfur	
Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé	**26.750.327**
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður	24.153.613
Markaðar ríkistekjur	2.295.542
Innheimtufé fyrir aðra	210.032
Fyrirfram greiddar geymdar markaðar tekjur	91.140
Skammtímakröfur, aðrar	**10.071.008**
Fyrirfram greidd gjöld	38.233
Áfallnar, ógreiddar vaxtatekjur	2.318.117
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán	7.277.409
Veitt stutt lán	437.249
Sjóður og skammtímakröfur samtals	**39.070.302**
Vöru- og efnisbirgðir	**195.030**
Veltufjármunir samtals	**39.265.332**

	Reikningur 1991
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Langtímakröfur	
Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	**21.996.813**
Stofnanir í A-hluta	5.864
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	14.429.486
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.729.971
Lánastofnanir	515.103
Sveitarfélög	154.864
Aðrir	3.161.525
Veitt löng lán, innlend gengisbundin	**15.446.077**
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	7.372.573
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.311.025
Lánastofnanir	2.821.774
Sveitarfélög	209.732
Aðrir	1.730.973
Veitt löng lán, til erlendra aðila	**21.919**
Langtímakröfur samtals	**37.464.809**
Áhættufjármunir	**3.048.823**
Innlend hlutabréf og stofnfjárframlög	1.780.588
Erlend hlutabréf og stofnfjárframlög	1.268.235
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**40.513.632**
EIGNIR ALLS	**79.778.964**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991
A-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1991
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**6.831.745**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur	5.848.966
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	936.380
Innlánsstofnanir	46.399
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimt fé o.fl.	**386.012**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	175.980
Innheimtufé fyrir aðra	210.032
Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé	**119.531**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	67.227
Innheimtufé fyrir aðra	52.304
Skammtímaskuldir, aðrar	**20.587.614**
Ógreidd gjöld	2.532.545
Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar	3.648.701
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	4.507.878
Tekin stutt lán, ríkisvíxlar	9.501.447
Tekin stutt lán, innlend önnur	397.043
Skammtímaskuldir samtals	**27.924.902**

	Reikningur 1991
Langtímaskuldir	
Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	**46.304.439**
Stofnanir í A-hluta	107.554
Seðlabanki Íslands	19.421
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	84.549
Innlánsstofnanir	6.037.853
Lánastofnanir, innlendar	2.043.634
Sveitarfélög	1.192.736
Aðrir	36.818.692
Tekin löng lán, innlend gengisbundin	**3.499.759**
Seðlabanki Íslands	738.056
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	5.321
Innlánsstofnanir	22.208
Lánastofnanir	2.727.237
Aðrir	6.937
Tekin löng lán, erlend	**67.953.125**
Tekin löng lán samtals	**117.757.323**
Ýmsar langtímaskuldbindingar	**10.490.966**
Langtímaskuldir samtals	**128.248.289**
Lífeyrissjóðsskuldbindingar	**55.014.791**
Skuldir alls	**211.187.982**
Höfuðstóll	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-113.337.836
Endurmat veltufjármuna/skammtímaskulda	474.081
Endurmat langtímakrafna/langtímaskulda	-5.095.004
Tekjur umfram gjöld	-13.450.259
Höfuðstóll í árslok samtals	**-131.409.018**
SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS	**79.778.964**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1991 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1991
B-HLUTI

	Reikningur 1991
Rekstrartekjur:	
Seldar vörur og þjónusta	35.638.148
Seldir happdrættismiðar	1.483.367
Aðrar rekstrartekjur	227.739
Samtals	**37.349.254**
Rekstrargjöld:	
Hráefni og vörur til endursölu	9.013.187
Laun og launatengd gjöld	8.483.038
Happdrættisvinningar	929.104
Önnur rekstrargjöld	10.993.129
Afskriftir	3.279.780
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag	-1.240.597
Samtals	**31.457.641**
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	**5.891.613**
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:	
Vaxtatekjur	9.744.691
Vaxtagjöld	-10.171.113
Arður af hlutabréfum	1.127
Endurmat, tekjufært	9.205.009
Endurmat, gjaldfært	-5.624.121
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga	876.579
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-3.436.576
Samtals	**595.596**
Hagnaður af reglulegri starfsemi	**6.487.209**
Óreglulegar tekjur	248.492
Óregluleg gjöld	-5.816.868
Framlög og tilfærslur	6.903.681
Hagnaður til ráðstöfunar	**7.822.514**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991
B-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1991
Veltufjármunir	
Sjóður og bankainnstæður	**5.159.959**
Sjóður	234.898
Banki	4.925.061
Skammtímakröfur	**17.793.974**
Fyrirframgreiddur kostnaður	243.392
Viðskiptareikningur	9.010.346
Veitt stutt lán	8.540.236
Vöru- og efnisbirgðir	**2.580.084**
Veltufjármunir samtals	**25.534.017**
Fastafjármunir	
Langtímakröfur og áhættufjármunir	**148.933.750**
Langtímakröfur/veitt löng lán	157.384.108
Hlutafé og stofnfjárframlög	360.246
Afskriftareikningur útlána	-8.810.604
Varanlegir rekstrarfjármunir	**43.160.133**
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	1.116.476
Rannsóknartæki	4.267
Farartæki og vélar	9.292.714
Fasteignir	23.028.020
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir	9.569.790
Aðrar eignir	148.866
Fastafjármunir samtals	**192.093.883**
EIGNIR ALLS	**217.627.900**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991
B-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1991
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**266.362**
Aðrar skammtímaskuldir	**12.365.626**
Ógreidd gjöld	2.343.550
Viðskiptareikningar	6.832.744
Tryggingastofnun ríkisins, viðskiptareikningar innbyrðis	-
Tekin stutt lán	3.189.332
Skammtímaskuldir samtals	**12.631.988**
Langtímaskuldir	
Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals	**119.478.325**
Skuldir samtals	**132.110.313**
Eigið fé	
Ýmsir eiginfjárreikningar	**523.520**
Endurmatsreikningar	**54.951.302**
Höfuðstóll	**30.042.765**
Eigið fé alls	**85.517.587**
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	**217.627.900**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1991 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta Alþingis í janúar 1993. Frumvarpið var áður flutt á vorþingi, en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt.

1. Helstu niðurstöður.

Niðurstöður ríkisreiknings sýna að rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu er neikvæð um 13.450 m.kr., en var árið á undan neikvæð um 11.287 m.kr. Heildartekjur námu 105.980 m.kr. og hækka frá fyrra ári um 11.243 m.kr. eða 11,9%. Heildargjöld ríkissjóðs urðu 119.430 m.kr. á árinu en voru árið áður 106.024 m.kr. Hækkun milli ára er 13.406 m.kr. eða 12,6%. Meðalhækkun verðlags milli áranna 1990 og 1991 á mælikvarða landsframleiðslu er 7,4% þannig að raunhækkun gjalda nemur tæplega 5%.

	Ríkis-reikningur 1990 m.kr.	Ríkis-reikningur 1991 m.kr.	Greiðslu-uppgjör 1991 m.kr.	Mismunur[1] m.kr.
Tekjur	94.737	105.980	99.953	6.027
Gjöld	106.024	119.430	112.487	6.943
Gjöld umfram tekjur	11.287	13.450	12.534	916

1) Í ríkisreikningi er tekið tillit til skuldbreytinga og krafna sem ekki hafa komið til greiðslu eða innheimtu.

Ef niðurstöður ríkisreiknings eru bornar saman við uppgjör ríkissjóðs á greiðslum ársins, þá er afkoman ívið betri samkvæmt greiðsluuppgjöri eins og taflan hér að ofan sýnir.

Tekjur eru alls 6,0 milljörðum króna hærri í reikningsuppgjöri sem skýrist af því að álagðar tekjur ársins verða hærri en það sem innheimtist á árinu. Af þeirri fjárhæð eru 1,7 milljarðar króna hækkun beinna skatta og 1,6 milljarðar króna vegna óbeinna skatta. Þá eru áfallnar en óinnheimtar vaxtatekjur 1,7 milljarðar króna.

Frávik frá gjöldum eru 6,9 milljarðar króna. Ef taldir eru upp helstu liðir þá er þar í fyrsta lagi um að ræða yfirteknar skuldbindingar vegna Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð rúmlega 1,6 milljarðar króna og vegna Byggðastofnunar 1,2 milljarðar króna. Í öðru lagi voru gefin út skuldabréf að fjárhæð 1,2 milljarðar króna til kaupa á fullvirðisrétti og greiðslu förgunarbóta vegna nýs búvörusamnings. Í þriðja lagi eru gjaldfærðar skuldbindingar vegna lífeyrissjóða 1,8 milljarðar króna, umfram greiðslur. Loks eru áfallnir vextir, umfram greidda, 2,5 milljarðar króna. Á móti þessu vegur að í greiðsluuppgjöri eru færðar til gjalda greiðslur sem koma til lækkunar skuldbindingar fyrri ára. Er hér einkum um að ræða ýmsar greiðslur vegna landbúnaðarmála.

Varðandi frekari greinargerð um niðurstöðu og framvindu ríkisfjármála á árinu vísast til endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1991 og skýrslu fjármálaráðherra frá því í febrúar á síðasta ári um ríkisfjármál 1991. Fjármálaráðherra vill gera tvö mál að umfjöllunarefni í þessum athugasemdum. Annars vegar uppgjörsreglur ríkisreiknings og hins vegar innheimtu opinberra gjalda.

2. Uppgjörsreglur ríkisreiknings.

Ríkisendurskoðun gerir í áritun sinni athugasemd við færslu á yfirteknum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Þar sem þessi athugasemd er í mótsögn við þá stefnu sem mörkuð var með uppgjöri ríkisreiknings 1989 og ríkisendurskoðun var aðili að, þykir nauðsynlegt að gera grein fyrir þessari færslu og hver staða Framkvæmdasjóðs er gagnvart ríkissjóði.

Með ríkisreikningi ársins 1989 var stigið veigamikið skref í þá átt að færa uppgjör ríkissjóðs nær almennum reikningsskilavenjum. Breytingarnar voru gerðar að tillögu ríkisreikningsnefndar og fela þær í sér að færa í ríkisreikningi allar áfallnar kröfur og skuldbindingar ríkissjóðs. Áður höfðu slíkar skuldbindingar komið til færslu þegar Alþingi samþykkti greiðsluheimild til verksins.

Með þessum breytta færsluhætti, fæst réttari mynd af efnahag ríkissjóðs og raunverulegt rekstrarumfang á árinu er sýnt þar sem gjalda- og tekjufærslur eru óháðar því hvenær greitt er eða innheimt. Tilgangurinn er að tryggja sem réttasta mynd af eigna-og skuldastöðu ríkissjóðs og koma í veg fyrir að upplýsingum sé misvísað milli ára.

Það sem hér um ræðir er að Alþingi hefur jöfnum höndum með almennum lögum eða sérlögum lagt ýmsar fjárhagslegar skuldbindingar á ríkissjóð. Veigamestu dæmin um þetta eru ríkisábyrgðir, sameiginlegar framkvæmdir með sveitarfélögum og lífeyrisskuldbindingar. Þessar skuldbindingar falla til með ýmsu móti og án þess að Alþingi hafi bein áhrif á eða fái beinlínis við ráðið. Þegar slíkar skuldbindingar hafa fallið til hefur Alþingi hins vegar þurft að veita heimildir til greiðslu þeirra. Slíkar heimildir ráða tímasetningu greiðslna en breyta engu um skuldbindinguna sem þegar hefur myndast vegna fyrri lagasetningar.

Í áritun ríkisendurskoðunar með ríkisreikningi 1991 er gerð athugasemd við færslu á áföllnum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Telur ríkisendurskoðun að þessa skuldbindingu hafi átt að færa í ríkisreikningi 1992 þar sem þá fyrst hafi Alþingi með formlegum hætti heimilað yfirtöku á hluta af skuldum Framkvæmdasjóðs Íslands.

Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 70/1985 um Framkvæmdasjóð Íslands ber ríkissjóður fulla ábyrgð á skuldbindingum hans. Ljóst var í árslok 1991 að eigið fé sjóðsins var þá orðið neikvætt um nær 1.700 m.kr. vegna tapa sem orðið höfðu á árinu 1991 eða fyrr. Ennfremur hafði Alþingi í byrjun árs 1992 heimilað yfirtöku á svipaðri fjárhæð, jafnframt því að leggja starfsemi sjóðsins niður og færa efnahag hans sem deild í Lánasýslu ríkisins. Á þessum forsendum var ákveðið að færa til gjalda tapaðar kröfur Framkvæmdasjóðs Íslands í ríkisreikning 1991, eins og gert var í reikningum sjóðsins. Var um þá niðurstöðu leitað álits endurskoðenda og sérfræðinga í reikningsskilum.

Það leiðir af þeim breytingum sem ákveðnar voru með uppgjöri ríkisreiknings 1989 að skuldbindingar sem ríkissjóður stofnar til eða á hann falla á árinu séu metnar og færðar í ríkisreikning eftir því sem þær eru best þekktar. Þannig er t.d. nú lagt mat á skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart sveitarfélögum eftir stöðu verkefna í vegagerð, hafnagerð og byggingaframkvæmdum og þær færðar til bókar óháð greiðslum. Þar ræður ekki samþykkt Alþingis á greiðsluheimild til verkefnisins heldur hvort ríkissjóður telst ábyrgur fyrir skuldbindingunni. Á það sama við um áfallnar ábyrgðir ríkissjóðs.

Ágreiningur ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis felst í því að ríkisendurskoðun telur að ekki megi undir neinum kringumstæðum bókfæra yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum hans nema að undangenginni staðfestingu Alþingis í hverju tilviki. Er það óháð því hvort fyrir liggi skýlaus ábyrgð ríkissjóðs í lögum. Fjármálaráðuneytið lítur hins vegar svo á að markmið reikningsskilanna sé að sýna ávallt stöðu ríkissjóðs eins og hún er best þekkt á hverjum tíma. Hvað snertir uppgjör Framkvæmdasjóðs Íslands telur ráðuneytið

að lagasetning Alþingis um sjóðinn feli í sér afdráttarlausa ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum hans og að undan þeim verði ekki vikist.

Á árinu 1991 lá ljóst fyrir hvert stefndi í fjármálum Framkvæmdasjóðs eins og kom fram í skýrslu ríkisendurskoðunar frá því í ágústmánuði á því ári. Undir lok ársins var lagt fram frumvarp sem fól í sér að starfsemi sjóðsins skyldi lögð niður. Jafnframt var lögð til sú breyting í frumvarpi til lánsfjárlaga að ríkissjóður yfirtæki lán sem stæðu á móti töpuðum og afskrifuðum kröfum sjóðsins. Ábyrgð ríkissjóðs var öllum ljós með hliðsjón af lögum um sjóðinn. Því var ekki talið verjandi að sleppa þessum staðreyndum í reikningsskilum ríkissjóðs fyrir árið 1991, ella hefði reikningurinn sýnt betri efnahag ríkissjóðs en vitað var á þeim tíma.

Í framhaldi af þessu má velta fyrir sér áhrifum þess, ef skuldbindingar eru ekki til bókar án stafestingar Alþingis eins og ríkisendurskoðun leiðir rök að. Að því er best verður séð felur þetta í sér að óheimilt er að bókfæra skuldbindingar sem verða til á grundvelli almennra laga án staðfestingar Alþingis. Dæmi um þetta eru ýmsar sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga. Með því móti væri stigið skref aftur til þess tíma er greiðsluheimildir Alþingis einar réðu því hvenær skuldbindingar koma til bókunar. Ríkisendurskoðun gæti þannig ekki lagt sjálfstætt mat á það hvenær skuldbindingar væru færðar í ríkisreikningi heldur væri það háð því að lagt væri fram frumvarp þess efnis og Alþingi afgreitt það. Slíkt stangast á við viðurkenndar reikningsskilareglur. Ráðherra, sem vildi sýna góða stöðu ríkissjóðs á tilteknu ári, gæti þannig einfaldlega frestað framlagningu frumvarps til formlegrar staðfestingar á niðurstöðu sem efnislega lá þó fyrir. Til frekari skýringar mætti jafna þessu við það að hluthafafundur þyrfti að samþykkja færslu tiltekinna ábyrgða eða að bankaráð hefði síðasta orðið um mat á fjárhæð afskrifaðra lána sem færð yrðu í ársreikningi. Það myndi hins vegar stangast á við viðurkenndar venjur endurskoðenda og skerða sjálfstæði þeirra til að taka efnislega afstöðu til færslu ábyrgða.

Niðurstaða ráðuneytisins var því sú að sýna yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands í ríkisreikningi 1991. Á undanförnum árum hefur verið beitt mjög varfærnu mati við færslu á töpuðum útlánum eða kröfum. Ekki hefur verið lagt í afskriftarsjóð til að mæta líklegum áföllum og vitað er um lán og ábyrgðir sem eiga vafalítið eftir að falla á ríkissjóð. Því má með réttu halda fram að enn skorti nokkuð á að ná því marki að gera fulla grein fyrir áföllnum skuldbindingum í ríkisreikningi. Færsla á yfirteknum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands í ríkisreikningi 1991 er þó mikilvægt skref í þá átt.

3. Innheimta opinberra gjalda.

Í skýrslu ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1991 er vikið að innheimtu ríkissjóðsgjalda á því ári. Eru þar gerðar réttmætar athugasemdir um ýmsa þætti og veittar gagnlegar ábendingar. Engu að síður er framsetning sumra talna í skýrslunni hæpin og vafasamar ályktanir dregnar.

Fjármálaráðuneytið vill sérstaklega gera athugasemd við umfjöllun um innheimtu staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatts. Í framsetningu ríkisendurskoðunar er blandað saman innheimtutölum margra ára og eftirstöðvum frá fyrri árum bætt við innheimtustofn þess árs sem fjallað er um og ályktað um innheimtu á þeim grundvelli. Þessi aðferð leiðir vitaskuld til rangrar niðurstöðu um árangur innheimtu.

Í jafn viðamiklum kerfum og hér um ræðir - í hvoru um sig eru innheimtir um og yfir 40 milljarðar króna - verða á hverjum tíma til nokkrar eftirstöðvar. Stór hluti þeirra eru kröfur sem innheimtast að litlum hluta, alls ekki eða ekki á réttum tíma.

Annars vegar er hér um að ræða áætlanir skattstjóra á þá aðila sem ekki skila skýrslum um virðisaukaskatt eða skilagreinum staðgreiðslu á réttum tíma. Þessar áætlanir eru m.a. notaðar til að knýja fram skil á skýrslum og skilagreinum. Þær eru yfirleitt verulega hærri en endanleg álagning verður þegar gögn berast. Af skiljanlegum ástæðum tekur nokkurn tíma að fá rétt skýrsluskil og í mörgum tilvikum koma þau alls ekki, t.d. vegna þess að viðkomandi aðili er hættur starfsemi. Þannig eru inni í kerfinu umframáætlanir sem safnast upp sem eftirstöðvar.

Hins vegar eru í innheimtu kröfur á aðila sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta. Eftir að bú er tekið til skipta geta innheimtumenn ríkissjóðs ekki gert annað en að bíða þess að kröfurnar verði greiddar við skipti, sem sjaldan er, eða eru afskrifaðar í framhaldi af skiptunum. Eins og kunnugt er geta gjaldþrotaskipti dregist mjög lengi og því safnast þessar kröfur upp sem eftirstöðvar.

Enn eitt atriði sem taka þarf tillit til, eru dráttarvextir. Þar sem dráttarvextir eru reiknaðir á allar gjaldfallnar ógreiddar fjárhæðir, þ.m.t. umframáætlanir og kröfur í gjaldþrotabú, safnast þeir einnig upp í kerfinu og ýkja þá skekkju sem að framan er rakin.

Framangreind atriði leiða til þess að með aðferð ríkisendurskoðunar verða eftirstöðvar ofáætlaðar sem nemur umframáætlunum og töpuðum kröfum og aukning eftirstöðva milli ára er ofmetin. Ennfremur mun innheimtuhlutfall, eins og ríkisendurskoðun reiknar það, fara stöðugt lækkandi ár frá ári þar til vissu marki er náð. Á það einnig við þótt innheimta sé stöðug og góð.

Hér á eftir verður greint frá nokkrum talnalegum staðreyndum um innheimtu staðgreiðslu og virðisaukaskatts frá því að er þessi skattheimtukerfi voru tekin upp. Sú aðferð sem hér er notuð til þess að meta innheimtu byggist á því að bera saman álagningu vegna tiltekins árs og innheimtu sömu álagningar, hvort sem hún gjaldfellur eða greiðist á sama ári eða síðar. Af þessum ástæðum er ekki fullt talnalegt samræmi milli eftirfarandi talna og ríkisreiknings sem miðar innheimtutölur við greiðslur á reikningsárinu, óháð því hvenær krafa myndast.

Staðgreiðsla. Eftirfarandi yfirlit sýnir innheimtu staðgreiðslu áranna 1988 til 1991 eins og hún var 1. apríl 1992. Tölur ársins 1991 eru þó miðaðar við byrjun september 1992.

Tölurnar miðast við álagningu staðgreiðslu á launagreiðslur hvers árs um sig. Í fyrstu töflunni er gerð grein fyrir höfuðstól staðgreiðslu áranna 1988 til 1991. Áætlanir skattstjóra á þá aðila, sem ekki skiluðu skilagreinum eru meðtaldar en tekið er tillit til skattbreytinga sem gerðar hafa verið. Þá sýnir taflan hvað innheimst hafði af þessum höfuðstól, hverjar eftirstöðvar voru og hlutfall innheimtu og eftirstöðva af höfuðstól.

	Álagning, höfuðstóll m.kr.	Innheimt af höfuðstól 1.4.1992[1] m.kr.	Áætlaðar eftirstöðvar höfuðstóls m.kr.	Áætluð innheimta %	Eftirstöðvar %
1988	20.651	20.344	308	98,51	1,49
1989	25.019	24.649	370	98,52	1,48
1990	30.757	30.307	449	98,54	1,46
1991	34.491	34.003	488	98,59	1,41
Samtals	**110.918**	**109.303**	**1.615**	**98,54**	**1,46**

1) 6.9. 1992 vegna ársins 1991.

Eins og fram kemur er innheimtuhlutfallið nánast hið sama fyrir árin 1988 til 1991 eða rúmlega 98,5%. Eftirstöðvar sem hlutfall af álagningu eru svipaðar frá ári til árs og hafa farið lækkandi ef eitthvað er.

Gjaldþrot hafa veruleg áhrif á innheimtu. Af þeim 1,6 milljörðum króna sem ekki höfðu innheimst samanber framangreint, voru rúmlega helmingur kröfur í þrotabú. Nákvæmar tölur um kröfur í þrotabú fyrir árið 1991 liggja ekki fyrir. Vegna áranna 1988 til 1990 eru óinnheimtar kröfur rúmlega 1,1 milljarður króna. Af þeim eru um 800 milljónir króna kröfur í þrotabú, en innan við 300 milljónir króna eru kröfur á aðra. Í eftirfarandi töflu hafa þrotabú verið tekin út úr talnasafninu og lítur hún þannig út fyrir árin 1988 til 1990.

	Álagning, höfuðstóll m.kr.	Innheimt af höfuðstól 1. 4. 1992 m.kr.	Áætlaðar eftirstöðvar höfuðstóls m.kr.	Áætluð innheimta %	Eftirstöðvar %
1988	18.569	18.532	36	99,81	0,19
1989	23.175	23.094	81	99,66	0,34
1990	29.204	29.028	176	99,40	0,60
Samtals	**70.948**	**70.654**	**293**	**99,59**	**0,41**

Eftirstöðvar staðgreiðslu frá árunum 1988 til 1990, hjá öðrum en þrotabúum, er 0,2 til 0,6% af höfuðstól álagningar eða um 300 milljónir króna af um 71 milljarðs króna álagningu á sömu aðila. Mismun á milli ára má m.a. rekja til þess að mislangur tími er liðinn frá álagningu en oft tekur langan tíma að ljúka málum hvort sem er með breytingu á áætlun, innheimtu eða afskrift kröfu. Ekki virðist ástæða til að ætla að marktæk breyting hafi orðið á innheimtu staðgreiðslu á árinu 1991 frá því sem áður var.

Reynsla af innheimtu staðgreiðslu á fyrstu fjórum árum hennar verður í heild að teljast viðunandi. Eftirstöðvar höfuðstóls vegna áranna 1988 til 1990 eru innan við 300 milljónir króna, að frátöldum þrotabúum. Það er innan við 0,5% af álagningu staðgreiðslu sem nam rúmlega 70 milljörðum króna.

Virðisaukaskattur. Eftirfarandi tafla sýnir álagningu virðisaukaskatts á veltu áranna 1990 og 1991 og hvað innheimst hafði af höfuðstól álagningar 31. desember árið eftir.

	Höfuðstóll álagningar án álags[1] m.kr.	Innheimt af höfuðstól 31.12. ári síðar m.kr.	Eftirstöðvar höfuðstóls m.kr.	Innheimta %
1990	38.980	38.078	902	97,7
1991	44.118	42.834	1.284	97,1
Samtals	**83.098**	**80.912**	**2.186**	**97,4**

1) 5.3. 1991 vegna ársins 1990, 31.12. 1992 vegna ársins 1991.

Óinnheimtar eftirstöðvar vegna þessara ára eru tæplega 2,2 milljarðar króna af rúmlega 83 milljarða króna álagningu og er innheimtuhlutfallið rúmlega 97%.

Áætlanir skattstjóra gera samanburð á innheimtuárangri milli ára erfiðan. Í tölunum eru innifaldar um 650 milljóna króna áætlanir vegna ársins 1990 en um 900 milljónir

króna vegna ársins 1991. Í eftirfarandi töflu hafa áætlanir skattstjóra verið dregnar frá álagningu og miðað er við að allar greiðslur hafi verið vegna álagningar samkvæmt skýrslum, en ekki vegna áætlana.

	Höfuðstóll álagningar án áætlana[1] m.kr.	Innheimt 31. 12. ári síðar m.kr.	Áætlaðar eftirstöðvar höfuðstóls m.kr.	Áætluð innheimta %
1990	38.329	38.078	251	99,3
1991	43.211	42.834	377	99,1
Samtals	**81.540**	**80.912**	**628**	**99,2**

1) 5.3. 1991 vegna ársins 1990, 31.12. 1992 vegna ársins 1991.

Miðað við þessar forsendur eru eftirstöðvar vegna álagningar taldar vera rúmlega 600 milljónir króna eða innan við 1%. Reikna má með að eitthvað sé greitt upp í áætlanir skattstjóra. Innheimtuhlutfallið er af þeim sökum ofmetið hér, en vanmetið í fyrra dæminu.

Áhrif áætlana eru meiri síðara árið en hið fyrra. Aukning þeirra milli ára virðist þó ekki stafa af verri skýrsluskilum. Má álykta það af samanburði á álagningu ásamt breytingum á innheimtu höfuðstóls og endurgreiðslum vegna matvöru, vinnu á byggingarstað og til sveitarfélaga og ríkisstofnana. Vakin skal athygli á því að í eftirfarandi töflu er um að ræða álagningu á veltu hvers árs um sig og innheimtu hennar, óháð reikningsári.

	1990[1]	1991[1]	Mismunur	
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%
Álagður virðisaukaskattur	38.980	44.118	5.138	13,2
Virðisaukaskattur án áætlana	38.329	43.211	4.882	12,7
Innheimt af álagningu	38.078	42.834	4.756	12,5
Endurgreiðslur	2.342	2.570	228	9,7
Innheimta - endurgreiðslur	35.736	40.264	4.528	12,7

1) Álagningartölur og innheimta óháð reikningsári.

Þessi tafla ber með sér að álagningartölur án áætlana vaxa meira milli ára en sem nemur almennum verðlags- og veltubreytingum í þjóðfélaginu. Bendir það ekki til lakari skattskila. Endurgreiðslur úr kerfinu vaxa minna á milli ára en álagning og innheimta, sem bendir ekki til þess, að endurgreiðslurnar séu sá veikleiki sem ríkisendurskoðun telur.

Reynsla af innheimtu virðisaukaskatts á tveimur fyrstu árum þess kerfis, gefur til kynna, að um það bil einu ári eftir skilalok fyrir hvort ár um sig, hafi náðst að innheimta u.þ.b. 98% af höfuðstól álagningar þegar tekið hefur verið tillit til áætlana. Gera má ráð fyrir að á sama tíma séu eftirstöðvar af höfuðstól 500-700 milljónir króna vegna hvors árs, að teknu tilliti til umfram áætlana. Þar af er hluti eftirstöðvanna hjá þrotabúum.

39. Þingsályktun [16. mál]

um staðfestingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

(Afgreidd frá Alþingi 7. okt.)

Samhljóða þskj. 16.

40. Frumvarp til laga [37. mál]

um breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson, Ragnar Arnalds, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Hæstarétt skipa átta dómarar. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara að fenginni tillögu dómsmálaráðherra.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Er ráðherra hefur ákveðið hvern hann hyggst gera tillögu um sem hæstaréttardómara leggur hann tillöguna fyrir Alþingi til samþykkis eða synjunar. Samþykki Alþingi tillögu ráðherra leggur hann hana fyrir forseta Íslands. Synji Alþingi staðfestingar á tillögu ráðherra gerir hann aðra tilnefningu og skal hún fá sömu meðferð.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „fær leyfi frá störfum um stundarsakir“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Nú kýs hæstaréttardómari að hverfa til annarra starfa um stundarsakir, sex mánuði eða lengur, og skal þá auglýsa stöðu hans lausa samkvæmt lögum þessum. Sama á við ef hæstaréttardómari hyggst stunda önnur dómarastörf en honum eru falin lögum samkvæmt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt sem hluti af heildartillögugerð um breytingar á stjórnkerfinu. Hér er gert ráð fyrir því að breyta reglum um skipan og starfsemi Hæstaréttar með tvennum hætti:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Alþingi staðfesti tillögu ráðherra um skipan hæstaréttardómara. Er það gert með 1. gr. frumvarpsins. Ráðherra skal samkvæmt greininni leggja tillögu sína um dómara fyrir Alþingi sem greiðir um það atkvæði hvort það geti fallist á tilnefninguna. Áður en ráðherra skilar tillögunni til forseta Alþingis hlýtur hann þó að gæta ákvæða 3. mgr. 5. gr. laga um Hæstarétt Íslands, þ.e. að leita umsagnar dómsins um dómaraefnið. Forseti setur tillöguna síðan á dagskrá. Hugsanlegt er að einhver þingnefnd (t.d. allsherjarnefnd) fjalli um tilnefningu ráðherra en um það mætti setja frekari ákvæði í þingsköp. Fallist Alþingi ekki á tillögu ráðherra verður að gera ráð fyrir því að hann geri nýja tillögu til þingsins og þannig koll af kolli uns þingið og ráðherrann hafa náð saman. Ekki er í frumvarpinu kveðið á um þetta ferli í einstökum atriðum þar sem eðlilegast er að það sé gert í þingsköpum Alþingis.

Hér er um róttæka breytingartillögu að ræða. Nú getur ráðherra nánast óbundinn ákveðið hvaða umsækjanda sem er til þess að gegna starfi hæstaréttardómara, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga um Hæstarétt Íslands um umsagnarrétt dómsins um umsækjendur. Það er óeðlilegt og reynslan sýnir að ráðherrum er misjafnlega vel treystandi fyrir þessu verki. Því er hér lagt til að vald ráðherra verði takmarkað þannig að Alþingi verði að fallast á tillögu ráðherra áður en til skipunar kemur.

Í frumvarpinu er í öðru lagi gerð sú breytingartillaga að hæstaréttardómari geti ekki tímabundið horfið til annarra starfa í sex mánuði eða lengur og að hæstaréttardómari geti alls ekki stundað önnur dómarastörf og þannig dæmt á tveimur stöðum. Hins vegar verður að undanskilja þau dómarastörf sem hæstaréttardómurum eru falin í öðrum lögum, sbr. dómstörf í synódalsrétti og landsdómi.

Óeðlilegt er að hæstaréttardómari geti horfið til annarra starfa í lengri tíma og þar með þjónað öðrum aðila og orðið venslaður honum. Það er fráleitt og veikir óháða stöðu Hæstaréttar. Því er hér lagt til að hæstaréttardómarar geti ekki fengið leyfi til þess að stunda önnur störf og önnur dómarastörf en samkvæmt lögum.

Hér er ekki gerð tillaga um að hæstaréttardómarar séu skipaðir til takmarkaðs tíma. Verður að ætla að sú aðferð við skipun dómaranna, sem hér er gerð tillaga um, tryggi nægilega vel, eða eins vel og kostur er, óhæði Hæstaréttar.

Um þetta fyrirkomulag gætu verið skiptar skoðanir vegna þess að hér væri um of blandað saman framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi. Það er misskilningur í ljósi þeirrar staðreyndar að framkvæmdarvald, dómsvald og löggjafarvald ná saman í einum aðila, þ.e. í handhöfum forsetavalds þegar forseti Íslands forfallast.

Einnig gæti vissulega komið til greina að dómnefnd fjalli um hæfi hæstaréttardómara og hún skili síðan álitsgerð. Það er ekki gerð tillaga um það hér þó að það fyrirkomulag væri vissulega betra en það sem nú er við lýði. Í frumvarpinu er farin sú leið sem flutningsmaður telur besta, þ.e. að Alþingi ráði úrslitum um skipan hæstaréttardómara með ráðherranum sem í hlut á.

Meginrökin fyrir þessari breytingu eru þó þau að eðlilegt þykir að handhafi framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldið komi sér saman um æðstu fulltrúa dómsvaldsins.

41. Frumvarp til laga [38. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Flm.: Svavar Gestsson, Ragnar Arnalds, Guðrún Helgadóttir,
Hjörleifur Guttormsson, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson,
Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson,
Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

1. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds. Forseti Íslands skipar ríkissaksóknara til fjögurra ára í senn. Sama manninn má aðeins skipa tvívegis samfellt. Ríkissaksóknari skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Hann skal njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar eftir því sem við verður komið.

2. Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík. Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari og saksóknarar.

3. Forseti Íslands skipar vararíkissaksóknara til fjögurra ára í senn. Sama manninn má aðeins skipa tvívegis samfellt. Vararíkissaksóknari skal fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari.

4. Forseti Íslands skipar aðra saksóknara. Skulu þeir fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Annað starfslið við embætti ríkissaksóknara, þar á meðal löglærða fulltrúa, ræður dómsmálaráðherra eftir tillögu ríkissaksóknara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála. Frumvarpið felur í sér þá róttæku breytingartillögu við lögin að ríkissaksóknari — og vararíkissaksóknari — verði aldrei skipaðir til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Það er fráleitt að æviráða mann sem hefur jafnmikið vald og ríkissaksóknari. Það var vissulega framför þegar ákæruvaldið var flutt frá pólitískum ráðherra yfir til ríkissaksóknara. En þá láðist að tryggja um leið að ríkissaksóknarinn byggi við sama aðhald og stjórnmálamennirnir, þ.e. að hann yrði aðeins ráðinn til takmarkaðs tíma í senn.

Það er óframkvæmanlegt fyrir nokkurn mann að gegna þannig starfi ríkissaksóknara að alltaf og ævinlega sé hafið yfir gagnrýni. Þeim mun brýnna er þá að ráðningin sé aðeins til takmarkaðs tíma en ekki til ótakmarkaðs tíma eins og nú háttar til. Hætta er á því að hvers konar klíkuskapur og geðþóttaviðhorf ráði gerðum manna sem sitja of lengi í starfi. Það er háskalegt ekki síst þegar um er að ræða einstaklinga sem einir gegna starfi eins og því embætti sem hér um ræðir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari verði alltaf skipaðir til takmarkaðs tíma.

Í 1. mgr. felast þau nýmæli að ríkissaksóknari verði skipaður til fjögurra ára í senn og að sama manninn megi ekki skipa lengur en tvö ráðningartímabil samfellt.

Í 2. mgr. felast ekki nýmæli en í 3. mgr. er kveðið á um lengd skipunartíma vararíkissaksóknara sem skal vera sá sami og skipunartími ríkissaksóknara.

Ekki felast nýmæli í 4. mgr.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

42. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um umhverfisgjald.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi tillögur um umhverfisgjald sem hafi það að markmiði að efla umhverfisvernd og draga úr mengun. Gjaldið verði lagt á mengandi starfsemi og lækki eftir því sem mengunarvarnir skila árangri.

Greinargerð.

Á 116. löggjafarþingi var flutt samhljóða tillaga. Henni var þá vísað til umhverfisnefndar en vegna þess hve skammt lifði þá þess þings vannst ekki tími til að fjalla um tillöguna í nefndinni. Tillagan er því flutt á ný óbreytt.

Um greinargerð frumvarpsins vísast til greinargerðar á þskj. 639, 359. mál 116. löggjafarþings, bls. 3796–3798 í A-deild Alþt. 1992–93. Greinargerð þessa máls er samhljóða á 116. og 117. þingi að því undanskildu að tvö orð, nema Bandaríkin, eru felld niður úr 5. mgr. greinargerðarinnar.

43. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framvegis fara fram á undirbúningsstigi mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum nýrrar löggjafar. Slíkt mat verði prentað sem fylgiskjal með stjórnarfrumvörpum með sama hætti og verið hefur með kostnaðarmat.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 116. löggjafarþingi. Var mælt fyrir henni á síðustu dögum þingsins og var málinu vísað til umhverfisnefndar. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu og er nú flutt á ný óbreytt.

Það verður æ ljósara að nauðsynlegt er að breyta ríkjandi viðhorfum í iðnríkjunum sem miða að stöðugum vexti án tillits til þess hvaða áhrif hann hefur á umhverfið. Stöðugt fleiri hagfræðingar benda á að nauðsynlegt sé að endurskoða forsendur hagvaxtarútreikninga sem beitt hefur verið hingað til og taka áhrif mannlegra athafna á umhverfi og náttúrulegar auðlindir inn í mat á þjóðhagsstærðum.

Í lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966, með síðari breytingum, segir m.a. í 77. gr. um verkefni Fjárlaga- og hagsýslustofnunar (nú fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins) að hún skuli leggja mat á kostnað sem frumvörp hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Nú er í athugasemdum við stjórnarfrumvörp lagt fram mat á hve mikill kostnaður muni hljótast af samþykkt frumvarpsins.

Í 30. gr. þingskapalaga eru ákvæði um að mæli nefnd með samþykkt frumvarps eða þingsályktunartillögu skuli hún láta prenta með áliti sínu áætlun um kostnað sem samþykkt gæti haft í för með sér.

Engin ákvæði eru um það í lögum að sams konar mat skuli fara fram á áhrifum af samþykktum Alþingis á umhverfið. Að mati flutningsmanna er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir hvaða afleiðingar samþykkt frumvarps geti haft fyrir umhverfið. Eðlilegt er að slíkt mat fylgi stjórnarfrumvörpum á sama hátt og kostnaðarmat. Einnig væri eðlilegt að nefndir létu gera áætlun um líkleg áhrif á umhverfið, hliðstætt því sem miðað er við um kostnaðarmat.

Viðbrögð af þessu tagi ættu að geta stuðlað að stefnubreytingu til heilla fyrir umhverfið og jafnframt komið í veg fyrir margháttaðan ófarnað. Jafnframt ætti að aukast skilningur löggjafans á að efnahagsmál og umhverfismál eru samfléttuð og verða ekki aðskilin.

44. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda.

Flm.: Sturla Böðvarsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 63 frá 1970, um skipan opinberra framkvæmda. Endurskoðunin miði að því að koma á breyttri skipan við undirbúning og gerð langtímaáætlana um opinberar framkvæmdir.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 116. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú flutt að nýju.

Um greinargerð frumvarpsins ásamt fylgiskjali vísast til samhljóða greinargerðar og fylgiskjals á þskj. 640, 360. mál 116. löggjafarþings, bls. 3798–3811 í A-deild Alþt. 1992–93.

45. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um að kanna kosti þess að gera landið að einu kjördæmi í kosningum til Alþingis.

Flm.: Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Finnur Ingólfsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd tveggja fulltrúa frá hverjum þingflokki til þess að skoða kosti þess fyrirkomulags að landið verði eitt kjördæmi í kosningum til Alþingis.

Sérstaklega verði kannað hvernig þetta fyrirkomulag hefur verið framkvæmt í þeim löndum sem við það búa.

Þá verði hugað að því á hvern hátt þessi breyting geti tengst hugmyndum um tilfærslu verkefna frá ríkinu til héraða.

Greinargerð.

Ljóst er að enn á ný er að hefjast umræða um skiptingu landsins í kjördæmi í kosningum til Alþingis. Það er eðlilegt þar sem að hér er um að ræða málefni sem hlýtur að vera til stöðugrar endurskoðunar. Um áratugaskeið hefur verið byggt á því að visst misvægi sé milli landshluta varðandi atkvæðavægi. Fyrir því hafa á hverjum tíma verið færð rök sem sæst hefur verið á. Á það skal hins vegar bent að við síðustu breytingu á kosningaákvæðum stjórnarskráinnar og kosningalögum var jafnað að fullu milli flokka. Flutningsmönnum er hins vegar ljóst að við næstu breytingu á kjördæmaskipun og kosningalögum verður ekki undan því vikist að stíga stærri skref en áður hafa verið stigin í átt til jöfnunar á atkvæðisrétti milli landshluta.

Það er því afar mikilvægt að þær breytingar sem fram undan eru dragi á jákvæðan hátt úr þeirri spennu sem óneitanlega er til staðar á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Hugmyndir í þá átt að jafna atkvæðavægi á grundvelli núgildandi skiptingar landsins í kjördæmi eða með því að fjölga kjördæmum í Reykjavík og Reykjanesi ganga hins vegar í þveröfuga átt. Hætt er við að með því yrði enn aukið á kjördæmatogstreitu.

Það er því skoðun flutningsmanna að tímabært sé að Alþingi skoði kosti og galla þess að gera landið allt að einu kjördæmi. Það kunni að vera sú leið sem best sátt geti náðst um og komist næst því að upphefja héraðaríg í starfsemi löggjafarsamkomunnar.

Sérstaklega er nauðsynlegt tengja þessa umræðu hugmyndum um að flytja aukin verkefni frá ríkinu og til héraðanna. Við þá breytingu mun umfjöllun um mörg af þeim verkefnum Alþingis sem hafa mesta skírskotun til sérhagsmuna einstakra landshluta vænt-

anlega flytjast heim til héraðsstjórna. Eftir þá breytingu minnkar því þörfin á því héraðsbundna formi á kosningum til Alþingis sem nú tíðkast. Í ljósi þess væri einnig eðlilegt að skoða hvort ekki væri æskilegt að fækka þingmönnum frá því sem nú er.

Flutningsmenn tillögunnar telja að við könnun á málinu þurfi m.a. að setja fram tillögur um lágmarksatkvæðamagn til að fá mann kjörinn og aðferðir við að raða á framboðslista. Þá væri eðlilegt að einnig yrði skoðaður sá möguleiki að kjósa eftir „þýska kerfinu“, þ.e. blandaðri aðferð þar sem bæði er um að ræða kjör af landslista og í kjördæmum.

46. Frumvarp til laga [43. mál]

um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna, nr. 75/1980.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svohljóðandi:
   Kona, sem gegnir þingmennsku, á rétt á sex mánaða orlofi frá þingstörfum vegna barnsburðar og karl á rétt á orlofi í einn mánuð, sbr. þó 2. gr. laga um fæðingarorlof, nr. 57/1987. Um greiðslur í fæðingarorlofi fer skv. 2. mgr.
b. 3. mgr. verður 4. mgr. og í stað orðanna „1. og 2. mgr.“ kemur: 1., 2. og 3. mgr.

2. gr.

Við 8. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Afsali þingmaður sér þingmennsku og hverfi til annarra launaðra starfa fellur réttur hans til biðlauna niður.

Nú tekur sá er biðlauna nýtur stöðu í þjónustu ríkisins, stofnana þess eða fyrirtækja og fellur þá niður greiðsla biðlauna ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka biðlaunatímans.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangurinn með þessu frumvarpi er tvíþættur.

Annars vegar er hann að bæta úr þeim augljósa galla á núgildandi lögum um þingfararkaup alþingismanna, nr. 75/1980, að þar er hvergi minnst á rétt þingmanna til fæðingarorlofs. Er löngu tímabært að tryggja barnshafandi þingkonum sama rétt til fæðingarorlofs og öðrum konum í opinberri þjónustu sem og feðrum á Alþingi sama rétt og öðrum feðrum. Er í raun illskiljanlegt að þetta skuli ekki þegar hafa verið gert þegar þess er gætt að a.m.k. þrjár þingkonur hafa þurft að leita úrlausnar þingsins vegna barnsburðarleyfa.

Hins vegar er tilgangurinn sá að gera rétt þingmanna til biðlauna skýrari en hann er nú. Samkvæmt núgildandi lögum á alþingismaður rétt til biðlauna í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu en í sex mánuði hafi hann setið í tíu ár eða lengur á þingi. Þetta ákvæði þingfararkaupslaganna má rekja til ársins 1978, en það ár voru fyrst samþykkt á Alþingi lög um biðlaun alþingismanna. Það sem fyrir löggjafanum vakti var greinilega að tryggja að alþingismenn nytu nokkurs konar uppsagnarfrests í starfi rétt eins og flestir aðrir launþegar í þjóðfélaginu. Kom greinilega fram í umræðum á Alþingi að þingmenn litu svo á að biðlaun væru til þess greidd að menn hefðu tíma og ráðrúm til að finna sér annað starf þegar þingsetu lyki. Ætti þetta ekki síst við um þingmenn sem hefðu verið alllengi fjarri almennum vinnumarkaði og gætu ekki gengið aftur að fyrri störfum. Biðlaunin áttu með öðrum orðum að tryggja að þingmenn stæðu ekki skyndilega uppi atvinnu- og launalausir að loknum kosningum.

Umræður að undanförnu um biðlaun endurspegla að hugmyndir manna um biðlaunaréttinn eru komnar nokkuð fjarri því sem löggjafanum gekk til á sínum tíma. Virðist sú hugmynd útbreidd að þarna sé um nokkurs konar samningsbundin kjör að ræða sem menn eigi rétt á hvernig sem starfslok á Alþingi ber að. Þannig eru dæmi þess að þingmenn, sem hafa afsalað sér þingmennsku áður en kjörtímabili lýkur, hafi þegið biðlaun, aðrir hafi afsalað sér þeim og enn aðrir hafi hvorki gengið eftir þeim né afsalað sér þeim þar sem þeir litu svo á að þeir ættu ekki þennan rétt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að konur, sem sitja á Alþingi, njóti sama réttar til fæðingarorlofs og aðrar konur á vinnumarkaði en samkvæmt núgildandi lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, miðast það við sex mánuði. Þá er lagt til að feður í hópi þingmanna eigi rétt á fæðingarorlofi í einn mánuð en þó þannig að um rétt þeirra fari skv. 2. mgr. 2. gr. laga um fæðingarorlof en þar er kveðið á um að skipti foreldrar með sér fæðingarorlofi verði sameiginlegt orlof þeirra aldrei lengra en sex mánuðir.

Samkvæmt greininni gilda sömu reglur um greiðslur í fæðingarorlofi og nú gilda um greiðslur til þingmanna vegna veikinda eða slysa, þ.e. þeir njóta þingfararkaups, húsnæðiskostnaðar, dvalarkostnaðar og ferðakostnaðar en þó þannig að sá kostnaður sem hlýst af þingsetu greiðist í lengsta lagi til loka þess þings sem þingmaðurinn hefur verið kvaddur til.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni skulu þingmenn ekki njóta réttar til biðlauna afsali þeir sér þingmennsku áður en kjörtímabili lýkur og hverfi til annarra launaðra starfa. Gildir þá einu hvort þau störf eru í þjónustu ríkisins eða ekki. Er þetta í samræmi við þá reglu sem almennt gildir á vinnumarkaði að segi fólk sjálft upp störfum nýtur það ekki launa í uppsagnarfresti sé hann ekki unninn.

Þá er í greininni kveðið á um að taki biðlaunaþegi stöðu í þjónustu ríkisins, stofnana þess eða fyrirtækja skuli biðlaunagreiðslur falla niður nema laun í nýju starfi séu lægri en sem þeim nemur. Í því tilviki skuli greiða launamismuninn til loka biðlaunatímans. Er þetta í samræmi við þá reglu sem gildir um biðlaunagreiðslur ráðherra.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

47. Frumvarp til laga [44. mál]

um breytingu á lögum um laun starfsmanna ríkisins, nr. 92/1955.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur maður gegnt ráðherraembætti í tvö ár samfleytt eða lengur og á hann þá rétt á biðlaunum er hann lætur af því starfi.

Biðlaun skal greiða í þrjá mánuði ef embættistími er tvö til fjögur ár en sex mánuði ef embættistími er fjögur ár eða lengur. Greiðsla miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir að hlutaðeiganda var veitt lausn frá ráðherraembætti. Biðlaun skulu vera 70% af launum ráðherra eins og þau eru á biðlaunatímanum.

Afsali ráðherra sér embætti og hverfi til annarra launaðra starfa fellur niður greiðsla biðlauna.

Nú tekur sá er biðlauna nýtur stöðu í þjónustu ríkisins, stofnana þess eða fyrirtækja og fellur þá niður greiðsla biðlauna ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka biðlaunatímans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum um laun starfsmanna ríkisins, nr. 92/1955, eiga ráðherrar rétt á biðlaunum í sex mánuði ef þeir hafa gegnt ráðherraembætti í tvö ár samfleytt eða lengur. Ekkert er kveðið á um það í þeim lögum frekar en í lögum um þingfararkaup alþingismanna hvernig með skuli fara ef ráðherra afsalar sér embætti til að hverfa til annarra launaðra starfa. Með þessu frumvarpi er reynt að bæta úr þeim ágalla og kveðið skýrt á um að við slíkar aðstæður falli niður greiðsla biðlauna. Er þetta til samræmis við það sem lagt er til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna á þskj. 46 og vísast til greinargerðar með því frumvarpi.

Þá er í þessu frumvarpi jafnframt gerð sú breyting að réttur til biðlauna taki nokkurt mið af því hversu lengi menn hafa gegnt ráðherraembætti. Þannig greiðast biðlaun í þrjá mánuði þeim sem gegnt hafa embætti í tvö til fjögur ár, en sex mánuði þeim sem hafa gegnt því lengur en í fjögur ár. Tekur þessi breyting mið af þeirri reglu sem gildir um biðlaun þingmanna þó að miðað sé við styttri tíma í embætti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og málum er háttað í dag eiga allir sem gegnt hafa ráðherraembætti í tvö ár samfleytt rétt á biðlaunum í sex mánuði. Í greininni er lögð til sú breyting að réttur til biðlauna miðist við tímalengd í embætti. Hafi maður gegnt embætti í tvö til fjögur ár eigi hann kost á biðlaunum í þrjá mánuði en eftir fjögur ár í embætti miðist biðlaunaréttur við sex mánuði. Biðlaunaréttur falli hins vegar niður afsali maður sér ráðherraembætti og hverfi til annarra launaðra starfa.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir því að biðlaun falli niður ef sá er þeirra nýtur tekur stöðu í þjónustu ríkisins, nema sú staða sé lægra launuð, þá greiðist launamismunurinn út biðlaunatímann. Á þessu er lögð til sú breyting að sama regla gildi ef viðkomandi staða er á vegum stofnana eða fyrirtækja ríkisins.

Að öðru leyti er 29. gr. laganna efnislega óbreytt.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

48. Fyrirspurn [45. mál]

til fjármálaráðherra um rétt feðra í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Með hvaða hætti hyggst fjármálaráðherra bregðast við þeim tilmælum kærunefndar jafnréttismála að gerðar verði þær ráðstafanir sem þarf til þess að viðurkenndur verði og tryggður réttur feðra í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi, sbr. álit nefndarinnar í málunum nr. 3/1992 og 16/1992?

49. Fyrirspurn [46. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun laga um mannanöfn, nr. 37/1991.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hvenær má vænta að endurskoðun laga um mannanöfn verði lokið?

50. Fyrirspurn [47. mál]

til heilbrigðisráðherra um meðferðarheimilið að Staðarfelli í Dölum.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hyggst heilbrigðisráðherra tryggja áframhaldandi rekstur meðferðarheimilis SÁÁ að Staðarfelli?

51. Fyrirspurn [48. mál]

til menntamálaráðherra um afleiðingar útboðs á ræstingu í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hvaða framhaldsskólar ákváðu að ganga til samninga við verktaka í kjölfar útboðs á ræstingu?
2. Hver var kostnaður viðkomandi skóla af ræstingu á síðasta skólaári og hver er áætlaður kostnaður þeirra á yfirstandandi skólaári?
3. Hvaða breyting varð á tímamælingu á ræstingu í einstökum skólum í kjölfar nýrrar verklýsingar frá verktaka? Hvað var áætlaður mikill tími til ræstinga daglega í hverjum og einum skóla fyrir og eftir útboð?
4. Hversu margir einstaklingar (konur) unnu við daglegar ræstingar í þeim skólum sem hlut eiga að máli áður en til útboðs kom og hversu margir vinna þar núna við þessi störf?
5. Hversu margir einstaklingar (konur) urðu fyrir tekjuskerðingu vegna breytinga á fyrirkomulagi ræstinga og hversu margir hækkuðu í tekjum?
6. Hversu margir óskuðu ekki eftir endurráðningu við ræstingar í kjölfar útboðs?
7. Hvernig er háttað greiðslu atvinnuleysisbóta til þeirra kvenna sem ekki endurréðu sig eða urðu fyrir umtalsverðri tekjuskerðingu í kjölfar útboðs?
8. Hver var kostnaður menntamálaráðuneytisins af undirbúningi og framkvæmd útboðs, mati á tilboðum og samningi við þann tilboðsgjafa sem verkið hlaut, Securitas hf.?

Svar óskast sundurliðað eftir skólum þar sem það á við.

Skriflegt svar óskast.

52. Fyrirspurn [49. mál]

til fjármálaráðherra um fjárveitingar til útgáfumála og stjórnmálaflokka.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hverjar hafa verið fjárveitingar á árunum 1988–1993 á núgildandi verðlagi til eftirfarandi verkefna:

a. sérfræðilegrar aðstoðar fyrir þingflokka,
b. styrks til blaðaútgáfu samkvæmt tillögu stjórnskipaðrar nefndar,
c. dagblaðakaupa samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga,
d. útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka?

Skriflegt svar óskast.

53. Fyrirspurn [50. mál]

til menntamálaráðherra um listaverkakaup Listasafns Íslands.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvaða listaverk voru keypt til safnsins á síðustu fimm árum og hverjir eru höfundar þeirra?
2. Af hverjum voru þau keypt og hvert var kaupverð hvers listaverks?

Skriflegt svar óskast.

54. Fyrirspurn [51. mál]

til viðskiptaráðherra um listaverkaeign Seðlabanka Íslands.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvaða listaverk eru í eigu Seðlabanka Íslands og hverjir eru höfundar þeirra?
2. Af hverjum voru þau keypt og hvenær?
3. Hvert var kaupverð hvers listaverks?
4. Hvar er hvert listaverk að finna?
5. Hver annast eftirlit og umsjón með verkunum og hver er launakostnaður við það?

Skriflegt svar óskast.

55. Fyrirspurn [52. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd laga um veðmálastarfsemi.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvernig er háttað framkvæmd laga, nr. 23/1945, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður?
2. Hvenær var síðast veitt leyfi til veðmálastarfsemi samkvæmt lögunum?
3. Hve háar fjárhæðir hafa runnið til reiðvega og sjóminjasafna samkvæmt lögunum síðustu tíu árin?
4. Hvaða önnur lög fjalla um það sem dómsmálaráðherra skilgreinir sem veðmálastarfsemi?

56. Fyrirspurn [53. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um réttaráhrif tæknifrjóvgunar.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað líður störfum nefndar sem falið var að gera tillögur um réttaráhrif tæknifrjóvgunar samkvæmt ályktun Alþingis sem samþykkt var 25. mars 1986?

57. Fyrirspurn [54. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um stöðu forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hversu lengi verða forstjórar Tryggingastofnunar tveir og samkvæmt hvaða lögum?
2. Hver eru laun forstjóranna tveggja og fríðindi?
3. Hver var kostnaður við innréttingu skrifstofu handa fyrrverandi forstjóra í húsi Tryggingastofnunar?
4. Verður beiðni um framlag til þessarar breyttu skipanar í frumvarpi til fjáraukalaga?

58. Fyrirspurn [55. mál]

til forsætisráðherra um húsnæðismál Stjórnarráðs Íslands.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvaða áform eru uppi um húsnæðismál Stjórnarráðsins, sbr. 6. gr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 (liður 4.5) varðandi

a. nýbyggingar,
b. leiguhúsnæði,
c. breytta nýtingu á núverandi húsakosti ríkisins?

59. Fyrirspurn [56. mál]

til menntamálaráðherra um framlög til vísindarannsókna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu miklu af því fé, sem komið hefur í ríkissjóð af sölu ríkiseigna á árinu 1993, hefur verið varið til rannsókna og þróunarstarfs, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. nóvember 1992 og fjárlög ársins 1993?
2. Hvaða verkefni hafa verið styrkt með tekjum af sölu ríkiseigna?

60. Fyrirspurn [57. mál]

til fjármálaráðherra um einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvaða skýringar telur fjármálaráðherra vera á því að einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar hafa runnið út í sandinn og að sala ríkiseigna, sem átti að skila 1.500 millj. kr. í ríkissjóð, skilar aðeins 100 millj. kr. á þessu ári?

61. Fyrirspurn [58. mál]

til utanríkisráðherra um Viðreisnarsjóð Evrópuráðsins.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu mikið fé hafa Íslendingar greitt árlega til Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins á árunum 1988–1993?
2. Hversu mikla peninga hafa Íslendingar fengið að láni úr sjóðnum frá stofnun hans?
3. Hvenær var síðast sótt um lán og til hvaða verkefnis?
4. Til hvaða verkefna hefur lánum frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins verið varið hér á landi?

62. Fyrirspurn [59. mál]

til samgönguráðherra um snjómokstur.

Frá Jónasi Hallgrímssyni.

1. Eru uppi áform um bætta þjónustu Vegagerðar ríkisins við einangraða staði á Austurlandi með fjölgun snjómokstursdaga?
2. Telur samgönguráðherra ekki tímabært að þjóðvegur 1 um Breiðdalsheiði verði ruddur ákveðna daga í viku hverri líkt og aðrir fjallvegir á hringveginum?
3. Hver eru áform um snjóruðning milli Norður- og Austurlands (Mývatnsöræfi og Möðrudalsfjallgarða) á næsta vetri?

63. Fyrirspurn [60. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmdir og rekstur á Egilsstaðaflugvelli.

Frá Jónasi Hallgrímssyni.

1. Hvað kostar að búa Egilsstaðaflugvöll þeim tækjum sem nauðsynleg eru til að hin nýju mannvirki nýtist að fullu og hvenær er ráðgert að framkvæmdum ljúki?
2. Hvað líður áformum um sólarhringsvakt á Egilsstaðaflugvelli?

64. Beiðni um skýrslu [61. mál]

frá forsætisráðherra um niðurstöður fundar leiðtoga Evrópuráðsins í Vínarborg.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Birni Bjarnasyni, Guðmundi Bjarnasyni, Sigbirni Gunnarssyni, Ragnari Arnalds, Láru Margréti Ragnarsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Páli Péturssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur og Ólafi Ragnari Grímssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að forsætisráðherra gefi Alþingi skýrslu um inntak umræðna og helstu niðurstöðu leiðtogafundar Evrópuráðsins í Vínarborg nú í október. Er þess óskað að skýrslan verði tekin til umræðu þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

65. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um lendingar ferjuflugvéla á Rifi.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Guðjón Guðmundsson, Jóhann Ársælsson, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á aukinni notkun flugvallarins á Rifi á Snæfellsnesi til móttöku erlendra ferjuflugvéla. Í því skyni skipi ráðherra nefnd sem í eigi sæti m.a. fulltrúar Flugmálastjórnar og heimamanna. Skal nefndin gera úttekt á flugvellinum og tillögur að úrbótum, svo og hvernig fá megi erlenda ferjuflugmenn til að nota flugvöllinn. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. janúar 1995.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur margsinnis verið bent á hve margir flugvellir úti á landi eru vannýttir á meðan mikið álag er á Reykjavíkurflugvelli. Þar sem mikil nauðsyn er á að nýta sem best þau mannvirki, sem fyrir eru í landinu, er eðlilegt að athugað sé hvort ekki megi nýta eitthvað af ónýttum flugvöllum til móttöku ferjuflugvéla. Samkvæmt skilgreiningu samgönguráðuneytisins er ferjuflug „þegar loftfari er flogið (venjulega án farþega eða farms) milli staða, til dæmis til afhendingar nýjum eiganda eða milli viðhaldsstöðvar og heimaflugvallar“. Það sem í daglegu tali er nefnt ferjuflug er einkaflug,

leiguflug eða annað þjónustuflug og ferjuflug. Á árunum 1988–1992 voru skráðar lendingar minni flugvéla (með hámarksmassa undir 5.700 kg), sem höfðu viðkomu hér á landi, alls 12.322 eða 2.464,4 að meðaltali á ári. Árið 1988 voru 1.420 (62,4%) lendingar á Reykjavíkurflugvelli en 854 (37,6%) á Keflavíkurflugvelli. Lendingum ferjuflugvéla í Reykjavík hefur síðan fækkað ár frá ári og voru þær á því síðasta 1.126 (47,8%) á móti 1.231 (52,2%) í Keflavík. Ástæður þess má eflaust rekja til aukins kennslu- og einkaflugs í Reykjavík, auk umræðna í tengslum við flugslys við Reykjavíkurflugvöll um staðsetningu vallarins og þá hættu sem fylgir aðflugi og lendingum ferjuflugvéla á honum.

Á flugvellinum á Rifi á Snæfellsnesi eru tvær flugbrautir og báðar með bundnu slitlagi. Önnur er 1.000 metra löng með olíumöl sem slitlagi og er búin flugbrautar- og aðflugshallaljósum. Hin er 800 metra löng þverbraut með klæðningu sem slitlagi.

Staðsetning flugvallarins á Rifi er að mörgu leyti heppileg til móttöku erlendra ferjuflugvéla. Er því eðlilegt að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á aukinni notkun hans í þessu skyni. Minni erlendar flugvélar geta lent á flugvellinum í samræmi við brautarlengdir og burðarþol flugbrauta. Hins vegar þyrfti væntanlega að bæta aðflugs- og snjóhreinsibúnað og eldsneytisafgreiðsla á vellinum ætti að auka notkun hans til móttöku á erlendum ferjuflugvélum. Þá þyrfti einnig að lengja opnunartíma vallarins og auka veðurupplýsingagjöf. Allt kostar þetta nokkra peninga. Því er hér lagt til að ráðherra skipi nefnd með þátttöku Flugmálastjórnar og heimamanna, auk annarra til að gera úttekt á flugvellinum og gera tillögur að úrbótum, þannig að leiða megi í ljós hagkvæmni þessara ráðstafana. Rétt þykir að nefndin skili áliti eigi síðar en 1. janúar nk.

66. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um gerð vegar milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á gerð varanlegs vegar á hinni gömlu þjóðleið um Leggjabrjót milli Þingvalla og Hvalfjarðar.

Greinargerð.

Allt frá upphafi Íslandsbyggðar og fram á þessa öld var fjölfarin leið milli Þingvalla og byggðanna norðan Hvalfjarðar. Var leiðin kennd við Leggjabrjót sem er urðarkast á miðjum fjallveginum. Um Leggjabrjót lá leið manna þegar farið var til Alþingis og að Skálholti. Leiðin geymir spor liðinna kynslóða sem fóru um veginn, bæði í skóla og til biskupssetursins í Skálholti, til Alþingis og í öðrum erindum. Leiðin um Leggjabrjót tengdi saman byggðir Hvalfjarðar og Suðurlands, einkum Þingvallasveit.

Um Leggjabrjót eru aðeins 20 km frá Botnsskála í Hvalfirði og að Þingvöllum. Hér er um stutta en afar fagra og söguríka leið að ræða. Oft hefur verið rætt um að leggja akfæran veg um Leggjabrjót og hefur áhugi í þeim efnum farið vaxandi á síðustu árum. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps hafa ályktað um málið. Og í tillögu að svæðisskipulagi sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar, sem nú er á lokastigi, er lagt til að gerð verði „akfær vegtenging um Leggjabrjót upp úr Botnsdal“ og að Þingvöllum.

Vegur um Leggjabrjót hefði geysimikla og jákvæða þýðingu í sambandi við ferðamál og ferðamannaþjónustu. Með tilkomu vegar um Leggjabrjót mundi opnast nýr Þingvallahringur sem yrði vinsæll og fjölfarinn og mundi skapa ný atvinnutækifæri í ferðaþjónustu bæði í Hvalfirði og á Akranesi. Þá yrði stutt af þessum vegi að hæsta fossi landsins, Glym í Botnsá, sem er sérstakt náttúruundur.

Fram hafa komið hugmyndir um framtíðarútivistar- og skíðasvæði í Botnssúlum fyrir Akranes, Borgarnes og höfuðborgarsvæðið, enda er Bláfjallasvæðið nú þegar næstum fullnýtt. Í Botnsdal og Botnssúlum er kjörið svæði til útivistar og heilsuræktar. Botnsdalur er skjólgóður dalur, þar er náttúrufegurð mikil og jarðhiti. Þar er því kjörið að byggja upp aðstöðu og þjónustu í tengslum við útivistar- og skíðasvæði í Botnssúlum. Forsenda þess er bættar samgöngur og akfær vegur um Leggjabrjót. Fjárfesting í slíkum vegi mundi verða arðbær og hagkvæm, skapa nýja möguleika og ný atvinnutækifæri í ferðaþjónustu og heilsurækt og tengja saman að nýju hinar fögru byggðir Árnessýslu og syðri hluta Borgarfjarðar.

67. Fyrirspurn [64. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um styrkveitingar Atvinnuleysistryggingasjóðs 1990–1993.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

Hversu háar fjárhæðir veitti Atvinnuleysistryggingasjóður í styrki hvert ár 1990–1993 á grundvelli 35. gr. laga um sjóðinn? Hverjum voru styrkirnir veittir og til hvaða verkefna?

Skriflegt svar óskast.

68. Fyrirspurn [65. mál]

til félagsmálaráðherra um húsnæðiskannanir sveitarfélaga.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu mörg sveitarfélög könnuðu heildarþörf á félagslegu húsnæði í umdæmi sínu á árunum 1991–1993, sbr. 45. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins?
2. Hversu mörg sveitarfélög hafa gert áætlanir til fjögurra ára um byggingu og kaup á félagslegu húsnæði, svo sem skylt er samkvæmt lögum, á grundvelli slíkra húsnæðiskannana?
3. Hvernig hefur verið staðið að húsnæðiskönnunum sveitarfélaganna? Hafa þær verið samræmdar þannig að um sambærilegar niðurstöður sé að ræða?
4. Hafa húsnæðiskannanir sveitarfélaga verið lagðar til grundvallar lánveitingum Húsnæðisstofnunar ríkisins til félagslegra íbúðarbygginga eða kaupa á undanförnum þremur árum?

69. Fyrirspurn [66. mál]

til menntamálaráðherra um átak gegn einelti.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Á hvern hátt hefur ályktun Alþingis um átak gegn einelti, sem samþykkt var 20. desember 1990, verið fylgt eftir?

70. Frumvarp til fjáraukalaga [67. mál]

fyrir árið 1992, sbr. lög nr. 118/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1992 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1992 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1992, sbr. lög nr. 118/1992:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		407 173
Gjöld		-2 491 063
Gjöld umfram tekjur		**-2 898 236**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		272 098
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	-78 283	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	350 381	
Hluta- og stofnfjárframlög		-236 766
Viðskiptareikningar		-1 690 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-4 552 904**
Afborganir af teknum lánum		340 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-4 212 904**
Lántökur		-1 991 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**2 221 904**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1992, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1992, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

		Þús.kr.	Þús.kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	70 045	
01	Forsætisráðuneyti	14 964	
02	Menntamálaráðuneyti	399 540	
03	Utanríkisráðuneyti	71 441	
04	Landbúnaðarráðuneyti	274 428	
05	Sjávarútvegsráðuneyti	-306 383	
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	123 958	
07	Félagsmálaráðuneyti	183 339	
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-55 596	
09	Fjármálaráðuneyti	1 665 566	
10	Samgönguráðuneyti	11 633	
11	Iðnaðarráðuneyti	4 270	
12	Viðskiptaráðuneyti	22 708	
13	Hagstofa Íslands	1 642	
14	Umhverfisráðuneyti	9 508	
	Samtals öll ráðuneyti		2 491 063

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00	**Æðsta stjórn ríkisins**		
101	Embætti forseta Íslands	1 280	
401	Hæstiréttur	137	
520	Opinberar heimsóknir	157	
610	Umboðsmaður Alþingis	931	
	Óhafnar fjárveitingar	-72 550	
	Samtals ráðuneyti		-70 045
01	**Forsætisráðuneyti**		
	Óhafnar fjárveitingar	-14 964	
	Samtals ráðuneyti		-14 964
02	**Menntamálaráðuneyti**		
201	Háskóli Íslands	49 531	
202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	7 321	
203	Raunvísindastofnun Háskólans	6 377	
223	Rannsóknastofnun uppeldismála	317	
232	Rannsóknaráð ríkisins	7	
301	Menntaskólinn í Reykjavík	635	

302 Menntaskólinn á Akureyri	5 306	
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	10 705	
305 Menntaskólinn við Sund	3 183	
306 Menntaskólinn á Ísafirði	3 465	
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	2 156	
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	31 358	
352 Flensborgarskóli, fjölbraut	1 387	
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2 468	
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	1 148	
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	2 937	
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	5 639	
361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	162	
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	1 298	
506 Vélskóli Íslands	10	
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1 820	
518 Fiskvinnsluskólinn	3 081	
531 Íþróttakennaraskóli Íslands	2 692	
551 Húsmæðrakennaraskólinn Hallormsstað	565	
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	80	
571 Sjómannaskólahúsið	1 476	
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	291	
752 Öskjuhlíðarskóli	10	
755 Dalbrautarskóli	588	
802 Vernd barna og ungmenna	5 366	
806 Barnaverndarráð Íslands	1 301	
871 Unglingaheimili ríkisins	13 371	
903 Þjóðskjalasafn Íslands	2 269	
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	1 673	
906 Listasafn Einars Jónssonar	245	
907 Listasafn Íslands	317	
909 Blindrabókasafn Íslands	930	
972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	7 445	
981 Kvikmyndasjóður	2 566	
989 Ýmis íþróttamál	581	
Óhafnar fjárveitingar	-581 617	
Samtals ráðuneyti		-399 540

03 Utanríkisráðuneyti

201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	527	
301 Sendiráð Íslands í Bonn	2 631	
302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3 285	
303 Sendiráð Íslands í London	1 689	
305 Sendiráð Íslands í Ósló	3 036	
307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1 908	

310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	3 315	
311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1 993	
312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	594	
Óhafnar fjárveitingar	-90 419	
Samtals ráðuneyti		-71 441

04 Landbúnaðarráðuneyti

202 Hagþjónusta landbúnaðarins	23	
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	34	
231 Skógrækt ríkisins	5 941	
235 Landgræðsla ríkisins	216	
239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni	63	
246 Veiðimálastofnun	28	
289 Sérstakar greiðslur í landbúnaði	6 154	
299 Búnaðarmál, ýmis verkefni	1 142	
Óhafnar fjárveitingar	-288 029	
Samtals ráðuneyti		-274 428

05 Sjávarútvegsráðuneyti

201 Fiskifélag Íslands	600	
202 Hafrannsóknastofnun	342 301	
Óhafnar fjárveitingar	-36 518	
Samtals ráðuneyti		306 383

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

203 Borgardómarinn í Reykjavík	5 251	
204 Borgarfógetinn í Reykjavík	7 031	
205 Sakadómur Reykjavíkur	7 543	
210 Héraðsdómarar samkvæmt lögum nr. 27/1990	1 783	
211 Héraðsdómur Reykjavíkur	36	
212 Héraðsdómur Vesturlands	1 016	
213 Héraðsdómur Vestfjarða	162	
218 Héraðsdómur Reykjaness	566	
231 Málskostnaður í opinberum málum	14 097	
232 Opinber réttaraðstoð	1 714	
238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	1 153	
290 Dómsmál, ýmis kostnaður	539	
291 Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	7 576	
390 Ýmis löggæslukostnaður	1 017	
412 Sýslumaðurinn Akranesi	1 747	
414 Sýslumaðurinn Stykkishólmi	2 176	
420 Sýslumaðurinn Blönduósi	500	
431 Sýslumaðurinn Hvolsvelli	582	

437	Sýslumaðurinn Kópavogi	1 019	
490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	27	
731	Kristnisjóður	54	
	Óhafnar fjárveitingar	-179 547	
	Samtals ráðuneyti		-123 958
07	**Félagsmálaráðuneyti**		
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	373	
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1 594	
711	Styrktarfélag vangefinna	300	
720	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	390	
	Óhafnar fjárveitingar	-185 996	
	Samtals ráðuneyti		-183 339
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		
271	Tryggingastofnun ríkisins	453 857	
277	Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	29 900	
311	Héraðslæknir í Reykjavík	897	
367	Sjúkrahúsið Keflavík	10 001	
396	Lyfjanefnd	140	
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	39	
525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	22	
526	Heilsugæslustöðin Búðardal	26	
552	Heilsugæslustöðin Dalvík	58	
557	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	153	
561	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	187	
567	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	549	
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	80	
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	2 524	
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1 781	
603	Lyfjatæknaskóli Íslands	1 071	
	Óhafnar fjárveitingar	-445 689	
	Samtals ráðuneyti		55 596
09	**Fjármálaráðuneyti**		
104	Ríkisfjárhirsla	243	
202	Skattstofan í Reykjavík	1 412	
205	Skattstofa Norðurlands vestra	529	
212	Skattamál, ýmis útgjöld	3 824	
251	Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	11 671	
261	Ríkistollstjóri	889	
	Óhafnar fjárveitingar	-1 684 134	
	Samtals ráðuneyti		-1 665 566

10	**Samgönguráðuneyti**		
101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	1 536	
322	Flóabátar og vöruflutningar	100 295	
332	Vitastofnun Íslands	625	
341	Siglingamálastofnun ríkisins	2 527	
342	Rannsóknarnefnd sjóslysa	45	
	Óhafnar fjárveitingar	-116 661	
	Samtals ráðuneyti		-11 633
11	**Iðnaðarráðuneyti**		
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	25	
298	Kostnaður vegna samninga við ÍSAL	3 499	
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	8 734	
371	Orkusjóður	484	
	Óhafnar fjárveitingar	-17 012	
	Samtals ráðuneyti		-4 270
12	**Viðskiptaráðuneyti**		
	Óhafnar fjárveitingar	-22 708	
	Samtals ráðuneyti		-22 708
13	**Hagstofa Íslands**		
	Óhafnar fjárveitingar	-1 642	
	Samtals ráðuneyti		-1 642
14	**Umhverfisráðuneyti**		
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	179	
201	Náttúruverndarráð	4 883	
301	Skipulagsstjóri ríkisins	4 950	
401	Náttúrufræðistofnun Íslands	2 092	
410	Veðurstofa Íslands	863	
	Óhafnar fjárveitingar	-22 475	
	Samtals ráðuneyti		-9 508

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1992 umfram þær heimildir sem veittar voru af Alþingi í fjárlögum 1992 og lögum nr. 118/1992, fjáraukalögum fyrir árið 1992. Frumvarp þetta var áður flutt á vorþingi en hlaut ekki afgreiðslu þá og er nú endurflutt óbreytt. Hins vegar eru gerðar tvær breytingar á yfirfærslu heimilda og gjalda yfir á árið 1993. Annars vegar er felld niður skuld vegna óseldra aflaheimilda Hafrannsóknastofnunar. Hins vegar er leiðrétt yfirfærsla stofnkostnaðar hjá Þjóðleikhúsinu.

Frumvarp að fjáraukalögum var lagt fram á Alþingi í október 1992 og með því fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1992 og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram heimildir fjárlaga. Þá var hinn 24. febrúar síðastliðinn lögð fyrir Alþingi skýrsla um ríkisfjármál árið 1992, þar sem afkoma ríkissjóðs eftir endanlegt greiðsluuppgjör ríkisbókhalds er skýrð með samanburði við áform samkvæmt fjárlögum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluheimildir á árinu 1992 sem Alþingi hefur samþykkt í samanburði við útkomu ársins:

Afkoma ríkissjóðs 1992

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1992 m.kr.	Fjár-aukalög 118/1992 m.kr.	Heimildir alls 1992 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Mismunur fjárveitinga og reiknings m.kr.
Tekjur	105.463	-2.423	103.040	103.447	407
Gjöld	109.575	3.524	113.099	110.608	-2.491
Rekstrarafkoma	**-4.112**	**-5.947**	**-10.059**	**-7.161**	**-2.898**
Lánveitingar, nettó	-275	-1.395	-1.670	-15	-1.655
Hrein lánsfjárþörf	**4.387**	**7.342**	**11.729**	**7.176**	**-4.553**
Afborganir af teknum lánum	9.000	-415	8.585	8.925	340
Heildarlánsfjárþörf	**13.387**	**6.927**	**20.314**	**16.101**	**-4.213**
Lántökur alls	13.400	6.950	20.350	18.359	-1.991
Greiðslujöfnuður	**13**	**23**	**36**	**-2.258**	**2.222**

Endanleg rekstrargjöld reyndust þannig vera 2.491 m.kr. lægri en útgjaldaheimildir fjárlaga og fjáraukalaga. Gert er ráð fyrir að þar af verði sótt um flutning óhafinna heimilda til ársins 1993 sem nemur 870 m.kr. í frumvarpi til fjáraukalaga 1993. Í ritinu *Skýrsla um ríkisfjármál árið 1992*, sem lagt var fyrir Alþingi í febrúar síðastliðnum er vikið að höfuðatriðunum í niðurstöðum greiðsluuppgjörs um tekjur, gjöld og lánahreyfingar ríkissjóðs, og er vísað til þess rits um nánari upplýsingar.

Skýringar við 3. grein frumvarpsins

00 Æðsta stjórn ríkisins

Greiðslur til æðstu stjórnar ríkisins urðu 70,0 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 2,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 72,5 m.kr. Þar af eru 42,6 m.kr. vegna stofnkostnaðar á Bessastöðum sem fluttar eru til næsta árs. Greiðsluafgangur kemur fram hjá þremur öðrum stofnunum en er að mestu felldur niður. Í fyrsta lagi eru felldar niður 8,9 m.kr. af aukafjárveitingu sem Alþingi fékk vegna haustþings en var ekki nýtt á árinu. Í öðru lagi er felld niður ónotuð heimild á ríkisstjórnarlið. Loks er helmingur greiðsluafgangs ríkisendurskoðunar felldur niður. Hjá fjórum stofnunum eru umframgreiðslur 2,5 m.kr. og er lagt til að þær flytjist milli ára.

01 Forsætisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 15 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Engin stofnun er umfram heimildir. Óhafin fjárveiting aðalskrifstofu er alls 9 m.kr., þar af eru 4,2 m.kr. vegna viðhalds og er lagt til að hvorttveggja verði flutt til næsta árs. Þá er inneign Þjóðgarðsins á Þingvöllum 5,8 m.kr. og skýrist hún aðallega af frestun viðhaldsframkvæmda og flyst milli ára. Gerð er tillaga um að aðrar óhafnar fjárveitingar flytjist milli ára.

02 Menntamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 399,5 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 182,1 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 581,6 m.kr. Þar af eru 299,5 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Óhafnar rekstrarfjárveitingar sem lagt er til að flytjist milli ára nema alls 244 m.kr. hjá 64 aðilum. Greiðsluafgangur aðalskrifstofu er 16 m.kr., og háskólastofnana 17 m.kr. og þar vega þyngst lægri gjöld Háskólans á Akureyri, 4,4 m.kr., Kennaraháskólans, 3,3 m.kr. og styrkir til háskóla og rannsóknarstarfsemi 6,9 m.kr. Hjá almennum framhaldsskólum og sérskólum eru eftirstöðvar 45 m.kr. Þar af eru 7,3 m.kr. hjá Iðnskólanum í Reykjavík og 4,3 m.kr. hjá Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki. Grunnskólar og sérskólar fatlaðra urðu 135 m.kr. innan heimilda. Af þeirri fjárhæð verða yfirfærðar 96 m.kr. til næsta árs en 39 m.kr. eru felldar niður þar sem greiðslur úr rannsóknarsjóði grunnskólakennara voru tvíáætlaðar í fjárlögum. Vegna annarra stofnana menntamálaráðuneytisins eru rekstrarheimildir að fjárhæð 50,3 m.kr. færðar milli ára. Þar vega þyngst framlög til lista, 24,9 m.kr., til Þjóðminjasafns, 10,5 m.kr., og til alþjóðlegra samskipta, 6,9 m.kr. Óhafnar fjárveitingar vegna stofnkostnaðar flytjast milli ára, utan hluta af afgangi hjá Þjóðleikhúsinu þar sem uppgjöri framkvæmda vegna fyrsta áfanga er lokið. Stærstu stofnkostnaðarliðir eru 139 m.kr. vegna Þjóðarbókhlöðu og 110 m.kr. vegna bygginga framhaldsskóla. Lagt er til að umframgreiðslur að fjárhæð 162 m.kr. komi til lækkunar fjárheimilda á árinu 1993. Stærstu fjárhæðirnar eru hjá Háskóla Íslands, 49,5 m.kr. og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 31,4 m.kr. Umframgreiðslur annarra

stofnana eru mun lægri, þær hæstu hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð, 10,7 m.kr., Íslenska dansflokknum, 7,4 m.kr. og Tilraunastöðinni á Keldum 7,3 m.kr. Lagt er til að felldar verði niður umframgreiðslur að fjárhæð 20,0 m.kr. Um er að ræða þrjár stofnanir sem eiga það sameiginlegt að flytjast yfir til félagsmálaráðuneytis frá og með árinu 1993. Þær eru Vistheimilið Torfastöðum með 5,3 m.kr., Barnaverndarráð Íslands, með 1,3 m.kr. og Unglingaheimili ríkisins með 13,4 m.kr. Sveitarfélögum bar að greiða hlutdeild í vistunarkostnaði barna á Torfastöðum og Unglingaheimilinu, en þær greiðslur hafa enn ekki skilað sér og skýrir það að nokkru umframgreiðslur þessara stofnana.

03 Utanríkisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 71,4 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 19 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 90 m.kr. og þar af 3,8 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Gert er ráð fyrir að 38,7 m.kr. af inneignum verði felldar niður en 32,7 m.kr. bætist við heimildir ársins 1992. Greiðsluafgangur aðalskrifstofu er 23,0 m.kr. og eru 17,9 m.kr. fluttar milli ára. Greiðsluafgangur sendiráða er felldur niður, en hann er einkum vegna hagstæðari gengisþróunar en ætlað var í fjárlögum. Felldar eru niður 12,9 m.kr. sem er hluti fjárveitingar sem veitt var vegna sameiginlegrar kynningar íslenskra og norskra aðila til að minnast 1000 ára afmælis Vínlandsfundar Leifs Eiríkssonar. Uppgjöri er lokið og fjárþörfin reyndist minni en ætlað var. Einnig eru felldar niður 13,9 m.kr. hjá Alþjóðastofnunum þar sem fastaframlag til EFTA reyndist lægra en áætlað var í fjárlögum.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 274,4 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 13,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 288 m.kr. Þar af er stofnkostnaður 84,2 m.kr. Lagt er til að 164,4 m.kr. rekstrarfjárveitingar flytjist til næsta árs. Hæsta fjárhæðin sem flutt er milli ára er Greiðslur vegna búvöruframleiðslu eða 147,6 m.kr. þar sem lokauppgjör á gamla útflutningsbótakerfinu færist til yfirstandandi árs. Rekstrarafgangur annarra fjárlagaliða sem færist milli ára er mun lægri, hæst 8 m.kr. hjá Sauðfjárveikivörnum og 4,3 m.kr. hjá Yfirdýralækni. Felldur er niður hluti innistæðu sauðfjárveikivarna að fjárhæð 39,4 m.kr. Lagt er til að 9,2 m.kr. stofnkostnaður hjá Jarðeignum ríkisins og Jarðasjóði flytjist til næsta árs en meginhluti inneignar Jarðasjóðs, eða 75 m.kr., falli niður þar sem þar sem ætlað var að mæta þeim útgjöldum með sölu sem ekkert varð af. Umframgreiðslur að fjárhæð 7,4 m.kr. flytjast milli ára, en umframgreiðslur vegna sérstakra greiðslna í landbúnaði að fjárhæð 6,2 m.kr. eru felldar niður þar sem um lögbundinn lið er að ræða.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 306,4 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 342,9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 36,5 m.kr. Lagt er til að allar óhafnar fjárveitingar flytjist á milli ára nema 2,2 m.kr. hjá Veiðieftirliti og 3,7 m.kr. sem falla niður af 14,7 m.kr. greiðsluafgangi Fiskistofu þar sem starfsemin fór

seinna af stað en áætlað var. Tekjur af sölu veiðileyfa Hagræðingarsjóðs reyndist mun minni á síðastliðnu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum og skýrir það nær alfarið umframgreiðslur ráðuneytisins. Samkvæmt bráðabirgðalögum um efnahagsaðgerðir frá því í vor, var óseldum aflaheimildum úthlutað endurgjaldslaust og eru umframgreiðslur Hafrannsóknastofnunar felldar niður.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 124 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 55,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 179,6 m.kr. Þar af eru 59,1 m.kr. vegna stofnkostnaðar og viðhalds sem fluttar eru til næsta árs. Óhafnar rekstrarfjárveitingar sem flytjast milli ára eru 84,7 m.kr. og dreifast á 28 aðila. Stærstu fjárhæðirnar eru hjá Landhelgisgæslunni 31,5 m.kr. og Lögreglustjóraembættinu í Reykjavík 18,5 m.kr. Felldar eru niður inneignir á tveimur fjárlagaliðum, fjárheimild vegna forsetakosninga sem ekki urðu, 11,1 m.kr. og hluti afgangs hjá Lögreglustjóraembættinu, 24,6 m.kr. Greiðslur umfram heimildir ársins 1992 lækka fjárheimildir 1993 hjá 14 stofnunum ráðuneytisins um samtals 12,0 m.kr., en felldar eru niður umframgreiðslur að fjárhæð 43,6 m.kr. Nokkrar dómsmálastofnanir voru lagðar niður á síðastliðnu ári vegna aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdavalds og eru umframgreiðslur þeirra felldar niður, en þær nema 22,8 m.kr. Einnig er lagt til að umframgreiðslur málskostnaðar í opinberum málum og opinberrar réttaraðstoðar verði felldar niður, samtals að fjárhæð 15,8 m.kr. Málskostnaðurinn er lögbundinn og háður ákvörðun dómara og rannsóknaraðila hverju sinni.

07 Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 183,3 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 2,7 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 186 m.kr. Þar af eru 32,1 m.kr. vegna stofnkostnaðar hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra sem færist milli ára. Óhafnar rekstrarheimildir 17 aðila að fjárhæð 114,6 m.kr., flytjast milli ára. Stærstu fjárhæðirnar eru til málefna fatlaðra, 51,3 m.kr., ýmissa félagsmála, 36,3 m.kr., og Vinnueftirlits ríkisins 10,5 m.kr. Veitt var aukafjárveiting vegna ríkisábyrgðar á laun sem ekki var nýtt að fullu og eru eftirstöðvarnar felldar niður, alls 39 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 55,6 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 561,3 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 505,7 m.kr. Þar af eru 64,8 m.kr. vegna stofnkostnaðar sem flytjast til þessa árs. Óhafnar rekstrarfjárveitingar sem flytjast til næsta árs eru að fjárhæð 148 m.kr. hjá 35 aðilum. Framkvæmdasjóður aldraða á óhafna rekstrarheimild að fjárhæð 48,7 m.kr. Heilsuverndarstöðin í Reykjavík og Heilsugæslustöðvar eiga óhafnar heimildir að fjárhæð 39,8 m.kr., Sjúkrahúsin í Reykjavík 31,5 m.kr. og aðrir minna. Felldar eru niður rekstrarheimildir að fjárhæð 294,3 m.kr. og munar þar mest um heimildir Atvinnuleysistryggingasjóðs, 228 m.kr., og slysatrygginga, 60 m.kr. Hér er um bundna tilfærsluliði að ræða þar sem

almenna reglan er sú að afgangur eða skuld um áramót fellur niður. Umframgreiðslur 13 stofnana að fjárhæð 216,5 m.kr. koma til frádráttar heimildum yfirstandandi árs. Munar þar mest um 200 m.kr. vegna lyfjakostnaðar sjúkratrygginga. Aðrar umframgreiðslur eru mun lægri, mest hjá Sjúkrahúsinu í Keflavík 10 m.kr. Umframgreiðslur að fjárhæð 346,2 m.kr. verða felldar niður. Þar af eru 266 m.kr. vegna sjúkratrygginga, 38,1 vegna lífeyristrygginga og 29,9 m.kr. vegna atvinnuleysisbóta opinberra starfsmanna.

09 Fjármálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 1.665,5 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 19,8 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru að fjárhæð 1.685,3 m.kr. og þar af 440,6 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Óhafnar rekstrarfjárveitingar sem flytjast milli ára eru 58,5 m.kr. og munar þar mest um framlag til Ríkisskattstjóra, 22,0 m.kr., ýmissa verkefna ráðuneytisins, 9,1 m.kr., og skýrsluvélakostnaðar, 7,5 m.kr. Felldar eru niður rekstrarheimildir af fjórum fjárlagaliðum að fjárhæð 1.186,2 m.kr. og vega vextir af lánum ríkissjóðs þar langþyngst eða 1.053,8 m.kr. Einnig eru felldar niður fjárveitingar til launa- og verðlagsmála, 79,2 m.kr., til skýrsluvélakostnaðar 40,1 m.kr., auk tveggja minni liða. Stofnkostnaður að fjárhæð 111,5 m.kr. flyst milli ára og vega fasteignir ríkissjóðs þar mest eða 87 m.kr. Felldur er niður stofnkostnaður að fjárhæð 329,1 m.kr. og þar af eru ríkisábyrgðir og tjónabætur 247,4 m.kr. og ýmsar fasteignir ríkissjóðs 34,7 m.kr. Umframgreiðslur gjaldheimtna og ýmiss innheimtukostnaðar að fjárhæð 9,4 m.kr. eru felldar niður.

10 Samgönguráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 11,6 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 105 m.kr. en óhafnar fjárveitingar nema 116,6 m.kr. Þar af eru 79,3 m.kr. vegna stofnkostnaðar hjá Hafnamálastofnun sem flytjast til næsta árs. Aðrar óhafnar fjárveitingar sem flytjast milli ára eru helstar hjá Flugmálastjórn 27,2 m.kr. sem er aukafjárveiting til tiltekins verkefnis er ekki náðist að greiða út á árinu. Felld er niður 8,4 m.kr. inneign á launareikningi hjá Vegagerð ríkisins sem var gerð upp skömmu eftir áramót. Umframgjöld ráðuneytisins færast milli ára nema hvað gjaldfærsla vegna Skipaútgerðar ríkisins að fjárhæð 100 m.kr. er felld niður vegna óvissu um verðmæti þeirra eigna sem eftir er selja.

11 Iðnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 4,3 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 12,7 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 17 m.kr. Fjárveitingar til rekstrar að fjárhæð 9,0 m.kr. færast milli ára og munar þar mest um 3,4 m.kr. hjá aðalskrifstofu og ýmis framlög til iðju og iðnaðar 3,3 m.kr. Greiðsluafgangur á ýmsum orkumálum að fjárhæð 8 m.kr. er felldur niður. Umframgreiðslur að fjárhæð 9,2 m.kr. koma til lækkunar á fjárveitingum þessa árs og þar ber hæst Rafmagnseftirlitið 8,7 m.kr. Skýringin er sú að stofnunin skilaði ekki innheimtum ríkistekjum að fullu fyrr en eftir áramótin.

12 Viðskiptaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 22,7 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Af þeirri fjárhæð eru 14,8 m.kr. vegna niðurgreiðslna sem færast milli ára yfir til landbúnaðarráðuneytis, en lokauppgjör á niðurgreiðslukerfinu færist til yfirstandandi árs. Aðrar heimildir sem flytjast milli ára eru 5,9 m.kr. hjá aðalskrifstofu, 1,8 m.kr. hjá Verðlagsstofnun en minna hjá öðrum.

13 Hagstofa Íslands

Greiðslur ráðuneytisins urðu 1,6 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga og er gert ráð fyrir að sú fjárhæð flytjist milli ára.

14 Umhverfisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 9,5 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 13,0 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 22,5 m.kr. Þar af eru 14,6 m.kr. vegna stofnkostnaðar sem flytjast til næsta árs. Óhafin rekstrarheimild að fjárhæð 7,2 m.kr. hjá Veiðistjóra flyst milli ára. Þar er um að ræða veiðilaun til sveitarfélaga sem ekki náðist að greiða út á árinu. Af umframgreiðslum koma 11,6 m.kr. til lækkunar á fjárheimildum fimm stofnana. Stærstu fjárhæðirnar eru hjá Skipulagsstjóra 5,0 m.kr., Náttúruverndarráði, 3,5 m.kr., og Náttúrufræðistofnun, 2,1 m.kr. Felldur er niður hluti af umframgreiðslum Náttúruverndarráðs eða 1,4 m.kr. en sértekjur í þjóðgörðum drógust saman miðað við fyrra ár vegna erfiðs tíðarfars síðastliðið sumar.

Yfirfærsla heimilda og gjalda frá 1992 til 1993

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna fjárhagslega ábyrgð stofnana ríkisins eru fjárheimildir til rekstrar nú í annað sinn með almennum hætti færðar á milli ára með tilliti til greiðslustöðu í árslok. Áður voru geymdar fjárveitingar nær eingöngu miðaðar við óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds. Þessi stefna var mörkuð í ljósi þess að rekstur stofnana ríkisins er samfelldur frá ári til árs og það væri nánast tilviljun ef greiðslustaðan um áramót væri nákvæmlega í samræmi við heimildir. Það hefur sýnt sig að þessi flutningur á greiðsluheimildum yfir áramót hvetur til aukins aðhalds og sparnaðar í rekstri, þar sem stofnanir hafa möguleika á að haga rekstri sínum með sveigjanlegri hætti en áður hefur verið.

Rétt þykir að ítreka eftirfarandi vinnureglur sem eru notaðar við flutning innistæðna og umframgjalda yfir áramót.

1. Miðað er við að flutningur innistæðu takmarkist við lækkun sem náð er með hagræðingu eða flutningi verkefna milli ára. Ef hins vegar af einhverjum ástæðum hefur ekki verið haldið uppi þeirri þjónustu sem gert er ráð fyrir í fjárlögum, fellur heimildin niður.

2. Ekki er fluttur greiðsluafgangur hjá stofnunum sem fengið hafa aukafjárveitingu á árinu. Undantekningar eru gerðar þegar um er að ræða afmörkuð verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka fyrir áramót.

3. Innistæður eða skuldir á tilfærsluliðum eru almennt felldar niður, þegar um er að ræða lög- eða samningsbundnar greiðslur.

Umframgjöld, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar 1992

Greiðslugrunnur	Gjöld umfram fjárlög og fjáraukalög 1992 þús. kr.	Óhafnar fjárveitingar þús. kr.	Rekstur flutt inneign þús. kr.	Rekstur flutt skuld þús.kr.	Stofnkostn. og viðhald flutt staða þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	2.505	72.550	8.800	2.505	42.596
01 Forsætisráðuneyti	-	14.964	5.666	-	9.300
02 Menntamálaráðuneyti	182.077	581.617	241.560	162.039	276.326
03 Utanríkisráðuneyti	18.978	90.419	33.276	527	-
04 Landbúnaðarráðuneyti	13.601	288.029	164.433	7.447	9.195
05 Sjávarútvegsráðuneyti	342.901	36.518	30.611	600	-
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	55.589	179.547	84.683	9.441	56.535
07 Félagsmálaráðuneyti	2.657	185.996	114.611	2.657	32.370
08 Heilbrigðis- og tryggingam.ráðun	501.285	445.689	147.934	216.457	64.847
09 Fjármálaráðuneyti	18.568	1.684.134	58.482	10.363	111.500
10 Samgönguráðuneyti	105.028	116.661	28.945	5.028	79.286
11 Iðnaðarráðuneyti	12.742	17.012	9.005	9.243	-
12 Viðskiptaráðuneyti	-	22.708	22.708	-	-
13 Hagstofa Íslands	-	1.642	1.642	-	-
14 Umhverfisráðuneyti	12.967	22.475	7.913	11.567	14.562
Samtals	**1.268.898**	**3.759.961**	**960.269**	**437.874**	**696.517**

Samkvæmt niðurstöðum ríkisbókhalds eru greiðslur alls 2.491 m.kr. króna lægri en heimildir að meðtöldum ónotuðum fjárveitingum frá fyrra ári. Lagt er til að fluttar verði 960 m.kr. vegna rekstrar til næsta árs, en á móti verða rekstrarheimildir lækkaðar um 438 m.kr. vegna umframgreiðslna s.l. árs. Loks nema fluttar ónotaðar heimildir til stofnkostnaðar og viðhalds 697 m.kr.

Í fyrra voru með sama hætti fluttar rekstrarheimildir að fjárhæð 264 m.kr. milli ára og 221 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Þannig hækkar nettó fjárhæðin sem flutt er milli ára um 386 m.kr. en hækkunin skýrist að fullu með aukningu stofnkostnaðarheimilda um 518 m.kr. en ráðuneyti og stofnanir drógu mjög úr greiðslum til stofnkostnaðar á síðastliðnu ári.

Gerð er nánari grein fyrir flutningi innistæðna og skulda til ársins 1993 í fylgiskjali.

B-hluti

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjárstreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1992 kemur í ljós að tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða urðu um 458 m.kr. lægri en ætlað var í fjárlögum að viðbættum lögum nr. 118/1992. Þá urðu skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð um 339 m.kr. undir áætlunum. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum og lögum nr. 118/1992 svo og greiðsluuppgjöri 1992.

Greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1992

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1992 m.kr.	Lög nr. 118 1992 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða .	6.130	527	6.199	458
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	8.337	-	7.978	-339

Sex fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Frávik á greiðsluskilum þeirra til A-hluta frá áætlun koma fram í eftirfarandi yfirliti:

Greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1992

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1992 m.kr.	Lög nr. 118 1992 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Mismunur m.kr.
22 201 Happdrætti Háskóla Íslands	74	-	65	-9
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	460	-	510	50
23 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	35	-	-	-35
23 121 Sala varnarliðseigna	28	-	28	-
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6.800	-	6.435	-365
30 101 Póst- og símamálastofnunin	940	-	940	-
Samtals	**8.337**	**-**	**7.978**	**-339**

Frávik milli fjárlaga að viðbættum lögum nr. 118/1992 og endanlegs uppgjörs, hvað varðar tilfærslur frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta, urðu eins og sýnt er í töflunni á næstu síðu.

Eins og sést á yfirlitinu urðu frávik mest hjá Lánasýslu ríkisins, eða 241 m.kr. innan heimilda fjárlaga og 228 m.kr. hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Umframgreiðslur vegna Skipaútgerðar ríkisins urðu hins vegar 100 m.kr. Önnur frávik eru minni.

Tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1992

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1992 þús. kr.	Lög nr. 118 1992 þús. kr.	Reikningur 1992 þús. kr.	Mismunur þús. kr.
Menntamálaráðuneyti				
22 233 Rannsóknasjóður	110.000	-	109.326	674
22 975 Vísindasjóður	20.000	-	20.000	-
22 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atv.veganna	74.000	6.050	76.922	3.128
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.220.000	-221.840	1.996.342	1.818
22 973 Þjóðleikhúsið	254.000	38.000	293.061	-1.061
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	99.000	-	99.000	-
22 976 Menningarsjóður	6.000	-4.604	1.395	1
Samtals	**2.783.000**	**-182.394**	**2.596.046**	**4.560**
Landbúnaðarráðuneyti				
24 171 Jarðeignir ríkisins	30.000	746	40.254	-9.508
24 172 Jarðasjóður	100.000	-992	5.305	93.703
24 246 Laxeldisstöðin Kollafirði	34.000	-93	33.907	-
24 272 Einangrunarstöð holdanauta, Hrísey	7.100	-	6.341	759
Samtals	**171.100**	**-339**	**85.807**	**84.954**
Sjávarútvegsráðuneyti				
25 272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging	25.000	-	25.000	-
Samtals	**25.000**	**-**	**25.000**	**-**
Dómsmálaráðuneyti				
26 731 Kristnisjóður	18.100	840	18.994	-54
26 732 Kirkjubyggingasjóður	1.000	-	-	1.000
Samtals	**19.100**	**840**	**18.994**	**946**
Félagsmálaráðuneyti				
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	1.075.000	-	1.074.768	232
Samtals	**1.075.000**	**-**	**1.074.768**	**232**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
28 273 Atvinnuleysistryggingasjóður	1.280.000	709.000	1.761.000	228.000
28 378 Læknishéraðasjóður	2.500	225	1.364	1.361
Samtals	**1.282.500**	**709.225**	**1.762.364**	**229.361**
Fjármálaráðuneyti				
29 971 Lánasýsla ríkisins, vegna ríkisábyrgðasjóðs	550.000	-	308.808	241.192
Samtals	**550.000**	**-**	**308.808**	**241.192**
Samgönguráðuneyti				
30 321 Skipaútgerð ríkisins	-	-	100.000	-100.000
30 332 Hafnabótasjóður	90.000	-	90.000	-
30 471 Alþjóðaflugþjónustan	55.000	-	55.000	-
Samtals	**145.000**	**-**	**245.000**	**-100.000**
Iðnaðarráðuneyti				
31 371 Orkusjóður	79.200	-15	82.469	-3.284
Samtals	**79.200**	**-15**	**82.469**	**-3.284**
Tilfærslur til B-hluta alls	**6.129.900**	**527.317**	**6.199.256**	**457.961**

Fylgiskjal 1

Flutningur inneigna og skulda yfir áramótin 1992 - 1993

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
00 ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS	8.800	**2.505**	**42.596**
Embætti forseta Íslands	**-**	**1.280**	**-**
101 Embætti forseta Íslands	-	1.280	-
Alþingi og stofnanir þess	**8.800**	**931**	**-**
610 Umboðsmaður Alþingis	-	931	-
620 Ríkisendurskoðun	8.800	-	-
Annað	**-**	**294**	**42.596**
401 Hæstiréttur	-	137	-
510 Bessastaðir	-	-	42.596
520 Opinberar heimsóknir	-	157	-
01 FORSÆTISRÁÐUNEYTI	**5.666**	**-**	**9.300**
Ráðuneyti	**4.787**	**-**	**4.200**
101 Aðalskrifstofa	4.787	-	4.200
Annað	**879**	**-**	**5.100**
901 Húsameistari ríkisins	210	-	-
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	669	-	5.100
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**241.560**	**162.039**	**276.326**
Ráðuneyti	**15.997**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	15.997	-	-
Háskólar og rannsóknir	**17.102**	**63.553**	**3.128**
201 Háskóli Íslands	-	49.531	-
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-	7.321	-
203 Raunvísindastofnun Háskólans	-	6.377	-
204 Stofnun Sigurðar Nordals	865	-	-
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	361	-	-
208 Örnefnastofnun	123	-	-
210 Háskólinn á Akureyri	4.447	-	-
221 Kennaraháskóli Íslands	3.326	-	-
223 Rannsóknastofnun uppeldismála	-	317	-
232 Rannsóknarráð ríkisins	-	7	-
233 Rannsóknarsjóður	675	-	-
234 Vísindaráð	359	-	-
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	-	-	3.128
299 Háskóla- og rannsóknarstarfsemi	6.923	-	-
501 Tækniskóli Íslands	23	-	-
Framhaldsskólar	**44.861**	**81.571**	**110.228**
301 Menntaskólinn í Reykjavík	-	635	-
302 Menntaskólinn á Akureyri	-	5.306	-
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	2.816	-	-
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	-	10.705	-
305 Menntaskólinn við Sund	-	3.183	-
306 Menntaskólinn á Ísafirði	-	3.465	-
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.850	-	-
308 Menntaskólinn í Kópavogi	1.549	-	-
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	-	2.156	-
318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	-	-	110.228
319 Framhaldsskólar, almennt	2.661	-	-
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-	31.358	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
351 Fjölbrautarskólinn Ármúla	49	-	-
352 Flensborgarskóli Hafnarfirði	-	1.387	-
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	-	2.468	-
354 Fjölbrautarskóli Vesturlands	-	1.148	-
355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum	2.964	-	-
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	4.329	-	-
357 Fjölbrautarskóli Suðurlands	1.174	-	-
358 Verkmenntaskóli Austurlands	667	-	-
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	-	2.937	-
360 Fjölbrautarskólinn í Garðabæ	-	5.639	-
361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	-	162	-
362 Framhaldskólinn á Húsavík	-	1.298	-
363 Framhaldsskólinn á Laugum	1.162	-	-
506 Vélskóli Íslands	-	10	-
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	-	1.820	-
514 Iðnskólinn í Reykjavík	7.300	-	-
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	1.692	-	-
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	3.031	-	-
518 Fiskvinnsluskólinn	-	3.081	-
523 Fósturskóli Íslands	3.628	-	-
524 Þroskaþjálfaskóli Íslands	2.715	-	-
531 Íþróttakennaraskóli Íslands	-	2.692	-
541 Hússtjórnarskólinn Reykjavík	782	-	-
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-	565	-
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	-	80	-
562 Leiklistarskóli Íslands	3.555	-	-
571 Sjómannaskólahúsið	-	1.476	-
581 Verslunarskóli Íslands	2.937	-	-
Grunnskólar og sérskólar	**95.917**	**889**	**300**
222 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	28	-	-
700 Grunnskólar, Reykjavík	4.617	-	-
701 Grunnskólar, Reykjanesi	5.211	-	-
703 Grunnskólar, Vesturlandi	4.626	-	-
704 Grunnskólar, Vestfjörðum	5.554	-	-
705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	1.028	-	-
706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	8.347	-	-
707 Grunnskólar, Austurlandi	6.619	-	-
708 Grunnskólar, Suðurlandi	5.771	-	-
710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	162	-	-
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis	5	-	-
713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	20	-	-
714 Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	329	-	-
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	-	291	-
716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	17	-	-
717 Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	679	-	-
718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	40	-	-
719 Fræðsluskrifstofur, óskipt	-	-	300
720 Grunnskólar, almennt	19.087	-	-
750 Skólar fyrir fatlaða	25.905	-	-
752 Öskjuhlíðarskóli	-	10	-
754 Safamýraskóli	3.616	-	-
755 Dalbrautarskóli	-	588	-
756 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	1.756	-	-
799 Heyrnleysingjaskólinn	2.500	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
Önnur fræðslumál	**8.821**	**-**	**-**
422 Námsgagnastofnun	168	-	-
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	2.406	-	-
440 Fullorðinsfræðsla	2.730	-	-
884 Jöfnun á námskostnaði	3.517	-	-
Lánasjóður íslenskra námsmanna	**1.818**	**-**	**-**
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.818	-	-
Söfn, listastofnanir o.fl.	**16.535**	**12.879**	**145.128**
901 Landsbókasafn Íslands	2.617	-	-
902 Þjóðminjasafn Íslands	10.520	-	-
903 Þjóðskjalasafn Íslands	-	2.269	-
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	-	1.673	-
906 Listasafn Einars Jónssonar	-	245	-
907 Listasafn Íslands	-	317	-
909 Blindrabókasafn Íslands	-	930	-
919 Söfn, ýmis framlög	3.398	-	-
972 Íslenski dansflokkurinn og listdanskólinn	-	7.445	-
973 Þjóðleikhúsið	-	-	6.200
977 Þjóðarbókhlaða	-	-	138.928
Ýmis framlög	**40.509**	**3.147**	**17.542**
804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins	961	-	-
979 Húsfriðunarsjóður	-	-	10.500
980 Listskreytingasjóður	-	-	16
981 Kvikmyndasjóður	-	2.566	-
982 Listir, framlög	24.949	-	-
984 Norræn samvinna	944	-	-
985 Alþjóðleg samskipti	6.861	-	-
988 Æskulýðsmál	3.398	-	-
989 Ýmis íþróttamál	-	581	-
997 Uppgjör við sveitarfélög	-	-	7.026
999 Ýmis verkefni	3.396	-	-
03 UTANRÍKISRÁÐUNEYTI	**33.276**	**527**	
Ráðuneyti	**19.605**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	17.918	-	-
102 Varnarmálaskrifstofa	311	-	-
103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	1.376	-	-
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	**-**	**527**	**-**
201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	-	527	-
Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	**13.671**	**-**	**-**
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.600	-	-
391 Þróunarmál og alþjóðlegar hjálparstofnanir	7.506	-	-
399 Ýmis utanríkismál	300	-	-
401 Alþjóðastofnanir	4.265	-	-
04 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	**164.433**	**7.447**	**9.195**
Ráðuneyti	**3.337**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	3.337	-	-
Búnaðarmál	**160.665**	**1.227**	**9.195**
171 Jarðeignir ríkisins, framlög	-	-	992
172 Jarðasjóður	-	-	8.203
202 Hagþjónusta landbúnaðarins	-	23	-
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-	34	-
243 Sauðfjárveikivarnir	8.000	-	-
246 Veiðimálastofnun	-	28	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
247 Yfirdýralæknir	4.282	-	-
272 Einangrunarstöð í Hrísey	759	-	-
290 Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	147.624	-	-
299 Búnaðarmál, ýmis verkefni	-	1.142	-
Skógrækt og landgræðsla	**-**	**6.220**	**-**
231 Skógrækt ríkisins	-	5.941	-
235 Landgræðsla ríkisins	-	216	-
239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni	-	63	-
Búnaðarskólar	**431**	**-**	**-**
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	283	-	-
502 Bændaskólinn á Hólum	16	-	-
503 Garðyrkjuskóli ríkisins	132	-	-
05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	**30.611**	**600**	**-**
Ráðuneyti	**7.518**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	7.518	-	-
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	**16.574**	**600**	**-**
201 Fiskifélag Íslands	-	600	-
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1.002	-	-
204 Fiskistofa	11.025	-	-
216 Ríkismat sjávarafurða	4.547	-	-
Annað	**6.519**	**-**	**-**
221 Verðlagsráð sjávarútvegsins	207	-	-
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	6.290	-	-
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	22	-	-
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI	**84.683**	**9.441**	**56.535**
Ráðuneyti	**1.953**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	608	-	-
102 Stjórnartíðindi	1.326	-	-
103 Lagasafn	19	-	-
Dómsmálastofnanir	**1.882**	**2.319**	**-2.576**
201 Hæstiréttur	13	-	-
211 Héraðsdómur Reykjavíkur	-	36	-
212 Héraðsdómur Vesturlands	-	1.016	-
213 Héraðsdómur Vestfjarða	-	162	-
214 Héraðsdómur Norðurlands vestra	22	-	-
215 Héraðsdómur Norðurlands eystra	1.078	-	-
216 Héraðsdómur Austurlands	261	-	-
217 Héraðsdómur Suðurlands	508	-	-
218 Héraðsdómur Reykjaness	-	566	-
290 Dómsmál, ýmis kostnaður	-	539	-
291 Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	-	-	-2.576
Löggæslustofnanir og öryggismál	**58.126**	**1.017**	**12.219**
301 Ríkissaksóknari	36	-	-
302 Rannsóknarlögregla ríkisins	4.396	-	-
311 Lögreglustjórinn í Reykjavík	18.500	-	8.000
321 Almannavarnir ríkisins	1.139	-	-
331 Umferðarmál	2.479	-	-
341 Áfengis- og fíkniefnamál	94	-	-
390 Ýmis löggæslukostnaður	-	1.017	-
391 Húsnæði löggæslustofana	-	-	4.219
395 Landhelgisgæsla Íslands	31.482	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
Sýslumenn	**10.204**	**6.051**	**12.248**
412 Sýslumaðurinn Akranesi	-	1.747	-
413 Sýslumaðurinn Borgarnesi	898	-	-
414 Sýslumaðurinn Stykkilshólmi	-	2.176	-
419 Sýslumaðurinn Hólmavík	316	-	-
420 Sýslumaðurinn Blönduósi	-	500	-
421 Sýslumaðurinn Sauðárkróki	58	-	-
422 Sýslumaðurinn Siglufirði	112	-	-
424 Sýslumaðurinn Akureyri	7.363	-	-
425 Sýslumaðurinn Húsavík	498	-	-
430 Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal	868	-	-
431 Sýslumaðurinn Hvolsvelli	-	582	-
433 Sýslumaðurinn Selfossi	91	-	-
437 Sýslumaðurinn Kópavogi	-	1.019	-
490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumanna	-	27	-
491 Húsnæði og búnaður sýslumanna	-	-	12.248
Fangelsismál	**6.622**	**-**	**23.703**
511 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	3.469	-	-
512 Fangelsið Litla-Hrauni	94	-	-
590 Fangamál, ýmis kostnaður	3.059	-	-
591 Fangelsisbyggingar	-	-	23.703
Kirkjumál	**5.896**	**54**	**10.941**
712 Prestssetur	-	-	1.062
721 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	-	-	1.879
731 Kristnisjóður	-	54	-
732 Kirkubyggingarsjóður	1.000	-	-
790 Kirkjumál, ýmis kostnaður	4.896	-	8.000
07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**114.611**	**2.657**	**32.370**
Ráðuneyti	**5.221**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	5.221	-	-
Húsnæðismál	**-**	**-**	**232**
272 Byggingasjóður verkamanna	-	-	232
Stjórnsýslustofnanir o.fl.	**15.919**	**-**	**-**
302 Ríkissáttasemjari	3.987	-	-
951 Brunamálastofnun ríkisins	1.302	-	-
953 Jafnréttisráð	146	-	-
954 Vinnueftirlit ríkisins	10.484	-	-
Málefni fatlaðra	**51.279**	**2.657**	**32.138**
700 Málefni fatlaðra	22.131	-	-
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	10.852	-	-
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	4.189	-	-
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	4.888	-	-
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	3.840	-	-
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	752	-	-
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	-	373	-
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	1.572	-	-
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-	1.594	-
710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	2.053	-	-
711 Styrktarfélag vangefinna	-	300	-
719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	36	-	-
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	-	390	-
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	966	-	-
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	32.138

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
	Annað	**42.192**	**-**	**-**
981	Vinnumál	5.922	-	-
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	36.270	-	-
08	**HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI**	**147.934**	**216.457**	**64.847**
	Ráðuneyti	**121**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	121	-	-
	Tryggingamál	**-**	**200.000**	**-**
271	Tryggingarstofnun ríkisins	-	200.000	-
	Sjúkrahús	**87.502**	**10.001**	**50.496**
357	Sjúkrahúsið Siglufirði	195	-	-
358	Fjórðungsjúkrahúsið Akureyri	6.747	-	-
365	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	58	-	-
366	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	101	-	-
367	Sjúkrahúsið Keflavík	-	10.001	-
370	Sjúkrahús í Reykjavík	14.000	-	40.143
371	Ríkisspítalar	4.854	-	-
372	Borgarspítalinn	3.919	-	-
373	St. Jósefsspítali, Landakoti	8.747	-	-
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	10.353
385	Framkvæmdasjóður aldraðra	48.680	-	-
408	Sunnuhlíð, Kópavogi	80	-	-
420	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	121	-	-
	Heilsugæsla	**39.749**	**5.419**	**13.000**
500	Heilsugæslustöðvar, almennt	10.689	-	4.900
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	19.661	-	-
511	Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	7.680	-	8.100
522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	36	-	-
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-	39	-
525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	-	22	-
526	Heilsugæslustöðin Búðardal	-	26	-
541	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	9	-	-
552	Heilsugæslustöðin Dalvík	-	58	-
553	Heilsugæslustöðin Akureyri	641	-	-
557	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	-	153	-
561	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	-	187	-
565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	7	-	-
567	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	-	549	-
568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	30	-	-
572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	718	-	-
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	-	80	-
577	Heilsugæslustöðin Selfossi	25	-	-
578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	22	-	-
579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	158	-	-
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	30	-	-
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	43	-	-
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	-	2.524	-
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-	1.781	-
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	**4.366**	**897**	**1.351**
301	Landlæknir	918	-	-
311	Héraðslæknir í Reykjavík	-	897	-
323	Tryggingaeftirlitið	1.000	-	-
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	895	-	-
325	Hollustuvernd ríkisins	873	-	-
326	Sjónstöð Íslands	680	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
327 Geislavarnir ríkisins	-	-	1.351
Annað	**16.196**	**140**	**-**
340 Málefni fatlaðra	4.307	-	-
393 Lyfjamál	380	-	-
396 Lyfjanefnd	-	140	-
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	8.199	-	-
601 Ljósmæðraskóli Íslands	988	-	-
621 Áfengisvarnir og bindindismál	2.322	-	-
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**58.482**	**10.363**	**111.500**
Ráðuneyti o.fl.	**8.319**	**243**	**900**
101 Aðalskrifstofa	6.928	-	-
103 Ríkisbókhald	220	-	-
104 Ríkisfjárhirsla	-	243	-
105 Ríkislögmaður	1.171	-	900
Skatta- og tollamál	**31.514**	**10.120**	**2.000**
201 Ríkisskattsjóri	21.975	-	-
202 Skattstofan í Reykjavík	-	1.412	-
203 Skattstofa Vesturlands	105	-	-
204 Skattstofa Vestfjarða	206	-	-
205 Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði	-	529	-
206 Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri	1.114	-	-
207 Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum	2.369	-	-
209 Skattstofa Vestmannaeyja	162	-	-
211 Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði	2.124	-	-
212 Skattamál, ýmis útgjöld	-	3.824	-
214 Yfirskattanefnd	718	-	2.000
251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	-	3.466	-
261 Ríkistollstjóri	-	889	-
262 Tollstjórinn í Reykjavík	2.741	-	-
Annað	**18.649**	**-**	**108.600**
402 Fasteignamat ríkisins	1.748	-	11.600
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	265	-	-
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	-	-	87.000
995 Skýrsluvélakostnaður	7.500	-	10.000
999 Ýmislegt	9.136	-	-
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**28.945**	**5.028**	**79.286**
Ráðuneyti	**-**	**1.536**	**-**
101 Aðalskrifstofa	-	1.536	-
Siglingamál	**314**	**3.492**	**79.286**
322 Flóabátar og vöruflutningar	-	295	-
331 Vita- og hafnamálaskrifstofan	314	-	-
332 Vitastofnun Íslands	-	625	-
333 Hafnamál	-	-	79.286
341 Siglingamálastofnun ríkisins	-	2.527	-
342 Rannsóknarnefnd sjóslysa	-	45	-
Flugmál	**27.169**	**-**	**-**
471 Flugmálastjórn	27.169	-	-
Annað	**1.462**	**-**	**-**
485 Ýmis framlög	1.385	-	-
651 Ferðamálaráð Íslands	77	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**9.005**	**9.243**	**-**
Ráðuneyti	**4.739**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	3.371	-	-
102 Einkaleyfastofan	1.368	-	-
Iðnaðarmál	**4.160**	**25**	**-**
201 Iðntæknistofnun Íslands	607	-	-
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-	25	-
240 Iðnaðarrannsóknir	297	-	-
299 Iðja og iðnaður framlög	3.256	-	-
Orkumál	**106**	**9.218**	**-**
301 Orkustofnun	106	-	-
302 Rafmagnseftirlit ríkisins	-	8.734	-
371 Orkusjóður	-	484	-
12 VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI	**22.708**	**-**	**-**
Ráðuneyti	**5.913**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	5.913	-	-
Niðurgreiðslur	**14.814**	**-**	**-**
201 Niðurgreiðslur á vöruverði	14.814	-	-
Annað	**1.981**	**-**	**-**
301 Löggildingarstofan	60	-	-
902 Verðlagsstofnun	1.818	-	-
903 Skráning hlutafélaga	103	-	-
13 HAGSTOFA ÍSLANDS	**1.642**	**-**	**-**
Hagstofa Íslands	**1.642**	**-**	**-**
101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	1.642	-	-
14 UMHVERFISRÁÐUNEYTI	**7.913**	**11.567**	**14.562**
Ráðuneyti	**-**	**178**	**14.562**
101 Aðalskrifstofa	-	178	-
190 Ýmis verkefni	-	-	14.562
Náttúruvernd	**7.242**	**3.483**	**-**
201 Náttúruverndarráð	-	3.483	-
210 Veiðistjóri	7.242	-	-
Skipulagsmál	**671**	**4.950**	**-**
301 Skipulagsstjóri ríkisins	-	4.950	-
310 Landmælingar Íslands	671	-	-
Rannsóknir o.fl.	**-**	**2.956**	**-**
401 Náttúrufræðistofnun	-	2.093	-
410 Veðurstofa Íslands	-	863	-
SAMTALS	**960.269**	**437.874**	**696.517**

71. Frumvarp til fjáraukalaga [68. mál]

fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993).

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1991 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1991 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		-1 950 533
Gjöld		236 640
Gjöld umfram tekjur		**2 187 173**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		127 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	170 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-43 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		-36 000
Viðskiptareikningar		-1 147 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**1 131 173**
Afborganir af teknum lánum		-77 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**1 054 173**
Lántökur		-5 092 000
Innlend verðbréfaútgáfa	1 919 000	
Erlend verðbréfaútgáfa	-7 011 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-6 146 173**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1991, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1991, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

		Þús.kr.	Þús.kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	-8 604	
01	Forsætisráðuneyti	-6 721	
02	Menntamálaráðuneyti	-144 673	
03	Utanríkisráðuneyti	-80 794	
04	Landbúnaðarráðuneyti	118 150	
05	Sjávarútvegsráðuneyti	-10 346	
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-27 210	
07	Félagsmálaráðuneyti	-124 963	
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-252 901	
09	Fjármálaráðuneyti	960 656	
10	Samgönguráðuneyti	47 255	
11	Iðnaðarráðuneyti	1 406	
12	Viðskiptaráðuneyti	-189 922	
13	Hagstofa Íslands	-1 932	
14	Umhverfisráðuneyti	-42 761	
	Samtals öll ráðuneyti		236 640

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00	**Æðsta stjórn ríkisins**		
101	Embætti forseta Íslands	75	
201	Alþingi	15 960	
301	Ríkisstjórn	193	
401	Hæstiréttur	1 593	
610	Umboðsmaður Alþingis	134	
	Óhafnar fjárveitingar	-26 559	
	Samtals ráðuneyti		-8 604
01	**Forsætisráðuneyti**		
901	Húsameistari ríkisins	70	
902	Þingvellir, þjóðgarður og Þingvallanefnd	1 422	
	Óhafnar fjárveitingar	-8 213	
	Samtals ráðuneyti		-6 721

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands	49 374	
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	12 985	
203 Raunvísindastofnun Háskólans	7 556	
222 Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands	1 497	
234 Vísindaráð	506	
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2 718	
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2 923	
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	3 362	
518 Fiskvinnsluskólinn	1 372	
531 Íþróttakennaraskólinn	964	
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	1000	
602 Héraðsskólinn Núpi	999	
605 Alþýðuskólinn Eiðum	499	
606 Héraðsskólinn Skógum	300	
710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	658	
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	1 550	
713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	525	
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	143	
716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	1 002	
718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	379	
753 Brautarskóli	253	
798 Einholtsskóli	317	
802 Vernd barna og ungmenna	623	
806 Barnaverndarráð Íslands	453	
870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur	2 306	
871 Unglingaheimili ríkisins	13 006	
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 840	
902 Þjóðminjasafn Íslands	4 699	
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	1 831	
906 Listasafn Einars Jónssonar	1 172	
907 Listasafn Íslands	1 712	
909 Blindrabókasafn Íslands	984	
973 Þjóðleikhús	24 989	
976 Menningarsjóður, framlag	4 604	
977 Þjóðarbókhlaða	1500	
981 Kvikmyndasjóður	2 624	
Óhafnar fjárveitingar	-297 898	
Samtals ráðuneyti		-144 673

03 Utanríkisráðuneyti

399 Utanríkismál, ýmis verkefni	1 265	
Óhafnar fjárveitingar	-82 059	
Samtals ráðuneyti		-80 794

04 Landbúnaðarráðuneyti

172 Jarðasjóður	992	
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1 745	
231 Skógrækt ríkisins	15 921	
235 Landgræðsla ríkisins	1 403	
245 Laxeldisstöðin Kollafirði	93	
246 Veiðimálastofnun	3 397	
247 Yfirdýralæknir	1 243	
272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	316	
290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	99 137	
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	2 862	
Óhafnar fjárveitingar	-8 959	
Samtals ráðuneyti		118 150

05 Sjávarútvegsráðuneyti

201 Fiskifélag Íslands	107	
202 Hafrannsóknastofnun	1 350	
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1 005	
Óhafnar fjárveitingar	-12 808	
Samtals ráðuneyti		-10 346

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

101 Aðalskrifstofa	186	
111 Kosningar	739	
203 Borgardómarinn í Reykjavík	1 388	
205 Sakadómur Reykjavíkur	1 478	
209 Lögregluskóli ríkisins	3 600	
212 Bæjarfógeti Akranesi	1 175	
221 Sýslumaður Blönduósi	1 011	
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	1 487	
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	2 183	
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	2 059	
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	1 993	
238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	309	
239 Fangelsismálastofnun	46	
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	3 058	
252 Ökukennsla	1 376	
281 Dómsmál, ýmis starfsemi	16 831	
282 Ýmis löggæslukostnaður	5 481	
303 Prestaköll og prófastsdæmi	4 060	
Óhafnar fjárveitingar	-75 670	
Samtals ráðuneyti		-27 210

07 Félagsmálaráðuneyti

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	888	
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	1 250	
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1 750	
711 Styrktarfélag vangefinna	1 823	
750 Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins	2 000	
951 Brunamálastofnun ríkisins	3 082	
953 Jafnréttisráð	773	
Óhafnar fjárveitingar	-136 529	
Samtals ráðuneyti		-124 963

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101 Aðalskrifstofa	530	
301 Landlæknir	1 374	
326 Sjónstöð Íslands	329	
327 Geislavarnir ríkisins	247	
373 St. Jósefsspítali, Landakoti	2 827	
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	1 098	
394 Lyfjaverðlagsnefnd	42	
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	19	
396 Lyfjanefnd	1 804	
398 Daggjaldanefnd	22	
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	902	
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	470	
555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri	435	
557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	252	
568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	1 042	
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	214	
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	2 000	
591 Héraðslæknir í Reykjavík	359	
595 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	289	
602 Þroskaþjálfaskóli Íslands	2 695	
603 Lyfjatæknaskóli Íslands	1 521	
604 Sjúkraliðaskóli Íslands	3 039	
621 Bindindisstarfsemi	1 564	
Óhafnar fjárveitingar	-275 977	
Samtals ráðuneyti		-252 901

09 Fjármálaráðuneyti

103 Ríkisbókhald	499	
203 Skattstofa Vesturlands	1 003	
204 Skattstofa Vestfjarða	133	
205 Skattstofa Norðurlands vestra	1 442	
250 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	95	
259 Gjaldheimta Suðurnesja	2 475	
262 Tollstjórinn í Reykjavík	15 751	

381 Uppbætur á lífeyri	175 511	
801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	475 057	
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	230	
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	80 860	
989 Launa- og verðlagsmál	297 674	
Óhafnar fjárveitingar	-90 074	
Samtals ráðuneyti		960 656
10 Samgönguráðuneyti		
101 Aðalskrifstofa	2 482	
211 Vegagerð ríkisins	23 977	
331 Vita- og hafnamálaskrifstofa	108	
332 Vitastofnun Íslands	462	
333 Hafnamál	1 030	
341 Siglingamálastofnun ríkisins	868	
342 Rannsóknarnefnd sjóslysa	247	
471 Flugmálastjórn	31 032	
651 Ferðamálaráð Íslands	1 193	
Óhafnar fjárveitingar	-14 144	
Samtals ráðuneyti		47 255
11 Iðnaðarráðuneyti		
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	269	
298 Kostnaður vegna samninga um álver	4 274	
301 Orkustofnun	47 306	
371 Orkusjóður	15	
Óhafnar fjárveitingar	-50 458	
Samtals ráðuneyti		1 406
12 Viðskiptaráðuneyti		
902 Verðlagsstofnun	268	
903 Skráning hlutafélaga	1 662	
Óhafnar fjárveitingar	-191 852	
Samtals ráðuneyti		-189 922
13 Hagstofa Íslands		
Óhafnar fjárveitingar	-1 932	
Samtals ráðuneyti		-1 932
14 Umhverfisráðuneyti		
101 Aðalskrifstofa	421	
201 Náttúruverndarráð	29 093	
401 Náttúrufræðistofnun	2 505	
Óhafnar fjárveitingar	-74 780	
Samtals ráðuneyti		-42 761

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1991 umfram þær heimildir sem veittar hafa verið af Alþingi í fjárlögum 1991 og lögum nr. 75/1991, fjáraukalögum fyrir árið 1991. Í frumvarpinu er einnig sótt um heimildir til að flytja greiðslustöðu stofnana, bæði óhafnar fjárveitingar og umframgjöld, frá árinu 1990 til ársins 1991. Frumvarpið er nú endurflutt í annað sinn, en það var fyrst lagt fram á vorþingi 1992 og aftur um haustið án þess að hljóta afgreiðslu.

Með frumvarpi að fjáraukalögum sem lagt var fram á Alþingi í október 1991 fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1991 og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram heimildir fjárlaga. Þá var hinn 27. febrúar 1992 lögð fyrir Alþingi skýrsla um ríkisfjármál árið 1991, þar sem afkoma ríkissjóðs er skýrð með samanburði við áform samkvæmt fjárlögum og útkomu ársins 1990.

Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluheimildir á árinu 1991 sem Alþingi hefur samþykkt í samanburði við útkomu ársins:

Afkoma ríkissjóðs 1991

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Fjár-aukalög 75/1991 m.kr.	Fjárveitingar alls 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur fjárveitinga og reiknings m.kr.
Tekjur	101 698	206	101 904	99 953	-1 951
Gjöld	105 767	6 483	112 250	112 487	237
Rekstrarafkoma	**-4 069**	**-6 277**	**-10 346**	**-12 534**	**-2 188**
Lánveitingar, nettó	-1 810	-1 360	-3 170	-2 114	1 056
Hrein lánsfjárþörf	**5 879**	**7 637**	**13 516**	**14 648**	**1 132**
Afborganir af teknum lánum	7 700	-	7 700	7 623	-77
Heildarlánsfjárþörf	**13 579**	**7 637**	**21 216**	**22 271**	**1 055**
Lántökur alls	13 600	7 650	21 250	16 158	-5 092
Greiðslujöfnuður	**21**	**13**	**34**	**-6 113**	**-6 147**

Endanleg rekstrargjöld nema þannig 237 m.kr. umfram útgjaldaheimildir fjárlaga og fjáraukalaga. Að frádregnum notuðum geymdum fjárveitingum frá fyrra ári, samtals að fjárhæð 298 m.kr., eru útgjöld innan heimilda sem nemur 61 m.kr. Heimilda til lántöku, umfram það sem áætlað var í fjáraukalögum, var aflað með lögum nr. 74/1991, um breytingar á lánsfjárlögum fyrir árið 1991. Samkvæmt því eru nægar lántökuheimildir til þess að mæta lánsfjárþörf ársins.

Í athugasemdum hér á eftir er fyrst fjallað um nokkur lykilatriði í efnahagsmálum ársins 1991, afkomu ríkissjóðs og frávikum frá áætlun. Síðan er gerð grein fyrir fjárheimildum einstakra ráðuneyta og stofnana.

Í þjóðhagsspá sem lögð var til grundvallar fjárlögum ársins 1991 var gert ráð fyrir að samdráttarskeiði undanfarinna þriggja ára væri um það bil að ljúka og að hagvöxtur tæki að glæðast á nýjan leik. Þannig var talið að þjóðartekjur myndu aukast um tæplega 2% árið 1991, en þær höfðu dregist saman um 3,5% á árunum 1988 til 1990. Spáin um auknar þjóðartekjur var byggð á forsendu um aukna framleiðslu sjávarafurða og hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum. Jafnframt var gert ráð fyrir að innlendri eftirspurn yrði haldið í skefjum, jafnt útgjöldum opinberra aðila og fyrirtækja sem heimila. Viðskiptahallinn gagnvart útlöndum var því talinn geta minnkað verulega á árinu 1991 samkvæmt forsendum fjárlaga.

Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um efnahagsþróun síðasta árs sýna umtalsverð frávik frá forsendum fjárlaga. Tvö atriði skera sig úr. Annars vegar minni fiskafli og hins vegar meiri eftirspurn innan lands, meðal annars vegna aukins kaupmáttar. Þessi frávik birtast í minnkandi útflutningstekjum, vaxandi þjóðarútgjöldum og þrefalt meiri viðskiptahalla en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Þjóðartekjur jukust þó vegna batnandi viðskiptakjara um tæplega 3% samanborið við tæplega 2% í áætlun fjárlaga. Þrátt fyrir meiri aukningu þjóðartekna en búist var við versnaði skuldastaða þjóðarbúsins erlendis enn frekar vegna vaxandi viðskiptahalla.

Í fjárlögum ársins 1991, sem samþykkt voru á Alþingi í desember 1990, var gert ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs yrði um 4,1 milljarður króna. Þegar við afgreiðslu lánsfjárlaga í marsmánuði voru útgjaldaheimildir hækkaðar um 1 milljarð króna. Samhliða frumvarpi til fjárlaga 1992 var lagt fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1991. Á þeim tíma voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 101,9 milljarðar króna, þannig að rekstrarhalli ríkissjóðs stefndi í 8,9 milljarða króna. Fjáraukalögin voru samþykkt í byrjun desember s.l. og höfðu útgjaldaheimildir aukist um 1,4 milljarða króna í meðförum Alþingis. Áætlun um tekjur var ekki breytt frá því sem var í frumvarpinu.

Nú liggur fyrir endanlegt greiðsluuppgjör vegna A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1991. Eins og sést á yfirlitinu hér að framan, námu innheimtar tekjur ríkissjóðs tæpum 100 milljörðum króna og útgjöld námu 112,5 milljörðum króna. Tekjurnar reyndust hins vegar 1,9 milljörðum króna lægri en áætlað var síðast liðið haust. Afkoma ríkissjóðs varð því um 2,2 milljarði króna lakari en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjáraukalaga í desember síðastliðinn og nam rekstrarhallinn rúmlega 12,5 milljörðum króna sem svarar til 3,3% af landsframleiðslu.

Tekjur

Ef fyrst er litið á þróun tekjuöflunar ríkissjóðs kemur í ljós, eins og sést á meðfylgjandi yfirliti, að innheimtar tekjur ríkissjóðs 1991 urðu rúmlega 1,7 milljörðum króna lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og tæplega 2 milljörðum króna lægri en miðað var við í endurskoðaðri áætlun í september. Þessi munur kemur fyrst og fremst fram í virðisaukaskatti.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1991

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun sept. 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tekju- og eignarskattar	**20 167**	**19 346**	**19 263**	**-83**
Óbeinir skattar	**75 228**	**76 263**	**74 240**	**-2 023**
Innflutnings- og vörugjöld	8 718	9 269	9 460	191
Virðisaukaskattur	41 550	41 400	38 954	-2 446
Aðrir óbeinir skattar	24 960	25 594	25 826	232
Aðrar tekjur	**6 303**	**6 295**	**6 450**	**155**
Heildartekjur ríkissjóðs	**101 698**	**101 904**	**99 953**	**-1 951**

Að baki minni tekjum af virðisaukaskatti á árinu 1991 liggja margvíslegar ástæður. Í fyrsta lagi hækkaði frádráttarbær virðisaukaskattur af aðföngum (innskattur) hlutfallslega meira framan af ári en endanleg álagning (útskattur). Af því leiðir að nettóskil á skattinum urðu talsvert minni en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Í öðru lagi urðu beinar endurgreiðslur virðisaukaskatts talsvert meiri en reiknað hafði verið með. Í þriðja lagi sýnir lausleg athugun að innheimta virðisaukaskatts af innlendri veltu sem hlutfall af álagningu hefur ívið lækkað á árinu 1991 ári samanborið við árið 1990. Samdráttur í skilum virðisaukaskatts í ríkissjóð á sama tíma og innlend eftirspurn eykst rennur einnig stoðum undir þetta. Nánari umfjöllun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1991 er að finna í *Skýrslu um ríkisfjármál 1991* sem lögð var fram á Alþingi í lok febrúar síðastliðinn.

Gjöld

Verulegar breytingar urðu á gjaldahlið frá því sem áætlað var í fjárlögum ársins 1991. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 námu alls 112,5 milljörðum króna, eða um 6,7 milljörðum króna umfram upphafleg fjárlög.

Þegar við afgreiðslu lánsfjárlaga í marsmánuði voru útgjaldaheimildir hækkaðar um 1,0 milljarð króna. Við mat á stöðu ríkissjóðs í lok apríl höfðu komið fram enn frekari útgjaldatilefni sem metin voru á 3,2 milljarða króna. Þar vó þyngst 1,6 milljarða króna aukin fjárþörf almannatrygginga og sjúkrahúsa. Eins þótti sýnt að fjárvöntun Lánasjóðs íslenskra námsmanna yrði að minnsta kosti 0,7 milljarðar króna og ríkisstjórnin hafði gefið fyrirheit um 0,9 milljarða króna viðbótarfjárveitingar af ýmsu tagi. Ný ríkisstjórn endurmat stöðuna og greip til viðnámsaðgerða í maímánuði, sem ætlað var að draga úr halla á ríkissjóði um rúma 2 milljarða króna, og hafa þær að mestu gengið eftir. Upp úr

miðju ári kom í ljós enn frekari fjárvöntun til ýmissa þátta sem ríkissjóður er skuldbundinn af og að fjárhagsstaða ýmissa stofnana var veikari en talið var við samþykkt fjárlaga.

Frumvarp til fjáraukalaga var lagt fram á Alþingi í október 1991 og afgreitt í byrjun desember þar sem leitað var útgjaldaheimilda sem námu 6,5 milljarða króna umfram fjárlög. Frávik frá áætlun sem gerð var í maí skýrast einkum af bundnum liðum eins og auknum útflutningsuppbótum, framlagi vegna ríkisábyrgðar á laun við gjaldþrot, framlagi til Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og hallarekstri stofnana. Þá reyndist staða Lánasjóðs íslenskra námsmanna 300 m.kr. lakari en áður var talið. Loks eru fasteignakaup samkvæmt heimildum í 6. gr. fjárlaga að fullu færð til gjalda á meðan fjárveiting í fjárlögum var miðuð við greiðslur sem inntar yrðu af hendi á árinu. Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld ríkissjóðs 1991 samanborið við fjárlög og lög nr. 75/1991.

Útgjöld ríkissjóðs 1991

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Heimildir alls 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Rekstrargjöld	**41 416**	**42 471**	**42 418**	**53**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**41 774**	**45 368**	**45 109**	**259**
Lífeyristryggingar	13 895	14 295	14 406	-111
Sjúkratryggingar	10 060	10 625	10 496	129
Atvinnuleysistryggingasjóður	1 280	1 360	1 266	94
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 730	2 430	2 432	-2
Niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum	5 470	5 450	5 266	184
Útflutningsuppbætur	1 427	2 317	2 426	-109
Annað	7 912	8 891	8 817	74
Vextir	**9 400**	**9 400**	**9 875**	**-475**
Viðhald	**2 534**	**2 457**	**2 287**	**170**
Fjárfesting	**10 643**	**12 554**	**12 798**	**-244**
Heildargjöld ríkissjóðs	**105 767**	**112 250**	**112 487**	**-237**

Útgjöld umfram fjárveitingar í fjárlögum og fjáraukalögum urðu þannig 237 m.kr., en að teknu tilliti til geymdra fjárheimilda frá árinu 1990, sem námu 298 m.kr., voru útgjöldin 61 m.kr. innan fjárheimilda ársins.

Yfirfærsla heimilda og umframgjalda frá 1990 til 1991. Umframgreiðslur stofnana voru alls 609 m.kr. á árinu 1990 en á móti vega óhafnar fjárveitingar að fjárhæð 1.406 m.kr. Lagt er til að 298 m.kr. verði fluttar yfir til ársins 1991. Af þeirri fjárhæð eru 193 m.kr. vegna ýmissa óhafinna viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna. Þá eru 105 m.kr. vegna rekstrar og tilfærslna, sem skýrist að mestu af ónýttum greiðsluheimildum til aðstoðar við flóttafólk vegna Persaflóastríðsins, en þau framlög komu til greiðslu á árinu 1991. Í yfirliti hér á eftir er gerð grein fyrir flutningi innstæðna og skulda ráðuneyta milli áranna 1990 og 1991 og í fylgiskjali 1 eru sýndar yfirfærslur einstakra stofnana.

Umframgjöld, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar 1990

Greiðslugrunnur	Gjöld umfram fjárlög og fjáraukalög 1990 þús. kr.	Óhafnar fjárveitingar þús. kr.	Rekstur flutt staða þús. kr.	Stofnkostn. og viðhald flutt staða þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	18 264	5 116	-	-
01 Forsætisráðuneyti	-	5 550	4 798	5 310
02 Menntamálaráðuneyti	203 822	150 130	-4 300	74 233
03 Utanríkisráðuneyti	22 443	93 008	92 832	-
04 Landbúnaðarráðuneyti	31 718	41 207	-4 000	-
05 Sjávarútvegsráðuneyti	7 917	2 640	-1 000	-
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	46 013	42 374	-1 500	54 117
07 Félagsmálaráðuneyti	18 070	65 826	3 632	13 969
08 Heilbrigðis- og tryggingam.ráðun	14 430	146 223	12 365	17 275
09 Fjármálaráðuneyti	182 318	723 723	-1 100	24 296
10 Samgönguráðuneyti	28 412	3 432	372	-
11 Iðnaðarráðuneyti	12 195	109 162	1 800	-
12 Viðskiptaráðuneyti	18 030	14 070	1 600	-
13 Hagstofa Íslands	335	3 260	1 668	3 307
14 Umhverfisráðuneyti	4 588	-	-2 000	-
Samtals	**608 555**	**1 405 721**	**105 167**	**192 507**

Yfirfærsla heimilda og umframgjalda frá 1991 til 1992. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna fjárhagslega ábyrgð stofnana ríkisins og bréf fjármálaráðherra frá 14. júní 1991 er nú gert ráð fyrir að fjárheimildir til rekstrar verði í fyrsta sinn með almennum hætti færðar á milli ára með tilliti til greiðslustöðu í árslok. Áður hafa geymdar fjárveitingar nær eingöngu miðast við óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds. Þessi stefna er mörkuð í ljósi þess að rekstur stofnana ríkisins er samfelldur frá ári til árs og það væri nánast hending ef greiðslustaðan um áramót væri nákvæmlega í samræmi við heimildir. Þessi flutningur á greiðsluheimildum yfir áramót hvetur til aukins aðhalds og sparnaðar í rekstri, þar sem stofnanir hafa möguleika til að haga rekstri sínum með sveigjanlegri hætti en áður hefur verið.

Eftirfarandi vinnureglur hafa verið notaðar við flutning innstæðna og umframgjalda yfir áramót:

1. Flutningur á innstæðu tekur mið af lækkun gjalda sem náðst hefur með hagræðingu eða flutningi verkefna milli ára. Sé ástæða inneignar hins vegar sú að ekki hefur verið haldið uppi þeirri þjónustu sem gert er ráð fyrir í fjárlögum þá fellur heimildin niður.
2. Greiðsluafgangur hjá stofnunum sem fengið hafa aukafjárveitingu á árinu er felldur niður. Undantekningar eru gerðar þegar um er að ræða afmörkuð verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka fyrir áramót.
3. Innstæður eða umframgjöld á tilfærsluliðum eru almennt felldar niður þegar um er að ræða lög- eða samningsbundnar greiðslur.

Umframgjöld, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar 1991

Greiðslugrunnur	Gjöld umfram fjárlög og fjáraukalög 1991 þús. kr.	Óhafnar fjárveitingar þús. kr.	Rekstur flutt inneign þús. kr.	Rekstur flutt skuld þús.kr.	Stofnkostn. og viðhald flutt staða þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	17 955	26 559	6 999	-	18 814
01 Forsætisráðuneyti	1 492	8 213	6 213	-781	2 000
02 Menntamálaráðuneyti	153 225	297 898	154 606	-94 936	70 194
03 Utanríkisráðuneyti	1 265	82 059	17 431	-	-
04 Landbúnaðarráðuneyti	127 109	8 959	1 424	-17 664	-246
05 Sjávarútvegsráðuneyti	2 462	12 808	12 808	-2 462	-
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	48 460	75 670	44 479	-20 088	24 553
07 Félagsmálaráðuneyti	11 566	136 529	29 103	-11 566	38 193
08 Heilbrigðis- og tryggingam.ráðun	23 076	275 977	94 435	-13 395	26 440
09 Fjármálaráðuneyti	753 056	90 074	18 113	-6 999	40 673
10 Samgönguráðuneyti	61 399	14 144	-	-2 303	-
11 Iðnaðarráðuneyti	51 865	50 458	22 457	-47 590	-
12 Viðskiptaráðuneyti	1 930	191 852	2 991	-1 930	-
13 Hagstofa Íslands	-	1 932	1 932	-	-
14 Umhverfisráðuneyti	32 019	74 780	74 780	-3 421	-
Samtals	**1 286 879**	**1 347 912**	**487 771**	**-223 133**	**220 621**

Samkvæmt niðurstöðu ríkisbókhalds eru greiðslur alls 61 m.kr. lægri en heimildir að meðtöldum ónotuðum fjárveitingum frá fyrra ári. Bent er á að vegna rekstrar er gert ráð fyrir að af ónotuðum heimildum ársins 1991 verði fluttar 487,8 m.kr. til ársins 1992, en á móti verði heimildir í fjárlögum 1992 lækkaðar um 223,1 m.kr. vegna umframgreiðslna síðastliðins árs. Loks nema ónotaðar heimildir til stofnkostnaðar og viðhalds sem ráðgert er að flytja milli ára 220,6 m.kr. Í fylgiskjali 2 er gerð grein fyrir flutningi innstæðna og skulda einstakra stofnana til ársins 1992.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þeim greiðsluheimildum sem sótt er um í frumvarpinu og óhöfnum fjárveitingum sem gert er ráð fyrir að verði fluttar til ársins 1992. Í þeim tilvikum þar sem vísað er til fjáraukalaga er átt við lög nr. 75/1991.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Greiðslur til æðstu stjórnar ríkisins urðu 8,6 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Engar fjárheimildir verða fluttar frá árinu 1990. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 18,0 m.kr. vegna umframgreiðslna sem ekki er gert ráð fyrir að komi til lækkunar á fjárheimildum ársins 1992. Stærsta fjárhæðin er hjá Alþingi, 16,0 m.kr., sem skýrist af auknum kostnaði við breytingar samfara sameiningu þingsins í eina málstofu. Þá falla einnig niður umframgreiðslur Hæstaréttar, 1,6 m.kr., sem stafa af vanmati á launagreiðslum. Óhafnar fjárveitingar sem fyrirhugað er að flytja til ársins 1992 nema alls 25,8 m.kr. Þar af eru 18,8 m.kr. vegna stofnkostnaðar á Bessastöðum, 3,5 m.kr. vegna greiðsluafgangs ríkisendurskoðunar og 3,5 m.kr. vegna opinberra heimsókna.

01 Forsætisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 6,7 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til geymdra heimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 10,1 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 1,5 m.kr. en óhafnar fjárheimildir ráðuneytisins nema 8,2 m.kr. Umframgreiðslur eru að stærstum hluta vegna Þjóðgarðsins á Þingvöllum og stafa einkum af útgjöldum við rekstur Þingvallabæjar. Lagt er til að helmingur þeirra falli niður en hinn helmingurinn komi til frádráttar á heimildum ársins 1992. Óhafin fjárveiting er öll vegna greiðsluafgangs aðalskrifstofu og er fyrirhugað að hún verði flutt til ársins 1992. Þar af eru 2,0 m.kr. vegna viðhalds.

02 Menntamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu í heild 144,7 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 69,9 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 153,2 m.kr. en óhafnar fjárveitingar ráðuneytisins nema alls 297,9 m.kr.

Lagt er til að af umframgjöldunum verði 50,8 m.kr. felldar niður. Um er að ræða greiðslur fjögurra stofnana; Tilraunastöðin á Keldum 13,0 m.kr., Raunvísindastofnun 7,6 m.kr., Unglingaheimili ríkisins 13,0 m.kr. og Þjóðleikhúsið 17,2 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgreiðslur að fjárhæð 102,4 m.kr. koma til lækkunar fjárheimilda á árinu 1992. Hæst er fjárhæðin hjá Háskóla Íslands, 49,4 m.kr., en mun lægri hjá öðrum stofnunum, þær hæstu hjá Þjóðminjasafni, 4,7 m.kr., og Menningarsjóði, 4,6 m.kr.

Óhafnar rekstrarfjárveitingar, sem fyrirhugað er að flytja milli ára, nema alls 154,6 m.kr. Til háskólastofnana flytjast 14,5 m.kr., þar af 5,2 m.kr. til Háskólans á Akureyri. Til almennra framhaldsskóla og sérskóla flytjast 27 m.kr., þar af til Iðnskólans í Reykjavík 5,6 m.kr. og 5,5 m.kr. í óskiptan rekstur framhaldsskóla. Greiðslur til grunnskóla og sérskóla fatlaðra urðu 152 m.kr. innan heimilda þrátt fyrir niðurskurð í fjáraukalögum í haust. Af þeirri fjárhæð verða 91,1 m.kr. færðar til næsta árs. Aðrir málefnaflokkar ráðuneytisins fá mun lægri fjárhæðir færðar milli ára. Óhafnar fjárveitingar til stofnkostnaðar sem fluttar verða til ársins 1992 nema 70,2 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 80,8 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 92,8 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 1,3 m.kr., sem lagt er til að verði felldar niður, en óhafnar fjárveitingar ráðuneytisins nema alls 82 m.kr. Af óhöfnum fjárheimildum er gert ráð fyrir að 64,6 m.kr. verði felldar niður en að 17,4 m.kr. bætist við heimildir ársins 1992. Af 5,1 m.kr. ónýttri heimild varnarmálaskrifstofu er lagt til að um helmingur verði felldur niður, en sértekjur skrifstofunnar urðu mun hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Afgangur af heimildum Lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli nam 8,4 m.kr. en embættið fékk aukafjárveitingu á árinu. Gerð er tillaga um að felldar verði niður 3,4 m.kr. en að embættið haldi eftir 5,0 m.kr. til hagræðingaraðgerða.

Greiðsluafgangur sendiráða, 33,3 m.kr., er felldur niður en hann stafar einkum af hagstæðari gengisþróun en ætlað var í fjárlögum. Á fjáraukalögum voru 70 m.kr. veittar til aðstoðar kúrdískum flóttamönnum en við endanlegt uppgjör kom fjárveitingin ekki öll til skipta og eru eftirstöðvarnar, 21,5 m.kr., felldar niður. Óhafnar fjárheimildir vegna alþjóðastofnana nema 13,1 m.kr. og er gert ráð fyrir að þar af flytjist 9,4 m.kr. til ársins 1992.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 118,2 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra umframgjalda frá árinu 1990 að fjárhæð 4 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 127,1 m.kr. en óhafnar fjárveitingar ráðuneytisins nema 9 m.kr. Lagt er til að af umframgreiðslunum verði 109,4 m.kr. felldar niður en 18,7 m.kr. komi til lækkunar á fjárheimildum ársins 1992. Stærsti hluti niðurfelldra umframgreiðslna skýrist af útflutningsbótum, eða sem nemur 99,1 m.kr. Einnig er lagt til að hluti af rekstrarhalla Skógræktar ríkisins, Veiðimálastofnunar og Bændaskólans á Hvanneyri verði felldur niður. Gripið hefur verið til sérstakra aðgerða á þessu ári til þess að stofnanirnar starfi innan ramma fjárveitinga. Þá er gert ráð fyrir að greiðsluafgangur af tilfærsluliðnum "Greiðslur vegna búvöruframleiðslu" að fjárhæð 6,4 m.kr. falli niður.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 10,3 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 2,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 12,8 m.kr. Gert er ráð fyrir að allar umframgreiðslur og óhafnar fjárheimildir ráðuneytisins færist yfir til ársins 1992. Stærsta óhafna fjárveitingin, 5 m.kr., er vegna markaðsátaks rækju- og hörpudisksframleiðenda, en það hófst ekki fyrr en á árinu 1992.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu alls 27,2 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 52,6 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 48,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 75,7 m.kr.

Gert er ráð fyrir að greiðslur umfram heimildir ársins 1991 hjá fimmtán stofnunum ráðuneytisins sem samtals nema 20,1 m.kr. komi til lækkunar á rekstrarfjárheimildum ársins 1992. Stærsta fjárhæðin er hjá fangelsinu að Litla-Hrauni, eða 3,1 m.kr., sem er 3% af fjárveitingu ársins 1992. Hjá þremur stofnunum er gert ráð fyrir að umframgreiðslur verði ekki fluttar til ársins 1992, alls 24,3 m.kr. Meðal þess sem fellt er niður eru 16,8 m.kr. umframgreiðslur vegna ýmiss dómsmálakostnaðar. Málskostnaðurinn er lögbundinn og háður ákvörðun dómara og rannsóknaraðila hverju sinni. Einnig eru felldar niður umframgreiðslur vegna ýmiss löggæslukostnaðar að fjárhæð 5,5 m.kr. Sá kostnaðarauki skýrist af endurnýjun lögreglubifreiða og að útlendingaeftirlit reyndist mun kostnaðarsamara en áætlað var. Þá er gert ráð fyrir að 4 m.kr. umframgreiðslur komi til frádráttar stofnkostnaði prestssetra á árinu 1992.

Óhafnar rekstrarfjárveitingar sem fyrirhugað er að flytja milli ára nema 44,5 m.kr. og eru einkum til þriggja aðila. Í fyrsta lagi 20,9 m.kr. til Lögreglustjórans í Reykjavík, sem er 2,4% af fjárveitingu ársins. Talið er eðlilegt að stofnunin njóti á þessu ári rekstrarhagræðingar sem hefur skilað sér í lægri útgjöldum. Í öðru lagi 5,1 m.kr. til Rannsóknarlögreglu ríkisins sem er 3,1% af fjárveitingu ársins og í þriðja lagi 11,1 m.kr. til Landhelgisgæslu Íslands. Óhafnar fjárveitingar vegna stofnkostnaðar og viðhalds sem gert er ráð fyrir að færa yfir til ársins 1992 nema 24,6 m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu alls 125 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra heimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 17,6 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 11,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar nema 136,5 m.kr. Gert er ráð fyrir að allar umframgreiðslur komi til lækkunar á fjárheimildum ársins 1992. Þar er um að ræða sjö stofnanir og er stærsta fjárhæðin 3,1 m.kr. vegna Brunamálastofnunar ríkisins.

Óhafnar rekstrarheimildir að fjárhæð 29,1 m.kr. flytjast milli ára. Stærstu fjárhæðirnar eru til aðalskrifstofu 6,7 m.kr., málefna fatlaðra 5,7 m.kr., vinnumála 4,8 m.kr. og ríkissáttasemjara 3,0 m.kr. Á aðalskrifstofu var ýmsum greiðslum frestað fram yfir áramótin auk almennrar hagræðingar sem kemur fram í lægri kostnaði. Rekstrarkostnaður embættis ríkissáttasemjara reyndist mun lægri á síðasta ári heldur en áætlað var og er helmingur greiðsluafgangsins fluttur til næsta árs. Aðrar heimildir sem flytjast milli ára eru óverulegt hlutfall af heildarfjárveitingu. Hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra er fyrirhugað að flytja 38,2 m.kr. til ársins 1992 vegna óhafins stofnkostnaðar.

Óhafnar fjárveitingar eru felldar niður hjá þremur stofnunum og nema alls 69,2 m.kr. Veitt var aukafjárveiting vegna ríkisábyrgðar á laun sem ekki var nýtt að fullu og eru eftirstöðvarnar felldar niður, alls 58,3 m.kr. Einnig falla niður ónýttar fjárheimildir Vinnueftirlits ríkisins, sem er hluti af aukafjárveitingu, alls 7,9 m.kr., og hluti af ónýttri heimild embættis ríkissáttasemjara.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu í heild 252,9 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 29,6 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 23,1 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 276 m.kr. Lagt er til að af umframgreiðslunum verði 8,6 m.kr. felldar niður en umframgreiðslur átján stofnana að fjárhæð 13,4 m.kr. komi til lækkunar á rekstrarfjárheimildum og 1,1 m.kr. á heimildum til stofnkostnaðar á árinu 1992. Hlutfallslega er mest dregið af Landlæknisembættinu, 1,4 m.kr. eða 3,1%, og Heilsugæslustöðinni Kópavogi, 2,0 m.kr. eða 3,4% af heildarheimild 1991. Óhafnar rekstrarfjárveitingar sem flytjast til 1992 eru að fjárhæð 94,4 m.kr. hjá tuttugu stofnunum. Heilsuverndarstöðin í Reykjavík og heilsugæslustöðvar eiga óhafnar heimildir að fjárhæð 34,5 m.kr., Ríkisspítalar 8,9 m.kr., Borgarspítalinn 17,8 m.kr., Sjúkrahús í Reykjavík 10,9 m.kr. en aðrir minna. Meginskýringin á afgangi hjá heilsugæslustöðvum er sú að frestað var opnun heilsugæslustöðvar í Mjódd. Aðrar inneignir um áramót eru óverulegt hlutfall af heildarfjárheimild stofnana.

Gert er ráð fyrir að 27,5 m.kr. verði fluttar milli áranna 1991 og 1992 vegna óhafins stofnkostnaðar. Gerð er tillaga um að fella niður heimildir að fjárhæð 154 m.kr. þar af 48,7 m.kr. hjá Tryggingastofnun ríkisins og 94 m.kr. hjá Atvinnuleysistryggingasjóði.

09 Fjármálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 663 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Á liðnum *Launa- og verðlagsmál* hjá ráðuneytinu er sótt um að flytja umframgjöld og fjárheimildir ráðuneyta að fjárhæð 297,7 m.kr. milli áranna 1990 og 1991, en þar af eru 23,2 m.kr. vegna fjármálaráðuneytisins. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 753 m.kr. en óhafnar fjárveitingar ráðuneytissins nema 90,1 m.kr. Lagt er til að af umframgreiðslunum verði 746 m.kr. felldar niður og valda þar þrír liðir mestu. Í fyrsta lagi urðu vaxtagreiðslur 475,1 m.kr. hærri en áætlun fjárlaga, sem skýrist einkum af hærri vaxtagjöldum af yfirdrætti ríkissjóðs hjá Seðlabanka en ráð var fyrir gert. Í öðru lagi urðu greiðslur vegna uppbóta á lífeyri 175,5 m.kr. hærri en áætlun, einkum vegna uppgjörs á skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í þriðja lagi urðu greiðslur vegna 6. gr. fjárlaga 80,9 m.kr. hærri en fyrirhugað var. Umframgreiðslur sem gert er ráð fyrir að flytja milli ára eru að fjárhæð 7 m.kr. og þar af 6 m.kr. vegna Tollstjórans í Reykjavík, sem er 2,2% af heildarheimild stofnunarinnar á árinu 1991. Óhafnar rekstrarfjárveitingar sem fyrirhugað er að flytja til ársins 1992 eru 18,1 m.kr. Þar vega þyngst 7,7 m.kr. hjá Fasteignamati ríkisins og 3,5 m.kr. hjá Skattstofu Reykjaness. Stofnanirnar hafa frestað ýmsum verkefnum og hagrætt í rekstri. Þá er ráðgert að 40,7 m.kr. færist yfir til þessa árs vegna óhafins stofnkostnaðar. Á móti þessu eru felldar niður ónýttar fjárheimildir af átta fjárlagaliðum og vegur þar þyngst skýrsluvélakostnaður, 30,5 m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 47,3 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 61,4 m.kr., þar af eru 31 m.kr. viðbótarkostnaður hjá Flugmálastjórn sem leiðir af kjarasamningi við flugumferðarstjóra frá árinu 1990. Gert er ráð fyrir að umframgreiðslur að fjárhæð 2,3 m.kr. komi til lækkunar á fjárveitingum yfirstandandi árs. Óhafnar fjárveitingar eru 14,1 m.kr. og falla þær allar niður.

11 Iðnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 1,4 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra heimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 1,8 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 51,9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 50,5 m.kr. Lagt er til að af umframgreiðslunum verði 4,3 m.kr. felldar niður en 47,6 m.kr. komi til lækkunar á fjárveitingum þessa árs. Þar er nær eingöngu um að ræða 47,3 m.kr. hjá Orkustofnun og er það 20% af heildarfjárheimild ársins 1991. Skýringin er sú að stofnunin skilaði ekki innheimtum sértekjum til ríkissjóðs fyrr en eftir áramótin. Fjárveitingar til rekstrar að fjárhæð 22,5 m.kr. færast milli ára og munar þar mest um 7,8 m.kr. til aðalskrifstofu, 7,3 m.kr. til iðju og iðnaðar, 5,5 m.kr. til ýmissa orkumála, en það

er aukafjárveiting sem ekki náðist að greiða út fyrir áramót. Óhafnar fjárheimildir að fjárhæð 28 m.kr. falla þá niður.

12 Viðskiptaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 189,9 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 1,6 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 1,9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar ráðuneytisins nema 191,9 m.kr. Þar af eru 186,4 m.kr. vegna niðurgreiðslna sem ekki verða færðar milli ára. Um er að ræða lögbundinn tilfærslulið og stafar greiðsluafgangurinn því ekki af sérstökum sparnaðaraðgerðum eða hagræðingu. Heimildir til rekstrar sem flytjast milli ára eru að fjárhæð 3 m.kr. Aðalskrifstofa fær 2,1 m.kr. og Löggildingarstofan 0,9 m.kr. Gert er ráð fyrir að umframgreiðslur að fjárhæð 1,9 m.kr. hjá Verðlagsstofnun og Hlutafélagaskrá komi til lækkunar á fjárheimildum ársins 1992.

13 Hagstofan

Greiðslur ráðuneytisins urðu 1,9 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Gert er ráð fyrir að óhafna fjárveitingin flytjist milli ára.

14 Umhverfisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu alls 42,8 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga að teknu tilliti til fluttra umframgjalda frá árinu 1990 að fjárhæð 2 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 32 m.kr. en óhafnar fjárveitingar ráðuneytisins nema 74,8 m.kr. Lagt er til að af umframgjöldunum verði 28,6 m.kr. felldar niður en 3,4 m.kr. komi til lækkunar á fjárheimildum ársins 1992. Umframgreiðslur sem ekki er fyrirhugað að flytja milli ára skiptast þannig, að 2,5 m.kr. eru vegna Náttúrufræðistofnunar og 26,1 m.kr. vegna Náttúruverndarráðs, en þar af eru 15 m.kr. vegna kaupa á jörðinni Ás í Kelduhverfi sem eru gerð samkvæmt ákvæðum í ábúðarlögum. Embætti veiðistjóra og skipulagsstjóra fengu aukafjárveitingu til sérstakra verkefna sem ekki náðist að ljúka á síðastliðnu ári. Yfirfærsla heimilda hjá þessum tveimur stofnunum er samtals að fjárhæð 69,6 m.kr. Einnig færist greiðsluafgangur *ýmissa verkefna* hjá Veðurstofu Íslands á milli ára.

Lánahreyfingar ríkissjóðs

Í fjárlögum 1991 var ráðgert að mæta áætluðum greiðsluhalla ríkissjóðs, að fjárhæð um 4,1 milljarði króna og útstreymi á lánahreyfingum ríkissjóðs að fjárhæð um 1,8 milljörðum króna með nýrri lántöku ríkissjóðs að fjárhæð um 5,9 milljörðum króna. Lánsfjárlög 1991 voru afgreidd frá Alþingi í mars 1991. Með þeim hækkaði lánsfjárþörf ríkissjóðs um 1,7 milljarða króna, þ.e. útgjaldaheimildir um 1 milljarð og heimildir ríkissjóðs til endurlána um 0,7 milljarða. Reyndin varð hins vegar sú að greiðsluhalli ríkissjóðs varð 12,5 milljarðar króna og útstreymi á lánahreyfingum að fjárhæð 2,1 milljarður króna. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1991 nam því alls 14,6 milljörðum króna eða sem svarar til um 3,9% af vergri landsframleiðslu. Þetta hlutfall hefur ekki í annan tíma verið hærra. Árið 1990 var þetta hlutfall 2,1% og 2,6% árið 1989.

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1991 samanborið við fjárlög 1991 og útkomu ársins 1990:

Lánahreyfingar og lánsfjárþörf ríkissjóðs 1991

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Rekstrarafkoma	**-4.446**	**-4.069**	**-12.534**	-8.465
Veitt lán, nettó	-522	-1.040	-1.627	-587
Hluta- og stofnfjárframlög	-123	-270	-234	36
Viðskiptareikningar	-2.079	-500	-253	-247
Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-7.170**	**-5.879**	**-14.648**	**-8.769**
Afborganir af teknum lánum	-6.189	-7.700	-7.623	77
Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs	**-13.359**	**-13.579**	**-22.271**	**-8.692**
Lántaka	14.073	13.600	16.158	-2.558
Greiðsluafkoma	**714**	**21**	**-6.113**	**-6.092**

Í *skýrslu um ríkisfjármál* árið 1991 er gerð ítarleg grein fyrir hreyfingum á lánareikningum A-hluta ríkissjóðs og vísast til þeirrar umfjöllunar. Hér verður þó gerð grein fyrir þremur lykilatriðum, þ.e. veitt lán, nettó, lánsfjáröflun 1991 og stöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs. Á árinu 1991 varð útstreymi á þessum lið, þ.e. veitt ný lán umfram innheimtar afborganir af eldri lánum, að fjárhæð 1,6 milljarðar króna í stað 1 milljarðs króna eins og ætlað var í fjárlögum. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**3.127**	**3.350**	**3.243**	**-107**
Bundnar innlendu verðlagi	1.713	1.920	2.085	165
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	1.414	1.430	1.158	-272
Veitt ný lán	**3.649**	**4.390**	**4.870**	**-480**
Skv. 1 gr. fjárlaga	**2.860**	**4.390**	**3.637**	**753**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.330	3.000	3.000	-
Hafnabótasjóður	20	240	275	-35
Alþjóðaflugþjónustan	180	500	162	338
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	300	550	200	350
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	30	-	-	
Annað	-	100	-	-
Skv. 15 gr. lánsfjárlaga	**352**	**-**	**823**	**-**
Hitaveita Eyra	11	-	-	-
Bæjarsjóður Siglufjarðar	50	-	-	-
Bæjarveitur Vestmannaeyja	56	-	28	-
Bæjarsjóður Neskaupstaðar	15	-	-	-
Hríseyjarhreppur	80	-	-	-
Skallagrímur hf., Akranesi	80	-	11	-
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	30	-	709	-
Baldur hf., Stykkishólmi	30	-	-	-
Djúpbáturinn hf., Ísafirði	-	-	45	-
Hitaveita Egilsstaða og Fella	-	-	20	-
Hitaveita Hveragerðis	-	-	6	-
Útgerðarfélag Akureyrar hf.	-	-	4	-
Skv. 6. gr. fjárlaga o.fl.	**437**	**-**	**410**	**-**
Vegna fasteignaviðskipta o.fl.	437	-	410	-
Veitt lán, nettó	**-522**	**-1.040**	**-1.627**	**-587**

Innheimtar afborganir. Innheimtar afborganir voru áætlaðar 3.350 m.kr. í fjárlögum en urðu ívið lægri eða 3.243 m.kr. Mismunurinn skýrist að stærstum hluta af lægra gengi Bandaríkjadals en gengið var út frá í fjárlögum.

Veitt lán. Í fjárlögum voru lánveitingar áætlaðar 4.390 m.kr. Í reynd urðu lánveitingar ríkissjóðs samtals 4.870 m.kr. Skipta má lánveitingum ríkissjóðs í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru almenn lán veitt skv. 1. gr. fjárlaga. Í öðru lagi eru lán veitt skv. 6. gr. fjárlaga sem tengjast aðallega fasteignaviðskiptum ríkissjóðs. Loks eru lán veitt skv. 15. gr. lánsfjárlaga. Hér er um að ræða ýmsar heimildir sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra til lántöku með ríkisábyrgð sem ríkissjóður nýtir sjálfur og endurlánar síðan. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða tiltölulega lágar fjárhæðir er oft hagkvæmara að ríkissjóður hafi milligöngu um útvegun fjárins. Aðeins lánveitingar skv. 1. gr. fjárlaga koma fram í greiðsluyfirliti fjárlaga og skýrir það m.a. hið mikla frávik sem kemur fram í heildarlánveitingum ríkissjóðs.

Frávik á einstökum liðum skýrast á eftirfarandi hátt. Í fyrsta lagi ákvað ný ríkisstjórn að veita Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar fjárveitingu í stað lánsfjár eins og áður hafði verið ákveðið. Var þetta gert með tilliti til slæmrar fjárhagsstöðu deildarinnar. Í annan stað var frestað framkvæmdum við nýja flugstjórnarmiðstöð á vegum Alþjóðaflugþjónustunnar sem dró úr lánsfjárþörf hennar. Loks skal þess getið að af 700 m.kr.

lánveitingu til Herjólfs hf. voru 470 m.kr. veittar samkvæmt lántökuheimild frá árinu 1990.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1991 voru heimildir ríkissjóðs til endurlána auknar um 735 m.kr. frá því sem gert hafði verið ráð fyrir. Þannig voru Fiskveiðasjóði ætlaðar 200 m.kr. til að endurlána loðnuverksmiðjum vegna úreldingar og Byggðastofnun voru einnig ætlaðar 200 m.kr. til að endurlána rækjuverksmiðjum. Ný ríkisstjórn féll frá nýtingu beggja þessara heimilda. Þá var heimild til að endurlána Síldarverksmiðjum ríkisins 300 m.kr. Það lán var tekið af SR um bankakerfið og hafði því engin áhrif á greiðsluhreyfingar ríkissjóðs á árinu 1991.

Lánsfjáröflun ríkissjóðs. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að mæta allri lánsfjárþörf ríkissjóðs með lántökum á innlendum markaði. Það gekk hins vegar ekki eftir. Rekja má það til þrenns. Í fyrsta lagi var lánsfjárþörf ríkissjóðs mun meiri en ætlað var í fjárlögum eins og fram hefur komið. Í annan stað varð aukning peningalegs sparnaðar á árinu 1991 nokkru minni en áætlað var. Við afgreiðslu fjárlaga var talið að nýr sparnaður yrði 36 milljarðar króna en nú er talið að nýr sparnaður hafi numið 32-33 milljörðum króna. Loks varð veruleg aukning á framboði húsbréfa. Afgreidd húsbréf á árinu 1990 námu 5,5 milljörðum króna en afgreidd húsbréf á árinu 1991 námu hins vegar samtals 15,1 milljarði króna. Allt þetta torveldaði innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs og leiddi til verulegs yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og til erlendrar lántöku. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun á lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Innlend lán	**10.107**	**13.600**	**8.819**	**-4.781**
Sala spariskírteina ríkissjóðs	7.484	-	5.844	-
Sala ríkisvíxla	1.963	-	-28	-
Sala ríkisbréfa	77	-	1.395	-
Önnur innlend lán	583	-	1.608	-
Erlend lán	**3.966**	**-**	**7.339**	**-**
Tekin lán, alls	**14.073**	**13.600**	**16.158**	**2.558**

Staðan gagnvart Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands er viðskiptabanki ríkissjóðs. Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að taka skammtímalán í Seðlabankanum til að fjármagna sveiflur í tekjum og gjöldum ríkissjóðs innan ársins. Skuld ríkissjóðs sem reynast kann að vera á viðskiptareikningum í lok árs ber að gera upp innan þriggja mánaða frá lokum viðkomandi fjárhagsárs.

Greiðsluhreyfing ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands var neikvæð um 5 milljarða króna á árinu 1991. Yfirdráttur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1991 nam 6,1 milljarði króna en á móti komu afborganir ríkissjóðs af áður teknum lánum að fjárhæð 1,1 milljarður króna.

Fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabanka við A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 nam um 9 milljörðum króna að jafnaði á mánuði. Á árinu 1990 var fyrirgreiðsla Seðlabankans hins vegar um 4,5 milljarðar króna að meðaltali á mánuði. Eins og nefnt var hér að framan stafar aukin fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabankans fyrst og fremst af meiri rekstrarhalla

ríkissjóðs og erfiðleikum í fjármögnun hans á innlendum lánamarkaði, einkum á fyrri hluta ársins. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluhreyfingar við Seðlabanka Íslands árin 1990 og 1991.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Greiðsluafkoma	**714**	**21**	**-6.113**	**-6.092**
Afborganir af lánum í Seðlabanka	3.065	855	755	-100
Uppgjör skammtímaskulda í Seðlabanka	1.903	327	327	-
Lántaka í Seðlabanka	-9	-	-	-
Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu	**5.673**	**1.203**	**-5.031**	**-6.234**
Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	-66	-	20	-
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	**5.607**	**1.203**	**-5.011**	**-6.214**

B-hluti

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjárstreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1991 kemur í ljós að tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða urðu um 35 m.kr. lægri en ætlað var í fjárlögum að viðbættum lögum nr. 75/1991. Þá urðu skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð um 161 m.kr. undir áætlunum. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum og lögum nr. 75/1991 svo og greiðsluuppgjöri 1991.

Greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1991

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Lög nr. 75 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða .	5 181	1 346	6 492	35
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	7 643	-	7 482	-161

Fimm fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Frávik á greiðsluskilum þeirra til A-hluta frá áætlun koma fram í eftirfarandi yfirliti:

Greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1991

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Lög nr. 75 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	345	-	420	75
23 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	18	-	-	-18
23 121 Sala varnarliðseigna	30	-	25	-5
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6 700	-	6 487	-213
30 101 Póst- og símamálastofnunin	550	-	550	-
Samtals	**7 643**	**-**	**7 482**	**-161**

Frávik milli fjárlaga að viðbættum lögum nr. 75/1991 og endanlegs uppgjörs hvað varðar tilfærslur frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta urðu sem hér segir:

Eins og sést á yfirlitinu urðu frávik mest hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, en greiðslur til sjóðsins urðu 94 m.kr. innan heimilda fjárlaga og laga nr. 75/1991. Umframgreiðslur vegna Ríkisábyrgðasjóðs urðu hins vegar tæplega 40 m.kr. og vegna reksturs Þjóðleikhússins um 19 m.kr. Önnur frávik eru minni.

Tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1991

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 þús. kr.	Lög nr. 75 1991 þús. kr.	Reikningur 1991 þús. kr.	Mismunur þús. kr.
Forsætisráðuneyti				
21 172 Atvinnutryggingargeild Byggðastofnunar	-	357 000	357 000	-
Samtals	**-**	**357 000**	**357 000**	**-**
Menntamálaráðuneyti				
22 233 Rannsóknasjóður	110 000	-	110 000	-
22 975 Vísindasjóður	20 000	-	20 000	-
22 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atv.veganna	67 600	-	61 550	6 050
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 730 000	700 000	2 431 840	-1 840
22 973 Þjóðleikhúsið	227 000	47 000	293 088	-19 088
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	94 000	-	94 000	-
22 976 Menningarsjóður	11 000	-	15 604	-4604
Samtals	**2 259 600**	**747 000**	**3 026 082**	**-19 482**
Landbúnaðarráðuneyti				
24 171 Jarðeignir ríkisins	30 000	-	29 254	746
24 172 Jarðasjóður	25 000	-	25 992	-992
24 246 Laxeldisstöðin Kollafirði	10 400	6 400	16 893	-93
24 272 Einangrunarstöð holdanauta, Hrísey	4 990	1 000	6 306	-316
Samtals	**70 390**	**7 400**	**78 445**	**-655**
Sjávarútvegsráðuneyti				
25 272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging	20 000	-	20 000	-
Samtals	**20 000**	**-**	**20 000**	**-**
Dómsmálaráðuneyti				
26 371 Kirkjubyggingasjóður	6 550	-	6 550	-
26 373 Kristnisjóður	17 220	-	16 380	840
Samtals	**23 770**	**-**	**22 930**	**840**
Félagsmálaráðuneyti				
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	900 000	-	900 000	-
27 972 Bjargráðasjóður	-	60 000	60 000	-
Samtals	**900 000**	**60 000**	**960 000**	**-**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
28 273 Atvinnuleysistryggingasjóður	1 280 000	80 000	1 266 000	94 000
28 378 Læknishéraðasjóður	2 500	-	2 275	225
28 610 Gæsluvistarsjóður	10 000	-	10 000	-
Samtals	**1 292 500**	**80 000**	**1 278 275**	**94 225**
Fjármálaráðuneyti				
29 971 Lánasýsla ríkisins, vegna ríkisábyrgðasjóðs	300 000	-	339 755	-39 755
Samtals	**300 000**	**-**	**339 755**	**-39 755**
Samgönguráðuneyti				
30 321 Skipaútgerð ríkisins	134 400	100 000	234 400	-
30 332 Hafnabótasjóður	50 000	-	50 000	-
Samtals	**184 400**	**100 000**	**284 400**	**-**
Iðnaðarráðuneyti				
31 371 Orkusjóður	130 100	-5 000	125 115	-15
Samtals	**130 100**	**-5 000**	**125 115**	**-15**
Tilfærslur til B-hluta alls	**5 180 760**	**1 346 400**	**6 492 002**	**35 158**

Fylgiskjal 1

Flutningur inneigna og skulda yfir áramótin 1990 - 1991

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
01 FORSÆTISRÁÐUNEYTI	**4.798**	**-**	**5.310**
101 Aðalskrifstofa	3.398	-	5.310
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	1.400	-	-
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**-**	**-4.300**	**74.233**
201 Háskóli Íslands	-	-2.000	-
203 Raunvísindastofnun Háskólans	-	-2.000	-
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	-	-	1.126
232 Rannsóknaráð ríkisins	-	-300	-
318 Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnkostnaður	-	-	33.962
610 Héraðsskólar almennt	-	-	3.057
901 Landsbókasafn Íslands	-	-	1.782
979 Ýmis stofnkostnaður og viðhald	-	-	32.283
991 Húsafriðun	-	-	316
997 Uppgjör við sveitarfélög	-	-	1.707
03 UTANRÍKISRÁÐUNEYTI	**92.832**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	3.199	-	-
102 Varnarmálaskrifstofa	1.296	-	-
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	88.197	-	-
399 Ýmis utanríkismál	140	-	-
04 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	**-**	**-4.000**	**-**
231 Skógrækt ríkisins	-	-2.000	-
235 Landgræðsla ríkisins	-	-1.000	-
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	-	-1.000	-
05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	**-**	**-1.000**	**-**
202 Hafrannsóknastofnun	-	-1.000	-
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI	**-**	**-1.500**	**54.117**
201 Hæstiréttur	-	-	1.078
202 Ríkissaksóknari	-	-	310
206 Lögreglustjórinn í Reykjavík	-	-	10.676
210 Héraðsdómarar samkv. lögum nr.27/1990	-	-	5.078
211 Sýslumenn og bæjarfógetar	-	-	13.869
212 Bæjarfógeti Akranesi	-	-	176
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	-	-1.500	-
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	-	-	1.854
255 Umferðarráð	-	-	872
281 Dómsmál, ýmis starfsemi	-	-	1.256
302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	-	-	1.431
303 Prestaköll og prófastsdæmi	-	-	17.517
07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**6.132**	**-2.500**	**13.969**
101 Aðalskrifstofa	2.787	-	-
302 Ríkissáttasemjari	1.500	-	-
700 Málefni fatlaðra	-	-1.500	-
750 Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins	-	-1.000	-
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	13.969
953 Jafnréttisráð	1.845	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI	**12.365**	**-**	**17.275**
101 Aðalskrifstofa	-	-	3.000
340 Málefni fatlaðra	1.087	-	-
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	-	-	3.100
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	2.500	-	10.380
500 Heilsugæslustöðvar, almennt	8.778	-	-
610 Gæsluvistarsjóður	-	-	795
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**900**	**-2.000**	**24.296**
101 Aðalskrifstofa	900	-	2.645
402 Fasteignamat ríkisins	-	-	1.651
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	-	-2.000	-
971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur	-	-	20.000
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**372**	**-**	**-**
342 Rannsóknanefnd sjóslysa	372	-	-
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**5.800**	**-4.000**	**-**
299 Iðja og iðnaður framlög	5.100	-	-
301 Okrustofnun	-	-4.000	-
998 Ráðstöfunarfé	700	-	-
12 VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI	**1.600**	**-**	**-**
998 Ráðstöfunarfé	1.600	-	-
13 HAGSTOFA ÍSLANDS	**1.668**	**-**	**3.307**
101 Aðalskrifstofa	-	-	3.307
102 Þjóðskráin	1.668	-	-
14 UMHVERFISRÁÐUNEYTI	**-**	**-2.000**	**-**
201 Náttúruverndarráð	-	-2.000	-
SAMTALS	**126.467**	**-21.300**	**192.507**

Fylgiskjal 2

Flutningur inneigna og skulda yfir áramótin 1991 - 1992

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
00 ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS	**6.999**	**-**	**18.814**
510 Bessastaðir	-	-	18.814
520 Opinberar heimsóknir	3.500	-	-
620 Ríkisendurskoðun	3.499	-	-
01 FORSÆTISRÁÐUNEYTI	**6.213**	**-781**	**2.000**
Yfirstjórn:	**6.213**	**-**	**2.000**
101 Aðalskrifstofa	6.213	-	2.000
Önnur mál:	**-**	**-781**	**-**
901 Húsameistari ríkisins	-	-70	-
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-	-711	-
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**154.606**	**-94.936**	**70.194**
Háskólinn og ýmis rannsóknarstarfsemi:	**14.544**	**-51.377**	**7.900**
201 Háskóli Íslands	-	-49.374	-
204 Stofnun Sigurðar Nordals	1.561	-	-
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	3.506	-	1.850
207 Íslensk málstöð	932	-	-
208 Örnefnastofnun	178	-	-
210 Háskólinn á Akureyri	5.229	-	-
221 Kennaraháskóli Íslands	2.424	-	-
222 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	-	-1.497	-
223 Rannsóknastofnun uppeldismála	714	-	-
234 Vísindaráð	-	-506	-
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	-	-	6.050
Mennta- og fjölbrautaskólar:	**13.114**	**-9.003**	**59.880**
318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	-	-	59.880
319 Framhaldsskólar, almennt	5.503	-	-
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-	-2.718	-
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	-	-2.923	-
355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum	974	-	-
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	3.450	-	-
362 Framhaldskólinn á Húsavík	-	-3.362	-
363 Framhaldsskólinn á Laugum	3.187	-	-
Ýmis fræðslumál:	**750**	**-**	**-**
422 Námsgagnastofnun	566	-	-
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	184	-	-
Sérskólar:	**13.945**	**-3.336**	**-**
501 Tækniskóli Íslands	2.630	-	-
514 Iðnskólinn í Reykjavík	5.589	-	-
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	593	-	-
518 Fiskvinnsluskólinn	-	-1.372	-
531 Íþróttakennaraskóli Íslands	-	-964	-
541 Hússtjórnarskólinn Reykjavík	2.001	-	-
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-	-1.000	-
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	346	-	-
562 Leiklistarskóli Íslands	2.786	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
Héraðsskólar:	**-**	**-1.798**	**4.115**
602 Héraðsskólinn Núpi	-	-999	-
605 Alþýðuskólinn Eiðum	-	-499	-
606 Héraðsskólinn Skógum	-	-300	-
610 Héraðsskólar almennt	-	-	4.115
Grunn- og sérskólar fatlaðra:	**91.057**	**-4.574**	**-**
700 Grunnskólar, Reykjavík	4.100	-	-
701 Grunnskólar, Reykjanesi	16.600	-	-
703 Grunnskólar, Vesturlandi	700	-	-
704 Grunnskólar, Vestfjörðum	6.000	-	-
705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	2.200	-	-
706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	10.700	-	-
707 Grunnskólar, Austurlandi	4.100	-	-
708 Grunnskólar, Suðurlandi	5.200	-	-
710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	-	-658	-
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis	-	-1.550	-
713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	-	-525	-
714 Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	150	-	-
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	-	-143	-
716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	-	-1.002	-
717 Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	15	-	-
718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	-	-379	-
720 Grunnskólar, almennt	12.559	-	-
750 Skólar fyrir fatlaða	23.961	-	-
752 Öskjuhlíðarskóli	1.315	-	-
754 Safamýraskóli	3.457	-	-
798 Einholtsskóli	-	-317	-
Önnur fræðslumál:	**8.232**	**-5.222**	**-**
802 Vernd barna og ungmenna	-	-623	-
804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins	318	-	-
806 Barnaverndarráð Íslands	-	-453	-
870 Meðferðarheimilið Tindar	-	-2.306	-
871 Unglingaheimili ríkisins	-	-	-
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	-	-1.840	-
881 Náms- og fræðimenn, framlög	3.471	-	-
884 Jöfnun á námskostnaði	4.190	-	-
885 Fullorðinsfræðsla	253	-	-
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi:	**12.964**	**-19.626**	**-1.701**
901 Landsbókasafn Íslands	50	-	-
902 Þjóðminjasafn Íslands	-	-4.699	-
903 Þjóðskjalasafn Íslands	38	-	-
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	-	-1.831	-
906 Listasafn Einars Jónssonar	-	-1.172	-
907 Listasafn Íslands	-	-1.712	-
908 Kvikmyndasafn Íslands	441	-	-
909 Blindrabókasafn Íslands	-	-984	-
972 Íslenski dansflokkurinn og listdanskólinn	3.492	-	-
973 Þjóðleikhús	-	-2.000	-5.801
976 Menningarsjóður, framlag	-	-4.604	-
977 Þjóðarbókhlaða	-		-1.500
981 Kvikmyndasjóður	-	-2.624	-
983 Ýmis fræðistörf	3.134	-	-
985 Alþjóðleg samskipti	5.373	-	-
991 Húsafriðun	-	-	1.143
997 Uppgjör við sveitarfélög	-	-	4.457
999 Ýmislegt	436	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
03 UTANRÍKISRÁÐUNEYTI	**17.431**	**-**	**-**
Yfirstjórn	**2.745**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	175	-	-
102 Varnarmálaskrifstofa	2.570	-	-
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli:	**5.000**	**-**	**-**
201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	5.000		
Alþjóðastofnanir og ýmis utanríkismál:	**9.686**	**-**	**-**
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	286	-	-
401 Alþjóðastofnanir	9.400	-	-
04 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	**1.424**	**-17.664**	**-246**
Yfirstjórn:	**956**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	956	-	-
Búnaðarmál:	**468**	**-15.802**	**-246**
171 Jarðeignir ríkisins, framlög	-	-	746
172 Jarðasjóður	-	-	-992
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-	-1.745	-
231 Skógrækt ríkisins	-	-9.921	-
235 Landgræðsla ríkisins	-	-1.403	-
243 Sauðfjárveikivarnir	337	-	-
245 Laxeldisstöðin í Kollafirði	-	-93	-
246 Veiðimálastofnun	-	-1.397	-
247 Yfirdýralæknir	-	-1.243	-
290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	-	-	-
299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi	131	-	-
Skólar:	**-**	**-1.862**	**-**
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	-	-1.862	-
05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	**12.808**	**-2.462**	**-**
Yfirstjórn:	**2.437**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	2.437	-	-
Útvegsmál:	**10.371**	**-2.462**	**-**
201 Fiskifélag Íslands	-	-107	-
202 Hafrannsóknastofnun	-	-1.350	-
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-	-1.005	-
216 Ríkismat sjávarafurða	2.257	-	-
221 Verðlagsráð sjávarútvegsins	1.476	-	-
290 Veiðieftirlit	485	-	-
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	6.153	-	-
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI	**44.479**	**-20.088**	**24.553**
Yfirstjórn	**1.439**	**-925**	**-**
101 Aðalskrifstofa	-	-186	-
102 Stjórnartíðindi	1.439	-	-
111 Kosningar	-	-739	-
Dómgæsla, lögreglumál o.fl.:	**42.200**	**-19.163**	**26.119**
201 Hæstiréttur	-	-	824
202 Ríkissaksóknari	165	-	-
203 Borgardómarinn í Reykjavík	-	-1.388	-
205 Sakadómur Reykjavíkur	-	-1.478	-
206 Lögreglustjórinn í Reykjavík	20.874	-	-
208 Rannsóknarlögregla ríkisins	5.119	-	-
209 Lögregluskóli ríkisins	-	-1.601	-
210 Héraðsdómarar samkvæmt lögum nr. 27/1990	-	-	9.285
211 Sýslumenn og bæjarfógetar	-	-	7.057
238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	-	-308	-

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
253	Almannavarnir ríkisins	1.425	-	-
252	Ökukennsla	-	-1.376	-
255	Umferðarráð	2.829	-	-
251	Landhelgisgæsla Íslands	11.058	-	-
212	Sýslumaðurinn Akranesi	-	-1.175	-
213	Sýslumaðurinn Borgarnesi	730	-	-
221	Sýslumaðurinn Blönduósi	-	-1.011	-
233	Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum	-	-1.487	-
234	Sýslumaðurinn Selfossi	-	-2.183	-
235	Sýslumaðurinn Keflavík	-	-2.059	-
236	Sýslumaðurinn Hafnarfirði	-	-1.993	-
239	Fangelsismálastofnun ríkisins	-	-46	-
242	Fangelsið Litla-Hrauni	-	-3.058	-
283	Fangamál, ýmis kostnaður	-	-	8.953
	Þjóðkirkjan:	**840**	**-**	**-1.566**
711	Prestaköll og prófastsdæmi	-	-	-4.060
721	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	-	-	2.494
731	Kristnisjóður	840	-	-
07	**FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI**	**29.103**	**-11.566**	**38.193**
	Yfirstjórn:	**9.655**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	6.655	-	-
302	Ríkissáttasemjari	3.000	-	-
	Málefni fatlaðra:	**14.645**	**-7.711**	**38.193**
700	Málefni fatlaðra	5.739	-	-
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	-	-888	-
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	900	-	-
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	1.500	-	-
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	1.500	-	-
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	274	-	-
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	-	-1.250	-
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	284	-	-
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-	-1.750	-
711	Styrktarfélag vangefinna	-	-1.823	-
719	Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	2.948	-	-
720	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	1.500	-	-
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	-	-2.000	-
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	38.193
	Önnur mál:	**4.803**	**-3.855**	**-**
951	Brunamálastofnun ríkisins	-	-3.082	-
953	Jafnréttisráð	-	-773	-
981	Vinnumál	4.787	-	-
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	16	-	-
08	**HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI**	**94.435**	**-13.393**	**26.440**
	Yfirstjórn:	**-**	**-530**	**-**
101	Aðalskrifstofa	-	-530	-
	Sjúkrahús og heilbrigðismál:	**59.165**	**-3.815**	**6.440**
301	Landlæknir	-	-1.374	-
323	Tryggingaeftirlitið	112	-	-
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	586	-	-
325	Hollustuvernd ríkisins	4.264	-	2.300
326	Sjónstöð Íslands	-	-329	-
327	Geislavarnir ríkisins	-	-247	-
340	Málefni fatlaðra	4.642	-	-
370	Sjúkrahús í Reykjavík	10.903	-	5.000

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
371	Ríkisspítalar	8.900	-	-
372	Borgarspítalinn	17.796	-	-
378	Læknishéraðasjóður	225	-	-
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	-1.098
385	Framkvæmdasjóður aldraðra	-	-	238
393	Lyfjamál	923	-	-
394	Lyfjaverðlagsnefnd	-	-42	-
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	-	-19	-
396	Lyfjanefnd	-	-1.804	-
399	Heilbrigðismál, ýmis verkefni	5.260	-	-
430	Vistun geðsjúkra afbrotamanna	5.554	-	-
	Heilsugæsla:	**34.475**	**-5.963**	**20.000**
500	Heilsugæslustöðvar, almennt	6.384	-	-
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	12.000	-	-
511	Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	15.540	-	20.000
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-	-902	-
526	Heilsugæslustöðin Búðardal	-	-470	-
552	Heilsugæslustöðin Dalvík	144	-	-
555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	-	-435	-
556	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	178	-	-
557	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	-	-252	-
566	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	175	-	-
568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	-	-1.042	-
572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	-	-214	-
577	Heilsugæslustöðin Selfossi	19	-	-
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	35	-	-
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	-	-2.000	-
591	Héraðslæknir í Reykjavík	-	-359	-
595	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	-	-289	-
	Skólar:	**-**	**-1.521**	**-**
603	Lyfjatækniskóli Íslands	-	-1.521	-
	Ýmislegt	**795**	**-1.564**	**-**
610	Gæsluvistarsjóður	795	-	-
621	Áfengisvarnir og bindindismál	-	-1.564	-
09	**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI**	**18.113**	**-6.999**	**40.673**
	Yfirstjórn:	**2.036**	**-499**	**4.116**
101	Aðalskrifstofa	-	-	3.216
103	Ríkisbókhald	-	-499	-
104	Ríkisfjárhirsla	936	-	-
105	Ríkislögmaður	1.100	-	900
	Toll- og skattheimta:	**8.351**	**-6.500**	**6.498**
202	Skattstofan í Reykjavík	-	-	3.998
205	Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði	-	-500	-
206	Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri	611	-	2.500
207	Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum	1.100	-	-
209	Skattstofa Vestmannaeyja	900	-	-
211	Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði	3.500	-	-
214	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	1.352	-	-
261	Ríkistollstjóri	888	-	-
262	Tollstjórinn í Reykjavík	-	-6.000	-
	Ýmis önnur mál:	**7.726**	**-**	**30.059**
402	Fasteignamat ríkisins	7.726	-	2.100
981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	-	-	22.559
999	Ýmislegt	-	-	5.400

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
10	**SAMGÖNGURÁÐUNEYTI**	**-**	**-2.303**	**-**
	Yfirstjórn:	**-**	**-1.000**	**-**
101	Aðalskrifstofa	-	-1.000	-
	Samgöngur á sjó:	**-**	**-108**	**-**
331	Vita- og hafnamálaskrifstofan	-	-108	-
	Önnur samgöngumál:	**-**	**-1.195**	**-**
651	Ferðamálaráð Íslands	-	-1.195	-
11	**IÐNAÐARRÁÐUNEYTI**	**22.457**	**-47.590**	**-**
	Yfirstjórn:	**9.487**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	7.761	-	-
102	Einkaleyfastofan	1.726	-	-
	Iðnaðarmál:	**7.470**	**-269**	**-**
201	Iðntæknistofnun Íslands	127	-	-
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-	-269	-
299	Iðja og iðnaður framlög	7.343	-	-
	Orkumál:	**5.500**	**-47.321**	**-**
301	Orkustofnun	-	-47.306	-
371	Orkusjóður	-	-15	-
399	Ýmis orkumál	5.500	-	-
12	**VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI**	**2.991**	**-1.930**	**-**
	Yfirstjórn:	**2.146**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	2.146	-	-
	Önnur mál:	**845**	**-1.930**	**-**
301	Löggildingarstofan	845	-	-
902	Verðlagsstofnun	-	-268	-
903	Hlutafélagaskrá	-	-1.662	-
13	**HAGSTOFA ÍSLANDS**	**1.932**	**-**	**-**
	Yfirstjórn:	**1.932**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	1.932	-	-
14	**UMHVERFISRÁÐUNEYTI**	**74.780**	**-3.421**	**-**
	Yfirstjórn:	**-**	**-421**	**-**
101	Aðalskrifstofa	-	-421	-
	Önnur mál:	**74.780**	**-3.000**	**-**
201	Náttúruverndarráð	-	-3.000	-
210	Veiðistjóri	47.537	-	-
301	Skipulagsstjóri ríkisins	22.077	-	-
310	Landmælingar Íslands	252	-	-
410	Veðurstofa Íslands	942	-	-
999	Ýmis verkefni	3.972	-	-
	SAMTALS	**487.771**	**-223.133**	**220.621**

72. Frumvarp til laga [69. mál]

um dýravernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til allra hryggdýra, en þó einkum til þeirra sem eru í vörslu eða umsjón manna.

Um meðferð og aðbúnað einstakra búfjártegunda skal að auki fara að fyrirmælum laga og reglugerða þar að lútandi.

II. KAFLI
Meðferð dýra, vistarverur og umhirða.

2. gr.

Skylt er að fara vel með dýr og forða þeim frá vanlíðan.

3. gr.

Eigendum eða umráðamönnum dýra ber að sjá þeim fyrir fullnægjandi vistarverum, nægilegu fóðri, vatni og umhirðu.

Vistarverur dýra skulu vera þrifalegar og hæfilega rúmgóðar. Tryggt skal að dýr hafi hæfilegt frelsi til hreyfinga með hliðsjón af eðlilegum þörfum þeirra samkvæmt viðurkenndri reynslu og þekkingu. Frelsi þeirra til hreyfingar má ekki skerða á þann hátt að það valdi þeim þjáningu eða meiðslum.

Haga skal lýsingu, hita, loftræstingu, rakastigi og öðrum aðstæðum í vistarverum dýra í samræmi við þarfir þeirra dýra sem þar eru. Forðast ber óþarfa hávaða.

Haga skal fóðrun og brynningu dýra með þeim hætti að ekki sé hætta á að þau þjáist eða bíði heilsutjón af.

4. gr.

Eigendur eða umráðamenn dýra skulu fylgjast með heilsu þeirra og ástandi svo að komast megi hjá ónauðsynlegri vanlíðan dýranna.

Sérstakt eftirlit skal haft með dýrum sem haldin eru á tæknivæddum stórbúum. Áður en slík bú eru tekin í notkun og að minnsta kosti árlega eftir það skal héraðsdýralæknir eða fulltrúi yfirdýralæknis skoða vistarverur og tæknibúnað sem ætlað er dýrum og fullvissa sig um að hvort tveggja sé í samræmi við lög og reglugerðir.

5. gr.

Að vetri til, þegar búfé er látið ganga úti, er haldið til beitar eða látið liggja við opið, er skylt að hafa á staðnum vistarverur við hæfi eða annað öruggt og hentugt skjól í öllum veðrum. Einnig skal vera þar nægilegt fóður og vatn og litið skal eftir búfénu reglulega en daglega eða oftar ef nauðsyn krefur að mati forðagæslumanns, ráðunautar eða dýralæknis.

6. gr.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð, í samráði við landbúnaðarráðherra, nánari fyrirmæli um vistarverur og aðbúnað dýra. Þar skal m.a. setja skilyrði fyrir eða bann við innilokun dýra í búrum eða þröngum stíum og tjóðrun þeirra til langframa.

Þegar búfé á í hlut skal fara að reglum, settum samkvæmt lögum um búfjárhald, nr. 46/1991.

7. gr.

Óheimilt er að hrekkja eða meiða dýr. Þeim skal sýna vægð og nærgætni í brúkun og forðast skal að ofbjóða kröftum þeirra. Einungis má nota í keppni dýr sem eru heilbrigð og vel þjálfuð. Óheimilt er að nota hormón, deyfilyf eða hliðstæð efni til að hafa áhrif á afkastagetu dýra í keppni.

8. gr.

Eyrnamarka skal dýr sem yngst og á þann hátt að valdi sem minnstum sársauka. Óheimilt er að eyrnamarka fullvaxið dýr án deyfingar.

9. gr.

Ökumenn skulu sýna dýrum á vegum fyllstu tillitssemi. Verði dýr fyrir ökutæki ber stjórnanda þess skylda til að stöðva ökutækið strax og ganga úr skugga um hversu alvarlegt slysið er.

10. gr.

Verði maður var við að dýr sé sjúkt, lemstrað eða bjargarlaust að öðru leyti er honum skylt að veita því umönnun eftir föngum og gera eiganda eða umráðamanni, löggæslumanni eða dýralækni viðvart án tafar. Náist ekki til þessara aðila og sjúkdómur dýrs eða lemstur er tvímælalaust banvænn og dýrið er mjög kvalið er viðkomandi skylt að deyða dýrið eða láta deyða það. Þeim sem deyðir dýr með þessum hætti er skylt að skýra eiganda, umráðamanni eða löggæslumanni frá því svo fljótt sem kostur er.

11. gr.

Ef dýr villast eða strjúka að heiman eða sleppa úr lokuðum girðingum skulu eigendur eða umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Löggæslan getur tekið slík dýr í vörslu sína. Skal hún þá geyma dýrið í a.m.k. 10 daga og auglýsa það. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað. Annars skal dýrinu ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað.

Þegar búfé á í hlut skal fara að lögum um búfjárhald, reglum laga um afréttarmál og fjallskil og lögum um varnir gegn smitandi búfjársjúkdómum.

12. gr.

Við flutning á dýrum skal þess gætt að útbúnaður farartækis sé góður og við hæfi hverju sinni og að gott eftirlit sé með dýrunum meðan á flutningi stendur.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum.

III. KAFLI
Sérstakt dýrahald í atvinnuskyni, annað en í landbúnaði.

13. gr.

Sérstakt leyfi þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf sérstakt leyfi til að setja á stofn dýragarða, dýrasýningar eða dýrahappdrætti.

Leyfi skv. 1. mgr. veitir viðkomandi lögreglustjóri. Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar skv. 1. og 4. mgr. og getur bundið leyfi þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að tryggja hæfilega meðferð dýranna, svo sem um aðbúnað þeirra, umhirðu, vistarverur og eftirlit með starfseminni. Undanþegnar eru sýningar samkvæmt búfjárræktarlögum.

Óheimilt er að temja dýr til sýnis almenningi eða taka af þeim kvikmyndir ef það veldur þeim sársauka eða ótta.

Sérstakt leyfi umhverfisráðherra þarf til veiða villtra dýra fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra.

IV. KAFLI
Aðgerðir á dýrum og aflífun.

14. gr.

Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó lyfjagjafir í samráði við dýralækni. Þegar aðgerð á dýrum er sársaukafull skal ávallt nota deyfilyf eða svæfingu.

Dýralæknum einum er heimilt að gelda dýr með þeim undantekningum sem settar verða í reglugerð.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um aðgerðir á dýrum sem eru framkvæmdar án læknisfræðilegra ástæðna.

15. gr.

Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og án þess að önnur dýr verði þess vör. Dýr skulu ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram. Umhverfisráðherra getur sett nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að aflífun dýra við slátrun.

V. KAFLI
Dýraveiðar.

16. gr.

Ávallt skal staðið að veiðum þannig að það valdi dýrunum sem minnstum sársauka. Skylt er veiðimönnum að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa dýr sem þeir hafa veitt áverka.

Um veiðar einstakra dýrategunda skal fara að fyrirmælum gildandi laga um vernd, friðun og veiðar dýra.

VI. KAFLI
Tilraunir á dýrum.

17. gr.

Óheimilt er að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið.

Umhverfisráðherra skipar tilraunadýranefnd til fjögurra ára í senn. Í henni eiga sæti yfirdýralæknir, sem er formaður nefndarinnar, forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum og fulltrúi, tilnefndur af Rannsóknastofnun í siðfræði.

Gæta skal þess við tilraunir eða aðgerðir á dýrum að þær baki þeim ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er.

Tilraunadýranefnd skal tryggja að þeir sem nota dýr í tilraunaskyni hafi fengið upplýsingar um meðferð tilraunadýra og reglur þar að lútandi.

Einungis má nota lifandi dýr í þessum tilgangi ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri.

Umhverfisráðherra setur í samráði við tilraunadýranefnd reglugerð þar sem kveðið er á um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum.

VII. KAFLI
Skipan dýraverndarmála.

18. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða dýravernd.

Ráðherra til aðstoðar er dýraverndarráð sem umhverfisráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í ráðinu eiga sæti fimm menn. Einn er tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, einn af Dýralæknafélagi Íslands og einn af Sambandi dýraverndarfélaga Íslands. Umhverfisráðherra skipar einn mann í ráðið án tilnefningar og er hann jafnframt formaður. Í öllum tilfellum skal skipa annan mann til vara samkvæmt tilnefningu framangreindra aðila.

Tillagna eða umsagna dýraverndarráðs skal ætíð leita við setningu reglugerða, leyfisveitinga og annarra stjórnvaldsfyrirmæla um dýravernd. Ráðinu ber að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu. Dýraverndarráð skal láta dýraverndarnefndum, héraðsdýralæknum, löggæslumönnum, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni er varða dýravernd. Ráðið skal auk þess beita sér fyrir því að auka þekkingu og skilning manna á dýravernd.

Kostnaður vegna starfsemi dýraverndarráðs greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Í hverju umdæmi héraðsdómstóls, sbr. lög nr. 92/1989, skal skipa sérstaka dýraverndarnefnd. Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skipan nefnda þessara og val manna í þær. Hann setur nefndum starfsreglur.

Dýraverndarnefndir skulu vera almenningi til ráðuneytis í dýraverndarmálum og vera löggæslumönnum til aðstoðar við eftirlit með lögunum. Kostnaður við störf dýraverndarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

VIII. KAFLI
Eftirlit með framkvæmd laganna og viðurlög.

20. gr.

Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum ber þeim sem þess verða varir að tilkynna það til lögreglu í viðkomandi umdæmi, héraðsdýralæknis, dýraverndarnefndar eða dýraverndarráðs.

Við eftirlit með lögum þessum er fulltrúa dýraverndarnefndar ásamt héraðsdýralækni eða löggæslumanni heimilt að fara á hvern þann stað innan umdæmis þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Eigi er þó heimilt að fara inn í íbúðarhúsnæði án samþykkis umráðamanns nema að fengnum dómsúrskurði.

Telji dýraverndarnefnd, héraðsdýralæknir eða löggæsla að um minni háttar brot sé að ræða skulu þeir leggja fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi ekki skipast við tilmæli skal lögreglustjóri leggja á dagsektir, fyrirskipa úrbætur á kostnað viðkomandi eða beita þeim úrræðum sem mælt er fyrir í 4. mgr.

Telji dýraverndarnefnd, héraðsdýralæknir eða löggæsla að um sé að ræða alvarlegt brot á dýraverndarlögunum eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim geta þessir aðilar tekið dýr fyrirvaralaust úr vörslu eiganda eða umsjónarmanns. Ber dýraverndarnefnd, héraðsdýralækni eða löggæslu að tilkynna slíkar aðgerðir til lögreglustjóra þegar í stað. Lögreglustjóri skal í framhaldi af því, að fenginni tillögu dýraverndarnefndar og umsögn héraðsdýralæknis, ákveða hvort dýrin skuli vera áfram í vörslu löggæslu þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið. Á meðan dýrin eru í vörslu löggæslu er viðkomandi sveitarstjórn skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýrin á kostnað eiganda eða umsjónarmanns. Sé þess ekki kostur skal lögreglustjóri láta bjóða þau upp og selja til lífs eða slátrunar eða láta aflífa þau að öðrum kosti. Vilji eigandi eða umsjónarmaður dýra, sem hald er lagt á, ekki hlíta þeirri ákvörðun skal honum bent á að hann geti borið ágreiningsefnið undir dómara. Slík krafa frestar þó ekki að hald verði lagt á dýrið.

Telji lögreglustjóri það nauðsynlegt, til að stöðva eða fyrirbyggja illa meðferð á dýrum, getur hann fyrirvaralaust svipt, til bráðabirgða, eiganda eða umsjónarmann heimild til að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 24. gr., enda hafi dýraverndarnefnd og/eða héraðsdýralæknir gert tillögur um það. Gildir þessi bráðabirgðaleyfissvipting þótt eigandi eða umsjónarmaður flytji dýrin í annað lögsagnarumdæmi.

Endurgreiðslur vegna útgjalda skv. 20. gr. eru aðfararhæfar.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum eða varðhaldi. Ef brot er stórfellt eða ítrekað getur það varðað fangelsi allt að tveimur árum.

Hlutdeild í brotum og tilraun til brota á lögum þessum er refsiverð.

22. gr.

Hafi maður gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, er unnt að svipta hann með dómi heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting getur lotið að dýrum almennt eða einstökum tegundum og staðið tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákæruvaldið getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í opinberu máli hvort sem krafist er refsingar á hendur sakborningi eða ekki. Aðili, sem sviptur er heimild samkvæmt þessari málsgrein og skeytir ekki ákvæði dóms um heimildarsviptingu, skal sæta sektum.

23. gr.

Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna er skylt að sjá til þess að þau börn, sem þau hafa forráð fyrir, hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Fremji barn, yngra en 16 ára, brot á lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna skal þeim refsað fyrir brotið ef sannað er að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir það.

24. gr.

Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

IX. KAFLI
Brottfallin lög og gildistaka.

25. gr.

Umhverfisráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum enda séu þær í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur um dýravernd, sem settar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við þau uns nýjar reglur hafa verið settar.

Lög þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir að þau hafa verið birt. Frá sama tíma eru numin úr gildi lög nr. 21/1957, um dýravernd, sbr. lög nr. 38/1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Það var endurflutt á 116. löggjafarþingi með nokkrum breytingum, fæstum efnislegum, en varð ekki útrætt í þingnefnd. Frumvarpið er nú endurflutt með einni efnislegri breytingu. Kveðið er á um í 25. gr. að reglugerðir, sem settar verða með stoð í dýraverndarlögum, skuli vera í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að.

Þann 8. ágúst 1991 skipaði Eiður Guðnason umhverfisráðherra nefnd til að endurskoða frumvarp það til laga um dýravernd sem lagt var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1991.

Í nefndina voru skipuð: Jón Gunnar Ottósson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Árni M. Mathiesen alþingismaður, Margrét Haraldsdóttir menntaskólakennari, Páll Hersteinsson, veiðistjóri ríkisins, og Sigurður H. Richter dýrafræðingur. Þóri Ibsen, starfsmanni í umhverfisráðuneytinu, var falið að vera ritari nefndarinnar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á ellefu fundum og skilaði áliti til umhverfisráðherra 27. nóvember 1991. Samkomulag varð í nefndinni um það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Aðdragandi frumvarps þessa er orðinn alllangur. Með bréfi 26. febrúar 1974 fól menntamálaráðherra þáverandi dýraverndarnefnd að endurskoða lög um dýravernd, nr. 21/1957, með síðari breytingum. Í september 1981 skiluðu meiri hluti og minni hluti nefndarinnar hvor sínu frumvarpi ásamt greinargerðum. Hvorugt þessara frumvarpa var lagt fram á Alþingi. 28. mars 1983 fól menntamálaráðherra þá nýlega skipaðri dýraverndarnefnd að fjalla að nýju um fyrrgreind frumvörp og semja nýtt. Nefndin skilaði frumvarpi í maí 1986 sem var sent út til umsagnar og var frumvarpinu breytt í framhaldi af því. Þetta frumvarp dýraverndarnefndar frá því í maí 1986 var aldrei lagt fram á Alþingi.

Með lögum nr. 47/1990 voru dýraverndarmálefni lögð til umhverfisráðuneytisins. Hinn 14. ágúst 1990 sendi dýraverndarnefnd umhverfisráðuneytinu endurskoðað frumvarp. Ráðuneytið taldi frumvarpið of viðamikið og að margt í því ætti fremur heima í reglugerð. Í framhaldi af því skilaði nefndin styttri útgáfu af frumvarpinu til ráðherra 6. janúar 1991. Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu í umhverfisráðuneytinu og var það síðan lagt fram á Alþingi til kynningar skömmu fyrir þinglok á 113. löggjafarþingi 1990–91. Umhverfisráðherra skipaði nefnd, eins og áður segir, 8. ágúst 1991 til að fara yfir þessa síðustu útgáfu frumvarps til laga um dýravernd.

Sú gerð frumvarpsins, sem hér liggur fyrir, tekur í aðalatriðum mið af tillögum dýraverndarnefndar frá 6. janúar 1991, greinargerð dýraverndarnefndar með frumvarpinu frá 14. maí 1986 og athugasemdum einstakra aðila sem fengið hafa málið til umsagnar. Einnig hefur fullt tillit verið tekið til ákvæða Evrópusamnings um vernd dýra í landbúnaði sem Ísland gerðist aðili að 19. september 1989 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 20. mars 1990.

Núgildandi lög um dýravernd eru lög nr. 21/1957, sbr. lög nr. 38/1968, um breytingu á þeim lögum, og er frumvarpinu ætlað að koma í þeirra stað. Helstu breytingarnar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, varða stjórn og skipulag dýraverndarmála og eftirlit með framkvæmd laganna. Þær eru þessar:

1. Sett verði á stofn sérstakt dýraverndarráð sem tekur til landsins alls. Ráðið kemur í stað dýraverndarnefndar samkvæmt núgildandi lögum. Hlutverk þess er sambærilegt hlutverki nefndarinnar.
2. Settar verði á stofn dýraverndarnefndir í héruðum landsins til að auka og tryggja eftirlit með framkvæmd laganna. Svæðaskipting tekur mið af skiptingu landsins í umdæmi héraðsdómstóla, sbr. lög nr. 92/1989. Opinberum aðilum er fengið aukið vald til að grípa til aðgerða vegna illrar meðferðar á dýrum.

Auk þessara meginbreytinga eru gerðar ýmsar breytingar á einstökum ákvæðum og þau gerð markvissari en samsvarandi ákvæði gildandi laga. Þá er aukið við mörgum nýjum ákvæðum. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Þar er gildissvið laganna afmarkað. Lögin taka til allra hryggdýra. Eðlilegt er þó að leggja sérstaka áherslu á þau dýr sem eru í vörslu manna eða umsjá. Ekki þykir framkvæmanlegt að láta lögin ná til allra dýra þótt augljóslega beri að fara vel með öll dýr og forða þeim frá vanlíðan.

Um 2. gr.

Greinin samsvarar 1. gr. núgildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin svarar til 2. gr. núgildandi laga en er nokkru ítarlegri. Ákvæði 1. mgr. um skyldu eigenda eða umráðamanna til að sjá dýrum fyrir fullnægjandi vistarverum, nægilegu fóðri, vatni og umhirðu ber að skoða með tilliti til tegundar viðkomandi dýra, aldurs, aðlögunarhæfni og tamningar.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli og sérlega mikilvæg vegna verksmiðjubúskapar þar sem störf eru í ríkum mæli vélvædd, svo sem í búskap með hænsnfugla, svín, kálfa, loðdýr og fiska. Eftir því sem vélvæðing er meiri er beint eftirlit með líðan einstakra dýra minni. Því er þörf á að setja bein fyrirmæli í lög til að tryggja slíkt eftirlit.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að héraðsdýralæknir eða fulltrúi yfirdýralæknis skoði og samþykki vistarverur sem ætlaðar eru dýrum á tæknivæddum stórbúum.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um þarfir búfjár þegar það er látið ganga úti, er haldið til beitar eða látið liggja við opið að vetrarlagi. Skylt er að hafa á staðnum vistarverur við hæfi, að teknu tilliti til ólíkra þarfa hinna ýmsu tegunda, og er þá miðað við að dýrin hafi öruggt og hentugt skjól í öllum veðrum. Kveðið er á um reglulegt eftirlit með búfé. Frá fyrra frumvarpi er gerð sú breyting að ekki er krafist daglegs eftirlits nema nauðsyn beri til.

Um 6. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um aðbúnað dýra og umhirðu. Setja þarf slíkar reglur í samráði við landbúnaðarráðuneytið, sbr. lög um búfjárhald, nr. 46/1991. Fellt er niður það ákvæði fyrra frumvarps að settar skuli reglur um aðbúnað dýra á tæknivæddum stórbúum, eftirlit með þeim, tæknibúnað og öryggisatriði. Þess í stað er kveðið á um að fara skuli að reglum, settum samkvæmt lögum um búfjárhald, nr. 46/1991, þegar búfé á í hlut.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 3. gr. núgildandi laga um dýravernd. Bætt hefur verið við greinina ákvæði þess efnis að bannað sé að nota deyfilyf, hormóna eða hliðstæð efni til að hafa áhrif á afkastagetu dýra í keppni. Ákvæði þetta var ekki í fyrra frumvarpinu.

Um 8. gr.

Greinin samsvarar 5. gr. núgildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin er nýmæli í lögum um dýravernd og kemur til af því hversu algengt það er að skepnur verði fyrir ökutækjum. Hliðstætt ákvæði er í 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Um 10. gr.

Greinin samvarar 6. og 16. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin er nýmæli. Eðlilegt þykir að leggja þá skyldu á herðar eigendum og umsjónarmönnum að þeir geri þegar ráðstafanir til að hafa upp á dýrum sem villast eða strjúka frá heimkynnum sínum. Kveðið er á um heimild löggæslu til að taka þessi dýr í sína vörslu. Það er áréttað að sérreglur um skil á sauðfé samkvæmt lögum um afréttarmál og fjallskil ganga framar þessu ákvæði. Einnig er minnt á lög um varnir gegn smitandi búfjársjúkdómum þegar búfé á í hlut.

Um 12. gr.

Greinin samsvarar 7. gr. núgildandi laga. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum.

Um 13. gr.

Greinin samsvarar að verulegu leyti 4. gr. núgildandi laga en er ítarlegri. Dýrahald telst vera í atvinnuskyni ef tekjur af því ná lágmarki virðisaukaskattslaga samkvæmt gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar sem tilgreindar eru í 1. og 4. mgr. greinarinnar.

Um 14. gr.

Greinin svarar til 10. og 11. gr. núgildandi laga. Tekið er fram að ekki þurfi dýralækni til að framkvæma inndælingar með viðurkenndum lyfjum. Nýmæli er að dýralæknum einum skuli heimilt að gelda dýr. Jafnframt er dýralæknum gert skylt að nota deyfilyf eða svefnlyf við allar sársaukafullar aðgerðir. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um aðgerðir á dýrum sem eru framkvæmdar án læknisfræðilegra ástæðna. Skal þar m.a. kveðið á um lyfjagjöf, geldingar sem framkvæmdar eru af öðrum en dýralæknum og aðgerðir sem óheimilt er að framkvæma á dýrum án læknisfræðilegra ástæðna. Þar skal einnig setja fyrirmæli um erfðatæknilegar aðgerðir á dýrum, notkun hormóna eða annarra efna sem ætlað er að hafa áhrif á eiginleika dýra í öðrum tilgangi en að fyrirbyggja eða lækna sjúkdóma.

Um 15. gr.

Greinin samsvarar að mestu 9. gr. núgildandi laga. Umhverfisráðherra er heimilað að setja nánari fyrirmæli í reglugerð um hvernig staðið skuli að aflífun dýra við slátrun.

Um 16. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin svarar til 12. og 13. gr. núgildandi laga, sbr. lög nr. 38/1968. Í fyrra frumvarpi var bann lagt við tilraunum með dýr en umhverfisráðherra var þó heimilt að veita undanþágu frá því ákvæði. Í ljósi þeirra athugasemda, sem fram hafa komið, þykir rétt að breyta þessu ákvæði þannig að sérstök tilraunadýranefnd geti veitt leyfi til slíkra tilrauna. Þar sem hér er um að ræða sérhæfð og viðkvæm mál, sem valdið geta bitrum deilum eins og erlend dæmi sýna, er eðlilegt að lögfesta ákvæði þess efnis að nefndin skuli skipuð sérfróðum mönnum. Með því að takmarka bannið við tilraunir, sem geta haft í för með sér álag eða þjáningar fyrir tilraunadýr, er fjöldi tilrauna undanþeginn leyfisveitingu og skriffinnsku sem óþörf er vegna dýraverndar, m.a. fóður- og kynbótatilraunir. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum. Í þessu sambandi þykir rétt að vekja athygli á tilskipun Evrópubandalagsins um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni (86/609/EBE), en tilskipun þessi er í II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 18. gr.

Greinin svarar til 17. gr. núgildandi laga. Lagt er til að í stað dýraverndarnefndar komi dýraverndarráð til aðgreiningar frá dýraverndarnefndum sem áformað er að skipa skv. 19. gr. Hlutverk dýraverndarráðs er sambærilegt hlutverki dýraverndarnefndar samkvæmt núgildandi lögum. Fellt er niður ákvæði um að störf dýraverndarnefndar skuli vera ólaunuð. Þetta er eðlilegt þar sem í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að starfssvið dýraverndarráðs verði umfangsmeira en dýraverndarnefndar áður.

Um 19. gr.

Stofnun dýraverndarnefnda er nýmæli. Eðlilegt sýnist að miða við að ein dýraverndarnefnd starfi í hverju umdæma héraðsdómstóls eins og þau eru afmörkuð í lögum nr. 92/1989. Þetta er liður í því að bæta og auka eftirlit með framkvæmd laganna.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 14. gr. núgildandi laga. Í 1. mgr. er lögð sú skylda á alla sem verða varir við illa meðferð á dýrum að tilkynna það til viðkomandi aðila. Í 2., 3. og 4. mgr. er mælt fyrir um heimildir dýraverndarnefnda, héraðsdýralækna og löggæslumanna til að grípa til aðgerða vegna brota á lögunum.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Greinin samsvarar 19. gr. núgildandi laga.

Um 23. gr.

Greinin samsvarar 20. gr. núgildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. núgildandi laga.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um dýravernd.

Helstu breytingar miðað við gildandi lög varða stjórn og skipulag dýraverndarmála og eftirlit með framkvæmd laganna.

Kostnaðaráhrif frumvarpsins felast einnig í þessum breytingum og er ákvæði þar að lútandi að finna í 17., 18. og 19. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er um að ræða skipun fimm manna dýraverndarráðs, auk jafnmargra varamanna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að skipaðar verði átta dýraverndarnefndir, ein í hverju umdæmi héraðsdómstóls. Í þriðja lagi kemur til skipunar tilraunadýranefndar sem í eiga sæti þrír sérfróðir aðilar. Samkvæmt frumvarpinu á kostnaður við dýraverndarráð, dýraverndarnefndir og tilraunadýranefnd að greiðast úr ríkissjóði.

Dýraverndarráði er ætlað að taka við hlutverki núverandi dýraverndarnefndar sem er ólaunuð. Þá verður hlutverk dýraverndarráðs mun víðtækara en hlutverk núverandi dýraverndarnefndar sem gæti leitt til þess að ráða þyrfti starfsmann. Verði sú raunin má ætla að kostnaður við dýraverndarráð geti orðið á bilinu 3–4 millj. kr. hið minnsta.

Dýraverndarnefndir eru ekki starfandi nú samkvæmt gildandi lögum. Ætla má að fulltrúar í hverri nefnd verði að lágmarki þrír og einn til vara. Þannig má reikna með að greiða þurfi um 30 manns þóknun fyrir setu og störf í þessum nefndum. Þá má ætla að ýmis annar kostnaður falli til vegna starfsemi nefndanna en þóknanir nefndarmanna, t.d. ferðakostnaður. Ekki er ólíklegt að kostnaður ríkissjóðs vegna dýraverndarnefnda verði á bilinu 1–2 millj. kr.

Gera má ráð fyrir að þóknanir til tilraunadýranefndar yrðu um 300 þús. kr. á ári.

Samkvæmt framansögðu má ætla að árleg útgjöld ríkissjóðs aukist um 4,3–6,3 millj. kr. verði frumvarpið óbreytt að lögum.

73. Frumvarp til laga [70. mál]

um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

Lokamálsliður e-liðar 1. gr., orðin „Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald,“ fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpstextinn skýrir sig sjálfur en rökin fyrir breytingartillögunni eru þessi:

Þegar Happdrætti Háskóla Íslands var stofnað með lögum nr. 44/1933 var peningahappdrætti nýjung á Íslandi sem aðrir höfðu ekki heimild fyrir. Vegna þessa einkaleyfis Háskólans til rekstrar peningahappdrættis þótti eðlilegt að ríkissjóður nyti í einhverju hluta arðsins af svo ábatavænlegu fyrirtæki sem happdrættið hefur svo sannarlega verið en eins og kunnugt er hefur Háskólinn fjármagnað húsakost sinn að verulegu leyti án fjárframlaga úr ríkissjóði.

Þetta einkaleyfi hefur ekkert gildi lengur þar sem æ fleiri aðilar hafa nú fengið leyfi til að reka peningahappdrætti og þar með veitt Háskóla Íslands harða samkeppni án þess að þurfa að greiða sams konar hluta arðsins í ríkissjóð. Eins og að líkum lætur hefur arð-

ur af Happdrætti Háskólans farið þverrandi eftir því sem peningahappdrættin urðu fleiri og því verður að teljast ósanngjarnt að það eitt greiði hluta arðsins til ríkissjóðs. Því er lagt til að framangreint ákvæði verði úr lögum fellt.

74. Frumvarp til laga [71. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1973, um Happdrætti Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Síðasti málsliður e-liðar 1. gr. laganna orðast svo: Leyfishafi skal greiða 20% af nettóársarði til annarra skóla á háskólastigi í hlutfalli við fjölda nemenda í fullu námi á næstliðnu kennsluári og skal fénu varið til uppbyggingar skólanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Jafnframt fellur niður 2. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 48/1987.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum, hefur dómsmálaráðherra heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar happdrættis með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1. gr. laganna. Samkvæmt e-lið 1. gr. skal ágóða af happdrættinu varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Auk þess er heimilt að verja honum til viðhalds háskólabygginga, til fegrunar á háskólalóðinni, til stofnunar og eflingar rannsóknastofa og til kaupa á rannsóknar- og kennslutækjum. Samkvæmt greininni skal leyfishafi greiða ríkissjóði 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald. Gjald þetta hefur verið greitt úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 48/1987. Hefur sjóðurinn veitt styrki til meiri háttar tækjakaupa og byggingarframkvæmda, sbr. 2. mgr. 19. gr. sömu laga. Með frumvarpi þessu er lagt til að gjaldi þessu verði skipt milli annarra skóla á háskólastigi í stað þess að það renni í ríkissjóð og síðan í fyrrnefndan byggingarsjóð. Ekki er það ætlun flutningsmanns að skerða ráðstöfunarfé byggingarsjóðsins, enda mundi fjárveiting í fjárlögum til hans, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 19. gr., væntanlega hækka sem næmi missi einkaleyfisgjaldsins. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að skipting fjárins til annarra skóla á háskólastigi verði í hlutfalli við nemendafjölda næstliðins kennsluárs.

Háskóli Íslands hefur um langan aldur haft einkaleyfi til reksturs happdrættis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hefur ágóði þess komið sér vel við uppbyggingu mannvirkja á háskólasvæðinu, svo og við kaup á tækjum og búnaði ýmiss konar. Á síðustu árum hefur skólum á háskólastigi fjölgað ört hér á landi. Má þar fyrst nefna Kennaraháskóla Íslands. Sá skóli, sem nú er í örustum vexti, er Háskólinn á Akureyri. Með frumvarpi þessu er leitast við að koma að nokkru til móts við þörf annarra skóla á háskólastigi og lagt til að þeim 20% af nettóársarði, sem Happdrætti Háskóla Íslands hefur hingað til greitt í ríkissjóð, verði skipt milli þeirra. Eðlilegt væri að stjórn happdrættisins sæi um þá hlið mála. Á síðasta ári greiddi Happdrætti Háskóla Íslands rúmlega 70 millj. kr.

einkaleyfisgjald til ríkissjóðs. Lagabreytingu þessari er ekki stefnt gegn Háskóla Íslands, enda mundi hún í engu skerða það fé sem Háskólinn hefur af happdrættinu en gæti orðið til þess að fjölga velunnurum happdrættisins. Lagabreytingin gæti orðið til þess að fleiri sæju sér hag í að spila í happdrættinu þar sem hluti arðsins rynni til þess skóla sem þeim væri hugleikinn. Má því vænta þess að nemendur, sem hafa stundað eða munu stunda nám í skólum á háskólastigi, spiluðu frekar í happdrættinu. Mundi þá skapast breiðari stuðningur við Happdrætti Háskólans sem er afar mikilvægt. Horfur eru því á að jafnt Háskóli Íslands sem aðrir skólar á háskólastigi nytu góðs af breytingunni. Bættur búnaður og húsakostur þeirra hlýtur að vera allra hagur.

75. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á lögum nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný svohljóðandi málsgrein:

Manni, sem býr á dvalarheimili aldraðra eða í öðru húsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum, skal heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann hafði fasta búsetu áður.

2. gr.

Við 5. mgr. 4. gr. laganna (er verður 6. mgr.) bætist nýr málsliður svohljóðandi: Sama gildir um lögheimili manns skv. 4. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi voru 21. apríl 1990 samþykkt lög um lögheimili, nr. 21/1990, og leystu þau af hólmi lög nr. 35 30. maí 1960. Samkvæmt lögunum er meginreglan sú að maður eigi lögheimili þar sem hann hefur fasta búsetu, sbr. 1. gr. Í 4. gr. eru gerðar undantekningar frá meginreglunni varðandi námsmenn, alþingismenn og ráðherra.

Með lögum nr. 68/1982 voru gerðar breytingar á þágildandi lögum um lögheimili, nr. 35/1960, þess efnis að menn gætu ekki átt lögheimili á elliheimilum eða í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra eða öryrkja, byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð, nema sveitarstjórn heimilaði undantekningu. Var því í raun lagt bann við að menn gætu átt lögheimili á elliheimili eða í íbúðum aldraðra. Sú takmörkun var felld niður með gildandi lögum og er nú gert ráð fyrir að menn eigi lögheimili á dvalarheimilum aldraðra, enda er ljóst að þeir sem flytja þangað koma til með að dveljast þar til frambúðar og taka þar upp fasta búsetu. Áðurnefnt bann gat valdið öldruðum

ýmsum vandkvæðum og gert þá mun háðari ættingjum sínum og venslafólki en ella. Núgildandi regla er þó engan veginn gallalaus og í raun aðför að persónufrelsi og réttarstöðu manna. Eru það og sjálfsögð mannréttindi að fá að eiga lögheimili þar sem menn hafa lengstum búið og unnið ævistarf sitt.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekin verði í lög heimild til handa þeim sem búa í húsnæði, sem ætlað er öldruðum, til að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem þeir höfðu fasta búsetu áður. Víða um land er málum þannig háttað að nokkur sveitarfélög reka saman dvalarheimili fyrir aldraða í einu þeirra, oftast þéttbýlisstað. Verði frumvarp þetta að lögum geta menn eftir sem áður átt lögheimili í sínu gamla sveitarfélagi enda þótt þeir flytjist búferlum á dvalarheimili í öðru sveitarfélagi. Gefst þeim þar með kostur á að halda áfram tryggð við sitt sveitarfélag, en slíkt er oft mikið tilfinningamál hjá gömlu fólki. Auk þess mundu aldraðir með þeim hætti geta tryggt að jarðir þeirra færu ekki í eyði með öllum þeim óþægindum sem slíku fylgir.

Með frumvarpinu er því lagt til að gerð verði undantekning frá þeirri meginreglu sem kveðið er á um í 1. gr. laga nr. 21/1990 um fasta búsetu. Hafa ber þó í huga að eftir sem áður er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að aldraðir eigi lögheimili á dvalarheimilum aldraðra. Hins vegar kunna þær aðstæður að vera fyrir hendi að slík lögheimilisskráning geti valdið öldruðum tjóni, hvort heldur er fjárhagslegu eða tilfinningalegu. Er því nauðsynlegt að í lögunum sé heimild þeim til handa til að eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem þeir áttu fasta búsetu í áður. Munu slík tilvik væntanlega verða sjaldgæf. Gert er ráð fyrir að þessi heimild gildi um allt húsnæði sem ætlað er öldruðum. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort viðkomandi á umrætt húsnæði eður ei.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er gert ráð fyrir að lögfest verði sérstök heimild fyrir íbúa á dvalarheimili aldraðra eða í öðru húsnæði, sem sérstaklega er ætlað öldruðum, til að eiga lögheimili áfram í sveitarfélagi þar sem þeir höfðu áður fasta búsetu.

Um 2. gr.

Með greininni er gerð breyting á 5. mgr. 4. gr. gildandi laga þess efnis að verði ágreiningur um lögheimili manns, sem býr í húsnæði fyrir aldraða, skuli hann sjálfur ákveða hvar það skuli vera. Geri hann það hins vegar ekki ákveði Þjóðskráin það. Er hér um viðbót við málsgreinina að ræða.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

76. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um aðgerðir til að tryggja vegasamband hjá Jökulsárlóni.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning aðgerða til að tryggja vegasamband á hringveginum hjá Jökulsárlóni í Austur-Skaftafellssýslu. Kostnaður við

athuganir og aðgerðir í þessu skyni greiðist af óskiptu vegafé. Skilað verði skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. maí 1994.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á 116. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Meginforsendur málsins eru óbreyttar og því er tillagan nú endurflutt. Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi í ágúst 1992 var lýst stuðningi við tillöguna og á aðalfundi SSA í ágúst sl. var ályktað eftirfarandi um „ótryggt vegasamband við Jökulsá á Breiðamerkursandi“:

„Aðalfundur SSA, haldinn á Breiðdalsvík 26. og 27. ágúst 1993, lýsir áhyggjum yfir því alvarlega ástandi sem gæti skapast vegna ágangs sjávar við brúna á Jökulsá á Breiðamerkursandi og minnir alþingismenn á samþykkt frá síðasta aðalfundi um þetta efni.“

Þá er nú bætt við málið nýju fylgiskjali (fskj. III) sem er yfirlit frá Vegagerð ríkisins með niðurstöðum mælinga varðandi rof í árfarvegi og á ströndinni við útfall Jökulsár á Breiðamerkursandi. Einnig er í fylgiskjali IV að finna brot úr útboðslýsingu ásamt uppdrætti sem sýnir rofvörn sem nú er unnið að í árfarveginum.

Sem kunnugt er hafa orðið miklar breytingar á afstöðu láðs og lagar við Jökulsárlón í Austur-Skaftafellssýslu. Strandlínan hefur færst inn sem nemur 700 m frá því í byrjun aldarinnar eða sem svarar 8,5 m á ári að meðaltali. Eru nú aðeins 300 m frá fjörubakka að hengibrúnni á þjóðvegi sem byggð var á árunum 1966–1967. Þetta segir hins vegar ekki alla sögu því að breytingar hafa einnig orðið á inn- og útfalli úr jökullóninu norðan brúar. Við óhagstæðar aðstæður, stórstreymi og brim, getur hér orðið hraðfara rof sem veikir undirstöður brúarinnar löngu áður en strandlínan hefur náð henni sem líkur eru á að geti orðið á nokkrum áratugum.

Jökulsárlón er nú orðið um 12,5 ferkílómetrar á stærð og fer stækkandi því að Breiðamerkurjökull er stöðugt að hopa. Nýlegar mælingar á þykkt jökulsins hafa leitt í ljós að hann liggur í lægð sem er undir sjávarmáli á um 20 km vegalengd til norðurs. Fer dýpi vaxandi innan við núverandi jökulrönd og nær mest rúmlega 200 m undir sjávarmál. Ef jökullinn hyrfi væri þarna um 20 km langur og 2–4 km breiður fjörður sem næði inn á milli Esjufjalla og Svöludals norðvestur af Þverártindsegg. Það er því borin von að með áframhaldandi hopi jökulsins skapist aðstæður til brúargerðar norðan við núverandi jökullón.

Hér er svo stórt og mikilsvert mál á ferðinni að nauðsynlegt er að kanna í tæka tíð hversu við skuli brugðist og hvernig standa eigi að framkvæmdum, tæknilega og fjárhagslega. Í tillögunni kemur fram það viðhorf að eðlilegt sé að greiða kostnað vegna athugana og framkvæmda síðar af óskiptu vegafé þar eð hér er um stórmál að ræða sem varðar landið allt. Á sínum tíma voru vegaframkvæmdir á Skeiðarársandi kostaðar með átaki sem allir landsmenn stóðu að.

Það voru heimamenn sem fyrstir vöktu athygli á því hversu hraðfara breytingar eiga sér hér stað. Í janúar 1990 kynnti Fjölnir Torfason á Hala, sem á hlut að ferðaþjónustu við Jökulsárlón, opinberum stofnunum niðurstöður af mælingum sínum á landbrotinu. Þáverandi samgönguráðherra svaraði í framhaldi af því fyrirspurn um málið á Alþingi og beitti sér fyrir fyrstu aðgerðum. Síðan hafa Vegagerð ríkisins og fleiri fylgst með þróun á svæðinu og rætt hefur verið hvernig við skuli bregðast. Veglína austan brúar hefur þegar verið færð til og var sumarið 1992 styst tæpa 140 m frá fjörubakka en var áður í 56 m fjarlægð.

Með tillögu þessari er birt sem fylgiskjal grein eftir Helga Jóhannesson, verkfræðing hjá Vegagerð ríkisins, og er þar dreginn fram margháttaður fróðleikur og reifaðar fyrstu hugmyndir um æskileg viðbrögð. Enn fremur er birt fjarvíddarmynd af botni Breiðamerkurjökuls og nágrennis samkvæmt íssjármælingum Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Á það skal minnt að umrætt landbrot kemur við fleiri þætti en vegasamband. Til dæmis liggja raflínur og ljósleiðari um eiðið milli Jökulsárlóns og sjávar. Þarf að taka tilllit til alls þessa við málsmeðferð framvegis.

Með tillögunni er gert ráð fyrir að hið fyrsta verði mörkuð stefna af hálfu stjórnvalda varðandi aðgerðir og að skýrsla ríkisstjórnar um málið liggi fyrir eigi síðar en 1. maí 1994.

Um fskj. I og II vísast til fskj. I og II á þskj. 23, 23. mál 116. löggjafarþings, bls. 615–619 í A-deild Alþt. 1992–93.

Fylgiskjal III.

Vegagerð ríkisins:

Niðurstöður mælinga á rofi í árfarvegi og á ströndinni við útfall Jökulsár á Breiðamerkursandi.
(8. október 1993.)

Eins og fram kom í umsögn Vegagerðarinnar um þingsályktunartillöguna þá er vandamálið tvíþætt. Annars vegar er um að ræða botnrof í farvegi Jökulsár og hins vegar er rof strandarinnar.

Meðfylgjandi tafla sýnir mælingar á árbotninum undir brúnni. Eins og þú sérð þá varð verulegt rof í þversniðinu undir brúnni frá 2/2 1991 til 29/8 1992. Frá 29/8 1992 til 16/9 1993 hefur óveruleg lækkun átt sér stað (0,14 m að meðaltali). Vegagerðin hefur þó engu að síður ákveðið að styrkja farveg árinnar með því að grjótverja árbotninn undir brúnni og einnig árbotninn 100 m ofan brúarinnar. Ég læt fylgja með ljósrit af útboðslýsingu verksins. Byrjað var að keyra grjóti undir brúna í lok september.

Varðandi rof strandarinnar þá læt ég fylgja töflu sem sýnir mælingar á rofi fjörubakkans á 8 km langri strandlengju. Svæðið austan brúarinnar er það sem mest er horft á, enda er það þar sem vegurinn er næst fjörubakkanum. Þar varð talsvert rof frá 3/9 1991 til 9/10 1992 en mjög lítið rof frá 9/10 1992 til 28/9 1993. Þegar á heildina er litið hefur rof síðustu tveggja ára verið minna en meðaltal síðustu áratuga. Það er þó engin ástæða til að að ætla annað en að rofið haldi áfram næstu áratugi þó að vissulega ætti heldur að draga úr hraða rofsins.

Veturinn 1992 var vegurinn, þar sem hann var næst sjónum, færður fjær sjónum um sem nam 80 m. Ef rofhraðinn verður áfram 8 m/ári þarf enn að færa veginn eftir u.þ.b. 10 ár. Ekki er gert ráð fyrir að færa þurfi brúna svo fljótt. Á næstunni verður lokið við að hanna næstu færslu veglínunnar austan brúarinnar og verður veglínan frá gamla farvegi Stemmu að Jökulsárlóni þá færð eins norðarlega og hægt er án þess að aðkoman að brúnni frá austri verði óviðunandi.

Áfram er síðan að sjálfsögðu unnið að athugun og hönnun á færslu vegarins inn í sjálft lónið og byggingu brúar í nýju brúarstæði. Búið er að gera nauðsynlegar rannsóknir til að hægt sé að ljúka þeirri vinnu. Það fer síðan eftir niðurstöðu þeirrar vinnu hvenær ráðist verður í rannsóknir tengdar því að verja ströndina.

Helgi Jóhannesson,
Vegagerð ríkisins.

Mælingar á botnkótanum undir brúnni yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi

	Fjarlægð í metrum frá austasta hengistaginu í brúnni																
	0,00	3,80	7,60	15,2	22,8	30,4	38,0	45,6	53,2	60,8	68,4	76,0	83,6	91,2	95,0	98,8	102,6
	Botnkóti																
05/07 '65	3,95	2,68	1,59	-0,11	-0,35	-0,31	-0,30	-0,45	-0,82	-1,42	-1,50	-1,16	-0,28	0,60	1,17	1,92	3,03
02/02 '91	3,94	3,36	1,50	0,50	0,10	-0,70	-1,00	-0,90	-0,90	-1,00	-1,20	-1,80	-1,70	0,30	2,40	3,55	3,75
21/03 '92	4,00	3,65	2,70	0,70	0,15	-0,10	-0,70	-1,55	-1,75	-1,85	-1,90	-1,70	-2,10	1,20	2,90	3,50	3,65
29/08 '92	3,94	3,61	2,57	1,08	1,19	-0,78	-1,03	-1,16	-2,05	-3,57	-3,72	-2,48	-2,68	1,37	2,90	3,50	3,65
09/02 '93	**3,94**	**3,61**	**2,57**	**0,60**	**0,20**	**-0,95**	**-0,93**	**-1,15**	**-1,15**	**-1,30**	**-1,55**	**-1,53**	**-2,38**	**1,37**	**2,90**	**3,50**	**3,65**
29/07 '93	3,94		2,60	0,68	0,19	-1,13	-1,48	-0,96	-1,75	-3,37	-3,88	-2,48	-2,28	1,37			
16/09 '93	3,94		2,57	0,68	-0,01	-0,93	-1,58	-1,06	-1,70	-3,47	-3,83	-2,48	-2,28	1,29			

- Brúin var byggð 1967.
- Hæðir eru í hæðarkerfi Orkustofnunar. Í því hæðarkerfi er meðalstórstraumsflóð í kóta 1,6 m, meðalsmástraumsflóð í kóta 1,1 m, meðalsjór í kóta 0,7 m, meðalsmástraumsfjara í kóta 0,3 m og meðalstórstraumsfjara í kóta -0,2 m.
- Áin stóð upp þegar mælingin þann 9/2 1993 var framkvæmd. Fínefni hafði safnast fyrir í farveginum og er þessi mæling því ekki marktæk.

Niðurstöður mælinga á rofi strandlengjunnar við Jökulsá á Breiðamerkursandi

	Vestur														Jökulsá													Austur
Fjarlægð frá Jökulksá (m)	4000	3500	3000	2500	2000	1800	1600	1400	1200	1000	800	600	400	200	0	200	400	600	800	1000	1200	1400	1600	1800	2000	2500	3000	3500	4000
3/9 1991	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0		50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0
9/10 1992	51,0 sk.k	50,0 sk.k	46,5 sk.k	48,5 sk.k	37,5 b	43,0 b	50,0 b	48,6 b	47,5 b	49,5 hb	50,0 hb	49,7 hbf	50,0 hbf	49,5 hbf		41,4 sk.k	43,5 sk.k	47,5 b	48,0 b	40,7 hb	43,0 hb	42,6 hb	42,3 hb	39,7 hb	39,1 hb	48,5 b	34,0 ósk.k	45,0 ósk.k	47,0 ósk.k
28/9 1993	54,2 sk.k	51,0 sk.k	43,9 sk.k	38,5 sk.k	32,7 b	34,0 b	48,5 b	34,3 b	32,3 b	42,9 hb	47,2 hb	49,1 hbf	49,7 hbf	49,6 hbf		40,2 sk.k	50,0 sk.k	47,4 b	48,3 b	39,3 hb	39,8 hb	41,3 hb	41,7 hb	39,2 hb	36,5 hb	48,8 b	25,6 sk.k	? sk.k	45,5 sk.k
rof '91 til '93	+4,2	+1,0	-6,1	-11,5	-17,3	-16,0	-1,5	-15,7	-17,7	-7,1	-2,8	-0,9	-0,3	-0,4		-9,8	0,0	-2,6	-1,7	-10,7	-10,2	-8,7	-8,3	-10,8	-13,5	-1,2	-24,4	?	-4,5

Þann 3/9 1991 var sett út ein hælaröð í 50 m fjarlægð frá bakkanum. Önnur hælaröð var sett 50 m innar eða í 100 m fjarlægð frá bakkanum. Hælarnir í ytri röðinni eru merktir með fjarlægðum í metrum frá Jökulsá. Þegar fjarlægðin er mæld út í bakkann frá ytri hælaröðinni er mælt í stefnu sem markast af hælum sömu stöðvar í báðum röðum.

Útliti fjörubakkans þann 9/10 1991 er lýst með skammstöfunum í töflunni: b er rofbakki, hb er hár rofbakki, hbf er hár rofbakki sem hefur orðið fyrir áhrifum af farvegi Jökulsár, sk.k. er skýr kambur, ósk.k er óskýr kambur.

Spurningarmerkið varðandi mælinguna í stöð 3500 þann 28/9 1993 stafar af því að aðeins fannst annar hællinn. Hann var ekki merktur með fjarlægðarmerki og gat því ýmist verið stefnuhæll eða hæll í ytri röð þar sem stefnumerkið hafði losnað. Fjarlægð frá hæl út að kamb var 43,9 m þannig að rofið frá síðustu mælingu er 1,1 m ef þetta er hæll úr ytri hælaröð en 51,1 m ef hællinn er stefnuhæll. Helgi Magnússon mun á næstunni fara og innmæla hælinn og bera saman við eldri mælingu á fjörukambi til að fá úr þessu skorið.

Fylgiskjal IV.

Vegagerð ríkisins:

Úr útboðslýsingu á rofvörn í Jökulsá á Breiðamerkursandi.
(Mars 1993.)

8.2. Rofvarnir, grjótvörn tilv. 74.4

Verktaki skal gera rofvarnir samkvæmt uppdráttum og verklýsingu. Rofverja á árbakka beggja megin árinnar 100 m ofan brúar og síðan árbotninn á sama stað, ásamt árbotni undir brúnni. Efnið skal vera flokkað grjót úr námu A. Verktaki skal kynna sér vel námulýsingu og aðstæður á staðnum.

Rofvörn bakkans:

Rofverja á bæði austur og vesturbakkann á 20 m löngum kafla sem er 100 m ofan brúarinnar (sjá teikningu sem sýnir snið í árfarveginn 100 m ofan brúarinnar).

Efri brún rofvarnar er í kóta 4,0 m en neðri brún grjótvarnar er í kóta -1,0 m. Flái grjótvarnar er 1 : 3 og á þykkt grjótvarnar að vera 0,6 m.

Jafna þarf bakkann áður en grjótið er sett á hann og einnig þarf að grafa fyrir neðri brún grjótvarnarinnar og hreinsa burtu efni framan við rofvörnina sem er í kóta hærri en -1,0 m (sjá teikningu sem sýnir snið í árfarveginn 100 m ofan brúarinnar). Kostnaður við að jafna árbakkann og að fjarlægja efni í kóta hærri en -1,0 m skal vera innifalinn í einingarverði rofvarnarinnar.

Ekki má byrja á rofvörninni fyrr en búið er að jafna árbakkann og taka það verk út af eftirlitinu. Grjóti skal raðað þannig að steinn falli þétt að steini, að holrúm verði sem minnst og steinar vel skorðaðir. Leitast á við að láta stærri steinana vera neðarlega og smærra grjótið ofarlega.

Leyfð þolvik við gerð rofvarnar árbakkans eru:

Hönnuð hæð:	+-100 mm
Hannaður botnkóti:	+100/-500 mm
Hönnuð lagþykkt:	+-150 mm
Sléttleiki yfirborðs:	mestu ójöfnur mældar með 4 m réttskeið allt að +-300 mm
Sléttleiki undirlags:	mestu ójöfnur mældar með 4 m réttskeið allt að +-300 mm

Ljúka verður rofvörn árbakkans áður en byrjað er á rofvörn árbotnsins. Greitt er fyrir rúmmeter af grjóti kominn á bakkann. Í grjótvörn bakkans þarf 380 m3 af grjóti.

Rofvörn árbotnsins:

Rofverja á árbotninn undir brúnni og á svæði 100 m ofan brúarinnar (sbr. yfirlitsmynd). Verkið á að vinna þannig að grjóti er keyrt út í ána og á hæð keyrslufyllingar að vera í kóta 2,0 m og toppbreidd fyllingar að vera 4 m (sjá kennisnið). Þegar komið er út í miðjan árfarveginn á að jafna keyrslufyllingunni niður í kóta 0,0 m með gröfu eða ýtu. Jafna á út keyrslufyllingunni jafnt til beggja handa. Breidd útjöfnuðu rofvarnarinnar verður breytileg en víðast um 20 m.

Ákvörðun á toppkóta keyrslufyllingarinnar byggir á vatnshæðarmælingum Orkustofnunar í Jökulsárlóni. Niðurstöður vatnshæðarmælinganna liggja fyrir í skýrslu Orkustofnunar OS-93002/VOD-01 B. Þessi skýrsla fylgir útboðslýsingunni og ber verktaka að kynna sér gögnin.

Byrja á rofvörn árbotnsins undir brúnni að vestanverðu. Keyrslufyllingin skal ná að stöð 60 m (sjá kennisnið) áður en henni er jafnað út og byrjað að austanverðu. Þegar búið er að ljúka gerð rofvarnarinnar undir brúnni má byrja á rofvörninni í sniðinu ofan brúarinnar. Þar á einnig að byrja að vestanverðu. Sú keyrslufylling skal ná að stöð 70 m (sjá kennisnið) áður en henni er jafnað út og byrjað að austanverðu.

Í rofvörn árbotnsins fara u.þ.b. 6000 m3 af grjóti.
Uppgjörið fer þannig fram að sniðin eru mæld áður en byrjað er á keyrslufyllingunni og grjótmagnið reiknað á grundvelli kennisniðs keyrslufyllingarinnar (sjá mynd). Greitt er fyrir rúmmeter af grjóti kominn í keyrslufyllinguna.

Óvissa er talsverð í grjótmagni þar sem grjótmagnið ræðst af botnkótanum þegar verkið er unnið en sá botnkóti gæti verið frábrugðinn því sem fram kemur á meðfylgjandi þversniðum. Magnauking eða magnminnkun frá því magni sem gefið er upp í magnskrá gæti því hæglega orðið meiri en 25%. Þetta gefur verktaka þó engan rétt til breyttra einingarverða.

Í alla rofvörnina (bæði árbakki og árbotn) á að nota grjótvörn í flokki G1.

Steinaþyngdir/stærðir eru eftirfarandi:

Þyngdarhlutfall		Þyngd grjóts	Stærð grjóts
100% (1)	minna en	300 kg	0,6 m
50%	stærra en	90 kg	0,4 m
85%	stærra en	10 kg	0,2 m

(1) Æskilegt en ekki ófrávíkjanleg krafa. Steina þyngri en 700 til 1000 kg (0,8 til 0,9 m) verður þó skilyrðislaust að fleyga í sundur.

Uppgefnar steinastærðir miðast við þyngdarkröfur og að steinar séu kúlulaga.



Landhæðir á kortinu eru í hæðarkerfi Landmælinga Íslands (Ingólfshöfði, fastmerki nr. 19)
Hæðir eru 4,2 m lægri í hæðarkerfi Orkustofnunar.
Meðalsjór er í kóta 0,6 m í hæðarkerfi Orkustofnunar

VEGAGERÐ RÍKISINS		JÖKULSÁ Á BREIÐAMERKURSANDI
	JAN '93 H.J.	
1:5000		ROFVÖRN YFIRLITSMYND

77. Fyrirspurn [74. mál]

til samgönguráðherra um útboð framkvæmda hjá Vegagerð ríkisins.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hvaða framkvæmdir hefur Vegagerðin boðið út frá 1983?
2. Hver var kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar á hverri framkvæmd fyrir sig?
3. Hver átti lægsta tilboðið hverju sinni? Ef sá aðili fékk ekki verkið er óskað eftir upplýsingum um ástæðu fyrir því.
4. Hver varð raunverulegur kostnaður við hverja framkvæmd þegar allt var talið með?

Skriflegt svar óskast.

78. Frumvarp til lánsfjárlaga [75. mál]

fyrir árið 1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI

Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 27.950 m.kr. á árinu 1994.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1994 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána allt að 6.300 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna, allt að 3.700 m.kr.
2. Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar, allt að 2.500 m.kr.
3. Alþjóðaflugþjónustunnar, allt að 100 m.kr.

II. KAFLI

Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1994 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 1.–9. tölul. þessarar greinar, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 5.900 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóði ríkisins, allt að 2.250 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóði verkamanna, allt að 7.450 m.kr., sbr. 64. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 11.500 m.kr., sbr. 35. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 700 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 1.000 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóði, allt að 2.600 m.kr., sbr. 6., 10. og 17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Iðnþróunarsjóði, allt að 800 m.kr., sbr. 2. tölul. stofnsamnings um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, og lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með áorðnum breytingum.
9. Ferðamálasjóði, allt að 130 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinna aðila á árinu 1994:

1. Póst- og símamálastofnunar, allt að 195 m.kr. til þátttöku í lagningu ljósleiðara yfir Norður-Atlantshafið.
2. Lyfjaverslunar ríkisins, allt að 72 m.kr. til endurnýjunar á framleiðsludeildum.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði um lánsfjármál.

6. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

7. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast,
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum,
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

8. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir skv. II. kafla eða 7. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

9. gr.

Yfirtekin lán og ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila, eða milliganga um töku lána þeirra, skal rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

10. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

IV. KAFLI
Gildistökuákvæði.

11. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1994. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1995 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1994 nær til allra lána sem ríkissjóður hyggst taka eða ábyrgjast á því ári. Þannig næst heildarsýn yfir lánsfjármál ríkissjóðs á einum vettvangi. Framsetning frumvarpsins er hliðstæð því sem kemur fram í núgildandi lánsfjárlögum.

Með frumvarpinu er horfið frá því að skipta lántökuheimildum í innlendar og erlendar sérstaklega. Leitað er lántökuheimildar fyrir ríkissjóð, ríkisfyrirtæki og lánasjóði ríkisins til nota innan lands eða utan eftir því sem aðstæður á markaði leyfa hverju sinni. Frá og með næstu áramótum verða nær allar hömlur á fjármagnsflutningum milli landa afnumdar og verða skilin á milli innlendrar og erlendrar lántöku afar óskýr, t.d. getur íslenskur aðili keypt ríkisverðbréf gefin út erlendis eða erlendur aðili keypt ríkisverðbréf gefin út á Íslandi.

Þá er ákvæði er varða ráðstafanir í ríkisfjármálum í tengslum við fjárlagafrumvarpið ekki að finna í þessu frumvarpi, enda verður flutt sérstakt frumvarp til laga um það efni.

Hér á eftir verður fjallað um stöðu fjármagnsmarkaðarins, þróun eftirspurnar og framboðs lánsfjár og um heildarlánsfjárþörf hins opinbera. Loks er fjallað um efni sérhverrar greinar frumvarpsins.

I. Staða fjármagnsmarkaðarins.

Nokkrir þættir, er varða stöðu fjármagnsmarkaðarins og uppbyggingu hans, gefa tilefni til umfjöllunar og þess að á því sé vakin sérstök athygli.

Eitt helsta einkenni innlends fjármagnsmarkaðar er ójafnvægi í eftirspurn lánsfjár og framboði sparifjár. Lánsfjáreftirspurn hefur verið mikil á undanförnum árum og veru-

lega meiri en aukning á innlendum sparnaði. Í heild eru lántökur um þriðjungi meiri en nemur öllum innlendum sparnaði. Þetta hefur leitt til hárra raunvaxta hér á landi og til mikillar skuldasöfnunar erlendis. Háir raunvextir á innlendum fjármagnsmarkaði draga úr hagvexti til lengri tíma þar sem ekki er ráðist í nýja fjárfestingu. Erlendar skuldir þjóðarinnar, sem hlutfall af landsframleiðslu, eru með því allra hæsta sem þekkist meðal aðildarríkja OECD. Mikilvægt er að snúa þessari þróun við, draga úr lánsfjáreftirspurn og auka innlendan sparnað.

Markaðssetning ríkisverðbréfa. Á síðustu tveimur árum hafa orðið þáttaskil í aðild ríkissjóðs að innlendum fjármagnsmarkaði. Fjármálaráðherra ákvað á árinu 1992 að stefna bæri að afnámi yfirdráttar ríkissjóðs í Seðlabankanum og að öll innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs færi fram á markaði. Því var gerður samningur milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka sem takmarkaði möguleika ríkissjóðs til að stofna til yfirdráttar í bankanum. Á árinu 1992 var yfirdrátturinn takmarkaður við hámarkið þrír milljarðar króna. Um áramótin 1992–93 var alveg tekið fyrir yfirdrátt ríkissjóðs hjá bankanum en honum heimilað að kaupa beint af ríkissjóði ríkisvíxla sem kæmu til uppgjörs í næsta ríkisvíxlaútboði. Einungis í örfáum tilfellum hefur ríkissjóður þurft að selja Seðlabankanum víxla til að brúa fjárþörf milli útboða. Um næstkomandi áramót verður samkvæmt samningnum tekið fyrir þessa fyrirgreiðslu bankans og ríkissjóður verður því að mæta fjárþörf sinni að fullu á markaði. Þessi aðlögun var mikilvæg fyrir ríkissjóð á meðan fjáröflunarleiðir á markaði voru þróaðar, en einnig gerði hún Seðlabankanum kleift að móta aðgerðir til áhrifa á vaxtamyndunina.

Ríkissjóður hóf markaðssölu á verðbréfum um mitt ár 1992 með útboði á sex mánaða ríkisbréfum. Í nóvember sama ár var byrjað að bjóða út ríkisvíxla til þriggja mánaða. Fyrsta útboð langtímaverðbréfa var útboð á spariskírteinum í október 1992. Ríkisvíxlar hafa verið boðnir út tvisvar í mánuði en ríkisbréf og spariskírteini einu sinni í mánuði. Á árinu hefur tekist að festa þessa tilhögun í sessi og mæta fjárþörf ríkissjóðs innan ársins á markaði. Þetta fyrirkomulag hefur styrkt innviði fjármagnsmarkaðarins til muna.

Á árinu 1993 er gert ráð fyrir að seldir verði ríkisvíxlar með útboði fyrir 60 milljarða króna brúttó og ríkisbréf fyrir 8,8 milljarða króna. Þá er gert ráð fyrir að sala spariskírteina verði alls 9,5 milljarðar króna á árinu, þar af 7 milljarðar króna með útboði.

Skammtímaávöxtun á fjármagnsmarkaði 1993.



Í línuritinu hér að ofan er sýnd ávöxtun skammtímabréfa ríkissjóðs eins og hún hefur ákvarðast með útboði borið saman við meðalávöxtun almennra víxillána banka. Fram kemur að vextir ríkisverðbréfa hafa farið lækkandi á árinu ef undan er skilin lítils háttar hækkun í kjölfar gengisfellingar sl. sumar. Það vekur hins vegar athygli að meðalvextir almennra víxillána banka fylgja frá miðju ári engan veginn þeim vöxtum sem myndast á viðmiðunarbréfum ríkissjóðs. Þannig fór munur á ávöxtun ríkisvíxla í september hæst í um 11% en var framan af árinu milli 3 og 4%. Það er umhugsunarefni að ávöxtun ríkisverðbréfa, sem ræðst alfarið með útboði á markaði, skuli ekki endurspeglast í vaxtaákvörðunum banka á víxillánum. Þetta gefur tilefni til að ætla að samkeppnisumhverfi banka og sparisjóða sé ábótavant og að vextir á óverðtryggðum ríkisverðbréfum hafi takmörkuð áhrif á vaxtamyndun þeirra.

Á árinu var haldið áfram að þróa markað fyrir óverðtryggð ríkisverðbréf. Í maí voru boðin til sölu tólf mánaða ríkisbréf og nú í haust er fyrirhugað að gefa þau út til tveggja ára. Þá er til athugunar að gefa út óverðtryggð bréf til enn lengri tíma. Hér er um að ræða áfanga að því marki að draga úr verðtryggingu *skammtímaskuldbindinga* og aðgreina markaðsvexti til langs og skamms tíma.

Á sl. sumri var gerð tilraun með sölu á verðbréfum í erlendri mynt hér innan lands. Veruleg eftirspurn reyndist vera fyrir hendi og seldust alls bréf fyrir um 2 milljarða króna af samtals 100 milljóna dollara útgáfu sem ríkissjóður seldi að öðru leyti á markaði erlendis. Stefnt er að því að ríkissjóður gefi út markaðsverðbréf í erlendri mynt til frumsölu hér innan lands fyrir árslok.

Ríkisábyrgðir. Ríkisábyrgðir á fjárskuldbindingum eru allvíðtækar hér á landi. Tveir af þremur viðskiptabönkum eru í eigu ríkissjóðs; allir helstu fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna eru í eigu ríkissjóðs; almenna húsnæðislánakerfið er í höndum ríkissjóðs;

auk þess veitir ríkissjóður ábyrgð á lántökum ýmissa aðila. Ókostir svo víðtækra ríkisábyrgða frá peningalegu sjónarmiði eru einkum tveir. Annars vegar ýta ríkisábyrgðir undir aukna lánsfjáreftirspurn þar sem ríkistryggð lán bjóðast að öðru jöfnu á hagstæðari kjörum en ella standa til boða. Húsbréfakerfið er dæmi um þetta. Hins vegar er hætta á, og mörg dæmi um, að ekki sé tekið nægilegt tillit til arðsemi þeirra fjárfestinga sem njóta ríkisábyrgðar. Útlán Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs Íslands eru dæmi um þetta.

Með hliðsjón af ofangreindu er rík ástæða til að notkun ríkisábyrgða verði takmörkuð. Ríkisábyrgðir hafa þegar verið afnumdar í nokkrum tilvikum og áform er um frekari takmörkun þeirra. Þegar hefur ríkisábyrgð á nýjum lántökum Fiskveiðasjóðs verið afnumin. Í frumvarpi til laga um stofnun Íslenska fjárfestingarbankans hf. er ríkisábyrgð á nýjum lántökum Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs afnumin með því að starfsemi þeirra er felld inn í bankann. Loks er afnám ríkisábyrgðar á húsbréfum til athugunar í sérstakri nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði fyrr á árinu. Með þessu móti er stigið veigamikið skref í þá átt að jafna samkeppnisskilyrði á fjármagnsmarkaði.

Verðtrygging skuldbindinga. Verðtrygging skuldbindinga hefur verið mjög til umfjöllunar að undanförnu, sérstaklega með tilliti til áhrifa hennar á vaxtamyndun á innlendum fjármagnsmarkaði. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á kostum verðtryggingar þegar um *langtímaskuldbindingar* er að ræða. Slík verðtrygging er víðar viðhöfð en hér á landi. Ríkissjóðir Bretlands, Ástralíu, Írlands, Kanada og Nýja-Sjálands gefa til dæmis allir út verðtryggð langtímabréf. Ríkissjóður Bretlands er sérstaklega umsvifamikill útgefandi og seljandi verðtryggðra langtímabréfa, einkum til lífeyrissjóða og annarra langtímafjárfesta. Ríkissjóður Bandaríkjanna hefur nú einnig til athugunar að hefja sölu verðtryggðra langtímabréfa.

Með útgáfu slíkra bréfa er stefnt að því að lækka vexti á langtímamarkaði þar sem áhættu er eytt. Nafnvextir á óverðtryggðum langtímabréfum eru samansettir af þremur þáttum. Í fyrsta lagi ákveðinni raunávöxtunarkröfu, í öðru lagi álagi sem nemur áætlaðri verðbólgu á lánstímanum og í þriðja lagi sérstöku áhættuálagi vegna óvissu um verðbólgu. Með því að taka upp verðtryggingu er verið að eyða óvissunni sem ávallt fylgir verðbólgu. Þannig eru vextir á verðtryggðum langtímabréfum taldir lækka sem nemur áhættuálaginu. Miðað við reynsluna hér á landi á undanförnum árum og áratugum má gera ráð fyrir að áhættuálag á óverðtryggðum langtímabréfum vegna verðbólgu yrði það hátt að þau yrðu nánast ónothæf í viðskiptum.

II. Framboð og eftirspurn lánsfjár.

Lánsfjáreftirspurn hefur samkvæmt áætlun Seðlabanki Íslands aukist um 7,3%, eða 49 milljarða króna, á fyrri hluta árs 1993 í stað 4,1%, eða 25 milljarða króna, á sama tíma í fyrra. Á það ber hins vegar að líta að gengisfelling krónunnar hafði talsverð áhrif á reiknaða lánsfjáreftirspurn. Þannig hækkaði gengisfellingin í júní sl. erlendar skuldir um tæplega 23 milljarða króna. Sé leiðrétt fyrir áhrifum gengisfellingarinnar er vöxtur heildarlánsfjáreftirspurnar svipaður á fyrri hluta þessa árs og síðasta árs eða rösklega 4%.

Seðlabanki Íslands skiptir eftirspurn eftir lánsfé í fjóra flokka eftir því hver endanlegur notandi fjármagnsins er. Hér er um að ræða ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og heimili. Á eftirfarandi yfirliti kemur fram hvernig lánsfjáreftirspurn hefur þróast hjá þessum aðilum að undanförnu:

Lánsfjáreftirspurn innlendra aðila.

Milljarðar króna	Staða í lok tímabils				Hreyfing	
	1991	1992	Júní 1992	Júní 1993	jan.-jún. 1992	jan.-jún. 1993
Ríkið	81,5	95,5	88,3	110,0	8,3%	15,2%
Sveitarfélög	25,6	29,1	25,0	29,1	-2,3%	0,0%
Fyrirtæki	285,5	306,7	287,8	328,2	0,8%	7,0%
Heimili	211,3	238,8	227,3	251,7	7,6%	5,4%
Samtals	**603,9**	**670,1**	**628,4**	**719,0**	**4,1%**	**7,3%**

Lán til ríkisins jukust um 15,2% á fyrri hluta ársins. Sé leiðrétt fyrir áhrifum gengisfellingarinnar er aukningin um 8–9%. Á sama tíma í fyrra var aukningin um 8,3%.

Mikill og langvarandi halli á ríkissjóði hefur átt drjúgan þátt í aukningu heildarlánsfjáreftirspurnar á undanförnum árum. Þótt ríkissjóður hafi náð verulegum árangri í því að lækka ríkisútgjöld hefur eftirspurn ríkissjóðs eftir nýju lánsfé ekki dregist saman að sama skapi vegna minnkandi skatttekna í kjölfar efnahagssamdráttarins í þjóðfélaginu. Þegar efnahagslífið réttir við eiga að vera forsendur til minni lánsfjáreftirspurnar ríkisins.

Lánsfjáreftirspurn sveitarfélaga hélst óbreytt á fyrri hluta þessa árs. Sé leiðrétt fyrir áhrifum gengisfellingarinnar minnkuðu lán til sveitarfélaga um 4–5% á tímabilinu. Á sama tíma í fyrra minnkaði lánsfjáreftirspurn þeirra um 2,3%.

Lánsfjáreftirspurn heimilanna jókst um 5,4% á fyrri helmingi þessa árs saman borið við 7,6% á fyrri helmingi síðasta árs. Þannig hefur verulega dregið úr lánsfjáreftirspurn þeirra en erfitt er hins vegar að segja á þessu stigi hvort um varanlega lækkun sé að ræða. Það skal tekið fram að gengisfellingin hafði engin bein áhrif á reiknaða lánsfjáreftirspurn heimilanna, enda skuldir þeirra eingöngu innan lands.

Á undanförnum árum hafa heimilin aukið mjög eftirspurn sína eftir lánsfé. Þá aukningu má að verulegu leyti rekja til tilkomu húsbréfakerfisins sem olli þáttaskilum í þeim efnum. Húsbréfunum var m.a. ætlað að létta útlánum af lífeyrissjóðum og bönkum. Svo hefur hins vegar ekki orðið raunin og hefur húsbréfakerfið orðið veruleg viðbót við lánsfjáreftirspurn heimilanna.

Lánsfjáreftirspurn fyrirtækja er talin hafi aukist um 7% á fyrri helmingi þessa árs. Leiðrétt fyrir áhrifum gengisfellingar er aukningin um 2–3%. Á sama tíma í fyrra er talið að lánsfjáreftirspurn fyrirtækja hafi aukist um 0,8%.

Mjög hefur dregið úr lánsfjáreftirspurn fyrirtækja á undanförnum árum. Þau hafa verið að greiða upp skuldir og draga verulega úr nýfjárfestingu. Samdráttur í nýfjárfestingu fyrirtækja veldur áhyggjum þar sem á þeim veltur hagvöxtur í framtíðinni. Þó skiptir arðsemi fjárfestingar ekki síður máli en hversu mikil hún er, en það háir efnahagslífinu hversu arðsemi fjárfestingar á undanförnum árum hefur oft og tíðum verið lítil.

Þrátt fyrir minnkandi lánsfjáreftirspurn fyrirtækja er skuldsetning þeirra samt sem áður mjög mikil í alþjóðlegum samanburði og eiginfjármögnun að sama skapi lítil. Í nýrri skýrslu Þjóðhagsstofnunar um afkomu fyrirtækja kemur fram að eiginfjárhlutfall ís-

lenskra fyrirtækja er að meðaltali 33,1% en er hins vegar 42,5% að meðaltali hjá aðildarríkjum OECD. Nauðsynlegt er því að stuðla að eflingu innlends hlutafjármarkaðar þannig að fjármagna megi aukna fjárfestingu á komandi árum með áhættufjármagni jafnhliða lánsfjármagni.

Innlendur sparnaður jókst um 4,5% á fyrri hluta ársins og námu peningalegar eignir 473 milljörðum króna í lok júní sl. Nokkuð hefur hægt á vexti sparnaðar en samsvarandi aukning var 5,5% á fyrri hluta árs 1992. Frjáls sparnaður, þ.e. einkum bankainnlán og markaðsverðbréf, er áætlaður um 217 milljarðar króna og jókst um rösk 3% á fyrri hluta ársins en kerfisbundinn sparnaður, fyrst og fremst eignir lífeyrissjóðanna, er talinn hafa vaxið um 5,8% á sama tíma.

Áætlun um peningalegan sparnað.

	Staða í árslok			Hrein aukning á meðalverðlagi		
Milljarðar króna	1992	Áætlun 1993	Spá 1994	1992	Áætlun 1992	Spá 1993
Peningalegur sparnaður	453	503	534	28	25	26
Frjáls	211	231	241	7	8	8
Kerfisbundinn	242	272	293	21	17	18
Peningalegur sparnaður sem hlutfall af landsframleiðslu				7,3%	6,4%	6,6%

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Seðlabanka Íslands er talið að innlendur sparnaður verði um 25 milljarðar króna árið 1993, þar af kerfisbundinn sparnaður 17 milljarðar króna eða fimmtungi minni en á síðasta ári. Aukning frjáls sparnaðar verður hins vegar meiri en á síðasta ári, eða 8 milljarðar króna.

Áætlað er að heildarsparnaður verði um 26 milljarðar króna á árinu 1994, eða 6,6% af landsframleiðslu. Reiknað er með að kerfisbundinn sparnaður verði um 18 milljarðar króna en hinn frjálsi um 8 milljarðar króna. Rétt er að leggja áherslu á að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg og því verður að skoða niðurstöðurnar með miklum fyrirvara.

III. Lánsfjárþörf hins opinbera.

Að framan var fjallað um lánsfjáreftirspurn eftir endanlegum notendum fjármagnsins. Þannig voru t.d. húsnæðislán Húsnæðisstofnunar ríkisins hluti af lánsfjáreftirspurn heimila og fjárfestingarlán veitt af Iðnlánasjóði hluti af lántökum fyrirtækja. Hér er hins vegar fjallað um lántökur hins opinbera óháð því hver er endanlegur notandi fjármagnsins. Þannig eru lántökur Húsnæðisstofnunar ríkisins og Iðnlánasjóðs taldar hluti af lánsfjárþörf hins opinbera.

Þetta er mjög víðtæk skilgreining á lánsfjárþörf hins opinbera. Fjármálastofnanir og fyrirtæki eru í eigu hins opinbera hér á landi í ríkara mæli en í öðrum aðildarríkjum OECD. Þannig getur þessi skilgreining gefið villandi mynd af umsvifum hins opinbera

á fjármagnsmarkaði og efnahagsáhrifum þeirra, sérstaklega í samanburði við önnur lönd.

Lánsfjárþörf hins opinbera verður því framvegis skipt á milli *opinberra aðila* annars vegar og *viðskiptalegra aðila* hins vegar. Undir *viðskiptalega aðila* fellur sú starfsemi sem víða er í einkaeigu í aðildarríkjum OECD. Hér er átt við fyrirtæki á borð við Landsvirkjun og Póst- og símamálastofnun, húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna. Undir skilgreininguna *opinberir aðilar* fellur ríkissjóður og félagslegir lánasjóðir á borð við Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, að húsbréfadeild frátaldri. Það skal tekið fram að skilgreining á lánsfjárþörf hins opinbera nær ekki til sveitarfélaga og er því ekki tæmandi að því leyti.

Hrein lánsfjárþörf hins opinbera.



Á myndinni hér að framan kemur fram hvernig lánsfjárþörf hins opinbera samkvæmt þessari skilgreiningu, þ.e. opinberir aðilar annars vegar og viðskiptalegir aðilar hins vegar, hefur þróast á undanförnum árum.

Lánsfjárþörf hins opinbera samkvæmt þessari skilgreiningu breytist milli ára sem hér segir:

Lánsfjárþörf hins opinbera.

Milljarðar króna	Áætlun 1993			Áætlun 1994		
	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	-	-	**56,7**	-	-	**63,9**
Opinberir aðilar	-	-	28,7	-	-	37,6
Ríkissjóður A-hluti	-	-	20,3	-	-	27,9
Byggingarsjóðir	-	-	8,4	-	-	9,7
Viðskiptalegir aðilar	-	-	28,0	-	-	26,3
Ríkisfyrirtæki	-	-	9,0	-	-	6,1
Húsbréf	-	-	11,3	-	-	11,5
Aðrir	-	-	7,7	-	-	8,7
Afborganir	**15,2**	**15,3**	**30,5**	**19,7**	**21,3**	**41,0**
Opinberir aðilar	8,9	1,6	10,5	11,9	9,7	21,6
Ríkissjóður A-hluti	4,6	1,6	6,2	6,2	9,7	15,9
Byggingarsjóðir	4,3	-	4,3	5,7	-	5,7
Viðskiptalegir aðilar	6,3	13,7	20,0	7,8	11,6	19,4
Ríkisfyrirtæki	-	8,7	8,7	-	6,1	6,1
Húsbréf	2,1	-	2,1	3,0	-	3,0
Aðrir	4,2	5,0	9,2	4,8	5,5	10,3
Hrein lánsfjárþörf	-	-	**26,2**	-	-	**22,9**
Hlutfall af landsframleiðslu	-	-	6,7%	-	-	5,8%

Lántökum er ekki skipt í innlendar og erlendar sérstaklega, sbr. umfjöllun í upphafi greinargerðar.

Heildarlántökur hins opinbera á árinu 1994 eru áætlaðar um 64 milljarðar króna og afborganir 41 milljarður króna. Hrein lánsfjárþörf er þannig áætluð tæpir 23 milljarðar króna eða um 3 milljörðum króna lægri fjárhæð en á þessu ári. Áætlað er að hrein lánsfjárþörf *opinberra aðila* nemi rúmum 16 milljörðum króna á næsta ári saman borið við 18 milljarða króna árið 1993. Minni lánsfjárþörf ríkissjóðs skýrir lækkunina. Hrein lánsfjárþörf byggingarsjóðanna er hins vegar nánast óbreytt milli ára. Hrein lánsfjárþörf *viðskiptalegra aðila*, þ.e. ríkisfyrirtækja, húsbréfadeildar og fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, er talin nema 7 milljörðum króna á næsta ári saman borið við 8 milljarða króna í ár. Lækkunin milli ára stafar að langmestu leyti af meiri afborgunum af teknum lánum fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna á næsta ári. Ítarlega umfjöllun um lánsfjármál ríkissjóðs og annarra opinberra aðila er að finna síðar í þessari greinargerð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð um 27,9 milljarðar króna á árinu 1994. Greiddar afborganir af teknum lánum nema 15,9 milljörðum króna þannig að hrein lánsfjárþörf, þ.e. nýjar lántökur umfram afborganir af eldri lánum, er talin verða um 12 milljarðar króna. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárþörf ríkissjóðs 1993 og 1994 og skiptingu hennar:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.
Rekstrarhalli ríkissjóðs	12.335	9.821
Veitt lán, nettó	770	1.200
Eignfærð framlög	435	500
Viðskiptareikningar	500	500
Hrein lánsfjárþörf	**14.040**	**12.021**
Afborganir af teknum lánum	6.200	15.900
Heildarlánsfjárþörf	**20.240**	**27.921**

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hvernig lánsfjárþörf ríkissjóðs er saman sett.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs, þ.e. veitt ný lán að frádregnum innheimtum afborgunum af eldri lánum. Á árinu 1994 er ráðgert að veita ný lán að fjárhæð 6.300 m.kr. til fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkissjóðs. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri lánum sem eru áætlaðar samtals 5.100 m.kr. Veitt lán A-hluta ríkissjóðs, nettó, nema því samtals 1.200 m.kr. á árinu 1994. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.
Veitt ný lán	**5.620**	**6.300**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.700	3.700
Alþjóðaflugþjónustan	290	100
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	1.420	2.500
Spölur hf.	50	-
Annað	160	-
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**4.850**	**5.100**
Bundnar innlendu verðlagi	2.850	2.900
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	2.000	2.200
Veitt lán, nettó	**770**	**1.200**

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum, en báðir þessir liðir eru færðir í efnahagsreikning ríkissjóðs. Eignfærð framlög eru áætluð samtals 500 m.kr. á árinu 1994. Að öðru leyti er vísað til greinargerðar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994.

Viðskiptareikningar. Þessir reikningar taka til ýmissa skuldaviðurkenninga til skamms tíma vegna virðisaukaskatts, staðgreiðslu af launum, tryggingagjalds o.fl. Áætlað er að útstreymi umfram innstreymi á almennum viðskiptareikningum nemi 500 m.kr. á árinu 1994.

Greiddar afborganir af teknum lánum. Greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 15,9 milljarðar króna árið 1994 saman borið við 6,2 milljarða króna á þessu ári. Hækkun milli ára er aðallega vegna uppgreiðslu dollaraláns hjá Citibank sem nemur um 7½ milljarði króna. Einnig eykst innlausn spariskírteina um 2½ milljarð króna milli ára að talið er. Á næstu árum mun innlausn spariskírteina verða mun meiri en hún hefur verið hingað til þar sem spariskírteini sem gefin hafa verið út á undanförnum árum eru nú að koma til innlausnar. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs af lánum á árunum 1993 og 1994:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1993 m.kr.	Frumvarp 1994 m.kr.
Innlausn spariskírteina	2.700	4.700
Önnur innlend lán	1.910	1.500
Erlend lán	1.590	9.700
Samtals	**6.200**	**15.900**

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Þessi grein heimilar fjármálaráðherra að endurlána til þriggja aðila í B-hluta fjárlaga allt að 6.300 m.kr. af þeirri fjárhæð er kemur fram í 1. gr. frumvarpsins. Þeir eru:

1. **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Gert er ráð fyrir að endurlána Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 3.700 m.kr. á árinu 1994 og er það sama fjárhæð og á yfirstandandi ári.
2. **Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar.** Gert er ráð fyrir að endurlána atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar allt að 2.500 m.kr. á árinu 1994. Á yfirstandandi ári er fyrirhugað að lána atvinnutryggingardeild 1.420 m.kr. Hækkun milli ára stafar af teknum lánum sem falla í gjalddaga á næsta ári. Málefni atvinnutryggingardeildar eru til endurskoðunar í tengslum við stofnun fyrirhugaðs þróunarsjóðs sjávarútvegsins.
3. **Alþjóðaflugþjónustan.** Áætlað er að endurlána Alþjóðaflugþjónustunni allt að 100 m.kr. á árinu 1994 saman borið við 290 m.kr. í ár. Hér er um að ræða fé til frágangs nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar á Reykjavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, endurgreiði stærstan hluta kostnaðarins á næstu 20 árum.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar um viðkomandi stofnanir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994.

Um 4. gr.

Í þessari grein er sett hámark á nýtingu þeirra lántökuheimilda sem kveðið er á um í sérlögum viðkomandi aðila. Er þetta í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sem hljóðar svo: „Sé í öðrum lögum en fjárlögum og lánsfjárlögum kveðið á um lántöku og ábyrgðarheimildir skal nýting þeirra ætíð vera innan þeirra marka sem sett eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ár hvert.“ Um er að ræða eftirtalda aðila:

1. **Landsvirkjun.** Áætlað er að Landsvirkjun taki lán að fjárhæð allt að 5.900 m.kr. á árinu 1994. Engar meiri háttar framkvæmdir eru fyrirhugaðar hjá fyrirtækinu og fer lántakan öll til að endurfjármagna lán sem falla í gjalddaga á næsta ári. Afborganir Landsvirkjunar á næsta ári eru áætlaðar samtals 6.100 m.kr. Þannig koma 200 m.kr. úr rekstri til greiðslu afborgana á næsta ári.
2. **Byggingarsjóður ríkisins.** Miðað er við að Byggingarsjóði ríkisins verði heimiluð lánataka að fjárhæð allt að 2.250 m.kr. á árinu 1994 saman borið við 3.860 m.kr. á yfirstandandi ári.
3. **Byggingarsjóður verkamanna.** Lagt er til að Byggingarsjóði verkamanna verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 7.450 m.kr. á árinu 1994 saman borið við 6.870 m.kr. á árinu 1993. Útlánageta sjóðsins er óbreytt milli ára.
4. **Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins.** Gert er ráð fyrir að heimila afgreiðslu húsbréfa fyrir allt að 11.500 m.kr. á árinu 1994. Áætlað er að afgreiða húsbréf fyrir 11.000–11.500 m.kr. á yfirstandandi ári.
5. **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Miðað er við að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 700 m.kr. á árinu 1994 og er það sama fjárhæð og á þessu ári. Áréttað skal að lántökur Stofnlánadeildar hjá Lífeyrissjóði bænda skuli rúmast innan þessarar heimildar.
6. **Byggðastofnun.** Lagt er til að Byggðastofnun verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 1.000 m.kr. á árinu 1994. Lántökur Byggðastofnunar eru áætlaðar 650 m.kr. á þessu ári. Afborganir af teknum lánum aukast verulega milli ára og innheimtar afborganir af veittum lánum dragast nokkuð saman.
7. **Iðnlánasjóður.** Lagt er til að Iðnlánasjóði verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 2.600 m.kr. á árinu 1994 og er það sama fjárhæð og á yfirstandandi ári. Útlánageta sjóðsins er nánast óbreytt milli ára.
8. **Iðnþróunarsjóður.** Miðað er við að Iðnþróunarsjóði verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 800 m.kr. á árinu 1994 saman borið við 700 m.kr. á yfirstandandi ári. Útlánageta sjóðsins verður þannig nánast óbreytt milli ára. Iðnþróunarsjóður er nú sameign ríkissjóða Norðurlandanna en sjóðurinn mun verða alfarið í eigu íslenska ríkisins í byrjun árs 1995 þar sem endurgreiðsla stofnfjárframlaga hinna Norðurlandanna fer nú fram.
9. **Ferðamálasjóður.** Ferðamálasjóði er heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 130 m.kr. á árinu 1994 og er það sama fjárhæð og sjóðnum er heimilað að taka að láni á yfirstandandi ári.

Engin takmörk eru sett á ábyrgð ríkissjóðs á lántökum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, með áorðnum breytingum, önnur en þau sem þar koma fram.

Landflutningasjóði er ekki ætluð lántaka á árinu 1994 enda starfsemi sjóðsins lítil sem engin.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1992 var ríkisábyrgð afnumin af öllum skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til eftir 1. mars 1992. Þannig er ekki sett þak á lántökur Fiskveiðasjóðs í 4. gr. frumvarpsins. Til upplýsinga eru lántökur Fiskveiðasjóðs áætlaðar 3,5 milljarðar króna á næsta ári.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjármálaráðherra veitt heimild til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur sjálfstæðra aðila sem ekki hafa lántökuheimild í sérlögum, sbr. 4. gr.

frumvarpsins. Á árinu 1994 er gert ráð fyrir að veita tvær almennar ríkisábyrgðir:

1. **Póst- og símamálastofnun.** Ráðgert er að veita Póst- og símamálastofnun ábyrgð fyrir allt að 195 m.kr. láni til þátttöku í lagningu ljósleiðara yfir Norður-Atlantshafið. Á yfirstandandi ári hefur Póst- og símamálastofnun heimild til 1.280 m.kr. lántöku vegna þessa. Hins vegar mun stofnunin ekki nýta þá heimild að fullu á þessu ári og verða 195 m.kr. fluttar milli ára. Nauðsynlegt er að afla nýrrar lántökuheimildar þar sem lántakan mun fara fram síðla næsta árs.
2. **Lyfjaverslun ríkisins.** Óskað er eftir heimild til að veita Lyfjaverslun ríkisins ábyrgð fyrir allt að 72 m.kr. láni til endurnýjunar á framleiðsludeildum fyrirtækisins. Fyrirhugað er að selja fyrirtækið og mun fjármálaráðherra leggja fyrir Alþingi frumvarp þess efnis. Verði frumvarpið að lögum verður heimildin ekki nýtt.

Í 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, segir að fjármálaráðherra sé heimilt að taka lán í stað þess að veita ábyrgðir á veittum lánum þegar það þykir hagkvæmara. Slíkt hefur venjulega verið gert þegar um smærri og áhættusamari lántökur er að ræða.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að lántökur samkvæmt lögum þessum skuli fara fram innan lands eða utan, sbr. umfjöllun í upphafi greinargerðarinnar.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjármálaráðherra heimilað að samþykkja að þeir aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum geti ýmist endurfjármagnað lánin þegar hagstæðari kjör bjóðast, stofnað til vaxta- eða skuldaskipta eða nýtt skammtímalánsform þegar það á við, til þess að komast hjá áhrifum af vaxtasveiflum. Í síðastnefnda liðnum felst m.a. heimild til þess að semja um hámark eða lágmark á breytilegum vöxtum.

Um 8. gr.

Hér er áréttað ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, þar sem fram kemur að bera þurfi undir hana lánskjör á nýjum erlendum lánum, sbr. II. kafla þessa frumvarps, svo og lánabreytingar, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Með greininni er ætlað að tryggja að kjör á erlendum lánum þessara aðila séu ávallt í samræmi við það að þau beri ríkisábyrgð.

Um 9. gr.

Í þessari grein segir að til lántöku viðkomandi aðila teljist yfirtekin lán og ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila, eða milliganga um töku lána þeirra. Þessar lántökur skulu rúmast innan heimildar sem tilgreind er í II. kafla frumvarpsins.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um að erlendar fjárhæðir miðist við kaupgengi gjaldmiðla samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

Um 11. og 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Tafla 1 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
Tekin lán	**37 478**	**44 185**	**51 908**	**68 149**	**96 917**	**112 525**	**127 655**	**153 412**	**176 106**	**192 935**
Seðlabanki Íslands	3 683	1 693	3 059	3 448	3 221	1 810	757	13	-	-
Spariskírteini	5 165	8 541	11 775	16 659	21 717	31 043	35 907	39 089	46 903	-
Ríkisbréf	-	-	-	-	-	-	1 257	2 487	6 087	-
Ríkisvíxlar	-	-	931	725	5 892	8 142	8 244	12 545	10 545	-
Aðrir innlendir aðilar	3 092	4 749	6 306	7 236	7 840	12 011	13 537	12 005	10 095	-
Erlend lán	25 538	29 202	29 837	40 081	58 247	59 519	67 953	87 273	102 476	-
Lánveitingar	**29 839**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**53 058**	**63 091**	**66 870**	**70 415**	**72 877**
Veitt lán	24 737	22 985	24 182	29 967	34 433	34 022	37 902	41 653	44 715	-
Lán tengd innlendu verðlagi	10 517	11 596	13 476	15 795	16 331	18 306	22 050	22 773	24 243	-
Gengisbundin lán	14 220	11 389	10 706	14 172	18 102	15 716	15 852	18 880	20 473	-
Viðskiptareikningar, nettó	5 102	6 728	11 450	17 602	14 789	19 036	25 189	25 217	25 700	-
Tekin lán umfram lánveitingar	**7 639**	**14 472**	**16 276**	**20 580**	**47 695**	**59 467**	**64 564**	**86 542**	**105 690**	**120 058**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	79,6	67,2	68,6	69,8	50,8	47,2	49,4	43,6	40,0	37,8
Hlutfall af VLF, % [2]										
Tekin lán	28,2	27,3	24,1	25,0	30,0	31,4	32,8	40,0	44,9	46,1
Þar af erlend lán	19,5	18,3	14,5	14,7	17,9	16,8	17,7	22,8	26,3	-
Veitt lán	18,0	14,0	11,0	11,0	10,4	9,5	9,7	10,9	11,4	11,7
Þar af gengisbundin lán	10,3	6,9	5,2	5,2	5,5	4,4	4,1	4,9	5,2	-
Viðskiptareikningar, nettó	3,7	4,0	5,0	6,4	4,6	5,3	6,4	6,6	6,5	-
Tekin lán umfram lánveitingar	6,5	9,3	8,0	7,6	15,0	16,7	16,7	22,6	27,0	30,6

1) Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs ekki meðtaldar.

2) Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengi.

Tafla 2 Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993	Spá 1994
1 Eigið framlag	**2 673**	**3 965**	**5 851**	**9 272**	**12 806**	**15 399**	**20 440**	**24 650**	**29 700**	**34 600**
Afborganir og vextir	2 815	4 104	6 067	9 509	13 044	15 515	21 060	24 400	29 500	34 400
Annað, nettó	- 142	- 139	- 216	- 237	- 238	- 116	- 620	250	200	200
2 Framlög, nettó	**2 063**	**3 006**	**4 004**	**5 480**	**6 729**	**7 607**	**9 084**	**8 550**	**8 400**	**8 400**
Iðgjöld	3 708	5 316	7 396	10 018	11 870	13 454	15 306	15 150	15 300	15 500
Lífeyrisgreiðslur	-1 638	-2 302	-3 394	-4 520	-5 120	-5 833	-6 394	-6 600	-6 900	-7 100
Annað, nettó	- 7	- 8	2	- 18	- 21	- 14	172	-	-	-
3 Uppruni (1+2) = Ráðstöfun (4+5+6)	**4 736**	**6 971**	**9 855**	**14 752**	**19 535**	**23 006**	**29 524**	**33 200**	**38 100**	**43 000**
4 Útlán og verðbréfakaup	**4 072**	**6 344**	**9 360**	**14 241**	**18 696**	**22 625**	**28 597**	**32 700**	**37 700**	**42 650**
Byggingarsjóðir	1 024	2 310	4 195	7 340	10 650	10 253	9 234	7 212	...	...
Húsbréf	-	-	-	-	-	2 221	7 276	9 125	...	...
Önnur útlán	3 048	4 034	5 165	6 901	8 046	10 151	12 087	16 363	...	...
5 Sjóðsbreyting	**664**	**515**	**376**	**384**	**586**	**170**	**811**	**400**	**150**	**150**
6 Aðrar greiðslur, netto	**-**	**112**	**119**	**127**	**253**	**211**	**117**	**100**	**250**	**200**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 3 **Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna 1994**

Milljónir króna	Framkvæmda-sjóður	Byggða-stofnun	Atvinnutr.d.-Byggðast.	Fiskveiða-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Iðnlána-sjóður	Stofnlánad. landbúnaðar	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi:	**5 320**	**2 470**	**2 920**	**6 800**	**2 290**	**4 790**	**2 130**	**-3 170**	**23 550**
Sjóðslækkun	1 100	-	-	-	-	-	120	-	**1 220**
Innheimtar afborganir	3 300	700	20	1 450	750	1 500	620	-2 370	**5 970**
Fjárfestingarlánasjóðir	2 370	-	-	-	-	-	-	-2 370	**-**
Aðrir	930	700	20	1 450	750	1 500	620	-	**5 970**
Innheimtir vextir	900	600	400	1 850	700	590	320	- 800	**4 560**
Fjárfestingarlánasjóðir	800	-	-	-	-	-	-	- 800	**-**
Aðrir	100	600	400	1 850	700	590	320	-	**4 560**
Tekin lán	-	1 000	2 500	3 500	800	2 600	700	-	**11 100**
Framlög og skatttekjur	-	170	-	-	-	80	360	-	**610**
Ríkissjóður	-	170	-	-	-	-	-	-	**170**
Sveitarfélög	-	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Aðrir	-	-	-	-	-	80	360	-	**440**
Aðrar tekjur	20	-	-	-	40	20	10	-	**90**
Útstreymi:	**5 320**	**2 470**	**2 920**	**6 800**	**2 290**	**4 790**	**2 130**	**-3 170**	**23 550**
Sjóðsaukning	-	-	-	130	20	-	-	-	**150**
Rekstrarkostnaður	60	160	20	150	70	130	60	-	**650**
Fjárfesting	-	-	-	-	-	10	-	-	**10**
Greiddar afborganir	3 300	1 100	2 100	4 200	90	1 930	700	-2 370	**11 050**
Framkvæmdasjóður	-	300	-	1 200	-	470	400	-2 370	**-**
Aðrir innlendir aðilar	700	200	2 100	1 500	10	720	300	-	**5 530**
Erlendir aðilar	2 600	600	-	1 500	80	740	-	-	**5 520**
Greiddir vextir	1 960	410	800	1 170	520	670	1 000	- 800	**5 730**
Framkvæmdasjóður	-	80	-	200	-	70	450	- 800	**-**
Aðrir innlendir aðilar	260	70	800	380	210	20	550	-	**2 290**
Erlendir aðilar	1 700	260	-	590	310	580	-	-	**3 440**
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	140	-	-	-	**140**
Veitt lán og styrkir	-	800	-	1 000	1 450	2 050	370	-	**5 670**
Annað	-	-	-	150	-	-	-	-	**150**

Tafla 4 Greiðslujöfnuður við útlönd

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993	Spá 1994
Vöruskiptajöfnuður	**-3 079**	**- 76**	**7 360**	**7 758**
Útfluttar vörur	**91 560**	**87 833**	**93 070**	**95 873**
Sjávarafurðir	74 334	70 210	72 802	73 301
Ál og kísiljárn	9 953	9 509	11 198	12 420
Skip og flugvélar	153	523	400	400
Annað	7 120	7 591	8 670	9 752
Innfluttar vörur	**94 639**	**87 909**	**85 710**	**88 115**
Sérstakur vöruinnflutningur	13 107	12 237	7 660	9 200
Skip og flugvélar	6 296	6 589	1 500	2 500
Annað	6 811	5 648	6 160	6 700
Almennur innflutningur	81 532	75 672	78 050	78 915
Olía	7 406	7 088	7 249	7 531
Annað	74 126	68 584	70 801	71 384
Þjónustujöfnuður	**-14 969**	**-11 924**	**-12 890**	**-13 424**
Þjónustujöfnuður án vaxta	**- 172**	**1 695**	**2 050**	**2 376**
Útflutt þjónusta án vaxta	36 377	36 461	38 954	41 554
Innflutt þjónusta án vaxta	36 549	34 766	36 904	39 178
Vaxtajöfnuður	**-14 797**	**-13 619**	**-14 940**	**-15 800**
Vaxtatekjur	1 783	2 375	2 060	2 000
Vaxtagjöld	16 580	15 994	17 000	17 800
Viðskiptajöfnuður	**-18 048**	**-12 000**	**-5 530**	**-5 666**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	-4,7	-3,1	-1,4	-1,4
Framlög án endurgjalds	**-301**	**-360**	**-**	**-**
Fjármagnsjöfnuður	**17 044**	**11 678**	**5 530**	**5 660**
Langtímalántökur, nettó	14 532	13 070	7 800	4 500
Innkomin langtímalán	29 588	32 195	32 000	39 000
Afborganir	15 056	19 125	24 200	34 500
Skammtímafjármagnshreyfingar	2 512	-1 392	-2 270	1 160
Skekkjur og vantalið	**1 305**	**622**	**-**	**-**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 5 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993	Spá 1994
I Erlend skuldastaða										
Erlend langtímalán	60 857	75 082	83 806	105 470	151 065	179 712	196 214	209 007	250 900	264 800
Erlend skammtímastaða nettó	-9 339	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-5 846	-8 256	-9 609	-11 400	-12 000
Gjaldeyrisstaða	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	36 000	36 400
Hrein skuldastaða við útlönd	**62 899**	**71 362**	**84 154**	**106 349**	**142 353**	**161 685**	**179 626**	**189 597**	**226 300**	**240 400**
Hlutfall af VLF, %										
Erlend langtímalán	50,7	47,2	40,3	41,2	49,0	50,7	51,1	54,7	64,3	67,6
Hrein skuldastaða	52,4	44,9	40,4	41,6	46,1	45,6	46,8	49,6	58,0	61,4
II Greiðslubyrði erlendra lána										
Afborganir af erlendum langtímalánum	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 360	15 056	19 125	24 200	34 500
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 345	14 816	14 036	14 500	16 500
Samtals	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 705	29 872	33 161	38 700	51 000
Nettó vaxtagreiðslur	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 797	13 619	14 940	15 800
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af erlendum langtímalánum	8,9	9,3	7,8	7,8	8,3	8,8	11,6	15,1	18,1	24,7
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	10,5	9,7	8,3	9,0	11,2	11,1	11,4	11,1	10,8	11,8
Samtals	19,4	19,0	16,1	16,8	19,4	20,0	23,0	26,2	28,9	36,6
Vaxtajöfnuður	11,2	9,8	8,4	9,7	11,8	11,2	11,4	10,8	11,1	11,3
Afborganir og vaxtajöfnuður samtals	20,0	19,1	16,2	17,4	20,0	20,0	23,0	25,9	29,2	36,1

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 6 Flokkun erlendra langtímalána

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Áætlun 1993
Lántökur	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 037**	**29 802**	**32 378**	**32 000**
Opinberir aðilar	4 111	5 727	5 816	3 213	4 949	9 771	8 721	15 690	20 291	19 730
Lánastofnanir	1 982	1 945	2 106	3 187	3 670	4 968	4 717	3 544	6 160	6 800
Einkaaðilar	1 416	2 260	4 120	6 419	8 013	11 331	14 599	10 568	5 927	5 470
Afborganir	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**15 056**	**19 362**	**24 200**
Opinberir aðilar	1 546	1 791	2 680	2 534	1 978	2 973	3 293	4 147	9 328	8 300
Lánastofnanir	491	658	603	455	459	630	968	1 444	2 954	5 000
Einkaaðilar	2 241	2 007	2 654	2 788	4 162	5 501	7 099	9 465	7 080	10 900
Nettó hreyfing	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 677**	**14 746**	**13 016**	**7 800**
Opinberir aðilar	2 565	3 936	3 136	679	2 971	6 798	5 428	11 543	10 963	11 430
Lánastofnanir	1 491	1 287	1 503	2 732	3 211	4 338	3 749	2 100	3 206	1 800
Einkaaðilar	- 825	253	1 466	3 631	3 851	5 830	7 500	1 103	-1 153	-5 430
Vaxtagreiðslur	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 345**	**14 816**	**14 036**	**14 500**
Opinberir aðilar	2 894	3 656	4 382	4 258	4 918	7 218	7 643	7 918	7 941	8 940
Lánastofnanir	449	692	806	880	1 247	2 372	2 812	2 898	2 421	2 465
Einkaaðilar	834	911	964	1 020	1 429	2 705	3 890	4 000	3 674	3 095
Staða í árslok	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 214**	**209 007**	**250 900**
Opinberir aðilar	29 475	42 293	50 755	52 294	62 813	86 324	98 814	111 387	123 513	151 900
Lánastofnanir	5 693	8 735	11 778	14 943	20 264	30 245	35 265	38 020	40 055	51 150
Einkaaðilar	7 391	9 829	12 549	16 569	22 394	34 496	45 633	46 807	45 439	47 850
Gengisforsendur; SDR = Krónur	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	80,7	81,0	94,6
Meðalvextir	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,0**	**7,0**	**5,8**
Opinberir aðilar	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,7	6,9	6,2
Lánastofnanir	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,8	8,7	8,0	6,5	5,0
Einkaaðilar	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	9,0	9,8	8,7	7,5	5,6

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 7 Skuldir opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992 [2]	Áætlun 1993	Frumvarp 1994
1. Á verðlagi hvers árs												
Ríkissjóður	18 864	26 829	37 478	44 185	51 908	68 149	96 917	112 525	127 655	153 412	176 106	195 035
Innlendar	6 459	7 416	11 940	14 983	22 071	28 068	38 670	53 006	59 702	66 139	73 640	-
Erlendar	12 405	19 413	25 538	29 202	29 837	40 081	58 247	59 519	67 953	87 273	102 466	-
Bæjar- og sveitarfélög [3]	2 511	2 987	3 705	5 258	6 977	9 340	13 450	16 150	18 200	19 300	21 350	22 500
Innlendar	2 134	2 539	3 149	4 469	5 930	7 939	11 433	13 728	15 015	15 440	17 080	-
Erlendar	377	448	556	789	1 047	1 401	2 018	2 423	3 185	3 860	4 270	-
Samtals	**21 375**	**29 816**	**41 183**	**49 443**	**58 885**	**77 489**	**110 367**	**128 675**	**145 855**	**172 712**	**197 456**	**217 535**
Innlendar	8 593	9 955	15 089	19 452	28 001	36 007	50 103	66 734	74 717	81 579	90 720	-
Erlendar	12 782	19 861	26 094	29 991	30 884	41 482	60 265	61 942	71 138	91 133	106 736	-
2. Á föstu verðlagi 1993												
Ríkissjóður	90 523	100 810	107 151	101 467	99 142	105 492	124 642	126 621	133 906	155 728	176 106	186 317
Innlendar	30 995	27 866	34 137	34 407	42 155	43 448	49 732	59 646	62 625	67 138	73 640	-
Erlendar	59 528	72 944	73 014	67 060	56 987	62 044	74 910	66 975	71 280	88 591	102 466	-
Bæjar- og sveitarfélög	12 050	11 224	10 593	12 075	13 326	14 458	17 298	18 173	19 091	19 591	21 350	21 826
Innlendar	10 242	9 540	9 004	10 263	11 327	12 289	14 703	15 447	15 750	15 673	17 080	-
Erlendar	1 807	1 684	1 589	1 811	1 999	2 169	2 595	2 726	3 341	3 918	4 270	-
Samtals	**102 573**	**112 033**	**117 744**	**113 542**	**112 468**	**119 950**	**141 940**	**144 794**	**152 997**	**175 320**	**197 456**	**208 143**
Innlendar	41 237	37 406	43 141	44 671	53 482	55 737	64 436	75 093	78 376	82 811	90 720	-
Erlendar	61 336	74 628	74 603	68 871	58 986	64 212	77 505	69 701	74 621	92 509	106 736	-
3. Skuldir opinberra aðila sem hlutfall af VLF, %												
Samtals	**32,3**	**33,8**	**34,3**	**31,1**	**28,3**	**30,3**	**35,8**	**36,3**	**38,0**	**45,2**	**50,6**	**55,6**
Innlendar	13,0	11,3	12,6	12,2	13,5	14,1	16,2	18,8	19,5	21,3	23,3	-
Erlendar	19,3	22,5	21,7	18,9	14,8	16,2	19,5	17,5	18,5	23,8	27,4	-

[1] Við skilgreiningu á því hvað skuli telja til opinberra aðila er stuðst við alþjóðlega staðla (SNA). Í þessu felst að opinberar lánastofnanir og fyrirtæki sem ríkið á hlut í en koma ekki inn í A-hluta fjárlaga eru fyrir utan þetta uppgjör (Dæmi: Landsvirkjun, Fiskveiðasjóður og Byggingasjóður ríkisins).

[2] Hluti skuldaaukningar ríkissjóðs á árinu 1992, um 5,6 milljarðar króna, stafar af erlendri lántöku til greiðslu á yfirdráttarskuld við Seðlabanka Íslands vegna halla á árinu 1991.

[3] Áætlaðar tölur þar sem ekki liggur fyrir sambærilegt uppgjör á heildarskuldum sveitarfélaga og á heildarskuldum ríkisins.

79. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1993 o.fl., nr. 3/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Í stað „15.970“ í 1. gr. laganna kemur: 20.250.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað „1.300“ kemur: 1.420.
b. Við bætist nýr töluliður svohljóðandi: Spölur hf., allt að 50 m.kr.

3. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heildarlántökur ríkissjóðs voru áætlaðar 15.400 m.kr. í fjárlögum 1993. Við afgreiðslu lánsfjárlaga 1993 á Alþingi í janúar sl. var heimildin hækkuð í 15.970 m.kr. í tengslum við breytingar á tekjuhlið fjárlaga og aukinna lánahreyfinga ríkissjóðs. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun stefnir heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á yfirstandandi ári í að verða um 20.240 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlaða lánsfjárþörf ríkissjóðs saman borið við fjárlög 1993:

Lánahreyfingar og lánsfjárþörf ríkissjóðs 1993.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrarafkoma	**-6.244**	**-12.335**	**-6.091**	**98**
Lánveitingar, nettó	**-2.360**	**-770**	**1.590**	**-206**
Lánveitingar	-5.620	-5.620		
Innheimtar afborganir	3.260	4.850	1590	49
Hluta- og stofnfjárframlög	**-435**	**-435**	**-**	**-**
Viðskiptareikningar	**100**	**-500**	**-600**	**-600**
Viðskiptareikningar, almennir	-500	-500	-	-
Húsnæðisstofnun	600	-	-600	-100
Hrein lánsfjárþörf	**8.939**	**14.040**	**5.101**	**57**
Afborganir	**-6.410**	**-6.200**	**210**	**-3**
Spariskírteini	-2.850	-2.700	150	-5
Önnur innlend lán	-1.740	-1.910	-170	10
Erlend lán	-1.820	-1.590	230	-13
Heildarlánsfjárþörf	**-15.349**	**-20.240**	**-4.891**	**32**
Lántökur	**15.400**	**20.250**	**4.850**	**31**

Leitað er heimildar til 120 m.kr. viðbótarlánveitingar til atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og 50 m.kr. lánveitingar til Spalar hf. vegna undirbúningsrannsókna fyrir væntanleg jarðgöng í Hvalfirði. Á móti er gert ráð fyrir að lánveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði lægri en áætlað var í fjárlögum 1993. Í frumvarpinu er lántökuheimild ekki skipt í innlenda og erlenda sérstaklega og er það í samræmi við þá stefnumörkun sem kemur fram í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1994.

Til septemberloka hafa spariskírteini ríkissjóðs verið seld fyrir 6,9 milljarða króna og skammtímaverðbréf ríkissjóðs, þ.e. ríkisvíxlar og ríkisbréf, fyrir 6,7 milljarða króna, nettó. Gert er ráð fyrir að útistandandi stofn ríkisvíxla dragist töluvert saman í lok árs. Erlendar lántökur á þessu tímabili nema 5,4 milljörðum króna.

Á síðustu tveimur árum hafa orðið þáttaskil í aðild ríkissjóðs að innlendum fjármagnsmarkaði. Fjármálaráðherra ákvað á árinu 1992 að stefna bæri að afnámi yfirdráttar ríkissjóðs í Seðlabankanum og að öll innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs færi fram á markaði. Því var gerður samningur milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka sem takmarkaði möguleika ríkissjóðs til að stofna til yfirdráttar í bankanum. Á árinu 1992 var yfirdráttarinn takmarkaður við hámarkið þrír milljarðar króna. Um áramótin 1992–93 var alveg tekið fyrir yfirdrátt ríkissjóðs hjá bankanum en honum heimilað að kaupa beint af ríkissjóði ríkisvíxla sem kæmu til uppgjörs í næsta ríkisvíxlaútboði. Einungis í örfáum tilfellum hefur ríkissjóður þurft að selja Seðlabankanum víxla til að brúa fjárþörf milli útboða. Um næstkomandi áramót verður samkvæmt samningnum tekið fyrir þessa fyrirgreiðslu bankans og ríkissjóður verður því að mæta fjárþörf sinni að fullu á markaði. Þessi aðlögun var mikilvæg fyrir ríkissjóð á meðan fjáröflunarleiðir á markaði voru þróaðar, en einnig gerði hún Seðlabankanum kleift að móta aðgerðir til áhrifa á vaxtamyndunina.

Ríkissjóður hóf markaðssölu á verðbréfum um mitt ár 1992 með útboði á sex mánaða ríkisbréfum. Í nóvember sama ár var byrjað að bjóða út ríkisvíxla til þriggja mánaða. Fyrsta útboð langtímaverðbréfa var útboð á spariskírteinum í október 1992. Ríkisvíxlar hafa verið boðnir út tvisvar í mánuði en ríkisbréf og spariskírteini einu sinni í mánuði. Á árinu hefur tekist að festa þessa tilhögun í sessi og mæta fjárþörf ríkissjóðs innan ársins á markaði. Þetta fyrirkomulag hefur styrkt innviði fjármagnsmarkaðarins til muna.

Á árinu var haldið áfram að þróa markað fyrir óverðtryggð ríkisverðbréf. Í maí voru boðin til sölu tólf mánaða ríkisbréf og nú er fyrirhugað að gefa þau út til enn lengri tíma. Hér er um að ræða áfanga að því marki að draga úr verðtryggingu *skammtímaskuldbindinga* og aðgreina markaðsvexti til langs og skamms tíma.

Á sl. sumri var gerð tilraun með sölu á verðbréfum í erlendri mynt hér innan lands. Veruleg eftirspurn reyndist vera fyrir hendi og seldust alls bréf fyrir um 2 milljarða króna af samtals 100 milljóna dollara útgáfu sem ríkissjóður seldi að öðru leyti á markaði erlendis. Stefnt er að því að ríkissjóður gefi út markaðsverðbréf í erlendri mynt til frumsölu hér innan lands fyrir lok þessa mánaðar.

80. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um styttingu vinnutíma.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir styttingu vinnuvikunnar með það að markmiði m.a. að skapa fleiri störf. Vinnuvika í dagvinnu verði stytt í 35 stundir í áföngum og án kjaraskerðingar. Haft verði samráð við aðila vinnumarkaðarins og jafnframt kannað hvort slík aðgerð geti verið liður í kjarasamningum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt á vorþingi 1993 og er nú endurflutt óbreytt.

Umræða um styttingu vinnutíma hefur skotið upp kollinum af og til á undanförnum árum. Fólki er farið að blöskra langur vinnudagur Íslendinga, vinnudagur sem er mun lengri en í nágrannalöndunum. Ein helsta ástæða svo langs vinnudags er að dagvinnulaun duga fáum til framfærslu. Þess vegna er hæpið að grundvöllur sé fyrir styttingu vinnutíma nema það gerist án kjaraskerðingar.

Atvinnuleysi hefur vaxið á undanförnum árum. Frá því í september 1992 til ágústloka 1993 var það 4% að meðaltali þrátt fyrir að gripið hafi verið til allnokkurra aðgerða gegn atvinnuleysi. Þrátt fyrir vaxandi atvinnuleysi hefur vinnudagur Íslendinga lítið styst og *lengdist* raunar milli ára hjá ýmsum stéttum frá ársbyrjun 1992 til ársbyrjunar 1993. Meðalvinnutími fullvinnandi fólks var á fyrsta ársfjórðungi 1993 46,2 stundir á viku skv. upplýsingum Kjararannsóknarnefndar. Það skýtur skökku við að á tímum atvinnuleysis skuli stöðugildi í landinu ekki deilast á fleiri en raun ber vitni. Lítt hefur verið hugað að því að deila störfum milli fleiri en nú er gert. Fáir minnka við sig vinnu ótilneyddir og taka á sig það tekjutap sem af því leiðir. Á einstaka vinnustað hefur starfsfólk þó mætt samdrætti með því að deila á milli sín þeirri vinnu sem til skiptanna er til þess að koma

í veg fyrir uppsagnir einhverra úr hópnum og þannig tekið á sig kjaraskerðingu. Í þessari tillögu er hins vegar gert ráð fyrir að unnt verði að stytta vinnudag hvers og eins án kjaraskerðingar. Ýmis fyrirtæki hafa hagrætt verulega á undanförnum árum og afköst starfsfólks aukist. Í flestum tilvikum kemur slík hagræðing aðeins fyrirtækinu til góða en ekki starfsfólki sem innir af hendi meiri vinnu á skemmri tíma. Einnig er rétt að hafa í huga að aðstöðugjaldi hefur nú verið létt af íslenskum fyrirtækjum og tekjuskattur þeirra lækkaður. Þessar breytingar ættu að skapa svigrúm til styttingar vinnutíma.

Í tillögunni er lagt til að kannað verði hvort slíkar breytingar á vinnutíma geti greitt fyrir samningum á vinnumarkaðinum. Mikil áhersla hefur verið lögð á atvinnuátak í tengslum við kjarasamninga. Stjórnvöld hafa átt þátt í þríhliða samningaviðræðum ásamt launþegum og vinnuveitendum. Eðlilegt er að ræða styttingu vinnutíma í slíkum viðræðum. Með styttingu vinnutíma er hægt að skapa fjölmörg störf og spara samfélaginu umtalsverðar fúlgur sem ella væru greiddar í atvinnuleysisbætur. Þannig væru stjórnvöld í stakk búin til að mæta auknum útgjöldum vegna styttingar vinnutíma opinberra starfsmanna og líklega aflögufær til að hlaupa undir bagga ef atvinnurekendur teldu lækkun skatta og hagræðingu undanfarinna ára ekki hrökkva fyrir kostnaði við styttingu vinnuvikunnar.

Samkvæmt upplýsingum í könnun á högum og aðstæðum atvinnulausra, „Atvinnulausir á Íslandi 1993“, kemur fram að 59,6% aðspurðra voru sammála fullyrðingunni: „Þegar atvinna er af skornum skammti ætti að stytta vinnuvikuna í þeirri von að fleiri geti fengið starf.“ Einungis 29,3% aðspurðra voru ósammála, 11,1% voru óvissir eða neituðu að svara.

Stytting vinnuvikunnar hefur fleiri kosti. Varla leikur á því vafi að þörf er á því að fjölga samverustundum fjölskyldunnar. Mjög margir vinna langan vinnudag af illri nauðsyn. Samkvæmt lífskjarakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem út kom árið 1990, telja 36,1% Íslendinga að þeir vinni of langan vinnudag. Ef litið er á fjölskyldur með börn fer hlutfallið upp í 40,4% hjá fólki í sambúð en 51,1% hjá einstæðum foreldrum. Helstu ástæður, sem upp eru gefnar fyrir því að foreldrar vilja vinna styttri vinnudag, eru: Vilji til að sinna áhugamálum, fjölskyldu og börnum. Fjárhagur fjölskyldunnar er ein helsta ástæða þess að fólk telur sig ekki geta minnkað við sig vinnu, 39% telja það meginástæðuna. Ef einungis er litið á afstöðu kvenna til langs vinnutíma kemur í ljós að 48,3% kvenna telja sig verða að vinna langan vinnudag af fjárhagsástæðum fyrst og fremst.

Umræða um styttingu vinnutíma er ekki ný af nálinni á Íslandi. Á 110. löggjafarþingi fluttu þingmenn Alþýðubandalagsins þingsályktunartillögu um styttingu vinnutímans (456. mál) og á 113. löggjafarþingi fluttu tveir þingmenn Alþýðuflokksins einnig tillögu um styttingu vinnutíma (315. mál).

Þegar atvinnuleysi knýr að dyrum hlýtur að verða að taka þessa umræðu upp af meiri alvöru en nokkru sinni fyrr. Stytting vinnuvikunnar gæti skapað fleiri störf en nokkur önnur einstök aðgerð. Það er sameiginlegt hagsmunamál stjórnvalda, launþega og atvinnurekenda að snúa við þeirri óheillaþróun sem aukning atvinnuleysis er. Sú ábyrgð hvílir á herðum þeirra að leita allra hugsanlegra leiða í baráttunni við atvinnuleysisvofuna. Í þessari tillögu er bent á raunhæfan kost í þeirri baráttu.

Um fskj. I og III vísast til fskj. I og III á þskj. 925, 558. mál 116. löggjafarþings, bls. 5160 og 5162–5163 í A-deild Alþt. 1992–93.

Fylgiskjal II.

Úr fréttabréfi kjararannsóknarnefndar.

(1. ársfjórðungur 1993, ágúst 1993.)

Tafla 1.3. Meðalfjöldi vinnustunda á viku hjá fólki í fullu starfi.

Starfsstéttir	1. ársfj. 1992	1. ársfj. 1993	Breyting tímar
Verkakarlar	48,9	49,8	0,9
Verkakonur	43,9	45,1	1,2
Iðnaðarmenn	46,7	46,2	-0,5
Afgreiðslukarlar	46,1	46,2	0,1
Afgreiðslukonur	45,0	45,5	0,5
Skrifstofukarlar	41,7	41,3	-0,4
Skrifstofukonur	40,1	40,2	0,1
ASÍ-landv.fólk	**45,7**	**46,2**	**0,5**

Fylgiskjal IV.

Félagsmálaráðuneytið:

Upplýsingar úr „Atvinnulausir á Íslandi 1993", könnun á högum og aðstæðum atvinnulausra.

(Unnið af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í apríl 1993.)

Þegar atvinna er af skornum skammti ætti að stytta vinnuvikuna í þeirri von að fleiri geti fengið starf

	Sammála	Ósammála	Fjöldi
Allir	67,1	32,9	720
Atv.- og fjölsk.aðstæður			
Atv.l. fyrirv, m/fjölsk.	75,3	24,7	93
Atv.l. m/vinnandi maka	68,1	31,9	135
Atv.laus einhleypingur	68,3	31,7	145
Aðrir (nemar/öryrkj.)	60,6	39,4	33
Í vinnu	64,4	35,6	312
Kyn *			
Karl	63,2	36,8	375
Kona	71,3	28,7	345
Aldur ***			
18-24 ára	57,7	42,3	196
25-39 ára	60,2	39,8	246
40-54 ára	75,9	24,1	145
55-75 ára	84,2	15,8	133
Atvinnugrein			
Landbúnaður	62,5	37,5	24
Fiskveiðar	63,4	36,6	71
Fiskvinnsla	65,3	34,7	199
Byggingariðnaður	67,2	32,8	58
Annar iðnaður	61,0	39,0	77
Verslun og samgöngur	68,2	31,8	66
Opinber þjónusta	77,3	22,7	66
Önnur þjónusta	67,8	32,2	143
Stétt			
Verkafólk	68,5	31,5	416
Afgreiðslufólk	59,1	40,9	44
Sjómenn	56,7	43,3	60
Iðnaðarmenn/verkstj.	67,8	32,2	87
Skrifstofu-, þjónustufólk	67,9	32,1	78
Sérfræð./stjórnendur	81,8	18,2	11
Nám *			
Minna en grunnsk.nám	79,6	20,4	54
Gagnfr./grunnskólanám	63,1	36,9	393
Starfsnám	74,0	26,0	77
Bóklegt framhald	63,9	36,1	72
Verklegt framhald	68,3	31,7	101
Háskólapróf	86,4	13,6	22
Lengd atvinnuleysis			
Minna en mánuð	64,6	35,4	144
1-6 mánuði	67,0	33,0	364
6-12 mánuði	71,3	28,7	101
Meira en ár	74,5	25,5	47
Búseta			
Reykjavík	69,1	30,9	191
Reykjanes	62,0	38,0	166
Landsbyggð	68,3	31,7	363

81. Fyrirspurn [78. mál]

til iðnaðarráðherra um jöfnun húshitunarkostnaðar.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hvernig hefur ríkisstjórnin fylgt fram stefnu sinni um jöfnun húshitunarkostnaðar meðal landsmanna?
2. Hver var mismunur á verði einstakra orkuveitna til húshitunar 1. janúar 1991 og hver var þessi munur 1. október sl.?
3. Hyggst ráðherra leggja fram á þessu þingi frumvarp til laga um jöfnun orkuverðs í landinu?

82. Fyrirspurn [79. mál]

til utanríkisráðherra um landkynningu í Leifsstöð.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

Er eitthvað í vegi fyrir því að hægt sé að kynna land og þjóð með veggmyndum eða myndbandasýningum í Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli?

83. Fyrirspurn [80. mál]

til fjármálaráðherra um aðaltollhöfn í Þorlákshöfn.

Frá Guðna Ágústssyni.

Eru uppi áform um að gera Þorlákshöfn að aðaltollhöfn?

84. Fyrirspurn [81. mál]

til dómsmálaráðherra um staðfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Verður samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni, sem gerður var í Vínarborg 1988, staðfestur af Íslands hálfu? Ef svo er, hvenær má vænta þess að tillögur þar um verði lagðar fyrir Alþingi?

85. Frumvarp til laga [82. mál]

um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 9. gr. laganna orðast svo:

Sé eigi á annan veg samið skal uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi vera einn mánuður. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna voru í fyrstu almennu siglingalögunum, nr. 63/1913. Þó voru ákvæði um uppsagnarfrest á einn veg, þ.e. alfarið í höndum skipstjóra. Árið 1930 voru ákvæði um kjör skipshafnar og skipstjóra numin úr siglingalögum, þau endurskoðuð og sett í sérstök sjómannalög, nr. 41/1930. Með þeim lögum var fyrst getið um tiltekinn uppsagnarfrest sjómanna. Með lögum nr. 67/1963 er uppsagnarfresti yfirmanna á öllum íslenskum skipum og undirmanna á kaupskipum verulega breytt, en á fiskiskipum er hann aðeins sjö dagar. Með breytingum, sem átt hafa sér stað á vinnumarkaði á réttarstöðu verkafólks og uppsagnarfresti, svo og þeirri breytingu sem orðin er með tilkomu aflaheimilda á fiskiskip, er það með öllu óviðunandi fyrir eina starfsstétt hér á landi, þ.e. undirmenn á fiskiskipum, að búa við sjö daga uppsagnarfrest eins og núverandi lög kveða á um.

Í ákvæðum siglingalaga, nr. 63 22. nóvember 1913, sagði svo í 30. gr.: „Skipstjóri ræður skipverja og segir þeim upp. Engan má hann ráða þann er hann veit að er ráðinn annars staðar.“ Í 87. gr. kemur fram að skipstjóri geti ráðið skipverja til tiltekinnar ferðar eða í tiltekinn tíma.

Í sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930, er uppsagnarfrestur tiltekinn og þá mismunandi eftir því hvort um er að ræða stýrimann og vélstjóra eða aðra í áhöfn. 2. mgr. 13. gr. hljóðaði svo: „Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi stýrimanna og vélstjóra skal vera einn mánuður, ef ekki er öðruvísi samið, en sjö dagar á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenskum fiskiskipum einn dagur.“

Þessi ákvæði sjómannalaga voru í gildi þar til ný sjómannalög voru sett, nr. 67 31. desember 1963. Þá var ákvæðum 2. mgr. 13. gr. um uppsagnarfrest breytt verulega og voru þau þannig: „Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna, en einn mánuður á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenskum fiskiskipum sjö dagar.“ Með þessari lagasetningu var uppsagnarákvæðum yfirmanna á kaupskipum breytt, þ.e. úr einum mánuði í þrjá mánuði, hjá öðrum skipverjum úr sjö dögum í einn mánuð. Á fiskiskipum urðu sömu breytingar hjá yfirmönnum, þ.e. úr einum mánuði í þrjá mánuði, en hjá öðrum skipverjum úr einum degi í sjö daga.

Við endurskoðun sjómannalaga, sem fram fór síðari hluta árs 1984 og fyrri hluta árs 1985, urðu nokkrar umræður um þann mismun á uppsagnarákvæðum íslenskra sjómanna sem fram kom í sjómannalögunum frá 1963, einkum þá um mismun skipverja (annarra

en yfirmanna) á kaupskipum og fiskiskipum. Við þær aðstæður, er þá voru varðandi fiskveiðar, töldu samtök sjómanna ekki ástæðu til breytinga á uppsagnarákvæðum fiskimanna og var 1. mgr. 9. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, m.a. þess vegna ekki breytt. Eins og í upphafi greinargerðar kemur fram hafa nú allar forsendur breyst hvað varðar starfsöryggi þeirra fiskimanna sem nú þurfa lögum samkvæmt að búa við sjö daga uppsagnarfrest og er því þetta frumvarp til breytingar á sjómannalögum lagt fram.

86. Frumvarp til laga [83. mál]

um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Skipulag og stjórn.

1. gr.

Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Lífeyristryggingar.
2. Slysatryggingar.
3. Sjúkratryggingar.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur umsjón með allri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

Hver grein trygginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar. Að öðru leyti er forstjóra heimilt, að fengnu samþykki tryggingaráðs og ráðherra, að skipa starfsemi stofnunarinnar í deildir eftir því sem henta þykir.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Ráðherra skipar og skrifstofustjóra, tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, aðalgjaldkera og deildarstjóra, að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs, og tryggingalækni, að fengnum tillögum forstjóra, tryggingaráðs og tryggingayfirlæknis.

Um ákvörðun launa fastra starfsmanna samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

4. gr.

Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum sem settar eru. Hann ræður alla starfsmenn stofnunarinnar sem ekki eru skipaðir af ráðherra.

Deildarstjórar annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sína deild. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

Heimilt er að ráða tannlækni eða semja við aðila utan stofnunarinnar til að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara er lúta að tannlækningum.

5. gr.

Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna.

6. gr.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti þess.

Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

a. hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar,
b. ársreikningum stofnunarinnar,
c. ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir,
d. öllum heimildarsamningum við heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstofnanir,
e. meginreglum um notkun heimildarákvæða,
f. öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og -sölum,
g. öðrum þeim atriðum sem lög þessi ákveða.

Önnur mál skulu borin undir tryggingaráð ef ráðið óskar þess eða forstjóra finnst ástæða til.

7. gr.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Máli skal skjóta til úrskurðar tryggingaráðs eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun lá fyrir í málinu. Tryggingaráði er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá fjögurra mánaða frestinum.

Komi ágreiningur fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.

8. gr.

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnunin hafa umboðsskrifstofur og fer um staðarval, fyrirkomulag og rekstur eftir ákvörðun tryggingaráðs.

Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins, skal sveitarstjórn heimilt í samráði við tryggingaráð að tilnefna sérstakan trúnaðarmann Tryggingastofnunarinnar sem annast upplýsingastörf og tengsl íbúa sveitarfélags við umboðsskrifstofu. Tryggingastofnunin ákveður og greiðir þóknun til trúnaðarmanna.

9. gr.

Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir sl. ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs skulu reikningarnir sendir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem síðan lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

Tryggingastofnunin skal með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar.

Tryggingastofnunin skal kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi.

II. KAFLI
Lífeyristryggingar.

A. Almenn ákvæði.

10. gr.

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, tekjutryggingar, örorkustyrkja, barnalífeyris og bóta í fæðingarorlofi.

B. Bætur.

11. gr.

Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og átt hafa lögheimili hér á landi, a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur árlegur ellilífeyrir, 147.948 kr., greiðist þeim einstaklingum sem átt hafa lögheimili hér á landi, a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs, sbr. þó 2. mgr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við lögheimilistímann.

Ellilífeyri skal skerða ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en 853.397 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða ellilífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né tekjur úr lífeyrissjóðum. Skerðing samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei ná til þess hluta ellilífeyris sem einstaklingur á rétt á vegna frestunar á töku ellilífeyris sem ákveðin var fyrir 1. janúar 1992.

Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að miða lífeyri beggja við lögheimilistíma þess sem á lengri réttindatíma, sbr. síðasta málslið 2. mgr. Þá er og heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri ef þau eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum er tryggingaráð metur jafngildar.

Hver, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eða skip gert út af íslenskum aðilum eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

Nú hefur sjómaður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur að hluta eða öllu leyti á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brl. eða af öðrum ástæðum ekki borið skylda til lögskráningar og er þá heimilt að úrskurða honum ellilífeyri frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sú sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi meðan á henni stóð.

12. gr.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn sem lögheimili eiga á Íslandi, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, eru á aldrinum 16–67 ára og:

a. hafa átt lögheimili á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í eitt ár ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér lögheimili,
b. eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur.

Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera 147.948 kr. og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, sbr. þó 4. mgr. Við ákvörðun lögheimilistíma, sbr. 1. mgr. 11. gr., skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs umsækjanda.

Örorkulífeyri skal skerða ef árstekjur örorkulífeyrisþega eða hjóna, hvors um sig, sem bæði eru örorkulífeyrisþegar, eru hærri en 871.373 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða örorkulífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né tekjur úr lífeyrissjóðum.

13. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. 12. gr. að öðru leyti en því er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má enn fremur veita þeim sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki og skulu þær staðfestar af ráðherra.

14. gr.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft átt hér lögheimili, a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Hvorki skerðingarákvæði 2. mgr. 11. gr. né 4. mgr. 12. gr. takmarka rétt til barnalífeyris.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpforeldris ef barnið á framfærsluskylt foreldri á lífi. Eigi skal heldur greiða barnalífeyri vegna fráfalls eða örorku ættleiðanda, nema barnið hafi verið á framfæri hans, a.m.k. tvö síðustu árin áður en lífeyrisréttur gat stofnast. Heimilt er tryggingaráði að stytta þennan frest ef sýnt þykir að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega, svo og með barni manns sem sætir gæslu- eða refsivist, enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað.

Barnalífeyrir greiðist foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera 123.600 kr. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna er njóta örorkulífeyris.

15. gr.

Fæðingarstyrkur skal vera 25.090 kr. á mánuði í sex mánuði við hverja fæðingu til móður sem á lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hefur átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna, sbr. þó 2. mgr. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Upphæð fæðingarstyrks skal hækka með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum þann tíma er óskert laun eru greidd.

Greiða skal fæðingarstyrk í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur í tvo mánuði.

Greiðslur fæðingarstyrks falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skal fæðingarstyrkur þó aldrei greiddur skemur en í tvo mánuði eftir fæðingu.

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu. Framlengja skal og greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með vottorði læknis og staðfest af tryggingaráði.

Fæðingarstyrkur skal og greiddur ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri vegna töku barns yngra en fimm ára í fimm mánuði frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

16. gr.

a. Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu.
b. Fæðingardagpeningar skulu vera tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.
c. Fæðingardagpeningar skulu greiddir í sex mánuði.
d. Fullra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 1.032–2.064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Hálfra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 516–1.031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Launuð vinna í grein þessari merkir öll vinna að tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega. Um mat á atvinnuþátttöku foreldris skal setja ákvæði í reglugerð.
e. Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði og miðast greiðsla fæðingardagpeninga við þann tíma. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingardagpeninga við fæðingardag.
f. Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Foreldrar geta og skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið bæði í orlofi á sama tíma að fullu eða hluta, þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en sex mánaða fæðingardagpeningum, sbr. c-lið.

g. Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof, sem þeir eiga rétt á, falla niður fæðingardagpeningagreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.
h. Fæðingarorlof og greiðslur fæðingardagpeninga framlengjast um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fæðast fleiri í einu.
i. Framlengja skal og greiðslu fæðingardagpeninga um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni þann mánuð.
j. Þegar sérstaklega stendur á vegna heilsufars barns er heimilt að fengnu vottorði læknis sem annast hefur barnið að foreldri taki hluta af fæðingarorlofi án þess að því sé gert skylt að ljúka því í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en mánuður.
k. Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hætta störfum meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki komið við breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.
l. Greiðslur fæðingardagpeninga falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skulu fæðingardagpeningar þó aldrei greiddir skemur en tvo mánuði eftir fæðingu. Greiða skal fæðingardagpeninga í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðast fæðingardagpeningar í tvo mánuði.
m. Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi vegna töku barns yngra en fimm ára.
n. Fæðingardagpeningar greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.
o. Útgjöld lífeyristrygginga vegna fæðingardagpeninga skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga.
p. Enginn getur samtímis notið fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga.

17. gr.

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 210.989 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 272.208 á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 210.989 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 210.989 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 279.840 á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 210.989 kr. skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

18. gr.

Við ákvörðun um hækkanir bóta skv. 17. gr. skulu umsóknir rökstuddar t.d. með skattaframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega. Hliðsjón skal höfð af því hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti að það valdi synjun hækkunar.

Með reglugerð skal fjárhæðum 17. gr. breytt 1. júlí árlega til samræmis við almennar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að aðrar tekjufjárhæðir skv. 17. gr. gildi um lífeyristekjur en aðrar tekjur.

C. Tekjur.

19. gr.

Kostnaður vegna lífeyristrygginga almannatrygginga greiðist úr ríkissjóði, m.a. af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi.

20. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal ár hvert haga áætlanagerð sinni vegna útgjalda lífeyristrygginga fyrir næsta almanaksár í samræmi við reglur fjárlagagerðar og senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til frekari meðferðar. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs, allt að 2% af áætluðum útgjöldum, skv. II. og III. kafla laga þessara.

Árleg heildarútgjöld lífeyristrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum hvers árs.

21. gr.

Framlag ríkissjóðs til lífeyristryggginganna skv. 19. og 20. gr. skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum greiðslum í byrjun hvers mánaðar.

III. KAFLI
Slysatryggingar.

A. Almenn ákvæði.

22. gr.

Slysatryggingar taka til slysa við vinnu, iðnnám, björgunarstörf, hvers konar íþróttaæfingar, íþróttasýningar og íþróttakeppni, enda sé sá sem fyrir slysi verður tryggður samkvæmt ákvæðum 24. eða 25. gr.

Maður telst vera við vinnu:

a. Þegar hann er á vinnustað á þeim tíma sem honum er ætlað að vera að störfum, svo og í matar- og kaffitímum.
b. Í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um lengri ferðir af þessu tagi ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni.

Slys telst ekki verða við vinnu ef það hlýst af athöfnum slasaða sjálfs sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna. Tryggingin tekur þó til allra slysa á sjómanni sem verða um borð í skipi hans eða þegar hann ásamt skipinu er staddur utan heimahafnar skips eða útgerðarstaðar.

Til slysa teljast sjúkdómar, er stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu sem ríkjandi eru í hæsta lagi fáeina daga og rekja verður til vinnunnar.

Ákveða skal með reglugerð að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir samkvæmt þessum kafla.

23. gr.

Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskylt samkvæmt þessum kafla, skal atvinnurekandi eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Hinum slasaða eða þeim öðrum, sem gera vilja kröfu til bóta vegna slyssins, ber að fylgjast með því að tilkynningarskyldunni sé fullnægt og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin eða annar hvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirsvarsmaður hans, óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið.

Ef sá sem átti að tilkynna slys hefur vanrækt það skal það eigi vera því til fyrirstöðu að sá sem fyrir slysi varð eða eftirlátnir vandamenn hans geti gert kröfu til bóta ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið bar að höndum. Tryggingaráð getur þó ákveðið að greiða bætur þó að lengri tími líði ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði er máli skipta.

24. gr.

Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru:

a. Launþegar sem starfa hér á landi, að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í íslensku skipi eða íslenskri flugvél jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið.
b. Nemendur við iðnnám samkvæmt iðnfræðslulögum.
c. Útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar.
d. Þeir sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.
e. Íþróttafólk sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára. Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.
f. Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.

Tryggingaráð getur veitt undanþágu frá slysatryggingu skv. a-lið 1. mgr. ef hlutaðeigandi er sannanlega tryggður samkvæmt erlendri slysatryggingalöggjöf. Þá er tryggingaráði heimilt að verða við beiðni íslensks fyrirtækis um slysatryggingu starfsmanna þess sem erlendis starfa.

Launþegi telst hver sá sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

Undanskilin slysatryggingu samkvæmt þessari grein er lausavinna sem ekki er í sambandi við atvinnurekstur né hefur í för með sér sérstaka áhættu. Með reglugerð skal ákveða nánar hvað telja skuli lausavinnu í þessu sambandi.

Maki atvinnurekanda og börn hans, yngri en 16 ára, teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein.

25. gr.

Eftirtöldum mönnum skulu tryggðar slysabætur samkvæmt lögum þessum, nema tekið sé fram í skattframtali í byrjun árs að tryggingar sé ekki óskað.

a. Atvinnurekendum í landbúnaði, sem vinna landbúnaðarstörf, mökum þeirra og börnum á aldrinum 12–16 ára.
b. Atvinnurekendum sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum.
c. Launþegum sem að staðaldri vinna störf sem falla undir ákvæði 4. mgr. 24. gr.

Þeir sem heimilisstörf stunda geta tryggt sér rétt til slysabóta við þau störf með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi. Á sama hátt geta atvinnurekendur skv. b-lið tryggt mökum sínum og börnum innan 16 ára, sem með þeim starfa að atvinnurekstrinum, rétt til slysabóta. Sama gildir um börn atvinnurekenda í landbúnaði innan 12 ára aldurs.

B. Bætur.

26. gr.

Bætur slysatrygginga eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

27. gr.

Nú veldur bótaskylt slys sjúkleika og vinnutjóni í minnst 10 daga og skal þá greiða nauðsynlegan kostnað vegna lækningar hins slasaða og tjóns á gervilimum eða hjálpartækjum svo sem hér segir:

1. Að fullu skal greiða:
   a. Læknishjálp samkvæmt samningum sjúkratrygginga.
   b. Sjúkrahúsvist, svo lengi sem afleiðingar slyssins gera hana nauðsynlega. Greiðsla sjúkrahúsvistar færist þó yfir á sjúkratryggingarnar þegar hinn slasaði er orðinn 70 ára, enda séu þá full tvö ár frá slysdegi.
   c. Lyf og umbúðir.
   d. Viðgerð vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað sem ætla má að orðið hefði ef þær hefðu verið heilbrigðar.
   e. Gervilimi eða svipað hjálpartæki, svo og viðgerð á þeim eða endurnýjun ef viðgerð telst ekki fullnægjandi. Sama gildir um gervitennur.
   f. Sjúkraflutning með sjúkraflugvél eða sjúkrabíl fyrst eftir slys eða þegar ella verður nauðsynlegt að senda sjúkling með slíkum farartækjum til meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, þó ekki fyrir einstakar ferðir þegar um stundun er að ræða. Sama gildir um flutning með skipi, þegar öðrum farartækjum verður ekki við komið.
   g. Sjúkraþjálfun og orkulækningar.
2. Að hluta skal greiða:
   a. Að hálfu ferðakostnað til læknis með leigubíl, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili eða sama bæ né bifreið í eigu venslamanna hins slasaða.
   b. Að ¾ kostnað við sams konar ferðir með áætlunarbíl eða -skipi, enda sé um meira en 15 km vegalengd að ræða. Geti sjúklingur ekki ferðast með áætlunarbíl skal greiða ferð með áætlunarflugvél að ¾.

3. Heimilt er að greiða:
   a. Hjúkrun í heimahúsum, veitta af vandalausum.
   b. Styrk upp í kostnað vegna löskunar á tönnum þegar framkvæmdar hafa verið kostnaðarsamar aðgerðir á þeim sem ónýst hafa við slysið.
   c. Ferðakostnað að ¾ hlutum með áætlunarbíl eða strætisvagni eða samkvæmt kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eða strætisvagnaferðir eru ekki fyrir hendi þegar sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni á sjúkrahúsi eða sjúkrastofnun, svo sem í endurhæfingu eða sjúkraþjálfun, með eða án innlagningar, þótt vegalengd sé skemmri en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á sex mánaða tímabili.

Að svo miklu leyti sem sérstakir samningar sjúkratrygginga ná ekki yfir sjúkrahjálp samkvæmt framansögðu getur tryggingaráð ákveðið endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti.

Nú veldur slys ekki óvinnufærni í 10 daga, en hefur þó í för með sér kostnað sem um ræðir í grein þessari og má þá greiða hann að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá sjúkratryggingum.

28. gr.

Dagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slysið varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þangað til hinn slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 52 vikur.

Tryggingaráði er heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum og óvíst er hvort um varanlega örorku verður að ræða og líkur eru til að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

Dagpeningar eru 665,70 kr. á dag fyrir hvern einstakling og 142,80 kr. fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis sem hinn slasaði sannanlega greiðir með samkvæmt úrskurði stjórnvalds, staðfestu samkomulagi eða skilnaðarleyfisbréfi.

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr ¾ af vinnutekjum bótaþega við þá atvinnu er hann stundaði er slysið varð og mega ekki ásamt vinnutekjum nema meira en upphæð dagpeninga að viðbættum þriðjungi. Í reglugerð skal ákveðið hvernig meta skuli í þessu sambandi vinnutekjur maka og barna atvinnurekenda sem tryggð eru skv. a-lið 1. mgr. eða 2. mgr. 25. gr.

Nú greiðir vinnuveitandi hinum slasaða laun í slysaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt þessari grein til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur ¾ hlutum launanna.

29. gr.

Ef slys veldur varanlegri örorku skal greiða þeim er fyrir því varð örorkulífeyri eftir reglum 3. mgr. 12. gr. eða örorkubætur í einu lagi.

Ef örorkan er 50% eða meiri greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig sem við bætist uns örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir. Skerðingarákvæði 4. mgr. 12. gr. skulu ekki taka til örorkulífeyris samkvæmt þessari grein.

Nú er örorkan metin meiri en 50% og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 18 ára, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys bar að höndum, eftir reglum b- og c-liða 1. mgr. 30. gr.

Ef örorkan er 75% eða meiri skal greiða fullar bætur og gildir það bæði vegna barna sem voru á framfæri bótaþega þegar slys átti sér stað, svo og þeirra sem hann framfærir síðar. Sé orkutapið minna en 75% lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1% sem vantar á 75% örorku.

Ef orkutap er minna en 50% er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lífeyri hlutaðeigandi um tiltekið árabil samkvæmt reglum er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

Örorkubætur greiðast ekki ef orkutapið er metið minna en 10%. Þó skal heimilt að greiða bætur vegna f-liðar 1. mgr. 24. gr. í þessum tilvikum í samræmi við nánari reglur sem ráðherra setur.

30. gr.

Ef slys veldur dauða innan tveggja ára frá því er það bar að höndum skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hlýtur bætur, 15.448 kr. á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný. Nú andast ekkja eða ekkill sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar áður en bætur hafa verið greiddar að fullu og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.
b. Barnalífeyri, 123.600 kr. á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 14. gr.
c. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en 193.055 kr. og allt að 579.165 kr., eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur ef örorka er minni en 33%.

Bætur skv. a- og c-liðum skulu eigi vera lægri en 128.924 kr. fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur sem rétt eiga til bóta samkvæmt þessum stafliðum og skal þá bæta slysið með 270.281 kr. sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur er greiddar hafa verið í einu lagi skv. 4. mgr. 29. gr. vegna sama slyss.

C. Tekjur.

31. gr.

Útgjöld slysatrygginga skulu borin af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi. Launþegar skv. c-lið 25. gr. skulu standa skil á iðgjöldum sínum. Þá skal árlega ákveða í fjárlögum framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra sem um getur í e- og f-liðum 24. gr.

Tryggingastofnunin skal ár hvert gera áætlun um bótagreiðslur og rekstrarkostnað slysatrygginga næsta almanaksár að meðtöldu tillagi til varasjóðs, allt að 5% af útgjöldum.

Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald af trillubátum og meiri háttar heimilisaflvélum.

Iðgjöld til slysatrygginga, önnur en þau sem nefnd eru í 1. og 3. mgr., skulu ákveðin sem hundraðshluti af hæfilega áætlaðri stofnfjárhæð vegna hvers einstaklings.

IV. KAFLI
Sjúkratryggingar.

A. Almenn ákvæði.

32. gr.

Sá sem eignast lögheimili í landinu, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, verður sjúkratryggður einu ári eftir að lögheimilisbreyting er tilkynnt, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingu, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að greiða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstilfellum þótt biðtíminn sé ekki liðinn.

Börn og unglingar, 16 ára og yngri, eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

Sjúkratryggingadeild eða hlutaðeigandi umboðsskrifstofa gefur út réttindaskírteini til hvers þess sem sjúkratryggður er.

Ráðherra getur að fengnum tillögum tryggingaráðs sett ákvæði í reglugerð um undanþágur frá eins árs lögheimilisskilyrði, um fyrirkomulag og framkvæmd sjúkratrygginga og um starfsemi sjúkratryggingadeildar.

B. Bætur.

33. gr.

Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins er að annast sjúkratryggingar samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er það hlutverk sjúkratryggingadeildar:

a. Að veita styrk til að afla hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.
b. Að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.
c. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 37. gr. nær til, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum tryggingaráðs.
d. Að greiða kostnað við yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
e. Að greiða ferðastyrk til sjúklinga sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun styrkja samkvæmt þessum staflið.
f. Að greiða kostnað samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geta notið slíkrar fyrirgreiðslu.

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja samkvæmt a- og b-liðum. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnuninni fyrir fram. Tryggingayfirlæknir getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis eða þjálfunar.

Ráðherra getur ákveðið að sjúkratryggingadeild greiði:

a. Gjald fyrir rannsóknir og læknishjálp sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar heilbrigðisstofnanir.
b. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af sjúkrahjálp við erlenda ríkisborgara sem dveljast hér um stundarsakir.

34. gr.

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 32. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, þar með talið á fæðingarstofnunum, sbr. þó ákvæði 35. og 39. gr. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

35. gr.

Nú er sjúkratryggðum brýn nauðsyn á að vistast í erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslensku sjúkrahúsi og greiðir þá sjúkratryggingadeild kostnað við sjúkrahúsvistina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar. Ráðherra skipar nefnd sem úrskurðar um hvort fyrrgreind skilyrði eru fyrir hendi, svo og hvar sjúkratryggður skuli vistaður erlendis. Nú er sjúkratryggður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landspítalann, yfirlækni á Borgarspítalanum og yfirlækni við St. Jósefsspítalann Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

36. gr.

Til viðbótar þeim réttindum, sem þegar eru upptalin, skulu sjúkratryggingar veita þá hjálp sem hér segir:

a. Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings sem Tryggingastofnunin hefur gert samning við. Með reglugerð má ákveða gjald sem hinn sjúkratryggði greiði fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun til sjúklings. Sjúkratryggingar hafa heimild til að ákveða að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu og endurgreiða sjúkratryggingar þá sjúklingi sinn hluta.
b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum eða stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Ráðherra hefur heimild til þess að ákveða að skilyrði fyrir greiðslu sjúkratrygginga skuli háð tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Fyrir hverja komu til sérfræðings samkvæmt tilvísun greiði sjúklingur gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Með reglugerð skal sömuleiðis setja nánari reglur um notkun tilvísana, þar á meðal í hvaða tilvikum og með hvaða hætti Tryggingastofnun ríkisins geti tekið þátt í greiðslu kostnaðar vegna rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum þótt sjúklingur hafi ekki tilvísun.
c. Lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk greiðir sjúkratryggður það. Eftir að lyf hefur verið skráð hér á landi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveða hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu viðkomandi lyfs.
d. Röntgengreining og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 900 kr. fyrir hverja röntgengreiningu.
e. Sjúkradagpeningar skv. 38. gr.

f. Kostnað vegna aðstoðar ljósmóður við fæðingu í heimahúsum, ákveðinn með þeim hætti sem um ræðir í 39. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því fæðing hefst.
g. Tannlækningar skv. 37. gr.
h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað læknis til þeirra sjúkratryggðu sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 100 kr. fyrir hverja ferð.
i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands að ⅞ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþega- og flutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður aldrei meira en 2.400 kr. Sjúkraflutningur innan bæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðist ⅞ af fargjaldi fylgdarmanns, jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.
j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar.
k. Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir og reglum sem tryggingaráð setur.

Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum sjúkratryggðra samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga í lyfjaávísunum. Ráðherra er með reglugerð heimilt að ákveða að gjald skv. a-, b-, c- og d-liðum skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess gjalds sem sjúklingi ber að greiða. Þá er ráðherra og heimilt með reglugerð að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratryggðra fyrir sérhæfða göngudeildarþjónustu skv. b-lið.

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða víðtækari hjálp vegna veikinda en mælt er fyrir um í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 37. gr. og ákveða með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.

37. gr.

Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um tannlæknaþjónustu, alla eða að hluta, aðra en tannréttingar.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir tannlækningar barna og unglinga, 15 ára og yngri, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 75%.
2. Fyrir tannlækningar 16 ára unglinga, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 50%.

3. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð hjá börnum og unglingum, 16 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.
4. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta fullrar tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en 50% kostnaðar sé tekjutrygging skert, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Reikningi fyrir tannlæknaþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. mgr. skulu börn og unglingar, 15 ára og yngri, eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.

38. gr.

Sjúkratryggingar greiða sjúkradagpeninga ef sjúkratryggður, sem orðinn er 17 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður sé um þær að ræða.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verður að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr., skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en í þrjá mánuði.

Sjúkratryggðir njóta sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a.m.k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðfest af lækni.

Fullir dagpeningar skulu nema 526,20 kr. fyrir einstakling og 142,80 kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 18 ára, þar með talin börn utan heimilis sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt úrskurði stjórnvalds, staðfestu samkomulagi eða skilnaðarleyfisbréfi.

Fullra dagpeninga njóta þeir sem fella niður heils dags launaða vinnu. Hálfra dagpeninga njóta þeir sem fella niður launaða vinnu sem nemur minna en heils dags vinnu, en a.m.k. hálfs dags starfi. Sé felld niður launuð vinna sem nemur minna en hálfs dags starfi greiðast dagpeningar er nema ¾ misstra launatekna, allt að hálfum dagpeningum. Launuð vinna merkir í grein þessari alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega.

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema helmingi fullra dagpeninga, að viðbættum ½ hluta sannaðrar greiðslu fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp ½ dag í viku, allt að fullum dagpeningum. Slík útgjöld skulu sönnuð með skýrum kvittuðum reikningum er tilgreini vinnutíma, greidd laun og kennitölu viðtakanda. Útgjöld umfram dagvinnukaup samkvæmt taxta hlutaðeigandi stéttarfélags teljast ekki með. Umsækjandi, sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu, fær ekki helming dagpeninga vegna niðurfalls heimilisstarfa en aftur á móti viðbót vegna útgjalda samkvæmt framanskráðu.

Það skal ekki tálma greiðslu hálfra eða fullra dagpeninga vegna niðurfalls launaðrar vinnu skv. 5. mgr. þótt umsækjandi geti sinnt léttu heimilisstarfi.

Nú tekur sjúklingur, sem unnið hefur heils dags launavinnu, upp allt að hálfs dags launað starf í afturbata og er þá heimilt að greiða honum hálfa dagpeninga meðan svo stendur, þó ekki lengur en í þrjá mánuði.

Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði við það miða hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Námsfólk á ekki rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi, nema að því leyti sem forföllin valda töfum á að námsáfangi náist.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur til hans þann tíma, að undanskilinni barnaviðbót sem fellur niður, þó aldrei hærri greiðsla en nemur ¾ hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

39. gr.

Tryggingastofnun ríkisins gerir samninga um greiðslur samkvæmt þessum kafla. Náist ekki samningar skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði dómurinn ekki fullskipaður þannig tilnefnir Hæstiréttur þá sem vanta kann.

Daggjöld sjúkrahúsa, sem ekki eru á föstum fjárlögum, svo og gjaldskrár fyrir slysa- og röntgendeildir, skulu ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að höfðu nánu samráði við viðkomandi stofnanir. Daggjöld og gjaldskrár skulu ákveðin þannig að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma miðað við þá þjónustu sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti.

Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða jafngildir það samningi ef hlítt er ákvörðun ráðherra um daggjöld er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu. Að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, þrátt fyrir ákvæði 34. gr., að sjúklingum skuli greidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

40. gr.

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því eins og um læknishjálp innan lands væri að ræða. Þetta nær þó ekki til þeirra sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar að því er varðar þá sjúkrahjálp sem samningarnir fjalla um.

Nú verður sjúkratryggður maður fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss erlendis og fær hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti frá sjúkratryggingum og er þá tryggingaráði heimilt að ákveða að sjúkratryggingadeild taki meiri þátt í slíkum kostnaði.

41. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt lögum þessum. Slíkan samning má gera í framhaldi af útboði. Í þeim tilvikum ákveður sjúkratryggingadeild hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða öðru leyti ekki aðgengileg getur sjúkratryggingadeild ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.

C. Tekjur.

42. gr.

Kostnaður sjúkratrygginga greiðist að fullu úr ríkissjóði. Árleg heildarútgjöld sjúkratrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum hvers árs.

Framlag ríkissjóðs til sjúkratryggingganna greiðist Tryggingastofnun ríkisins með reglulegum greiðslum í hverjum mánuði.

V. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.

A. Bætur.

43. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra sem veitt er á annan hátt.

Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum. Saman mega þó fara:

a. Bætur til ekkju eða ekkils skv. a-lið 30. gr. og allar aðrar bætur.
b. Barnalífeyrir og dagpeningar.
c. Slysadagpeningar og ellilífeyrir.
d. Örorkulífeyrir/slysalífeyrir og bætur skv. f-lið 1. mgr. 24. gr.
e. Aðrar bætur ef svo er fyrir mælt í lögunum.

Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni sem ekki geta farið saman má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta sem veittar eru til langs tíma og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

Sjúkrakostnað slysatrygginga vegna manns, sem einnig er sjúkratryggður, greiða sjúkratryggingar gegn endurgreiðslu frá slysatryggingum.

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfellt á stofnun eða vistheimili sem er á föstum fjárlögum eða þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en fjórir mánuðir undanfarna 24 mánuði. Tryggingaráði er þó heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu er heimilt að greiða lífeyri allt að því sem á vantar. Hafi hlutaðeigandi innan við 3.000 kr. í tekjur á mánuði er heimilt að greiða honum 10.170 kr. á mánuði í vasapeninga. Tekjur umfram 3.000 kr. skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við árstekjur sem nema 223.754 kr. Ef tekjur hlutaðeigandi eru af vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu eða föndur er heimilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingaráhrif á vasapeningana. Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en tvöfaldir sjúkradagpeningar hverju sinni.

44. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðaraðila slysabætur.

Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá.

45. gr.

Tryggingastofnunin getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur ef ástæða er til að ætla að bæturnar séu notaðar á þann hátt að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd ef um er að ræða barnalífeyri.

46. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

47. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar, eftir því sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur eða endurskoða bótarétt.

Ekki verður krafist umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

Starfsfólk Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnunarinnar.

48. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna. Bætur skv. II. kafla, aðrar en lífeyrir skv. III. kafla, reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar er bótarétti lýkur.

Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár. Sjúkradagpeningar skulu að jafnaði eigi úrskurðaðir lengra aftur í tímann en tvo mánuði, en heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að lengja þetta tímabil í allt að sex mánuði í tilvikum þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

49. gr.

Bætur skal greiða þriðja virkan dag hvers mánaðar. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný ef rökstudd umsókn berst.

50. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum og á þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Má og draga upphæðina frá bótum sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla skv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega getur Tryggingastofnunin látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

51. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun skulu falla niður allar bætur til hans meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsgrein 43. gr.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, maka hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila sem sér um að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

52. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

53. gr.

Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 21/1990, og skal hún þá leita úrskurðar dómara, enda getur hún beiðst rannsóknar og úrskurðar með sama hætti og þjóðskrá og sveitarfélag skv. 11. gr. nefndra laga. Sjúkratryggingar eiga einnig rétt á að óska rannsóknar og úrskurðar um lögheimili sjúkratryggðra.

54. gr.

Greiða skal bótaþegum, búsettum í þeim ríkjum sem ríkisstjórn gerir samninga við eða ráðherra hefur samið við með stoð í 64. gr., sömu bætur og viðkomandi hefði átt rétt á hefði hann verið búsettur hér á landi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að frá bótum, sem bótaþegi á rétt á hér á landi, dragist bætur sem hann fær samkvæmt erlendri löggjöf fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar fyrir hér á landi.

B. Um iðgjöld, innheimtu o.fl.

55. gr.

Iðgjöld skv. 31. gr. skal skattstjóri leggja á með tekjuskatti og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, og skulu ákvæði 99. gr. þeirra laga og ákvæði laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, gilda um iðgjöld eftir því sem við á.

Í reglugerð skv. 4. mgr. 31. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra er þar greinir.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

56. gr.

Iðgjöld til slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum. Ákvæði laga nr. 75/1981, þar á meðal um dráttarvexti og fjárnámsrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

57. gr.

Iðgjöld skv. 31. gr. vegna sjómanna og iðgjöld af aflvélum samkvæmt sömu grein skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

C. Önnur ákvæði.

58. gr.

Tekjur varasjóðs lífeyristrygginga eru vextir af höfuðstólnum og tillag skv. 1. mgr. 20. gr. Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi skv. 2. mgr. 31. gr. Fé, sem ekki þarf að nota til dagslegs rekstrar tryggginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

59. gr.

Foreldri, sem fær úrskurð stjórnvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur samkvæmt úrskurði innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur um fjárhæð meðlags og aldur barna. Sama skal gilda um foreldri sem leggur fram staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur og aðrar greiðslur skv. III. kafla barnalaga, nr. 20/1992.

Á sama hátt skal barnsmóðir fá samkvæmt stjórnvaldsúrskurði eða staðfestu samkomulagi greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins:

a. Framfærslulífeyri í allt að þrjá mánuði skv. 1. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992.
b. Hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að níu mánuði skv. 2. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992.
c. Kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 1. mgr. 22. gr. barnalaga, nr. 20/1992.

Þegar eftir að sýslumaður hefur veitt viðtöku ósk frá móður um að aflað verði faðernisviðurkenningar hjá lýstum barnsföður getur hún fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar sem stjórnvaldsúrskurður, staðfestur samningur eða vottorð sýslumanns um að hann hafi veitt viðtöku ósk móður um öflun faðernisviðurkenningar berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

Þeir sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmætum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri eftir því sem við getur átt.

Með reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, má ákveða hámarksgreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi.

60. gr.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu skv. 59. gr. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.–3. mgr. 59. gr. mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Um skil vegna óinnheimtra skulda fer eftir ákvæðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 4. mgr. 59. gr. þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

61. gr.

Tryggingastofnunin getur tekið að sér að annast reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir einstaka lífeyrissjóði.

62. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskírteini. Enn fremur getur stofnunin með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

63. gr.

Ráðherra getur ákveðið að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja áhættu þá vegna bótaskyldra slysa og veikinda sem þeir bera skv. 36. gr. laga nr. 35/1985, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Dagpeningar skv. 28. og 38. gr. skulu renna til Tryggingastofnunarinnar þann tíma sem greiðsla kaups eða aflahlutar á sér stað og skulu iðgjöld útgerðarmanna fyrir aukatryggingu þessa ákveðin með það fyrir augum að þau ásamt dagpeningunum nægi fyrir útgjöldum.

64. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að semja við erlend ríki og ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæman rétt til þeirra hlunninda sem almannatryggingar veita. Í slíkum samningum má m.a. kveða svo á að lögheimilistímabil, atvinnutímabil eða tryggingatímabil í öðru samningsríki skuli talin jafngilda lögheimilistíma á Íslandi, hvort sem um er að ræða íslenska þegna eða þegna annarra samningsríkja. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um rétt til bótagreiðslna samkvæmt almannatryggingalögum við búsetu í öðru samningsríki, sbr. 11. gr., 54. gr. og 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

65. gr.

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skal ráðherra þá innan sex mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum samkvæmt 59. gr. í samræmi við það. Heimilt skal að fjárhæðir skv. 17. gr. taki sömu hlutfallsbreytingum og kveðið er á um í 1. málsl. þessarar greinar um upphæðir bóta og greiðslur skv. 59. gr. Heimilt er að breyta fjárhæðum skv. 2. mgr. 11. gr., svo og 4. mgr. 12. gr., þó þannig að aldrei komi til skerðingar lífeyris samkvæmt þessum málsgreinum hjá þeim sem rétt eiga á tekjutryggingu, skertri eða óskertri, samkvæmt ákvæðum 17. gr.

66. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar.

67. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og EES-samningurinn. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þó skulu ákvæði laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, um slysatryggingu ökumanna gilda til 31. desember 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Bætur, sem úrskurðaðar hafa verið fyrir gildistöku laga nr. 67/1971, skulu ekki skerðast vegna ákvæða II. kafla um bótagreiðslur í hlutfalli við þann tíma sem bótaþegi hefur átt lögheimili á Íslandi, sbr. þó 2. mgr.

   Nú á ellilífeyrisþegi eða umsækjandi um ellilífeyri ekki lögheimili á Íslandi og skal þá einungis reikna til réttindatíma skv. 12. gr. þann tíma sem hlutaðeigandi hefur átt lögheimili á Íslandi eftir árslok 1946. Heimilt er tryggingaráði að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.
2. Ráðherra er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu öryrkja sem fá greiddan örorkulífeyri, örorkustyrk, endurhæfingarlífeyri eða slysaörorkubætur undir 50% og hafa vinnugetu sem ekki hefur nýst á vinnumarkaði og ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur almannatrygginga. Bætur til öryrkjans falla niður á starfstímabilinu. Í reglugerð skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.
3. Á meðan vextir, verðbætur og gengishagnaður eru frádráttarbærar tekjur við ákvörðun tekjuskattsstofns skulu þessar tekjur hvorki hafa áhrif á tekjur til skerðingar elli- og örorkulífeyris, sbr. 11. og 12. gr., né tekjutryggingar, sbr. 17. og 18. gr. laga um almannatryggingar.
4. Þeir sem ákveðið hafa frestun ellilífeyris fyrir 1. janúar 1992, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, skulu halda rétti sínum. Tryggingastofnun ríkisins skal breyta fjárhæðum vegna frestunarinnar til samræmis við breytingar sem verða á fjárhæðum almannatrygginga hverju sinni. Nú andast maður sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur fyrir 1. janúar 1992 og lætur eftir sig maka á lífi og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin lífeyri eiga rétt á þeirri hækkun sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar.
5. Hafi tannrétting sannanlega hafist fyrir 1. nóvember 1989 skal henni lokið samkvæmt ákvæðum sem giltu fyrir 1. janúar 1990, sbr. og lokamálsgrein þessa töluliðar.

Þrátt fyrir ákvæði 37. gr. laganna skulu þeir sem njóta áttu endurgreiðslna fyrir tannréttingar á árinu 1991 samkvæmt reglum nr. 63/1991 um endurgreiðslur sjúkratrygginga af tannréttingakostnaði samkvæmt lögum um almannatryggingar njóta þess réttar áfram, enda hafi þeir sent umsóknir sínar hér að lútandi fyrir 15. mars 1992 á þar til gerðum eyðublöðum Tryggingastofnunarinnar í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Greiðslum samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu skal ljúka 31. desember 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Gildandi lög um almannatryggingar, nr. 67/1971, gengu í gildi 1. janúar 1972. Lögunum hefur á liðnum tveimur áratugum verið breytt liðlega sextíu sinnum. Þótt ýmsar þessar breytingar hafi verið allumfangsmiklar hafa lögin aldrei verið endurútgefin á þessu tímabili. Á hinn bóginn hefur Tryggingastofnun ríkisins gefið út handbók með lögunum þar sem breytingar hafa verið felldar inn. Lögin hafa verið gefin út með þessum hætti á nokkurra ára fresti.

Í byrjun ársins 1992 var ákveðið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að nauðsynlegt væri að undirbúa endurútgáfu laga um almannatryggingar. Fljótlega kom hins vegar í ljós að við síendurteknar breytingar höfðu eyður myndast í lögin og jafnvel að númer greina hefði raskast. Niðurstaðan varð því sú að nauðsynlegt væri að fella lögin saman og leggja þau þannig fyrir Alþingi ásamt þeim breytingum sem gera þyrfti á þeim vegna aðildar Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Á 116. löggjafarþingi var lagt frumvarp sem var annars vegar samfelling laganna og hins vegar nauðsynlegar breytingar vegna EES-samningsins. Jafnframt voru ýmis ákvæði laganna, sem í raun voru orðin úrelt vegna eldri breytinga, felld niður. Þá var orðalag nokkurra ákvæða lagað að breyttri framkvæmd. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu og er því endurflutt óbreytt að öðru leyti en því að tekið er tillit til að 59. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, var felld niður með skaðabótalögum, nr. 50/1993. Auk þess er felld úr greinargerð samantekt um reglur Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins á sviði almannatrygginga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. laganna.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. laganna.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laganna.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laganna. Jafnframt er bætt við greinina nýrri málsgrein um ráðningu tryggingatannlæknis. Heimildin til ráðningar tryggingatannlæknis var áður í 44. gr. laganna. Heimildin er hér útvíkkuð með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á fyrirkomulagi tannverndarmála þannig að Tryggingastofnun geti samið við utanaðkomandi aðila um þetta eftirlit.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. laganna að öðru leyti en því að tekið er tillit til þess að búið er að breyta Alþingi í eina málstofu.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. laganna.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. laganna að öðru leyti en því að sett er meginregla um fjögurra mánaða áfrýjunarfrest til tryggingaráðs.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. laganna.

Um 9. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. laganna.

Um 10. gr.

Greinin er breytt frá 10. gr. laganna. Í upptalningu greinarinnar er bætt bótum í fæðingarorlofi til samræmis við að í kaflanum eru ákvæði um þetta efni og tekjutryggingu. Á hinn bóginn er fækkað bótaflokkum lífeyristrygginga almannatrygginga. Þannig eru felldar niður sem bætur lífeyristrygginga almannatrygginga mæðra- og feðralaun, umönnunarbætur, makabætur, ekkju- og ekklabætur, ekkjulífeyrir og ýmsar uppbætur á elli- eða örorkulífeyri, svo sem heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, rekstrarstyrkur bifreiðar og bifreiðakaupastyrkir. Ákvæði um þessar bætur eru flutt í sérstakt frumvarp til laga um félagslega aðstoð. Þessar bætur bera mun ríkari einkenni félagslegrar aðstoðar en einkenni bóta almannatrygginga. Vegna reglna Evrópubandalagsins um almannatryggingar er nauðsynlegt að gera glöggan mun á þessu tvennu því almannatryggingabætur verður að flytja milli landa en ekki bætur félagslegrar aðstoðar.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða gildandi 11. gr. laganna.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. laganna að öðru leyti en því að sett er skilyrði um eins árs lögheimili hér á landi með óskerta starfsorku. Er þetta gert til samræmis við eins árs biðtíma í sjúkratryggingum. Þá hafa ákvæði greinarinnar um endurhæfingarlífeyri verið færð í frumvarp til laga um félagslega aðstoð og ákvæðin um örorkustyrki færð í sérstaka grein.

Um 13. gr.

Rétt þykir að færa ákvæði laganna um örorkustyrki í sérstaka grein. Greinin er samhljóða 3. mgr. 12. gr. laganna.

Um 14. gr.

Samhljóða 15. gr. laganna, sem var 14. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var sett inn með lögum nr. 79/1991, að öðru leyti en því að nauðsynlegar breytingar eru gerðar vegna nýrra barnalaga, nr. 20/1992, og lokamálsgreinin, sem heimilar lífeyrisdeild Tryggingastofnunar að greiða barnalífeyri vegna skólanáms ungmennis á aldrinum 18–20 ára, er nú 3. gr. frumvarps til laga um félagslega aðstoð.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 17. gr. gildandi laga sem var 16. gr. áður en umönnunarbótum var bætt inn sem bótaflokki. Þó er tekið fram að móðir verði að hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðingu barnsins og eigi lögheimili hér er barnið fæðist.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 26. gr. gildandi laga. Rétt þykir að færa saman ákvæði um greiðslur í fæðingarorlofi.

Um 17. og 18. gr.

Greinarnar hafa að geyma ákvæði sem áður voru í 20. gr. laganna 19. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var sett inn í lögin). Ákvæðið er talsvert breytt. Þar sem fyrirhugað er að leggja samhliða þessu frumvarpi fram frumvarp til laga um félagslega aðstoð hafa ákvæði um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót, aðrar uppbætur, bifreiðakaupastyrki og bifreiðarekstrarstyrki samkvæmt upphaflegri 19. gr. verið færð í það frumvarp.

Um 19. gr.

Greinin er breytt frá 21. gr. laganna sem áður var 20. gr. Með tilkomu tryggingagjalds samkvæmt lögum nr. 113/1990 urðu talsverðar breytingar á greiðslu atvinnurekenda til lífeyristrygginga almannatrygginga án þess að almannatryggingalögin sjálf endurspegluðu þá breytingu. Hér er þess freistað að færa orðalag til samræmis við framkvæmd.

Um 20. gr.

Greinin, sem áður var 22. gr. (21. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var bætt inn í), er efnislega talsvert breytt. Breytingarnar eru gerðar til að samræma lögin undirbúningi fjárlagagerðar og þeirri framkvæmd sem tíðkast hefur á undanförnum árum.

Um 21. gr.

Greinin er samhljóða 23. gr., sem áður var 22. gr., að öðru leyti en því að tímasetning greiðslu á framlagi ríkissjóðs er breytt í samræmi við framkvæmd.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 27. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 104/1992.

Um 23. gr.

Greinin er samhljóða 28. gr. laganna.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóða 29. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 104/1992.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 30. gr. laganna.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. laganna.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. laganna að öðru leyti en því að leiðrétt er í næstsíðustu málsgrein röng tilvísun. Þar stendur slysatryggingar en á að vera sjúkratryggingar.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. laganna að öðru leyti en því að breytingar eru gerðar í samræmi við breytingar í nýjum barnalögum, nr. 20/1992.

Um 29. gr.

Greinin er nokkuð breytt frá 34. gr. laganna. Leiðrétt er villa í síðustu málsgrein. Þar stóð örorkutap en á að vera orkutap. Jafnframt er gert ráð fyrir því nýmæli að vegna tryggginga skv. f-lið 1. mgr. 24. gr. megi greiða bætur þótt orkutap nái ekki 10%.

Um 30. gr.

Greinin er samhljóða 35. gr. laganna að öðru leyti en því að ekkjulífeyrir slysatrygginga er felldur niður. Í frumvarpi til laga um félagslega aðstoð er almenn heimild til greiðslu ekkjulífeyris. Sömuleiðis eru felldar niður dánarbætur til foreldra til samræmis við það að gagnkvæm framfærsluskylda foreldra og barna hefur verið felld niður með nýjum lögum um félagslega þjónustu. Loks er fellt niður ákvæðið um heimild til greiðslu til systkina hins látna.

Um 31. gr.

Greinin er nokkuð breytt frá 36. gr. laganna vegna breytinga sem urðu með tilkomu tryggingagjalds samkvæmt lögum nr. 113/1990.

Um 32. gr.

Greinin er samhljóða 40. gr. laganna að öðru leyti en því að settur er biðtími fyrir sjúkratrygginguna. Þetta er talið nauðsynlegt til að stemma stigu við vísvitandi misnotkun sjúkratrygginga. Eðlilegt er þó talið að unnt sé með reglugerð að ákveða undanþágur frá búsetuskilyrðinu.

Um 33. gr.

Greinin er samhljóða 39. gr. laganna.

Um 34. gr.

Samhljóða 41. gr. laganna að öðru leyti en því að vísað er í þau tvö ákvæði laganna 35. og 39. gr. sem fjalla um þau tilvik þar sem sjúkrahúsvist er ekki tryggð að fullu.

Um 35. gr.

Greinin er samhljóða 42. gr. laganna.

Um 36. gr.

Greinin er samhljóða 43. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 104/1992.

Um 37. gr.

Greinin er samhljóða 44. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 104/1992.

Um 38. gr.

Greinin er samhljóða 45. gr. laganna að öðru leyti en því að lítils háttar orðalagsbreyting er gerð vegna nýrra barnalaga.

Um 39. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. laganna.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. laganna.

Um 41. gr.

Greinin er samhljóða 48. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 104/1992.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 50. gr. laganna að öðru leyti en því að ákvæði um fyrirkomulag greiðslu á framlagi ríkissjóðs er fært til samræmis við framkvæmd og tiltekið er að útgjöld sjúkratrygginga skuli vera í samræmi við ákvörðun Alþingis í fjárlögum og fjáraukalögum.

Um 43. gr.

Nokkrar breytingar eru hér gerðar á greininni sem áður var 51. gr. laganna að öðru leyti. Vegna breytinga á bótaflokkum lífeyristrygginga breytist 1. mgr. ákvæðisins nokkuð. Þá er ákvæðinu um vasapeninga breytt til samræmis við framkvæmd þar sem gildandi ákvæði er samkvæmt orðanna hljóðan óframkvæmanlegt. Loks er gert ráð fyrir að saman geti farið greiðsla örorkulífeyris og bóta skv. f-lið 1. mgr. 24. gr.

Um 44. gr.

Greinin er samhljóða 52. gr. laganna að öðru leyti en því að sambúðartími er styttur í eitt ár.

Um 45. gr.

Greinin er samhljóða 53. gr. laganna.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 54. gr. laganna.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 55. gr. laganna.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 56. gr. laganna.

Um 49. gr.

Greinin er samhljóða 57. gr. laganna.

Um 50. gr.

Greinin er samhljóða 58. gr. laganna.

Um 51. gr.

Greinin er samhljóða 60. gr. laganna að öðru leyti en því að vísað er til maka í 2. mgr. í stað konu.

Um 52. gr.

Greinin er samhljóða 61. gr. laganna.

Um 53. gr.

Greinin er samhljóða 62. gr. að öðru leyti en því að tilvísun í lögheimilislög er breytt vegna nýrra laga.

Um 54. gr.

Greinin er nokkuð breytt frá 63. gr. laganna í samræmi við reglur EES-samningsins um almannatryggingar.

Um 55. gr.

Greinin er samhljóða 65. gr. laganna að öðru leyti en því að tilvísun í skattalög er færð til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið.

Um 56. gr.

Greinin er samhljóða 67. gr. laganna að öðru leyti en því að orðalag er fært til samræmis við að iðgjöld til lífeyristrygginga voru felld niður árið 1972. Þá er 2. mgr. greinarinnar felld niður þar sem Tryggingastofnun annast ekki innheimtu neinna iðgjalda sjálf.

Um 57. gr.

Greinin er samhljóða 71. gr. laganna.

Um 58. gr.

Greinin er nokkuð breytt frá 72. gr. laganna því felld er niður heimildin til að veita sveitarstjórnum eða öðrum, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, lán til að koma upp elliheimilum. Ákvæðið þykir ónauðsynlegt eftir tilkomu Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þá er felld niður 2. mgr. 72. gr. um tekjur varasjóðs sjúkratryggingadeildar. Slíkur varasjóður hefur ekki verið til staðar um margra ára skeið.

Um 59. gr.

Greinin er lítillega breytt frá 73. gr. laganna í samræmi við ný barnalög, nr. 92/1990.

Um 60. gr.

Greinin er samhljóða 74. gr. laganna.

Um 61. gr.

Greinin er samhljóða 75. gr. laganna.

Um 62. gr.

Greinin er samhljóða 76. gr. laganna.

Um 63. gr.

Greinin er samhljóða 77. gr. laganna að öðru leyti en því að lagatilvitnun í sjómannalög er breytt til samræmis við gildandi lög.

Um 64. gr.

Greinin er samhljóða 78. gr. laganna.

Um 65. gr.

Greinin er samhljóða 79. gr. laganna.

Um 66. gr.

Greinin er samhljóða 81. gr. laganna að öðru leyti en því að sérstaklega er tekið fram að reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar skuli lögfesta hér á landi í formi reglugerða. Gert er ráð fyrir að í kjölfar samþykktar Alþingis á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verði reglugerðir nr. 1408/71 og 574/72 birtar í Stjórnartíðindum hér á landi. Í framhaldi þess munu síðan breytingar á þessum reglugerðum jafnóðum birtar með sama hætti hér á landi.

Um 67. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gerðar eru nokkrar breytingar á ákvæði 2. tölul. bráðabirgðaákvæða í samræmi við tillögu starfshóps um atvinnumál fatlaðra. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um þessa vinnu verði sett með reglugerð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar.

Frumvarpið er að mestu leyti samhljóða gildandi lögum um almannatryggingar að frátöldum nokkrum greinum sem fluttar verða yfir í sérstök lög um félagslega aðstoð. Frumvarpið er endurútgáfa á þeim lögum sem gilda um almannatryggingar auk breytinga sem taldar eru nauðsynlegar vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði (EES).

Reglur Evrópubandalagsins tryggja að launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem starfa og dveljast í öðru aðildarríki en heimaríki sínu, missi í engu almannatryggingaréttindi við flutning á milli ríkja. Reglurnar gera það að verkum að einstaklingar geta án hindrana sótt atvinnu til annarra ríkja og eru því hluti af samningi um EES.

Íslendingar sem starfa erlendis munu samkvæmt samningi um EES njóta óskertra réttinda eins og aðrir launþegar í viðkomandi ríki og einnig þeirra réttinda sem þeir hafa áunnið sér og eiga rétt hér á landi. Sama gildir um fólk með ríkisborgararétt í öðru ríki EES sem hefur atvinnu hér á Íslandi. Það vinnur sér inn sama biðrétt eftir bótum og Íslendingar. Sem dæmi þá teljast þeir sjúkratryggðir sem hafa átt lögheimili hér á landi í eitt ár eða lengur. Sama gildir um þá sem hafa átt lögheimili í ríkjum EES undanfarið ár og teljast sjúkratryggðir þar en hefja vinnu hér á landi. Þeir fá sjúkrahúsvist eins og Íslendingar. Bætur lífeyristrygginga greiðast eftir hlutfallsreglu, þeir sem átt hafa lögheimili hér á landi í a.m.k. 40 ár frá 16 til 67 ára aldurs fá fullar lífeyrisbætur samkvæmt almannatryggingalögum. Ef erlendur aðili frá EES-ríki vinnur tímabundið hér á landi öðlast hann rétt til lífeyrisgreiðslna í hlutfalli við vinnutíma. Sama gildir um Íslendinga sem vinna á EES-svæðinu. Lífeyrisbætur til bótaþega skerðast um þær bætur sem hann fær frá öðrum ríkjum innan EES fyrir sama tímabil.

Vegna þess að endurkröfur myndast á sjúkratryggingar annarra EES-ríkja og bætur frá öðrum ríkjum dragast frá bótum sem eru greiddar hérlendis verður um nokkra pappírsvinnu að ræða sem veldur auknum kostnaði og eyðublöðum fjölgar. Ekki er að svo stöddu hægt að meta með vissu hver kostnaðaraukinn verður en á móti kemur að auðveldara ætti að vera að innheimta kröfur á erlenda aðila. Kostnaðarauki verður af því að bætur flytjast úr landi og verða greiddar til erlendra manna og Íslendinga búsettra erlendis en á móti koma sams konar greiðslur til Íslendinga sem hafa unnið erlendis. Miðað við fjölda Íslendinga í útlöndum er líklegt að endurkröfur frá öðrum ríkjum á Tryggingastofnun ríkisins aukist nokkuð.

Heildarútgjöld Tryggingastofnunar ríkisins árið 1992 voru um 26 milljarðar, þar af voru 15 milljarðar vegna lífeyristrygginga, 10 milljarðar vegna sjúkratrygginga og tæplega hálfur milljarður vegna slysatrygginga. Áform eru um að færa slysatryggingar til einkaaðila á næsta ári og verða áhrif frumvarpsins því á lífeyris- og sjúkratryggingar.

Hugsanlegur kostnaður almannatrygginga vegna samningsins um EES fer eftir því hvernig búferlaflutningar verða á milli ríkja. Athuganir benda til að ekki verði mikið um flutning fólks til Íslands frá öðrum ríkjum EES og helst er talið að um skammtímavist verði að ræða, t.d. í kringum miklar framkvæmdir eða vegna ungs fólks sem síðar snýr til föðurlands síns. Þær breytingar verða að Íslendingar sem hafa flust til erlends ríkis munu fá greidda tekjutryggingu og fleiri bætur en áður fengu þeir aðeins grunnlífeyri. Tryggingaráð

hefur nú heimild til að greiða aðrar ellilífeyrisbætur en grunnlífeyri og hafa slíkar beiðnir oftast eða alltaf verið samþykktar.

Erfitt er að meta áhrif breytinganna á ríkisútgjöld vegna óvissu um búferlaflutninga og mismunandi almannatryggingakerfa ríkjanna. Miðað við niðurstöður opinberra athugana um mat á búferlaflutningum á milli ríkja vegna EES er þó líklegt að breytingarnar hafi ekki teljandi áhrif á afkomu ríkisins. Rekstrarkostnaður Tryggingastofnunar ríkisins mun óhjákvæmilega aukast eitthvað vegna aukinna samskipta við erlend ríki og á sá kostnaður að rúmast innan fjárheimilda eins og þær eru í fjárlögum 1993.

87. Frumvarp til laga [84. mál]

um félagslega aðstoð.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Bætur félagslegrar aðstoðar eru mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, umönnunarbætur, endurhæfingarlífeyrir, makabætur, ekkju- og ekklabætur, ekkjulífeyrir, heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, uppbætur vegna sérstakra aðstæðna, uppbót vegna reksturs bifreiðar og bifreiðakaupastyrkir.

Bætur félagslegrar aðstoðar greiðast eingöngu þeim sem lögheimili eiga hér á landi, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, og að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim. Þar er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur.

Lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins skal annast greiðslu félagslegrar aðstoðar samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 12. gr.

Kostnaður við bætur félagslegrar aðstoðar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun fjárlaga og fjáraukalaga hverju sinni.

2. gr.

Heimilt er að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri og eiga lögheimili hér á landi. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslu mæðra- og feðralauna. Þar er einnig heimilt að skilyrða greiðslu mæðra- og feðralauna við að meðlagsúrskurður hafi verið kveðinn upp eða fyrir liggi staðfest samkomulag um greiðslu framfærslueyris.

Árleg mæðra- og feðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	12.000 kr.
Með tveimur börnum	60.000 kr.
Með þremur börnum eða fleiri	129.600 kr.

Tryggingaráði er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun. Tryggingaráði er og heimilt að greiða maka einstaklings sem sætir gæslu- eða refsivist mæðra- eða feðralaun, enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

Mæðra- og feðralaun falla niður einu ári eftir að viðtakandi launanna skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð með öðrum en foreldri barnsins eða barnanna, sbr. og 44. gr. laga um almannatryggingar. Nú skráir viðtakandi launanna sig í óvígða sambúð með foreldri barnsins eða barnanna, fyrrverandi sambýlisaðila eða gengur í hjúskap og falla þá launin strax niður.

3. gr.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir. Samkvæmt málsgrein þessari greiðist eingöngu einfaldur barnalífeyrir. Lífeyrisdeild metur sönnun um skólavist og starfsþjálfun. Skilyrði er að námið og þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Ef um er að ræða óreglulegt nám eða námskeið skal námstími reiknaður í kennslustundafjölda á almanaksárinu og telst þá sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum. Brot úr mánuði telst heill mánuður. Ungmennið sjálft sækir um barnalífeyri samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur frestað afgreiðslu barnalífeyris þar til sex mánaða námstíma er náð. Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992, eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa uppi á því og er þá tryggingaráði heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur krafist framlagningar skattframtala með umsóknum um barnalífeyri. Tryggingaráði er og heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám ef ljóst er að ungmenninu er ókleift að innheimta greiðslur samkvæmt úrskurði á grundvelli 1. mgr. 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Ef efnahagur er sérstaklega góður, umsækjandi hefur t.d. tekið arf, getur lífeyrisdeild hafnað umsókn en skjóta skal slíkum málum til tryggingaráðs sem úrskurðar í málinu.

4. gr.

Heimilt er að greiða framfærendum fatlaðra og sjúkra barna, sem dveljast í heimahúsi, styrk, allt að 9.247 kr., eða umönnunarbætur, allt að 47.912 kr., á mánuði ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu. Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar og annast greiðslu styrks og umönnunarbóta að fengnum tillögum svæðisstjórna samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Greiðsla styrks skal miðuð við 10–40 klst. þjónustu á mánuði en greiðsla umönnunarbóta 40–175 klst. þjónustu á mánuði sem tryggingaráði er heimilt að hækka í allt að 200 klst. mæli sérstakar ástæður með því að mati svæðisstjórna. Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir umönnunarbætur. Um framkvæmd greinarinnar fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

5. gr.

Heimilt er, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega makabætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

6. gr.

Heimilt er að greiða hverjum þeim, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs, bætur í sex mánuði eftir lát maka, 15.448 kr. á mánuði.

Ef hlutaðeigandi er með barn yngra en 18 ára á framfæri er heimilt að greiða bætur í 12 mánuði til viðbótar, 11.583 kr. á mánuði.

7. gr.

Heimilt er að greiða konu, sem lögheimili á hér á landi og orðin var 50 ára við lát mannsins, ekkjulífeyri til 67 ára aldurs, enda hafi hún átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða hinn látni hafi átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin áður en hann lést.

Ekkjulífeyrir miðast við aldur konunnar þegar lífeyrisréttur stofnaðist og lögheimilistíma þess hjónanna sem lengri réttindatíma átti. Við ákvörðun lögheimilistímans skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs. Sé lögheimilistíminn a.m.k. 40 ár og aldur konunnar a.m.k. 60 ár greiðist fullur lífeyrir. Fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar í 60 ára aldur, lækkar lífeyririnn um 5%. Sé lögheimilistíminn skemmri en 40 ár greiðist hlutfallslega lægri ekkjulífeyrir.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu, eftir því sem við getur átt, einnig gilda um ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður ef þær eru orðnar 50 ára þegar þær hætta að taka barnalífeyri eða meðlag.

Heimilt er að veita ekkju ekkjulífeyri frá 50 ára aldri þótt hún hafi verið yngri er maður hennar lést, enda hafi hjónabandið staðið a.m.k. 20 ár.

Ekkjulífeyrir fellur niður ef ekkja gengur í hjónaband eða tekur upp óvígða sambúð.

Fullur árlegur ekkjulífeyrir skal vera 147.948 kr.

8. gr.

Heimilt er þegar ekki verður séð hver örorka einstaklings verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að tólf mánuði eftir að greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar lýkur eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Skilyrði er að viðkomandi gangist undir greiningu eða meðferð á sjúkrastofnun eða utan slíkrar stofnunar eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir. Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og grunnlífeyrir örorkulífeyris ásamt tekjutryggingu. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur.

9. gr.

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, að auki heimilisuppbót 7.711 kr. á mánuði. Eigi viðkomandi rétt á skertri tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar skal lækka heimilisuppbótina eftir sömu reglum.

Ef einhleypingur hefur eingöngu tekjur úr lífeyristryggingum almannatrygginga skal hann til viðbótar við heimilisuppbót eiga rétt á sérstakri heimilisuppbót 5.304 kr. á mánuði.

10. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess.

11. gr.

Heimilt er að greiða til elli- og örorkulífeyrisþega, örorkustyrkþega og umönnunarbótaþega uppbót vegna kaupa á bifreið sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af án uppbótarinnar.

Sama gildir um rekstur bifreiðar eigi í hlut elli- eða örorkulífeyrisþegi og örorkustyrkþegar.

12. gr.

Nú verða útgjöld sjúkratryggðs vegna læknishjálpar og lyfja umtalsverð og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að endurgreiða hlutaðeigandi þennan kostnað að hluta eða að fullu að teknu tilliti til tekna og í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur.

Sjúkratryggingadeild annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Ákvæði laga um almannatryggingar gilda um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð sett frekari ákvæði um greiðslu félagslegrar aðstoðar samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og EES-samningurinn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp frumvarps til laga um almannatryggingar og er nú lagt fram öðru sinni. Frumvarpið var lagt fram á 116. löggjafarþingi en fékk þá ekki afgreiðslu.

Vegna reglna Evrópubandalagsins um almannatryggingar er nauðsynlegt að gera glöggan greinarmun á bótum almannatrygginga og félagslegri aðstoð. Í frumvarp þetta hafa því verið flutt þau ákvæði lífeyristryggingakafla almannatrygginga sem eru í raun ákvæði um félagslega aðstoð. Greinarnar eru samhljóða þeim ákvæðum almannatryggingalaga sem um viðkomandi aðstoð fjölluðu að öðru leyti en því að þetta frumvarp gerir alls staðar ráð fyrir að um heimildarákvæði sé að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er talið upp hvaða stuðningur það er sem telst til félagslegrar aðstoðar. Tekið er fram að bæturnar séu eingöngu greiddar þeim sem lögheimili eiga hér á landi. Þá er ákveðið að lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins skuli annast afgreiðslu umsókna um félagslega aðstoð. Loks er skýrt tekið fram að kostnaður af þessum stuðningi sé fjármagnaður af ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga og fjáraukalaga hverju sinni.

Um 2. gr.

Samhljóða 16. gr. laga um almannatryggingar (var 15. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var bætt inn í lögin) eins og henni var breytt með lögum nr. 104/1992.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða lokamálsgrein 15. gr. laga um almannatryggingar að öðru leyti en því að bætt hefur verið inn ákvæði um heimild tryggingaráðs til að úrskurða barnalífeyri með ungmenni í námi ef ókleift er að innheimta greiðslur samkvæmt úrskurði á grundvelli 1. mgr. 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992.

Um 4. gr.

Samhljóða 13. gr. laga um almannatryggingar eins og henni var bætt inn nýrri með lögum nr. 79/1991.

Um 5. gr.

Samhljóða 14. gr. laga um almannatryggingar (var 13. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var bætt inn í lögin).

Um 6. gr.

Samhljóða 18. gr. laga um almannatryggingar (var 17. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var bætt inn í lögin).

Um 7. gr.

Samhljóða 19. gr. laga um almannatryggingar (var 18. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var bætt inn í lögin). Þó er bætt inn að ekkjulífeyrir falli niður ef kona tekur upp óvígða sambúð. Samkvæmt gildandi lögum fellur ekkjulífeyrir einungis niður við hjúskap.

Um 8. gr.

Samhljóða 2. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar.

Um 9.–11. gr.

Samhljóða 3.–5. mgr. 20. gr. (var 19. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var bætt inn í lögin) laga um almannatryggingar.

Um 12. gr.

Með breyttum reglum um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra geta útgjöld í undantekningartilvikum orðið veruleg. Til að tryggja að þessi útgjöld verði aldrei fjárhagsleg ofraun fyrir sjúkratryggða er hér sett heimildarákvæði um endurgreiðslu TR á þessum kostnaði að hluta eða að fullu. Gert er ráð fyrir að tekið sé tillit til tekna við mat á þessu atriði og að öðru leyti sé fylgt reglum sem ráðherra setur. Sambærilegu ákvæði var bætt við 43. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum með lögum nr. 74/1993.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæði laga um almannatryggingar, svo sem um umsókn bóta, afgreiðslu og hækkun, gildi um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um félagslega aðstoð.

Frumvarpið er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um almannatryggingar. Það er að mestu samhljóða samsvarandi greinum í gildandi almannatryggingalögum sem ætlunin er að gera að heimildarákvæðum. Aðgreining félagslegra bóta er talin nauðsynleg vegna samnings um EES og veldur því að bætur verða ekki greiddar þegar lögheimili er flutt til annars ríkis. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1992 voru bætur, sem falla undir frumvarpið, tæplega 3,4 milljarðar af 15 milljarða útgjöldum lífeyristrygginga Tryggingastofnunar ríkisins. Ef rétt er að staðið á frumvarpið að hafa í för með sér sparnað fyrir ríkissjóð þar sem meira eftirlit verður með útgreiðslu félagslegra bóta. Til þess að svo megi verða þarf að setja skýrar reglur um greiðslu bóta og hvaða bætur almannatrygginga megi fara saman. Það er stefna stjórnvalda og er reiknað með 75 m.kr. sparnaði í fjárlögum 1993 m.a. vegna þessarar breytingar.

88. Frumvarp til laga [85. mál]

um matvæli.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, heilnæmi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Þessu skal ná með alhliða fræðslu og upplýsingamiðlun, rannsóknum og eftirliti.

2. gr.

Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla. Lögin taka ekki til meðferðar matvæla á einkaheimilum nema þar fari fram framleiðsla matvæla til dreifingar utan heimilisins. Lögin ná þó til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum.

Lyf, sbr. lyfjalög, tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Það sama gildir um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum samkvæmt lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

3. gr.

Matvæli skulu vera þannig gerð og fram boðin að þau valdi ekki heilsutjóni og viðskipti með þau blekki ekki á neinn hátt.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

4. gr.

1. *Matvæli* eru samkvæmt lögum þessum hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn, sbr. þó einnig 2. mgr. 2. gr.
2. *Framleiðsla* er meðferð hráefnis, vinnsla, pökkun og matreiðsla. Hér er einnig átt við húsnæði, efni og hluti sem geta komist í snertingu við matvæli, störf, hreinlæti og heilbrigði starfsfólks og annað sem tengist framleiðslu, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.
3. *Dreifing* er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talið innflutningur, útflutningur og sala. Hér er einnig átt við geymslu og annað sem tengist dreifingu, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.
4. *Efni og hlutir* eru allar umbúðir, ílát, áhöld, tækjabúnaður, borðbúnaður og öll efni sem slíkir hlutir eru samsettir úr og geta komist í snertingu við matvæli.
5. *Umbúðir* eru allar umbúðir sem umlykja eða hafa að geyma matvæli eða efni sem notuð eru við framleiðslu matvæla.
6. *Örverur* eru lífverur sem geta valdið skemmdum í matvælum eða verið heilsuspillandi vegna neyslu þeirra.
7. *Hráefni* eru öll efni, önnur en bætiefni, aukefni og varnarefni, sem notuð eru við framleiðslu matvæla.
8. *Aukefni* eru efni sem notuð eru við tilbúning matvæla sem tæknileg hjálparefni eða til að hafa áhrif á geymsluþol, lit, lykt, bragð eða aðra eiginleika þeirra.
9. *Bætiefni* eru vítamín, steinefni, þar með talin snefilefni, og lífsnauðsynlegar fitu- og amínósýrur.
10. *Aðskotaefni* eru efni sem berast í matvæli eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra.
11. *Varnarefni* eru efni sem notuð eru gegn illgresi, sveppum og meindýrum við framleiðslu og við geymslu matvæla.
12. *Opinbert eftirlit* er eftirlit á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun.
13. *Innra eftirlit* er eftirlit á vegum framleiðanda eða dreifanda í þeim tilgangi að tryggja gæði, heilnæmi og hollustu vörunnar.
14. *Faggilding* er formleg staðfesting á því að starfsemi rannsóknastofa (prófunarstofa), vottunarstofa og eftirlitsaðila fari fram samkvæmt settum reglum. Markmiðið er að sannreyna hæfni, kunnáttu og áreiðanleika viðkomandi.

III. KAFLI
Stjórn og skipan.

5. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, í lögum þessum nefndur ráðherra, fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem hún er ekki falin öðrum ráðherrum. Hollustuvernd ríkisins er ráðherra til ráðgjafar.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála er varða eftirlitsstörf dýralækna. Einnig fer hann með yfirstjórn mála er varða innflutning og útflutning búfjárafurða, smitsjúkdóma búfjár, meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og eldisfiski. Yfirdýralæknir er ráðgjafi landbúnaðarráðherra um þessi mál.

7. gr.

Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn mála er varða meðferð, flutning, geymslu og vinnslu sjávarafurða vegna útflutnings þeirra. Fiskistofa er sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar um þessi mál.

8. gr.

Samstarfsráð skal vinna að samræmingu laga, reglna og fyrirmæla um matvæli og matvælaeftirlit og fjalla um framkvæmd matvælaeftirlits, sbr. IX. kafla laganna. Ráðið skipa einn fulltrúi tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, annar af Fiskistofu og sá þriðji tilnefndur af yfirdýralækni og skulu varamenn tilnefndir af sömu aðilum. Ráðið skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur sem skulu staðfestar af ráðherrum sem fara með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Ráðið gerir tillögu um úrlausn ágreiningsmála sem varða framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt skal ráðið fá til umsagnar allar tillögur að lögum og reglugerðum um matvæli og matvælaeftirlit.

Samstarfsráð gerir árlega skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og skal hún kynnt ráðherrum, opinberum eftirlitsaðilum og samtökum hagsmunaaðila sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla.

IV. KAFLI
Framleiðsla og dreifing.

9. gr.

Þeir sem framleiða eða dreifa matvælum skulu tilkynna um starfsemi sína til fyrirtækjaskrár Hagstofu Íslands og hafa starfsleyfi frá viðkomandi eftirlitsaðila, sbr. 20. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja ákvæði um tilkynningarskyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli og efni eða efnasamsetningar sem nota á við framleiðslu matvæla.

10. gr.

Þeir sem framleiða eða dreifa matvælum skulu haga starfsemi sinni þannig að þau skorti ekki eðlilega hollustu eða geti valdið heilsutjóni. Jafnframt skal þess gætt að matvælin óhreinkist ekki eða spillist á annan hátt.

Starfsfólk, sem starfar við framleiðslu eða dreifingu matvæla, skal gæta ýtrasta hreinlætis og þrifnaðar við meðferð þeirra og hafa þekkingu á eða fá nauðsynlega fræðslu um rétta meðferð matvæla. Matvælaframleiðendur og dreifendur bera ábyrgð á að þessi fræðsla fari fram.

Þeim sem haldnir eru sjúkdómum, sem hætta er á að geti dreifst með matvælum, er óheimilt að starfa við meðferð matvæla. Eftirlitsaðilar, sbr. IX. kafla laganna, geta að höfðu samráði við landlækni gert kröfu um reglubundna heilsufarsskoðun starfsfólks.

11. gr.

Óheimilt er að hafa á boðstólum eða dreifa matvælum sem blekkt geta kaupanda eða móttakanda varðandi uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða áhrif þeirra.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um með hvaða hætti hafa má matvæli á boðstólum eða dreifa á annan hátt þannig að gefið er í skyn að varan sé sérstaklega ætluð tilteknum hópum, svo sem vegna aldurs, sjúkdóma eða af öðrum ástæðum.

12. gr.

Matvæli, sem finnast á framleiðslustað eða í húsakynnum framleiðslustaðar, skulu talin framleidd þar nema annað verði sannað. Matvæli teljast jafnframt höfð á boðstólum á dreifingarstað ef þau er þar að finna.

Á sama hátt skulu efni, hlutir og annað, sem tengist framleiðslu matvæla, talið notað við framleiðslu ef það er að finna á framleiðslustað eða í húsakynnum framleiðslustaðar. Jafnframt telst slíkur varningur hafður á boðstólum á dreifingarstað ef hann er þar að finna.

13. gr.

Matvæli skal geyma þannig að þau verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt. Geymsluskilyrði skulu vera í samræmi við ákvæði um geymslu matvæla sem sett eru með reglugerðum og er framleiðandi eða eftir atvikum dreifandi ábyrgur fyrir réttri geymslu vörunnar.

Eigandi eða umráðandi flutningstækis er ábyrgur fyrir því að tækið uppfylli þær kröfur sem settar eru um flutning matvæla.

V. KAFLI
Umbúðir og merking þeirra.

14. gr.

Þeim sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli, eða fyrir vörur sem notaðar eru við framleiðslu matvæla, er skylt að gæta þess að umbúðir geti ekki spillt þeirri vöru sem þær eru ætlaðar fyrir, þannig að hún verði hættuleg eða varasöm heilsu manna, gæði hennar rýrni eða varan teljist óneysluhæf. Matvælaframleiðendur og dreifendur bera sömu skyldur.

15. gr.

Matvælaumbúðir skulu merktar með nafni og heimilisfangi framleiðanda eða dreifanda vörunnar. Þá skal heiti vörunnar koma fram ásamt upplýsingum um innihald, geymsluskilyrði, geymsluþol og nettóþyngd/lagarmál.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að gera frekari kröfur um umbúðamerkingar en fram koma í þessari grein og á sama hátt er heimilt að gera vægari kröfur til merkingar tiltekinna vörutegunda eða vöruflokka.

VI. KAFLI
Sérreglur um efnainnihald.

16. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja ákvæði um heiti, framleiðslu og samsetningu matvæla, þegar slíkt er talið nauðsynlegt, til að stuðla að heilbrigði eða til að tryggja hagsmuni framleiðenda og neytenda.

Þegar vöruheiti er bundið við tiltekna vörutegund samkvæmt þessari grein er ekki heimilt að nota sama heiti á aðrar vörur eða veita einhverjar þær upplýsingar sem gætu orðið til þess að neytendur villtust á vörunni og öðrum vörum sem hafa annan uppruna eða aðra samsetningu.

17. gr.

Ráðherra skal með reglugerðum setja ákvæði um notkun aukefna, varnarefna og bætiefna við framleiðslu matvæla og um mesta leyfilegt magn aðskotaefna í matvælum.

VII. KAFLI
Framkvæmd og fræðslustarfsemi.

18. gr.

Til þess að stuðla að framkvæmd laga þessara setja ráðherrar reglugerðir um atriði sem lög þessi ná til. Þar skal meðal annars kveðið nánar á um framleiðslu og dreifingu matvæla, efnainnihald, umbúðir, matvælaeftirlit og matvælarannsóknir.

19. gr.

Hollustuvernd ríkisins, yfirdýralæknir og Fiskistofa skulu, hver á sínu sviði, sjá um að haldið sé uppi fræðslu fyrir almenning um þau málefni sem lög þessi ná til. Jafnframt skulu þessir aðilar vinna að eflingu fræðslustarfs fyrir þá sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla og veita ráðgjöf við gerð námsefnis fyrir kennslu um matvæli og meðferð þeirra, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

Menntamálaráðuneytið setur ákvæði í námsskrá skóla sem undir það heyra um kennslu í matreiðslu, örverufræði, næringarfræði og um neytendamálefni, hefur eftirlit með fræðslunni og fylgist með því að fullnægjandi aðstaða sé fyrir hendi.

VIII. KAFLI
Leyfisveitingar.

20. gr.

Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Heimilt er að binda slíkar leyfisveitingar ákveðnum kröfum til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt. Þegar ákvæði þessi eiga við um starfsemi sem er undir yfirstjórn sjávarútvegs- eða landbúnaðarráðherra er leyfisveiting annars vegar í höndum Fiskistofu og hins vegar í höndum yfirdýralæknis.

Leyfisveiting og endurnýjun leyfa er háð því að eftirlits- og leyfisgjald sé greitt, sbr. og 25. og 26. gr., og leyfi til framleiðslu og dreifingar matvæla má fella úr gildi ef sá sem slíkt leyfi hefur gerist sekur um ítrekuð brot á lögum þessum, reglugerðum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Þeir sem annast leyfisveitingu geta endurskoðað veitt leyfi ef framleiðandi eða dreifandi ráðgerir að taka í notkun framleiðslutækni sem ekki hefur áður verið almennt í notkun og skal viðkomandi eftirliti tilkynnt um slíkar fyrirætlanir.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. og III. og IX. kafla laganna geta ráðherrar, að höfðu samráði við samstarfsráð, gert með sér samkomulag um að einn og sami aðili annist leyfisveitingar og eftirlit vegna tiltekinnar starfsemi.

IX. KAFLI
Matvælaeftirlit.

22. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum aðilum. Hollustuvernd ríkisins skráir nauðsynlegar upplýsingar um framleiðslu og dreifingu matvæla vegna matvælaeftirlits. Þá er ráðherra, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum.

Yfirdýralæknir hefur yfirumsjón opinbers eftirlits með matvælum sem falla undir ákvæði 6. gr. laga þessara.

Fiskistofa hefur með höndum opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla sem falla undir ákvæði 7. gr. laganna.

23. gr.

Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að opinberir eftirlitsaðilar skuli hljóta faggildingu. Það sama á við um aðra aðila sem kunna að taka að sér eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla. Ráðherrum er einnig heimilt að ákveða að rannsóknir og útgáfa vottorða vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum skuli framkvæmd af aðilum sem hlotið hafa faggildingu.

Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða með hvaða hætti komið skal á innra eftirliti framleiðenda og dreifenda matvæla og hvort og þá með hvaða skilyrðum það getur verið þáttur í opinberu eftirliti.

Samstarfsráð skal vera ráðherrum til ráðgjafar um lagasetningu og framkvæmd mála varðandi faggildingu rannsóknar- og eftirlitsaðila og einnig varðandi innra eftirlit.

24. gr.

Matvælaframleiðendum og dreifendum er skylt að láta aðilum, sem fara með eftirlit samkvæmt lögum þessum, endurgjaldslaust í té nauðsynleg sýni til rannsókna og veita þeim allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast við framkvæmd eftirlitsins. Jafnframt er skylt að veita óhindraðan aðgang til eftirlits á þeim stöðum þar sem framleiðsla eða dreifing matvæla á sér stað.

Eftirlitsaðilar eru bundnir þagnarskyldu um framleiðslu- og verslunarleynd er þeir kunna að komast að við leyfisveitingar, sbr. VIII. kafla, og framkvæmd eftirlits. Þá skulu upplýsingar og tilkynningar þeirra sem falið er eftirlit með matvælum til fjölmiðla eða annarra aðila vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstaklingar, einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón eða álitshnekki að ósekju.

X. KAFLI
Rekstrarkostnaður og gjaldtaka.

25. gr.

Hlutaðeigandi ráðherra getur sett gjaldskrá vegna kostnaðar að því er varðar starfsemi Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofu og yfirdýralæknis vegna matvælaeftirlits, sbr. 22. gr. Þá skulu ráðherrar setja gjaldskrár vegna opinberra matvælarannsókna. Gjald samkvæmt þessum ákvæðum má taka lögtaki og setur hlutaðeigandi ráðherra reglugerð með nánari ákvæðum um upphæð þess, gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd og annað er lýtur að innheimtu gjaldsins.

Eftirlitsgjöld heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga vegna matvælaeftirlits skulu vera samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

26. gr.

Hlutaðeigandi ráðherra skal setja gjaldskrá vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða, sbr. og VIII. og IX. kafla laganna, og 6. mgr. 17. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Það sama gildir um setningu gjaldskrár vegna skráningar og móttöku umsókna um heimild til notkunar aukefna eða annarra slíkra leyfisveitinga.

27. gr.

Þegar rökstuddur grunur leikur á að vara eða starfsemi uppfylli ekki ákvæði laga eða reglugerða settra samkvæmt þeim og ekki liggja fyrir vottorð faggiltra aðila sem sýna annað er heimilt að gera kröfu um að hlutaðeigandi framleiðandi eða dreifandi greiði nauðsynlegan rannsóknarkostnað.

XI. KAFLI
Valdsvið og þvingunarúrræði.

28. gr.

Þegar hætta er talin á að matvæli geti valdið alvarlegu heilsutjóni er ráðherra heimilt að fyrirskipa nauðsynlegar varúðar- og varnaðaraðgerðir sem geta náð til alls landsins eða hluta þess. Skal ráðherra hafa samráð við landlækni, Hollustuvernd ríkisins, yfirdýralækni og Fiskistofu áður en til slíkra aðgerða er gripið.

29. gr.

Eftirlitsaðila er heimilt að stöðva eða takmarka framleiðslu og dreifingu matvæla og leggja hald á þau þegar rökstuddur grunur er um að matvæli uppfylli ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

Þegar eftirlitsaðilar leggja hald á matvæli er þeim heimil förgun þeirra sé það talið nauðsynlegt, sbr. og 9. mgr. 27. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Þegar eftirlitsaðili stöðvar dreifingu vöru, svo sem inn- eða útflutning, og hætta er talin á að vörunni verði þrátt fyrir það dreift á markað þar sem eftirlit er í höndum annars aðila er eftirlitsaðilum skylt að hafa samráð sín á milli eða gera viðeigandi ráðstafanir, allt eftir eðli málsins.

30. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila gilda að öðru leyti ákvæði VI. kafla laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt breytingu nr. 28/1990.

XII. KAFLI
Málsmeðferð, úrskurðir og viðurlög.

31. gr.

Sá er sekur gerist um brot gegn ákvæðum þessara laga skal greiða allan kostnað sem leitt hefur af útvegun sýna, rannsóknum og öðru sem af því hefur hlotist. Um málsmeðferð, úrskurði og viðurlög gilda að öðru leyti ákvæði VII. kafla laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

XIII. KAFLI
Gildistaka.

32. gr.

Með lögum þessum, sem taka gildi 1. janúar 1994, falla úr gildi ákvæði um matvæli og aðrar neysluvörur í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, ásamt síðari breytingum, og ákvæði um matvæli í 17. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Samstarfsráð, sbr. 8. gr., skal taka til starfa þegar við samþykkt laganna og skal ráðið vinna að undirbúningi fyrir gildistöku þeirra.
2. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram til kynningar á 116. löggjafarþingi. Með frumvarpinu fylgdi ítarleg greinargerð um starf nefndar þeirrar, sem samdi frumvarpið ásamt lýsingu á þróun matvælamála hér á landi og erlendis.

Frumvarpið er nú lagt fram að nýju, að mestu óbreytt. Ekki þykir ástæða til að birta að nýju greinargerðina í heild sinni. Látið er nægja að rekja helstu nýmæli frumvarpsins ásamt athugasemdum við einstakar greinar þess.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

1. Ákvæði í 1. mgr. 2. gr. varðandi einkaheimili eru ný, en sambærileg ákvæði er að finna í löggjöf annarra ríkja.
2. Flestar skilgreiningar 4. gr. eru nýjar og er nánar fjallað um þær í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

3. Gert er ráð fyrir samræmdri yfirstjórn matvælalöggjafar og eftirlits á vegum þriggja ráðuneyta, sbr. 5.–8. gr., en áður hafa ákvæði um stjórnun þessa málaflokks verið í sérlögum án þess að þar sé fjallað um samskipti eða samræmingu á starfsemi ráðuneyta eða stofnana þeirra. Í 8. gr. er fjallað um samstarfsráð stofnana sem fara með eftirlit og ráðgjöf og er það nýtt ráð sem ætlað er að samræma og styrkja yfirstjórn og lagasetningu um matvæli og matvælaeftirlit.
4. Ákvæði um þekkingu og fræðslu í 2. mgr. 10. gr. eru ný og eru sett fram með tilliti til þess að framleiðendur og dreifendur eiga að bera ábyrgð á eigin vöru og að vandað sé til framleiðslu og meðferðar hennar. Í 3. mgr. sömu greinar er að finna nýmæli að því er varðar samræmingu á heimildum eftirlitsaðila um að gera kröfu til heilsufarsskoðunar starfsfólks sem starfar við framleiðslu og dreifingu matvæla.
5. Sett eru ákvæði um sérfæði í 2. mgr. 11. gr. og þá meðal annars fæðu sem ætluð er börnum. Hér er höfð hliðsjón af umfangsmikilli og ítarlegri löggjöf annarra ríkja og EB á þessu sviði og því eru sett ný ákvæði um þennan málaflokk.
6. Í 2. mgr. 12. gr. eru ákvæði sem eru hliðstæð núgildandi ákvæðum sem fram koma í 1. mgr. greinarinnar.
7. Skýr ákvæði um ábyrgð eiganda eða umráðanda flutningstækis hafa ekki verið í lögum og eru því ný, sbr. 2. mgr. 13. gr.
8. Ákvæði 15. gr. um umbúðamerkingar eru ítarlegri en áður og taka m.a. mið af þeirri áherslu sem lögð er á góðar umbúðamerkingar í löggjöf annarra ríkja og má nefna Bandaríkin og EB í því samhengi.
9. Ný ítarleg ákvæði um fræðslustarfsemi er að finna í 19. gr. og er talið mikilvægt að ná markmiðum greinarinnar fram til að stuðla að bættri framleiðslu og meðferð matvæla og til að auka þekkingu og skilning neytenda.
10. Í 3. mgr. 20. gr. er ákvæði um tilkynningarskyldu þegar ný framleiðslutækni er tekin í notkun.
11. Ákvæði í 21. gr. varðandi samræmingu á starfsemi eftirlitsaðila hefur ekki verið í matvælalögum og miðar að því að koma í veg fyrir skörun verkefna þar sem hægt er að koma því við.
12. Verksvið eftirlitsaðila er skilgreint í 22. gr. og kemur þar skýrt fram hver verkaskipting aðila er með hliðsjón af ákvæðum þessa frumvarps og sérlaga sem þeir starfa eftir.
13. Í 23. gr. er fjallað um þætti sem varða ný viðhorf varðandi eftirlit þar sem lögð er áhersla á innra eftirlit framleiðenda og dreifenda, auk þess sem fjallað er um faggildingu, sbr. skilgreiningar í 4. gr. frumvarpsins.
14. Ákvæði um þagnarskyldu og aðrar skyldur eftirlitsaðila í 2. mgr. 24. gr. eru ný í matvælalögum, en hliðstæð ákvæði er að finna í öðrum lögum.
15. Gjaldskrárheimildir eru þær sömu fyrir ríkisstofnanir sem tilgreindar eru í 25. gr., en heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga tekur gjöld samkvæmt gildandi ákvæðum laga nr. 81/1988. Ákvæði 26. og 27. gr. taka einnig mið af því að samræma heimildir til gjaldtöku og þá með það í huga að sá aðili, sem eftirlit beinist að eða sækir tiltekna þjónustu, taki þátt í kostnaði vegna þess.
16. Í sérstökum tilvikum getur orðið nauðsynlegt að grípa til ráðstafana sem ekki eiga við undir eðlilegum kringumstæðum og er tekið á þessu í 28. gr. með samráði heilbrigðisyfirvalda og eftirlitsaðila.

17. Með 29. gr. eru heimildir eftirlitsaðila við eftirlit samræmdar og er talið eðlilegt að þessir aðilar starfi á grundvelli sömu heimilda og að þeir hafi samráð í ákveðnum tilvikum, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Valdsvið og þvingunarúrræði eru á sama hátt samræmd með 30. gr. og það sama gildir um málsmeðferð, úrskurði og viðurlög í 31. gr.
18. Með ákvæðum til bráðabirgða er þegar við samþykkt laganna gert ráð fyrir auknu samstarfi eftirlitsaðila, sbr. 1. tölul. um samstarfsráð, auk þess sem skoða skal grundvöll fyrir samræmingu á starfsemi aðila sem í dag sinna matvælaeftirliti, sbr. 2. tölul. bráðabirgðaákvæða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 1. gr. nær tilgangur laganna ekki eingöngu til heilnæmis matvæla og hollustuhátta, heldur einnig óréttmætra viðskiptahátta (blekkinga), og á það síðarnefnda ekki síst við um umbúðamerkingar, auglýsingar og aðra kynningu og upplýsingamiðlun. Afdráttarlaus ákvæði um þessa þætti eru talin mikilvæg og má benda á að Evrópubandalagið leggur mikla áherslu á umbúðamerkingar og rétta kynningu matvæla gagnvart neytendum og kemur þetta fram í tilskipunum bandalagsins. Norðurlöndin hafa lengi lagt áherslu á þessa þætti í matvælalöggjöf og það sama gildir um önnur mikilvæg viðskiptaríki eins og Bandaríkin, en þar eru reglur um merkingu og kynningu matvæla nú til endurskoðunar með tilliti til framangreindra þátta.

Um 2. gr.

Gildissvið laganna er víðtækt og sést þetta vel þegar skoðaðar eru skilgreiningar á framleiðslu og dreifingu í 2. og 3. tölul. 4. gr. Lögin ná til allra matvæla, sbr. skilgreiningu þeirra í 1. tölul. 4. gr., og er neysluvatn þar með talið. Ákvæði í 1. mgr. 2. gr. varðandi einkaheimili eru ný og marka ekki breytingu frá þeim starfsháttum sem tíðkast hafa í matvælaeftirliti. Hins vegar er talið rétt að skilgreina gildissvið þannig að friðhelgi einkaheimila sé ljós nema þar fari fram leyfisskyld starfsemi sem undir eðlilegum kringumstæðum er ekki heimil á slíkum stöðum. Sambærileg ákvæði er að finna í löggjöf annarra ríkja. Þá telst áfengi til matvæla, sbr. 2. mgr. 2. gr., og er þetta í samræmi við núgildandi löggjöf og ýmis ákvæði í matvælalöggjöf Evrópubandalagsins. Hins vegar er það ekki algilt að áfengir drykkir teljist til matvæla og má þar sem dæmi nefna löggjöf í Finnlandi.

Tóbak er skilgreint sem neysluvara í eldri lögum, en ekki er talið rétt að telja tóbak til matvæla og er því vísað til sérlaga um tóbaksvarnir. Einnig er vísað til lyfjalaga þar sem lyf teljast ekki til matvæla, en í lyfjalögum og reglugerðum samkvæmt þeim er að finna nánari aðgreiningu lyfja og almennra neysluvara. Rétt er að geta þess að bætiefni, náttúruvörur og hollefni („heilsuvörur“) teljast til matvæla þegar vörurnar falla ekki undir skilgreiningu lyfja vegna magns bætiefna eða innihalds efna sem hafa þekktar lyfjaverkanir.

Ekki var talin ástæða til að láta lög þessi ná yfir eftirlit með sjúkdómum og meindýrum á plöntum sem framkvæmt er af Rannsóknastofnun landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 51/1981, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum. Ástæðan fyrir þessu er m.a. sú að um er að ræða sérhæfða starfsemi sem nær ekki aðeins til matjurta og því ekki talið rétt að skilgreina hana sérstaklega í matvælalögum. Þá er ekki talið rétt að Rannsóknastofnun landbúnaðarins fái sama vægi og aðrir eftirlitsaðilar í þessum lögum vegna ofangreinds eftirlits.

Um 3. gr.

Í þessari grein er vikið að þeim markmiðum laganna sem fram koma í 1. gr., sbr. athugasemdir við hana, en hér er sérstaklega tekið á heilsutjóni vegna neyslu matvæla og óréttmætum viðskiptaháttum (blekkingum). Með þessu er tekið á meginmarkmiðum laganna og vísað til þeirrar ábyrgðar sem hvílir á framleiðendum og dreifendum matvæla með hliðsjón af meginmarkmiðum og tilgangi laganna.

Um 4. gr.

Í stað þess að aðgreina matvæli og tilteknar neysluvörur, eins og gert er í núgildandi lögum, eru matvæli skilgreind í 1. tölul. 4. gr. þannig að allar neysluvörur, sem lögin ná til, teljast matvæli. Því verður ekki lengur nauðsynlegt að tala um matvæli og aðrar neysluvörur. Skilgreiningar á framleiðslu og dreifingu í 2. og 3. tölul. eru nýjar og eru ekki síst gerðar í þeim tilgangi að einfalda allan lagatexta. Þannig nægir í lagatexta að tilgreina dreifanda þegar átt er við innflytjanda, umboðsaðila, innlendan dreifingaraðila og smásöluaðila.

Skilgreining *efna og hluta* í 4. tölul. er ný og tekur mið af umfangsmikilli löggjöf sem sett verður á þessu sviði og má m.a. vísa til löggjafar EB í því samhengi. Umbúðir eru einnig skilgreindar nánar í 5. tölul.

Hinir ýmsu efnisþættir í matvælum hafa ekki áður verið skilgreindir í lögum, sbr. 6.–11. tölul. greinarinnar. Þetta á t.d. við um örverur og má einnig nefna að skilgreining orðsins *bætiefni* er víðtækari en almennur skilningur á því orði hefur verið. Þá hefur orðið *varnarefni* ekki komið fyrir í íslenskri matvælalöggjöf og má líta á það sem nýyrði í þessu samhengi. Skilgreining varnarefna nær ekki aðeins til notkunar þeirra við framleiðslu og geymslu fullunninna matvæla, heldur einnig matvæla, svo sem korns, sem notuð eru sem hráefni við framleiðslu annarra vörutegunda.

Skilgreining *opinbers eftirlits* hefur ekki komið fyrir áður í matvælalögum, en kemur hér fram í 14. tölul. 4. gr., m.a. með hliðsjón af ákvæðum um opinbert eftirlit og hlutverk þess í matvælalöggjöf EB. Skilgreiningar *innra eftirlits* og *faggildingar* í 15. og 16. tölul. eru nýjar og taka mið af breyttum áherslum í matvælaeftirliti í tengslum við innri markað í Evrópu (EB/EES) og í öðrum ríkjum, svo sem Bandaríkjunum og Kanada.

Um 5. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt þessu frumvarpi, en ekki er gerð tillaga um breytingu á starfsemi annarra ráðuneyta eða stofnana sem sinna matvælaeftirliti, sbr. yfirstjórn þeirra og starfsemi á tilteknum sviðum löggjafar og eftirlits skv. 6. og 7. gr. og jafnframt 22. gr. frumvarpsins. Hollustuvernd ríkisins er ráðherra til ráðgjafar og er einnig ætlað að annast eða hafa yfirumsjón með starfsemi nefnda sem nú sinna tilteknum sérverkefnum á matvælasviði. Má þar nefna aukefnanefnd og íslensku matvælarannsóknanefndina. Einnig hefur verið rætt um slíka starfsemi vegna aðskotaefna í matvælum og vegna starfa Alþjóðlegu staðlaskrárnefndarinnar um matvæli.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um yfirstjórn landbúnaðarráðherra samkvæmt gildandi sérlögum og hlutverk yfirdýralæknis sem ráðgjafa ráðherrans á þessu sviði.

Um 7. gr.

Á sama hátt og gert er í 6. gr. er hér fjallað um yfirstjórn sjávarútvegsráðherra og verksvið Fiskistofu samkvæmt sérlögum.

Um 8. gr.

Lögð er áhersla á aukið samstarf ráðuneyta og stofnana sem fjallað er um í 5.–7. gr. og í þeim tilgangi er lagt til að skipað verði samstarfsráð. Ráðið verður skipað fulltrúum stofnana sem fara með yfirumsjón eftirlits, þ.e. Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofu og yfirdýralæknis. Er ráðinu ætlað að hefja störf þegar frumvarpið er samþykkt og vinna þá að undirbúningi fyrir gildistöku laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði þar að lútandi. Samstarfsráð mun vinna að samræmingu matvælaeftirlits og er einnig falið mikilvægt hlutverk varðandi samræmingu löggjafar á þessu sviði, en löggjafarhlutverk er á hendi þriggja ráðherra.

Þess má geta að einnig er tekið á samskiptum eftirlitsaðila í 21. og 29. gr. og þá í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tvíverknað og skörun verksviðs og bæta framkvæmd eftirlits með auknu samstarfi aðila. Telja verður ákvæði um samstarfsráð og önnur ákvæði sem varða samstarf eftirlitsaðila meðal helstu nýmæla frumvarpsins.

Um 9. gr.

Tilkynningarskylda, sem lögð er á framleiðendur og dreifendur matvæla, er til að tryggja að hægt sé að hafa gott yfirlit yfir þá aðila sem reka slíka starfsemi. Um starfsleyfi er nánar fjallað í 20. gr., en vikið er að starfsleyfi hér til aðgreiningar frá tilkynningarskyldu sem er annars eðlis. Í 2. mgr. er vikið að tilkynningarskyldu vegna umbúða eða efna sem notuð eru við framleiðslu matvæla og er ekki síður mikilvægt að hafa eftirlit með þessum þáttum, þó svo starfsemin sem slík sé ekki háð starfsleyfi á sama hátt og framleiðsla og dreifing matvæla. Fordæmi er fyrir tilkynningarskyldu af þessu tagi í íslenskum reglum, svo sem varðandi aukefni í matvælum.

Um 10. gr.

Um ákvæði þessarar greinar má segja að þar er kveðið skýrar á um ábyrgð framleiðenda og dreifenda en áður hefur verið gert í lögum og reglugerðum á matvælasviði. Þetta er í samræmi við þá þróun sem er að verða varðandi ábyrgð þessara aðila á eigin vöru og þá ekki síst með tilliti til heilnæmis og hollustu vörunnar. Ákvæði þessa kafla, V. kafla, um umbúðamerkingar og XI. kafla um valdsvið og þvingunarúrræði eiga í raun að vera sambærileg við og ná sama tilgangi og ákvæði frumvarps um öryggi framleiðsluvöru sem lagt var fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi. Matvælalöggjöfin mun því gilda um mál sem varða öryggi matvæla og upplýsingagjöf með tilliti til þess.

Af nýmælum má nefna ákvæði um þekkingu og fræðslu í 2. mgr. 10. gr. og er mikilvægt að þessu verði fylgt eftir, sbr. og 19. gr. frumvarpsins. Einnig ákvæði varðandi sjúkdóma og heilsufarsskoðun í 3. mgr. sömu greinar þar sem þau gilda fyrir alla eftirlitsaðila, en hliðstæð ákvæði eru í reglugerð um verksvið heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Um 11. gr.

Hér er vikið að mikilvægum atriðum sem varða eitt af meginmarkmiðum laganna um réttmæta viðskiptahætti. Ákvæði þessi geta átt við um misnotkun aukefna svo sem þegar litarefni eða bindiefni eru notuð til að villa fyrir um gæði vörunnar og einnig kynningu og umbúðamerkingar sem nánar er vikið að í næsta kafla.

Það sama getur átt við um ákvæði í 2. mgr. 11. gr. varðandi sérfæði eða aðrar vörur sem auglýstar eru, kynntar og merktar þannig að þær séu ætlaðar tilteknum hópum fólks vegna aldurs, sjúkdóma eða af öðrum ástæðum. Mikilvægt er að hafa heimild til að setja reglur um þessa þætti, bæði til að tryggja gæði vörunnar og réttmæta markaðssetningu hennar. Rétt er að geta þess að á þessum málum er tekið í tilskipunum EB um matvæli. Má þar sem dæmi nefna almennt sérfæði og barnamat.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við breytingu sem gerð var á núgildandi lögum, sbr. lög nr. 5/1985, þar sem sönnunarbyrði er lögð á framleiðanda eða dreifanda, svo sem ef óstimplað kjöt eða önnur matvæli sem ekki samræmast lögum eða reglum finnast á framleiðslustað eða í dreifingu.

Ákvæði í 2. mgr. ná til efna, hluta og annars sem notað er við framleiðslu matvæla og eru þau sett fram til samræmis við 1. mgr., en eiga við aðra þætti eins og óleyfileg aukefni eða umbúðir sem ekki standast reglur.

Um 13. gr.

Geymsla matvæla og flutningur þeirra við rétt geymsluskilyrði eru þættir sem geta haft veruleg áhrif á gæði og heilnæmi vörunnar. Mikilvægt er að taka á þessum þáttum við framleiðslu og dreifingu, þar með töldum flutningi, og þarf skýrar lagaheimildir til stuðnings reglum sem um þetta fjalla, sbr. heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, og hliðstæða setningu reglna og fram kemur í tilskipun EB um hraðfryst matvæli. Könnun, sem Hollustuvernd ríkisins gerði á árinu 1992, sýnir að mikill misbrestur er varðandi réttar geymsluaðstæður við flutning matvæla og flutningur fiskafurða á opnum bílpöllum er annað dæmi sem flestir þekkja til.

Um 14. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ábyrgð þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir, svo og þeirra sem nota þær umbúðir fyrir vörur sem þeir framleiða eða dreifa. Almenn ákvæði um þessa þætti er að finna í gildandi matvælalögum, en fáar sértækar reglur hafa verið settar um umbúðir og efni sem geta borist úr þeim í matvæli. Í tilskipunum EB eru hins vegar umfangsmiklar reglur á þessu sviði og ljóst að úrbóta er þörf hér á landi.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um umbúðamerkingar og eru ákvæði þessi í samræmi við þær reglur sem nú gilda um merkingu umbúða fyrir matvæli. Einnig samræmast ákvæði greinarinnar þeim kröfum sem gerðar eru til umbúðamerkinga í tilskipunum EB. Þess má geta að í gegnum tíðina hafa nokkur ráðuneyti sett reglur um merkingu matvæla og því tímabært að setja þennan þátt í fastari skorður og samræma bæði kröfur um merkingu umbúða og eftirlit með þeim.

Ákvæði 2. mgr. taka mið af því að veittar eru undanþágur frá tilteknum ákvæðum um merkingar þegar umbúðir eru litlar og jafnframt þess að í reglugerðum eru gerðar frekari kröfur til umbúðamerkinga en fram koma í 1. mgr. Dæmi um þetta er merking næringargildis og ýmsar fullyrðingar um heilsufarslega þætti.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar eiga við um setningu sérstakra reglna um ákveðnar vörur, svo sem mjólkurvörur og kjötvörur, þar sem markmiðið getur verið að staðla vörurnar með tilliti til ákveðinna efnisþátta. Tilgangurinn getur bæði verið heilsufarslegs eðlis, svo sem manneldissjónarmið, og að tryggja að neytendur fái þá vöru sem þeir eiga rétt á þegar tiltekið vöruheiti er valið, óháð því hver framleiðandi hennar er. Vitað er að nú eru t.d. seldar kjötvörur með líkum heitum en nokkuð ólíkar að samsetningu. Ekki er tekið á þessum þáttum á þennan hátt í núgildandi löggjöf þó heimildir til setningar slíkra reglna séu fyrir hendi.

Ákvæði greinarinnar geta einnig átt við um tilteknar framleiðsluaðferðir og má sem dæmi nefna lífræna ræktun matvæla. EB hefur reglur um lífræna ræktun og hér er því lagalegur stuðningur fyrir setningu reglna um slíkar aðferðir eða vörur eða aðra þætti sem greinin nær til.

Gert er ráð fyrir að hagsmunir neytenda og framleiðenda fari í flestum tilvikum saman og að samráð sé haft við þessa aðila um gerð reglna á þessu sviði, en ef ágreiningur er um setningu reglna getur annar málsaðili ekki hindrað setningu þeirra ef um ótvíræða hagsmuni hins aðilans er að ræða.

Um 17. gr.

Í greininni kemur fram að setja skuli reglur um tiltekin efni í matvælum. Ekki er tekið á þessu á þennan hátt í núgildandi löggjöf, en heimildir til að setja slíkar reglur eru fyrir hendi, þó svo ráðherra sé þar ekki beinlínis falið að setja reglur um tiltekna efnisþætti eins og fram kemur í þessari grein. Talið er rétt að leggja sérstaka áherslu á setningu reglna um þessa efnisþætti með hliðsjón af gildandi reglum hér á landi, í öðrum ríkjum og hjá EB.

Um 18. gr.

Framkvæmd laganna felst í setningu reglna um þá þætti sem lögin ná til og er framkvæmdin í höndum ráðherra sem fara með yfirstjórn mála. Í þeim tilgangi að samræma lagasetningu er samstarfsráði ætlað mikilvægt hlutverk í þessum lögum eins og áður hefur verið vikið að og er í því samhengi bent á ákvæði 8. og 23. gr.

Um 19. gr.

Ekki hefur áður í lögum verið tekið á ýmsum þeirra þátta sem fjallað er um í þessari grein, en þar er fjallað ítarlega um fræðslumál. Auk stofnana, sem starfa við ráðgjöf og matvælaeftirlit, er í 2. mgr. þessarar greinar fjallað um hlutverk menntamálaráðuneytisins varðandi fræðslu á matvæla- og manneldissviði. Er hér um mikilvæg ákvæði að ræða, ekki síst með hliðsjón af því að matvælaframleiðsla er mikilvægasta atvinnugrein sem stunduð er hér á landi. Markmiðið er að styrkja fræðslu bæði fyrir almenning og svo þá sem vinna við framleiðslu og dreifingu matvæla, sbr. og ákvæði 2. mgr. 10. gr.

Umfang íslensks matvælaiðnaðar má glögglega sjá þegar skoðaðar eru nýjustu tölur yfir ársverk í iðngreinum, en þær eru frá 1990. Þá voru 11.706 ársverk í matvælaiðnaði, en ársverk í almennum iðnaði, þar með töldum matvælaiðnaði, voru 23.231. Hlutur matvælaiðnaðar í almennum iðnaði er því 50,4%, en til samanburðar voru ársverk í byggingarstarfsemi 12.380 þetta ár og fellur þar undir hvers kyns mannvirkjagerð og viðhald. Þessar tölur ættu að sýna hver fræðsluþörfin á matvælasviði er og hve brýnt mál þetta er fyrir íslensku þjóðina vegna þeirra hagsmuna sem tengjast matvælaiðnaði hér á landi.

Um 20. gr.

Um leyfisveitingar hefur ekki verið fjallað í lögum á þann hátt sem hér er gert, en ákvæði um þessi atriði er að finna bæði í sérlögum og reglugerðum á matvælasviði. Ótvíræðar heimildir eru í greininni til að binda starfsleyfi ákveðnum skilyrðum, auk þess sem endurskoðun leyfa er heimil, m.a. ef ráðgert er að taka í notkun nýja framleiðslutækni. Hér er ekki átt við minni háttar breytingar eða framleiðslutækni sem áður hefur verið beitt, heldur umfangsmeiri breytingar. Slíkum ákvæðum má beita ef ætlunin væri að hefja geislun matvæla eða aðrar framleiðsluaðferðir sem skoða verður með tilliti til heilnæmis eða hollustu matvæla.

Um 21. gr.

Skörun á verksviði eftirlitsaðila er fyrir hendi og með ákvæðum þessarar greinar er skapaður möguleiki til að skipa málum þannig að aðeins einn aðili annist leyfisveitingar og eftirlit með tiltekinni starfsemi. Fiskvinnsla, sem vinnur vöru bæði til útflutnings og innanlandsneyslu, á samkvæmt lögum að vera undir eftirliti Fiskistofu og skoðunarstofa og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með framleiðslu og dreifingu á eldisfiski er á hendi fleiri en eins aðila. Skörun og tvíverknað eftirlitsaðila má fyrirbyggja með samkomulagi milli ráðherra í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Um 22. gr.

Skipting opinbers eftirlits samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er með sama hætti og nú er samkvæmt gildandi lögum um matvæli og sérlögum um tiltekna flokka matvæla. Ekki var talið raunhæft að sameina starfsemi eftirlitsaðila á þessu stigi, en í 2. tölul. bráðabirgðaákvæða kemur fram að stefnt er að endurskoðun laganna innan 5 ára. Er þá meðal annars gert ráð fyrir að skoðað verði hvort rétt er að samræma starfsemi opinbers eftirlits með matvælum á vegum eins aðila. Ýmis ákvæði frumvarpsins miða hins vegar að því að auka samstarf og samskipti opinberra aðila við framkvæmd eftirlits og lagasetningu um matvæli.

Um 23. gr.

Meðal helstu nýmæla frumvarpsins eru þau ákvæði sem fram koma í greininni um faggildingu rannsóknar- og eftirlitsaðila og um innra eftirlit framleiðenda og dreifenda matvæla. Þessi ákvæði tengjast þeim nýju viðhorfum sem eru uppi, ekki síst innan sameiginlegs markaðar í Evrópu, hvað varðar breyttar áherslur í matvælaeftirliti með aukinni gæðastjórnun, bæði af hálfu hagsmunaaðila og opinberra aðila sem hafa eftirlitshlutverki að gegna.

Í tilskipunum EB eru ákvæði um innra eftirlit, svo sem vegna fiskafurða, og tillögur hafa komið fram um setningu reglna um innra eftirlit við framleiðslu, dreifingu, tilreiðslu og aðra meðferð matvæla. Því er nauðsynlegt að hafa heimildarákvæði í lögum til setningar slíkra reglna. Hér á landi og í Kanada er nú gerð krafa um innra eftirlit í fiskiðnaði og í Bandaríkjunum er fiskvinnslufyrirtækjum boðið að taka upp ákveðið eftirlitskerfi gegn gjaldi og geta fyrirtækin síðan notað þennan þátt í sinni starfsemi við markaðssetningu vörunnar.

Grein þessi gerir ráð fyrir að aðrir en opinberir aðilar geti haft eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, en eftirlit þeirra getur ekki tengst opinberu eftirliti nema um það séu settar nánari reglur. Ráðherrum er heimilt að setja slíkar reglur og jafnframt er þeim heimilt að gera kröfu um að aðilar, sem sinna eftirlitsstörfum á matvælasviði, skuli hljóta faggildingu.

Um 24. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er tryggt að eftirlitsaðilar hafa fullan aðgang að eftirlitsskyldri starfsemi og þeim gögnum sem nauðsynlegt er að skoða við eftirlit. Jafnframt er í 2. mgr. tryggt að eftirlitsaðilar gæti trúnaðar og séu bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd um leið og gerð er krafa um að þeir valdi ekki einstaklingum eða einstökum atvinnugreinum, stofnunum eða fyrirtækjum tjóni eða álitshnekki að ósekju vegna samskipta við fjölmiðla eða annarra upplýsinga sem veittar eru um eftirlitsmál.

Um 25. gr.

Hér er bæði byggt á nýjum ákvæðum og ákvæðum sem er að finna í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Nokkuð var rætt um að setja ákvæði um samræmda gjaldtöku af innlendri framleiðslu og innfluttum matvælum, miðað við framleiðslumagn eða verðgildi, þannig að hægt væri að fella aðrar gjaldskrár úr gildi. Horfið var frá þessum hugmyndum vegna fyrirsjáanlegra erfiðleika við innheimtu og síðan skiptingu fjármagns milli eftirlitsaðila, auk þess sem ekki náðist samkomulag við hagsmunaaðila um endurskoðun gjaldskrárákvæða.

Matvælarannsóknir eru í dag framkvæmdar samkvæmt gjaldskrám sem settar hafa verið fyrir þær stofnanir sem slíkum störfum sinna. Ákvæði greinarinnar um opinberar matvælarannsóknir eru því í samræmi við framkvæmd þeirra í dag.

Gjaldskrárheimildir aðila, sem tengjast eftirliti, eru samræmdar með ákvæðum þessarar greinar og er markmiðið að þeim verði beitt þannig að tekið verði mið af raunverulegum kostnaði vegna matvælaeftirlits og matvælarannsókna. Gert er ráð fyrir að ákvæðum 21. gr. verði beitt þegar um skörun á verksviði eftirlitsaðila er að ræða, en hver sem niðurstaða í slíkum málum verður skal þess gætt að eftirlitsskyldur aðili greiði ekki gjöld til fleiri en eins aðila vegna matvælaeftirlits.

Um 26. gr.

Það sama á við hér og um 25. gr. að framan, en þessi grein varðar gjaldtöku vegna starfsleyfa og sérstakrar þjónustu sem hagsmunaaðilar leita eftir, svo sem vegna útgáfu vottorða eða umsókna um heimild til notkunar tiltekinna efna eða annarra slíkra leyfisveitinga.

Um 27. gr.

Ekki hefur áður verið fjallað á þann hátt sem hér er gert um greiðslu rannsóknarkostnaðar af hálfu framleiðenda og dreifenda þegar rökstuddur grunur er á að starfsemi uppfylli ekki ákvæði laga eða reglna. Mikilvægt er að bregðast við þegar grunur leikur á að ákvæði laga og reglna séu ekki uppfyllt og sérstaklega ef um hættu á heilsutjóni getur verið að ræða. Eftirlitsaðilar fá á ýmsan hátt, m.a. gegnum samstarf við önnur ríki, upplýsingar og gögn sem gefa tilefni til sérstakra aðgerða. Hafi hagsmunaaðili, sem eftirlit beinist gegn, þá engin gögn til að hrekja þær grunsemdir sem fram koma er talið eðlilegt að hann standi undir kostnaði við rannsóknir á vöru sem hann er ábyrgur fyrir.

Um 28. gr.

Greinin er ný og með ákvæðum hennar er samskiptum eftirlitsaðila og heilbrigðisyfirvalda skipað í ákveðinn farveg sem verður að teljast mikilvægur þegar mál af þessum toga koma upp. Rétt er að taka fram að 28. gr. yrði aðeins beitt ef um mjög alvarlega hættu getur verið að ræða. Dæmi um þetta eru hugsanlegar afleiðingar af slysum í kjarnorkuverum og alvarleg tilvik matareitrana.

Um 29. gr.

Með þessari grein er verið að samræma valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila og er m.a. stuðst við ákvæði þar að lútandi í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Í 3. mgr. greinarinnar, þar sem tekið er á framleiðslu og dreifingu matvæla sem dæmd eru óhæf til útflutnings eða dreifingar innan lands, er einnig fjallað um samskipti eftirlitsaðila í þeim tilgangi að tryggja sem besta framkvæmd eftirlits.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um förgun matvæla og er rétt að taka fram að um hana geta einnig gilt önnur lög og reglur, svo sem vegna mengunarvarna, sem ber að virða við ákvörðunartöku um hvernig að henni er staðið.

Um 30. gr.

Það telst til nýmæla í þessari grein og 29. gr. að öllum eftirlitsaðilum er ætlað að starfa eftir sömu ákvæðum hvað valdsvið og þvingunarúrræði varðar og er það eðlilegt, en hefur ekki verið þannig áður.

Um 31. gr.

Á sama hátt og fyrir valdsvið og þvingunarúrræði er með 31. gr. verið að samræma málsmeðferð, úrskurði og viðurlög, hvort sem eftirlitið beinist að fiskafurðum, kjöti eða öðrum matvælum.

Um 32. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði úr gildi ákvæði um matvæli og aðrar neysluvörur í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, en það sama gildir ekki um þau ákvæði laganna sem aðeins varða nauðsynjavörur. Í stað ákvæða laganna um nauðsynjavörur er gert ráð fyrir að koma muni lög um öryggi framleiðsluvöru. Frumvarp til laga um öryggi framleiðsluvöru var lagt fram á 116. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Í athugasemdum um 13. gr. frumvarps til laga um öryggi framleiðsluvöru segir eftirfarandi: „Ekki er lagt til að lög nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, sem að hluta til fjalla um sama efni, verði felld úr gildi, en hins vegar er reiknað með að þau verði felld úr gildi með nýjum matvælalögum sem verið er að semja á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.“ Ef frumvarp um öryggi framleiðsluvöru verður samþykkt á undan nýjum matvælalögum verður að breyta 32. gr. þessa fumvarps, þannig að lög nr. 24/1936 verði í heild sinni felld úr gildi. Málum er hins vegar öfugt farið ef ný matvælalög verða samþykkt fyrst og verður þá að gera breytingu á 13. gr. frumvarps til laga um öryggi framleiðsluvöru, þannig að ákvæði laga nr. 24/1936 um nauðsynjavörur verði felld úr gildi.

Gert er ráð fyrir að ákvæði um matvæli í 17. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, falli einnig úr gildi. Í bráðabirgðaákvæðum þeirra laga kemur fram að ákvæði 17. gr. skuli gilda þar til fyllri ákvæði hafi verið sett um notkun eiturefna og hættulegra efna í matvælum og mengun matvæla af völdum slíkra efna. Það er álit nefndarinnar að ákvæði þessa frumvarps um aðskotaefni og þá sérstaklega varnarefni komi í stað þeirra ákvæða sem eru í áðurnefndum lögum og þau megi því fella úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæðum til bráðabirgða er samstarfsráði falið að hefja þegar undirbúning að gildistöku laganna. Með þessu er samstarf eftirlitsaðila og þeirra sem fara með yfirstjórn laganna tryggt þegar við samþykkt frumvarpsins.

Ákvæði um endurskoðun laganna er talið mikilvægt, ekki síst með hliðsjón af þeirri öru þróun og miklu breytingum sem nú eru fyrirsjáanlegar með sameiginlegum markaði í Evrópu og hugsanlegri aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Á því tímabili, sem tilgreint er í 2. tölul., mun einnig fást meiri reynsla af samstarfi opinberra eftirlitsaðila og því raunhæft að ræða hvort grundvöllur er til frekari samræmingar á starfsemi þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um matvæli.

Markmið laganna er að tryggja gæði, heilnæmi og hollustu matvæla og að merkingar þeirra séu fullnægjandi. Með frumvarpinu er eftirlit með matvælum samræmt og valdsvið hvers stjórnvalds skýrt. Þá eru í frumvarpinu ákvæði sem eru talin nauðsynleg vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Loks eru ákvæði um fræðslustarfsemi um matvæli.

Frumvarpið er fyrst og fremst samræming á matvælaeftirliti, auk þess sem lögin eru færð í nútímalegra horf. Breytingar frá gildandi lögum eiga ekki að leiða til aukinna útgjalda ríkissjóðs. Ákvæði um gjaldtöku stofnana eru samræmd og veitt er víðtækari heimild til gjaldtöku hjá eftirlitsstofnunum í sjávarútvegi og landbúnaði. Kostnaður af samstarfsráði, sem skal vinna að samræmingu laga, reglna og fyrirmæla um matvæli og framkvæmd eftirlits, á að rúmast innan fjárheimilda þeirra stofnana er málið varðar.

Með frumvarpinu á að koma í veg fyrir skörun á verksviði eftirlitsaðila og tvöfalda gjaldtöku og á það því að leiða til hagræðis. Nefndin, sem samdi frumvarpið, taldi það ekki í sínum verkahring að skoða frekari samræmingu á starfsemi eftirlits- og rannsóknaraðila og annarra þeirra sem starfa að forvörnum á matvælasviði. Bent er á í athugasemdum með frumvarpinu að full ástæða sé til slíkrar athugunar og tekur fjármálaráðuneytið undir það.

Ef af samningi um Evrópskt efnahagssvæði verður munu kröfur um matvælaeftirlit aukast og eru lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, nú til endurskoðunar m.a. vegna þess. Mun umfang matvælasviðs Hollustuverndar ríkisins að líkindum aukast og rekstrarkostnaður þess hækka. Ef ástæða þykir til að breyta lögunum mun kostnaðarmat fylgja því frumvarpi.

89. Frumvarp til laga [86. mál]

um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Um breytingar á lögum um heilbrigðisstéttir.

Breytingar á læknalögum, nr. 53/1988, sbr. breytingu nr. 50/1990.

1. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að stunda lækningar hér á landi og kalla sig lækni hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. og 3. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á lækningaleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega lækningar hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

b. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og viðbótarnámi í heilbrigðisstofnunum hér á landi eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

Viðbótarnámi skv. 1. mgr. má ljúka erlendis við heilbrigðisstofnanir sem fullnægja skilyrðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita umsagnar landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands.

Óheimilt er að veita manni lækningaleyfi ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans eða ef landlæknir eða læknadeild telja hann óhæfan vegna heilsubrests, t.d. vegna áfengis- eða eiturlyfjaneyslu, eða vegna þess að hann hafi kynnt sig af alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.

c. 3. gr. laganna orðast svo:

Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. 2. gr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis, leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. uppfylli hann skilyrði 2. gr. að öðru leyti. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands sem getur sett sem skilyrði að viðkomandi gangi undir próf í lögum og reglum er varða störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli. Læknadeild Háskóla Íslands getur krafist þess að umsækjandi sanni kunnáttu sína í læknisfræði með því að gangast undir próf.

d. 5. gr. laganna orðast svo:

Læknir hefur rétt til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi:

1. hann fengið til þess leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
2. hann fengið staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sérfræðingsleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

Áður en leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. er veitt skal leita umsagnar landlæknis og nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti einn fulltrúi Læknafélags Íslands og tveir fulltrúar læknadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem mega kalla sig sérfræðinga og starfa sem slíkir hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

e. 1. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Sá einn á rétt á því að kalla sig lækni og stunda lækningar sem uppfyllir skilyrði 1. gr.

f. Fyrirsögn í staflið A í VII. kafla verður: *Brottfall og svipting lækningaleyfis og staðfestingar á lækningaleyfi.*

g. Við 27. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Nú er einstaklingur sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa á grundvelli þess hér á landi.

Ákvæðum þessa kafla skal beitt eftir því sem við á gagnvart þeim sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Breytingar á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985.

2. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að stunda tannlækningar hér á landi og kalla sig tannlækni hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. og 3. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á tannlækningaleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega tannlækningar hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

b. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands.

c. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. 2. gr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis, leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi. Sé um erlendan ríkisborgara, aðra en ríkisborgara frá EES-landi, að ræða skulu þeir enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Binda má leyfið við ákveðinn tíma. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis.

d. 5. gr. laganna orðast svo:

Tannlæknir hefur rétt til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi:

1. hann fengið til þess leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
2. hann fengið staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sérfræðingsleyfi frá landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga að fengnum tillögum nefndar sem hann skipar til þriggja ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti deildarforseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands og er hann jafnframt formaður, yfirtannlæknir heil-

brigðis- og tryggingamálaráðuneytsins og aðili tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands. Nefnd þessi skal einnig gefa umsögn um umsóknir um sérfræðileyfi og skal við meðferð einstakra mála heimilt að kveðja til tvo sérfróða tannlækna í þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á. Fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um þá sem kalla mega sig sérfræðing í tannlækningum skv. 2. tölul. 1. mgr.

e. Við 12. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, sem verða 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Ákvæðum 1. og 2. mgr. svo og ákvæðum 13. gr. skal beitt eftir því sem við á gagnvart þeim sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Nú er einstaklingur, sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa á grundvelli þess hér á landi.

Breytingar á lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, sbr. breytingar nr. 57/1986 og 23/1991.

3. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. og 3. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á lyfjafræðingsleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem hér mega starfa á grundvelli 2. tölul. 1. mgr.

b. 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Rétt til þess að fá leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. hefur sá einn sem lokið hefur háskólaprófi eða hliðstæðu prófi í lyfjafræði lyfsala sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands.

c. Við 13. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Nú er einstaklingur sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa hér á landi.

Ákvæðum þessa kafla skal beitt eftir því sem við á gagnvart þeim sem hlotið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

d. 17. gr. laganna orðast svo:

Veita má erlendum ríkisborgara í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis leyfi skv. I. og II. kafla laga þessara ef þeir fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem þar eru sett.

Breytingar á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, sbr. breytingar nr. 32/1975 og 58/1984.

4. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að stunda hjúkrun hér á landi og kalla sig hjúkrunarfræðing hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á hjúkrunarleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega hjúkrun hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

b. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi í hjúkrunarfræðum frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.

Ráðherra getur og veitt hjúkrunarleyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. þeim sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis, enda teljist umsækjandi að öðru leyti hæfur að dómi hjúkrunarráðs.

Hjúkrunarráð skal skipað þremur mönnum til fjögurra ára og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu skv. 2. mgr., skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

c. Á eftir 2. mgr. 7. gr. koma tvær nýjar málsgreinar, sem verða 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Ákvæðum 1. og 2. mgr. skal eftir því sem við á beitt gagnvart þeim sem hlotið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Nú er einstaklingur, sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr., sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa hér á landi.

Breytingar á ljósmæðralögum, nr. 67/1984.

5. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að kalla sig ljósmóður og stunda ljósmóðurstörf hér á landi hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á ljósmæðraleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega ljósmóðurstörf hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

b. 2. gr. lagnna orðast svo:

Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá Ljósmæðraskóla Íslands.

Ráðherra getur veitt öðrum leyfi er lokið hafa jafngildu námi erlendis í löndum utan EES-svæðisins að fenginni umsögn ljósmæðraráðs sem ráðherra skipar. Ljósmæðraráð skal skipað þremur aðilum til fimm ára og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af Ljósmæðrafélagi Íslands og einn af Ljósmæðraskóla Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr., skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

Breytingar á lögum um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, sbr. breytingu nr. 23/1991.

6. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum og ríkisborgurum í EES-ríki sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn iðjuþjálfaskóli af heil-

brigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

b. 3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur hvorki íslenskt ríkisfang né ríkisfang í EES-ríki og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda iðjuþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

Breytingar á lögum um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976, sbr. breytingu nr. 23/1991.

7. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum og ríkisborgurum í EES-ríki sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

b. 3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur hvorki íslenskt ríkisfang né ríkisfang í EES-ríki og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

Breytingar á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, sbr. breytingu nr. 23/1991.

8. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum og ríkisborgurum í EES-ríki sem lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar prófessorsins í augnlækningum við Háskóla Íslands, félags sjóntækjafræðinga og landlæknis áður en leyfið er veitt.

b. 3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur hvorki íslenskt ríkisfang né ríkisfang í EES-ríki og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundi leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

II. KAFLI

Um breytingar á lagaákvæðum á vátryggingarsviði.

Breyting á lögum um ófriðartryggingar, nr. 2/1944, sbr. breytingu nr. 10/1983.

9. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna fellur niður.

Breytingar á lögum um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o.fl., nr. 43/1947, sbr. breytingar nr. 61/1962, 5/1964, 29/1977, 10/1983 og 45/1993.

10. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur ákveðið að skylt sé að tryggja hjá vátryggingafélagi fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum. Vátryggingarskylda hvílir á útgerðarmanni skipsins og má ekki færa þeim sem vátryggðir eru iðgjöldin til útgjalda. Gildir það jafnt þótt skipverji taki aflahlut í stað kaups.

Brottfall laga um ávöxtun fjár tryggingafélaga, nr. 17/1964, sbr. breytingar nr. 26/1973 og 10/1983.

11. gr.

Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga, nr. 17/1965, sbr. breytingar nr. 26/1973 og 10/1983, falla úr gildi.

Breytingar á lögum um búfjártryggingar, nr. 20/1943, með síðari breytingum.

12. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Verkefni búfjártryggingadeildar er að selja og annast vátryggingu búfjár gegn vanhöldum og slysum, sbr. 3. gr.

b. Í 1. málsl. 3. gr. laganna falli niður orðin: í deildinni.

c. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að tryggja gegn venjulegum vanhöldum og slysum.

d. 2. mgr. 4. gr. laganna fellur niður.

e. 8. gr. laganna fellur niður.

f. 9. gr. laganna fellur niður.

g. 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna falla niður og 3. mgr. 11. gr., sem verður 1. mgr., verður svohljóðandi:

Nú verður ágreiningur milli vátryggingafélags og tjónþola um rétt og skyldu til bóta eða um upphæð bótanna og skal ágreiningnum þá skotið til gerðardóms þriggja manna. Nefni til sinn mann hvor aðili, en viðkomandi dómari oddamanninn. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrskurður. Skaðabætur greiðast ekki af hendi fyrr en tjón er að fullu sannað og metið.

h. 13. gr. laganna fellur niður.

i. 14. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð, að fenginni umsögn Tryggingaeftirlitsins, sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

13. gr.

1. mgr. 91. gr. laganna orðast svo:

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins öku-

tækis, skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem er viðurkennt eða skráð af dómsmálaráðherra.

III. KAFLI
Um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993.

14. gr.

a. 2. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:
   2. Dvelja hér á landi eða eru í atvinnuleit í EES-landi.

b. Á eftir 41. gr. kemur ný grein, sem verður 41. gr. a, svohljóðandi:
   Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi að greiða ríkisborgara í EES-ríki, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur, enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

IV. KAFLI
Gildistökuákvæði.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og EES-samningurinn. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, sem undirritaður var 2. maí 1992, er nauðsynlegt að breyta ýmsum lögum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála. Í upphafi 116. löggjafarþings var lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Frumvarpið náði ekki fram að ganga og er því endurflutt í nokkuð breyttri mynd. Eftirtaldar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu:

1. Breytingar á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, og um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954, munu lagðar fram í sérfrumvarpi og því felldar burtu hér.
2. Breytingar á lögum um Brunabótafélag Íslands, nr. 91/1955, hafa og verið felldar burtu þar sem nýtt lagafrumvarp um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands verður lagt fram í upphafi þings.
3. Breytingar á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, hafa verið felldar burtu og munu fluttar síðar í sérstöku frumvarpi.
4. Breytingar á lyfjalögum, nr. 108/1984, og lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, hafa verið felldar burtu þar sem frumvarp til lyfjalaga verður endurflutt strax í upphafi þings. Það frumvarp hefur að geyma nauðsynlega aðlögun vegna reglna EES-svæðisins.

Frumvarpið skiptist nú í fjóra kafla og hefur að geyma breytingartillögur við fjórtán lög. Þessi lög eru:

1. **Ýmis lög um heilbrigðisstéttir.**
   a. Læknalög, nr. 53/1988, með síðari breytingu.
   b. Hjúkrunarlög, nr. 8/1974, með síðari breytingum.
   c. Tannlæknalög, nr. 38/1985.
   d. Ljósmæðralög, nr. 67/1984.
   e. Lög um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, með síðari breytingum.
   f. Lög um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, með síðari breytingu.
   g. Lög um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976, með síðari breytingu.
   h. Lög um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, með síðari breytingu.

Öllum þessum lögum þarf að breyta vegna ákvæða III. hluta EES-samningsins, sbr. VII. viðauka hans um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi. Hér hafa þrenn lög bæst við frá fyrrnefndu yfirliti utanríkisráðuneytisins, lög um iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og sjóntækjafræðinga. Í ljós kom við nánari skoðun að vegna ákvæða þessara laga um íslenskt ríkisfang sem skilyrði leyfisveitingar þarf að rýmka þau gagnvart ríkisborgurum á EES-svæðinu.

2. **Lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.**

Lögunum þarf að breyta vegna ákvæða í III. hluta EES-samningsins, sbr. VI. viðauka hans um félagslegt öryggi.

3. **Ýmis lög á vátryggingarsviði.**
   a. Lög um ófriðartryggingar, nr. 2/1944, sbr. breytingu nr. 10/1983.
   b. Lög innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu o.fl., nr. 43/1947, með síðari breytingum.
   c. Lög um búfjártryggingar, nr. 20/1943, með síðari breytingum.
   d. Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga, nr. 17/1964, með síðari breytingum.
   e. Umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Lögum þessum þarf að breyta vegna ákvæða í III. hluta EES-samningsins, sbr. IX. viðauka hans um fjármálaþjónustu. Lög um búfjártryggingar og umferðarlög heyra undir landbúnaðarráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Í samráði við þessi ráðuneyti var ákveðið að breytingar á lögunum yrðu gerðar í þessu frumvarpi. Þessu til viðbótar kom í ljós að vegna vátryggingarreglna EB sýnist þurfa að breyta lögum um greiðslu vátryggingaiðgjalda fiskiskipa sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið og loftferðalögum sem heyra undir samgönguráðuneytið. Breytingar á þessum lögum munu gerðar í frumvörpum á vegum þessara ráðuneyta.

Í frumvarpið vantar breytingar á lögum um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976, með síðari breytingum, lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, nr. 37/1978, lögum um vátryggingarstarfsemi, nr. 50/1978, og lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Nauðsynlegar breytingar á þessum lögum vegna samningsins um EES verða bornar fram í sérstökum frumvörpum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun því við upphaf 117. löggjafarþings leggja fram sjö lagafrumvörp vegna EES-samningsins til viðbótar við það frumvarp sem hér liggur fyrir. Þessi frumvörp eru:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976, með síðari breytingum, og lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, nr. 37/1978, með síðari breytingu.
2. Frumvarp til laga um vátryggingarstarfsemi.
3. Frumvarp til laga um val á vátryggingarsamningalögum.
4. Frumvarp til laga um almannatryggingar.
5. Frumvarp til laga um félagslega aðstoð.
6. Frumvarp til laga um brunatryggingar.
7. Frumvarp til laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Þessi kafli breytir átta lögum um heilbrigðisstéttir og eru breytingarnar afleiðing af reglum Evrópubandalagsins um staðfesturétt og frjálsa för fólks.

Um 1.–5. gr.

Hjá Evrópubandalaginu eru í gildi sérstakar tilskipanir um fimm heilbrigðisstéttir, lækna (75/362 og 75/363), tannlækna (78/686 og 78/687), hjúkrunarfræðinga (77/452 og 77/453), ljósmæður (80/154 og 80/155) og lyfjafræðinga (85/432 og 85/433). Flestum þessum tilskipunum hefur verið breytt. Tilskipanirnar kveða á um skyldu aðildarríkja til að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkja í samræmi við þessar tilskipanir. Þetta þýðir að starfsleyfi lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og lyfjafræðinga í einu EB-ríki skulu gilda í öðru aðildarríki.

Samkvæmt EES-samningnum skal þessum reglum EB beitt á EES-svæðinu. Af því leiðir að hér á landi þarf að breyta 1. gr. í lögum þessara fimm heilbrigðisstétta því þar segir að sá einn megi starfa hér á landi í viðkomandi starfsstétt sem til þess hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Í frumvarpinu er því gerð breyting á 1. gr. allra þessara laga og skýrt tekið fram að innan viðkomandi heilbrigðisstéttar hér á landi geti starfað annars vegar þeir sem hafa til þess leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og hins vegar þeir sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á leyfi sínu í EES-ríki. Gert er ráð fyrir að með reglugerð verði nánari reglur settar um hvernig heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið standi að þessari staðfestingu.

Gangur mála yrði þannig að ríkisborgari í EES-ríki með lækningaleyfi, t.d. í Þýskalandi, sem hygðist koma hingað og hefja hér lækningar, þarf fyrst að snúa sér til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og sýna þar þau skjöl sem staðfesta lækningaleyfi hans í Þýskalandi. Að lokinni skoðun ráðuneytisins á réttmæti skjalanna fengi viðkomandi síðan staðfestingu á því að hann mætti starfa sem læknir hér á landi. Þar með væri honum frjálst að starfa hér sjálfstætt sem læknir, t.d. opna stofu. Sömuleiðis gæti hann sótt um stöðu læknis, t.d. á sjúkrahúsum eða á heilsugæslustöðvum. Staðfestingin gefur honum hins vegar engan rétt til stöðuveitingar. Atvinnurekandi gæti t.d. hafnað honum á grundvelli engrar eða lélegrar íslenskukunnáttu.

Í læknalögum og lögum um tannlækningar er að finna ákvæði um sérfræðingsleyfi sem sömu reglur gilda um. Af þeim sökum þarf að breyta 5. gr. læknalaga og 5. gr. tannlæknalaga. Rétt er hins vegar að benda á að í læknisfræði eru viðurkenndar sérgreinar mun færri

hjá EB en hér á landi. Réttur til staðfestingar á sérgrein nær eingöngu til sérgreina sem eru sambærilegar milli landanna.

Gerðar eru frekari breytingar á 5. gr., sbr. 2. gr. læknalaga, en nauðsynlegar eru samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. Samkvæmt þessum ákvæðum skal sérstök þriggja manna nefnd fjalla um umsóknir um almennt lækningaleyfi en læknadeildin gefa umsögn um umsóknir um sérfræðingsleyfi. Í framkvæmd mun þessi nefnd gefa umsögn um hvort tveggja. Ástæðulaust þykir að hafa sérstaka nefnd í umsögnum um umsóknir vegna almenns lækningaleyfis og ákvæðið um hana því fært yfir í 5. gr. laganna og hún þar gerð að umsagnaraðila.

Þá er og gerð viðbótarbreyting á 5. gr. tannlæknalaga sem ekki tengist EES-samningum. Þar er um að ræða að nefnd þeirri, sem fær til umsagnar sérfræðiumsóknir tannlækna, verður ekki lengur skylt heldur eingöngu heimilt að kveðja til tvo sérfróða tannlækna í þeirri sérgrein sem sótt er um.

Þá er talið nauðsynlegt að skýrt komi fram í lögunum um þessar fimm heilbrigðisstéttir að sé ríkisborgari í EES-landi, sem hér starfar á grundvelli staðfestingar á leyfi í öðru EES-landi, sviptur leyfi sínu þar fellur niður heimild hans til að starfa hér á landi. Sömuleiðis er talið nauðsynlegt að taka skýrt fram að brjóti EES-borgari, sem hér starfar á grundvelli staðfestingar, af sér í þeim mæli að það mundi varða hann leyfissviptingu hefði hann leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur ráðherra svipt hann staðfestingunni sem starf hans hér á landi grundvallast á.

Um 6.–8. gr.

Í þrennum lögum um heilbrigðisstéttir, lögum um iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og lögum um sjóntækjafræðinga er það gert að skilyrði fyrir starfsleyfi hér á landi að viðkomandi sé íslenskur ríkisborgari. Þeir sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar geta fengið leyfi en með öðrum skilyrðum.

Reglur EB krefjast þess að engum sé mismunað á grundvelli ríkisfangs. Því er nauðsynlegt að breyta þessum þrennum lögum og tryggja að með umsóknir ríkisborgara í EES-ríki um starfsleyfi í þessum heilbrigðisstéttum sé farið á sama hátt og umsóknir Íslendinga.

Þessum þrennum lögum var öllum breytt með lögum nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. Þar var gert ráð fyrir að erlendur ríkisborgari, sem hér hefði átt lögheimili í eitt ár, skyldi undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang. Frumvarp þetta breytir þessu og takmarkar ákvæðið frá því sem breytingin með lögum nr. 23/1991 gerði ráð fyrir. EES-ríkisborgarar munu njóta sama réttar til löggildingar og Íslendingar en aðrir útlendingar falla undir hið almenna ákvæði laganna um erlenda ríkisborgara. Rýmkun laga nr. 23/1991 þykir óþarflega mikil og því ákveðið að erlendir ríkisborgarar, aðrir en EES-borgarar, skuli sæta óbreyttum reglum frá því sem var fyrir gildistöku laganna nr. 23/1991.

Um II. kafla.

Vegna ákvæða í III. hluta EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga þarf að breyta ýmsum ákvæðum íslenskra laga á vátryggingarsviði. Breytingarnar lúta að því að ryðja úr vegi einkarétti einstakra vátryggingafélaga til að selja tilteknar tryggingar, skattalegum ívilnunum sem sum þessara félaga njóta umfram önnur félög og ákvæðum um staðfestingu ráðherra á vátryggingafélögum eða iðgjöldum svo nokkuð sé nefnt.

Nokkur þeirra laga, sem hafa að geyma vátryggingarákvæði sem þarf að breyta vegna EES-samningsins, heyra undir önnur ráðuneyti. Tvennum þeirra er breytt með þessu frumvarpi í samráði við viðkomandi ráðuneyti. Um er að ræða umferðarlög sem heyra undir dómsmálaráðuneytið og lög um búfjártryggingar sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

Einnig sýnist þurfa að fella niður síðasta málslið 1. mgr. 137. gr. laga um loftferðir, nr. 34/1964, með síðari breytingum, og breyta orðalagi í 2. mgr. 2. gr. laga um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa, nr. 17/1976, með síðari breytingu. Nauðsynleg breyting á loftferðalögum mun fylgja heildarendurskoðun þeirra sem unnið er að í samgönguráðuneytinu. Sjávarútvegsráðuneytið mun sjálft bera fram nauðsynlegt lagafrumvarp vegna breytinga á lögum um vátryggingariðgjald fiskiskipa.

Um 9. gr.

Hér er gerð lítils háttar breyting á lögum um ófriðartryggingar, nr. 2/1944, með síðari breytingum. Felld er niður 3. mgr. 1. gr. en samkvæmt henni nær ófriðartryggingin ekki til fjármuna í landinu sem eru í eigu erlendra manna eða stofnana nema slíkir aðilar séu heimilisfastir hér á landi. Þetta ákvæði stangast á við hin almennu ákvæði EES-samningsins um jafnan rétt ríkisborgara svæðisins án tillits til þjóðernis.

Um 10. gr.

Með lögum nr. 45/1993, um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu, voru felldar úr gildi 1.–14. gr. og 28. gr. laga nr. 43/1947. Í breytingu þeirri, sem hér er gerð á 15. gr. laganna, felst að ákvæði II. og III. kafla laganna verða almenns eðlis og munu framvegis eiga við um stríðsslysatryggingar hvar sem þær eru teknar.

Um 11. gr.

Lagt er til að lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga, nr. 17/1964, með síðari breytingum, verði felld úr gildi. Lögin kveða á um skyldu líftryggingafélaga að verja tilteknum hluta ráðstöfunarfjár tryggingasjóðs líftrygginga til kaupa á tilteknum bréfum af Húsnæðisstofnun ríkisins og setur félagsmálaráðuneytið nánari reglur um framkvæmdina. Ráðstöfunarfé af þessu tagi hefur nánast ekkert verið þar eð lífeyristryggingar hafa ekki náð teljandi útbreiðslu hér á landi. Lögin hafa því ekki haft mikla þýðingu. Ekki mun verða heimilt á EES-svæðinu að skylda vátryggingafélög til að ráðstafa ráðstöfunarfé sínu með þessum hætti.

Um 12. gr.

Hér er gerð breyting á lögum um búfjártryggingar, nr. 20/1943, með síðari breytingum. Breytingin lýtur að því að afnema einkarétt búfjártryggingadeildar Brunabótafélags Íslands á þeim tryggingum sem lögin mæla fyrir um. Því fylgja allnokkrar breytingar á lögunum.

Lög þessi heyra undir landbúnaðarráðuneytið en í samráði við það er þeim breytt í tengslum við aðrar breytingar á lögum á vátryggingarsviði til að tryggja betri yfirsýn yfir nauðsynlegar breytingar á lagaákvæðum á vátryggingarsviði vegna EES-samningsins.

Um 13. gr.

Hér er gerð breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Breytingin felst í því að vátryggingafélag, sem annast að greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skuli vera viðurkennt eða skráð af dóms-

málaráðherra. Í gildandi lögum er eingöngu gert ráð fyrir að félögin séu viðurkennd. Vegna breytinga á reglum um vátryggingarstarfsemi er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að félögin geti einnig verið skráð af dómsmálaráðherra.

Umferðarlögin heyra undir dómsmálaráðuneytið en í samráði við það er ákvæðinu breytt hér í tengslum við aðrar breytingar á lögum á vátryggingarsviði. Þannig fæst betri yfirsýn yfir nauðsynlegar lagabreytingar á þessu sviði vegna EES-samningsins.

Um 14. gr.

Nauðsynlegt er að gera nokkrar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar vegna EES-samningsins. Lögin gera nú ráð fyrir að greiðsla atvinnuleysistryggingabóta sé bundin við dvöl hér á landi. Þessu þarf að breyta því reglur EB, sem verða reglur EES-svæðisins, gera ráð fyrir að fari atvinnulaus einstaklingur í atvinnuleit innan svæðisins beri landinu, þar sem hann á rétt á atvinnuleysisbótum, að greiða honum áfram bætur þann tíma sem honum er atvinnuleitin heimil, eða þrjá mánuði. Sömuleiðis verður að heimila Atvinnuleysistryggingasjóði að hafa milligöngu um greiðslu atvinnuleysistryggingabóta til þeirra sem með þessum hætti komu hingað til lands í atvinnuleit því reglur EB gera ráð fyrir að stofnun í dvalarlandinu geti annast greiðslu bótanna á kostnað þar til bærrar stofnunar í landinu sem viðkomandi kom frá.

Um 15. gr.

Breytingar á lagaákvæðum, sem tengjast gildistöku EES-samningsins, eiga að ganga í gildi um leið og samningurinn. Meðan hann hefur ekki verið staðfestur þykir því eðlilegt að hafa gildistökuákvæði laganna skilyrt með þeim hætti sem hér kemur fram. Jafnframt þykir nauðsynlegt að hafa í lögunum endurútgáfuheimild á lögum þeim sem þau eru að breyta.

90. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að endurskoða reglur um bótarétt íslenskra sjómanna vegna líkamstjóns. Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna, Siglingamálastofnunar, rannsóknarnefndar sjóslysa, Sambands íslenskra tryggingafélaga og fleiri.

Greinargerð.

Samkvæmt 172. gr. siglingalaga ber útgerðarmaður ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum þegar hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til sakar útgerðarmanns. Samkvæmt lagagreininni ber útgerðarmaður því hlutlæga ábyrgð (þ.e. ábyrgð án sakargrundvallar) með nánari skilmálum vegna lífs- eða líkamstjóns skipverja hans og er hann þá jafnframt með lagaráðstöfun hvattur til að kaupa tryggingar í þessu skyni.

Í 2. mgr. 172. gr. segir að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum eftir nánari reglum. Í lagagreininni eru nefndar ákveðnar fjárhæðir en samkvæmt niðurlagi greinarinnar taka þær fjárhæðir breytingum í samræmi við laun Dagsbrúnarverkamanna.

Samkvæmt 173. og 174. gr. siglingalaga hefur útgerðarmaður rétt til að takmarka ábyrgð sína eftir ákveðnum reglum. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 175. gr. laganna nær þessi takmörkun ábyrgðar ekki til krafna vegna tjóns á mönnum eða munum sem þeir verða fyrir sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni eða ábyrgðarmanni útgerðar og sem rækja starf í þágu skips eða í sambandi við björgun, þó þannig að verði lífs- eða líkamstjón á mönnum sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni með þeim hætti sem frá er greint í 1. mgr. 172. gr. takmarkast hin hlutlæga bótaábyrgð útgerðarmanns við þær fjárhæðir sem um ræðir í 2. mgr. greinarinnar. Er í þessu efni byggt á sömu reglu og var í 2. mgr. 205. gr. eldri laga um hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns á vinnuslysum. Hún veitti sjómönnum umtalsverða réttarbót frá því sem leiðir af almennum bótareglum.

Með þessari hlutlægu ábyrgðarreglu var komið á samræmi milli sjómanna og landverkafólks. Hluti af bótarétti landverkafólks vegna lífs- og líkamstjóns byggir á ákvæðum kjarasamninga um hlutlæga ábyrgð atvinnurekanda, þ.e. hinni svokölluðu slysatryggingu launþega. Í siglingalögum, eins og í almennum kjarasamningum, er þeirri reglu fylgt að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum eins og áður segir. Hin hlutlæga ábyrgð eða slysatryggingin er hjá íslenskum launþegum í öllum tilfellum takmörkuð við þak eða hámarksfjárhæð en útilokar ekki frekari bótaábyrgð á grundvelli sakar ef sök sannast. Ábyrgð útgerðarmanns á sakargrundvelli á þess háttar tjóni lýtur hins vegar ekki takmörkun, sbr. 5. tölul. 175. gr., sem þýðir í raun að sjómenn verða eins og landverkafólk að sækja bætur umfram hina hlutlægu ábyrgð eftir reglum skaðabótaréttarins. Í þeirri stöðu verður launþeginn, sjómaðurinn, að sanna sök atvinnurekandans. Bótaábyrgð fellur ekki á útgerðarmann án sakar hans eða starfsmanna hans, þ.e. án ásetnings eða gáleysis eftir reglum skaðabótaréttarins. Takist launþega ekki að sanna þessa sök fær hann ekki tjón sitt bætt að öðru leyti en sem nemur hinni hlutlægu ábyrgðarreglu og er það oftast aðeins lítill hluti heildartjónsins. Undir óbætt tjón falla öll þau fjölmörgu tilvik þegar slys verða fyrir óhappatilviljun og gildir í því efni það sama á sjó og í landi. Vinnuslys starfsmanna vegna óhappatilvika eru aðeins bætt að litlu leyti samkvæmt íslenskum rétti. Hinir slösuðu verða þá að bera tjón sitt sjálfir.

Það sem veldur því hins vegar að þessu máli er hreyft með þessari þingsályktunartillögu er að slys á sjó eru langtum algengari en slys í landi og miklu oftar verða þau rakin til óhappatilvika en í landi. Að sögn kunnugra verða vinnuslys í landi oftast vegna vanbúnaðar, leiðbeiningarskorts og gáleysis. Í sjómennsku er hins vegar meira um óhöpp sem eiga rætur að rekja til þess að sjómannsstarfið er hættulegra en störf í landi, vinnustaðurinn og hreyfing sjávarins er hættulegri lífi og limum sjómanna en vinnustaðir landverkafólks. Hlutlæg ábyrgð atvinnurekenda vegna hættulegs atvinnurekstrar hefur ekki verið viðurkennd í íslenskum skaðabótarétti til þessa. Venjulegt sakarmat er lagt til grundvallar hvort sem um er að ræða t.d. skrifstofustarf sem hefur engar sjáanlegar hættur í för með sér fyrir starfsmenn eða starf á skipi með tröllauknum og fjölbreytilegum vélbúnaði þar sem aðgátar er þörf við hvert fótmál.

Tilgangur nefndarskipunar af því tagi sem hér er ráð fyrir gert er sá að kanna bótarétt sjómanna með framangreint í huga og leggja fram tillögur til úrbóta. Samkvæmt framansögðu er varla um annað en tvennt að ræða, annars vegar að hækka hlutfall hinnar hlutlægu ábyrgðar skv. 172. gr. siglingalaga, sbr. 5. tölul. 175. gr., eða með þeim hætti að gera ábyrgð útgerðarmanns vegna vinnuslysa hlutlæga að öllu eða verulegu leyti með breyttri skaðabótareglu vegna hættulegs atvinnurekstrar og breyttri sönnunarreglu vegna fjölda óhappatilvika sem ekki eru bótaskyld samkvæmt núgildandi reglu.

91. Frumvarp til laga [88. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.

Frá umhverfisnefnd.

1. gr.

Á eftir 12. gr. kemur ný grein er orðast svo:

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lög þessi taka til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, nema ákvæða laga þessara hafi verið gætt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lagt er til að við lögin bætist ný grein sem tryggi að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í allri áætlanagerð um tilteknar framkvæmdir svo að lögin nái markmiði sínu að þessu leyti. Ákvæði þetta var í frumvarpi til laga um umhverfismat sem tekið var til umfjöllunar í umhverfisnefnd á 116. löggjafarþingi og síðan samþykkt á Alþingi sem lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Við lokafrágang breytingartillagna við það frumvarp féll ákvæðið hins vegar brott og er þessu frumvarpi ætlað að leiðrétta þau mistök.

92. Fyrirspurn [89. mál]

til félagsmálaráðherra um sjóð til eflingar atvinnumálum kvenna.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hvernig var staðið að auglýsingu á „60 millj. kr. sjóði“ til eflingar atvinnumálum kvenna?
2. Hversu langur frestur var gefinn til að leggja inn umsóknir?
3. Hversu margar umsóknir bárust?
4. Hverjir meta umsóknir?
5. Hvenær verða niðurstöður um styrkveitingar birtar?
6. Hvernig verður háttað eftirliti með styrkveitingum?

93. Fyrirspurn [90. mál]

til fjármálaráðherra um skuldbreytingar og lán vegna skattaskulda árin 1988–1992.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hversu margir fengu skuldbreytingu vegna skattaskulda hvert ár 1988–1992?
2. Hversu há fjárhæð af skattaskuldum við ríkið var þannig veitt sem lán hvert ár 1988–1992?
3. Hversu mörg skuldabréf vegna skattaskulda voru í vanskilum um síðustu áramót og hversu há fjárhæð?

Skriflegt svar óskast.

94. Fyrirspurn [91. mál]

til utanríkisráðherra um aðgerðir á grundvelli 1. gr. laga um Evrópskt efnahagssvæði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað hefur verið aðhafst af íslenskum stjórnvöldum á grundvelli 1. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og laga nr. 66/1993, um breytingar á þeim lögum?
2. Til hvaða kostnaðar hefur verið stofnað hingað til af þessu tilefni, sundurliðað eftir einstökum þáttum?
3. Til hvaða mannaráðninga hefur verið stofnað hjá utanríkisráðuneytinu og íslensku utanríkisþjónustunni vegna EES-samningsins, m.a. í tengslum við EFTA og sendiráð Íslands í Brussel?
4. Hver eru ráðningakjör þeirra sem Ísland hefur skipað sem eftirlitsfulltrúa í Eftirlitsstofnun EFTA og dómara í EFTA-dómstólinn að skattfríðindum meðtöldum?

Skriflegt svar óskast.

95. Fyrirspurn [92. mál]

til umhverfisráðherra um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað líður gerð áætlunar um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera?

Greinargerð.

Þann 24. apríl 1989 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar."

Enn hafa engin drög að þessari áætlun verið lögð fyrir Alþingi til kynningar.

Fyrir um einu og hálfu ári lagði sami fyrirspyrjandi fram hliðstæða fyrirspurn (518. mál 115. löggjafarþings). Umhverfisráðherra svaraði henni skriflega á þskj. 1005. Nú er spurst fyrir öðru sinni um hvað líði aðgerðum í kjölfar samþykktar Alþingis frá því um sumarmál 1989.

Skriflegt svar óskast.

96. Fyrirspurn [93. mál]

til iðnaðarráðherra um kostnað og umfang rannsókna á vatnaflutningum til Fljótsdals.

Frá Tómasi Inga Olrich.

1. Hve umfangsmiklar rannsóknir hafa farið fram á vegum Landsvirkjunar, Orkustofnunar og annarra opinberra aðila vegna hugmynda um að veita Jökulsá á Fjöllum til Fljótsdals og byggja vatnsorkuver austan Arnardals og í Fljótsdal?
2. Hver er kostnaður við þessar athuganir?
3. Hve háðar eru áætlanir um orkuflutninga um sæstreng til Englands eða meginlands Evrópu hugmyndum um að veita Jökulsá á Fjöllum til Fljótsdals?

Skriflegt svar óskast.

97. Fyrirspurn [94. mál]

til umhverfisráðherra um rannsóknir á umhverfisáhrifum vatnaflutninga til Fljótsdals.

Frá Tómasi Inga Olrich.

1. Hve miklar rannsóknir hafa farið fram í tengslum við hugmyndir um að veita Jökulsá á Fjöllum til Fljótsdals til raforkuframleiðslu, á umhverfisáhrifum sem slíkir vatnaflutningar mundu hafa á öræfum norðan Vatnajökuls, í Kelduhverfi og Öxarfirði og í Fljótsdal og Héraðsflóa?
2. Telur ráðherra ekki rétt, með tilliti til framangreindra orkunýtingaráforma, að Alþingi taki hið fyrsta afstöðu til þess hvort það samrýmist almennum markmiðum þjóðarinnar í umhverfismálum að ráðast í vatnaflutninga af því tagi sem hér um ræðir?

98. Fyrirspurn [95. mál]

til iðnaðarráðherra um hugmyndir um vatnaflutninga til Fljótsdals.

Frá Tómasi Inga Olrich.

1. Hafa hugmyndir um að veita Jökulsá á Fjöllum til Fljótsdals vegna virkjana austan Arnardals og í Fljótsdal verið bornar undir iðnaðarráðuneytið?
2. Telur ráðherra ráðlegt að láta undirbúning orkuframkvæmda ganga lengra en orðið er án þess að könnuð séu viðhorf Alþingis til þeirrar röskunar á umhverfi sem framangreindar hugmyndir um vatnsveitu og orkumannvirki hafa væntanlega í för með sér?

99. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Eggert Haukdal, Sturla Böðvarsson, Svanhildur Árnadóttir, Árni R. Árnason, Árni M. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera könnun á þeim kostum sem í boði eru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna kringum landið með hliðsjón af þeirri tækniþróun sem orðið hefur á sviði ljósvakamiðlunar.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Það er því endurflutt nær óbreytt.

Móttökuskilyrði sjónvarps eru mjög misjöfn á fiskimiðunum umhverfis landið. Þau eru allgóð frá Faxaflóa austur að Ingólfshöfða, afleit út af Austurlandi og gloppótt fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum og suður fyrir Snæfellsjökul. Skilyrðin eru þó skárri þegar háþrýstisvæði er yfir landinu.

Móttökuskilyrði útvarps eru einnig mjög misjöfn. Langbylgja heyrist víðast hvar, þó illa út af Vestfjörðum og á Breiðafirði. Miðbylgja heyrist út af Norðausturlandi, Austfjörðum og Suðausturlandi. Rás 2 heyrist þar sem sjónvarp næst. Erlendar stöðvar yfirgnæfa langbylgju og miðbylgju þegar dimmir.

Það er tvímælalaust mikið öryggismál að bæta sendingar útvarps til fiskimiðanna. Farsíminn virkar þar sem sjónvarp næst og heldur víðar. Þegar hann virkar ekki er eina sambandið við land í gegnum talstöð. Ef hún bilar er ekkert samband hægt að hafa í land og ekki hægt að fylgjast með aðvörunum um hættu, t.d. fárviðrisspám og tilkynningum um ís.

Tækniþróun á sviði sjónvarps og útvarps er mjög ör. Á síðustu árum hefur fleygt fram gervihnattatækni og annarri útsendingartækni. Má þar nefna fregnir af tilraunum með fjölrása sjónvarpssendingar í Bandaríkjunum. Einnig kann að vera fýsilegt að skoða möguleika á notkun gervihnattasendinga fyrir hljóðvarp og sjónvarp sem þjónað geti dreifikerfi innan lands og bætt þjónustu við sjómenn á hafi úti.

Ekki skal á það lagður dómur hverjir kostir eru vænlegastir, en með hliðsjón af því hve tækni á þessu sviði hefur fleygt fram telja flutningsmenn fyllstu ástæðu til að íslensk stjórnvöld láti hið fyrsta fara fram athugun á því hvaða leiðir eru hagkvæmar til bóta í þessum efnum.

Kort af sjónvarpsskilyrðum á fiskimiðunum umhverfis landið fylgdi tillögunni sem fylgiskjal. Um það vísast til þskj. 923, 556. mál 116. löggjafarþings, bls. 5153 í A-deild Alþt. 1992–93.

100. Tillaga til þingsályktunar [97. mál]

um vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta Vegagerð ríkisins gera athugun á tengingu Austurlands og Norðurlands með öruggu vegasambandi allt árið um byggðir á Norðausturlandi og um Vopnafjörð, með jarðgöngum undir Hlíðarfjöll.

Við athugun málsins verði haft samráð við heimaaðila í báðum landshlutum og lokaáliti skilað til Alþingis fyrir 1. október 1994.

Greinargerð.

Mikil nauðsyn er á að bæta vegasamband milli Austurlands og Norðurlands. Núverandi vegur yfir Fjöllin er afar langt frá því að uppfylla kröfur sem gera verður um aðalleið milli þessara landshluta. Hann liggur á löngum köflum í óbyggðum í 500–650 metra hæð og hefur litlu verið til hans kostað um áratugi. Afleggjari frá þessum vegi til Vopnafjarðar er um 70 km á lengd og hann nýtist sáralítið þeim byggðum sem norðar liggja.

Síðustu árin hefur nokkuð verið rætt um hvernig rétt sé að leggja vegi á Norðausturlandi horft til framtíðar. Stærsta byggðarlagið á þessu svæði er Vopnafjörður og eðlilega hefur spurningin um samgöngur þaðan austur á Hérað og við nágrannabyggðirnar til norðurs verið ráðandi í umræðunni. Fyrir orð þingmanna Austurlands gerði starfshópur, skipaður fulltrúum frá Vegagerð ríkisins, ýmsar athuganir á vegasambandi á þessu svæði og skilaði í apríl 1990 skýrslu sem ber heitið „Vegasamband byggða á Norðausturlandi“; hefur hún margháttaðan fróðleik að geyma.

Síðan hefur með endurbótum á vegi um Hellisheiði fengist bráðabirgðabót á vegasambandi milli Vopnafjarðar og Héraðs en áfram brennur á mönnum spurningin um frambúðarlausn sem aðeins getur fengist með jarðgöngum milli ofangreindra byggðarlaga.

Fyrr á árinu 1993 komu fram hugmyndir um að skynsamlegt gæti verið að stefna að því að vetrarleiðin eða svonefnd heilsárstenging milli Austurlands og Norðurlands lægi um Vopnafjörð, annaðhvort með ströndinni og yfir Öxarfjarðar- og Reykjaheiði áleiðis til Akureyrar eða upp úr Vesturdal í Vopnafirði og yfir Einbúasand að Grímsstöðum og áfram til

Mývatns. Fyrsti flutningsmaður þeirrar þingsályktunartillögu, sem hér er flutt, skrifaði um mál þetta grein sem birtist m.a. í Tímanum og Degi í júní 1993. Þar var hvatt til að nýjar leiðir yrðu skoðaðar til hlítar áður en ráðist verður í að byggja upp nýjan veg yfir Fjöllin. Viðbrögð við þessum hugmyndum voru afar jákvæð, einkum í byggðarlögum á Norðausturlandi.

Umræddar vegtengingar voru til umræðu á aðalfundi Samtaka sveitarstjórna í Austurlandskjördæmi, SSA, 26.–27. ágúst 1993 og viku síðar 2.–3. september 1993 á aðalfundi Eyþings, sveitarstjórnarsamtakanna í Norðurlandskjördæmi eystra. Var á báðum fundunum ályktað með líkum hætti um málið og valdir fulltrúar í sameiginlegan starfshóp til að móta tillögur í samvinnu við yfirvöld samgöngumála um uppbyggingu vegar um Norðausturland sem fær sé allt árið. Eru samþykktir beggja þessara samtaka birtar sem fylgiskjöl hér á eftir.

Verður hér gerð stuttlega grein fyrir þeim leiðum sem einkum er rætt um til að tengja Austurland og Norðurland til frambúðar.

1. Með ströndinni og um Öxarfjarðar- og Reykjaheiði.

Þessi vegur væri byggður upp miðað við umferð allt árið og lægi í jarðgöngum frá Jökulsárhlíð til Vopnafjarðar og þaðan norður með ströndinni um Bakkafjörð, Þistilfjörð og yfir Öxarfjarðarheiði og Reykjaheiði. áleiðis til Akureyrar. Þetta er núverandi vetrartenging byggðanna á Norðausturlandi við landsvegakerfið. Hún mundi styttast talsvert frá því sem nú er með uppbyggingu vegar um Öxarfjarðar- og Reykjaheiði en yrði rúmlega 100 km lengri en yfir Fjöllin.

Þetta er sú leið sem best tengir byggðirnar saman og væntanlega yrði auðveldast að halda opinni að vetrarlagi. Eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd (sjá fskj. II) færi vegurinn á þessari leið hvergi yfir 300 metra hæð og væri hæsti kafli á honum þar sem hann nú liggur um Víkurskarð milli Fnjóskadals og Eyjafjarðar. Að meginhluta lægi vegurinn skammt yfir sjávarmáli frá Egilsstöðum til Akureyrar. Þá má einnig minna á að vegi með ströndinni út fyrir Melrakkasléttu og Tjörnes má nota sem varaleiðir ef óvenjuleg veðurharka eða snjóþyngsli hindra þjónustu á heiðum uppi.

Rétt er að hafa í huga að á þessari leið er nú þegar veitt vetrarþjónusta og svo yrði að sjálfsögðu áfram þótt önnur tenging milli Austurlands og Norðurlands kæmi til. Á þessu svæði er um 2.500 manna byggð og 5.000 manna ef Húsavík er meðtalin.

Eftir sem áður mætti byggja leiðina yfir Fjöllin upp sem góðan sumarveg með bundnu slitlagi án þess að leggja í þann mikla kostnað sem fylgdi því að halda honum opnum allan veturinn. Notkunartími þess vegar gæti hins vegar auðveldalega orðið 6–8 mánuðir í venjulegu árferði.

2. Um Jökuldalsheiði og Fjöllin.

Þar er um að ræða uppbyggingu vegar nálægt núverandi hringvegi um Fjöllin, þó með nýlagningu um Jökuldalsheiði austan Möðrudalsfjallgarða yfir í Langadal eða jafnvel norðan Þjóðfells til Grímsstaða. Þessi leið liggur á meira en 100 km kafla í yfir 300 metra hæð, þar af eru um 70 km af leiðinni í milli 500–600 metra hæð yfir sjó. Kaflinn frá Jökuldal til Mývatns liggur þannig um öræfi, að mestu fjarri byggð. Vegalengd milli Egilsstaða og Akureyrar eftir þessari leið er svipuð og eftir núverandi vegi 1, þ.e. um 270 km í stað 273 km.

Af þessum aðalvegi yrði afleggjari til Vopnafjarðar með svipuðum hætti og nú er og hringtenging austur á Hérað um Hellisheiði og síðar með jarðgöngum gegnum Hlíðarfjöll.

Með þessari tilhögun yrði Vopnafjörður heldur betur settur en nú er en þó áfram úrleiðis miðað við landsumferð, a.m.k. mikinn hluta ársins. Leiðin frá Egilsstöðum „yfir Fjöllin" til Vopnafjarðar mundi styttast um nálægt 40 km ef þjóðvegur er fluttur austur fyrir Möðrudalsfjallagarða.

3. Um Vopnafjörð og Einbúasand.

Þessi leið gerir ráð fyrir jarðgöngum undir Hlíðarfjöll á sama hátt og í leið 1 en lægi síðan um Vesturdal í Vopnafirði og þaðan um Grímsstaðadal eystri og Einbúasand að Gömlu-Grímsstöðum og áfram til Mývatns. Með henni tengist Vopnafjörður landsumferðinni, þó með öðrum hætti en ef fylgt er ströndinni. Á Einbúasandi færi vegurinn eftir sem áður upp í 600 metra hæð yfir sjó og lægi um öræfi á alllöngum kafla milli Vopnafjarðar og Mývatns. Þessi leið yrði tæpum 40 km lengri milli Egilsstaða og Akureyrar en vegurinn yfir Fjöllin. Hún gæti í framtíðinni hugsanlega orðið aðalleið milli landshluta að sumarlagi í stað vegarins um Fjöllin milli Skjöldólfsstaða á Jökuldal og Grímsstaða.

Kostir þess að leggja veg sem opinn væri allt árið um byggðir á Norðausturlandi eru auðsæir:

— Verulegur kostnaður sparaðist við að halda opinni einni leið í stað tveggja milli landshluta að vetrarlagi þegar mest eru snjóalög.
— Stofnkostnaður við lagfæringar og uppbyggingu á vegi yfir Fjöllin yrði lægri ef ekki væri stefnt að vetrarvegi á þeirri leið.
— Jarðgöng, sem leggja þarf milli Héraðs og Vopnafjarðar, yrðu arðbærari framkvæmd ef hún væri beinlínis í þágu landsumferðar og kæmu slík göng væntanlega í gagnið fyrr en ella.
— Vopnafjörður og aðrar byggðir á Norðausturlandi tengdust aðliggjandi landshlutum og landinu sem heild mun traustari böndum ef þær yrðu í alfaraleið. Fátt er betur fallið til að treysta stöðu þessara byggða en framkvæmdir þær í samgöngumálum sem tillagan gerir ráð fyrir.

Nokkur umræða hefur síðasta áratug verið um svonefnda hálendisvegi og er þá átt við miðhálendið milli jökla. Hugmyndin að baki þeirri umræðu er að finna sem stystar leiðir frá austanverðu Norðurlandi og Austurlandi til Reykjavíkur og þá jafnvel gert ráð fyrir að þeim mætti halda opnum að vetrarlagi.

Ekki er ástæða til að hafa á móti vangaveltum af þessu tagi en flutningsmenn efast um að það sé raunhæft verkefni í náinni framtíð. Fyrst af öllu þarf að leysa það sjálfsagða verkefni að tengja byggðir landsins saman, einnig með jarðgöngum þar sem þeirra er brýn þörf.

Valið á aðalvegi milli Norður- og Austurlands snertir með vissum hætti umræðuna um hálendisvegi og byggðavegi. Út frá sjónarhóli þeirra sem erindi eiga fyrst og fremst milli landshluta er eðlilega litið til stystu leiðar svo lengi sem hún er fær. Þar setja hins vegar veðurfar og kröfur um öryggi vegfarenda viss takmörk. Fyrir innbyrðis samskipti innan landshlutanna er tengivegur byggðanna það sem máli skiptir.

Með þeirri tillögu, sem hér er flutt, er lögð áhersla á að vönduð athugun fari fram á kostum og göllum mismunandi leiða til að tryggja sem best vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands. Fyrst að slíkri athugun lokinni á að taka ákvarðanir í þessu efni og verja takmörkuðu fjármagni til framkvæmda í samræmi við þá niðurstöðu.

Fylgiskjal I.

Vegagerð ríkisins:

Helstu leiðir til álita á Norðausturlandi.



Leið 1. Með ströndinni og um Öxarfjarðar- og Reykjaheiði.	Egilsstaðir-Akureyri 405 km (378 km)
Leið 2. Um Jökuldalsheiði og Fjöllin.	Egilsstaðir-Akureyri 273 km (270 km)
Leið 3. Um Vopnafjörð og Einbúasand.	Egilsstaðir-Akureyri 324 km (308 km)

Tölur innan sviga eru lengdir eftir aðgerðir

Fylgiskjal II.

Vegagerð ríkisins:

Leið með ströndinni. Hæð yfir sjó.



Leið 1. Með ströndinni. Hæð vegar yfir sjó.

Fylgiskjal III.

Vegagerð ríkisins:

Leið um Jökulsdalsheiði og Fjöllin. Hæð yfir sjó.



Leið 2. Um Jökuldalsheiði og Fjöllin. Hæð vegar yfir sjó.

Fylgiskjal IV.

Samþykkt SSA — Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

Aðalfundur SSA, haldinn á Breiðdalsvík 26. og 27. ágúst 1993, samþykkir að beina því til stjórnar að setja á laggirnar vinnuhóp er móti tillögur að því hvernig staðið verði að uppbyggingu vegsamgangna á Norðausturlandi með tilliti til heilsárstengingar við samgöngukerfi Austurlands.

Verði leitað til Eyþings um tilnefningu í slíkan vinnuhóp, landshlutasamtökin tilnefni þrjá menn hvort í starfshópinn. Þá verði þess óskað að yfirvöld samgöngumála tilnefni einn fulltrúa í vinnuhópinn.

Greinargerð.

Framtíðartenging Norður- og Austurlands er stórt mál í samgöngulegu tiliti og mikilvægt að í því sambandi verði allir kostir skoðaðir. Þær leiðir, sem um virðist vera að ræða, eru í aðalatriðum þrjár, tenging með ströndinni, yfir öræfin um Vopnafjörð og yfir öræfin upp úr Jökuldal.

Kosti og galla þessara meginleiða, mismunandi útfærslur þeirra auk annarra leiða sem til greina gætu komið þarf að vega og meta áður en ráðist verður í dýrar framkvæmdir á þessu sviði.

Samnýting þeirra miklu samgöngumannvirkja, sem nauðsynleg eru í þessum landshluta, er lykilatriði. Því ber að leita lausna sem sameina tengingu fjarstaða og innbyrðis tengingu byggðanna. Slíkar lausnir munu bæði verða ódýrari í stofnkostnaði og ekki mun síður sparast fé í rekstrarkostnaði, þar með talið vegna vetrarþjónustu.

Fylgiskjal V.

Samþykkt Eyþings — Sambands sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi eystra.

Aðalfundur Eyþings 2.–3. september 1993 samþykkir að beina því til stjórnar að setja á laggirnar vinnuhóp er móti tillögur að því hvernig staðið verði að uppbyggingu vegsamgangna á Norðausturlandi með tilliti til heilsárstengingar við samgöngukerfi Austurlands. Verði leitað til Samtaka sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi um tilnefningu í slíkan vinnuhóp. Þá verði þess óskað að yfirvöld samgöngumála tilnefni einn fulltrúa í vinnuhópinn.

Greinargerð.

Framtíðartenging Norður- og Austurlands er stórt mál í samgöngulegu tilliti og mikilvægt að í því sambandi verði allir kostir skoðaðir. Þær leiðir, sem um virðist vera að ræða, eru í aðalatriðum þrjár, tenging með ströndinni, yfir öræfin um Vopnafjörð og yfir öræfin upp úr Jökuldal.

Kosti og galla þessara meginleiða, mismunandi útfærslur þeirra auk annarra leiða sem til greina gætu komið þarf að vega og meta áður en ráðist verður í dýrar framkvæmdir á þessu sviði.

Samnýting þeirra miklu samgöngumannvirkja, sem nauðsynleg eru í þessum landshluta, er lykilatriði. Því ber að leita lausna sem sameina tengingu fjarstaða og innbyrðis tengingu byggðanna. Slíkar lausnir munu bæði verða ódýrari í stofnkostnaði og ekki mun síður sparast fé í rekstrarkostnaði, þar með talið vegna vetrarþjónustu.

101. Fyrirspurn [98. mál]

til félagsmálaráðherra um verkefnaflutning til fámennra sveitarfélaga.

Frá Svanhildi Árnadóttur.

Hvernig verður fámennum sveitarfélögum gert kleift að takast á við verkefni sem fyrirhugað er að flytja til þeirra komi til sameiningar sveitarfélaga?

Greinargerð.

Aðalforsenda sameiningar sveitarfélaga er að styrkja og efla sveitarstjórnarstigið svo að það verði betur í stakk búið til að taka við verkefnum frá ríki. Þar sem tillögur umdæmanefnda liggja nú fyrir er ljóst að eftir sem áður munu nokkur sveitarfélög verða mjög fámenn, allt frá 300 íbúum.

Skriflegt svar óskast.

102. Fyrirspurn [99. mál]

til fjármálaráðherra um umfang ómældrar yfirvinnu.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Í hve miklum mæli er greidd ómæld (óunnin) yfirvinna hjá ríkinu?
2. Er greidd ómæld yfirvinna í orlofi?
3. Er greitt orlof á ómælda yfirvinnu?
4. Hversu margir ríkisstarfsmenn fá greidda aksturspeninga (bílastyrk) og hve mikilli fjárhæð námu þeir á sl. ári?
5. Hefur verið reynt að meta hvaða áhrif slíkar yfirvinnugreiðslur hafa á launakjör og launasamninga í landinu?

103. Frumvarp til laga [100. mál]

um lánskjör og ávöxtun sparifjár.

Flm.: Eggert Haukdal, Matthías Bjarnason, Steingrímur Hermannsson, Páll Pétursson, Kristín Ástgeirsdóttir, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1994 er óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar, þar með talin inn- og útlán í bankakerfinu, skuldabréf, verðbréf o.fl., enda verði lánskjaravísitalan lögð niður.

2. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði VII. kafla, 34.–47. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., svo og önnur lagaákvæði er kunna að stríða gegn lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er hér flutt í sjöunda sinn, nú með örfáum breytingum. Síðast var það flutt á 116. löggjafarþingi.

Verðtrygging fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu hefur þegar gengið sér til húðar, enda komið á daginn að atvinnuvegirnir bera hana ekki. Greiðslustöðvanir og gjaldþrot fyrirtækja, raunar einnig heimila, hafa farið hraðvaxandi. Áframhaldandi hrun og atvinnuleysi er fram undan ef ekki er gripið í taumana.

Fyrirheit, sem gefin voru með verðtryggingu fjárskuldbindinga, um samdrátt útlána, minni erlendar lántökur og aukinn sparnað, hafa öll brugðist eins og hagskýrslur bera með sér.

Lánskjaravísitalan er meiri verðbólguvaldur en aðrar vísitölur þar sem byggingarkostnaður er innifalinn, en hann er háður mestum sveiflum í hagkerfinu. Vinnulaun eru og reiknuð í vísitölunni en ein afleiðing þess er sú að sérhver kjarabót launþega er jafnharðan af þeim tekin með sjálfkrafa hækkun skulda af íbúðalánum. Kaupgjaldsvísitalan hefur þegar verið afnumin með lögum og því ekki siðferðilega stætt á því að halda lánskjaravísitölunni.

Um 1. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi er gert ráð fyrir að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar innlánsstofnanir, sem veita viðtöku fé til ávöxtunar, taki upp þá reglu, sem viðgengst í öðrum vestrænum ríkjum, að greiða vaxtaauka á bundin spariinnlán til eins árs eða lengur ef gildandi vextir eru lægri en nemur verðbólgu. Útgjöld vegna vaxtaaukans eru þá fjármögnuð með fé sem inn kemur við vaxtalækkun á hlaupareikningum, ávísanareikningum og almennum sparisjóðsbókum er notast sem viðskiptareikningar. Talið er af sérfræðingum í banka- og peningamálum að 90–95% rekstrarkostnaður í viðskiptabanka fari í að þjónusta þessa reikninga og fyrir þá þjónustu ber eigendum þeirra að greiða með lágum vöxtum af slíkum innlánum.

Langtímaútlán verða hins vegar samkvæmt viðtekinni reglu erlendis háð breytilegum vöxtum. Er þá ýmist heimilt að breyta vaxtaprósentunni innan ákveðinna marka (t.d. 2–4%) eða binda hana í t.d. þrjú ár og láta hana síðan fylgja gildandi vöxtum á hverjum tíma.

Verðtrygging fjárskuldbindinga er ekki lengur við lýði í viðskiptalöndum okkar sem við erum að aðlagast. Þau ríki, sem reyndu verðtryggingu (Finnland, Ísrael og að takmörkuðu leyti Bretland og Svíþjóð), hafa hætt henni. Enginn grundvöllur er því lengur fyrir verðtryggingu hér. Við getum ekki varið það að verðtryggja skuldir en ekki kaupgjald láglaunafólksins sem á að borga skuldirnar.

Ísland hefur ekki efni á að raska því jafnvægi í kjaramálum og verðlagi sem náðist með þjóðarsátt. Atvinnuvegirnir þola ekki nýja vaxtaskrúfu af völdum lánskjaravísitölu eins og þá er varð 1982–1990 þegar skuldauppsöfnunin náði 100 milljörðum króna hjá útgerð og fiskvinnslu. Það er grunnorsök vandans í dag, ekki aflasamdráttur sem oft hefur verið meiri án þess að valda sambærilegum erfiðleikum.

Það er út í hött að gera verðtryggingu frjálsa að vali lánveitenda og lántakenda. Hinir fyrrnefndu ráða ferðinni þannig að verðtryggingin yrði í reynd áfram lögþvinguð.

Það knýr á um afnám verðtryggingar að samkomulag er um að skattleggja fjármagnstekjur eins og aðrar tekjur. Er þá hendi næst að bankar og sparisjóðir innheimti skattinn fyrir ríkissjóð eins og gert er í öðrum löndum. Hann reiknast á nafnvexti enda ógerningur að greina í hverju einstöku tilfelli á milli verðbótaþáttar og raunvaxta. (Ef verðbólga er umtalsverð má hins vegar til mótvægis lækka skattprósentuna.)

104. Frumvarp til laga [101. mál]

um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Nú er mál rekið fyrir héraðsdómstóli þar sem þarf að taka afstöðu til skýringar á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem í viðaukunum er getið og getur þá dómari í samræmi við 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls kveðið upp úrskurð um að leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á því atriði málsins áður en málinu er ráðið til lykta.

Hvort sem aðili máls krefst að álits verði leitað skv. 1. mgr. eða dómari telur þess þörf án kröfu skal dómari gefa aðilum kost á að tjá sig áður en úrskurður verður kveðinn upp.

Kæra má úrskurð héraðsdómara skv. 1. mgr. til Hæstaréttar eftir almennum reglum laga um meðferð einkamála eða meðferð opinberra mála eftir því sem á við. Kæra frestar frekari aðgerðum samkvæmt úrskurðinum.

2. gr.

Með sama hætti og segir í 1. og 2. mgr. 1. gr. getur Félagsdómur leitað álits EFTA-dómstólsins um atriði mála sem eru rekin þar. Úrskurður þess efnis verður ekki kærður til Hæstaréttar.

Hæstiréttur getur jafnframt kveðið upp úrskurð eins og að framan segir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til að fylgja frumvarpi til breytinga á lögum á sviði þess til aðlögunar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið, var lagt fram á 116. löggjafarþingi. Frumvarpið hlaut þá ekki afgreiðslu og er nú endurflutt óbreytt að því undanskildu að vísun til siglingadóms er felld niður enda hafa ákvæði um þann dómstól verið felld úr gildi með lögum um eftirlit með skipum, nr. 35 30. apríl 1993.

Þetta frumvarp er flutt vegna ákvæða 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þar er kveðið á um lögsögu EFTA-dómstólsins til þess að gefa ráðgefandi álit um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Segir þar að komi álitaefni upp í þessu sambandi við rekstur máls fyrir dómstóli í EFTA-ríki geti hann leitað eftir slíku ráðgefandi áliti enda telji hann nauðsynlegt að afla þess til að geta leyst úr máli. EFTA-ríkjunum er veitt heimild í ákvæðinu til að takmarka rétt dómstóla sinna til að leita álits sem þessa við þá dómstóla sem kveða upp úrlausnir sem sæta ekki málskoti samkvæmt landslögum.

Vegna þessa samningsákvæðis verður að festa í lög heimild handa íslenskum dómstólum til að leita með framangreindum hætti ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í tengslum við rekstur dómsmáls hér á landi. Vafaatriði í dómsmáli, sem álit af þessum toga getur varðað, geta beinst að skýringu á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, auk bókana með honum, viðauka við hann eða gerða sem er getið í viðaukunum. Getur reynt á þetta bæði við rekstur einkamáls fyrir dómi hér á landi og opinbers máls, auk þess sem vafaatriðin geta verið uppi hvort heldur við rekstur máls fyrir héraðsdómi, Hæstarétti eða sérdómstóli. Til að koma fram nauðsynlegum lagaheimildum um þetta væri út af fyrir sig unnt að leggja til breytingar á öðrum lögum og taka þannig m.a. upp ákvæði í lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og lög um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, þar sem væri hverju sinni mælt fyrir um heimildina á hverjum vettvangi fyrir sig til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um áðurgreind atriði. Sú leið er hins vegar þung í vöfum og verður að telja til einföldunar að setja í einu lagi lög af þessu tilefni sem nái jöfnum höndum til ólíkra tegunda mála og ólíkra dómstóla eins og er lagt til með þessu frumvarpi.

Eins og áður segir er lagt á vald einstakra EFTA-ríkja að ákveða hvort heimildin til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins verði bundin við þá dómstóla sem kveða upp endanlega dóma eða verði einnig veitt öðrum dómstólum. Í þessu frumvarpi er sú leið valin að leggja til að héraðsdómstólum verði veitt þessi heimild til jafns við Hæstarétt að því gættu að ákvörðun héraðsdómara um þetta mætti kæra til Hæstaréttar skv. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Þetta er lagt til í ljósi þess að eftir almennum réttarfarsreglum á að leitast við að leysa úr máli á grundvelli sömu gagna og röksemda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, en á því yrði brestur ef fyrst væri unnt að leita álits EFTA-dómstólsins í þessum efnum undir rekstri máls fyrir Hæstarétti. Þá verður einnig að taka tillit til þess að Félagsdómur kveður upp endanlega dóma á sínu sviði en á vettvangi hans getur reynt á atriði sem lúta að skýringu EES-reglna og verður því samkvæmt beinum orðum 34. gr. samningsins að gera ráð fyrir þessum kosti við rekstur máls fyrir þeim dómstóli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. er greint frá þeim aðstæðum sem geta leitt til þess að dómstóll hér á landi leiti eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins í samræmi við 34. gr. áðurnefnds samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Er þessu lýst þannig að tilefni geti verið uppi til þessa ef vafi er um skýringu á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem er getið í viðaukunum og á vafaatriðið reynir við úrlausn dómsmáls hér. Undir þeim kringumstæðum er héraðsdómara heimilað að leita álits EFTA-dómstólsins og verður í því sambandi að gefa því gætur að hér er aðeins rætt um heimild í þessum efnum en ekki skyldu. Álitið á aðeins að vera ráðgefandi eins og segir í 1. mgr. 1. gr. og bindur það því ekki héraðsdómara við úrlausn máls þótt vissulega verði að telja að eftir því yrði að öðru jöfnu farið að því leyti sem úrlausnin veltur á álitaefninu.

Af 2. mgr. 1. gr. leiðir að héraðsdómari gæti bæði tekið til greina kröfu annars eða beggja málsaðila um að leita álits EFTA-dómstólsins um atriði máls og að hann gæti ákveðið að þessi leið verði farin án kröfu. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 1. gr. verður héraðsdómari á hvorn veginn sem er að kveða upp sérstakan úrskurð um að leita álitsins og gildir einu hvort ágreiningur er uppi um það eða aðilarnir einhuga, en áður ber honum að gefa þeim kost á að tjá sig um þörfina á því. Í frumvarpinu er ekki að finna nánari reglur um aðgerðir héraðsdómara ef niðurstaða hans verður sú að álitsins verði leitað en gengið er út frá því að framkvæmdaratriði varðandi t.d. sendingu máls til EFTA-dómstólsins komi til með að ráðast af reglum hans.

Af ákvæðum 1. gr. má ráða að ætlast er til að rekstri máls verði frestað fyrir héraðsdómi þar til álit EFTA-dómstólsins er fengið. Bið eftir álitinu gæti orðið til að tefja fyrir úrlausn máls og verður því að telja eðlilegt að mæla fyrir um heimild málsaðila, sem vill ekki fella sig við afstöðu héraðsdómara, til að kæra úrskurð hans til Hæstaréttar. Kæruheimildin í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er þó ekki bundin við þau tilvik þar sem héraðsdómari úrskurðar að álits EFTA-dómstólsins verði leitað heldur nær hún einnig til úrskurðar um gagnstæða niðurstöðu hans.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er kveðið á um sömu heimildir til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins við rekstur máls fyrir Félagsdómi og Hæstarétti og er mælt fyrir um í 1. gr. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. yrði úrskurðum Félagsdóms um þetta ekki skotið til Hæstaréttar.

Um 3. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um gildistöku og þarfnast hún ekki sérstakra skýringa.

105. Frumvarp til laga [102. mál]

um mannréttindasáttmála Evrópu.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur lagagildi á Íslandi, en með honum er átt við ákvæði eftirfarandi samninga:

1. Samnings frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum samkvæmt eftirtöldum samningsviðaukum:
   a. Samningsviðauka nr. 3 frá 6. maí 1963 um breyting á 29. gr. samningsins.
   b. Samningsviðauka nr. 5 frá 20. janúar 1966 um breyting á 22. og 40. gr. samningsins.
   c. Samningsviðauka nr. 8 frá 19. mars 1985 um breyting á 20., 21., 23., 28., 29., 30., 31., 34., 40., 41. og 43. gr. samningsins.
2. Samningsviðauka frá 20. mars 1952 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (samningsviðauka nr. 1).
3. Samningsviðauka nr. 2 frá 6. maí 1963 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis um vald Mannréttindadómstóls Evrópu til að láta uppi ráðgefandi álit.
4. Samningsviðauka nr. 4 frá 16. september 1963 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis um tiltekin önnur mannréttindi en greinir þegar í samningnum og fyrsta viðauka við hann.
5. Samningsviðauka nr. 6 frá 28. apríl 1983 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi afnám dauðarefsingar.
6. Samningsviðauka nr. 7 frá 22. nóvember 1984 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum, og samningsviðaukar nr. 1, 2, 4, 6 og 7 eru birtir sem fylgiskjöl með þessum lögum á íslensku, ensku og frönsku.

2. gr.

Úrlausnir mannréttindanefndar Evrópu, Mannréttindadómstóls Evrópu og ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ekki bindandi að íslenskum landsrétti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal I.

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

hafa í huga hina almennu mannréttindayfirlýsingu, sem allsherjarþing sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

hafa í huga, að yfirlýsing þessi hefur það markmið að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda, sem þar er lýst;

hafa í huga, að markmið Evrópuráðs er að koma á nánari einingu aðildarríkjanna og að ein af leiðunum að því marki er sú, að mannréttindi og mannfrelsi séu í heiðri höfð og efld;

lýsa á ný eindreginni trú sinni á það mannfrelsi, sem er undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og best er tryggt, annars vegar með virku, lýðræðislegu stjórnarfari og, hins vegar, almennum skilningi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins;

eru staðráðnar í því að stíga fyrstu skrefin að því marki að tryggja sameiginlega nokkur þeirra réttinda, sem greind eru í hinni almennu mannréttindayfirlýsingu, enda eru þær stjórnir Evrópuríkja, sem sama sinnis eru og eiga sameiginlega arfleifð stjórnmálahefða, hugsjóna, frelsis og réttarríkis;

hafa orðið ásáttar um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Samningsaðilar skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla þessa samnings.

I. KAFLI

2. gr.

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.

2. Þótt mannsbani hljótist af valdbeitingu skal það ekki talið brjóta í bága við þessa grein ef valdbeitingin er ekki meiri en ýtrasta nauðsyn krefur:

a. til að verja menn gegn ólögmætu ofbeldi;

b. til að framkvæma lögmæta handtöku eða til að koma í veg fyrir flótta manns sem er í lögmætri gæslu;

c. vegna löglegra aðgerða sem miða að því að bæla niður uppþot eða uppreisn.

3. gr.

Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

4. gr.

1. Engum manni skal haldið í þrældómi eða þrælkun.

2. Eigi skal þess krafist af nokkrum manni að hann vinni þvingunar- eða nauðungarvinnu.

3. Þvingunar- eða nauðungarvinna í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:

a. vinnu sem krafist er í samræmi við almennar reglur um tilhögun gæslu sem kveðið er á um í 5. gr. samnings þessa eða meðan á skilyrtri lausn úr slíkri gæslu stendur;

b. herþjónustu eða þjónustu sem krafist er í hennar stað af mönnum sem synja her-

þjónustu samvisku sinnar vegna og búa við lög sem heimila slíka synjun;

c. þjónustu vegna hættu- eða neyðarástands sem ógnar lífi eða velferð almennings;

d. vinnu eða þjónustu sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

5. gr.

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

Engan mann skal svipta frelsi nema í eftirfarandi tilvikum og þá í samræmi við þá málsmeðferð sem segir í lögum. Tilvikin eru:

a. lögleg gæsla manns sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;

b. lögleg handtaka eða gæsla manns fyrir að óhlýðnast lögmætri skipun dómstóls eða til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu;

c. lögleg handtaka eða gæsla manns sem efnt er til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnu;

d. gæsla ósjálfráða manns samkvæmt löglegum úrskurði vegna eftirlits með uppeldi hans eða lögmætrar gæslu í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds;

e. lögleg gæsla manns til að koma í veg fyrir að smitandi sjúkdómur breiðist út eða manns sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturlyfjasjúklingur eða umrenningur;

f. lögleg handtaka eða gæsla manns til að koma í veg fyrir að hann komist ólöglega inn í land eða gæsla manns sem vísa á úr landi eða framselja.

2. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær sem hann er borinn.

3. Hvern þann mann, sem tekinn er höndum eða settur í varðhald skv. c-lið 1. tölul. þessarar greinar skal án tafar færa fyrir dómara eða annan embættismann sem að lögum hefur heimild til að fara með dómsvald, og skal hann eiga kröfu til að mál hans verði tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma eða hann verði látinn laus þar til dómsmeðferð hefst. Gera má það að skilyrði fyrir lausn manns úr gæslu að trygging sé sett fyrir því að hann komi fyrir dóm.

4. Hverjum þeim sem handtekinn er eða settur í gæslu skal rétt að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól er úrskurði um hana með skjótum hætti og fyrirskipi að hann skuli látinn laus ef ólögmæt reynist.

5. Hver sá sem tekinn hefur verið höndum eða settur í gæslu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar skal eiga bótarétt sem unnt sé að koma fram.

6. gr.

1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvelda framgang réttvísinnar.

2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.

3. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:

a. Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir.

b. Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.

c. Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar.

d. Hann fái að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.

e. Hann fái ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur hvorki né talar mál það sem notað er fyrir dómi.

7. gr.

1. Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleysi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi torvelda réttarhöld yfir nokkrum manni eða refsingu hans fyrir hvern þann verknað eða aðgerðaleysi, refsiverð samkvæmt almennum ákvæðum laga, viðurkenndum af siðmenntuðum þjóðum þá framin voru.

8. gr.

1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

9. gr.

1. Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.

2. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

10. gr.

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

11. gr.

1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti.

12. gr.

Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.

13. gr.

Sérhver sá sem á er brotinn sá réttur eða það frelsi hans skert, sem lýst er í samningi þessum, skal eiga raunhæfa leið til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi, og gildir einu þótt brotið hafi framið opinberir embættismenn.

14. gr.

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

15. gr.

1. Á tímum styrjaldar að annars almenns neyðarástands, sem ógnar tilveru þjóðarinnar, getur samningsaðili tekið til ráðstafana sem víkja frá skyldum hans samkvæmt samningi þessum að því marki sem ýtrasta nauðsyn krefur til þess að firra áföllum, enda séu slíkar ráðstafanir eigi í ósamræmi við aðrar skyldur hans að þjóðarétti.

2. Ákvæði þetta skal þó í engu rýra gildi 2. gr., nema þegar mannslát verða vegna löglegra hernaðaraðgerða, né heldur gildi 3. gr., 4. gr. (1. mgr.) og 7. gr.

3. Hver sá samningsaðili, sem neytir þessa réttar til undansláttar, skal láta aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs í té fulla vitneskju um þær ráðstafanir sem tekið hefur verið til svo og ástæður þeirra. Einnig skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs um það þegar beitingu slíkra ráðstafana linnir og ákvæðum samningsins er á ný framfylgt að fullu.

16. gr.

Ekkert ákvæði í 10., 11. og 14. gr. skal talið geta hindrað samningsaðila í að setja skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.

17. gr.

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að í felist hinn minnsti réttur til handa ríki, samtökum eða einstaklingum til að takast á hendur eða aðhafast nokkuð það sem miðar að því að eyða réttindum þeim einhverjum og frelsi, sem þar er lýst, eða að því að takmarka þau umfram það sem samningurinn kveður á um.

18. gr.

Takmarkanir þær á téðum réttindum og frelsi og heimilaðar eru í samningi þessum skulu eigi viðhafðar í nokkuru öðru skyni en fyrir er um mælt.

II. KAFLI

19. gr.

Til að tryggja það að staðið sé við skuldbindingar þær sem aðilar samnings þessa hafa tekist á hendur skal setja á stofn:

1. Mannréttindanefnd Evrópu sem hér á eftir verður kölluð nefndin.
2. Mannréttindadómstól Evrópu sem hér á eftir verður kallaður dómstóllinn.

III. KAFLI

20. gr.

[1.][1]) Nefndin skal skipuð jafnmörgum mönnum og samningsaðilarnir eru. Eigi mega fleiri en einn þegn sama ríkis eiga sæti í nefndinni.

[2. Nefndin skal halda fundi sína með þátttöku allra nefndarmanna. Hún getur þó skipt sér í deildir sem séu skipaðar minnst sjö nefndarmönnum. Deildunum er heimilt að kanna erindi sem borin eru fram samkvæmt 25. gr. samningsins og fara má með á grundvelli dómvenju eða vekja ekki nein meiri háttar vafamál í túlkun eða beitingu samningins. Með þeim takmörkunum, sem að framan greinir og sem taldar eru í 5. tölul. þessarar greinar, skulu deildirnar fara með öll þau völd sem nefndinni eru fengin í samningnum.

Sá nefndarmaður, sem kjörinn hefur verið vegna aðildarríkis sem erindi hefur verið beint gegn, skal hafa rétt til að sitja í þeirri deild sem erindinu er vísað til.

3. Nefndinni er heimilt að stofna starfshópa, sem séu hver um sig skipaðir að minnsta kosti þremur nefndarmönnum, er hafa vald, ef allir eru ósammála, til að lýsa erindi, sem borið er fram skv. 25. gr., ótækt eða fella það af málaskrá þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari athugunar.

4. Deild eða starfshópur getur ávallt látið lögsögu í máli í hendur fullskipaðrar nefndar, sem einnig getur mælt fyrir um flutning til sín á erindi sem vísað hefur verið til deildar eða starfshóps.

5. Aðeins nefndin fullskipuð getur farið með eftirfarandi völd:

a. Athugun á málshöfðun skv. 24. gr.

b. Vísun máls til dómstólsins í samræmi við 48. gr. a.

c. Samningu starfsreglna í samræmi við 36. gr.][2])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 1. gr.

21. gr.

1. Ráðherranefndin velur nefndarmennina af skrá sem skrifstofa ráðgjafarþingsins gerir. Skulu þeir kosnir með hreinum meiri hluta atkvæða. Fulltrúar hvers samningsaðila á ráðgjafarþinginu tilnefna þrjá menn og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera þegnar hlutaðeigandi ríkis.

2. Sömu aðferð skal eftir atvikum beita til að fullskipa nefndina ef fleiri ríki verða síðar aðilar að samningi þessum, svo og þegar sæti verður autt.

[3. Þeir sem tilnefndir eru skulu vera menn grandvarir og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastöðum eða vera viðurkenndir fyrir þekkingu á landslögum eða þjóðarétti.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 2. gr.

22. gr.

1. Nefndarmenn skulu kosnir til sex ára. Þá má endurkjósa. Þó skal kjörtímabili sjö þeirra sem kjörnir eru í fyrstu kosningu lokið að þremur árum liðnum.

2. Þeir sem ganga eiga úr nefndinni að fyrstu þremur árum liðnum skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs þegar að afloknu fyrsta kjöri.

3. [Til þess að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um helming nefndarmanna þriðja hvert ár er ráðherranefnd heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri nefndarmanna, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en sex ára, þó eigi lengur en til níu ára né skemur en til þriggja.

4. Þegar um starfstíma fleiri en eins nefndarmanna að ræða og ráðherranefndin beitir ákvæðum næstu málsgreinar á undan skal starfstími hvers ákvarðaður með hlutkesti er aðalframkvæmdastjóri annast þegar að kosningu lokinni.][1])

[5.][2]) Nefndarmaður, sem kjörinn hefur verið í stað annars, er eigi hafði lokið kjörtímabili sínu, skal eiga sæti í nefndinni, uns því tímabili er lokið.

[6.][2]) Nefndarmenn skulu halda sæti sínu, þar til er aðrir koma í þeirra stað. Þá er þeir hafa verið leystir af skulu þeir starfa áfram að þeim málum sem þeir voru teknir til við.

[1]) Samningsviðauki nr. 5, 1. gr.

[2]) Samningsviðauki nr. 5, 2. gr.

23. gr.

Nefndarmenn skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar.

24. gr.

Sérhver samningsaðili getur, fyrir atbeina aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, skotið til nefndarinnar hverju meintu broti á ákvæðum sáttmálans sem annar samningsaðili telst hafa framið.

25. gr.

1. Nefndin getur tekið við erindum, sem beint er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, frá hvaða einstaklingi sem er, samtökum eða hópi einstaklinga sem halda því fram að samningsaðili hafi brotið á þeim réttindi þau sem lýst er í sáttmála þessum, enda hafi samningsaðili sá, sem kærður hefur verið, lýst því yfir að hann viðurkenni að nefndin sé bær til að taka við slíkum erindum. Þeir samningsaðilar, sem gefið hafa slíka yfirlýsingu, heita því að hindra ekki á nokkurn hátt raunhæfa beitingu þessa réttar.

2. Slíkar yfirlýsingar má gefa til tiltekins tíma.

3. Yfirlýsingarnar skulu afhentar aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, en hann skal senda samningsaðilum afrit af þeim og birta þær.

4. Nefndin skal einungis beita því valdi, sem henni er veitt með þessari grein þegar a.m.k. sex samningsaðilar eru skuldbundnir með yfirlýsingum samkvæmt málsgreinunum hér á undan.

26. gr.

Nefndin getur því aðeins tekið mál til meðferðar að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar í heimalandinu, samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þjóðaréttar og innan sex mánaða frá því að fullnaðarákvörðun var þar tekin.

27. gr.

1. Nefndin skal eigi taka til meðferðar erindi sem lagt er fyrir hana skv. 25. gr. ef það er

a. frá ónafngreindum aðila;

b. eða efnislega hið sama og mál sem þegar hefur verið rannsakað af nefndinni eða hefur verið lagt fyrir til rannsóknar eða úrskurðar á alþjóðavettvangi og felur ekki í sér neinar nýjar upplýsingar sem máli skipta.

2. Nefndin skal meta ótæka hverja þá kæru sem hún telur ósamrýmanlega ákvæðum sáttmála þessa, augljóslega illa grundaða eða fela í sér misnotkun á kæruréttinum.

3. Nefndin skal vísa frá hverju því erindi sem hún telur sér óheimilt að fjalla um skv. 26. gr.

28. gr.

[1.][1]) Hafi nefndin samþykkt að taka til meðferðar erindi sem henni hefur borist:

a. skal hún, í því skyni að sannreyna málsatvik, fara yfir málið með fulltrúum deiluaðila og, ef þörf krefur, láta rannsaka það. Er þeim ríkjum, sem hlut eiga að máli, þá skylt að greiða í hvívetna fyrir rannsókninni að höfðu samráði við nefndina.

b. Þá skal hún jafnframt vera aðilum til reiðu við að ná sáttum í málinu enda sé við þær að fullu gætt þeirra mannréttinda sem skýrgreind eru í samningi þessum.

[2. Ef nefndinni tekst að koma á sáttum skal hún semja um það skýrslu sem senda skal hlutaðeigandi ríkjum, ráðherranefndinni og aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til birtingar. Skýrslan skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn sem fengin var.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 4. gr.

29. gr.

[Þegar nefndin hefur tekið við málskoti skv. 25. gr. getur hún eftir sem áður ákveðið að hafna því [með atkvæðum tveggja þriðju hluta nefndarmanna][1]) uppgötvi hún við rannsókn þess einhverja ástæðu frávísunar, svo sem greinir í 27. gr.

Fari svo ber að tilkynna það málsaðilum.][2])

[1]) Samningsviðauki nr 8, 5. gr.

[2]) Samningsviðauki nr. 3, 1. gr.

30. gr.

[1. Nefndin getur á hvaða stigi málsmeðferðar sem er ákveðið að fella erindi af málaskrá sinni þegar aðstæður gefa tilefni til að ætla að:

a. höfðandi hyggist ekki fylgja erindi sínu eftir, eða

b. málinu hafi verið ráðið til lykta, eða

c. af einhverri annarri ástæðu, sem nefndin ákvarðar, sé ekki lengur réttlætanlegt að halda áfram að fjalla um málið.

Nefndin skal þó halda áfram rannsókn erindis ef nauðsynlegt er til þess að mannréttindi þau, sem skýrgreind eru í samningi þessum, séu virt.

2. Ef nefndin ákveður að fella erindi af málaskrá sinni eftir að hafa tekið við því skal hún gera skýrslu sem hefur að geyma lýsingu á málsatvikum og ákvörðuninni um að fella erindið niður svo og ástæður þess. Málsaðilum skal send skýrslan svo og ráðherranefndinni til upplýsingar. Nefndin getur birt skýrsluna.

3. Nefndinni er heimilt að taka erindi að nýju á málaskrá sína ef hún telur að aðstæður réttlæti það.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 6. gr.

31. gr.

1. [Ef rannsókn erindis hefur ekki lokið í samræmi við 28. gr. (2. tölul.), 29. gr. eða 30. gr. skal nefndin gefa skýrslu um málsatvik og tjá skoðun sína á hvort málsatvik þau,

sem upplýst eru, leiði í ljós brot hlutaðeigandi ríkis á skyldum þess samkvæmt samningnum. Birta má álit einstakra nefndarmanna um þetta atriði í skýrslunni.][1])

2. Skýrslan skal send ráðherranefndinni. Hún skal enn fremur send hlutaðeigandi ríkjum og skal þeim eigi heimilt að birta hana.

3. Um leið og nefndin sendir ráðherranefndinni skýrsluna getur hún gert þær tillögur sem henni þurfa þykir.

[1]) Samningsviðauki nr. 8. 7. gr.

32. gr.

1. Sé málinu ekki skotið til dómstólsins í samræmi við 48. gr. þessa samnings innan þriggja mánaða frá því að skýrslan var send ráðherranefndinni skal hún úrskurða með tveimur þriðju atkvæða þeirra er rétt eiga til setu hvort um brot sé að ræða á samningnum.

2. Verði niðurstaðan sú skal ráðherranefndin ákveða samningsaðila frest til þess að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru samkvæmt niðurstöðu ráðherranefndarinnar.

3. Ef samningsaðili hefur ekki gert fullnægjandi ráðstafanir innan hins tiltekna frests skal ráðherranefndin ákvarða með þeim meiri hluta, sem tilskilinn er í 1. tölul. þessarar greinar, hvernig fylgt skuli eftir hinni upphaflega ákvörðun hennar og birta skýrsluna.

4. Samningsaðilarnir heita því að hlíta hverri þeirri ákvörðun sem ráðherranefndin kann að taka samkvæmt ofangreindum töluliðum.

33. gr.

Fundi nefndarinnar skal halda fyrir luktum dyrum.

34. gr.

[Ákvarðanir nefndarinnar skulu teknar af meiri hluta þeirra sem fund sækja og greiða atkvæði, sbr. þó ákvæði 20. gr. (3. tölul.) og 29. gr.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8. 8. gr.

35. gr.

Fundir í nefndinni skulu haldnir eftir þörfum. Fundir skulu boðaðir af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

36. gr.

Nefndin skal sjálf setja sér fundarsköp.

37. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal sjá nefndinni fyrir starfsliði.

IV. KAFLI

38. gr.

Mannréttindadómstóll Evrópu skal skipaður dómurum jafnmörgum þeim ríkjum sem aðilar eru að Evrópuráðinu. Eigi mega fleiri en einn þegn sama ríkis sitja í dómstólnum.

39. gr.

1. Dómarar skulu kjörnir af ráðgjafarþinginu, með meiri hluta greiddra atkvæða, af listum sem aðildarríki Evrópuráðs leggja fram. Hvert aðildarríki skal tilnefna þrjá menn, og skulu a.m.k. tveir þeirra vera þegnar hlutaðeigandi ríkis.

2. Eftir því sem við á skal sami háttur hafður á til fylla tölu dómara þegar ný aðildarríki ganga í Evrópuráðið eða sæti losnar í dómstólnum.

3. Dómaraefni skulu vera menn grandvarir, og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastörfum eða vera lögvísir svo orð fari af.

40. gr.

1. Dómarar skulu kosnir til níu ára í senn. Þá má endurkjósa. Af þeim dómurum, sem kosnir eru í fyrstu kosningu, skal þó kjörtímabili fjögurra lokið að þremur árum liðnum og annarra fjögurra að sex árum liðnum.

2. Þeir dómarar, sem ganga eiga úr að fyrstu þremur eða sex árum liðnum, skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra þegar að aflokinni fyrstu kosningu.

[3. Til þess að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um þriðjung dómara þriðja hvert ár er ráðgjafarþingi heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri dómara, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en níu ára, þó eigi lengur en til tólf ára né skemur en til sex.

4. Þegar um starfstíma fleiri en eins dómara er að ræða og ráðgjafarþing beitir ákvæðum næstu málsgreinar á undan skal starfstími hvers ákvarðaður með hlutkesti er aðalframkvæmdastjóri annast þegar að kosningu lokinni.][1])

[5.][2]) Dómari, sem kjörinn hefur verið í stað annars er eigi hafði lokið kjörtímabili sínu, skal eiga sæti í dómstólnum út það kjörtímabil.

[6.][2]) Dómarar skulu halda sæti sínu í dómstólnum þar til aðrir koma í þeirra stað. Þá er þeir hafa verið leystir af skulu þeir starfa áfram að þeim málum sem þeir voru teknir til við.

[7. Dómarar skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar. Meðan á kjörtímabili þeirra stendur skulu þeir ekki gegna nokkurri þeirri stöðu sem er ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra og hlutleysi sem dómarar eða kröfum þeim sem starfið gerir.][3])

[1]) Samningsviðauki nr. 5, 3. gr.

[2]) Samningsviðauki nr. 5, 4. gr.

[3]) Samningsviðauki nr. 8, 9. gr.

41. gr.

[Dómstóllinn skal kjósa sér forseta og einn eða tvo varaforseta til þriggja ára. Þá má endurkjósa.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 10. gr.

42. gr.

Dómararnir skulu fá þóknun fyrir hvern starfsdag og skal ráðherranefndin ákveða upphæð hennar.

43. gr.

Deild [níu][1]) dómara skal fara með hvert það mál sem lagt er fyrir dómstólinn. Sjálfskipaður í deildina er dómarinn sem er þegn málsaðila. Fyrirfinnist enginn slíkur tilnefnir aðili dómara. Dómsforseti velur aðra dómara með hlutkesti áður en málsmeðferð hefst.

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 11. gr.

44. gr.

Aðeins samningsaðilar og nefndin hafa rétt til að skjóta máli til dómstólsins.

45. gr.

Lögsaga dómstólsins tekur til allra mála sem varða túlkun og framkvæmd samnings þessa og samningsaðilar eða nefndin leggja fyrir hann skv. 48. gr.

46. gr.

1. Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er lýst því yfir að hann viðurkenni skylduga lögsögu dómstólsins, *ipso facto* og án sérstaks samkomulags, í öllum málum sem varða túlkun og framkvæmd samningsins.

2. Þær yfirlýsingar, er að ofan greinir, má gefa skilyrðislaust eða með skilyrði um gagnkvæmi af hálfu nokkurra eða tiltekinna annarra samningsaðila, eða til ákveðins tímabils.

3. Þessar yfirlýsingar skulu afhentar aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu, og skal hann fá samningsaðilum afrit af þeim.

47. gr.

Dómstólnum skal því aðeins heimilt að fjalla um mál að nefndin hafi lýst því yfir að mistekist hafi að koma á sáttum, enda sé eigi liðinn sá þriggja mánaða frestur sem kveðið er á um í 32. gr.

48. gr.

Þeir, er nú skal greina geta lagt mál fyrir dómstólinn, enda sé samningsaðili sá eða þeir sem hlut eiga að máli skyldir að hlíta lögsögu dómstólsins eða annars kostar samþykki það:

a. nefndin;

b. samningsaðili er þegn hans er talinn órétti beittur;

c. samningsaðili sá sem vísaði málinu til nefndarinnar;

d. samningsaðili sem kvörtun hefur verið beint gegn.

49. gr.

Ef ágreiningur verður um lögsögu dómstólsins sker hann úr.

50. gr.

Nú telur dómstóllinn úrskurð eða ráðstöfun stjórnvalds samningsaðila fara að öllu leyti eða nokkru í bág við skyldur hans samkvæmt samningi þessum, enda veiti lög hans aðeins bætur að hluta sakir afleiðinga af slíkum úrskurði eða ráðstöfun, og skal dómstóllinn þá úrskurða, ef með þarf, aðila þeim, sem órétti var beittur, sanngjarnar bætur.

51. gr.

1. Dómstóllinn skal rökstyðja dóma sína.

2. Ef dómarar verða ekki sammála um dóm sinn að öllu eða einhverju leyti skal hver dómari hafa rétt til að skila séráliti.

52. gr.

Dómur dómstólsins skal vera endanlegur.

53. gr.

Samningsaðilar heita því að hlíta dómi dómstólsins í hverju því máli sem þeir eru aðilar að.

54. gr.

Dómur dómstólsins skal fenginn ráðherranefndinni sem hefur umsjón með framkvæmd hans.

55. gr.

Dómstóllinn setur sér reglur og ákveður dómsköp sín.

56. gr.

1. Fyrsta kosning dómara skal fara fram eftir að yfirlýsingar samningsaðilanna, sem um getur í 46. gr., eru orðnar átta að tölu.

2. Ekkert mál verður lagt fyrir dómstólinn áður en kosning þessi hefur farið fram

V. KAFLI

57. gr.

Samningsaðilum er skylt, þegar aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs óskar þess, að gera grein fyrir því hvernig landslög þeirra tryggi raunhæfa framkvæmd ákvæða samnings þessa.

58. gr.

Evrópuráðið skal standa straum af útgjöldum nefndarinnar og dómstólsins.

59. gr.

Nefndarmenn og dómarar skulu við störf sín njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi sem greind eru í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðs og þeim samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt henni.

60. gr.

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að það takmarki eða rýri nokkur þau mannréttindi og mannfrelsi sem tryggð kunna að vera í löggjöf aðila samnings þessa eða með öðrum samningi sem hann er aðili að.

61. gr.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal rýra vald það sem ráðherranefndinni er fengið í stofnskrá Evrópuráðs.

62. gr.

Samningsaðilarnir eru ásáttir um að þeir muni ekki, nema um annað sé sérstaklega samið, notfæra sér samninga, sáttmála eða yfirlýsingar sem í gildi eru þeirra á milli til að leggja með málskoti ágreining um túlkun og framkvæmd samnings þessa til annars konar úrlausnar en hann mælir fyrir um.

63. gr.

1. Hvert ríki getur, þegar það fullgildir samning þennan eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs að samningur þessi skuli gilda fyrir öll eða einhver af þeim landsvæðum sem það gegnir fyrir á alþjóðavettvangi.

2. Samningurinn skal gilda fyrir það eða þau landsvæði, sem greind eru í tilkynningu, að 30 dögum liðnum frá því að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

3. Ákvæðum samnings þessa skal þó beitt á slíkum landsvæðum með fullri hliðsjón af því hversu háttar til á hverjum stað.

4. Hvert það ríki, sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. tölul. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra, sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að nefndin sé bær um að taka við erindum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 25. gr. samnings þessa.

64. gr.

1. Hverju ríki skal heimilt við undirritun samnings þessa eða afhendingu fullgildingarskjals síns að gera fyrirvara um tiltekin ákvæði samningsins að svo miklu leyti sem gildandi löggjöf á landsvæði þess er ekki í samræmi við það ákvæði. Fyrirvarar almenns eðlis skulu óheimilir samkvæmt þessari grein.

2. Sérhverjum fyrirvara samkvæmt þessari grein skal fylgja stutt greinargerð um þá löggjöf sem um er að ræða.

65. gr.

1. Samningsaðila skal einungis heimilt að segja upp samningi þessum að liðnum fimm árum frá því að hann gerðist aðili að honum og með sex mánaða uppsagnarfresti sem greindur sé í tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, en hann skal skýra öðrum samningsaðilum frá uppsögninni.

2. Slík uppsögn skal ekki leysa samningsaðila undan skyldum sínum samkvæmt samningi þessum hvað varðar verknað sem fara kann í bág við slíkar skuldbindingar og hann kann að hafa framið áður en uppsögnin tók gildi.

3. Hver sá samningsaðili, sem gengur úr Evrópuráðinu, skal slíta aðild sinni að samningi þessum með sömu skilmálum.

4. Samningi þessum má segja upp í samræmi við ákvæði töluliðanna hér að ofan hvað varðar hvert það landsvæði sem lýst hefur verið yfir að hann taki til skv. 63. gr.

66. gr.

1. Aðilum Evrópuráðs skal heimilt að undirrita samning þennan. Hann skal fullgiltur. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

2. Samningur þessi skal taka gildi þegar tíu ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

3. Hvað varðar hvert það ríki, sem undirritað hefur samninginn og fullgildir hann eftir þetta, skal hann taka gildi daginn sem fullgildingarskjalið er afhent.

4. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðilum Evrópuráðs um gildistöku samningsins, nöfn þeirra ríkja sem hafa fullgilt hann og afhendingu allra fullgildingarskjala sem síðar kunna að berast.

Gjört í Róm, hinn 4. nóvember 1950, á ensku og frönsku – jafngildirtextar báðir – í einu eintaki er varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri skal senda staðfest endurrit hverju ríki sem undirritað hefur.

Samningsviðauki nr. 1 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa bókun þessa, eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa ákveðið að bindast samtökum um að fullnægja tilteknum réttindum og frelsi umfram það sem þegar er greint í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem gerður var í Róm hinn 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn").

Hafa þær því komið sér saman um það, sem hér segir:

1. gr.

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

2. gr.

Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miða að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.

3. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að halda frjálsar kosningar með hæfilegu millibili, og sé atkvæðagreiðsla leynileg og fari fram við aðstæður er tryggi það að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings.

4. gr.

Hver samningsaðili um sig má við undirskrift, við fullgildingu eða síðar afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs yfirlýsingu um, að hve miklu leyti hann ábyrgist að ákvæði samningsviðauka þessa nái til landsvæða þeirra sem hann gegnir fyrir á alþjóðavettvangi og upp eru talin í yfirlýsingunni.

Hver samningsaðili, sem afhent hefur yfirlýsingu samkvæmt undanfarandi málsgrein, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu þar sem breytt er ákvæðum fyrri yfirlýsinga eða tilkynnt er að ákvæði samningsviðauka þessa gildi ekki um tiltekið landsvæði.

Yfirlýsingu, sem gefin er í samræmi við grein þessa, skal skoða svo sem hún sé gerð í samræmi við 1. málsgrein 63. greinar samningins.

5. gr.

Samningsaðilum ber að líta á 1., 2., 3. og 4. grein hér að ofan sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda samkvæmt því.

6. gr.

Samningsviðauka þennan er öllum aðildarríkjum Evrópuráðs, sem undirritað hafa samninginn, heimilt að undirrita. Skal fullgilda hann jafnframt samningnum eða síðar. Gengur hann í gildi þegar tíu fullgildingarskjöl hafa verið afhent. Að því er snertir undirskriftir, er síðar verða fullgiltar, skal samningsviðaukinn ganga í gildi frá þeim deg, er fullgildingarskjalið er afhent.

Afhenda skal fullgildingarskjölin aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, og skal hann tilkynna öllum aðildarríkjum nöfn þeirra er fullgilt hafa.

Gjört í París hinn 20. mars 1952, á ensku og frönsku – jafngildir textar – báðir í einu eintaki er varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri skal senda staðfest endurrit hverju ríki sem undirritað hefur.

Samningsviðauki nr. 2 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um vald Mannréttindadómstóls Evrópu til að láta uppi ráðgefandi álit.

Aðildarríki Evrópuráðs, þau er hér undirrita, skírskota til ákvæða samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér eftir nefndur „samningurinn"), einkum 19. greinar hans þar sem meðal annarra stofnana er settur á fót Mannréttindadómstóll Evrópu (hér eftir nefndur „dómstóllinn"); telja nauðsynlegt að veita dómstólnum réttindi til þess að láta uppi ráðgefandi álit í ákveðnum tilvikum;

og hafa því orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Dómstólnum er heimilt, ef ráðherranefndin æskir, að láta uppi ráðgefandi áliti um lögfræðileg atriði er varða túlkun samningsins og samningaviðauka við hann.

2. Eigi má í slíkum álitsgerðum fjalla um nokkurt atriði, er varðar efni eða umfang réttinda þeirra eða mannfrelsis, er fjallað er um í I. kafla samningsins og samningsviðaukum við hann, né heldur um önnur atriði sem mannréttindanefndin, dómstóllinn eða ráðherranefndin kynnu að þurfa að taka afstöðu til í framhaldi af málskotum er efnt kynni að verða til í samræmi við samninginn.

3. Til þess að ákvörðun ráðherranefndar um að æskja álits dómstólsins nái fram að ganga þarf til tvo þriðju hluta atkvæða fulltrúa þeirra er sæti eiga í nefndinni.

2. gr.

Dómstóllinn sker úr um það hvort ósk um álit, er ráðherranefnd ber fram, sé innan ráðgjafarsviðs hans, svo sem það er skilgreint í 1. grein samningsviðauka þessa.

3. gr.

1. Dómstóllinn skal á sameinuðum fundi fjalla um óskir um ráðgefandi álit.

2. Álit dómstólsins skal vera rökstutt.

3. Nú er álit eigi að öllu eða nokkru leyti einróma, og ber hverjum dómara réttur til að setja fram sérálit.

4. Áliti dómstólsins skal skilað til ráðherranefndar.

4. gr.

Valdsvið dómstólsins skv. 55. grein samningins skal ná til þess að setja þær reglur og dómsköp er honum þurfa þykir vegna samningsviðauka þessa.

5. gr.

1. Samningsviðauki þessi liggur frammi til undirskriftar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn, og geta þau gerst aðilar að honum:

a. með því að undirrita hann án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki;

b. með því að undirrita hann með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki sem síðan er gengið frá.

Skjöl um fullgildingu eða samþykki ber að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

2. Samningsviðauki þessi gengur í gildi jafnskjótt og öll aðildarríki samningsins hafa gerst aðilar að honum samkvæmt ákvæðum fyrsta töluliðar þessarar greinar.

3. Frá því að samningsviðauki þessi gengur í gildi skoðast 1. til 4. gr. hans órjúfanlegur hluti sáttmálans.

4. Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs ber að tjá aðildarríkjum ráðsins um

a. allar undirskriftir án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki,

b. allar undirskriftir með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki,

c. öll skjöl um fullgildingu eða samþykki, sem fram eru lögð, og

d. hvenær samningsviðauki þessi gengur í gildi í samræmi við 2. tölulið greinar þessarar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

Gjört í Strassborg, 6. dag maímánaðar 1963, á ensku og frönsku -jafngildir textar báðir – í einu eintaki – sem geyma skal í skjalasafni Evrópuráðs. Skal aðalframkvæmdastjóra láta öllum ríkjum, sem undirritað hafa, staðfest afrit í té.

Samningsviðauki nr. 4 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um tiltekin önnur mannréttindi en greinir þegar í samningnum og samningsviðauka nr. 1 við hann.

Aðildarríki Evrópuráðs, þau er hér undirrita og ákveðið hafa að gera ráðstafanir til þess að tryggja sameiginlega vernd tiltekinna réttinda og mannfrelsis umfram það er þegar greinir í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (og hér eftir nefnist samningurinn), og í 1., 2. og 3. gr. samningsviðauka nr. 1 við samninginn er undirritaður var París 20. mars 1952,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Engan mann má svipta frelsi af þeirri ástæðu einni að hann getur ekki staðið við gerða samninga.

2. gr.

1. Öllum þeim sem á löglegan hátt eru staddir á landi einhvers ríkis skulu frjálsir ferða og dvalarstaðar þar í landi.

2. Öllum ber réttur til brottfarar úr landi, einnig úr eigin landi.

3. Eigi má leggja nokkrar hömlur á vernd slíkra réttinda, umfram það sem lög standa til og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, í þágu allsherjarreglu, til að firra glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

4. Réttindi þau, er greinir í 1. mgr., geta á tilteknum landsvæðum sætt takmörkunum, svo fremi að þeim sé beitt að lögum og þær séu réttlætanlegar vegna almennra hagsmuna í lýðræðislegu þjóðfélagi.

3. gr.

1. Eigi má vísa nokkrum manni úr landi þess ríkis sem hann er þegn í, hvort heldur sem einstaklingi eða samkvæmt ráðstöfun sem beinist gegn hópi manna.

2. Eigi má banna nokkrum manni að koma til þess ríkis sem hann er þegn í.

4. gr.

Bannað er að gera hópa útlendinga landræka.

5. gr.

1. Heimilt er aðildarríkjum, um leið og þau undirrita samningsviðauka þennan, eða hvenær sem er síðar, að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs yfirlýsingu um það að hve miklu leyti þau ábyrgist að ákvæði samningsviðauka þessa nái til þeirra landsvæða er þau fara með utanríkismál fyrir og nefnd eru í yfirlýsingunni.

2. Aðildarríki, sem afhent hefur yfirlýsingu samkvæmt næst tölulið á undan, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu um breytingar á fyrri yfirlýsingu eða um uppsögn á gildi samningsviðauka þessa gagnvart einhverju landsvæði.

3. Yfirlýsing, sem fram er lögð samkvæmt þessari grein, telst vera gerð í samræmi við 1. mgr. 63. gr. samningins.

4. Landsvæði hvers ríkis, sem þessi samningsviðauki nær til samkvæmt fullgildingu eða samþykki ríkis, og hvert landsvæði, sem hann nær til samkvæmt yfirlýsingu ríkis í samræmi við grein þessa, ber að skoða sem aðgreind landsvæði að því er varðar ákvæðin í 2. og 3. gr. um landsvæði ríkis.

6. gr.

1. Aðildarríkja í milli skal líta á ákvæði 1. til 5. gr. þessa samningsviðauka sem viðaukagreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda í samræmi við það.

2. Eigi að síður koma réttindi einstaklinga til málskots, svo sem þau eru viðurkennd með yfirlýsingu samkvæmt 25. gr. samningsins eða með samþykki við lögsögu dómstólsins, svo sem hún er viðurkennd með yfirlýsingu samkvæmt 46. gr. samningins, ekki til framkvæmda að því er samningaviðauka þennan varðar fyrr en aðildarríki það, sem í hlut á, hefur lýst því yfir að það virði þessi réttindi eða að það fallist á þar greinda lögsögu að því er varðar öll eða einhver ákvæði 1. til 4. gr. samningsviðauka þessa.

7. gr.

1. Samningsviðauki þessi liggur frammi til undirskriftar þeim aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Skal fullgilda hann um leið og saminginn eða síðar. Skal hann öðlast gildi þegar fimm fullgildingarskjöl hafa verið lögð fram. Nú fullgilda ríki hann síðar og gengur hann í gildi gagnvart þeim þann dag sem fullgilding er fram lögð.

2. Fullgildingarskjöl ber að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, og tilkynnir hann öllum aðildarríkjum um hver þeirra fullgilt hafi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

Strassborg, 16. dag septembermánaðar 1963, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki sem geyma ber í skjalasafni Evrópuráðs. Skal aðalframkvæmdastjóri láta öllum ríkjum, er undirritað hafa, staðfest afrit í té.

Samningsviðauki nr. 6 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, varðandi afnám dauðarefsingar.

Aðildarríki Evrópuráðs, sem undirritað hafa þennan samningsviðauka við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur samningurinn), telja að þróun sú, sem orðið hefur í ýmsum að-

ildarríkjum Evrópuráðsins, lýsi almennri tilhneigingu í átt til afnáms dauðarefsingar, hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Dauðarefsing skal afnumin. Engan skal dæma til slíkrar refsingar eða lífláta.

2. gr.

Ríki er heimilt að setja ákvæði í lög sín um dauðarefsingu fyrir verknaði framda á stríðstímum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir. Slíkri refsingu skal aðeins beitt í þeim tilvikum, sem tilgreind eru í lögunum og í samræmi við ákvæði laganna. Viðkomandi ríki skal kynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs slík lagaákvæði.

3. gr.

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum þessa samningsviðauka á grundvelli 15. gr. samningsins.

4. gr.

Óheimilt er að gera fyrirvara samkvæmt 64. gr. samningsins um ákvæði þessa samningsviðauka.

5. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðaukinn nær til.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn tekur gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi töluliðum, má afturkalla fyrir hvert það landsvæði, sem þar er greint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

6. gr.

Milli aðildarríkjanna skulu ákvæði 1. til 5. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótargreinar við samninginn og öll ákvæði samningsins skulu gilda í samræmi við það.

7. gr.

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Hann skal háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðs getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það fullgildi samninginn jafnframt eða fyrr. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

8. gr.

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að fimm aðildarríki Evrópuráðs hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum samkvæmt ákvæðum 7. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar samþykkir að vera bundið af samningsviðauka þessum, öðlast hann gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

9. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðs um:

a. Sérhverja undirritun.

b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa samkvæmt 5. og 8. gr.

d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða orðsendingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samningsviðauka þennan.

Gjört í Strassborg, 28. apríl 1983, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðs.

Samningsviðauki nr. 7 á við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Aðildarríki Evrópuráðs, sem undirritað hafa samningsviðauka þennan, og ákveðið hafa að gera frekari ráðstafanir til að tryggja sameiginlega framkvæmd tiltekinna réttinda og frelsis með tilstuðlan samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur samningurinn),

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Útlendingi, sem löglega er búsettur á landsvæði ríkis, skal ekki vísað þaðan nema eftir ákvörðun sem tekin hefur verið í samræmi við lög, og skal honum heimilt:

a. að bera fram ástæður gegn brottvísun sinni,

b. að fá mál sitt tekið upp að nýju, og

c. að fá erindi sitt flutt í þessu skyni fyrir réttu stjórnvaldi eða manni eða mönnum sem það stjórnvald tilnefnir.

2. Heimilt er að vísa útlendingi brott áður en hann hefur neytt réttinda sinna samkvæmt a-, b- og c-lið 1. tölul. þessarar greinar þegar slík brottvísun er nauðsynleg vegna allsherjarreglu eða á grundvelli þjóðaröryggis.

2. gr.

1. Sérhver sá, sem dómstóll finnur sekan um afbrot, skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.

2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.

3. gr.

Nú hefur maður verið fundinn sekur um afbrot í lokadómi en síðar verið sýknaður eða náðaður vegna þess að ný eða nýupplýst staðreynd sýnir ótvírætt að réttarspjöll hafa

orðið og skal sá sem hefur þolað refsingu vegna slíkrar sakfellingar fá bætur samkvæmt lögum eða réttarvenjum viðkomandi ríkis, nema sannað sé að honum sjálfum var að öllu eða nokkru leyti um að kenna að hin óþekkta staðreynd var ekki látin upp í tíma.

4. gr.

1. Enginn skal sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur um með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis.

2. Ákvæði undanfarandi töluliðar skulu ekki vera því til fyrirstöðu að málið sé endurupptekið í samræmi við lög og sakamálaréttarfar viðkomandi ríkis ef fyrir hendi eru nýjar eða nýupplýstar staðreyndir, eða ef megingalli hefur verið á fyrri málsmeðferð sem gæti haft áhrif á niðurstöðu málsins.

3. Óheimilt er að víkja frá þessari grein með skírskotun til 15. gr. samningsins.

5. gr.

Hjón skulu njóta jafnréttis að því er varðar réttindi og skyldur að einkamálarétti sín í milli og í tengslum sínum við börn sín, við giftingu, í hjónabandi og ef til hjónaskilnaðar kemur. Þessi grein skal ekki vera því til fyrirstöðu að ríki geri ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna hagsmuna barnanna.

6. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðauki þessi skal ná til og taka fram að hve miklu leyti það ábyrgist að ákvæði hans gildi á slíku landsvæði eða landsvæðum.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningsviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur töluliðum má afturkalla eða breyta fyrir hvert það landsvæði sem þar er tilgreint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin eða breytingin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

4. Yfirlýsing, sem gerð er samkvæmt þessari grein, skal talin gerð í samræmi við 1. tölul. 63. gr. samningsins.

5. Heimilt er að skoða landsvæði sérhvers ríkis, sem þessi samningsviðauki tekur til samkvæmt fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki ríkisins, og hvert það landsvæði, sem þessi samningsviðauki tekur til samkvæmt yfirlýsingu ríkisins í samræmi við þessa grein, sem aðgreind landsvæði að því er varðar vísun til landsvæðis ríkis í 1. gr.

7. gr.

1. Aðildarríkjanna í milli skulu ákvæði 1. til 6. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði samningsins gilda í samræmi við það.

2. Þrátt fyrir það skal sá réttur einstaklinga til málskots, sem viðurkenndur er samkvæmt 25. gr. samningins, eða viðurkenning á bindingu á lögsögu dómsins samkvæmt yfirlýsingu í samræmi við 46. gr. samningins ekki gilda um þennan samningsviðauka

nema viðkomandi ríki hafi gefið yfirlýsingu um að það viðurkenni slíkan rétt eða lögsögu að því er tekur til 1. til 5. gr. þessa samningsviðauka.

8. gr.

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðs getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það fullgildi samninginn jafnframt eða á undan. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

9. gr.

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að sjö aðildarríki Evrópuráðs hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 8. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu við að vera bundið af samningsviðaukanum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjalsins.

10. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðildarríkjum Evrópuráðs um:

a. Sérhverja undirritun.

b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa samkvæmt 6. og 9. gr.

d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samningsviðauka þennan.

Gjört í Strassborg, 22. nóvember 1984, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðs.

Á fskj. II og III með lagafrumvarpinu birtist samningurinn, með áorðnum breytingum, og samningsviðaukar nr. 1, 2, 4, 6 og 7 á ensku og frönsku. Um þessi fylgiskjöl vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta var lagt fram til kynningar skömmu fyrir lok síðasta þings. Það er nú lagt fram að nýju í óbreyttri mynd.

Hér á eftir fara athugasemdir þær sem fylgdu frumvarpinu við framlagningu þess á sl. vori og fylgdu frumvarpinu af hálfu nefndarinnar sem samdi frumvarpið.

Þann 25. júní 1992 gekk dómur á hendur íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að það hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt samningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, sem það fullgilti 19. júní 1953, en þetta var í máli sem kom til vegna kæru Þorgeirs Þorgeirsonar rithöfundar á hendur því. Í framhaldi af þessu skipaði dómsmálaráðherra nefnd þann 8. júlí 1992 til að gera tillögur um viðbrögð við dóminum. Meðal verkefna nefndarinnar var að kanna hvort tímabært væri að lögfesta hér á landi fyrrnefndan samning ásamt viðaukum við hann, eða Mannréttindasáttmála Evrópu eins og samningurinn og viðaukar við hann eru almennt nefndir í einu lagi, og undirbúa þá eftir atvikum frumvarp til laga um það efni.

Í nefndina voru skipuð Ragnhildur Helgadóttir, fyrrverandi ráðherra, sem var jafnframt formaður nefndarinnar, Björn Bjarnason alþingismaður, Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður, Markús Sigurbjörnsson prófessor, og Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður. Með nefndinni starfaði Jón Thors, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þá aðstoðaði Guðrún Gauksdóttir lögfræðingur nefndina í nokkrum atriðum.

Í starfi sínu komst nefndin meðal annars að þeirri niðurstöðu að rétt væri að leggja til að Mannréttindasáttmáli Evrópu yrði lögtekinn hér á landi, en sú niðurstaða var einkum byggð á því að lögfesting sáttmálans yrði til að auka réttaröryggi. Í samræmi við erindisbréf sitt samdi því nefndin frumvarp það sem hér er flutt. Nefndarmenn, aðrir en Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, voru sammála um þessa frumvarpsgerð. Ragnar lagði hins vegar fram sératkvæði þar sem hann leggur til að einungis efnisákvæði mannréttindasáttmálans verði lögfest. Með sératkvæði hans fylgdi frumvarp til laga um slíka lögfestingu sáttmálans svo og greinargerð sem Guðrún Gauksdóttir lögfræðingur tók saman fyrir nefndina og nefnist: Frumathugun á því hvort breyta þurfi ákvæðum í íslenskri löggjöf við lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu. Sératkvæðið og fylgiskjöl þess eru prentuð sem viðauki með lagafrumvarpi þessu. Þá samdi nefndin athugasemdir þær sem hér fylgja frumvarpinu. Nefndin hafði við samningu frumvarpsins meðal annars hliðsjón af undirbúningi að nýsettum lögum um sama efni í Danmörku. Rétt er að taka fram að nefndinni var ekki falið að taka afstöðu til þess hvort ástæða væri til að lögfesta hér á landi ákvæði annarra alþjóðasamninga um mannréttindi sem íslenska ríkið hefur gerst aðili að, og hefur hún því ekki fjallað sérstaklega um það.

Eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið er skipt í tvo meginþætti. Annars vegar eru almennar athugasemdir þar sem einkum er fjallað um aðdragandann að gerð Mannréttindasáttmála Evrópu, réttindin sem vernduð eru af ákvæðum hans, hvernig farið er með kæru á broti gegn sáttmálanum, lagaleg áhrif sáttmálans í þeim ríkjum sem hafa gerst aðilar að honum, stöðu íslensks réttar gagnvart sáttmálanum, nánari röksemdir fyrir tillögu um að sáttmálinn verði lögfestur hér á landi og hver áhrif það hefði á íslenskan rétt að sú tillaga næði fram að ganga með samþykkt þessa frumvarps. Hins vegar eru síðan athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins.

I. Aðdragandi að gerð Mannréttindasáttmála Evrópu, gildistaka hans og síðari breytingar á honum.

Þegar leið á síðari heimstyrjöldina beindist veruleg athygli að þeim stórfelldu brotum á mannréttindum sem áttu sér stað fyrir upphaf stríðsins og á árum þess í ýmsum

þeim ríkjum sem biðu þar að endingu lægri hlut og á hernámssvæðum þeirra. Þau viðhorf hlutu mikið fylgi að nauðsynlegt væri að þjóðir heims gerðu sameiginlegt átak til að fyrirbyggja slík mannréttindabrot. Þetta hafði bein áhrif á mótun sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var undirritaður 26. júní 1945, en í 1. gr. hans kemur fram að eitt helsta markmið Sameinuðu þjóðanna sé að efla mannréttindi og stuðla að aukinni virðingu fyrir þeim án tillits til kynþáttar, kynferðis, tungu eða trúarbragða. Á grundvelli ályktunar Alþingis frá 25. júlí 1946 gekk Ísland í Sameinuðu þjóðirnar 19. nóvember 1946, sbr. auglýsingu nr. 91 frá því ári.

Stefnumörkun í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Til að fylgja frekar eftir þessu markmiði sáttmála Sameinuðu þjóðanna var þegar á fyrstu starfsárum þeirra sett á fót sérstök mannréttindanefnd sem var falið að semja drög að alþjóðlegri mannréttindaskrá. Nefndin hóf þetta starf í janúar 1947 og lauk því sumarið 1948, en drög hennar voru lögð fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna þá um haustið. Á allsherjarþinginu voru skiptar skoðanir um efni draganna, en sérstök nefnd vann að samræmingu sjónarmiða og gerði talsverðar breytingar á drögunum án þess að full samstaða næðist um þau. Í desember 1948 voru drögin með áorðnum breytingum allt að einu samþykkt án mótatkvæða á allsherjarþinginu sem mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. Í inngangi að yfirlýsingunni er meðal annars vísað til þess að með sáttmála Sameinuðu þjóðanna hafi þau ríki, sem eiga aðild að þeim, skuldbundið sig til að virða mannréttindi og jafnrétti, en í því ljósi sé nauðsynlegt að allar þjóðirnar leggi sama skilning í hver þessi réttindi séu. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hafi af þessum sökum samþykkt mannréttindayfirlýsinguna til fyrirmyndar öllum þjóðum í þessum efnum. Mannréttindayfirlýsingunni var þannig ekki ætlað að hafa bindandi áhrif að þjóðarétti fyrir aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, heldur að verða þeim til leiðsagnar og leggja um leið á þau siðferðilega skuldbindingu um að löggjöf þeirra og réttarreglur væru í samræmi við yfirlýsinguna. Í yfirlýsingunni var heldur ekki kveðið á um nein sérstök úrræði handa þeim sem teldi aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skert mannréttindi samkvæmt henni.

Upphaf Evrópuráðsins.

Á fyrstu árunum eftir stríð var mjög hvatt til þess í ríkjum Vestur-Evrópu að leitað yrði leiða til að auka samstöðu þeirra og þá einkum til að koma í veg fyrir að styrjöld gæti brotist út milli þeirra á ný. Síðla árs 1947 mynduðu ýmis samtök í þessum ríkjum alþjóðanefnd um evrópska samstöðu sem boðaði til ráðstefnu Evrópuþjóða í Haag í maí 1948. Á ráðstefnunni var meðal annars samþykkt ályktun um að stofna ætti ráðgjafarþing Evrópuríkja og mannréttindadómstól þeirra. Í anda þessarar ályktunar ákváðu aðildarríki svonefnds Brusselbandalags, sem stofnað var í mars 1948 af Belgíu, Bretlandi, Frakklandi, Hollandi og Lúxemborg, að skipa nefnd til að vinna frekar að þessum markmiðum. Í janúar 1949 náðu þessi ríki samkomulagi um að leggja drög að stofnun Evrópuráðsins og buðu Danmörku, Írlandi, Ítalíu, Noregi og Svíþjóð að taka þátt í frekari undirbúningi. Í sameiningu stóðu þessi ríki síðan að stofnskrá Evrópuráðsins sem var undirrituð 5. maí 1949. Í 1. og 3. gr. stofnskrárinnar kemur fram að markmið Evrópuráðsins sé að stuðla að einingu aðildarríkja þess um að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum sem séu sameiginleg arfleifð þeirra, meðal annars með því að efla mannréttindi og mannfrelsi sem aðildarríki að Evrópuráðinu skuldbinda sig til að tryggja öllum innan lögsögu þeirra. Ísland var þriðja ríkið sem gekk í Evrópuráðið til viðbótar við stofnríki þess, en það gerðist 7. mars 1950.

Með stofnskrá Evrópuráðsins urðu til tvenns konar stofnanir þess; ráðgjafarþing og

nefnd utanríkisráðherra aðildarríkjanna, svokölluð ráðherranefnd, en í stofnskránni var kveðið nánar á um skipan og hlutverk þessara stofnana. Þegar á fyrsta fundi ráðgjafarþingsins í ágúst 1949 var samþykkt að undirbúa gerð samnings milli aðildarríkja Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, en þingið fól laganefnd sinni að starfa frekar að þessu og beindi meðal annars til hennar að hafa í þeim efnum hliðsjón af mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Laganefndin lauk störfum á skömmum tíma og samþykkti ráðgjafarþingið í september 1949 að mæla með tillögu hennar um gerð samnings, þar sem yrði kveðið á um verndun tíu grundvallarréttinda og stofnun Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu til að tryggja að þessi réttindi yrðu virt. Í framhaldi af þessu komu tillögurnar til kasta ráðherranefndar Evrópuráðsins sem fól sérfræðinganefnd að semja uppkast að alþjóðasamningi á grundvelli þeirra. Innan sérfræðinganefndarinnar náðist ekki full samstaða og voru því nokkur atriði enn óútkljáð þegar hún skilaði ráðherranefndinni uppkasti sínu vorið 1950. Embættismannanefnd var falið að ná samkomulagi um þessi atriði, sem tókst að mestu, en endanlega voru öll meginatriði samningsins útkljáð á fundi ráðherranefndarinnar í ágúst 1950. Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis var síðan undirritaður á fundi ráðherranefndarinnar 4. nóvember 1950, en samkvæmt 66. gr. hans átti hann að öðlast gildi þegar tíu aðildarríki Evrópuráðsins hefðu afhent aðalritara þess skjöl um fullgildingu sína á samningnum. Forseti Íslands undirritaði 19. júní 1953 fullgildingarskjal íslenska ríkisins á samningnum, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Samningurinn tók síðan gildi 3. september 1953 þegar fullgildingarskjöl tilskilins fjölda aðildarríkja höfðu verið afhent Evrópuráðinu.

Breytingar á mannréttindasáttmálanum.

Í samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis eru ekki sérstakar reglur um hvernig breytingar verði gerðar á ákvæðum hans eða aukið verði við hann, heldur gilda um þetta almenn fyrirmæli í stofnskrá Evrópuráðsins, einkum í 15. og 20. gr. hennar. Samkvæmt stofnskránni verður grunnur lagður að breytingum af þessum toga með ályktun ráðherranefndar Evrópuráðsins, ýmist að frumkvæði hennar eða þings ráðsins. Breytingar taka ekki gildi nema að fenginni fullgildingu tiltekins fjölda aðildarríkja að mannréttindasáttmálanum, en nauðsynlegur fjöldi ríkja er ákveðinn hverju sinni í samningi um breytingarnar. Breytingar á sáttmálanum, sem leggja auknar skyldur á aðildarríkin, verða ekki bindandi fyrir þau nema þau fullgildi þær fyrir sitt leyti. Með þessum hætti hafa alls verið gerðir átta samningsviðaukar við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem hafa öðlast gildi.

Þrír af þessum samningsviðaukum hafa leitt til breytinga á upphaflegum texta samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, en þetta eru samningsviðaukar nr. 3 frá 6. maí 1963, nr. 5 frá 20. janúar 1966 og nr. 8 frá 19. mars 1985. Ísland fullgilti tvo fyrstnefndu samningsviðaukana 16. nóvember 1967, en samningsviðauka nr. 8 22. maí 1987. Þessir samningsviðaukar öðluðust ekki gildi fyrr en við fullgildingu þeirra af hálfu allra aðildarríkja að mannréttindasáttmálanum. Það var fyrst á árinu 1970 sem viðauki nr. 3 fékk gildi, viðauki nr. 5 árið 1971 og viðauki nr. 8 árið 1990.

Fimm samningsviðaukar hafa leitt af sér viðbætur við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Í einum þeirra, samningsviðauka nr. 2 frá 6. maí 1963, er kveðið á um frekari viðfangsefni Mannréttindadómstóls Evrópu en voru ráðgerð í upphaflega samningnum, en með þessum viðauka er mælt fyrir um vald dómstólsins til að láta uppi ráðgefandi álit um önnur atriði sáttmálans en skýringu á einstökum ákvæðum hans um vernd mannréttinda. Þessi samningsviðauki var fullgiltur af Íslandi 16. nóvember 1967, en hann öðlaðist gildi 1970, þegar öll aðildarríki að sáttmálanum höfðu fullgilt hann. Í

hinum viðaukunum fjórum eru ákvæði um ýmis mannréttindi sem ekki var mælt fyrir um í samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Þetta eru nánar tiltekið samningsviðaukar nr. 1 frá 20. mars 1952, nr. 4 frá 16. september 1963, nr. 6 frá 28. apríl 1983 og nr. 7 frá 22. nóvember 1984. Fyrsti samningsviðaukinn var fullgiltur af íslenska ríkinu um leið og samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, eða 19. júní 1953. Samningsviðauki nr. 4 var fullgiltur 16. nóvember 1967, en tveir síðastnefndu viðaukarnir 22. maí 1987. Til þess að þessir samningsviðaukar fengju gildi var áskilið að ákveðinn fjöldi aðildarríkja, á bilinu frá fimm til tíu í hverju tilviki, hefðu fullgilt þá. Samningsviðauki nr. 1 öðlaðist gildi á árinu 1954, nr. 4 á árinu 1968, nr. 6 á árinu 1985 og nr. 7 á árinu 1988.

Þess skal getið að þann 6. nóvember 1990 var undirritaður samningsviðauki nr. 9 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, en með honum er ætlunin að breyta ákvæðum 31., 44., 45. og 48. gr. samningsins. Þessi viðauki tekur ekki gildi fyrr en tíu aðildarríki hafa fullgilt hann, en það hefur ekki gerst enn sem komið er. Ísland er meðal þeirra ríkja sem ekki hafa fullgilt viðaukann.

Um þessar mundir hafa 27 aðildarríki að Evrópuráðinu fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu, en auk Íslands eru þetta eftirtalin ríki: Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland, San Marino, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tékkóslóvakía, Tyrkland, Ungverjaland og Þýskaland. Á árinu 1992 var ríkið Tékkóslóvakía lagt niður og urðu þá um leið til tvö sjálfstæð ríki í þess stað, Tékkland og Slóvakía. Eftir þá breytingu er enn óljóst um aðild þessa fyrrum ríkis eða nýju ríkjanna tveggja að Evrópuráðinu og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Eftir ákvæðum samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðauka nr. 1, 4, 6 og 7 getur ríki fullgilt þá með fyrirvara um að ákveðin atriði þeirra samrýmist ekki löggjöf sinni, en með þeim hætti færist ríki undan skuldbindingu um að tryggja viðkomandi réttindi á yfirráðasvæði sínu. Af hálfu íslenska ríkisins hefur aldrei verið gerður slíkur fyrirvari við fullgildingu sem heyrir fremur til undantekninga í samanburði við önnur aðildarríki, enda hefur aðeins um þriðjungur þeirra fullgilt samninginn og alla viðauka við hann án fyrirvara.

II. Réttindi sem eru vernduð af Mannréttindasáttmála Evrópu.

Ákvæðum samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis er skipað í fimm kafla. Í þeim fyrsta er mælt fyrir um réttindin sem aðildarríki að samningnum tryggja hverjum þeim, sem dvelst innan yfirráðasvæðis þeirra. Í II. kafla samningsins er kveðið á um stofnun Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu, en tveir næstu kaflarnir geyma reglur um skipan hvorrar stofnunar um sig og meðferð þeirra á kærum og málum um brot á sáttmálanum, auk þess sem þar eru heimildir til að ljúka meðferð kæru út af slíku broti fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins. Í V. kafla samningsins eru nokkur almenn ákvæði og fyrirmæli um fullgildingu og gildistöku hans. Efnisákvæði um mannréttindi eru í I. kafla samningsins, en reglur hinna kaflanna snúa að mestu að meðferð á kærum um brot á sáttmálanum.

Með áðurnefndum samningsviðaukum nr. 1, 4, 6 og 7 hefur verið aukið við þau réttindi sem talin eru í I. kafla samningsins og aðildarríkin skuldbinda sig til að virða. Með þeim skilyrðum, sem koma fram í einstökum ákvæðum mannréttindasáttmálans, er þar m.a. mælt fyrir um eftirfarandi:

* Rétt til lífs og bann við dauðarefsingu.
* Bann við pyntingum og ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu.

* Bann við þrældómi og nauðungarvinnu.
* Rétt til frelsis og mannhelgi.
* Rétt handtekins manns til vitneskju um ástæður fyrir handtöku og hverjum sökum hann er borinn.
* Rétt handtekins manns og gæsluvarðhaldsfanga til að koma fyrir dómara og til dómsmeðferðar innan hæfilegs tíma.
* Rétt handtekins manns og gæsluvarðhaldsfanga til að bera frelsisskerðinguna undir dómstól.
* Rétt þess sem sætt hefur handtöku eða gæsluvarðhaldi til skaðabóta.
* Rétt til að fá réttláta og opinbera meðferð máls fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli innan hæfilegs tíma.
* Rétt til að dómstóll fjalli um ágreining í einkamálarétti og sakamál.
* Rétt sakbornings til að teljast saklaus uns sekt hans er sönnuð.
* Lágmarksréttindi sakbornings:
  - Tafarlausa vitneskju um eðli og orsök kæru.
  - Nægan tíma og aðstöðu til varnar.
  - Rétt til að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali.
  - Rétt til ókeypis lögfræðiaðstoðar ef þörf krefur.
  - Rétt til að spyrja eða láta spyrja vitni.
  - Rétt til ókeypis aðstoðar túlks.
* Bann við afturvirkni refsilaga.
* Friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.
* Hugsanafrelsi, samviskufrelsi og trúfrelsi.
* Tjáningarfrelsi, þar með talið skoðana-, upplýsinga- og hugmyndafrelsi.
* Félagafrelsi og fundafrelsi.
* Rétt til að stofna til hjúskapar og fjölskyldu.
* Jafnrétti hjóna.
* Friðhelgi eignarréttar.
* Rétt til menntunar.
* Rétt foreldra til að tryggja að fræðsla barna sé samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.
* Rétt til að greiða atkvæði leynilega í frjálsum kosningum.
* Bann við frelsissviptingu vegna vanefnda á samningsbundinni skyldu.
* Ferðafrelsi og rétt til að velja sér dvalarstað.
* Bann við að ríki vísi þegni sínum úr landi eða meini honum komu til landsins.
* Bann við brottvísun hópa útlendinga úr landi.
* Réttarstöðu útlendings sem á að vísa úr landi.
* Rétt til að leita endurskoðunar á dómi í refsimáli.
* Bann við saksókn á hendur manni öðru sinni vegna afbrots sem hann hefur áður verið sakfelldur fyrir eða sýknaður af.
* Rétt fyrir þann sem sætir mannréttindabroti samkvæmt sáttmálanum til raunhæfr ar leiðar til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi.
* Réttindi sáttmálans skulu tryggð án manngreinarálits, svo sem eftir kynferði, kynþætti, litarhætti, tungu, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum eða öðrum skoðunum, þjóðernis- eða þjóðfélagsstöðu, tengslum við þjóðernisminnihluta, eignum, uppruna eða annarri stöðu.

Hverjir njóta réttindanna?

Eins og kemur fram í 1. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis skuldbinda aðildarríkin að mannréttindasáttmálanum sig til að tryggja þessi réttindi hverjum þeim sem dvelst innan yfirráðasvæðis þeirra. Réttindin eru ekki aðeins tryggð þegnum ríkjanna, heldur öllum, sem dveljast innan þeirra og án tillits til þjóðernis, svo sem tekið er fram í 14. gr. samningsins, en í 16. gr. hans er þó heimilað að takmarka frelsi útlendinga til pólitískrar starfsemi.

Skuldbindingar og afmörkun hugtaks.

Til að efna skuldbindingar sínar, sem fylgja aðild að mannréttindasáttmálanum, verða ríkin, sem í hlut eiga, að haga löggjöf, stjórn- og dómsýslu sinni þannig að ofangreind réttindi séu virt. Í vel flestum atriðum eru þessi réttindi þess eðlis að þau beinast að ríkjunum sjálfum sem bera þá skyldurnar sem svara til réttindanna. Réttindin eru aðeins í undantekningartilvikum þess efnis að skyldur falli á einstaklinga eða samtök þeirra. Í raun má því segja að þegar rætt er um mannréttindi samkvæmt þessum sáttmála sé í meginatriðum átt við frelsisréttindi einstaklinganna til að haga lífi sínu, skoðunum og athöfnum að eigin vild án þess að eiga á hættu afskipti eða íhlutun ríkisins. Þessi afmörkun á hugtakinu mannréttindi eða eðli þeirra er í samræmi við viðtekinn skilning á því.

Munur á Mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindayfirlýsingu Sþ.

Við samanburð á ákvæðum mannréttindasáttmálans og ákvæðum Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 kemur í ljós að ákvæði mannréttindayfirlýsingarinnar eru víðtækari. Þar er hins vegar að finna ákvæði um öll sömu mannréttindi og fjallað er um í Mannréttindasáttmála Evrópu. Á mannréttindasáttmálanum og mannréttindayfirlýsingunni er sá meginmunur að sáttmálinn er samningur sem bindur aðildarríkin að þjóðarétti. Mannréttindayfirlýsingin er ekki skuldbindandi þjóðréttarsamningur, en þar er að finna stefnumið til leiðsagnar fyrir aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Áhrif mannréttindayfirlýsingarinnar hafa verið mikil og á henni hefur verið byggt við gerð nýrra mannréttindasáttmála. Enda þótt mannréttindayfirlýsingunni sé þannig ekki ætlað að hafa bein réttaráhrif að þjóðarétti, leikur ekki vafi á að hún gegnir mikilvægu hlutverki og vegna þeirra viðurkenninga, sem hún hefur hlotið, hefur því verið haldið fram að ákvæði hennar hafi smá saman verið að breytast í reglur sem hafi gildi að þjóðarétti.

Eitt helsta markmiðið með gerð Mannréttindasáttmála Evrópu var einmitt að leggja lagalegar skyldur á aðildarríki að Evrópuráðinu til að virða og tryggja tiltekin mannréttindi, skyldur sem reyndist ekki unnt að koma á meðal Sameinuðu þjóðanna á fimmta áratug aldarinnar. Mannréttindasáttmálinn er að auki frábrugðinn flestum þjóðréttarsamningum að því leyti að hann leggur ekki aðeins lagaskyldu á aðildarríki gagnvart öðrum aðildarríkjum til að tryggja tiltekin mannréttindi, heldur er sagt í honum að hver sá, sem dvelst innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, geti átt kost á að leita úrræða á alþjóðlegum vettvangi á grundvelli sáttmálans ef hann telur ríkið brjóta á sér gegn ákvæðum sáttmálans. Að þessu síðarnefnda leyti er mannréttindasáttmálinn verulega frábrugðinn flestum öðrum þjóðréttarsamningum því að hann veitir ekki aðeins samningsríkjunum, heldur einnig einstaklingum, aðgang að alþjóðlegum stofnunum til að fá leyst úr því hvort samningsríki hafi vanefnt skyldur sínar. Þess verður þó að geta að líkar leiðir hafa verið farnar í fáeinum yngri samningum um mannréttindi. Í valfrjálsri bókun við Alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi er kveðið á um rétt einstaklinga til að senda Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna erindi út af skerðingu þeirra réttinda sem lýst er í samningnum. Nefndin kannar erindin og kemur síðan sjónarmiðum sínum á fram-

færi við ríkið sem í hlut á og einstaklinginn. Ísland er eitt þeirra ríkja sem hefur skuldbundið sig til að hlíta kærum einstaklinga á hendur sér samkvæmt þessari bókun.

III. Meðferð kæru á hendur aðildarríki að Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis eru reglur um sérstakar stofnanir til að veita ríkjunum, sem hafa fullgilt mannréttindasáttmálann, aðhald og stuðla að því að þau virði réttindin, sem sáttmálanum er ætlað að tryggja. Þessar stofnanir eru nánar tiltekið Mannréttindanefnd Evrópu og Mannréttindadómstóll Evrópu, auk þess sem ráðherranefnd Evrópuráðsins kemur við sögu í þessum efnum, en stofnanirnar starfa allar í Strassborg í Frakklandi.

Mannréttindanefndin.

Mannréttindanefnd Evrópu er sú stofnun sem kærum út af brotum á sáttmálanum er beint til í upphafi. Samkvæmt 20. og 21. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis er nefndin skipuð jafnmörgum mönnum og aðildarríki að sáttmálanum eru, en ráðherranefndin kýs einn mann frá hverju ríki í mannréttindanefndina til sex ára í senn af lista frá forsætisnefnd Evrópuráðsþingsins. Íslandsdeild þess tilnefnir þrjá menn fyrir sitt leyti. Svo sem fram kemur í 23. gr. samningsins eiga nefndarmenn í mannréttindanefndinni sæti í henni sem einstaklingar en ekki til að gæta hagsmuna heimaríkja sinna. Í 24. og 25. gr. samningsins er ráðgert að kærur um brot á samningnum geti borist mannréttindanefndinni með tvennu móti. Samkvæmt fyrra ákvæðinu getur aðildarríki að sáttmálanum kært annað aðildarríki fyrir samningsbrot, en samkvæmt því síðara getur nefndin tekið við kærum frá einstaklingum, hópi þeirra eða samtökum sem telja aðildarríki hafa brotið gegn samningnum. Þessi síðarnefnda heimild er þó háð því að aðildarríkið, sem kært er, hafi lýst sérstaklega yfir viðurkenningu fyrir sitt leyti á því að nefndin sé bær um að taka við kæru frá einstaklingum. Öll aðildarríkin hafa gefið slíkar yfirlýsingar.

Í 26. og 27. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis koma fram frekari skilyrði fyrir því að mannréttindanefndin taki kæru til meðferðar. Þar er áskilið að áður hafi verið farnar allar leiðir sem lög leyfa í heimalandinu til að leysa úr kæruefninu. Ef kæra berst frá öðrum en aðildarríki að sáttmálanum verður hún að vera frá nafngreindum einstaklingi eða samtökum, hún má ekki varða sama atvik og hefur áður verið kært til nefndarinnar nema nýjar upplýsingar komi þá fram, og kæran má heldur ekki vera í ósamræmi við reglur sáttmálans eða fela í sér misnotkun á kærurétti. Mannréttindanefndinni er jafnframt heimilað að vísa þegar á bug kæru frá einstaklingi ef hún á bersýnilega ekki við rök að styðjast. Sé þessum skilyrðum fullnægt á nefndin að rannsaka kæruefnið nánar og gefa eftir atvikum hlutaðeigandi aðildarríki kost á að tjá sig um kæruna. Nefndin leysir í kjölfarið úr því hvort kæran sé tæk til frekari meðferðar. Telji nefndin kæruna tæka til frekari meðferðar leitar hún sátta milli kærandans og ríkisins sem í hlut á. Takist sátt ekki segir nefndin álit sitt á því hvort ríkið hafi brotið gegn sáttmálanum og gerir um það sérstaka skýrslu. Slíkar skýrslur eru sendar ráðherranefnd Evrópuráðsins skv. 31. gr. samningsins. Hvort sem mannréttindanefndin telur aðildarríki hafa brotið gegn sáttmálanum eða ekki getur hún lagt málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu skv. 48. gr. samningsins til að fá leyst úr því hvort um brot hafi verið að ræða. Álit hennar um kæru, þar sem því er hafnað að brot hafi verið framið, felur þannig að jafnaði í sér lokaúrlausn um kæruefnið, enda getur kærandinn ekki lagt mál sjálfur fyrir mannréttindadómstólinn eftir núgildandi ákvæðum 44. og 48. gr. samningsins.

Þegar mannréttindanefndin telur að aðildarríki hafi brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt sáttmálanum geta afdrif máls orðið með tvennum hætti: Annars vegar

getur mannréttindanefndin látið af sinni hálfu við það sitja að gera skýrslu um málið til til ráðherranefndar Evrópuráðsins, svo sem henni ber ávallt að gera skv. 31. gr. samningsins. Hafi málið ekki verið lagt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu í samræmi við ákvæði 48. gr. samningsins af hálfu aðildarríkis innan þriggja mánaða frá því að skýrsla mannréttindanefndarinnar barst ráðherranefndinni skal ráðherranefndin samkvæmt ákvæði 32. gr. samningsins úrskurða hvort um brot á sáttmálanum sé að ræða. Til úrskurðar í máli þarf tvo þriðju hluta ráðherranefndarinnar. Henni er ekki settur tímafrestur til að ljúka slíku máli. Úrskurði ráðherranefndin að um brot sé að ræða tiltekur hún frest fyrir aðildarríki til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru samkvæmt niðurstöðunni. Sem dæmi um mál sem þannig lýkur eru mál varðandi brotaefni þar sem áður hefur gengið dómur um sambærilegt tilvik og hvorki mannréttindanefndin né aðildarríki telja tilefni til að leita úrskurðar mannréttindadómstólsins um. Hins vegar getur mannréttindanefndin tekið ákvörðun um að leggja málið fyrir mannréttindadómstólinn skv. 48. gr. samningsins sem úrskurðar þá hvort um brot á sáttmálanum sé að ræða af hálfu aðildarríkis. Auk mannréttindanefndarinnar er aðildarríki einnig heimilt samkvæmt 48. gr. samningins í eftirtöldum tilvikum að leggja málið fyrir mannréttindadómstólinn: 1) Þegar þegn þess er talinn óréttri beittur, 2) þegar það hefur sjálft vísað málinu til mannréttindanefndarinnar eða 3) þegar málið beinist gegn því.

Mannréttindanefnd Evrópu tók til starfa á árinu 1955. Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um heildarfjölda kæra sem hafa borist henni, enda hefur nefndin beitt því verklagi frá öndverðu að beina því strax á fyrstu stigum til kæranda að draga erindi sitt til baka, ef augljóst þykir að ekki séu efni til að fjalla frekar um hana. Með þessum hætti er talið að um tvær af hverjum þremur kærum, sem berast nefndinni, séu dregnar til baka. Afturkallaðar kærur eru ekki færðar í málaskrá nefndarinnar. Kærur frá einstaklingum eða samtökum þeirra, sem hafa hins vegar gengið lengra og verið skrásettar hjá nefndinni, voru samtals 21.077 á árabilinu frá 1955 til ársloka 1992. Þar af hafði mannréttindanefndin í árslok 1992 tekið afstöðu til þess hvort 18.820 kærur væru tækar til frekari meðferðar. Í flestum tilvikum taldi nefndin kæru ótæka til meðferðar án þess að sjá ástæðu til að gefa ríkinu, sem kæra beindist að, kost á að tjá sig um hana, en á þennan veg fór fyrir 15.790 kærum. Í 1.792 tilvikum mat nefndin kæru ótæka til meðferðar eftir að hafa fengið svör hlutaðeigandi ríkis. Í 1.227 tilvikum komst mannréttindanefndin hins vegar að þeirri niðurstöðu að kæra væri tæk til frekari meðferðar. Af þeim málum hafði 159 verið lokið með sátt fyrir nefndinni fyrir árslok 1992, 45 málum hafði verið vísað á bug eftir nánari athugun nefndarinnar, en í 681 tilvikum hafði nefndin látið í ljós álit á því hvort brotið hafi verið gegn mannréttindasáttmálanum og gert skýrslu um það til ráðherranefndar Evrópuráðsins. Kærur aðildarríkja til mannréttindanefndarinnar á hendur öðrum aðildarríkjum fyrir brot á mannréttindasáttmálanum hafa verið fátíðar, en frá 1955 til loka árs 1992 munu þær alls hafa verið 11 talsins.

Mannréttindadómstólinn.

Í IV. kafla samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis eru reglur um skipan Mannréttindadómstóls Evrópu og meðferð mála fyrir honum. Samkvæmt 38. og 39. gr. samningsins eru dómarar við dómstólinn jafnmargir og aðildarríkin að Evrópuráðinu, en þing ráðsins kýs þá til níu ára í senn úr hópi þriggja manna sem hvert ríki tilnefnir fyrir sitt leyti. Dómstóllinn starfar í deildum sem níu dómarar skipa hverju sinni, en dómarinn, sem hefur verið kosinn fyrir aðildarríkið sem mál beinist að, situr alltaf í dómi í viðkomandi máli, auk forseta eða varaforseta dómsins og sjö annarra dómara sem eru valdir með hlutkesti. Fyrir dómstólinn verða lögð mál á hendur aðildarríki að mannréttindasáttmálanum svo framarlega sem ríkið hefur lýst sig bundið af lögsögu dómstólsins

samkvæmt fyrirmælum 46. gr. samningsins, en slíkar yfirlýsingar hafa komið fram frá sömu ríkjum og hafa lýst yfir viðurkenningu á heimild mannréttindanefndarinnar til að fjalla um kærur einstaklinga og samtaka á hendur sér. Fyrir mannréttindadómstólnum er mannréttindanefndin eða eftir atvikum aðildarríki að sáttmálanum, sem hefur lagt mál fyrir hann, sækjandi máls. Ef mannréttindanefndin sækir fyrir dómstólnum mál, sem einstaklingur eða samtök þeirra hafa kært til hennar, gefst kærandanum kostur á að taka þátt í meðferð málsins fyrir dómstólnum, en aðild að málinu á þó kærandinn ekki í eiginlegum skilningi á þessum vettvangi. Fyrir mannréttindadómstólnum er unnt að ljúka máli með sátt með samþykki hans, en að öðrum kosti fer þar fram gagnaöflun og málflutningur og kveður dómstóllinn síðan upp rökstuddan dóm sem er fullnaðarúrlausn um sakarefnið eins og kemur fram í 51. og 52. gr. samningsins. Í dómi mannréttindadómstólsins er eingöngu kveðið á um það hvort hlutaðeigandi ríki teljist hafa brotið gegn mannréttindasáttmálanum, en hafi þess verið krafist getur dómstóllinn enn fremur dæmt þeim einstaklingi eða samtökum, sem brot á sáttmálanum hefur bitnað á, bætur úr hendi ríkisins skv. 50. gr. samningsins.

Dómur mannréttindadómstólsins hnekkir þannig ekki dómi eða annarri úrlausn sem hefur fengist um kæruefnið í aðildarríki að mannréttindasáttmálanum, heldur stendur slík úrlausn óhögguð. Mannréttindadómstóllinn og aðrar stofnanir, sem fjalla um kæruefni samkvæmt samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, eru því ekki í neinum skilningi áfrýjunarstig í máli og endurskoða ekki dómsúrlausn frá aðildarríki, heldur er aðeins leyst úr því á þessum vettvangi hvort aðildarríki hafi brotið þjóðréttarskuldbindingu sína um að tryggja viðkomandi mannréttindi og eftir atvikum hvort ríkið sé bótaskylt af því tilefni.

Mannréttindadómstóll Evrópu tók fyrst til starfa í ársbyrjun 1959. Frá þeim tíma og til loka árs 1990 höfðu alls verið lögð 252 mál fyrir hann. Þar af hafði mannréttindanefndin lagt fyrir 251 mál, en í einu tilviki hefur aðildarríki lagt fyrir dómstólinn mál á hendur öðru aðildarríki að mannréttindasáttmálanum. Af þessum heildarfjölda mála hafði 189 verið lokið í ársbyrjun 1991. 12 þessara mála höfðu verið felld niður, en efnisdómur hins vegar gengið í 177 málum. Í 47 tilvikum varð niðurstaðan sú að hlutaðeigandi ríki hefði ekki brotið gegn mannréttindasáttmálanum, en brot voru hins vegar talin hafa verið framin í 130 málum.

Ráðherranefndin.

Hvert þátttökuríki Evrópuráðsins á skv. 14. gr. stofnskrár þess frá árinu 1949 einn fulltrúa í ráðherranefndinni og er það utanríkisráðherra.

Ráðherranefndin hefur bæði úrskurðar- og eftirlitshlutverki að gegna varðandi kærur vegna brota gegn mannréttindasáttmálanum. Svo sem nánar er rakið í kaflanum um mannréttindanefndina hér að framan sendir hún skýrslu sína um hvort aðildarríki hafi brotið gegn sáttmálanum til ráðherranefndarinnar í samræmi við ákvæði 31. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Í tilvikum þeim, sem nánar eru rakin í kaflanum um mannréttindanefndina, úrskurðar ráðherranefndin skv. 32. gr. samningsins um hvort um brot sé að ræða.

Í 54. gr. samningsins kemur fram að dómar mannréttindadómstólsins verði fengnir ráðherranefnd Evrópuráðsins, sem hefur þá eftirlit með því, að ríkið, sem dómur hefur gengið gegn, geri ráðstafanir til að fullnægja honum. Ráðstafanir aðildarríkis af slíku tilefni ráðast af atvikum hverju sinni og geta í sumum tilvikum verið fólgnar í því einu að inna af hendi skaðabætur eftir ákvæðum dóms. Í öðrum tilvikum getur úrlausn leitt af sér breytingu laga til aðlögunar að ákvæðum sáttmálans til að ríkið geti talist fullnægja skuldbindingum sínum samkvæmt honum. Ráðherranefndin á að fylgjast með því að rík-

ið bregðist á viðeigandi hátt við niðurstöðum dóms. Ráðherranefndin hefur sett sérstakar reglur um það hvernig ákvæði um eftirlit skuli beitt. Reglur þær, sem nú gilda, eru frá 1976. Þegar niðurstaða dómstólsins hefur orðið sú að sáttmálinn hafi verið brotinn og dómstóllinn eftir atvikum ákvarðar kærandanum sanngjarnar bætur samkvæmt 50. gr. sáttmálans óskar nefndin eftir upplýsingum frá viðkomandi ríki um þær ráðstafanir sem það hefur gert í tilefni dómsins.

Ráðherranefndin telur hlutverki sínu ekki lokið fyrr en hún hefur fjallað um þær upplýsingar sem ríkisstjórnin hefur gefið og hún er fullviss um að ríkið hafi greitt þeim bætur sem brotið var á þegar bætur hafa verið dæmdar í samræmi við 50. gr. sáttmálans. Nefndin afgreiðir málið með ályktun að lokum. Vanræki ríki að fara eftir dómi getur það leitt til þess að ríkinu verði vikið úr Evrópuráðinu á grundvelli 8. gr. stofnskrár þess, en önnur úrræði eru ekki fyrir hendi til að framfylgja dómi mannréttindadómstólsins.

Frá 1955 til ársloka 1990 hafði ráðherranefnd Evrópuráðsins alls kveðið upp 95 úrskurði skv. 32. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis um að aðildarríki hafi brotið gegn Mannréttindasáttmála Evrópu, en þau mál hafa þá ekki verið lögð fyrir mannréttindadómstólinn. Í sex tilvikum var um að ræða kærur milli aðildarríkja að sáttmálanum innbyrðis, en í hinum tilvikunum áttu málin rætur að rekja til kæra frá einstaklingum eða samtökum þeirra.

IV. Almennt um gildi Mannréttindasáttmála Evrópu í aðildarríkjunum.

Eins og áður hefur komið hér fram eru samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðaukar við hann þjóðréttarsamningar. Þjóðréttarsamningur er yfirleitt skilgreindur á þann veg að hann sé samningur milli tveggja eða fleiri ríkja eða milli ríkis og alþjóðastofnunar sem er ætlað að leiða af sér réttindi og skyldur innbyrðis milli samningsaðilanna, ríkjanna eða stofnananna, án þess að hann þurfi að hafa bein áhrif á réttarstöðu þegna viðkomandi ríkja. Þjóðréttarsamningur skuldbindur yfirleitt ríki, sem á aðild að honum, gagnvart viðsemjanda sínum til að efna hann eftir því sem leiðir af efni samningsins. Með nokkurri einföldun má þannig segja að Mannréttindasáttmáli Evrópu feli í sér skuldbindingar milli aðildarríkjanna innbyrðis um að þau muni virða innan yfirráðasvæða sinna þau mannréttindi sem þar er kveðið á um, en til að tryggja þetta frekar hafa aðildarríkin enn fremur skuldbundið sig að þjóðarétti til að hlíta úrskurðum ráðherranefndar Evrópuráðsins og dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Í mannréttindasáttmálanum segir ekki berum orðum hvað aðildarríki eigi að gera til að efna skuldbindingar sínar um verndun þargreindra mannréttinda, en ganga má að því sem vísu að aðildarríkin hafi með fullgildingu sáttmálans tekið á sig skuldbindingar um að sjá til þess að gildandi réttarreglur á yfirráðasvæði þeirra, landsréttur þeirra, séu í samræmi við þennan þjóðréttarsamning. Mannréttindasáttmálinn byggir í raun á því að það sé lagt á vald hvers aðildarríkis hvernig þetta verði framkvæmt og það ráðist þá af stjórnskipunarreglum þess og réttarskipan að öðru leyti.

Í þeim ríkjum, sem fullgilt hafa Mannréttindasáttmála Evrópu, hafa verið farnar ólíkar leiðir til að efna þjóðréttarskuldbindingarnar sem þau hafa tekið á sig með þessum hætti. Þetta stafar ekki síst af því að reglur þessara ríkja eru ólíkar um það hvert sambandið er milli þjóðréttarsamninga, sem þau gangast undir, og landsréttar þeirra. Í sumum ríkjunum er byggt á því að reglur þjóðréttarsamninga þeirra verði sjálfkrafa hluti af landsrétti þeirra, en sú skipan er yfirleitt tengd við kenningar um svokallað eineðli þjóðaréttar og landsréttar. Í öðrum aðildarríkjum að mannréttindasáttmálanum er hins vegar gengið út frá því að þjóðaréttur og landsréttur séu tvö aðskilin réttarkerfi þar sem þjóðarétturinn gildir milli ríkja innbyrðis en landsrétturinn innan yfirráðasvæðis hvers ríkis um

sig. Þar sem þessi viðhorf eru ríkjandi er byggt á kenningum um svokallað tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar, en af þeim leiðir að reglur þjóðaréttar verða ekki hluti af landsrétti nema þær séu lögfestar sérstaklega samkvæmt stjórnskipunarreglum viðkomandi ríkis.

Skipan í anda kenninga um eineðli þjóðaréttar og landsréttar er ríkjandi víðast á meginlandi Evrópu. Þannig hefur mannréttindasáttmálinn orðið hluti af landsrétti í til dæmis Frakklandi, Hollandi, Belgíu, Þýskalandi, Austurríki, Ítalíu, Grikklandi, Tyrklandi og Kýpur. Eftir stjórnskipunarlögum Austurríkis telst sáttmálinn njóta sömu stöðu gagnvart almennum lögum og stjórnarskrá ríkisins. Í nokkrum öðrum ríkjum, til dæmis í Frakklandi, Belgíu og Hollandi, gengur sáttmálinn fyrir almennum lögum án þess þó að teljast hluti stjórnskipunarlaga.

Tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar.

Viðhorf um tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar eru á hinn bóginn lögð til grundvallar í Bretlandi og á Írlandi, Möltu og Norðurlöndum, þar á meðal Íslandi. Í þessum ríkjum gildir þannig í meginatriðum sú regla að þjóðréttarsamningur telst ekki hluti af landsrétti og hefur þar með almennt ekki áhrif á réttarstöðu manna á yfirráðasvæði ríkisins nema samningurinn sé gerður að hluta af landsrétti með lagasetningu. Ríkin eru þó allt að einu skuldbundin að þjóðarétti gagnvart viðsemjendum sínum til að tryggja að landsréttur þeirra stangist ekki á við þjóðréttarsamninga þeirra. Ef horft er sérstaklega til Mannréttindasáttmála Evrópu í þessu tilliti eru ýmsir kostir fyrir hendi til að tryggja þetta.

Í fyrsta lagi getur ríki aðlagað landsrétt sinn að þeim þjóðréttarskuldbindingum sem mannréttindasáttmálinn felur í sér. Ríkið verður þá að láta fara fram almenna athugun á því hvort einhverjar reglur í landsrétti þess stangist á við ákvæði sáttmálans og gera þá, ef þörf krefur, breytingar á slíkum reglum til þess að koma á samræmi. Aðlögun með þessum hætti felur það í sér að ríkið leitast við að efna þjóðréttarskuldbindingar sínar án þess að sáttmálinn sé gerður að hluta af landsrétti berum orðum, en í þess stað er gætt að því að landsrétturinn sé hvergi í andstöðu við sáttmálann. Síðan er unnt að tryggja aðlögunina enn frekar með því að skýra landsrétt til samræmis við ákvæði sáttmálans.

Í öðru lagi er hægt að gera mannréttindasáttmálann beinlínis að hluta af landsrétti með því að setja sérstök lög þar sem sáttmálinn í heild eða hluti hans er lögtekinn. Slík lögtaka eða lögfesting sáttmálans getur verið með ýmsu móti. Þannig er hægt að setja lög þar sem því er lýst yfir að þeir samningar, sem mynda mannréttindasáttmálann, skuli gilda sem lög í ríkinu. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að texti mannréttindasáttmálans sé lögtekinn í heild sinni, ýmist með tilvísun til sáttmálans sem slíks eða án þess að kenna lögin á nokkurn hátt við sáttmálann. Sé mannréttindasáttmálinn lögtekinn þarf að taka afstöðu til þess hver staða hans eigi að vera gagnvart annarri löggjöf ríkisins. Unnt er að gera ákvæði sáttmálans að hluta af eða jafnsett stjórnarskrá eða stjórnlögum ríkisins þannig að almenn lög, jafnt yngri sem eldri, yrðu að víkja fyrir þeim. Lögfesting getur einnig átt sér stað með þeim hætti að ákvæði sáttmálans verði gerð að almennum lögum. Ósamþýðanleg eldri lög yrðu þá að meginreglu að víkja fyrir ákvæðum sáttmálans eftir almennum lögskýringarreglum, en lagagildi sáttmálans stæði því hins vegar ekki í vegi að yngri lög yrðu sett í andstöðu við hann.

Loks er í þriðja lagi hugsanlegt að ríki leitist hvorki við að aðlaga landsrétt að ákvæðum mannréttindasáttmálans né lögtaki þau, heldur standi löggjöf óbreytt þrátt fyrir aðild að sáttmálanum. Eftir kenningum á sviði þjóðaréttar ber þó dómstólum og eftir atvikum stjórnvöldum að skýra landsrétt til samræmis við ákvæði sáttmálans. Þetta getur þó aðeins gengið að því leyti sem mögulegt er að sveigja til efni landsréttar með lögskýringu, en sé það ekki hægt verður landsrétturinn að halda velli og þjóðréttarreglan að víkja. Með þessu móti getur verið undir hælinn lagt hvort ríki takist að efna þjóðréttar-

skuldbindingar sínar samkvæmt sáttmálanum, en augljós hætta er á að skuldbindingarnar verði vanefndar þegar ógerlegt reynist að samræma landsrétt ákvæðum sáttmálans með lögskýringu einni sér.

Í þeim aðildarríkjum að mannréttindasáttmálanum, þar sem er gengið út frá tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar, hafa verið farnar misjafnar leiðir til að efna skuldbindingarnar sem sáttmálinn felur í sér. Á Norðurlöndum, að Finnlandi frátöldu, var þetta lengst af gert með aðlögun að áðurnefndum hætti. Var þannig í öndverðu hugað að því við fullgildingu mannréttindasáttmálans hvort reglur landsréttar væru í einhverjum atriðum andstæðar ákvæðum sáttmálans og breytingar þá eftir atvikum gerðar á landsrétti til samræmingar. Upp frá því var reynt að halda þessu samræmi, bæði við setningu nýrra laga og með breytingu eldri laga þegar ósamræmi milli þeirra og sáttmálans hefur komið í ljós á síðari stigum.

Segja má að hér á landi hafi að einhverju leyti verið leitast við að aðlaga landsrétt að ákvæðum mannréttindasáttmálans, en því verður hins vegar ekki á móti mælt að á sumum sviðum hefur verið látið reka á reiðanum í trausti þess að ákvæði íslenskra laga samrýmdust ákvæðum sáttmálans. Verður vikið að þessu nánar hér á eftir.

Stefnubreyting hefur hins vegar orðið í þessum efnum á undanförnum árum annars staðar á Norðurlöndum. Í Danmörku var mannréttindasáttmálinn lögfestur 29. apríl 1992, en sáttmálinn nýtur eftir það stöðu sem almenn lög í dönskum landsrétti. Í Noregi hefur nefnd unnið að gerð tillagna um lögfestingu mannréttindasáttmálans. Í Svíþjóð er starfandi nefnd sem á að gera tillögur um hvernig hægt verði að taka ýmis mikilvæg ákvæði mannréttindasáttmálans efnislega inn í stjórnlög ríkisins. Í Finnlandi var mannréttindasáttmálinn gerður að hluta landsréttar með sérstökum lögum á árinu 1990, en Finnland gekk fyrst í Evrópuráðið og fullgilti mannréttindasáttmálann á árinu 1989. Í Bretlandi og á Írlandi mun hafa verið fylgt þeirri stefnu að aðlaga landsrétt að ákvæðum mannréttindasáttmálans, en á Möltu hefur sáttmálinn verið lögfestur.

Gildi sáttmálans að landsrétti.

Í þeim aðildarríkjum að Mannréttindasáttmála Evrópu, þar sem ákvæði hans eru hluti af landsrétti, koma afleiðingarnar af því meðal annars fram á þann hátt að ákvæði sáttmálans eru gildandi lagareglur innan lands og er þá unnt að bera þau fyrir sig eins og hverja aðra réttarreglu í dómsmáli, fyrir stjórnvöldum eða á öðrum vettvangi þar sem getur reynt á þær. Í þeim aðildarríkjum, þar sem þjóðréttarsamningar verða ekki sjálfkrafa hluti af landsrétti og mannréttindasáttmálinn hefur ekki verið lögfestur sérstaklega, hefur hins vegar almennt verið talið að ekki verði gengið lengra en að styðjast við ákvæði sáttmálans sem röksemd fyrir tiltekinni skýringu á gildandi réttarreglu í ríkinu. Gildi mannréttindasáttmálans að landsrétti skiptir þannig máli um það hvort ákvæðum hans verði beitt beinlínis sem réttarreglum í viðkomandi ríki eða aðeins sem röksemd fyrir lögskýringu. Lagagildi sáttmálans skiptir einnig máli í tilvikum þar sem réttarreglur aðildarríkis eru í ósamræmi við ákvæði hans. Hafi sáttmálinn lagagildi í ríki, þar sem ósamræmi kemur fram milli ákvæða hans og annarra reglna landsréttar, ganga ákvæði sáttmálans oftast fyrir og aðrar reglur verða þá að þoka. Sé sáttmálinn hins vegar ekki hluti af landsrétti í ríkinu verða ákvæði sáttmálans að öðru jöfnu að þoka fyrir settum lögum.

Ástæða er til að benda sérstaklega á að spurningin um hvort mannréttindasáttmálinn sé hluti af landsrétti breytir engu um stöðu aðildarríkis gagnvart úrlausnum þeirra alþjóðastofnana sem taka afstöðu á grundvelli samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis til þess hvort ríkið hafi brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt sáttmálanum. Hvort sem mannréttindasáttmálinn er hluti af landsrétti eða ekki gegna Mannréttindanefnd Evrópu, Mannréttindadómstóll Evrópu og ráðherranefnd Evrópuráðsins því

hlutverki einu í þessu tilliti að taka afstöðu til þess hvort aðildarríki hafi brotið gegn skuldbindingum sínum að þjóðarétti og eftir atvikum að kveða þá á um skaðabótaskyldu þess.

V. Núverandi staða íslensks réttar gagnvart Mannréttindasáttmála Evrópu.

Af hálfu Íslands var samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem áður segir fullgiltur 19. júní 1953 og hafa átta viðaukar við samninginn jafnframt verið fullgiltir. Frumsamningurinn var fullgiltur af forseta Íslands í samræmi við 21. gr. stjórnarskrárinnar og var það gert að undangenginni þingsályktun. Samningsviðaukar nr. 2, nr. 3, nr. 4 og nr. 5 voru undirritaðir af Íslands hálfu 16. nóvember 1967 og fullgildingarskjal Íslands að viðaukum var afhent við sama tækifæri. Auglýsing um fullgildinguna var gefin út 29. desember 1967 og birt í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1967. Samningsviðaukar þessir virðast hafa verið fullgiltir á grundvelli sömu þingsályktunar og frumsamningurinn. Fullgildingarskjöl Íslands vegna samningsviðauka nr. 6, nr. 7 og nr. 8 voru afhent 22. maí 1987 og auglýsing um fullgildinguna gefin út 25. maí 1987 og birt í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1987. Fullgilding þessara þriggja samningsviðauka var gerð að undangenginni þingsályktun samþykktri 18. mars 1987. Þá hefur íslenska ríkið sem áður segir gefið yfirlýsingu skv. 25. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis þar sem það viðurkennir án tímatakmarkana heimild Mannréttindanefndar Evrópu til að taka við kærum einstaklinga og samtaka þeirra á hendur sér. Ríkið hefur jafnframt lýst yfir skv. 46. gr. samningsins að það sé bundið af lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu, en yfirlýsingar þess um þetta hafa alla tíð verið til ákveðins tíma í senn. Upphaflega yfirlýsingin um þetta var gefin 3. september 1958, en síðast var hún framlengd til fimm ára frá 2. september 1989 að telja.

Ísland heyrir til þess minni hluta aðildarríkja að Mannréttindasáttmála Evrópu þar sem ákvæði hans teljast ekki hluti af landsrétti, heldur eingöngu skuldbinding ríkisins að þjóðarétti. Við fullgildingu íslenska ríkisins á sáttmálanum virðist ekki hafa komið sérstaklega til skoðunar að lögfesta ákvæði hans, enda var fremur fágætt á þeim tíma að fara þannig með þjóðréttarsamninga hér á landi. Þess í stað virðist hafa verið gengið út frá því að ríkið mundi efna skuldbindingar sínar með aðlögun landsréttar að ákvæðum mannréttindasáttmálans. Ekki virðist hafa þótt þörf á sérstökum aðgerðum til slíkrar aðlögunar, enda voru engar breytingar gerðar á íslenskri löggjöf í tengslum við fullgildingu sáttmálans. Þetta sést meðal annars af eftirfarandi orðum sem þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, lét falla í umræðum á Alþingi haustið 1951 um tillögu til þingsályktunar um heimild til að fullgilda mannréttindasáttmálann: „Um þau réttindi, sem hér eru talin, er það í stuttu máli að segja að í öllu því sem nokkru máli skiptir, þá eru þau réttindi nú þegar beinlínis veitt borgurunum berum orðum í íslenskri löggjöf, að nokkru leyti í sjálfri stjórnarskránni, eða þá að það eru slík grundvallarréttindi að þau eru talin felast í meginreglum íslenskra laga, jafnvel þó að það sé ekki berum orðum fram tekið. Þess vegna má segja að I. kafli þessa samnings sé hér á landi engin nýjung því þar eru talin upp þau réttindi sem borgararnir þegar hafa notið og talin eru sjálfsagður þáttur í verndun íslenskra borgara gegn ofurvaldi ríkisins eða ásælni af annarra hálfu."

Samkvæmt þessu var í upphafi gengið út frá því að íslensk löggjöf samrýmdist í hvívetna ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu og nægilegt væri þannig, til að efna þjóðréttarskuldbindingu ríkisins, sem komst á með fullgildingu samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, að beita aðferðum aðlögunar landsréttar að sáttmálanum. Með því að ekki þótti tilefni til lagabreytinga vegna aðlögunar í byrjun hefur væntanlega verið gert ráð fyrir að annað þyrfti ekki til en að gæta að því í framtíðinni að ný lagasetning yrði einnig í samræmi við ákvæði mannréttindasáttmálans.

Ekki er ljóst hversu mikil athugun átti sér stað á íslenskri löggjöf í tengslum við fullgildingu samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis á árinu 1953. Hafa verður í huga að samningurinn var fullgiltur áður en farið var að beita einstökum ákvæðum sáttmálans við úrlausn kærumála. Á þeim áratugum, sem liðnir eru, hefur efnisinntak mannréttindaákvæðanna skýrst og jafnvel breyst fyrir túlkun mannréttindanefndarinnar og mannréttindadómstólsins þannig að nú eru í mörgum efnum gerðar strangari kröfur til aðildarríkjanna en séð varð í upphafi. Hefur mannréttindasáttmálinn því án efa haft meiri áhrif hér á landi, sem og annars staðar í Vestur-Evrópu, en sjá mátti fyrir. Með því að sáttmálinn hefur ekki verið lögfestur hér á landi hafa áhrif hans aðallega komið fram með þrennu móti. Í fyrsta lagi hefur reynt nokkuð á áhrif sáttmálans í málum fyrir íslenskum dómstólum, þar sem úrlausn hefur verið háð reglum landsréttar sem kunna að vera í andstöðu við ákvæði sáttmálans. Í öðru lagi hafa kærumál á hendur íslenska ríkinu vegna brota á sáttmálanum komið til úrlausnar fyrir Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóli Evrópu, en þar hefur orðið að taka afstöðu til þess hvort íslenskur landsréttur samrýmist ákvæðum sáttmálans um tiltekin atriði. Í þriðja lagi hefur gætt áhrifa af mannréttindasáttmálanum við lagasetningu hér á landi og eru jafnvel dæmi um það að lögum hafi verið breytt vegna hættu á að þau hafi ekki samrýmst ákvæðum sáttmálans. Ástæða er til að huga nánar að þessu þrennu.

1. Beiting ákvæða mannréttindasáttmálans í íslenskum dómsúrlausnum.

Í ríkjum, þar sem byggt er á tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar, er sem áður segir almennt gengið út frá því í fræðikenningum að reglum þjóðréttarsamninga, sem eru ekki beinlínis lögfestar, verði ekki beitt sem réttarheimild í eiginlegum skilningi. Er þá ráðgert að samræma verði landsrétt við ákvæði þjóðréttarsamninga eftir því sem kostur er með skýringu laga ríkisins þegar á það reynir í dómsmálum eða fyrir stjórnvöldum, en þegar svigrúmi til lögskýringar sleppir og útséð er að samræming takist ekki á þann hátt verði landsréttur að ganga fyrir reglum þjóðaréttar. Þessum kenningum hefur lengi verið fylgt í dómsúrlausnum hér á landi eins og eftirfarandi dæmi sýna:

* Eftir því sem næst verður komist reyndi í fyrsta sinn á áhrif ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu í máli fyrir bæjarþingi Reykjavíkur nr. 968/1959, en þar byggði málsaðili meðal annars á því að reglur um stóreignaskatt í lögum nr. 44/1957 brytu gegn tilteknum ákvæðum sáttmálans. Um þetta sagði eftirfarandi í dómi í málinu: „Að því er Evrópusamninginn varðar hefur Alþingi með þingsályktun 19. desember 1952 veitt ríkisstjórninni heimild að honum og fullgildingarskjal var afhent af Íslands hálfu hinn 29. júní 1953. Hins vegar hefur samningur þessi ekki verið lögtekinn hér á landi, hvorki að hætti almennra laga né stjórnskipunarlaga. Getur stefnandi því eigi byggt á því hér fyrir dómi, að nefndur samningur veiti honum nokkurn þann rétt til lausnar undan skattákvæðum laga nr. 44/1957, sem hann samkvæmt framansögðu eigi nýtur samkvæmt ákvæðum íslenskra stjórnskipunarlaga."
* Í dómi Hæstaréttar, sem birtur er í dómasafni hans frá 1963, bls. 461, reyndi á það hvort heimilt væri að verða við kröfu ákæruvaldsins um hald á erlendum togara vegna rannsóknar máls um landhelgisbrot. Í dóminum var krafan tekin til greina með vísan til heimilda í ákvæðum laga um bann við botnvörpuveiðum, nr. 5/1920, til að leggja hald á skip, sem hefur verið notað til ólöglegra botnvörpuveiða hér við land, og selja það síðan að undangengnu fjárnámi til lúkningar á sektum á hendur skipstjórnarmanni og málskostnaði. Vísaði Hæstiréttur í dómi sínum sérstaklega í þessu sambandi til fyrirmæla um heimildir til að skerða friðhelgi eignarréttarins í niðurlagi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, að því er virðist til áréttingar því að umrædd íslensk lög samrýmdust þeim fyrirmælum, en ekki

verður séð af dóminum hvort það hafi verið dregið í efa í málinu.

* Í dómi Hæstaréttar, sem birtur er í dómasafni frá 1970, bls. 212, var leyst úr því hvort skipstjóra yrði gerð refsing fyrir fiskveiðabrot sem hann átti ekki sjálfur þátt í að drýgja. Gagnstætt niðurstöðu meiri hluta Hæstaréttar taldi einn dómari í sératkvæði að sýkna yrði skipstjórann af refsikröfunni. Var þetta byggt á því að ekki segði berum orðum í ákvæðum laga nr. 62/1967, sem hér reyndi á, að skipstjóri bæri refsiábyrgð án sakar á fiskveiðabroti sem væri drýgt á skipi hans. Var talið í sératkvæðinu að ekki væri unnt að dæma refsingu án sakar nema slíkt væri beinlínis tekið fram í lögum, en þessu til stuðnings var meðal annars vísað til ákvæða 2. mgr. 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.
* Í dómi Hæstaréttar, sem birtur er í dómasafni 1975, bls. 601, var leyst úr máli þar sem krafist var viðurkenningar á ólögmæti synjunar borgaryfirvalda í Reykjavík um að veita manni leyfi til hundahalds. Í dómi Hæstaréttar var þessi synjun talin heimil á grundvelli tiltekinna ákvæða í lögum, reglugerð og lögreglusamþykkt, en meðal annars sagði eftirfarandi í dóminum um þetta: „Loks verður ekki á það fallist ... að framangreindar réttarreglur brjóti gegn 66. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands ... eða að virða beri þær að vettugi, vegna þess að þær séu andstæðar 8. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis ... Hefur sáttmálinn ekki öðlast lagagildi á Íslandi, en auk þess fer bannið við hundahaldi í Reykjavík ekki í bága við nefnt ákvæði hans."
* Í dómi Hæstaréttar í dómasafni frá 1985, bls. 1290, reyndi á þá aðstöðu að maður hafði verið sakfelldur fyrir umferðarlagabrot í héraðsdómi, uppkveðnum af dómarafulltrúa sem var um leið fulltrúi lögreglustjórans í sama umdæmi og þar með yfirmanns þeirra lögreglumanna sem höfðu rannsakað brot þess sakfellda í öndverðu. Fyrir Hæstarétti krafðist hann ómerkingar héraðsdóms á þeirri forsendu að dómurinn hafi ekki verið kveðinn upp af óvilhöllum dómara, enda bryti sá háttur, að sami maður fjalli um mál sem lögreglustjóri og dómari, í bága við meginreglur 2. og 61. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Um þessa kröfu sagði í dómi Hæstaréttar: „Samkvæmt íslenskri dómstólaskipun er dómsvald í héraði utan Reykjavíkur í höndum bæjarfógeta og sýslumanna, sem hafa jafnframt lögreglustjórn á hendi. Þykir héraðsdómur eigi verða ómerktur af þeim sökum, að fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri fór með mál þetta. Þá hefur heldur eigi verið sýnt fram á nein sérstök atriði, sem valdi vanhæfi bæjarfógetans né þessa fulltrúa hans."
* Úr sams konar kröfu leysti Hæstiréttur í dómi sem birtist í dómasafni frá 1987, bls. 356. Þar segir eftirfarandi um rökin sem voru færð fyrir kröfu um ómerkingu héraðsdóms: „Ákvæði 2. greinar stjórnarskrár lýðveldisins ... hafa ekki verið talin standa í vegi þeirri skipan, sem lög mæla fyrir um, að sýslumenn og bæjarfógetar, sem hafa á hendi lögreglustjórn, fari jafnframt með dómsvald í héraði ... Er og beinlínis ráð fyrir því gert í 61. grein stjórnarskrárinnar frá 1944 ... að dómendur geti haft umboðsstörf á hendi. Ákvæðum 6. greinar Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis ... hefur ekki verið veitt lagagildi hér á landi. Breyta þau ekki þeirri lögbundnu skipan sem að framan var greind. Þar sem hinn áfrýjaði dómur var samkvæmt þessu kveðinn upp af héraðsdómara, sem til þess var bær að íslenskum lögum, verður hann ekki ómerktur af þeirri ástæðu sem hér er um fjallað ..."
* Í dómi Hæstaréttar, sem birtist í dómasafni frá 1988, bls. 1532, var leyst úr því hvort lögmætt væri að setja það skilyrði fyrir að njóta leyfis til að aka leigubifreið að leyfishafi yrði að vera félagsmaður í tilteknu félagi bifreiðastjóra. Var því haldið fram í málinu að slík skylduaðild að félagi væri meðal annars í andstöðu við ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Hæstiréttur hafnaði í dómi sínum að þessi skylda væri andstæð umræddri reglu stjórn-

arskrárinnar. Segir síðan í dóminum: „Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að ósamræmi sé milli 73. gr. stjórnarskrárinnar og þeirra ákvæða alþjóðasamþykkta, er hann vísar til og rakin eru í héraðsdómi, og myndi enda ekki sjálfkrafa hagga settum stjórnarskrárákvæðum."

Í þessum dómum reyndi á röksemdir um að íslenskur landsréttur samrýmdist ekki ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. Hæstiréttur hefur ýmist hrundið þeim rökum með vísan til þess að ekkert slíkt ósamræmi væri fyrir hendi eða hafnað kröfum, sem voru byggðar á slíkum röksemdum, á þeirri forsendu að jafnvel þótt ósamræmi væri milli íslensks landsréttar og ákvæða sáttmálans breytti það ekki gildi settra laga eða eftir atvikum stjórnskipunarlaga hér á landi. Í einu tilviki, áðurnefndum dómi frá 1970, var þó niðurstaða í minnihlutaatkvæði byggð á því að skýra yrði vafaatriði í íslenskum lögum meðal annars til samræmis við ákvæði mannréttindasáttmálans.

Á síðustu árum hefur hins vegar orðið talsverð breyting á dómaframkvæmd í þessum efnum, eins og eftirfarandi dæmi sýna:

* Í dómi Hæstaréttar, sem birtist í dómasafni frá 1990, bls. 2, reyndi enn á þá aðstöðu að þar fyrir dómi var krafist ómerkingar héraðsdóms í refsimáli á þeirri forsendu að forstöðumaður héraðsdómstólsins, þar sem var leyst úr málinu, hafi einnig verið lögreglustjóri í sama umdæmi og þar með yfirmaður lögreglumanna sem rannsökuðu málið á fyrstu stigum. Var krafa um ómerkingu líkt og í fyrri tilvikum byggð meðal annars á því að þessi háttur bryti gegn rétti manns skv. 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis til að fá leyst úr máli sínu fyrir óvilhöllum dómara. Í dómi Hæstaréttar er minnst á áðurnefnda dóma frá árunum 1985 og 1987 þar sem talið hafði verið að 2. gr. stjórnarskrárinnar stæði því ekki í vegi að einn og sami maður geti í senn farið með dómstörf og lögreglustjórn, en tekið er fram að þetta samrýmist illa viðhorfum í ríkjum sem byggi um annað á svipuðum réttarhugmyndum og séu við lýði á Íslandi. Er vikið þessu næst að ákvæðum 1. mgr. 6. gr. samningsins og því að Ísland hafi fullgilt samninginn og þar með gengist undir að lúta reglum hans. Þess er minnst að við fullgildingu hafi ríkisstjórnin talið að íslensk lög væru í samræmi við mannréttindasáttmálann, en síðan hafi þó mörg ákvæði hans verið skýrð nánar í úrlausnum Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu. Meðal annars hafi þeir menn, sem voru sakfelldir með fyrrnefndum dómum frá 1985 og 1987, kært íslenska ríkið fyrir brot á ákvæðum 6. gr. samningsins og mannréttindanefndin ályktað einróma út af annarri kærunni að um slíkt brot hafi verið að ræða. Því kærumáli hafi mannréttindanefndin skotið til mannréttindadómstólsins, en eftir það hafi íslenska ríkið gert sátt við kærandann, og hafi þar verið byggt á því að ríkið hafi ráðið bót á kæruefninu með setningu laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Beðið væri afstöðu mannréttindadómstólsins til þess hvort hann heimilaði að málinu yrði lokið með þessari sátt. Í dómi Hæstaréttar var síðan vikið að því að í stjórnarskránni væri byggt á þrígreiningu ríkisvaldsins, að sögulegar og landfræðilegar aðstæður, sem hafi búið því að baki að sömu mönnum hafi að mestu verið falið bæði dómsvald og umboðsvald utan Reykjavíkur, skipti orðið minna máli, að lög hafi verið sett um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, að íslenska ríkið hafi skuldbundið sig að þjóðarétti til að virða Mannréttindasáttmála Evrópu og að Mannréttindanefnd Evrópu hafi ályktað í fyrrnefndu kærumáli að Ísland hafi brotið þá skuldbindingu, en til stæði að ljúka málinu með sátt. Í dóminum var svo vísað til þess að samkvæmt þágildandi réttarfarslögum hafi dómara borið að víkja sæti í máli ef hætta var á að hann gæti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Að vísu bendi ekkert til þess að dómarafulltrúinn, sem leysti úr þessu máli í héraði, hafi litið hlutdrægt á málavöxtu, en fallast verði á það með Mannréttindanefnd

Evrópu að almennt sé ekki næg trygging fyrir óhlutdrægni í dómstörfum í sakamálum þegar dómari vinni um leið að lögreglustjórn eins og var í þessu máli. Segir loks í dómi Hæstaréttar: „Með tilliti til þess sem rætt hefur verið ber nú að skýra fyrrgreind lagaákvæði þannig að sýslumanninum í Árnessýslu og fulltrúa hans, sem kvað upp héraðsdóminn, hafi borið að víkja sæti í máli þessu" og var dómurinn ómerktur af þessum sökum. Þess skal getið að í kjölfarið gengu dómar í mörgum sambærilegum málum fyrir Hæstarétti þar sem niðurstaðan var á sama veg.

* Í dómi Hæstaréttar, sem birtist í dómasafni frá 1990, bls. 92, voru málavextir þeir að manni hafði verið gert á fyrri stigum að sæta gæsluvarðhaldi við rannsókn opinbers máls á grundvelli ákvæðis í þágildandi lögum um meðferð opinberra mála sem heimilaði slíka frelsissviptingu í tilvikum þar sem ástæða þótti til að ætla að sakborningur hefði gerst sekur um refsiverða hegðun og ætla mætti að brot hans varðaði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi. Í framhaldi af þessu var höfðað opinbert mál á hendur manninum, en dómarinn, sem fékk málið til úrlausnar, var sá sami og hafði áður leyst úr kröfu um gæsluvarðhald yfir honum. Í dómi Hæstaréttar er vísað til þess að íslenska ríkið hafi á árinu 1953 fullgilt samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis og skuldbundið sig þar með að þjóðarétti til að tryggja að maður, sem er gefin að sök refsiverð háttsemi, fái notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir óhlutdrægum dómara. Í dóminum er greint frá dómi Mannréttindadómstóls Evrópu, uppkveðnum 24. maí 1989 í máli á hendur danska ríkinu, þar sem talið var að ekki hafi verið fyrir hendi nægileg trygging skv. 6. gr. samningsins fyrir óhlutdrægni dómara í tilviki þar sem sami dómari kvað upp efnisdóm í máli og hafði kveðið á um gæsluvarðhald sakborningsins á fyrri stigum eftir sams konar reglu danskra laga og hafði verið beitt sem grundvelli fyrir gæsluvarðhaldi í þessu máli. Er síðan vísað til þess í dómi Hæstaréttar að í dómi hans, sem var gerð grein fyrir hér næst á undan, hafi verið byggt á því að skýra verði íslenskar lagareglur um hæfi dómara með tilliti til samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, og varð því niðurstaðan sú að héraðsdómaranum bar að víkja sæti vegna áðurnefndra afskipta sinna af málinu á fyrri stigum. Þess má geta að sams konar úrlausn er að finna í dómasafni frá 1990, bls. 266.

* Í dómi Hæstaréttar í dómasafni frá 1991, bls. 1690, var leyst úr kröfu fiskvinnslufyrirtækis um ógildingu úrskurðar sjávarútvegsráðherra um upptöku ólögmæts sjávarafla á grundvelli laga nr. 32/1976. Til stuðnings kröfu um ógildingu úrskurðarins var því borið við að ákvæði laganna væru andstæð 2. gr. stjórnarskrárinnar þar sem löggjafinn hafi með setningu þeirra gengið lengra við að leggja úrlausnarvald um ágreining í hendur framkvæmdarvaldinu en stjórnarskráin heimili. Þá var því borið við til frekari stuðnings að ákvæði laganna væru andstæð 1. mgr. 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Í dóminum var ekki fallist á þá röksemd að löggjafinn hafi lagt úrlausnarvald í of ríkum mæli í hendur framkvæmdarvaldinu, enda væri hægt að fá skorið úr um lögmæti úrskurðar sjávarútvegsráðherra eftir á í dómsmáli. Segir síðan í dómi Hæstaréttar: „Þá er ekki heldur fallist á það, að framangreind lög séu andstæð 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en sáttmálinn hefur ekki öðlast lagagildi hér á landi."

* Í dómi Hæstaréttar, sem var kveðinn upp 6. febrúar 1992, var leyst úr sakamáli á hendur manni sem var ekki fær um að tjá sig á íslensku og hafði því notið aðstoðar dómtúlks við meðferð málsins. Samkvæmt reglum þágildandi laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, taldist kostnaður af störfum dómtúlks til sakarkostnaðar í máli og varð hann þannig lagður með öðrum sakarkostnaði á ákærða ef sakfelling átti sér stað. Í dómi Hæstiréttar var staðfest niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu, en tekið var fram að skýra yrði ákvæði laga nr. 74/1974 til samræmis við e-lið 3.

mgr. 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og leggja þannig kostnað af störfum dómtúlks í málinu á ríkissjóð, en sakarkostnaður var að öðru leyti lagður á ákærða.

* Í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 5. mars 1992, var leyst úr kröfum ákæruvaldsins um refsingu á hendur manni fyrir ummæli í blaðagrein um opinberan starfsmann sem voru talin varða við ákvæði 108. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í dóminum var fjallað almennt um skýringu á þessu ákvæði og tekið fram að í þeim efnum yrði að hafa hliðsjón af reglum um prentfrelsi í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Segir síðan í dómi Hæstaréttar: „Þessi lagaákvæði bæði ber og að skýra með tilliti til þeirra skuldbindinga um vernd æru, persónu- og tjáningarfrelsis í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem íslenska ríkið hefur fullgilt. Er þar að geta Mannréttindasáttmála Evrópu, sem birtur var með auglýsingu nr. 11/1954, og Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna og birtur með auglýsingu nr. 10/1979."

Af þessum dómum má ráða að Hæstiréttur hefur í mjög auknum mæli tekið tillit til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu við úrlausn mála á síðustu árum. Í tveimur fyrstnefndu dómunum víkur hann algerlega frá fyrri skýringum, sem hafði verið fylgt í áratugi, á settum lagareglum um vanhæfi dómara til að fara með mál. Var þetta gert með tilliti til ákvæða 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og breytt þannig í raun inntaki reglnanna. Í framangreindum dómi um greiðslu kostnaðar af störfum dómtúlks víkur Hæstiréttur í raun til hliðar beinum fyrirmælum í þágildandi lögum um meðferð opinberra mála þar sem var mælt fortakslaust fyrir um að sá kostnaður teldist til sakarkostnaðar og félli þar með eftir málsúrslitum á ákærða. Niðurstaða dómsins studdist við 6. gr. samningsins sem mælir meðal annars fyrir um skýlausan rétt sakaðs manns til að njóta sér að kostnaðarlausu aðstoðar dómtúlks. Í síðastnefnda dóminum tekur Hæstiréttur beinlínis fram að skýra verði ákvæði settra laga og stjórnarskrárinnar um æruvernd og prentfrelsi með tilliti til reglna mannréttindasáttmálans. Þannig er ljóst að Hæstiréttur hefur ekki aðeins tekið upp ákveðnari stefnu um að skýra landsrétt til samræmis við þjóðréttarskuldbindingar ríkisins samkvæmt mannréttindasáttmálanum, jafnvel þótt með því sé horfið frá langvarandi dómvenju um skýringu á settum lagareglum, heldur hefur verið gengið lengra og talið fært að víkja í raun til hliðar settri lagareglu sem samrýmist ekki ákvæðum sáttmálans. Með þessu hafa verið gefin fordæmi um rúmar heimildir dómstóla til að laga landsrétt að þjóðréttarskuldbindingum ríkisins samkvæmt mannréttindasáttmálanum. Fordæmin ganga stundum mun lengra en fræðikenningar um slíka samræmingarskýringu ráðgera almennt. Í þessu ljósi hefur þeirri skoðun verið hreyft hvort dómaframkvæmdin hafi í reynd byggt á því í þessum tilvikum að mannréttindasáttmálinn væri orðinn hluti af landsrétti. Um það skal ekki fjölyrt hér frekar, en vissulega bera sumir þessara dóma vott um tilhneigingu til að færa að minnsta kosti ákvæði sáttmálans með óbeinum hætti inn í landsrétt með rúmri beitingu samræmingarskýringar á lögum.

2) Kærur á hendur íslenska ríkinu um brot á ákvæðum mannréttindasáttmálans.

Hér áður hefur komið fram að ákvæði samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis fela í sér heimildir til að leita úrlausnar fyrir stofnunum samkvæmt samningnum um hvort íslenska ríkið, líkt og önnur aðildarríki að honum, hafi brotið gegn þeim þjóðréttarskuldbindingum um tryggingu mannréttinda sem það hefur tekið á sig með fullgildingu mannréttindasáttmálans. Samkvæmt 24. gr. samningsins er heimild annars aðildarríkis að honum til að leggja kæru á hendur Íslandi um slíkt brot fyrir Mannréttindanefnd Evrópu ekki háð samþykki íslenska ríkisins sem verður þannig bundið af

úrskurði ráðherranefndar Evrópuráðsins um slíka kæru skv. 32. gr. samningsins. Líkt og nánast öll önnur aðildarríki að mannréttindasáttmálanum hefur íslenska ríkið jafnframt viðurkennt heimild Mannréttindanefndar Evrópu til að taka við kærum einstaklinga á hendur sér fyrir brot á sáttmálanum skv. 25. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og lýst sig bundið af lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu, sbr. 46. gr. samningsins.

Að fullnægðum frekari skilyrðum samkvæmt ákvæðum samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis geta þannig önnur aðildarríki að honum kært íslenska ríkið fyrir brot á mannréttindasáttmálanum, svo og einstaklingar eða samtök þeirra sem telja ríkið hafa brotið á sér rétt. Úrlausn í slíku kærumáli er bindandi fyrir ríkið að þjóðarétti, hvort sem hún er fengin fyrir ráðherranefndinni eða mannréttindadómstólnum. Hér verður hins vegar að leggja áherslu á það að þessar stofnanir meta aðeins hvort íslensk réttarregla eða beiting hennar í réttarframkvæmd hér á landi sé efnislega í andstöðu við reglur mannréttindasáttmálans í ákveðnu tilviki. Ef svo er talið kveður ráðherranefndin eða mannréttindadómstóllinn á um það eitt að ríkið hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt sáttmálanum og ákveður eftir atvikum hæfilegar skaðabætur handa þeim sem slíkt brot hefur bitnað á. Þessar stofnanir endurskoða á hinn bóginn ekki efnislega niðurstöðu máls fyrir innlendum dómstóli og úrlausnir þeirra hnekkja í engu gildi íslenskrar dómsúrlausnar, jafnvel þótt komist sé að þeirri niðurstöðu að ríkið hafi brotið gegn mannréttindasáttmálanum. Með öðrum orðum eru þetta þannig ekki áfrýjunardómstig fyrir innlenda dómsúrlausn, heldur aðeins alþjóðastofnanir sem leysa úr því hvort ríkið hafi vanefnt skyldu sína að þjóðarétti. Þessar stofnanir hafa enn síður vald til að ógilda eða raska á annan hátt ákvæðum íslenskra laga, en niðurstaða ráðherranefndarinnar eða mannréttindadómstólsins um að íslenskt lagaákvæði samrýmist ekki mannréttindasáttmálanum bakar hins vegar ríkinu skyldu að þjóðarétti til að hlutast til um að breyta því.

Kæra hefur aldrei verið borin fram á hendur íslenska ríkinu um brot á ákvæðum mannréttindasáttmálans af öðru aðildarríki að honum. Kærur einstaklinga á hendur Íslandi til Mannréttindanefndar Evrópu, sem hafa verið skráðar þar eftir áðurnefndum verklagsreglum hennar, eru á hinn bóginn orðnar 33 talsins frá því nefndin tók til starfa og hafði nefndin tekið afstöðu til 32 þeirra í byrjun árs 1993. Í 28 tilvikum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að kæran væri ekki tæk til frekari meðferðar og vísaði henni þannig á bug. Í grófum dráttum voru kæruefnin í þessum tilvikum eftirfarandi:

* Í einu tilviki að reglur um stóreignaskatt í lögum nr. 44/1957 fælu í sér brot á friðhelgi eignarréttarins skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1.
* Í einu tilviki að brotið hafi verið gegn ákvæðum 9., 10. og 13. gr. samningsins með því að kærandinn ætti þess ekki kost að koma fram ógildingu á skírnarsáttmála sínum.
* Í tveimur tilvikum að handtaka manns og eftirfarandi meðferð á sakamáli gegn honum hafi meðal annars verið í andstöðu við ákvæði 3., 5. og 6. gr. samningsins, en sami maður setti tvívegis fram kæru af sama tilefni.
* Í fimmtán tilvikum að bann við hundahaldi í þéttbýli hafi verið brot á friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis samkvæmt ákvæðum 8. gr. samningsins.
* Í einu tilviki að veiting leyfis til byggingar á nágrannalóð væri brot á friðhelgi eignarréttarins skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1, svo og að dráttur á meðferð dómsmáls í tengslum við kæruefnið hafi verið í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 6. gr. samningsins.
* Í einu tilviki að synjun um að opinber skipti færu fram á dánarbúi fæli í sér skerðingu á erfðarétti og þar með brot á friðhelgi eignarréttarins skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1.

* Í einu tilviki að reglur um kosningar til Alþingis, sem leiddu af sér misvægi atkvæða milli kjördæma, væru andstæðar ákvæðum 3. gr. samningsviðauka nr. 1.
* Í tveimur tilvikum að brottvikning eigenda íbúðar úr henni á grundvelli heimilda í lögum um fjölbýlishús, nr. 59/1976, væri brot á reglum um friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis í 8. gr. samningsins og friðhelgi eignarréttarins í 1. gr. samningsviðauka nr. 1, svo og að meðferð máls af þessu tilefni fyrir íslenskum dómstólum hafi ekki verið í samræmi við ákvæði 6. gr. samningsins, en sömu menn settu tvívegis fram kæru af sama tilefni.
* Í einu tilviki að afturköllun leyfis til að aka leigubifreið væri brot á friðhelgi eignarréttarins skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1, svo og að meðferð máls af þessu tilefni fyrir dómi hafi í tilteknum atriðum brotið gegn 6. gr. samningsins.
* Í einu tilviki að taka bifreiðar vegna endurtekinnar notkun hennar í tengslum við umferðarlagabrot væri brot á friðhelgi eignarréttarins skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1.
* Í einu tilviki að meðferð skaðabótamáls fyrir dómi hafi í tilteknum atriðum brotið gegn 6. gr. samningsins.
* Í einu tilviki að takmarkanir samkvæmt þágildandi barnalögum, nr. 9/1981, á heimildum til að leita úrlausnar dómstóla um forsjá barns fælu í sér brot á rétti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. samningsins til að fá úrlausn dómstóla um réttindi manna og skyldur.

Mannréttindanefndin hefur hins vegar fjórum sinnum talið kæru á hendur íslenska ríkinu tæka til frekari meðferðar, en afdrif þeirra mála hafa orðið með eftirfarandi hætti:

* Í tveimur tilvikum töldu kærendur að meðferð refsimála á hendur sér hafi verið í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 6. gr. samningsins með því að dómarar í málunum hafi einnig haft með höndum lögreglustjórn og þar með verið yfirmenn lögreglumanna sem rannsökuðu málin á fyrstu stigum. Báðir kærendurnir höfðu krafist ómerkingar héraðsdóma á hendur sér af þessum sökum fyrir Hæstarétti, en hann hafnaði kröfum þeirra í dómum á árunum 1985 og 1987 sem var greint frá hér áður. Mannréttindanefndin taldi báðar þessar kærur tækar til frekari meðferðar og ályktaði einróma um aðra þeirra að íslenska ríkið hefði brotið gegn áðurnefndu ákvæði samningsins. Í kjölfarið lagði hún mál gegn ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Dómstóllinn varð við ósk ríkisins um að fella málið niður í mars 1990 eftir að það hafði gert sátt við kærandann, enda taldi dómstóllinn að bætt hefði verið úr því atriði í íslenskri löggjöf, sem gaf tilefni til kærunnar, með setningu laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, og þeirri stefnu um skýringu á íslenskum reglum um vanhæfi dómara sem var mörkuð með áðurnefndum dómi Hæstaréttar í dómasafni hans frá 1990, bls. 2. Um hina kæruna ályktaði mannréttindanefndin hins vegar ekki frekar því sátt var gerð fyrir nefndinni milli ríkisins og kærandans í janúar 1990 áður en til þess kom.
* Í einu tilviki taldi kærandi að skert hefði verið tjáningarfrelsi hans og brotið gegn 10. gr. samningsins með sakfellingu hans fyrir brot gegn 108. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, vegna efnis tveggja blaðagreina eftir hann, svo og að meðferð dómsmáls á hendur honum af þessu tilefni hefði í tilteknum atriðum verið andstæð ákvæðum 6. gr. samningsins. Mannréttindanefndin taldi kæruna tæka til frekari meðferðar um brot gegn 10. gr. samningsins, svo og um brot gegn 6. gr. hans í einu atriði. Á síðari stigum ályktaði nefndin gegn einu mótatkvæði að ríkið hefði brotið gegn tjáningarfrelsi kærandans skv. 10. gr. samningsins en taldi hins vegar einróma að meðferð dómsmálsins á hendur honum hefði ekki verið í andstöðu við 6. gr. samningsins. Í kjölfarið lagði nefndin mál á hendur íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu til úrlausnar um bæði þessi atriði og gekk dómur í því 25. júní 1992. Meiri hluti dómara samsinnti þar því áliti mannréttindanefndarinnar að brotið hafi verið gegn tjáningarfrelsi kærandans skv. 10. gr. samningsins, en einn dómari var á gagn-

stæðri skoðun í sératkvæði. Á hinn bóginn var niðurstaða dómaranna einróma um að ekki hafi verið brotið gegn 6. gr. samningsins við meðferð sakamálsins á hendur kærandanum. Honum voru dæmdar bætur að fjárhæð 530.000 kr. úr hendi ríkisins vegna kostnaðar síns af málinu. Í framhaldi af þessu var dómurinn fenginn ráðherranefnd Evrópuráðsins til eftirlits um framkvæmd hans í samræmi við 54. gr. samningsins. Málinu var endanlega lokið með ályktun ráðherranefndarinnar 10. nóvember 1992 þar sem var fallist á að íslenska ríkið hefði fullnægt skyldum sínum samkvæmt dóminum með því að hafa annars vegar greitt kærandanum tildæmda fjárhæð og hins vegar kynnt efni dómsins nægilega fyrir innlendum dómstólum og handhöfum ákæruvalds.

* Í einu tilviki taldi kærandi ákvæði íslenskra laga, sem gera aðild hans að bifreiðastjórafélagi að skilyrði fyrir að njóta leyfis til að aka leigubifreið, andstæð reglum um félagafrelsi í 11. gr. samningsins. Nefndin komst einróma að þeirri niðurstöðu að kæran væri tæk til frekari meðferðar. Nokkru síðar taldi nefndin gegn einu mótatkvæði að brotið hefði verið gegn fyrrnefndu ákvæði samningsins. Í framhaldi af þessu lagði nefndin mál á hendur íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Málið var flutt munnlega fyrir dómstólnum 22. febrúar 1993, en dóms er ekki vænst í því fyrr en á miðju árinu.

Ekki hefur reynst unnt að afla með aðgengilegum hætti upplýsinga til samanburðar um fjölda kæra til mannréttindanefndarinnar á hendur hverju aðildarríki að mannréttindasáttmálanum um sig og þá enn síður hversu oft nefndin hefur talið hlutfallslega að kærur gegn hverju ríki um sig hafi verið tækar til frekari meðferðar. Miðað hins vegar við heildarfjölda kæra til nefndarinnar hefur hún talið liðlega 6% þeirra tækar til frekari meðferðar. Af þeim 32 kærum á hendur íslenska ríkinu, sem nefndin hefur afgreitt, hafa fjórar talist tækar til frekari meðferðar eða rúmlega 12,5% þeirra.

3. Áhrif mannréttindasáttmálans á lagasetningu.

Fullgilding íslenska ríkisins á Mannréttindasáttmála Evrópu hefur sem áður segir leitt af sér skuldbindingu þess að þjóðarétti um að íslensk löggjöf muni tryggja öllum, sem dveljast á yfirráðasvæði þess, þau réttindi sem sáttmálinn kveður á um. Líkt og hjá öðrum ríkjum, sem gengist hafa undir þessa skuldbindingu fyrir sitt leyti, hefur hún óhjákvæmilega sett mark sitt á lagasetningu hér á landi. Þótt engum lögum hafi verið breytt í tengslum við fullgildingu Íslands á sáttmálanum á árinu 1953 verður að ætla að upp frá því hafi verið tekið tillit til þessarar skuldbindingar við setningu nýrra laga. Bein merki þess sjást að vísu sjaldan í gögnum um undirbúning að nýrri löggjöf að skoðað hafi verið sérstaklega hvort ákvæði hennar samrýmist reglum mannréttindasáttmálans, en ýmsar undantekningar eru þó frá því. Þannig má í dæma skyni benda á að í athugasemdum við frumvörp, sem urðu að lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, lögum nr. 92/1991, um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds, og barnalögum, nr. 20/1992, er vikið berum orðum að því hvernig ákvæði mannréttindasáttmálans hafa orkað á tiltekin atriði laganna. Þá má einnig benda á að í athugasemdum við frumvarp, sem varð að lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, kemur fram að ein helsta kveikjan að flutningi þess hafi verið nauðsyn á að laga dómstólaskipanina að þeim kröfum sem gerðar eru til hennar á grundvelli 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, auk álits Mannréttindanefndar Evrópu um kæru á hendur íslenska ríkinu þar sem fallist var á að það hafi brotið gegn því ákvæði samningsins. Hér má svo enn fremur minna á að breytingar voru gerðar á skipan dómstóla í héraði með lögum nr. 27/1990 til bráðabirgða fram að gildistöku laga nr. 92/1989, en þetta var gert í tilefni af áðurnefndum dómi Hæstaréttar sem birtist í

dómasafni hans frá 1990, bls. 2, þar sem horfið var frá eldri skýringu á reglum um vanhæfi dómara með tilliti til ákvæða 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

VI. Áhrif lögfestingar mannréttindasáttmálans á lagaframkvæmd.

Hér að framan hefur að nokkru verið vikið að því í öðru samhengi hver áhrif það hefði að íslenskum rétti að þetta frumvarp yrði að lögum. Til frekari upplýsinga um það má árétta að ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu verða að almennum lögum hér á landi ef frumvarpið nær fram að ganga. Lögfesting frumvarpsins hefði þannig í för með sér að líta megi svo á að fyrirmæli eldri laga, sem kunna að reynast ósamþýðanleg ákvæðum sáttmálans, teldust að meginreglu falla niður við gildistöku laganna. Með því hins vegar að hér yrði um almenn lög að ræða yrðu ákvæði þeirra yfirleitt að víkja fyrir yngri lögum. Af þessu er að sjálfsögðu ljóst að eitt helsta markmið frumvarpsins, að tryggja samræmi milli íslensks landsréttar og ákvæða mannréttindasáttmálans, næst ekki út af fyrir sig formlega til frambúðar með því einu að það verði að lögum fyrst unnt væri að virða þetta markmið að vettugi með setningu yngri laga. Til þess að fyrirbyggja slíka þróun mála þyrfti að veita þessum reglum stöðu stjórnskipunarlaga, sem er ekki lagt til með þessu frumvarpi þótt það geti vel verið æskileg þróun mála þegar til lengri tíma er litið. Þrátt fyrir þetta er ekki hægt að gefa sér að yngri lög gætu vikið til hliðar ákvæðum mannréttindasáttmálans ef þetta frumvarp yrði að lögum. Í því sambandi verður að minnast þess að samþykkt þessa frumvarps mundi óhjákvæmilega orka þannig á skýringu núgildandi reglna stjórnarskrárinnar að yngri lög, sem kynnu að stangast á við ákvæði mannréttindasáttmálans, kynnu um leið að teljast stríða gegn stjórnarskránni eins og hún yrði skýrð í framtíðinni. Þá verður einnig að taka tillit til þess, að skuldbinding íslenskra ríkisins að þjóðarétti samkvæmt sáttmálanum stæði óhögguð þó að yngri lög kynnu í tilteknu atriði að ganga fyrir ákvæðum laga um gildi mannréttindasáttmálans að íslenskum landsrétti. Gætu því dómstólar með sama hætti og hingað til beitt ákvæðum sáttmálans í úrlausnum sínum til skýringar á yngri lögum.

Um áhrifin af því að þetta frumvarp yrði að lögum er að öðru leyti ástæða til að víkja hér að þrennu.

Í fyrsta lagi má enn á ný minnast þess að um mörg atriði, sem ákvæði sáttmálans taka til, eru þegar fyrirmæli í íslenskum lögum og auk þess að vera samrýmanleg ákvæðum sáttmálans eru þau fyrirmæli í ýmsum tilvikum ítarlegri. Sem dæmi um þetta má benda á ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, þar sem er fjallað um heimildir til að skerða frelsi manns, og 6. gr. hans sem ná meðal annars til meðferðar refsimáls fyrir dómi, en um bæði þessi atriði er fjallað miklu ítarlegar á öðrum vettvangi, einkum í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Ákvæðum mannréttindasáttmálans yrði vitanlega ekki ætlað að leysa þau lög af hólmi. Á hinn bóginn yrði lögfesting sáttmálans til að draga fram áherslu á mikilvægustu atriðin varðandi mannréttindi sem verður að gæta að við beitingu þeirra laga í framkvæmd. Ef þetta frumvarp yrði að lögum gætu þau þannig að þessu leyti haft verulegt gildi í réttarframkvæmd við beitingu annarra og ítarlegri laga, bæði um skýringu þeirra og til aðhalds.

Í öðru lagi verður að vekja sérstaka athygli á því að í frumvarpinu er eingöngu mælt fyrir um lagagildi ákvæða tiltekinna þjóðréttarsamninga. Ef frumvarpið yrði að lögum væru það eingöngu orð þessara samninga sem væru orðinn hluti af íslenskum landsrétti. Fordæmi frá Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóli Evrópu um skýringu þessara orða væru ekki þar með orðin landslög. Á hinn bóginn má telja sjálfsagt að reikna með að íslenskir dómstólar og stjórnvöld hefðu slík fordæmi til leiðsagnar þegar reyna kynni á skýringu einstaka ákvæða laganna. Um skerðingu á sjálfstæði dómstóla og stjórnvalda

hér á landi verður engan veginn að ræða af þessum sökum, enda væru þau óbundin af fordæmum og staða þeirra í raun ekki önnur en á ýmsum öðrum sviðum við beitingu íslenskra laga sem eiga sér samhljóða erlendar hliðstæður, en í slíkum tilvikum er alvanalegt að huga að erlendri réttarframkvæmd til leiðsagnar um vafaatriði. Má einnig hafa í huga að dæmi eru þegar af því í íslenskum dómsúrlausnum að vísað sé um fyrirmyndir til skýringa mannréttindanefndarinnar og mannréttindadómstólsins á tilteknum ákvæðum sáttmálans.

Í þriðja lagi má loks benda á það í tengslum við síðastnefnt atriði að það yrði á valdi íslenskra dómstóla og stjórnvalda að skýra ákvæði mannréttindasáttmálans sjálfstætt ef frumvarpið yrði að lögum, þar á meðal þau ákvæði sem ekki væri að finna fordæmi um frá mannréttindanefndinni eða mannréttindadómstólnum, og beita þeim við úrlausn mála. Í því sambandi er þó varla að vænta að úrlausnir um mikilvæg atriði verði byggðar í ríkum mæli á skýringum sem eiga sér ekki einhverja fyrirmynd eða bakhjarl í fræðilegri umfjöllun um ákvæði sáttmálans þótt íslenskum dómstólum og stjórnvöldum væri það vissulega heimilt.

VII. Röksemdir fyrir lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu.

Með þessu frumvarpi er lagt til að Mannréttindasáttmáli Evrópu verði lögfestur hér á landi, en með upptalningu í 1. gr. þess er afmarkað nánar hverjir þeir þjóðréttarsamningar eru sem er gefið þetta nafn í einu lagi. Með frumvarpinu er eingöngu stefnt að lögfestingu þeirra samninga sem íslenska ríkið hefur þegar fullgilt fyrir sitt leyti, og hefðu því breytingar á samningunum eða viðaukar við þá í framtíðinni engin sjálfvirk áhrif á efni íslenskrar löggjafar þótt frumvarpið verði að lögum. Miðað er við að reglur sáttmálans verði meðal almennra laga hér á landi.

Áður var minnt á að við fullgildingu Íslands á mannréttindasáttmálanum voru ekki hugmyndir um að lögfesta ákvæði hans og gera hann þar með að hluta landsréttar. Viðhorf varðandi aðild Íslands og annarra ríkja að sáttmálanum voru önnur en nú og af eðlilegum ástæðum lá ekki fyrir nein reynsla af fullgildingunni. Í ljós hefur komið að samræmi er ekki alltaf milli íslenskra laga og ákvæða sáttmálans eins og ráða má af umfjöllun hér að framan um það mál. Efnisinntak einstakra ákvæða sáttmálans hefur nú verið skýrt nánar í hundruðum úrlausna um kærur vegna brota gegn honum á rúmlega þremur áratugum. Úrlausnir hafa einnig þróast í þá átt að gera strangari kröfur til aðildarríkja að sáttmálanum. Þegar litið er nánar á reynsluna með hliðsjón af því hvort íslensk löggjöf veiti fullkomna tryggingu samkvæmt sáttmálanum benda úrlausnir dómstóla hér á landi og Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu ekki til þess að um slíka tryggingu sé að ræða. Eftir að þetta misræmi milli íslensks landsréttar og ákvæða sáttmálans hefur orðið greinlegra hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að lögfesta bæri mannréttindasáttmálann. Þessari skoðun hafði verið hreyft í lögfræðilegri umfjöllun hér áður en misræmisins fór að gæta. Á Alþingi hefur einnig verið vakið máls á því oftar en einu sinni á undanförnum árum og áratugum að huga bæri að lögfestingu mannréttindasáttmálans.

Helstu röksemdir fyrir því að lögfesta nú ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu eru þessar:

1. Réttindi einstaklinga fá aukna vernd.
2. Réttaröryggi eykst.
3. Í sumum greinum Mannréttindasáttmálans er að finna ítarlegri ákvæði en í íslenskri löggjöf um einstaka þætti mannréttinda. Þótt mörg ákvæði sáttmálans eigi sér hliðstæður í settum lögum hér á landi, þar á meðal í stjórnarskránni, gildir þetta ekki um öll þau réttindi sem sáttmálinn nær til. Sem dæmi má benda á 10. gr. samningsins

um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem samkvæmt orðalagi sínu tekur til tjáningarfrelsis almennt meðan 72. gr. stjórnarskrárinnar nær einvörðungu til prentfrelsis. Samkvæmt þessu yrði lögtaka mannréttindasáttmálans gagngert til þess að fylla upp í það sem kalla mætti eyður í íslenskri löggjöf.

4. Eftir lögfestingu getur einstaklingur borið ákvæði sáttmálans fyrir sig sem beina réttarreglu fyrir dómi eða stjórnvöldum en ekki aðeins eins og nú er sem leiðbeiningargögn við lögskýringar.

5. Lögfesting auðveldar dómsúrlausnir og ákvarðanir stjórnvalda um mannréttindamál.

6. Eftir lögfestingu geta einstaklingar fengið dómsúrlausn hér á landi um ýmis þau kæruefni sem ella hefðu þurft að fara til stofnananna í Strassborg. Ef úrlausn fæst samt ekki hér að landi hefur einstaklingur á sama hátt rétt til að kæra til mannréttindanefndarinnar.

7. Lögfestingin myndi vekja jafnt almenning og þá sem starfa að rekstri og úrlausn mála fyrir dómstólum og í stjórnsýslu og að undirbúningi að lagasetningu til frekari vitundar um mannréttindi og þá virðingu sem verður að ætlast til að þeim sé sýnd í réttarríki. Telja má hættu á að of oft geti nauðsynlegt tillit til mannréttindareglna horfið í skuggann í daglegum störfum.

8. Lögfesting mannréttindasáttmálans hér á landi væri í samræmi við almenna stefnu í flestum öðrum Evrópuríkjum og yrði þannig bæði til að færa íslenska löggjöf um þessi efni í sama horf og löggjöf þeirra ríkja sem við eigum hvað helst samskipti við og samstöðu með og til að auka á alþjóðavettvangi traust á virðingu íslenska ríksins fyrir mannréttindum.

9. Ákvæði stjórnarskrárinnar um mannréttindi eru fremur fáorð og komin mjög til ára sinna. Þótt lögfesting Mannréttindasáttmála Evrópu breytti í engu efni þessara ákvæða stjórnarskrárinnar má ætla að hún hefði allt að einu þau óbeinu áhrif að ríkari tilhneiging yrði en áður til að beita rúmri skýringu á stjórnarskránni til samræmis við reglur sáttmálans þar sem það gæti átt við.

VIII. Mannréttindasáttmálinn og stjórnarskrá Íslands.

Nefndarmenn sem undirbjuggu þetta frumvarp telja að endurskoða þurfi mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar ekki síst með hliðsjón af Mannréttindasáttmálanum. Ljóst er að sú leið er seinfarin og lögfesting sáttmálans í almenn lög ætti að auka líkur á breytingu stjórnarskrárinnar á þann veg að mannréttindaákvæðin verði ítarlegri. Með því móti yrði enn betur tryggt að ekki verði hróflað við þeim mannréttindum sem sáttmálanum er ætlað að tryggja.

Þegar fjallað er um hvort lögfesta eigi Mannréttindasáttmála Evrópu verður að gefa því gaum hvort meinbugir gætu verið á því vegna stjórnarskrár íslenska ríkisins. Verður þá að líta til þess hvort lögfestingin feli í sér framsal íslensks ríkisvalds. Í I. kafla mannréttindasáttmálans eru efnisreglur um mannréttindi sem eðli sínu samkvæmt geta ekki falið í sér valdframsal. Lögfesting annarra ákvæða sáttmálans, þ.e. II.–V. kafla, tryggir stöðu þeirra manna hér á landi sem hann verndar. Í henni felst ekki framsal ríkisvalds til stofnana þeirra sem í sáttmálanum eru taldar (mannréttindanefndar, mannréttindadómstóls og ráðherranefndar). Segir ekkert um það í sáttmálanum að stofnunum þessum sé falið vald til að taka ákvarðanir sem unnt sé að framfylgja hér á landi gagnvart einstaklingum eða öðrum aðilum eins og um væri að ræða ákvarðanir handhafa íslensks ríkisvalds skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Lögfestingin breytir því ekki að þær skuldbindingar ríkisins, sem með beinum hætti felast í sáttmálanum, eru þjóðréttarlegs eðlis, sbr. 1. gr. hans. Framangreindar stofnanir taka afstöðu til þess hvort þessar þjóðréttarskuldbinding-

ar hafa verið efndar.

Í fyrsta lagi er ekki um það að ræða að stofnanir þær, sem taldar voru, fari með löggjafarvald hér á landi. Geta ákvarðanir þeirra ekki breytt íslenskum lögum þó að í ákvörðununum geti falist að íslenska ríkið sé að þjóðarétti skuldbundið til lagabreytinga. Það atriði breytist ekki við lögfestingu sáttmálans og hefur verið til staðar alla tíð frá fullgildingu hans fyrir 40 árum. Breytingar á sáttmálanum fá ekki lagagildi hér á landi nema með nýrri lagasetningu frá Alþingi.

Þá felst ekki í lögfestingunni framsal á íslensku framkvæmdarvaldi. Stofnanirnar, sem starfa á grundvelli sáttmálans, fara ekki með neitt vald til að hrinda ákvörðunum sínum í framkvæmd. Þó að unnt sé að víkja ríki úr Evrópuráðinu vegna brota á sáttmálanum á vald til þess ekkert skylt við framkvæmdarvald skv. 2. gr. stjórnarskrár Íslands.

Í þriðja lagi felst ekki í lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu framsal á íslensku dómsvaldi. Mannréttindadómstóllinn og ráðherranefnd, og með óbeinum hætti mannréttindanefnd, hafa aðeins vald til að skera úr því með yfirlýsingu hvort reglur mannréttindasáttmálans hafi verið brotnar. Ákvarðanir um þetta geta ekki fellt úr gildi íslenska dóma. Það er hlutverk íslenskra aðila, sem starfa samkvæmt íslenskum lagareglum, að mæla fyrir um fullnustu þeirra þjóðréttarskuldbindinga sem skapast geta vegna ákvarðana mannréttindadómstólsins eða annarra stofnana sem nefndar voru. Heimild sú, sem dómstólnum í Strassborg er veitt í 50. gr. mannréttindasáttmálans til að mæla fyrir um bætur, leiðir ekki heldur til þess að réttur skapist til fullnustugerða hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins ber með sér er lagt til að Mannréttindasáttmáli Evrópu verði lögtekinn með þeim hætti að kveðið verði á um lagagildi tiltekinna samninga Íslands við önnur ríki. Áður hefur verið nefnt að heitið Mannréttindasáttmáli Evrópu er notað hér sem samheiti fyrir samningana í einu lagi, en þetta kemur á sinn hátt fram í upphafsorðum 1. mgr. 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. eru samningarnir, sem mynda til samans Mannréttindasáttmála Evrópu, tilgreindir með heitum sínum og dagsetningunum þegar þeir voru undirritaðir, en ekki á að geta orkað tvímælis hverjir þessir samningar eru í því ljósi. Til að taka þó fyllilega af tvímæli um þetta og um leið til upplýsinga um efni samninganna kemur texti þeirra fram í íslenskri þýðingu í fylgiskjölum með frumvarpinu, eins og er vísað til í 2. mgr. 1. gr., og er þá einnig ætlast til að þeir verði birtir með lögunum ef frumvarpið verður samþykkt. Í fylgiskjölunum hafa ákvæði samningsviðauka nr. 3, 5 og 8 verið felld inn í texta samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, enda leiddu þessir samningsviðaukar eingöngu til breytinga á eldri reglum í samningnum sem þá féllu niður.

Í tengslum við gerð þessa frumvarps var íslensk þýðing á samningunum, sem birtist á sínum tíma í Stjórnartíðindum við fullgildingu þeirra, endurskoðuð og lagfærð í ýmsum atriðum. Eru því fylgiskjölin með frumvarpinu ekki með öllu samhljóða áður birtum þýðingum á samningunum. Í þessu sambandi verður að taka fram að áður birtar þýðingar eru ekki bindandi um íslenskan texta samninganna, enda eru frummál samninganna enska og franska, eins og kemur fram í niðurlagi þeirra, og ræðst þannig efni þeirra endanlega af textanum á þeim tungumálum ef vafi rís um það.

Sú leið, sem farin er í 1. gr., að taka ekki upp ákvæði samninganna frá orði til orðs í frumvarpinu sjálfu, heldur að vísa aðeins til texta þeirra í fylgiskjölum, á sér hliðstæður í ýmsum lögum sem hafa veitt ákvæðum þjóðréttarsamninga Íslands lagagildi hér á landi. Sem dæmi um þetta má meðal annars benda á lög um heimild til að staðfesta fyr-

ir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna, nr. 13/1948, lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, nr. 16/1971, og lög nr. 21/1934 og 108/1935 sem leiddu af sér lagagildi tiltekinna samninga Norðurlanda um atriði í sambandi við skipti á dánarbúum og gjaldþrotaskipti.

Með 1. gr. er ráðgert að ákvæði samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðauka við hann öðlist lagagildi hér á landi í heild sinni ef frumvarpið verður að lögum. Taka verður fram að þau ákvæði mannréttindasáttmálans, sem mestu skipta í þessu tilliti, eru í I. kafla samningsins og samningsviðaukum nr. 1, 4, 6 og 7 þar sem efnisreglur eru um þau mannréttindi sem samningarnir vernda. Lagagildi mannréttindasáttmálans að öðru leyti skiptir í raun miklu minna máli, enda eru ákvæði II.–V. kafla samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðaukanna nr. 2, 3, 5 og 8 að mestu um stofnanirnar sem leysa úr kærum um brot gegn skuldbindingum samkvæmt mannréttindasáttmálanum og meðferð mála fyrir þeim. Í tengslum við þetta má geta þess að í Danmörku og Finnlandi hefur mannréttindasáttmálinn verið lögfestur í heild og þá að meðtöldum þessum síðastnefndu ákvæðum.

Í II. lið athugasemda við frumvarpið er að finna yfirlit yfir þau réttindi sem reglur mannréttindasáttmálans vernda og í III. lið er síðan samantekt um meginatriði ákvæða sáttmálans um meðferð á kærum vegna brota á þeim réttindum. Til frekari skýringar fer hér á eftir örstutt yfirlit yfir efni einstakra kafla sáttmálans.

Evrópusamningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis hefst á aðfararorðum þar sem segir meðal annars að aðildarríkin stígi sameiginlega fyrstu skrefin til að tryggja nokkur þeirra réttinda sem talin eru í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948. Í samningsviðaukum, sem síðar hafa verið gerðir, er nokkrum efnisreglum bætt við. Í 1. gr. sáttmálans segir síðan að aðildarríkin skuli tryggja öllum, sem dveljast á yfirráðasvæðum þeirra, réttindi þau og frelsi sem talin eru í I. kafla.

Efnisreglur I. kafla fjalla um

- réttinn til lífs (2. gr.),
- bann við pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (3. gr.),,
- bann við þrældómi og þrælkun (4. gr.),
- rétt til frelsis og mannhelgi (5. gr.),
- rétt til réttlátrar dómsmeðferðar (6. gr.),
- bann við afturvirkni refsilaga (7. gr.),
- friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta (8. gr.),
- hugsana-, sannfæringar- og trúfrelsi (9. gr.),
- tjáningar- og skoðanafrelsi (10. gr.),
- funda- og félagafrelsi (11. gr.),
- réttinn til að ganga í hjónaband (12. gr.).

Um ýmis þessara ákvæða er sagt að þau sæti tilteknum takmörkunum. Í 13. gr. segir að menn geti leitað réttar síns ef réttindin eru skert. Í 14. gr. er jafnréttisákvæði sáttmálans. Í 15. gr. er mælt fyrir um skerðingu réttinda á hættutímum. Nokkur fleiri ákvæði eru í I. kafla.

Í II. kafla segir að Mannréttindanefnd Evrópu og Mannréttindadómstóll Evrópu skuli tryggja að samningsaðilar standi við skuldbindingar sínar (19. gr.).

Í III. kafla (20.–37. gr.) er fjallað um mannréttindanefndina, skipan hennar, kærur til hennar og starfshætti. Í þessum kafla er einnig mælt fyrir um úrskurðarvald ráðherranefndar Evrópuráðsins.

Í IV. kafla (38.–6. gr.) eru ákvæði um mannréttindadómstólinn.

Í V. kafla (57.–66. gr.) eru ýmis ákvæði, meðal annars um skýrslur aðildarríkja um ástand á sviði mannréttinda.

Gerðir hafa verið níu samningsviðaukar við Evrópusamninginn um verndun mannréttinda og mannfelsis. Hafa hinir átta fyrstu tekið gildi. Í þessum samningsviðaukum eru ýmist efnisreglur, eins og stuttlega verður rakið hér á eftir, eða málsmeðferðarreglur sem felldar hafa verið inn í texta hins upphaflega samnings hér að framan.

Í 1. samningsviðauka er fjallað um eignarrétt, menntunarrétt og rétt foreldra til að hafa áhrif á því sviði í samræmi við trúar- og lífsskoðanir sínar. Þá er í þessum samningsviðauka skuldbinding um að í aðildarríkjunum skuli halda frjálsar kosningar á hæfilegum fresti.

Í 2. samningsviðauka segir um heimild dómstólsins til að láta uppi ráðgefandi álit.

Í 4. samningsviðauka er bann við skuldafangelsi, trygging fyrir ferðafrelsi, brottvísun úr eigin landi og brottvísun hópa útlendinga.

Í 6. samningsviðauka er bann við dauðarefsingum.

Í 7. samningsviðauka eru reglur um brottvísun útlendinga úr landi, áfrýjun sakamála og aðra endurskoðun þeirra, svo og um jafnrétti hjóna.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er tekið fram að úrslausnir, sem kynnu að ganga á hendur íslenska ríkinu fyrir Mannréttindanefnd Evrópu, Mannréttindadómstól Evrópu eða ráðherranefnd Evrópuráðsins, séu ekki bindandi að íslenskum landsrétti. Þetta er í raun eingöngu tekið fram til að árétta beinlínis í lögum, ef þetta frumvarp nær fram að ganga, að umræddar stofnanir geti sem fyrr eingöngu kveðið á um hvort íslenska ríkið hafi efnt þjóðréttarskuldbindingar sínar samkvæmt mannréttindasáttmálanum og eftir atvikum að því beri að greiða skaðabætur að tiltekinni fjárhæð ef vanefnd er leidd í ljós. Í almennum athugasemdum hér að framan er skýrð í einstökum atriðum sú afleiðing af þessu að úrlausnir þessara stofnana hafa ekki bindandi áhrif að íslenskum landsrétti. Þær geta þannig til dæmis ekki haggað gildi íslenskrar löggjafar eða dómsúrlausnar. Þá er einnig vert að benda á að ef kveðið yrði á um skyldu ríkisins til að greiða skaðabætur í úrlausn mannréttindadómstólsins eða ráðherranefndarinnar yrði ekki hægt að fullnægja bótakröfu með aðför hér á landi á grundvelli úrlausnarinnar, heldur yrði að afla aðfararheimildar fyrir bótakröfunni með dómi hér á landi. Tilgangurinn með 2. gr. er aðeins að ítreka þetta.

Um 3. gr.

Ef þetta frumvarp hlýtur samþykki er ráðgert í 3. gr. að lögin öðlist þegar gildi við birtingu þeirra. Ástæðulaust er að láta gildistöku dragast til einhvers síðara tímamarks, enda þarf ekki ráðrúm til aðlögunar eða annars konar undirbúnings fyrir hana.

Í tengslum við ákvæði 3. gr. er vert að vekja athygli á því að í frumvarpinu er ekki mælt fyrir um brottfall annarra laga eða ákvæða í gildandi lögum. Eins og minnst hefur verið á áður í þessum athugasemdum er gengið út frá því að ákvæði í eldri lögum, sem kunna að stangast á við mannréttindasáttmálann, teldust fallin niður ef frumvarpið nær fram að ganga, en þetta yrði þá afleiðing af almennum lögskýringarreglum. Með því að frumvarpið tekur ekki af skarið um brottfall laga kæmi öðru fremur í hlut dómstóla að leysa úr því í afmörkuðum tilvikum ef á reyndi.

Um viðauka ásamt fylgiskjölum vísast til þskj. 1160, 591. mál 116. löggjafarþings, bls. 5896–5939 í A-deild Alþt. 1992–93.

106. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI

Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74 11. júní 1938.

1. gr.

Á 1. mgr. 2. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 1. tölul. verður svohljóðandi: Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal hafa lögheimili hér á landi, vera lögráða og fullra 25 ára og hafa forræði á búi sínu.
2. Við 2. tölul. bætist eftirfarandi: eða sambærilegt próf við annan háskóla.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. gilda ekki um mann sem hefur fengið löggildingu eða aðra opinbera heimild til að annast niðurjöfnun sjótjóns í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

II. KAFLI

Almenn hegningarlög, nr. 19 12. febrúar 1940.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem verður 8. tölul., svohljóðandi:

8. Fyrir rangan eiðfestan framburð fyrir EFTA-dómstólnum, enda krefjist dómstóllinn saksóknar.

III. KAFLI

Lög um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942.

4. gr.

Á 3. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. Á eftir orðinu „lögum“ í 1. málsl. bætast við orðin: við Háskóla Íslands.
2. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

   Í stað embættisprófs skv. 1. mgr. getur komið sambærilegt próf við annan háskóla, enda hafi hlutaðeigandi næga þekkingu á íslenskum lögum. Dómsmálaráðherra leggur mat á hvort því skilyrði sé fullnægt. Dómstóli verður ekki tilkynnt um töku fulltrúa skv. 1. mgr. nema fyrir liggi vottorð ráðherra um þetta skilyrði.

5. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr., svohljóðandi:

Við dómstóla, þar sem einkaréttur til málflutnings gildir, getur aðili falið manni, sem hefur hlotið heimild til að flytja mál við sambærilega dómstóla í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, að flytja mál sitt, enda starfi hann að málinu með héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um slík störf erlendra málflytjenda hér á landi.

6. gr.

Á 9. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 4. tölul. 1. mgr. fellur niður.
2. Í 5. tölul. 1. mgr. falla niður orðin „jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum“, en í stað þeirra kemur: sambærilegu prófi við annan háskóla og hafi næga þekkingu á íslenskum lögum.
3. Á eftir orðinu „vottorð“ í 7. tölul. 1. mgr. bætist við orðið: dómsmálaráðherra.
4. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:
   Dómsmálaráðherra getur sett reglur um veitingu leyfis til málflutnings á grundvelli hliðstæðra réttinda í öðru ríki.

7. gr.

Á 14. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 4. tölul. 1. mgr. fellur niður.
2. Í 5. tölul. 1. mgr. falla niður orðin „jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum“, en í stað þeirra kemur: sambærilegu prófi við annan háskóla og hafi næga þekkingu á íslenskum lögum.
3. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr., svohljóðandi:
   Dómsmálaráðherra getur sett reglur um veitingu leyfis til málflutnings á grundvelli hliðstæðra réttinda í öðru ríki.

IV. KAFLI
Lög um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956.

8. gr.

Á 10. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 1. mgr. verður svohljóðandi:
   Útgefandi blaðs eða tímarits, sem er gefið út hér á landi, skal vera lögráða og hafa lögheimili hér á landi og forræði á búi sínu eða félag eða annar lögaðili sem á heimili hér á landi.
2. 2. mgr. verður svohljóðandi:
   Ritstjóri blaðs eða tímarits skal vera lögráða og hafa lögheimili hér á landi og forræði á búi sínu.

9. gr.

Í 11. gr. laganna falla niður orðin „íslenskum ríkisborgara eða ópersónulegum aðilja“, en í stað þeirra kemur: manni eða ópersónulegum aðila, sem á heimili hér á landi.

V. KAFLI

Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.

10. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitsins.

11. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Útlendingaeftirlitið veitir þau leyfi sem þarf til landgöngu og dvalar samkvæmt lögum þessum.

Dómsmálaráðherra getur veitt lögreglustjórum heimild til útgáfu slíkra leyfa, svo og sendiherrum og ræðismönnum Íslands erlendis.

12. gr.

6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. 5. gr. mega útlendingar, sem falla undir reglur samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, sbr. 2. mgr., koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast hér í allt að þrjá mánuði frá því þeir komu til landsins. Ákvæðum 10.–13. gr. skal því aðeins beita gagnvart slíkum útlendingum að það samrýmist þeim reglum.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd reglna samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga sem varða undanþágu frá vegabréfsáritun og takmörkunum á heimild til komu til landsins og dvöl.

13. gr.

Á 10. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málsl. 4. mgr. fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitið.
2. Í 1. málsl. 5. mgr. fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitsins.
3. Í 2. málsl. 5. mgr. fellur niður orðið „ráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitsins.

14. gr.

Á 11. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. Í upphafi 1. mgr. fellur niður orðið „Dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: Útlendingaeftirlitinu.
2. 2. mgr. verður svohljóðandi:

   Nú er heimilt að vísa útlendingi úr landi og getur þá útlendingaeftirlitið, ef ástæður mæla með því, lagt fyrir hann að verða brott úr landi innan tiltekins frests, enda sjái lögreglan um að þeim fyrirmælum verði hlýtt.

15. gr.

Í 3. mgr. 12. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitsins.

16. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein sem verður 12. gr. a, svohljóðandi:

Útlendingur má kæra til dómsmálaráðherra:

1. Ákvörðun um að synja honum um dvalarleyfi.
2. Ákvörðun um brottfall eða afturköllun dvalarleyfis.
3. Ákvörðun eða úrskurð um að vísa honum úr landi.
4. Úrskurð skv. 4. mgr. 10. gr.

Útlendingi skal leiðbeint um kæruheimild skv. 1. mgr. þegar honum er kynnt ákvörðun eða úrskurður.

Nú vill útlendingur nýta heimild til kæru og skal hann þá lýsa kæru yfir innan 15 daga frá því honum var kynnt ákvörðun eða úrskurður fyrir þeim sem það gerir. Ef kæru er lýst yfir áður en ákvörðun eða úrskurði er framfylgt með brottvikningu úr landi frestast framkvæmd þeirrar aðgerðar þar til úrskurður ráðherra er fenginn.

17. gr.

Í 2. mgr. 14. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitinu.

18. gr.

Í 2. mgr. 15. gr. laganna fellur niður orðið „ráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitinu.

19. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna verður svohljóðandi:

Útlendingaeftirlitið er sérstök stofnun sem lögreglustjórinn í Reykjavík veitir forstöðu.

VI. KAFLI

Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966.

20. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ráðherra veitir leyfi til að víkja frá skilyrðum 1. mgr.:

1. Samkvæmt umsókn frá þeim sem hefur rétt til að stunda atvinnurekstur hér á landi og vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni eða til að halda þar heimili.
2. Ef annars þykir ástæða til.

21. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Leggja skal fyrir ráðherra samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna eignar- og afnotaréttinda sem eru háð leyfi skv. 2. mgr. og öðlast gerningurinn ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest hann með áritun sinni. Í reglugerð má kveða nánar á um form og efni umsóknar um þetta.

22. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. þarf ekki að afla leyfis ráðherra:

1. Þegar um er að ræða leigu á fasteign eða réttindi yfir henni og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri eða uppsögn áskilin með ekki lengri en árs fyrirvara.
2. Þegar sá sem í hlut á nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt eða þjónustustarfsemi. Ráðherra setur nánari reglur um til hvaða fasteigna þessi réttur tekur og framkvæmd réttarins að öðru leyti.

23. gr.

3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú er beiðst þinglýsingar á skjali sem kveður á um réttindi sem leyfi þarf til skv. 1. gr. eða eru undanþegin leyfi skv. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. og skal þá synjað þinglýsingar uns sannað er að leyfis sé aflað eða skilyrði séu fyrir undanþágu.

VII. KAFLI

Lög um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986.

24. gr.

Á 1. mgr. 2. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 1. tölul. fellur niður.
2. Í 4. tölul. fellur niður orðið „dómsmálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: dómsmálaráðherra.

25. gr.

Í 2. gr. laganna kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur um prófraun skv. 4. tölul. 1. mgr., er einnig heimilt að kveða á um undanþágu frá henni að hluta eða með öllu handa þeim sem hafa fengið leyfi eða heimild til að starfa við fasteigna- eða skipasölu eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Núverandi 3. mgr. 2. gr. laganna verður 4. mgr. 2. gr.

VIII. KAFLI

Lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

26. gr.

Í 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna falla niður orðin „prófi við annan háskóla sem metið er jafngilt lögum samkvæmt“, en í stað þeirra kemur: sambærilegu prófi við annan háskóla og hafi nægja þekkingu á íslenskum lögum.

IX. KAFLI
Lög um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

27. gr.

Við 76. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

2. Þá skal ákvæðum 75. gr. einnig beitt eftir því sem getur átt við þegar gagna er aflað fyrir héraðsdómi hér á landi í tengslum við rekstur máls erlendis, þar á meðal fyrir EFTA-dómstólnum.

Framan við núverandi 76. gr. kemur: 1.

X. KAFLI
Gildistaka.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta sem samið er í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til breytinga á lögum á sviði þess til aðlögunar samningi um Evrópska efnahagssvæðið var lagt fram á 116. löggjafarþingi. Frumvarpið hlaut þá ekki afgreiðslu og er nú endurflutt óbreytt að því undanskildu að 26. gr. þess, um breytingu á umferðarlögum, er felld niður en því ákvæði sem þar átti að breyta hefur nú verið breytt með 12. gr. laga nr. 44 7. maí 1993, um breytingu á umferðarlögum, nr. 50. 30. mars 1987.

Helstu forsendurnar fyrir breytingunum, sem frumvarpið miðar að, eru eftirfarandi:

1. Í III. hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að þegnar annarra ríkja, sem njóta réttinda samkvæmt samningnum, verði jafnsettir innlendum þegnum á hverjum stað, m.a. varðandi atvinnuréttindi og heimildir til fjárfestingar, auk þess að njóta vissra réttinda til ferða og dvalar í samningsríkjunum. Ákvæði samningsins í þessum efnum leiða af sér nauðsyn á breytingum á lögum á sviði ráðuneytisins og þá einkum í tvennu tilliti. Annars vegar eru í nokkrum lögum skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt til að geta notið tiltekinna réttinda, einkum starfsréttinda, sem verður að laga að ákvæðum samningsins en þó að teknu tilliti til þess að eftir sem áður má áskilja íslenskt ríkisfang m.a. sem skilyrði embættisgengis til opinberra starfa, sbr. 28. gr. samningsins. Með lögum um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl., nr. 23/1991, var ýmsum lögum á þessum vettvangi breytt á þann veg að erlendir ríkisborgarar, sem hafa átt lögheimili hér á landi í minnst eitt ár, urðu jafnsettir íslenskum ríkisborgurum. Til samræmis við samning um Evrópska efnahagssvæðið verður á hinn bóginn að rýmka ýmsar þessar heimildir. Rétt er að taka fram að í ýmsum ákvæðum frumvarpsins er ráðgert að skilyrði um lögheimili komi í stað þessara eldri skilyrða án þess að sú rýmkun sé bundin við útlendinga sem geta notið réttinda hér á landi á grundvelli samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Hins vegar er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum vegna þessa samnings varðandi heimildir þeirra til að koma til landsins og dveljast hér og meðferð mála, sem að þessu snúa, fyrir stjórnvöldum.

2. Gera verður breytingar á nokkrum lögum á sviði ráðuneytisins til samræmis við tilskipun 89/48/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár. Vegna þessarar tilskipunar ber að viðurkenna slíka menntun sem hefur verið fengin í öðru aðildarríki að samningi um Evrópska efnahagssvæðið þar sem sérfræðimenntun er á annað borð áskilin til að iðka lögverndaða starfsgrein eftir atvikum með skilyrði um aðlögunartíma eða hæfnispróf. Á sviði ráðuneytisins reynir einkum á þetta í löggjöf þar sem skilyrði eru sett fyrir réttindum eða starfsgengi um embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Þegar breytingar eru gerðar á slíkum lagaákvæðum til samræmis við áðurnefnda tilskipun verður að taka tillit til þess að ekki eru fyrir hendi neinar almennar reglur um viðurkenningu erlendrar menntunar í lögfræði gagnstætt því sem á við um ýmsa aðra háskólamenntun. Er sú leið því farin að leggja hér til breytingar á hverri löggjöf fyrir sig þar sem innlent embættispróf í lögum hefur verið áskilið og þá ráðgert að erlent lagapróf geti komið í staðinn eftir atvikum með áskilnaði um nægа þekkingu á íslenskum lögum sem verður staðreynd með misjöfnum hætti á einstökum sviðum. Rétt er að taka fram að samkvæmt frumvarpinu eru breytingar í þessum efnum ekki bundnar við viðurkenningu á lögfræðimenntun sem hefur verið fengin í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Ákvæði frumvarpsins miða að auki að nokkru marki að breytingum á löggjöf á sviði ráðuneytisins sem varðar leyfisbundna þjónustustarfsemi málflutningsmanna, fasteigna- og skipasala og niðurjöfnunarmanna sjótjóns. Auk breytinga, sem leiðir beinlínis af áðurnefndri tilskipun 89/48/EBE, gætir hér áhrifa af tilskipun 67/43/EBE varðandi réttindi til að veita þjónustu við fasteignasölu og tilskipun 77/249/EBE varðandi lögmenn.
4. Í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls er m.a. kveðið á um tilvist og störf EFTA-dómstólsins en samningurinn og bókanir með honum leiða af sér þörf á breytingum laga á sviði ráðuneytisins að tvennu leyti. Annars vegar er ráðgert í 34. gr. samningsins að innlendir dómstólar geti leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á samningi um Evrópska efnahagssvæðið þegar á hana reynir við úrlausn dómsmáls en slíks álits verður þá aflað undir rekstri máls sem frestast þar til álitið er fengið. Örðugleikum er háð að fella fyrirmæli um slíka álitsöflun inn í gildandi réttarfarslög enda getur hún komið til við rekstur mála af mismunandi sviðum og fyrir fleiri en einum dómstóli sem fleiri en ein lög taka til. Í stað þess að breyta mörgum lögum til að koma við ákvæðum um öflun álits af þessum toga á hverjum stað hefur sú leið verið farin að semja sérstakt frumvarp til laga um þetta efni sem er flutt samhliða þessu frumvarpi. Hins vegar er í bókun 5 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls að finna stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins en í 25. og 26. gr. bókunarinnar koma fram reglur um gagnaöflun fyrir dómstólnum sem kosta tvenns konar breytingar á lögum á sviði ráðuneytisins. Gert er ráð fyrir þeim breytingum í II. og X. kafla þessa frumvarps.

Með þessu frumvarpi er lagt til að eftirtöldum lögum verði breytt:
— Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74/1938.
— Almenn hegningarlög, nr. 19/1940.
— Lög um málflytjendur, nr. 61/1942.
— Lög um prentrétt, nr. 57/1956.
— Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965.
— Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966.
— Lög um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986.
— Lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.
— Lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Að auki er ráðgert sem áður segir að samhliða þessu frumvarpi verði flutt frumvarp til sérstakra laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Með þessu eru þá komin fram frumvörp um lagabreytingar á sviði ráðuneytisins vegna aðildar Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins eru lagðar til þrjár breytingar á lögum nr. 74/1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns. Í fyrsta lagi er ráðgert í 1. tölul. 1. gr. að skilyrði í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna fyrir löggildingu niðurjöfnunarmanns sjótjóns um íslenskan ríkisborgararétt eða lögheimili hér á landi í eitt ár, sbr. 3. gr. laga nr. 23/1991, verði felld niður en í stað þeirra verði aðeins áskilið lögheimili hér án tillits til ríkisfangs eða fyrri búsetu. Þessi breyting er lögð til í samræmi við áðurnefnd ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sem leiðir af sér nauðsyn á afnámi skilyrða af þessum toga en rétt er að taka fram að eftir hljóðan 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins er ekki um sérreglu að ræða varðandi þá eina sem geta notið réttinda hér á landi á grundvelli samningsins. Í öðru lagi er miðað að því með 2. tölul. 1. gr. að eldra fortakslaust skilyrði fyrir löggildingu niðurjöfnunarmanns um embættispróf í lögum frá Háskóla Íslands verði breytt á þann veg að sambærilegt próf við annan háskóla geti komið í staðinn. Þessi breyting á rætur að rekja til áðurnefndrar tilskipunar 89/48/EBE en hún er þó ekki bundin við það að aðeins komi til álita að viðurkenna lagapróf frá háskóla í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þriðja lagi er síðan ráðgert í 2. gr. frumvarpsins að maður, sem hefur fengið löggildingu sem niðurjöfnunarmaður sjótjóns eða sambærilega starfsheimild í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geti í raun fengið þá starfsheimild sína viðurkennda hér á landi með því að leita hér löggildingar með öðrum skilyrðum en gilda endranær. Með 2. gr. frumvarpsins er þannig vikið frá almennum kröfum í 1. mgr. 2. gr. laganna um menntun og starfsþjálfun í tilvikum sem þessum og byggt á því að minni kröfur séu ekki gerðar í þeim efnum í öðrum samningsríkjum en gilda hér sem skilyrði fyrir löggildingu.

Um 3. gr.

Í bókun 5 um stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins, sem fylgir samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, ESE-samningnum, er m.a. gengið út frá því að dómstóllinn geti þurft á framburði vitnis eða sérfræðings að halda við úrlausn máls en til að afla slíks framburðar eru tveir kostir ráðgerðir. Annars vegar er í 25. gr. stofnsamþykktarinnar kveðið á um heimildir dómstólsins til að krefjast þess að maður gefi slíka skýrslu fyrir dómstóli á búsetustað sínum en til að mæta þeim þörfum eru lagðar til breytingar á

lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, í 28. gr. frumvarpsins. Hins vegar er í 23. gr. samþykktarinnar byggt á því að vitnaleiðslur fari fram fyrir dómstólnum sjálfum í samræmi við starfsreglur dómstólsins. Þær starfsreglur skulu skv. 43. gr. ESE-samningsins settar af dómstólnum og samþykktar af EFTA-ríkjunum og liggja því ekki fyrir. Í tengslum við þetta er ákvæði 26. gr. samþykktarinnar sem orðast þannig í íslenskri þýðingu:

„Reynist vitni óáreiðanlegt eða rjúfi vitni eða sérfræðingur eið skal EFTA-ríki fara með slíkt brot á sama hátt og brot gegn dómstóli sínum á sviði einkaréttar. Hlutaðeigandi EFTA-ríki skal í því tilviki fara í mál við viðkomandi fyrir þar til bærum dómstóli."

Þessi þýðing er ekki í samræmi við frumtexta greinarinnar en þar segir í endurskoðaðri þýðingu að EFTA-ríki skuli fara á sama hátt með vitni sem ekki fullnægir vitnaskyldu sinni og vitni eða sérfræðing sem gefur rangan eiðfestan framburð og brotið hefði verið framið við meðferð einkamáls fyrir dómstóli í ríkinu og ber viðkomandi EFTA-ríki þá eftir kröfu dómstólsins að saksækja þann sem brotið hefur af sér fyrir þar til bærum dómstóli sínum. Samkvæmt þessu ber að tryggja það með innlendri löggjöf að vitni, sem ekki sinnir vitnaskyldu sinni fyrir EFTA-dómstólnum eða vitni eða sérfræðingur sem gefur þar ranga skýrslu að unnum eiði, sæti sömu viðurlögum fyrir það eins og hann hefði sýnt af sér sömu háttsemi gagnvart íslenskum dómstóli við rekstur einkamáls enda krefjist þá EFTA-dómstóllinn saksóknar.

Þörfin á breytingum á íslenskri löggjöf vegna umræddra ákvæða 26. gr. stofnsamþykktarinnar er takmörkuð. Í fyrsta lagi er í stofnsamþykktinni ekki að finna skyldu á hendur vitni til að mæta fyrir EFTA-dómstólnum til skýrslugjafar. Í öðru lagi er þess að geta að þó að slík skylda væri fyrir hendi liggja engin refsiviðurlög við því að íslenskum lögum að vitni sinni ekki kvaðningu um að koma fyrir dóm til skýrslugjafar í einkamáli, heldur verður brugðist við slíkri vanrækslu með því að lögregla færi vitnið fyrir dóm, sbr. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 91/1991, og loks er þess að geta að vitni, sem fullnægir ekki vitnaskyldu sinni að öðru leyti, verður aðeins beitt févíti, sbr. 2. mgr. 55. gr. laganna, sem ekki telst til refsiviðurlaga. Fyrir vikið krefja ákvæði 26. gr. stofnsamþykktar EFTA-dómstólsins ekki um lagabreytingar hér á landi í þessu tilliti.

Á hinn bóginn er áskilið í nefndu ákvæði stofnsamþykktarinnar að unnt sé að saksækja mann fyrir rangan eiðfestan framburð fyrir EFTA-dómstólnum eftir kröfu dómstólsins með sama hætti og hefði slíkt brot verið drýgt við skýrslugjöf í einkamáli fyrir dómstóli hér á landi. Refsiákvæði vegna slíkrar háttsemi koma fram í 142. gr., sbr. 2. mgr. 143. gr. og 144. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Til þess að færa út gildissvið þeirra reglna, þannig að þær nái einnig til rangs framburðar fyrir EFTA-dómstólnum, er lagt til með 3. gr. frumvarpsins að nýju ákvæði verði bætt við 6. gr. laga nr. 19/1940 til að heimila að refsingu skv. 142.–144. gr. laganna verði beitt vegna slíks brots þótt það sé drýgt fyrir EFTA-dómstólnum og þar með utan íslenska ríkisins. Í samræmi við umrædd ákvæði 26. gr. stofnsamþykktar EFTA-dómstólsins er þó tekið fram í 3. gr. frumvarpsins að saksókn vegna þessa brots sé háð kröfu hans.

Um 4.–7. gr.

Af þremur ástæðum er þörf á breytingum á lögum um málflytjendur, nr. 61/1942, í tengslum við aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Í fyrsta lagi er ekki unnt að setja það skilyrði fyrir veitingu leyfis til málflutnings fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti að leyfishafinn þurfi að vera íslenskur ríkisborgari eða hafa átt hér lögheimili um tiltekinn tíma svo sem nú er gert í 9. og 14. gr. laganna eins og þeim var breytt með 4. gr. laga nr. 23/1991. Af þessum sökum er lagt til í 1. tölul. 6. gr. og 1. tölul. 7. gr. frumvarpsins að þessi skilyrði verði felld niður og þá hvorki krafist íslensks ríkisfangs né lögheimilis hér á landi til að öðlast málflutningsleyfi.

Í öðru lagi gætir hér áhrifa af áðurnefndri tilskipun 89/48/EBE um viðurkenningu á erlendri sérfræðimenntun. Í 3., 9. og 14. gr. laga nr. 61/1942 er það skilyrði sett fyrir heimild til að starfa sem fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns og fyrir veitingu málflutningsleyfis að hlutaðeigandi þurfi að hafa embættispróf í lögum frá Háskóla Íslands eða eftir atvikum jafngilt próf frá öðrum stað samkvæmt íslenskum lögum. Þessi skilyrði eru í andstöðu við umrædda tilskipun en hér má ítreka það sem áður segir að engar almennar reglur gilda hér á landi um viðurkenningu á lögfræðimenntun sem er fengin erlendis. Af þessum sökum er lagt til í 4., 6. og 7. gr. frumvarpsins að sambærilegt próf við íslenskt embættispróf í lögum geti komið að sama haldi í þessu tilliti en að auki er áskilið að lögfræðingur með slíka menntun þurfi að hafa nægja þekkingu á íslenskum lögum svo sem er heimilt eftir reglum áðurnefndrar tilskipunar. Samkvæmt 3., 9. og 14. gr. laganna, eins og er lagt til að þeim verði breytt með þessum ákvæðum frumvarpsins, kæmi í hlut dómsmálaráðherra að meta hvort þessum áskilnaði sé fullnægt hverju sinni. Það má jafnframt benda hér á að eftir reglum frumvarpsins eru heimildir í þessum efnum ekki bundnar við þá sem hafa lokið prófi í lögfræði við háskóla í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu enda er ástæðulaust að gera slíkan almennan greinarmun á menntunarstað fyrst stefnt er að viðurkenningu erlendrar menntunar til þessara þarfa.

Í þriðja lagi miða ákvæði III. kafla frumvarpsins að því að samræma ákvæði laga nr. 61/1942 við þær kröfur sem verða leiddar af tilskipun 77/249/EBE um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu. Þær kröfur fela nánar tiltekið í sér að viðurkenna verður heimild lögmanna frá öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu til að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna hér á landi fyrir dómstólum eða stjórnvöldum en fyrir þessari heimild má þó setja skilyrði sem snúa m.a. að því að erlendur lögmaður beri sömu starfsskyldur og innlendur lögmaður, svo og að erlendur lögmaður hafi innlendan lögmann til samstarfs við sig við rekstur dómsmáls. Um þörfina á breytingum á lögum nr. 61/1942 af þessu tilefni verður að taka tillit til þess að lögin gera aðeins kröfu um málflutningsleyfi til að geta annast hagsmunagæslu og málflutning fyrir dómstólum en ekki til að geta t.d. veitt þjónustu við ráðgjöf, samningsgerð eða hagsmunagæslu fyrir stjórnvöldum. Jafnframt verður að líta til þess að málflutningsleyfis er aðeins þörf til að fara með mál manna fyrir tilteknum héraðsdómstólum og Hæstarétti, sbr. 3. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942, auk þess að í ákvæðum VI. kafla laga um meðferð opinberra mála er ekki krafist innlendra málflutningsréttinda til að maður geti annast málsvörn sakbornings í opinberu máli eða komið fram sem réttargæslumaður við rannsókn opinbers máls. Í þessu ljósi er unnt að takmarka breytingar á lögunum við þau atriði sem koma fram í 5. gr., 4. tölul. 6. gr. og 3. tölul. 7. gr. frumvarpsins. Þar er ráðgert að lögmaður frá öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu geti flutt mál fyrir dómstóli hér á landi þar sem annars hefði orðið að fela innlendum lögmanni starfið enda starfi þá héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður með honum að málinu. Að auki kemur þar fram heimild handa erlendum lögmanni til að leita eftir málflutningsleyfi hér á landi á grundvelli erlends leyfis síns og gerast þannig héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður. Um þessi atriði er ætlast til að dómsmálaráðherra setji nánari reglur í reglugerð þar sem

yrði m.a. að taka af skarið um hvers konar málflutningsréttindi frá öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu komi hér til álita og hverjar skyldur hvíli á slíkum erlendum lögmönnum við flutning máls hér á landi. Í tengslum við þetta má að endingu minnast þess að í 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, segir að þingmálið sé íslenska. Þeirri reglu væri að engu breytt með samþykki þessa frumvarps.

Um 8. og 9. gr.

Í 8. og 9. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingar á ákvæðum 10. og 11. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956, sbr. 6. gr. laga nr. 23/1991, þar sem hefur verið áskilið að útgefandi og ritstjóri blaðs eða tímarits sem er gefið út hér á landi og sá sem annast dreifingu rits þurfi að vera íslenskur ríkisborgari eða hafa átt hér lögheimili tiltekinn tíma eða eftir atvikum að vera íslenskt félag eða annar ópersónulegur aðili. Í stað þessara skilyrða er ætlast til þess með 8. og 9. gr. frumvarpsins að lögheimili einstaklings hér á landi nægi eða heimili lögaðila en þessara breytinga er þörf vegna ákvæða III. hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið sem var getið hér á undan í almennum athugasemdum við frumvarpið. Rétt er að taka fram að í þessum ákvæðum er ekki gerður greinarmunur á erlendum mönnum eftir því hvort þeir eru ríkisborgarar í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða annars staðar.

Um 10.–19. gr.

Samningur um Evrópska efnahagssvæðið felur í sér að þær reglur, sem gilda innan Evrópubandalagsins um frjálsa fólksflutninga, skulu gilda innan EES. Eru ákvæði þessa efnis í 1.–3. kafla III. hluta samningsins, svo og í V. og VIII. viðauka með samningnum.

Þær EB-gerðir, sem er vísað til og skipta hér máli, eru:

1. Tilskipun 64/221/EBE um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis.
2. Reglugerð (EBE) 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) 312/76.
3. Tilskipun 68/360/EBE um afnám takmarkana á flutningum og búsetu innan bandalagsins gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra.
4. Reglugerð (EBE) 1251/70 um rétt launþega til að dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis eftir að hafa gegnt starfi í því ríki.
5. Tilskipun 72/194/EBE um útfærslu gildissviðs tilskipunar 64/221/EBE um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis svo að það nái einnig til launþega sem neyta réttarins til að dveljast áfram í aðildarríki eftir að hafa verið þar við störf.
6. Tilskipun 73/148/EBE um afnám hafta á flutningum og búsetu innan bandalagsins gagnvart ríkisborgurum aðildarríkja að því er varðar staðfestu og þjónustustarfsemi.
7. Tilskipun 75/34/EBE um rétt ríkisborgara aðildarríkis til að dveljast áfram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eftir að hafa starfað þar sjálfstætt.
8. Tilskipun 75/35/EBE um útfærslu gildissviðs tilskipunar 64/221/EBE um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis svo að það nái einnig til ríkisborgara aðildarríkis sem neyta réttarins til að dveljast áfram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eftir að hafa starfað þar sjálfstætt.

9. Tilskipun 90/364/EBE um búseturétt.
10. Tilskipun 90/365/EBE um búseturétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem hafa látið af störfum.
11. Tilskipun 90/366/EBE um búseturétt námsmanna.

Þau ákvæði EB-löggjafar um frjálsa fólksflutninga, sem munu gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins, varða einkum rétt ríkisborgara EES-ríkjanna og fjölskyldna þeirra, án tillits til þjóðernis, til að koma til, dvelja í og vinna í öðru EES-ríki. Eru sérstök ákvæði sem gilda um launþega, þá sem starfa sjálfstætt og þá sem veita þjónustu eða njóta þjónustu og loks þá sem ekki stunda atvinnu, þar á meðal námsmenn og eftirlaunaþega.

Útlendingar, sem falla undir samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES-útlendingar), munu á ýmsum sviðum fá aukinn rétt til að koma hingað til lands, dveljast hér og vinna miðað við aðra útlendinga samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965. Miða tillögur í 10.–19. gr. frumvarpsins að þessu. Á móti munu íslenskir ríkisborgarar öðlast sama rétt í öðrum samningsríkjum.

EES-útlendingur mun fá rétt til að ráða sig í vinnu án atvinnuleyfis. Hann má þá einnig stofna til starfsemi eða veita eða njóta þjónustu hér á landi með sömu skilyrðum og íslenskir borgarar. Aðrir útlendingar verða hins vegar að jafnaði áfram að sækja um atvinnuleyfi áður en þeir koma til landsins.

EES-útlendingur mun öðlast rétt á dvalarleyfi í landinu ef hann fær vinnu innan þriggja mánaða. Réttur til dvalarleyfis gildir einnig fyrir þá sem starfa sjálfstætt, veita eða njóta þjónustu og þá sem ekki stunda atvinnu, þar á meðal námsmenn og eftirlaunaþega.

Fjölskylda EES-útlendings, sem hefur dvalarleyfi, fær einnig rétt til dvalar án tillits til ríkisfangs.

Forsenda fyrir dvalarrétti er að viðkomandi geti framfært sig sjálfur.

Í samningi um Evrópska efnahagssvæðið felast ákvæði sem varða heimildir til að meina EES-útlendingi komu til landsins eða vísa úr landi. Víkja þessi ákvæði frá þeim reglum sem nú gilda og munu gilda áfram um aðra útlendinga.

Verður hér á eftir vikið nánar að helstu ákvæðum samningsins sem varða dvalar- og búseturétt, fyrst að því er varðar launþega, síðan þá sem starfa sjálfstætt og þá sem veita eða njóta þjónustu og loks þá sem ekki stunda atvinnu.

Um launþega:

Með 28. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið skal launþegum tryggð frjáls för innan þess. Þessi réttindi eru skýrð nánar í viðauka V, 1., 3. og 5. tölul. (tilskipunum 64/221, 68/360 og 72/194), 2. tölul. (reglugerðum 1612/68 og 312/76) og 4. tölul. (reglugerð 1251/70).

Launþegar teljast allir ríkisborgarar EES-ríkis sem sækja um og ráða sig í vinnu eða hafa góðar vonir um að fá vinnu í öðru samningsríki á þeim tíma sem viðkomandi hefur rétt á að dvelja í landinu sem er venjulega þrír mánuðir. Til að tryggja frjálsa för launþega eru reglur um að fjölskylda launþegans eigi rétt á að flytjast með honum og gildir það án tillits til ríkisfangs. Til fjölskyldu launþegans teljast skv. 1. tölul. 10. gr. reglugerðar 1612/68 maki launþegans, afkomendur þeirra í beinan legg sem eru yngri en 21 árs eða á framfæri þeirra og ættingjar launþega og maka hans að feðgatali sem eru á framfæri þeirra.

Í 3. mgr. 28. gr. EES-samningsins kemur nánar fram hvað frjáls för launþega felur í sér. Í upphafi er tekið fram að hægt sé að takmarka þetta frjálsræði þegar það er rökstutt með tilliti til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis en um þetta eru nánari fyrirmæli í tilskipun 64/221. Í tilskipuninni kemur fram hvenær takmörkun að því er varðar komu til lands, útgáfu eða endurnýjun dvalarleyfis eða brottvísun úr landi er heimil.

Í viðauka við tilskipunina, sbr. 4. gr., kemur fram hvaða sjúkdómar geti réttlætt synjun um að koma til lands eða útgáfu fyrsta dvalarleyfis. Þetta gildir t.d. um berkla og sárasótt, eiturlyfjaneyslu og alvarlega geðræna sjúkdóma.

Í tilskipuninni eru einnig tilgreindar þær aðstæður sem réttlæta ekki frávísun, brottvísun og synjun um dvalarleyfi. Takmarkanir vegna allsherjarreglu eða almannaöryggis má eingöngu byggja á persónulegri hegðun viðkomanda. Í 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar er ákveði um að fyrri refsiverð hegðun sé ekki nægileg ein sér til að slíkum ráðstöfunum sé beitt. Dómstóll EB hefur í nokkrum dómum skýrt ákvæði tilskipunarinnar. Af þessum dómum má ráða að takmarkanir á för fólks geti ekki byggst á alhæfingum um hópa fólks og þær hafi heldur ekki það markmið að vera almenn hindrun.

Tilskipun 72/194 færir út gildissvið framangreindrar tilskipunar 64/221 þannig að efnisatriðin nái einnig til launþega sem nýtir sér réttinn til að dvelja áfram í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eftir að hafa lokið atvinnu þar.

Með þeim takmörkunum, sem hafa verið nefndar, hafa ríkisborgarar EES-ríkja rétt skv. a-lið 3. mgr. 28. gr. samningsins til að taka þeirri vinnu sem þeim stendur til boða í öðru samningsríki. Í þessu felst að ríkisborgari EES-ríkis skal vera undanþeginn kröfum um atvinnuleyfi.

Samkvæmt b-lið 3. mgr. 28. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið öðlast launþegar rétt til að fara að vild um svæðið. Þessi réttur felur m.a. í sér rétt til að fara til annars EES-ríkis með því að leggja fram gilt kennivottorð eða vegabréf, sbr. 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 68/360. Þannig verður ekki hægt að krefja launþegann um vegabréfsáritun eða setja sérstök skilyrði fyrir því að hann fái að koma til landsins. Þetta gildir hins vegar ekki um fjölskyldumeðlimi hans ef þeir eru ekki ríkisborgarar einhvers aðildarríkis. Ríkin eru samt sem áður skuldbundin til að auðvelda þessum fjölskyldumeðlimum að fá vegabréfsáritun, sbr. 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Dómstóll EB hefur hefur í máli 321/87 tekið nánari afstöðu til þess hversu víðtækur rétturinn til aðflutnings er. Í þessum dómi kemur fram að EB-rétturinn hindri ekki að aðildarríki hafi eftirlit með því hvort útlendingur, sem er þar búsettur, hafi undir höndum dvalarleyfi, svo framarlega sem skylda til að sýna persónuskilríki hvíli einnig á ríkisborgurum viðkomandi ríkis.

Samkvæmt c-lið 3. mgr. 28. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið hafa þeir sem hafa rétt á að flytja til landsins rétt á að dvelja í öðru samningsríki til að taka þar vinnu í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um starfskjör ríkisborgara þess ríkis. Samkvæmt 4. gr. tilskipunar 68/360 eiga EES-ríkin að veita ríkisborgara annars samningsríkis dvalarleyfi og fjölskyldu hans ef hann fær þar atvinnu. Staðfesting á þessu dvalarleyfi er veitt með skjali sem ber heitið dvalarleyfi. Til að slíkt skjal verði gefið út þarf launþeginn að hafa undir höndum skilríkið sem var notað við komuna til landsins og staðfestingu á atvinnuráðningu. Fyrir fjölskyldumeðlimi hans þarf að hafa skilríki sem var notað við komu til landsins, skjal sem sýnir hvernig fjölskyldutengslum er háttað, útgefið af yfirvaldi í heimalandi viðkomanda eða síðasta dvalarlandi og skjal sem sýnir að fjölskyldumeðlimur sé á framfæri launþegans eða hafi verið meðal heimilismanna hans í heimalandinu

eða síðasta dvalarlandi og þarf þetta skjal einnig að vera gefið út af yfirvaldi þar.

Dvalarleyfi á skv. 6. gr. tilskipunar 68/360 að gilda í a.m.k. fimm ár og þarf að vera unnt að framlengja það eftir þann tíma. Tímabundin dvalarleyfi eru gefin út vegna ráðningarsamninga sem gilda frá þremur mánuðum til eins árs. Allt að sex mánaða rof á dvöl breytir ekki gildi dvalarleyfis. Fjölskyldumeðlimir, sem eru sjálfir ríkisborgarar í EES-ríki, fá fimm ára dvalarleyfi en þeir sem eru það ekki eiga að fá dvalarleyfisskírteini sem gildir jafnlengi og dvalarleyfi launþegans.

Dvalarleyfi má ekki afturkalla á þeirri forsendu að atvinnuráðningin sé ekki lengur fyrir hendi, launþeginn sé óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss eða orðinn atvinnulaus að ósekju, sbr. 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Dvalarleyfi má takmarka í fyrsta sinn sem það er endurnýjað en þó ekki skemur en tólf mánuði þegar leyfishafinn hefur verið atvinnulaus samfellt lengur en tólf mánuði, sbr. 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Réttur til dvalar í öðru EES-ríki skal viðurkenndur án þess að dvalarleyfi sé gefið út, sbr. 8. gr. tilskipunarinnar, ef atvinnuráðningu er ekki ætlað að standa lengur en þrjá mánuði, launþeginn hefur búsetu í öðru samningsríki og fer þangað reglubundið minnst einu sinni í viku eða starfið er árstíðabundið og byggir á vinnusamningi sem er viðurkenndur af yfirvöldum.

Samkvæmt d-lið 3. mgr. 28. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið eiga ríkisborgarar samningsríkjanna rétt á að dveljast áfram í öðru samningsríki eftir að hafa stundað þar atvinnu. Í reglugerð 1251/71 eru helstu ákvæði um skilyrðin fyrir áframhaldandi dvöl nánar tilgreind. Í fyrsta lagi getur orðið af henni ef launþegi fer á eftirlaun og hefur unnið í landinu síðustu tólf mánuði og verið búsettur þar samfellt í þrjú ár. Í öðru lagi er réttur til áframhaldandi dvalar fyrir hendi ef launþegi hlýtur varanlega örorku og hefur verið búsettur í minnst tvö ár í landinu en ef vinnuveitandi ber ábyrgð á vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi eru engin tímamörk áskilin um búsetu í landinu. Í þriðja lagi getur orðið af áframhaldandi dvöl ef launþegi hefur búið og unnið í ríkinu samfellt í þrjú ár og starfar síðan í öðru ríki en heldur heimili í fyrra ríkinu og hverfur þangað að jafnaði daglega eða minnst einu sinni í viku. Í fjórða lagi á fjölskylda launþega rétt á áframhaldandi búsetu í landinu ef launþeginn andast. Ef launþeginn andast áður en hann hefur öðlast rétt til búsetu á fjölskylda hans rétt á að búa áfram í landinu að uppfylltum skilyrðum sem koma fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar 1251/71.

Um þá sem starfa sjálfstætt og þá sem veita eða njóta þjónustu:

Með 31. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið fá ríkisborgarar samningsríkjanna heimild til að hefja sjálfstæða starfsemi eða koma á fót fyrirtæki í öðru samningsríki. Samningsgreinin sem slík segir ekki beinlínis til um frjálsa för sjálfstætt starfandi manna innan Evrópska efnahagssvæðisins. Frelsið felst hins vegar í þremur tilskipunum, 73/148, 75/34 og 75/35, sem eru tengdar EES-samningnum gegnum viðauka VIII.

Í aðfaraorðum tilskipunar 73/148 segir að forsendur þess að afnema takmarkanir á staðfesturétti og þjónustuviðskiptum séu þær að afnema þurfi takmarkanir á ferðum og dvöl. Staðfesturétturinn sé ekki framkvæmanlegur nema hægt sé að fá varanlegt dvalarleyfi fyrir þá sem óska að hefja sjálfstæða starfsemi. Þeim sem láta í té eða notfæra sér þjónustu annarra verður að tryggja rétt til dvalar meðan slík þjónusta á sér stað.

Í 1. gr. tilskipunarinnar kemur fram til hverra reglurnar taka. Eru það ríkisborgarar EES-ríkjanna sem hafa eða vilja öðlast staðfesturétt í öðru samningsríki til að starfa sjálfstætt eða veita þjónustu og EES-borgarar sem vilja fara til annars samningsríkis til að njóta þar þjónustu. Hér við bætist fjölskylda.

Samningurinn skýrir ekki svo tæmandi sé hverjir teljist njóta þjónustu. Innan EB er ákvæðið ekki talið ná til hvers og eins eingöngu vegna þess að hann nýtir almennt þjónustu eins og aðrir. Er miðað við að viðkomandi verji verulegum hluta tíma síns til að notfæra sér þjónustu. Ferðamenn geta fallið hér undir þó að dvöl þeirra sé að jafnaði tímabundin.

Um dvalarleyfi gilda hliðstæðar reglur og fyrir launþega eftir því sem við á.

Í tilskipun 75/34 er sjálfstætt starfandi mönnum og fjölskyldum þeirra veittur réttur til áframhaldandi búsetu eftir að þeir hafa hætt rekstri. Reglurnar eru sambærilegar og fyrir launþega. Hins vegar falla þeir sem selja eða kaupa þjónustu ekki undir þessi ákvæði.

Tilskipun 75/35 setur sömu takmarkanir að því er varðar allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði fyrir ferða- og dvalarleyfi sjálfstætt starfandi manna og fjölskyldur þeirra og eru í tilskipun 64/221 fyrir launþega.

Um þá sem stunda ekki atvinnu:

Með 6.–8. tölul. viðauka VIII eru tilskipanir 90/364, 90/365 og 90/366 gerðar að hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Í þessum tilskipunum eru reglur um rétt þeirra sem stunda ekki atvinnu til að koma til og dvelja í öðru samningsríki. Tilskipun 90/364 gildir almennt um þá sem eru ekki starfandi. Tilskipun 90/365 geymir sérreglur um þá sem hafa látið af störfum og í tilskipun 90/366 eru sérreglur um námsmenn.

Þessar tilskipanir setja það skilyrði fyrir ferða- og dvalarleyfi þeirra sem eru ekki launþegar eða sjálfstætt starfandi að þeir framfæri sig sjálfir og séu tryggðir fyrir ófyrirséðum útgjöldum, þannig að þeir verði ekki byrði fyrir félagsmálakerfi dvalarríkisins. Það er talið nægilegt að fjármunir, tekjur eða lífeyrir viðkomanda séu hærri en þau tekjumörk sem veita rétt til aðstoðar félagsmálayfirvalda. Sé þessi mælikvarði ekki nothæfur verður þess krafist að fjármunirnir séu hærri en lægsti lífeyrir í viðkomandi landi.

Dvalarleyfi námsmanna er bundið við námstímann. Námsmennirnir eiga ekki rétt á greiðslu námsstyrkja eða námslána í dvalarlandinu. Dvalarleyfi fyrir námsmenn eru eingöngu veitt til eins árs í senn.

Fjölskyldur þessara hópa eiga rétt skv. 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/364 til að fá sér launaða vinnu eða koma á fót sjálfstæðri starfsemi í dvalarlandinu.

Dvalarrétturinn er staðfestur með dvalarleyfi eins og hjá öðrum hópum og almennt yrði slíkt dvalarleyfi veitt í fimm ár eins og fyrir launþega. Undantekning er gerð um námsmenn og einstaka aðra hópa. Um fjölskyldu viðkomandi gildir það sama og um launþega. Ef einhver fjölskyldumeðlimur er ekki ríkisborgari EES-ríkis fær hann jafnlangt dvalarleyfi og sá sem framfærir hann.

Til þess að fá slíkt dvalarleyfi þarf eingöngu að leggja fram gilt kennivottorð eða vegabréf og staðfestingu á að viðkomandi geti framfært sig og fjölskyldu sína og sé tryggður fyrir ófyrirséðum áföllum.

Sömu takmarkanir að því er varðar allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði gilda um þessa hópa og aðra.

Þær reglur, sem felast í EB-reglugerðum, ber sem slíkar að festa í innlendar reglur. Ákvæði reglugerða 1612/68 og 312/76 munu fá lagagildi hér á landi samkvæmt sérstöku lagafrumvarpi. Ákvæði reglugerðar 1251/70 munu hins vegar verða tekin upp í reglugerð á grundvelli laga um eftirlit með útlendingum, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Sama er um

ákvæði tilskipananna. Er gert ráð fyrir því að efni þeirra verði fellt í sérstaka reglugerð þar sem þau réttindi, sem felast í tilskipununum, koma fram.

Með hliðsjón af því að reglur EB (8. og 9. gr. tilskipunar 64/221) gera ráð fyrir því að unnt sé að kæra ákvarðanir um komu útlendings, synjun um útgáfu eða endurnýjun dvalarleyfis eða brottvísun úr landi er lagt til með ákvæðum V. kafla frumvarpsins að framvegis verði ákvarðanir um þetta ekki í höndum dómsmálaráðuneytisins heldur flytjist þær til útlendingaeftirlitsins, en með kærurétti til ráðuneytisins. Eru kæruheimildir teknar upp í nýrri 12. gr. a laganna, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Aðrar breytingar á lögum nr. 45/1965, sem eru lagðar til með V. kafla frumvarpsins, felast í því að verkefni eru flutt til útlendingaeftirlitsins. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að í 12. gr. frumvarpsins er ráðgert að 6. gr. laganna fjalli framvegis um annað efni en hefur verið til þessa, en núverandi efni 6. gr. laganna hefur ekkert sjálfstætt gildi.

Um 20.–23. gr.

Það leiðir af III. hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið og viðaukum V, VIII og XII að veita verður ríkisborgurum annarra samningsríkja sama rétt til fasteignakaupa hér á landi og íslenskum ríkisborgurum að því leyti sem það er nauðsynlegt til að nýta þau réttindi sem samningurinn veitir til frjálsra fólksflutninga, staðfestu og þjónustustarfsemi. Með ákvæðum 20.–23. gr. frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, þessu til samræmis.

Í 22. gr. frumvarpsins er gengið út frá því að sá sem nýtur ofangreindra réttinda þurfi ekki að afla sérstaks leyfis til fasteignakaupa hér á landi. Á hinn bóginn er þar gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um til hvaða fasteigna þessi réttur taki og framkvæmd réttarins að öðru leyti. Með því er vísað til þess annars vegar að samningur um Evrópska efnahagssvæðið stendur því ekki í vegi að takmarkanir séu gerðar á því gagnvart ríkisborgara í öðru samningsríki sem er ekki búsettur hér á landi að hann geti eignast fasteign sem er ekki nauðsynleg í atvinnustarfsemi hans eða til að halda þar heimili, t.d. sumarbústað, og hins vegar að ekkert er því til fyrirstöðu að ríkisborgara í öðru samningsríki sé gert að sanna rétt sinn fyrir íslenskum stjórnvöldum, t.d. við þinglýsingu. Ráðherra getur þannig kveðið á um það í reglugerð að réttur skv. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 22. gr. frumvarpsins, taki ekki til vissra tegunda fasteigna og að sá sem hyggst neyta réttinda samkvæmt ákvæðinu skuli afhenda þinglýsingastjóra yfirlýsingu um leið og þinglýsingar er beiðst þar sem því yrði lýst yfir að viðlagðri refsiábyrgð að hlutaðeigandi uppfylli nánar tilgreind skilyrði, sbr. einnig 23. gr. frumvarpsins.

Um önnur atriði í ákvæðum 20.–23. gr. frumvarpsins má benda á að með 20. gr. er gert ráð fyrir þeirri breytingu á 2. mgr. 1. gr. laganna að felld verði niður afmörkun á þeim tegundum réttinda tengdum fasteign sem útlendingur getur öðlast rétt yfir. Um þau atriði er fjallað í öðrum lögum og er reyndar verulegum takmörkunum háð í hverjum mæli hægt sé að skilja slík réttindi, t.d. veiði- og vatnsréttindi, frá fasteign. Í 21. gr. frumvarpsins eru eldri ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, sbr. 8. gr. laga nr. 23/1991, umorðuð lítillega og mælt að auki fyrir um heimild ráðherra til að setja ákvæði í reglugerð um umsóknir útlendinga um leyfi til að afla sér eignar- eða afnotaréttinda yfir fasteign hér á landi þegar slíks leyfis er þörf. Auk þeirra atriða í 22. gr. frumvarpsins, sem hefur þegar verið getið, má benda á að þar eru tekin af tvímæli um að ekki þurfi að afla leyfis ráðherra vegna samninga um leiguréttindi til tiltekins tíma eða með skilmála um tiltekinn uppsagnarfrest enda bera slíkir samningar greinilega með sér hvers efnis þeir eru sem verður þá eftir atvikum

gætt að við þinglýsingu hvort fullnægi skilyrðum til undanþágu frá þörf á leyfi ráðherra. Að öðru leyti horfa ákvæði 20.–23. gr. frumvarpsins til samræmingar og gleggri framsetningar á reglum 1. og 3. gr. laga nr. 19/1966 og verður ekki séð að þau þarfnist nánari skýringa.

Um 24. og 25. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fyrirmælum 2. gr. laga nr. 34/1986, sbr. 25. gr. laga nr. 23/1991, um skilyrði fyrir að geta fengið löggildingu til starfa við fasteigna- og skipasölu til samræmis við reglur í III. hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið og tilskipun 67/43/EBE. Breytingarnar felast nánar tiltekið í því að lagt er til að skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna verði fellt niður, auk þess að ráðherra verði heimilað að ákveða í reglugerð að þeir sem hafa heimild til að stunda þessa starfsemi eða hafa málflutningsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu verði að nokkru eða með öllu undanþegnir skilyrðum 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna um að hafa staðist prófraun til að öðlast þessa löggildingu. Að öðru leyti verður ekki séð að þessi fyrirmæli frumvarpsins þarfnist skýringa.

Um 26. gr.

Í 26. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á reglum um skilyrði til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara í 1. mgr. 5. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, að í stað áskilnaðar í 6. tölul. ákvæðisins um embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands eða öðrum háskóla, sem er metið jafngilt lögum samkvæmt, verði innlent lagapróf sett að skilyrði sem fyrr eða sambærilegt próf frá öðrum háskóla enda hafi þá dómaraefni nægða þekkingu á íslenskum lögum. Nái þessi breyting fram að ganga kæmi í hlut dómnefndar um hæfni umsækjenda um héraðsdómaraembætti skv. 2. mgr. 5. gr. laganna að leggja mat á hvort umsækjandi með erlent háskólapróf í lögum hafi nægða þekkingu á innlendri löggjöf til að rækja starfann.

Þessi breyting er lögð hér til með tilliti til tilskipunar 89/48/EBE en í samræmi við heimild í 28. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið er ekki hróflað hér við skilyrði um að héraðsdómari þurfi að vera íslenskur ríkisborgari, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989.

Um 27. gr.

Eins og var getið í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins hér að framan er ráðgert í bókun 5 um stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins sem fylgir samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls að dómstóllinn geti þarfnast framburðar vitnis eða sérfræðings við úrlausn máls. Í 25. gr. stofnsamþykktarinnar kemur fram heimild handa EFTA-dómstólnum til að mæta þessum þörfum með því að skipa svo fyrir að vitni eða sérfræðingur gefi skýrslu fyrir dómi á þeim stað þar sem hann hefur fasta búsetu. Er ætlast til að EFTA-dómstóllinn sendi fyrirmæli sín þar til bærum dómsyfirvöldum til framkvæmdar með þeim skilyrðum sem verður mælt fyrir um í starfsreglum dómstólsins. Skýrslu verður þá að taka fyrir dómi af viðkomandi manni eftir innlendum reglum en að því gerðu verða endurrit af framburði og skjöl vegna skýrslutökunnar send EFTA-dómstólnum.

Vegna þessara fyrirmæla í stofnsamþykktinni er með 27. gr. frumvarpsins lögð til sú breyting á ákvæðum XI. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, þar sem er fjallað um öflun sönnunargagna fyrir dómstóli í tengslum við rekstur einkamáls fyrir öðrum dómstóli, að við 76. gr. laganna verði bætt nýrri málsgrein til að taka fram að reglum umræddsa kafla laganna verði beitt við gagnaöflun fyrir dómstóli hér á landi í tengslum við rekstur dómsmáls erlendis, þar á meðal fyrir EFTA-dómstólnum.

Um 28. gr.

Þessi grein, sem kveður á um gildistöku ef frumvarpið hlýtur samþykki, þarfnast ekki skýringa.

107. Tillaga til þingsályktunar [104. mál]

um alþjóðlega skráningu skipa.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa hið fyrsta nauðsynlegar aðgerðir svo að koma megi á alþjóðlegri skráningu skipa hér á landi. Samið verði og lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um alþjóðlega skipaskráningu þar sem:

a. opnað verði fyrir alþjóðlega skráningu kaupskipa með sambærilegum hætti og tíðkast í Danmörku,
b. leyfð verði alþjóðleg skráning, B-skráning, fiskiskipa sem úrelt hafa verið úr íslenska fiskiskipaflotanum eða keypt eru erlendis frá án þess að hafa veiðileyfi í íslenskri lögsögu.

Jafnframt láti ríkisstjórnin undirbúa nauðsynlegar skattalagabreytingar vegna hinnar alþjóðlegu kaupskipaskráningar og aðrar lagabreytingar sem þörf er á. Stefnt verði að því að lögfesta viðkomandi breytingar fyrir þinglok vorið 1994.

Greinargerð.

Margt mælir með því að hrinda í framkvæmd alþjóðlegri skráningu skipa á Íslandi af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir.

Á undanförnum árum hefur fækkað stórlega í þeim hluta íslenska kaupskipaflotans sem skráður er á Íslandi. Ef skoðuð er þróun þessara mála sl. áratug kemur í ljós að af heildarflota upp á 51 skip í eigu íslenskra kaupskipaútgerða árið 1980 voru 48 skráð á Íslandi. Árið 1991 taldi flotinn 41 skip, en af þeim voru aðeins 17 á skrá hérlendis. Svipaða þróun má sjá í fjölda íslenskra sjómanna á kaupskipunum og má sem dæmi taka að frá því í júní 1988 til apríl 1991, eða á þremur árum, fækkaði þeim úr 424 í 341 eða um 83. Væntanlega hefur þróunin haldið áfram síðan þessar tölur voru teknar saman, sbr. skýrslu nefndar um skráningarreglur íslenskra kaupskipa frá því fyrr á þessu ári. Þar kemur m.a. fram að kaupskip í eigu íslenskra aðila hafi í febrúar 1993 verið 29 talsins en aðeins níu þeirra voru á skrá hérlendis.

Það virðist því ljóst að verði ekkert að gert stefnir í að skráning kaupskipa hér á landi og sigling þeirra undir íslenskum fána muni brátt heyra sögunni til. Það er skoðun flutningsmanna að raunhæfasta leiðin til að sporna við þessu og tryggja að tekjur og störf í tengslum við kaupskipaflotann falli Íslendingum í skaut sé að koma á alþjóðlegri skipaskráningu hlið-

stætt og gert hefur verið í Noregi og Danmörku. Sú leið sem Danir hafa valið er betur til þess fallin að vernda starfskjör innlendra sjómanna og líklegra að um hana geti orðið sæmileg sátt.

Hvað varðar seinni lið tillögunnar um alþjóðlega skráningu fiskiskipa er það að segja að verið er að bregðast við talsvert öðru vandamáli en við á um kaupskipin. Vegna veiðiréttinda íslenskra skipa innan landhelginnar er útflöggun fiskiskipaflotans í sama skilningi og kaupskipanna augljóslega ekki á dagskrá. Hins vegar hefur skapast sú staða að íslenskar útgerðir, eigendur skipa sem tekin hafa verið af veiðileyfin í íslenskri landhelgi, hafa ekki mátt gera þau út áfram undir íslenskum fána til veiða á fjarlægum miðum. Þessi staða kemur upp vegna ákvæða í lögum um stjórn fiskveiða og reglna um endurnýjun og úreldingu fiskiskipa.

Í lögum um stjórn fiskveiða hefur undanfarin ár verið ákvæði þess efnis að einungis megi veita þeim skipum veiðileyfi sem þau hafi fyrir, eða nýjum eða nýkeyptum skipum í stað annarra sambærilegra sem horfið hafi „varanlega úr rekstri". Athyglisvert er að það eru ekki lögin sjálf sem gera það að skilyrði að skipin hverfi af skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins heldur reglugerðarákvæði.

Þannig stóð í 17. gr. reglugerðar nr. 290/1992, um veiðar í atvinnuskyni á sl. fiskveiðiári: „Aðeins er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðiheimildir skv. 1. gr. í stað skips sem hverfur úr rekstri, að skip það sem hverfur úr rekstri hafi verið strikað af skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins." Þessi túlkun, eða öllu heldur framkvæmd þeirra ákvæða laganna að til þess að skip skuli talin *endanlega úr rekstri* þurfi þau að hverfa af íslenskri skipaskrá, mun fyrst hafa litið dagsins ljós í reglugerð á árinu 1987.

Í ljósi framangreinds má færa fyrir því rök að ekki sé þörf á lagabreytingum til að heimila áframhaldandi íslenska skráningu skipa sem horfið hafa varanlega úr rekstri í skilningnum fiskveiðiskip innan íslenskrar lögsögu. Augljóst er að skip, sem hafa misst veiðileyfi innan íslenskrar efnahagslögsögu, geta að öllu öðru leyti fullnægt reglum um íslenska skráningu, svo sem hvað íslenskt eignarhald, öryggisbúnað o.s.frv. snertir.

Sé það á hinn bóginn vilji yfirvalda að halda sig við þá framkvæmd að til að teljast „endanlega úr rekstri" skuli skipin ekki aðeins missa veiðileyfi í íslenskri lögsögu heldur einnig hverfa af hinni almennu skipaskrá er einfaldasta lausnin að mati flutningsmanna sú sem hér er lögð til að til verði sérstök skrá, B-skrá eða alþjóðleg skrá, sem skipin geti þá færst yfir á.

Vegna þess ástands sem ríkir hafa útgerðir brugðið á það ráð að stofna fyrirtæki og skrá skipin erlendis með þeim afleiðingum að þau teljast ekki lengur til íslenska flotans. Ekki verður séð að sú stefnumótun, sem í gildi er um að takmarka stærð fiskiskipaflotans innan íslensku lögsögunnar, þurfi að útiloka það að fiskiskip geti eftir sem áður tilheyrt íslenskri skipaskrá og án þess að hafa veiðileyfi í íslenskri lögsögu. Tala mætti um B-skráningu fiskiskipa í því tilfelli. Með því vinnst það að aflareynsla, sem skipin kunna að öðlast á fjarlægum miðum, bókfærist á Ísland, fyrirtækin eru laus við það umstang sem því fylgir að skrá skipin erlendis, en því getur einnig fylgt verulegur kostnaður svo sem vegna endurflokkunar, réttarstaða sjómanna er betur tryggð og síðast en ekki síst getur það skipt verulegu máli í viðskiptalegu tilliti fyrir útgerðirnar hvar skipin eru skráð. Er þá átt við að afli skipa, sem skráð eru erlendis en eru í eigu íslenskra fyrirtækja, getur tekið á sig toll sem innflutt hráefni þegar þannig háttar til.

Rétt er að taka fram að í hvorugu tilvikanna er verið að tala um að opna „erlendum“ skipum leið inn á íslenska skipaskrá. Flutningsmenn gera ráð fyrir að sambærileg skilyrði um eignarhlut Íslendinga í útgerðarfyrirtækjum kæmu inn í lögin og gilda í bæði norsku (NIS) og dönsku (DIS) alþjóðaskránum.

Við setningu laganna þarf að huga að því hvort ekki sé rétt að látin verða gilda ákveðin ákvæði til bráðabirgða um heimildir til endurskráningar þeirra skipa sem horfið hafa út á undanförnum árum en enn eru í eigu íslenskra útgerðaraðila inn á hina alþjóðlegu íslensku skipaskrá.

Á fylgiskjali með tillögunni birtust upplýsingar um norsku (NIS) og dönsku (DIS) alþjóðlegu skipaskrárnar. Þessar upplýsingar birtust í skýrslu samgönguráðuneytisins um skráningu kaupskipa á Íslandi, 1993. Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

108. Frumvarp til fjáraukalaga [105. mál]

fyrir árið 1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1993 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1993:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**-3 166 000**
Beinir skattar	-397 000	
Óbeinir skattar	-1 806 000	
Vaxtatekjur	440 000	
Aðrar tekjur	-1 403 000	
Gjöld		**4 102 200**
Samneysla	1 389 100	
Rekstrargjöld	1 239 400	
Viðhald	149 700	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 147 500	
Vaxtagjöld	-500 000	
Fjárfesting	1 065 600	
Stofnkostnaður	1 065 600	
Gjöld umfram tekjur		**7 268 200**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		-1 590 000
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	-1 590 000	
Viðskiptareikningar		600 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**6 278 200**
Afborganir af teknum lánum		-210 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**6 068 200**
Lántökur		6 100 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**31 800**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1993 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	18 000	
01 Forsætisráðuneyti	45 000	
02 Menntamálaráðuneyti	191 400	
03 Utanríkisráðuneyti	-16 000	
04 Landbúnaðarráðuneyti	329 100	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	316 800	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	58 300	
07 Félagsmálaráðuneyti	78 000	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 666 200	
09 Fjármálaráðuneyti	1 249 900	
10 Samgönguráðuneyti	106 500	
11 Iðnaðarráðuneyti	15 000	
14 Umhverfisráðuneyti	44 000	
Samtals		4 102 200

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 20	Fasteignir	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
00–401 Hæstiréttur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 000
1 01	Hæstiréttur	13 000	
	Gjöld samtals		13 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 000	
5	Gjöld samtals		**13 000**
	Samtals		18 000

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 90	Ýmis verkefni	15 000	
Viðhaldsverkefni:			10 000
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	10 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**
01–171 Byggðastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 10	Heimilis- og listiðnaður	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**
	Samtals		45 000

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			15 000
5 02	Árnagarður, viðhald innan húss	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
02–210 Háskólinn á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			7 000
5 20	Fasteignir	7 000	
	Gjöld samtals		7 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals		**7 000**
02–211 Tækniskóli Íslands			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−6 000	
	Mismunur		**6 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–221 Kennaraháskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			18 000
5 01	Fasteign	9 000	
5 10	Varmaland	9 000	
	Gjöld samtals		18 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	18 000	
5	Gjöld samtals		**18 000**
02–223 Rannsóknastofnun uppeldismála			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			8 000
5 01	Fasteign	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
02–233 Rannsóknasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			45 000
6 01	Rannsóknasjóður	45 000	
	Gjöld samtals		45 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	45 000	
5	Gjöld samtals		**45 000**
02–299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	10 000	
	Gjöld samtals		10 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**

02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			38 000
5 90	Viðhald	38 000	
Stofnkostnaður:			36 000
6 90	Byggingarframkvæmdir	36 000	
	Gjöld samtals		74 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	74 000	
5	Gjöld samtals		**74 000**

02–319 Framhaldsskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 14	Sérkennsla	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
5	Gjöld samtals		**4 000**

02–440 Fullorðinsfræðsla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 90	Fullorðinsfræðsla	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**

Þús. kr. Þús. kr.

02–804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins

Viðfangsefni:
Almennur rekstur: 2 500
1 01 Kvikmyndaeftirlit ríkisins 2 500

Gjöld samtals 2 500

Tegundasundurliðun:
51 Laun 2 500
5 Gjöld samtals **2 500**

02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Viðfangsefni:
Almennur rekstur: −60 000
1 01 Lánasjóður íslenskra námsmanna . . . . . −60 000

Gjöld samtals . . . . . −60 000

Tegundasundurliðun:
59 Tilfærslur:
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða . . . . . −60 000
5 Gjöld samtals . . . . . **−60 000**

02–907 Listasafn Íslands

Viðfangsefni:
Viðhaldsverkefni: 10 000
5 10 Skálholtsstígur 7 . . . . . 10 000

Gjöld samtals 10 000

Tegundasundurliðun:
52–58 Önnur gjöld 10 000
5 Gjöld samtals **10 000**

02–909 Blindrabókasafn Íslands

Viðfangsefni:
Stofnkostnaður: 7 500
6 01 Tæki og búnaður 7 500

Gjöld samtals 7 500

Tegundasundurliðun:
52–58 Önnur gjöld 7 500
5 Gjöld samtals **7 500**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–973 Þjóðleikhús		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		17 000
6 50 Endurbætur	17 000	
Gjöld samtals		17 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	17 000	
5 Gjöld samtals		**17 000**
02–974 Sinfóníuhljómsveit Íslands		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		4 500
6 20 Sviðsbúnaður í Háskólabíó	4 500	
Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	4 500	
5 Gjöld samtals		**4 500**
02–982 Listir, framlög		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		8 900
1 90 Listir, framlög	8 900	
Gjöld samtals		8 900
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 900	
5 Gjöld samtals		**8 900**
02–999 Ýmislegt		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		4 000
6 20 Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu	4 000	
Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	4 000	
5 Gjöld samtals		**4 000**
Samtals		191 400

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 400
1 01	Yfirstjórn	1 300	
1 53	Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	6 100	
	Gjöld samtals		7 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 300	
5	Gjöld samtals		**7 400**
03–309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 600
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	3 600	
	Gjöld samtals		3 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 600	
5	Gjöld samtals		**3 600**
03–391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 000
1 90	Ýmis neyðaraðstoð	21 000	
	Gjöld samtals		21 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	21 000	
5	Gjöld samtals		**21 000**

03–401 Alþjóðastofnanir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−48 000
1 73	Þróunarsjóður EFTA	−48 000	
	Gjöld samtals		−48 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	−48 000	
5	Gjöld samtals		**−48 000**
	Samtals		−16 000

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–201 Búnaðarfélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 100
1 01	Búnaðarfélag Íslands	3 100	
	Gjöld samtals		3 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 100	
5	Gjöld samtals		**3 100**
04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−7 000	
	Mismunur		**7 000**
04–410 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			206 000
1 05	Niðurgreiðslur á mjólkurvörum	206 000	
	Gjöld samtals		206 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	206 000	
5	Gjöld samtals		**206 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–430 Sérstakar greiðslur í landbúnaði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			108 000
1 01	Nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðir	108 000	
	Gjöld samtals		108 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	108 000	
5	Gjöld samtals		**108 000**
04–501 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Viðhaldsfé	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
	Samtals		329 100

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−302 000	
	Mismunur		**302 000**
05–216 Ríkismat sjávarafurða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 800
1 01	Ríkismat sjávarafurða	4 800	
	Gjöld samtals		4 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 800	
5	Gjöld samtals		**4 800**
05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Matvælaþróun í sjávarútvegi	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**
	Samtals		316 800

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
06–111 Kosningar		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		4 000
1 10 Kosningar	4 000	
Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	4 000	
5 Gjöld samtals		**4 000**
06–211 Héraðsdómur Reykjavíkur		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		3 800
1 02 Héraðsdómur Reykjavíkur	3 800	
Gjöld samtals		3 800
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	3 800	
5 Gjöld samtals		**3 800**
06–291 Húsnæði og búnaður dómstóla		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		25 000
6 01 Húsnæði Hæstaréttar	25 000	
Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	25 000	
5 Gjöld samtals		**25 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
06–301 Ríkissaksóknari		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		4 300
1 05 Ríkissaksóknari	4 300	
Gjöld samtals		4 300
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	4 300	
5 Gjöld samtals		**4 300**
06–302 Rannsóknarlögregla ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 200
1 02 Rannsóknarlögregla ríkisins	1 200	
Gjöld samtals		1 200
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	1 200	
5 Gjöld samtals		**1 200**
06–411 Sýslumaðurinn í Reykjavík		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		10 000
1 01 Yfirstjórn	10 000	
Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	10 000	
5 Gjöld samtals		**10 000**
06–591 Fangelsisbyggingar		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		10 000
6 10 Stofnframkvæmdir	10 000	
Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	10 000	
5 Gjöld samtals		**10 000**
Samtals		58 300

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–400 Málefni barna og ungmenna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 90	Málefni barna og ungmenna	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
07–981 Vinnumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 000
1 70	Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni	60 000	
	Gjöld samtals		60 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	60 000	
5	Gjöld samtals		**60 000**
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 31	Félagasamtök, styrkir	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		78 000

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–271 Tryggingastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			350 000
1 10	Lífeyristryggingar	350 000	
	Gjöld samtals		350 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	350 000	
5	Gjöld samtals		**350 000**
08–273 Atvinnuleysistryggingasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 150 000
1 01	Atvinnuleysistryggingasjóður	1 150 000	
	Gjöld samtals		1 150 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 150 000	
5	Gjöld samtals		**1 150 000**
08–277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 000
1 01	Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	75 000	
	Gjöld samtals		75 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	75 000	
5	Gjöld samtals		**75 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Fasteign	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 000
1 01	Ríkisspítalar	60 000	
	Gjöld samtals		60 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 000	
5	Gjöld samtals		**60 000**
08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			15 500
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	15 500	
Stofnkostnaður:			3 500
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	3 500	
	Gjöld samtals		19 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	15 500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	3 500	
5	Gjöld samtals		**19 000**
08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			1 200
5 01	Viðhald, óskipt	1 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 800
6 01	Tæki og búnaður	2 800	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals		**4 000**

08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 200
1 01	Heilsugæslustöðin Akureyri	6 200	
	Gjöld samtals		6 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 200	
5	Gjöld samtals		**6 200**
	Samtals		1 666 200

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–251 Gjaldheimtan í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 000
1 10	Ýmis innheimtukostnaður	70 000	
	Gjöld samtals		70 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	70 000	
5	Gjöld samtals		**70 000**
09–381 Uppbætur á lífeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 000
1 01	Uppbætur á lífeyri	44 000	
	Gjöld samtals		44 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	44 000	
5	Gjöld samtals		**44 000**
09–402 Fasteignamat ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 01	Fasteignamat ríkisins	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–801	**Ýmis lán ríkissjóðs, vextir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−500 000
1 10	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	−500 000	
	Gjöld samtals		−500 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−500 000	
5	Gjöld samtals		**−500 000**
09–981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			97 000
6 05	Stjórnarráðshúsnæði	35 000	
6 40	Tollhúsið við Tryggvagötu	25 000	
6 80	Listaskóli	5 000	
6 90	Aðrar fasteignir	32 000	
	Gjöld samtals		97 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	97 000	
5	Gjöld samtals		**97 000**
09–989	**Launa- og verðlagsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			838 800
1 01	Rekstur	538 800	
1 90	Launabætur	300 000	
Stofnkostnaður:			696 300
6 01	Stofnkostnaður	696 300	
	Gjöld samtals		1 535 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	494 100	
52–58	Önnur gjöld	744 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	296 400	
5	Gjöld samtals	1 535 100	
4	Sértekjur	16 200	
	Mismunur		**1 518 900**
	Samtals		1 249 900

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–211 Vegagerð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			50 000
6 55	Ferjur og flóabátar	50 000	
	Gjöld samtals		50 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	50 000	
5	Gjöld samtals		**50 000**
10–333 Hafnamál			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			45 000
6 30	Hafnamannvirki	30 000	
6 40	Sjóvarnargarðar	15 000	
	Gjöld samtals		45 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	45 000	
5	Gjöld samtals		**45 000**
10–471 Flugmálastjórn			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−11 500	
	Mismunur		**11 500**
	Samtals		106 500

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–299 Iðja og iðnaður, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 30	Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
11–302 Rafmagnseftirlit ríkisins			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−10 000	
	Mismunur		**10 000**
		Samtals	15 000

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 500
1 01	Yfirstjórn	3 500	
	Gjöld samtals		3 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals		**3 500**
14–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 900
1 39	Mengunarslys	1 900	
Stofnkostnaður:			12 000
6 90	Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir	12 000	
	Gjöld samtals		13 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	13 900	
5	Gjöld samtals		**13 900**
14–201 Náttúruverndarráð			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			15 000
5 10	Viðhald þjóðgarða	15 000	
	Gjöld samtals		15 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	15 000	
5	Gjöld samtals	15 000	
4	Sértekjur	−1 600	
	Mismunur		**16 600**

14–410 Veðurstofa Íslands

Tegundasundurliðun:			
5	Gjöld samtals		
4	Sértekjur	−10 000	
	Mismunur		**10 000**
	Samtals		44 000

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlög ársins 1993 voru afgreidd með 6,2 milljarða króna halla. Þar af mátti rekja tæplega 2 milljarða króna til ákvarðana ríkisstjórnarinnar um aukin útgjöld til vegaframkvæmda. Þrátt fyrir þetta var stefnt að áframhaldandi lækkun útgjalda ríkissjóðs, um tæplega 2 milljarða króna að raungildi. Jafnframt var áætlað að tekjurnar yrðu nálægt 1 milljarði króna lægri en árið 1992. Hér á eftir er greint frá áætlaðri afkomu ríkissjóðs á árinu 1993, lánsfjáröflun og einstökum beiðnum um aukafjárveitingar. Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 1994 er að finna ítarlegri umfjöllun um afkomu ríkissjóðs 1993.

Afkoma ríkissjóðs 1993

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.
Tekjur	104.771	101.605	-3.166
Gjöld	111.015	113.940	2.925
Rekstrarafkoma	**-6.244**	**-12.335**	**-6.091**
Veitt lán, nettó	-2.360	-770	1.590
Hluta- og stofnfjárframlög	-435	-435	0
Viðskiptareikningar	100	-500	-600
Hrein lánsfjárþörf	**8.939**	**14.040**	**5.101**
Lántökur, nettó	**8.990**	**14.050**	**5.060**
Innlend lántaka - afborganir	5.110	6.440	1.330
Erlend lántaka - afborganir	3.880	7.610	3.730

Frá því að fjárlög þessa árs voru samþykkt hafa ýmsar forsendur þeirra breyst í veigamiklum atriðum:

Í fyrsta lagi hafa skuldbindingar stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1993, einkum aukin framlög til ýmissa viðhaldsverkefna og auknar niðurgreiðslur á matvælum, valdið rúmlega 2 milljarða króna útgjaldaauka umfram fjárlög.

Í öðru lagi hafa ýmsar breytingar á skattalögum, meðal annars í tengslum við gerð kjarasamninga fyrr á þessu ári, skert tekjur ríkissjóðs. Þessar breytingar munu samanlagt skerða tekjur ríkissjóðs um 1 milljarð króna frá áætlun fjárlaga.

Í þriðja lagi munu áform fjárlaga um sölu ríkiseigna ekki ganga eftir á árinu. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að eignasala skilaði ríkissjóði um 1.500 m.kr. en nú er sýnt að hún nemur aðeins um 100 m.kr.

Í fjórða lagi hefur viðvarandi samdráttur í þjóðarútgjöldum skert tekjur ríkissjóðs og aukið útgjöld umfram það sem reiknað var með í fjárlögum. Aukið atvinnuleysi hefur komið fram í lægri tekjum einstaklinga og þar með dregið úr útgjöldum heimilanna. Af þessu leiðir að tekjur ríkissjóðs af launa- og veltusköttum verða lægri en reiknað var með í fjárlögum. Á gjaldahlið munu framlög til greiðslu atvinnuleysisbóta fara verulega fram úr áætlun fjárlaga, eða sem nemur 1,2 milljörðum króna.

Helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum 1993, m.kr.

	Tekjuhlið:	
1.	**Ýmsar breytingar á skattalögum, samtals**	**-1.165**
	- Horfið frá lækkun endurgreiðslna VSK af vinnu við íbúðarhúsnæði	-400
	- Lækkun vörugjalds af byggingarvörum	-200
	- Innflutningsgjald bifreiða - breytt form	-100
	- Tímabundin niðurfelling tryggingagjalds af útflutningsgreinum	-465
2.	**Minni tekjur af sölu eigna**	**-1.400**
3.	**Áhrif aukins efnahagssamdráttar**	**-2.000**
4.	**Ýmsir þættir (betri innheimta, meiri vaxtatekjur o.fl.)**	**1.400**
	Heildarfrávik tekna frá fjárlögum	**-3.165**
	Gjaldahlið:	
1.	**Aukin framlög úr ríkissjóði til greiðslu atvinnuleysisbóta**	**1.200**
2.	**Aukin útgjöld tengd kjarasamningum, samtals**	**2.200**
	- Aukin útgjöld til framkvæmda á vegum ríkisins	1.000
	- Úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs	300
	- Greiðsla orlofsuppbóta og launabóta	600
	- Niðurgreiðslur á búvörum	300
3.	**Minni vaxtagjöld o.fl.**	**-475**
	Heildarfrávik gjalda frá fjárlögum	**-2.925**

Þegar allt er lagt saman stefnir í að tekjur ríkissjóðs verði 3 milljörðum króna minni árið 1993 en áætlað var í fjárlögum. Frávik á gjaldahlið er einnig um 3 milljarðar króna. Eins og nú horfir er halli ríkissjóðs í árslok 1993 áætlaður 12,3 milljarðar króna, eða 6 milljörðum króna umfram fjárlög. Þar af má rekja 3 milljarða króna til skuldbindinga í tengslum við kjarasamninga og annað eins til aukins atvinnuleysis og samdráttar í þjóðarútgjöldum umfram forsendur fjárlaga.

Meiri hallarekstur en fjárlög gerðu ráð fyrir endurspeglast í aukinni lánsfjárþörf ríkissjóðs. Á fjárlögum var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla til að mæta halla á rekstrarreikningi og ýmsum lánahreyfingum, áætluð tæplega 9 milljarðar króna. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verður lánsfjárþörfin á þessu ári hins vegar um 14 milljarðar króna. Hækkunin er einum milljarði króna lægri en aukning rekstrarhalla ríkissjóðs, sem skýrist af því að innheimtar afborganir af veittum lánum eru hærri en áætlað var í fjárlögum.

Tekjur

Í fjárlögum ársins 1993 voru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 104,8 milljarðar króna. Allt bendir nú til þess að þær verði rúmlega 3 milljörðum króna minni, eða nálægt 101,6 milljörðum króna. Til samanburðar nam innheimta ríkissjóðstekna 103,4 milljörðum króna á árinu 1992. Lækkunin milli ára nemur því tæpum 2% á sama tíma og verðvísitala landsframleiðslu hækkar um 1,5%. Það þýðir að heildartekjur ríkissjóðs hafa dregist saman um nær 3,5 milljarða króna frá árinu 1992, metnar á föstu verðlagi. Samdráttur skattteknanna er hins vegar heldur minni, eða nær 2,5 milljörðum króna.

Það er einkum þrennt sem skýrir þennan tekjusamdrátt frá áætlun fjárlaga. Í fyrsta lagi hafa verið samþykktar ýmsar breytingar á sköttum, meðal annars í tengslum við gerð kjarasamninga fyrr á þessu ári, sem skerða tekjur ríkissjóðs um nálægt 1 milljarð króna. Þar vegur þyngst tímabundin niðurfelling tryggingagjalds af útflutningsgreinum sem talin er lækka tekjurnar um tæpan hálfan milljarð króna frá áætlun fjárlaga. Jafnframt var horfið frá því að lækka endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði sem skila átti ríkissjóði um 400 m.kr. Þá hafa ýmsar breytingar á vörugjöldum neikvæð áhrif á tekjuhliðina.

Í öðru lagi munu áform stjórnvalda um sölu ríkiseigna ekki nást fram á þessu ári. Gert hafði verið ráð fyrir að eignasala skilaði ríkissjóði um 1,5 milljörðum króna, en nú þykir sýnt að þær tekjur verði vart meiri en um 100 m.kr.

Í þriðja lagi hefur meira atvinnuleysi en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga komið fram í minni tekjum einstaklinga, sem aftur hefur dregið úr útgjöldum heimilanna. Þetta leiðir til þess að tekjur ríkissjóðs af launa- og veltusköttum verða nærri 2 milljörðum króna lægri en reiknað var með. Á móti þessum áhrifum vega meiri tekjur af eignarsköttum og tryggingagjaldi auk þess sem vaxtatekjur hafa orðið meiri en áætlað var.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs 1993

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Tekju- og eignarskattar	**20.193**	**19.796**	**-397**	**-2**
Einstaklingar	15.844	15.146	-698	-4
Fyrirtæki	4.349	4.650	301	7
Óbeinir skattar	**76.698**	**74.892**	**-1.806**	**-2**
Innflutnings- og vörugjöld	8.656	8.215	-441	-5
Virðisaukaskattur	40.950	40.000	-950	-2
Hagnaður ÁTVR	6.350	6.150	-200	-3
Tryggingagjald	9.450	9.300	-150	-2
Bifreiðagjöld	7.375	7.395	20	0
Aðrir óbeinir skattar	3.917	3.832	-85	-2
Aðrar tekjur	**7.880**	**6.917**	**-963**	**-12**
Vaxtatekjur	4.000	4.440	440	11
Arðgreiðslur	2.030	2.052	22	1
Sala eigna	1.500	100	-1.400	-93
Aðrar tekjur	350	325	-25	-7
Heildartekjur ríkissjóðs	**104.771**	**101.605**	**-3.166**	**-3**

Tekju- og eignarskattar. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1993 verður tekjuskattur einstaklinga líklega tæpum 700 m.kr. undir áætlun fjárlaga yfirstandandi árs. Þannig verður staðgreiðsla tekjuskatts líklega 1 milljarði króna undir áætlun á þessu ári sem skýrist að mestu af samdrætti tekna vegna aukins atvinnuleysis. Á móti lægri staðgreiðslu vegur hins vegar betri innheimta á eftirstöðvum fyrri ára og minni endurgreiðslur. Þá verða greiðslur til sveitarfélaga vegna afnáms aðstöðugjalds í takt við áætlanir, eða nálægt 4 milljörðum króna.

Á hinn bóginn verða tekjur af tekju- og eignarsköttum fyrirtækja um 300 m.kr. meiri á þessu ári en búist var við. Þannig virðist afkoma fyrirtækja hafa verið heldur betri á árinu 1992 en áætlað hafði verið, en það endurspeglast í hærri álagningu tekjuskatts á

þessu ári. Auk þess hefur innheimta tekju- og eignarskatta verið betri en miðað var við í forsendum fjárlaga.

Óbeinir skattar. Talið er að tekjur af veltusköttum (virðisaukaskatti, innflutningsgjöldum) verði 1,8 milljörðum króna lægri í ár en gert var ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga. Skýringin er tvíþætt. Önnur er meiri samdráttur í innflutningi, einkum í dýrari vörum (bílum, rafmagnstækjum o.fl.) sem skila ríkissjóði jafnan drjúgum hluta skattteknanna. Að baki liggur minni kaupmáttur heimilanna í kjölfar aukins atvinnuleysis. Þessi áhrif sjást einnig í minni tekjum ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks, en allt bendir til þess að þær verði að minnsta kosti 200 m.kr. undir áætlun fjárlaga.

Hin skýringin er ýmsar breytingar í skattamálum frá því að fjárlögin voru samþykkt í lok síðasta árs. Má þar nefna niðurfellingu vörugjalds af ýmsum byggingarvörum og lægri vörugjöld á bifreiðar, auk þess sem fallið var frá áformum um að lækka endurgreiðslur virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði. Þá var tryggingagjald af útflutningsgreinum fellt niður tímabundið í tengslum við gerð kjarasamninga síðastliðið vor. Á móti vegur að innheimta tryggingagjalds er betri en búist var við, jafnframt því að slysatryggingagjald vegna ökutækja hækkaði umfram forsendur fjárlaga.

Aðrar tekjur. Þegar á heildina er litið verða tekjur af þessum lið líklega um 1 milljarði króna undir áætlun fjárlaga. Hér kemur tvennt til. Annars vegar munu áform stjórnvalda um sölu ríkiseigna ekki ganga eftir. Það lækkar tekjurnar um 1.400 m.kr. Á móti kemur að vaxtatekjur ríkissjóðs eru nokkru meiri en gert hafði verið ráð fyrir.

Útgjöld

Áætluð útgjöld ríkissjóðs við afgreiðslu fjárlaga 1993 voru 111 milljarðar króna samanborið við 110,6 milljarða króna árið 1992. Útgjöld þessa árs hafa verið endurmetin í tengslum við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1994 og með tilliti til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu. Talið er að útgjöldin verði um 113,9 milljarðar króna en það er 2,9 milljarða króna hækkun frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þá hafa fulltrúar fjármálaráðuneytis átt viðræður við fulltrúa annarra ráðuneyta um stöðu mála og metið beiðnir um viðbótarfjárframlög vegna yfirstandandi árs.

Rekstrarkostnaður er nú áætlaður 44,2 milljarðar króna eða 0,9 milljarðar króna umfram fjárlög. Af þeirri fjárhæð má rekja 600 m.kr. til ákvarðana tengdum kjarasamningum á þessu ári. Annars vegar voru gerðir kjarasamningar við aðildarfélög BHMR o.fl. sem hækka launagreiðslur um 300 m.kr. Hins vegar var ákveðið með lögum að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs endurgjaldslaust til útgerðarinnar. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að þessar heimildir skiluðu Hafrannsóknastofnun um 300 m.kr. á árinu 1993. Það sem eftir stendur, liðlega 300 m.kr., skýrast af ýmsum smærri tilefnum sem nánar eru rakin með athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins.

Tryggingabætur og framlög eru nú áætluð 43,2 milljarðar króna sem er 2 milljörðum króna hærri fjárhæð en í fjárlögum. Í fyrsta lagi aukast bótagreiðslur atvinnuleysistrygginga sem nemur ríflega 1.200 m.kr. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir 3% atvinnuleysi en samkvæmt nýjum spám má ætla að það verði um 4,5% á árinu 1993. Í annan stað hækka eingreiðslur lífeyristrygginga um 600 m.kr. og niðurgreiðslur á búvörum um 300 m.kr. í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjara-

samninga sl. vor. Í fjárlögum voru einungis 250 m.kr. til að mæta þessum eingreiðslum. Í þriðja lagi eru ýmis smærri framlög sem ýmist hækka eða verða ekki nýtt að fullu á árinu. Bætur og framlög úr ríkissjóði eru að stærstum hluta greiddar samkvæmt ákvæðum laga, reglna eða samninga. Í sumum tilvikum getur reynst erfitt að áætla greiðslur nákvæmlega í upphafi árs. Þannig vantar t.d. um 44 m.kr. vegna uppbóta á lífeyrisgreiðslur opinberra starfsmanna. Á móti lækka framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 60 m.kr. vegna fækkunar lánþega og framlög utanríkisráðuneytis til Evrópumála lækka um 50 m.kr., þar sem gildistaka EES-samninga hefur dregist.

Vaxtagreiðslur ríkissjóðs eru áætlaðar um 10 milljarðar króna eða 500 m.kr. lægri en í fjárlögum. Það skýrist einkum af lægri vöxtum á erlendum lánum en áætlað var.

Viðhald og stofnkostnaður er talinn nema 16,4 milljörðum króna á árinu 1993 og hækkar um 500 m.kr. frá fjárlögum. Í tengslum við gerð kjarasamninga sl. vor ákvað ríkisstjórnin að verja rúmlega 1 milljarði króna til atvinnuskapandi verkefna. Helmingur þeirrar fjárhæðar voru heimildir í fjárlögum 1992 sem ekki voru nýttar á því ári. Talið er að álíka há fjárhæð til framkvæmda í fjárlögum 1993 verði ekki nýtt á því ári. Ríkisstjórnin hefur gefið vilyrði um að þær flytjist til ársins 1994.

Áætluð útgjöld ríkissjóðs 1993

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrarkostnaður	**43.284**	**44.200**	**916**	**2**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**41.251**	**43.295**	**2.044**	**5**
Lífeyristryggingar	15.280	15.630	350	2
Sjúkratryggingar	9.530	9.530	0	0
Slysatryggingar	605	555	-50	-8
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.464	2.700	1.236	84
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.760	1.700	-60	-3
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.273	5.600	327	6
Annað	7.339	7.580	241	3
Vextir	**10.500**	**10.000**	**-500**	**-5**
Viðhald	**3.139**	**3.361**	**222**	**7**
Stofnkostnaður	**12.786**	**13.084**	**298**	**2**
Vegamál	4.601	4.601	0	0
Hafnamál	939	1.000	61	7
Byggingarsjóðir	925	925	0	0
Annað	6.321	6.558	237	4
Heildargjöld ríkissjóðs	**111.015**	**113.940**	**2.925**	**3**

Framlög til atvinnuskapandi verkefna. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamninga í vor segir: „Á árinu 1993 verða útgjöld ríkissjóðs til atvinnuskapandi aðgerða, einkum fjárfestingar og viðhalds, aukin um 1.000 milljónir króna frá því sem áður hefur verið ákveðið. Þetta felur í sér að heildarútgjöld ríkissjóðs vegna fjárfestingar og viðhalds á árinu 1993 verða um 17 milljarðar króna eða 3 milljörðum króna meiri en árið 1992.“ Í samræmi við þessa ákvörðun hefur ríkisstjórnin samþykkt að leita eftir fjárheimildum til þessara verkefna í frumvarpi til fjáraukalaga ársins 1993. Við val á verkefnum var lögð áhersla á brýn viðhaldsverkefni á húseignum

ríkisins og að flýta framkvæmdum við verk sem þegar eru hafin og eru vinnuaflsfrek. Þá hefur þess verið gætt eins og kostur er að framkvæmdirnar leiði ekki til aukins rekstrarkostnaðar til lengri tíma litið. Fjármálaráðuneytið hefur í samráði við önnur ráðuneyti gengið frá verkefnalista vegna framkvæmdanna og er hann birtur í fylgiskjali 2. Leitað er eftir 1.045 m.kr. heimild vegna þeirrar framkvæmdaáætlunar. Þar af er sótt um 60 m.kr. heimild fyrir sérstöku framlagi til atvinnumála kvenna og 20 m.kr. til að efla heimilis- og listiðnað í landinu.

Hluti af heildarupphæðinni til atvinnuskapandi aðgerða í frumvarpinu, eða 558 m.kr., eru yfirfærðar heimildir frá fjárlögum síðasta árs. Verði heimildirnar ekki nýttar að fullu á þessu ári er gert ráð fyrir að þær verði fluttar með fjáraukalögum til næsta árs.

Yfirfærsla heimilda og gjalda frá 1992. Fjárheimildir til rekstrar eru nú í annað sinn fluttar á milli ára með almennum hætti. Áður höfðu geymdar fjárveitingar nær eingöngu miðast við óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds. Á árinu 1991 voru mótaðar vinnureglu um yfirfærslurnar, en þær voru m.a. kynntar í frumvörpum til fjáraukalaga árin 1991 og 1992. Gerð var grein fyrir yfirfærslum einstakra stofnana milli áranna 1992 og 1993 í frumvarpi til endanlegra fjáraukalaga ársins 1992. Hér á eftir fer yfirlit yfir þær innistæður og umframgjöld á árinu 1992 sem lagt er til að færist yfir til ársins 1993.

Fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
00 Æðsta stjórn ríkisins	8.800	-2.505	42.596
01 Forsætisráðuneyti	5.666	-	9.300
02 Menntamálaráðuneyti	235.210	-162.039	282.676
03 Utanríkisráðuneyti	33.276	-527	-
04 Landbúnaðarráðuneyti	179.247	-7.447	9.195
05 Sjávarútvegsráðuneyti	30.611	-600	-
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	84.683	-9.441	56.535
07 Félagsmálaráðuneyti	114.611	-2.657	32.370
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	149.285	-216.457	63.496
09 Fjármálaráðuneyti	58.482	-10.363	111.500
10 Samgönguráðuneyti	31.318	-2.206	74.091
11 Iðnaðarráðuneyti	9.005	-9.243	-
12 Viðskiptaráðuneyti	7.894	-	-
13 Hagstofa Íslands	1.642	-	-
14 Umhverfisráðuneyti	7.913	-11.567	14.562
Samtals	**957.643**	**-435.052**	**696.321**

Af rekstrargjöldum ríkissjóðs á árinu 1992 er lagt til að alls verði fluttar 958 m.kr. til ársins 1993, en á móti verði heimildir fjárlaga 1993 lækkaðar um 435 m.kr. vegna umframgreiðslna 1992. Loks nema ónotaðar heimildir til stofnkostnaðar og viðhalds 696 m.kr. Sótt er um þessar fjárheimildir undir liðnum *09-989 Launa- og verðlagsmál* í frumvarpinu, en í fylgiskjali 1 kemur fram frekari sundurliðun á einstakar stofnanir ríkisins.

Lánahreyfingar

Í fjárlögum 1993 var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs áætluð 6,4 milljarðar króna og að viðbættum afborgunum eldri lána var heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs 15,4 milljarðar króna. Við afgreiðslu lánsfjárlaga 1993 var lántökuheimild ríkissjóðs hækkuð í tæpa 16 milljarða króna í tengslum við breytingar á tekjuhlið og vegna aukinna endurlána ríkissjóðs. Af þeirri fjárhæð var gert ráð fyrir að taka 5,7 milljarða króna að láni erlendis.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nú talin verða 14 milljarðar króna. Heildarlánsfjárþörfin er áætluð 20,2 milljarðar króna sem er 4,2 milljarða króna aukning frá lánsfjárlögum. Skýringanna er að leita í 6 milljarða króna auknum rekstrarhalla ríkissjóðs og 0,6 milljarða króna minna innstreymi á lánahreyfingum. Á móti kemur að innheimtar afborganir af áður veittum lánum eru 1,6 milljörðum króna meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Talið er að unnt verði að afla um 11 milljarða króna á innlendum lánamarkaði, en það sem upp á vantar, 9,2 milljarðar króna, verði tekið að láni erlendis. Í frumvarpi til lánsfjáraukalaga 1993 sem lagt hefur verið fram á Alþingi verður leitað eftir nauðsynlegum viðbótarheimildum til lántöku fyrir ríkissjóð.

Lánahreyfingar og lánsfjárþörf ríkissjóðs 1993

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1993 m.kr.	Áætlun 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrarafkoma	**-6.244**	**-12.335**	**-6.091**	**98**
Lánveitingar, nettó	**-2.360**	**-770**	**1.590**	**-67**
Lánveitingar	-5.620	-5.620	0	0
Innheimtar afborganir	3.260	4.850	1.590	49
Hluta- og stofnfjárframlög	**-435**	**-435**	**0**	**0**
Viðskiptareikningar	**100**	**-500**	**-600**	**-600**
Viðskiptareikningar, almennir	-500	-500	0	0
Húsnæðisstofnun	600	-	-600	-100
Hrein lánsfjárþörf	**8.939**	**14.040**	**5.101**	**57**
Afborganir	**-6.410**	**-6.200**	**210**	**-3**
Spariskírteini	-2.850	-2.700	150	-5
Önnur innlend lán	-1.740	-1.910	-170	10
Erlend lán	-1.820	-1.590	230	-13
Heildarlánsfjárþörf	**15.349**	**20.240**	**4.891**	**32**
Lántökur	**15.400**	**20.250**	**4.850**	**31**
Ríkisverðbréf	9.700	11.050	1.350	14
Erlend lán	5.700	9.200	3.500	61

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði, sbr. 3. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 18 m.kr.

201 Alþingi. Sótt er um 5 m.kr. framlag til viðhalds á húseignum Alþingis.

401 Hæstiréttur. Sótt er um viðbótarframlag að fjárhæð 13 m.kr. vegna yfirvinnu. Hæstiréttur hefur ákveðið að dómarar við réttinn fái greidda yfirvinnu sem nemur 48 stundum tíu mánuði ársins. Ákvörðunin er tekin vegna vaxandi vinnuálags á hæstaréttardómara og gildir frá og með 1. september 1992.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 45 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 15 m.kr. fjárveitingu vegna nefndar sem skipuð var nýverið til þess að undirbúa hátíðahöld í tilefni af hálfrar aldar afmæli lýðveldisins árið 1994. Framlagið miðast við að óhafin heimild færist yfir til næsta árs.

Einnig er sótt um 10 m.kr. til endurnýjunar og viðhalds á Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Til þessa verkefnis er einnig varið 20 m.kr. af lið *09-990-5.01 Ríkisstjórnarákvarðanir, viðhald* í fjárlögum 1993. Meðal annars er verið að endurnýja ytra byrði hússins, laga aðkomu að húsinu auk þess sem gólf og vistarverur á annarri hæð verða lagfærðar.

171 Byggðastofnun. Sótt er um 20 m.kr. til að styrkja heimilis- og listiðnað í landinu.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 191,4 m.kr.

205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Sótt er um 15 m.kr. til að kosta hlutdeild Stofnunar Árna Magnússonar í utanhússviðgerðum á Árnagarði þar sem stofnunin hefur aðsetur. Framkvæmdin er á vegum Háskóla Íslands sem standa mun straum af sínum hluta með viðhaldsfé Háskólans.

210 Háskólinn á Akureyri. Sótt er um 7 m.kr. framlag til að flýta framkvæmdum við lagfæringu á húsnæði skólans.

211 Tækniskóli Íslands. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að tekin verði upp innritunar- og efnisgjöld í Tækniskólanum eins og í öðrum skólum á háskólastigi. Breyting á lögum um skólann sem gera þarf í þessu skyni hefur hins vegar ekki hlotið afgreiðslu á

Alþingi og verður skólinn því af tekjunum í ár. Farið er fram á að sértekjurnar verði lækkaðar um 6 m.kr. vegna þessa máls.

*221 **Kennaraháskóli Íslands.*** Sótt er um 18 m.kr. til framkvæmda á viðhaldi húseigna skólans. Annars vegar er óskað eftir 9 m.kr. til að hefja framkvæmdir við aðalhús skólans. Gerð hefur verið áætlun um viðgerðir á aðalhúsi skólans og íþróttahúsi, samtals að fjárhæð um 40 m.kr. Í fjárlögum 1993 eru 10 m.kr. sem fer að mestu til viðhalds íþróttahúss. Hins vegar er óskað eftir 9 m.kr. til framkvæmda við húsnæði fyrrum húsmæðrakennaraskóla að Varmalandi. Ákveðið hefur verið að Kennaraháskóli Íslands fái húsið til afnota fyrir endurmenntun, fjarkennslu, réttindanám og fjölþætt námskeiðahald.

*223 **Rannsóknastofnun uppeldismála.*** Sótt er um 8 m.kr. framlag til endurbóta á Valhöll við Suðurgötu en stofnunin hefur fengið húsið til afnota. Félagsstofnun stúdenta rak barnaheimili í húsinu í mörg ár en sú starfsemi hefur verið flutt í nýtt húsnæði.

*233 **Rannsóknasjóður.*** Ríkisstjórnin hefur samþykkt að leita eftir 45 m.kr. viðbótarheimild fyrir sjóðinn í samræmi við fyrri stefnumörkun um að gera sérstakt átak í rannsókna- og þróunarmálum.

*299 **Háskóla- og rannsóknastarfsemi.*** Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar er farið fram á 10 m.kr. aukafjárveitingu til handa Nýsköpunarsjóði námsmanna, en honum er ætlað að bæta úr atvinnumálum háskólanema með styrkjum til rannsóknarverkefna.

*318 **Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.*** Sótt er um 74 m.kr. til viðhalds- og stofnkostnaðarframkvæmda við nokkra framhaldsskóla. Á undanförnum árum hefur verið byggt húsnæði fyrir fjölmarga framhaldsskóla víðs vegar um landið. Mikil fjárþörf til nýbygginga hefur orðið til þess að viðhaldi eldri húseigna hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Nú er svo komið að margar byggingar framhaldsskóla liggja undir skemmdum. Sótt er um 38 m.kr. til að sinna brýnustu viðhaldsþörfinni sem skiptist þannig: Menntaskólinn við Hamrahlíð, 5 m.kr., Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, 5 m.kr., Iðnskólinn í Reykjavík, 5 m.kr., Menntaskólinn í Kópavogi, 4 m.kr., Flensborgarskóli, 5 m.kr., Fjölbrautaskóli Suðurnesja, 2 m.kr., Fjölbrautaskóli Vesturlands, 1 m.kr., Framhaldsskóli Vestfjarða, 10 m.kr., Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, 1 m.kr. Til stofnkostnaðar er sótt um 36 m.kr., annars vegar til byggingar íþróttasvæðis á Laugarvatni þar sem áformað er að halda Landsmót Ungmennafélags Íslands á árinu 1994 og hins vegar 6 m.kr. til að ljúka frágangi við heimavist og bókasafn Menntaskólans á Egilsstöðum.

*319 **Framhaldsskólar, almennt.*** Farið er fram á 4 m.kr. aukafjárveitingu til sérkennslu í framhaldsskólum. Fötluðum nemendum í framhaldsskólum hefur fjölgað verulega og hefur stuðnings- og aðstoðarkennsla vegna þeirra verið efld. Fatlaðir nemendur hafa fengið forgang þegar framlögum til sérkennslu hefur verið deilt út en fyrirhugað er að verja viðbótarframlaginu til aðstoðar við nemendur sem eiga við sértæka námserfiðleika að etja.

*440 **Fullorðinsfræðsla.*** Ákveðið hefur verið í ríkisstjórn að leita eftir 10 m.kr. heimild fyrir sérstöku viðbótarframlagi í ár til kennslu nýbúa.

*804 **Kvikmyndaeftirlit ríkisins.*** Ekki var rétt staðið að breytingu sem gerð var á starfshlutfalli forstöðumanns stofnunarinnar í tíð síðasta menntamálaráðherra. Nú hefur verið komist að samkomulagi um uppgjör á ógreiddum launum frá fyrri árum til forstöðumannsins og er óskað eftir 2,5 m.kr. viðbótarframlagi vegna málsins.

*872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Framlagi úr ríkissjóði er ætlað að fjármagna 54% af lánveitingum lánasjóðsins, eins og skýrt er í greinargerð með B-hluta fjárlagafrumvarps 1993. Endurskoðuð áætlun um lánveitingar sjóðsins í ár bendir til þess að þær verði nokkru minni en talið var við samþykkt fjárlaga. Lagt er til að framlag ríkissjóðs lækki hlutfallslega jafn mikið, eða sem nemur 60 m.kr.

*907 **Listasafn Íslands.*** Listasafn Íslands hefur fengið Landshöfðingjahúsið að Skálholtsstíg 7 til afnota en til ársloka 1992 var það nýtt af Menningarsjóði. Húsnæðið þarfnast verulegra endurbóta. Gerð hefur verið kostnaðaráætlun um viðgerð utanhúss sem innan þar sem stuðst er við reynslu í endurbyggingu og viðgerðum gamalla húsa. Heildarkostnaður er áætlaður um 26 m.kr. og er sótt um 10 m.kr. til að hefja það verk.

*909 **Blindrabókasafn Íslands.*** Sótt er um 7,5 m.kr. til að fjármagna innréttingu nýs húsnæðis fyrir Blindrabókasafnið í Kópavogi.

*973 **Þjóðleikhús.*** Sótt er um 17 m.kr. framlag til að ljúka við ýmsar minniháttar lagfæringar á húsinu eins og við fatahengi o.fl.

*974 **Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Sótt er um 4,5 m.kr. framlag til að gera breytingar á lofti yfir sviði Háskólabíós til að bæta hljómburð.

*982 **Listir, framlög.*** Leitað er eftir viðbótarheimild að fjárhæð 8,9 m.kr. Með lögum nr. 118/1992, fjáraukalögum fyrir árið 1992, var veitt 6 m.kr. aukafjárveiting vegna halla á Listahátíð í Reykjavík 1992. Endanlegt uppgjör hefur nú farið fram og sýnir að tapið varð 3,6 m.kr. meira. Samkvæmt samningi ríkisins við Reykjavíkurborg greiðist rekstrarhalli af listahátíðinni að hálfu af hvorum aðila og sama gildir um Kvikmyndahátíð sem fram fer í ár. Að auki kveður samningurinn á um að öll opinber gjöld sem lögð eru á listahátíðirnar falli niður. Ekki þykir ráðlegt að gera annan slíkan samning vegna Listahátíðar í Reykjavík 1994, fremur en vegna annarra sambærilegra viðburða, t.d. Listahátíðar í Hafnarfirði eða M-hátíða. Fyrirhugað er að framvegis verði veittir fastákveðnir styrkir í fjárlögum til slíkra listviðburða.

Í annan stað er borin upp tillaga um 5,3 m.kr. aukafjárveitingu vegna kaupa á sýningarrétti kvikmynda til afnota fyrir grunnskóla.

*999 **Ýmislegt.*** Sótt er um 4 m.kr. til að ljúka utanhússviðgerðum við gamla Stýrimannaskólann við Öldugötu. Húsið hefur staðið nánast autt og ónotað sl. 4 ár og liggur undir skemmdum.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis lækki um 16 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Alls er sótt um 7,4 m.kr. til aðalskrifstofunnar. Farið er fram á 1,3 m.kr. hækkun framlags til að standa straum af viðbótarútgjöldum vegna aðstoðar ráðuneytisins við forræðismál á erlendri grund. Þá er sótt um 6,1 m.kr. aukafjárveitingu vegna aukins kostnaðar við þýðingar á reglugerðum og tilskipunum EB. Stjórnvöld hafa gert frekari kröfur um þýðingar á skjölum frá EB þar sem gildistaka samningsins um EES hefur dregist af ófyrirséðum ástæðum. Heildarkostnaðurinn við þýðingarnar frá upphafi til ársloka 1993 stefnir í að verða um 110 m.kr., sem er tæplega 90% hækkun frá því sem ætlað var þegar verkið var hafið á árinu 1990.

309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Sótt er um 3,6 m.kr. Stofnuð hefur verið sérstök umhverfisnefnd um sjálfbæra þróun hjá Sameinuðu þjóðunum. Verkefni nefndarinnar er að fylgjast með og vinna að framgangi samþykkta umhverfisráðstefnunnar sem haldin var í Rio de Janeiro í júní 1992. Ísland hlaut kosningu í nefndina til þriggja ára. Af þessu tilefni hefur ríkisstjórnin ákveðið að leita eftir heimild til að ráða aftur í stöðu fastafulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum, en í fjárlögum var gert ráð fyrir að ekki yrði skipað í stöðuna í ár.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Gerð er tillaga um að fjárveiting hækki um 21 m.kr. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að fara fram á 12 m.kr. viðbótarframlag til að mæta kostnaði við aukna aðstoð við fyrrverandi lýðveldi Sovétríkjanna, sem veitt er með námskeiðahaldi, tækniaðstoð og útflutningsverkefnum. Þá er leitað eftir heimild til að auka framlög til friðargæslustarfa um 9 m.kr. Þar af eiga 7,5 m.kr. að renna til friðargæslu í Bosníu-Hersegóvínu samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar.

401 Alþjóðastofnanir. Meginhluti framlags Íslands til Þróunarsjóðs EFTA fellur niður í ár vegna þess að gildistöku samningsins um EES seinkar. Gerð er tillaga um lækkun fjárheimildar sem nemur 48 m.kr. af þessari ástæðu.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 329,1 m.kr.

201 Búnaðarfélag Íslands. Sótt er um 3,1 m.kr. viðbótarheimild til að mæta auknum launagreiðslum hjá Búnaðarfélaginu og búnaðarsamböndunum í kjölfar dómsúrskurðar Hæstaréttar í desember 1992 um kjarasamning BHMR við ríkið og vegna þeirra kjarasamninga sem síðan hafa verið gerðir við BSRB og FÍN.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að bútæknideild stofnunarinnar á Hvanneyri standi undir rekstri sínum með tekjum af jöfnunargjaldi á innfluttar búvélar. Lagabreyting um tekjuöflunina náði hins vegar ekki fram að ganga á vorþingi og er því lagt til að sértekjur verði lækkaðar um 7 m.kr.

410 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Ríkisstjórnin ákvað í tengslum við gerð kjarasamninga í maí sl. að verð á tilteknum mjólkurvörum sem bera 24,5% virðisaukaskatt yrði greitt niður tímabundið frá 1. júní til áramóta. Niðurgreiðslurnar jafngilda lækkun skattsins í 14%. Farið er fram á 206 m.kr. heimild til að mæta viðbótarútgjöldum sem leiða af þessari efnahagsráðstöfun.

430 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Ríkisstjórnin ákvað í tengslum við gerð kjarasamninga í maí sl. að verð á tilteknum kjötvörum sem bera 24,5% virðisaukaskatt yrði greitt niður tímabundið frá 1. júní til áramóta. Niðurgreiðslurnar jafngilda lækkun skattsins í 14%. Farið er fram á 108 m.kr. heimild til að mæta viðbótarútgjöldum sem leiða af þessari efnahagsráðstöfun.

501 Bændaskólinn á Hvanneyri. Óskað er eftir 5 m.kr. framlagi til viðhalds bygginga skólans.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 316,8 m.kr.

202 Hafrannsóknastofnun. Farið er fram á 302 m.kr. Með bráðabirgðalögum nr. 86/1993 um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, sem ríkisstjórnin setti í lok maí sl., var óseldum aflaheimildum Hagræðingarsjóðs úthlutað endurgjaldslaust til þeirra fiskiskipa sem urðu fyrir mestri skerðingu við ákvörðun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári. Þá áformar ríkisstjórnin að leggja fram lagafrumvarp á haustþingi um stofnun Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, sem ætlað er að taka yfir aflaheimildir Hagræðingarsjóðs. Við setningu fjárlaga var hins vegar gert ráð fyrir að tekjur af sölu nýrra aflaheimilda mundu renna til starfsemi Hafrannsóknastofnunar. Gerð er tillaga um að sértekjur stofnunarinnar verði lækkaðar sem þessu nemur. Verði frumvarpið um Þróunarsjóð að lögum mun Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins verða lagður niður og lækkar þá fjárþörf Hafrannsóknastofnunar sem nemur 190 m.kr. óhöfnum innistæðum í sjóðnum.

216 Ríkismat sjávarafurða. Starfsemi stofnunarinnar var hætt um síðustu áramót og miðast framlag í fjárlögum við að eingöngu verði greidd biðlaun á árinu. Komið hefur í ljós að biðlaunin voru vanmetin um 8 m.kr. af sjávarútvegsráðuneytinu, þar sem láðist að taka með í reikninginn að biðlaunaréttur starfsmanna nær til fastrar yfirvinnu. Af hagræðingarlið ráðuneytisins verða teknar 3,2 m.kr., en sótt er um viðbótarheimild fyrir því sem á vantar, eða 4,8 m.kr.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. Sótt er um 10 m.kr. til að efla matvælaþróun í sjávarútvegi.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 58,3 m.kr.

111 Kosningar. Farið er fram á 4 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna sameininga sveitarfélaga.

211 Héraðsdómur Reykjavíkur. Óskað er eftir viðbótarheimild að fjárhæð 3,8 m.kr. Reynst hefur nauðsynlegt að ráða dómara tímabundið í afleysingar að dómstólnum vegna veikindaforfalla.

291 Húsnæði og búnaður dómstóla. Sótt er um 25 m.kr. framlag til byggingar húsnæðis fyrir Hæstarétt til viðbótar við þær 100 m.kr. sem er að finna í fjárlögum 1993.

301 Ríkissaksóknari. Sérstakur ráðgjafi var fenginn til að vinna að rannsókn á meintum stríðsglæpum íslensks ríkisborgara af erlendum uppruna. Heildarkostnaður við rannsóknina er talinn verða 5,5 m.kr. Sótt er um 4,3 m.kr. aukafjárveitingu til embættis ríkissaksóknara.

302 Rannsóknarlögregla ríkisins. Sérstakur ráðgjafi var fenginn til að vinna að rannsókn á meintum stríðsglæpum íslensks ríkisborgara af erlendum uppruna. Sótt er um 1,2 m.kr. aukafjárveitingu til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna málsins.

411 Sýslumaðurinn í Reykjavík. Sýnt þykir að útgjöld embættisins fari a.m.k. 15 m.kr. umfram heimildir fjárlaga í ár. Skýrist það að hluta til af því að fjárþörf embættisins var vanmetin í áætlun ráðuneytisins við undirbúning fjárlaga. Í öðru lagi hafa ófyrirséð barnsburðar- og veikindaleyfi leitt til aukins launakostnaðar. Í þriðja lagi hefur verið ráðið bæði í tímabundin og föst störf sem ekki var veitt framlag til í fjárlögum. Þótt ljóst hafi verið hvert stefndi frá því snemma á árinu hefur hvorki ráðuneytið né embættið gripið til ráðstafana til að draga úr hallanum. Brýnt er því að ráðuneytið treysti betur áætlanagerð vegna embættisins og komi á skilvirkari fjármálastjórn áður en sameining við sýslumannsembættin í Kópavogi og Hafnarfirði fer fram á næsta ári. Lagt er til að fjárheimild embættisins verði aukin um 10 m.kr. á þessu ári gegn því að afgangur rekstrarhallans færist yfir áramót og að ráðuneytið sjái til þess að unnið verði á honum með aðhaldi í rekstri næstu ára.

591 Fangelsisbyggingar. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að leita heimildar fyrir 10 m.kr. framlagi til að framkvæma lágmarksúrbætur í öryggismálum fangelsa.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 78 m.kr.

400 Málefni barna og ungmenna. Farið er fram á 15 m.kr. Ríkisstjórnin hefur veitt samþykki sitt fyrir því að aflað verði heimildar til að stofnsetja lokaða meðferðardeild innan Unglingaheimilis ríkisins fyrir síbrotaunglinga yngri en sextán ára.

981 Vinnumál. Sótt er um 60 m.kr. til atvinnumála kvenna. Hér er um að ræða hluta þeirrar fjárhæðar sem ríkisstjórnin ákvað að beita sér fyrir að veitt yrði til atvinnuskapandi aðgerða í tengslum við gerð kjarasamninga fyrr á árinu. Félagsmálaráðuneytið hefur skipað starfshóp sem hefur skilað tillögum um skiptingu framlagsins eftir að hafa auglýst eftir umsóknum. Ráðuneytið leggur til að um 35 m.kr. fari til fyrirtækjarekstrar einkaaðila af margbreytilegum toga, um 20 m.kr. fari til ýmissa verkefna á vegum sveitarfélaga og um 5 m.kr. fari til námsaðstoðar til að skapa atvinnulausum konum betri aðstöðu á vinnumarkaði.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um að leita eftir heimild til þess að veita 3 m.kr. styrk til reksturs þjónustumiðstöðvar Geðhjálpar.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.666,2 m.kr.

271 Tryggingastofnun ríkisins. Farið er fram á aukafjárveitingu að fjárhæð 350 m.kr. Í kjölfar kjarasamninga ákvað ríkisstjórnin að lífeyrisþegum yrðu greiddar uppbætur með hliðstæðum hætti og undanfarin ár. Áætlað er að sá viðbótarkostnaður nemi 410 m.kr. Að auki lítur út fyrir að áform um 50 m.kr. sparnað í fæðingarorlofi og 75 m.kr. sparnað með einföldun og samræmingu bóta nái ekki fram að ganga í ár. Á móti kemur að horfur eru á að útgjöld vegna lífeyristrygginga hafi verði ofmetin um 185 m.kr. í fjárlögum en slíkt frávik má telja innan eðlilegra skekkjumarka.

273 Atvinnuleysistryggingasjóður. Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 1.150 m.kr. Við samþykkt fjárlaga var miðað við að atvinnuleysi yrði 3% að meðaltali á árinu en nú er útlit fyrir að það verði um 4,5%. Í annan stað verða greiddar um 200 m.kr. í launabætur sem ekki var gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Í þriðja lagi eiga nú fleiri rétt á bótum úr sjóðnum en áður. Bankamenn og launþegar utan stéttarfélaga fengu aðild að sjóðnum frá 1. júlí og sjálfstætt starfandi einstaklingar öðluðust bótarétt frá 1. október. Þessar breytingar leiða til meiri óvissu í áætlun um útgjöld sjóðsins síðari hluta ársins.

277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna. Miðað við bótagreiðslur fyrstu níu mánuði ársins er talin þörf á 75 m.kr. viðbótarframlagi til sjóðsins.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Sótt er um 2 m.kr. til að gera úttekt á viðhaldsþörf húseigna Kristnesspítala en Fjórðungssjúkrahúsið yfirtók rekstur spítalans um síðustu áramót.

371 Ríkisspítalar. Lagt er til að framlag til Ríkisspítalanna hækki um 60 m.kr. vegna eingreiðslu í kjölfar endurskoðunar á launafyrirkomulagi hjúkrunarfræðinga. Greiðslan í ár leiðir ekki til hækkunar á fjárveitingum til spítalanna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Sótt er um 19 m.kr. til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna. Húseignir margra sjúkrastofnana liggja undir skemmdum og er framlaginu ætlað að sinna brýnustu verkefnum og skiptist þannig: Sjúkrahúsið Keflavík, 3,5 m.kr., Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum, 4 m.kr., Sólvangur, Hafnarfirði, 4,5 m.kr., Víðines, Kjalarnesi, 3,5 m.kr., Heilsugæslustöðin Seyðisfirði, 2 m.kr. og Hrafnista, Reykjavík 1,5 m.kr.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Sótt er um 2,8 m.kr. til að kosta breytingar á innréttingum í Heilsugæslustöðinni á Hellu og 1,2 m.kr. til endurnýjunar á gólfefnum á Hornbrekku á Ólafsfirði.

553 Heilsugæslustöðin Akureyri. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að keypt yrði húsnæði fyrir stöðina í ársbyrjun og að 85% hluti ríkisins í húsaleigu félli því niður. Enn hefur ekki orðið af kaupunum og þarf því að greiða leigu fyrir stöðina mestan hluta ársins. Gerð er tillaga um 6,2 m.kr. viðbótarframlag vegna þessa.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 1.249,9 m.kr.

251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður. Farið er fram á 70 m.kr. viðbótarheimild. Eftir að lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, tóku gildi þann 1. júlí 1992 færast á þennan lið dómsmálagjöld sem innheimtumenn ríkissjóðs greiða fyrir útgáfu stefnu, þingfestingu, dómkvaðningu o.fl., en greiðslurnar voru áður dregnar frá innheimtum tekjum af gjaldendum. Nú er komið fram að þessar greiðslur voru vanmetnar við undirbúning fjárlaga. Í öðru lagi hafa fyrirætlanir um að lækka þóknun til Póst- og símamálastofnunarinnar fyrir innheimtu á sköttum og tollum af innflutningi ekki gengið eftir eins og til stóð í fjárlögum.

381 Uppbætur á lífeyri. Sótt er um hækkun á heimild að fjárhæð 44 m.kr. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að B-hluta aðilar greiði lífeyrisuppbætur vegna starfsmanna sinna. Endurskoðuð áætlun bendir til þess að þessar greiðslur hafi verið ofmetnar.

402 Fasteignamat ríkisins. Leitað er eftir 20 m.kr. viðbótarheimild. Á síðasta ári var lagt fram frumvarp til laga um breytingar á starfsemi stofnunarinnar, sem meðal annars gerði ráð fyrir aðild sveitarfélaga að stjórn hennar og auknum möguleikum til öflunar sértekna. Frumvarpið náði ekki fram að ganga og því var ákveðið að hækka ekki sértekjur eins og til stóð.

801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir. Gerð er tillaga um 500 m.kr. lækkun fjárveitingar þar sem þróun erlendra vaxtakjara á árinu hefur reynst nokkuð hagstæðari en ætlað var í fjárlögum.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Sótt er um 97 m.kr. vegna framkvæmda við ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Hér er um að ræða hluta þeirrar fjárhæðar sem ríkisstjórnin ákvað að beita sér fyrir að veitt yrði til atvinnumyndandi framkvæmda og viðhalds eigna

ríkisins. Í fyrsta lagi er sótt um 35 m.kr. til að standa straum af kostnaði við innréttingu og flutning ráðuneyta verði tekin ákvörðun þar um. Í annan stað standa yfir framkvæmdir við Tollhúsið við Tryggvagötu sem tengjast breyttri notkun hússins og samgönguframkvæmdum á hafnarsvæðinu. Sótt er um 25 m.kr. til þessara verka. Í þriðja lagi er sótt um 5 m.kr. til áframhaldandi innréttinga á húsnæði Listaskólans við Laugarnesveg og 11 m.kr. til viðhalds á húseignum ríkisins á Akureyri. Loks er sótt um 21 m.kr. til viðhalds og endurbóta á húseignum ríkisins en skipting á því fé liggur ekki fyrir en verður kynnt fjárlaganefnd.

*989 **Launa- og verðlagsmál.*** Farið er fram á 300 m.kr. viðbótarheimild til að mæta launahækkunum umfram forsendur fjárlaga. Kjarasamningar sem gerðir voru við aðildarfélög BHMR, lögreglumenn og sjúkraliða til samræmis við aðra samninga sem gerðir voru á síðasta ári munu leiða til aukinna útgjalda sem nemur 260 m.kr. Að auki þarf að standa straum af 40 m.kr. viðbótarútgjöldum í kjölfar gengisfellingarinnar í sumar, sem að stærstum hluta eru vegna sendiráða utanríkisráðuneytisins. Þessu til frádráttar kemur fjárveitingin sem eftir er á liðnum.

Á þessum lið er jafnframt sótt um heimild í einu lagi fyrir flutningi allra óhafinna fjárveitinga og umframgjalda stofnana frá árinu 1992 til ársins 1993, sem samtals nema 1.218,9 m.kr. Sundurliðun inneigna og skulda einstakra ráðuneyta og stofnana kemur fram í fylgiskjali 1.

*990 **Ríkisstjórnarákvarðanir.*** Sótt er um 322 m.kr. viðbótarframlag í viðhald og 165 m.kr. í stofnkostnað, eða alls 487 m.kr.. Í tengslum við gerð kjarasamninga í maí sl. ákvað ríkisstjórnin að auka framlög til viðhalds og stofnkostnaðar um 1.045 m.kr. frá því sem áður hafði verið ákveðið í fjárlögum. Þar af eru 558 m.kr. yfirfærðar heimildir frá síðasta ári.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 106,5 m.kr.

*211 **Vegagerð ríkisins.*** Yfirstandandi ár er fyrsta heila árið sem ferjur og flóabátar eru í umsjá Vegagerðarinnar og liggur nú fyrir að kostnaður verður meiri en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga. Þyngst vegur að rekstrarafkoma Herjólfs er verri en vonast hafði verið til, en einnig verða afborganir og vextir af lánum hærri en gert var ráð fyrir. Lagt er til að veitt verði 50 m.kr. viðbótarframlag í ár gegn því að gerðar verði ráðstafanir sem duga til að koma böndum á rekstrarkostnað ferja, þannig að hann greiðist eftirleiðis alfarið af vegáætlun.

*333 **Hafnamál.*** Óskað er eftir 30 m.kr. framlagi til að flýta hafnarframkvæmdum á Ólafsfirði, en nýlega hafa Ólafsfjörður, Dalvík og Árskógssandur myndað með sér hafnasamlag, sbr. ákvæði í frumvarpi til nýrra hafnalaga sem lagt var fram á Alþingi sl. vetur og verður endurflutt nú í haust. Ennfremur er óskað eftir 15 m.kr. framlagi til að flýta framkvæmdum við innsiglinguna í Hornarfjarðarós.

471 Flugmálastjórn. Með lögum nr. 118/1992, fjáraukalögum fyrir árið 1992, voru veittar 30 m.kr. til endurgreiðslu á höfuðstól skuldar vegna eldsneytisgjalds sem innheimt var af bandarískum flugfélögum en reyndist síðan vera andstætt ákvæðum samnings milli Íslands og Bandaríkjanna um niðurfellingu slíkra gjalda. Nú er farið fram á 11,5 m.kr. heimild til að inna af hendi vaxtagreiðslu sem fallist hefur verið á að greiða af skuldinni.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 15 m.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Iðnaðarráðuneyti hefur haft samvinnu við sjávarútvegsráðuneyti og menntamálaráðuneyti um stuðning við sameiginleg verkefni fyrirtækja í iðnaði, sjávarútvegi og útgerð í þeim tilgangi að auka hagræðingu og nýsköpun í þessum greinum. Sótt er um 5 m.kr. framlag til þessara verkefna.

302 Rafmagnseftirlit ríkisins. Farið er fram á að sértekjur stofnunarinnar verði lækkaðar um 10 m.kr. þar sem gjaldtaka fyrir raffangaprófanir hefur nú verið aflögð.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 44 m.kr.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Stofnuð hefur verið sérstök umhverfisnefnd um sjálfbæra þróun hjá Sameinuðu þjóðunum. Verkefni nefndarinnar er að fylgjast með og vinna að framgangi samþykkta umhverfisráðstefnunnar sem haldin var í Rio de Janeiro í júní 1992. Ísland hlaut kosningu í nefndina til þriggja ára. Af þessu tilefni hefur ríkisstjórnin ákveðið að leita eftir 3,5 m.kr. viðbótarheimild til að standa straum af kostnaði umhverfisráðuneytisins vegna þátttöku í störfum nefndarinnar. Ráðuneytið mun að auki leggja til 1 m.kr. af sínu framlagi, eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum.

190 Ýmis verkefni. Farið er fram á að fjárveiting verði hækkuð um 13,9 m.kr. Þar ber tvennt til. Í fyrsta lagi fellur 1,9 m.kr. kostnaður á ráðuneytið umfram fjárveitingu í fjárlögum vegna ráðstafana sem gerðar voru til að fyrirbyggja mengunarslys þegar erlent flutningaskip strandaði skammt utan við höfnina í Breiðdalsvík. Í öðru lagi er óskað eftir að flýta fjárveitingu að fjárhæð 12 m.kr. til kaupa á mengunarbúnaði fyrir hafnir, sem átti að veita í fjárlögum ársins 1994, til þess að unnt verði að ná fram staðgreiðsluafslætti á búnaðinum.

201 Náttúruverndarráð. Gerð er tillaga um 1,6 m.kr. lækkun sértekna þar sem ekki hefur orðið af tekjuáformum vegna starfsemi þjóðgarða með þeim hætti sem fyrirhugað var við undirbúning fjárlaga. Þá er sótt um 15 m.kr. framlag til viðhaldsframkvæmda á friðuðum svæðum og þjóðgörðum í umsjá Náttúruverndarráðs.

410 Veðurstofa Íslands. Farið er fram á 10 m.kr. lækkun sértekna. Með setningu fjárlaga í ár var samþykkt að taka upp gjald sem næmi fjórðungi af kostnaði stofnunarinnar af þjónustu við innanlandsflug. Starfshópur á vegum umhverfisráðherra hefur skilað tillögum um gjaldtökuna en ákveðið var fresta framkvæmdinni til næsta árs og grípa þá um leið til fleiri ráðstafana til að auka tekjuöflun stofnunarinnar hjá þeim aðilum sem sækjast eftir þjónustunni.

Fylgiskjal 1

Flutningur inneigna og skulda yfir áramótin 1992 - 1993

Yfirfærðar heimildir og umframgjöld frá árinu 1992	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkost. og viðhald	Samtals
Þúsundir króna				
00 Æðsta stjórn	**8.800**	**2.505**	**42.596**	**48.891**
Embætti forseta Íslands	-	*1.280*	-	*-1.280*
101 Embætti forseta Íslands	-	1.280	-	-1.280
Alþingi og stofnanir þess	*8.800*	*931*	-	*7.869*
610 Umboðsmaður Alþingis	-	931	-	-931
620 Ríkisendurskoðun	8.800	-	-	8.800
Annað	-	*294*	*42.596*	*42.302*
401 Hæstiréttur	-	137	-	-137
510 Bessastaðir	-	-	42.596	42.596
520 Opinberar heimsóknir	-	157	-	-157
01 Forsætisráðuneyti	**5.666**	**-**	**9.300**	**14.966**
Ráðuneyti	*4.787*	-	*4.200*	*8.987*
101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	4.787	-	4.200	8.987
Annað	*879*	-	*5.100*	*5.979*
901 Húsameistari ríkisins	210	-	-	210
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	669	-	5.100	5.769
02 Menntamálaráðuneyti	**235.210**	**162.039**	**282.676**	**355.847**
Ráðuneyti	*15.997*	-	-	*15.997*
101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	15.997	-	-	15.997
Háskólar og rannsóknir	*17.102*	*63.553*	*3.128*	*-43.323*
201 Háskóli Íslands	-	49.531	-	-49.531
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-	7.321	-	-7.321
203 Raunvísindastofnun Háskólans	-	6.377	-	-6.377
204 Stofnun Sigurðar Nordals	865	-	-	865
205 Stofnun Arna Magnússonar á Íslandi	361	-	-	361
208 Ornefnastofnun	123	-	-	123
210 Háskólinn á Akureyri	4.447	-	-	4.447
211 Tækniskóli Íslands	23	-	-	23
221 Kennaraháskóli Íslands	3.326	-	-	3.326
223 Rannsóknastofnun uppeldismála	-	317	-	-317
232 Rannsóknaráð ríkisins	-	7	-	-7
233 Rannsóknasjóður	675	-	-	675
234 Vísindaráð	359	-	-	359
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	-	-	3.128	3.128
299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	6.923	-	-	6.923
Framhaldsskólar	*44.861*	*81.571*	*110.228*	*73.518*
301 Menntaskólinn í Reykjavík	-	635	-	-635
302 Menntaskólinn á Akureyri	-	5.306	-	-5.306
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	2.816	-	-	2.816
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	-	10.705	-	-10.705
305 Menntaskólinn við Sund	-	3.183	-	-3.183
306 Framhaldsskóli Vestfjarða	-	3.465	-	-3.465
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.850	-	-	1.850
308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	1.549	-	-	1.549
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	-	2.156	-	-2.156
318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	-	-	110.228	110.228
319 Framhaldsskólar, almennt	2.661	-	-	2.661
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-	31.358	-	-31.358
351 Fjölbrautaskólinn Ármúla	49	-	-	49
352 Flensborgarskóli, fjölbraut	-	1.387	-	-1.387
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	-	2.468	-	-2.468
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	-	1.148	-	-1.148
355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	2.964	-	-	2.964
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	4.329	-	-	4.329
357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	1.174	-	-	1.174
358 Verkmenntaskóli Austurlands	667	-	-	667

Yfirfærðar heimildir og umframgjöld frá árinu 1992	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkost. og viðhald	Samtals
Þúsundir króna				
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	-	2.937	-	-2.937
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-	5.639	-	-5.639
361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	-	162	-	-162
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	-	1.298	-	-1.298
363 Framhaldsskólinn á Laugum	1.162	-	-	1.162
506 Vélskóli Íslands	-	10	-	-10
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	-	1.820	-	-1.820
514 Iðnskólinn í Reykjavík	7.300	-	-	7.300
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	1.692	-	-	1.692
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	3.031	-	-	3.031
518 Fiskvinnsluskólinn	-	3.081	-	-3.081
523 Fósturskóli Íslands	3.628	-	-	3.628
524 Þroskaþjálfaskóli Íslands	2.715	-	-	2.715
531 Íþróttakennaraskóli Íslands	-	2.692	-	-2.692
541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	782	-	-	782
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-	565	-	-565
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	-	80	-	-80
562 Leiklistarskóli Íslands	3.555	-	-	3.555
571 Sjómannaskólahúsið	-	1.476	-	-1.476
581 Verslunarskóli Íslands	2.937	-	-	2.937
Grunnskólar og sérskólar	*90.567*	*889*	*5.650*	*95.328*
222 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	28	-	-	28
700 Grunnskólar, Reykjavík	4.617	-	-	4.617
701 Grunnskólar, Reykjanesi	5.211	-	-	5.211
703 Grunnskólar, Vesturlandi	4.626	-	-	4.626
704 Grunnskólar, Vestfjörðum	5.554	-	-	5.554
705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	1.028	-	-	1.028
706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	8.347	-	-	8.347
707 Grunnskólar, Austurlandi	6.619	-	-	6.619
708 Grunnskólar, Suðurlandi	5.771	-	-	5.771
710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	162	-	-	162
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	5	-	-	5
713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	20	-	-	20
714 Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	329	-	-	329
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	-	291	-	-291
716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	17	-	-	17
717 Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	679	-	-	679
718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	40	-	-	40
719 Fræðsluskrifstofur, almennt	-	-	300	300
720 Grunnskólar, almennt	19.087	-	-	19.087
750 Skólar fyrir fatlaða	20.555	-	5.350	25.905
752 Oskjuhlíðarskóli	-	10	-	-10
754 Safamýrarskóli	3.616	-	-	3.616
755 Dalbrautarskóli	-	588	-	-588
756 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	1.756	-	-	1.756
799 Heyrnleysingjaskólinn	2.500	-	-	2.500
Onnur fræðslumál	*7.821*	-	*1.000*	*8.821*
422 Námsgagnastofnun	168	-	-	168
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	1.406	-	1.000	2.406
440 Fullorðinsfræðsla	2.730	-	-	2.730
884 Jöfnun á námskostnaði	3.517	-	-	3.517
Lánasjóður íslenskra námsmanna	*1.818*	-	-	*1.818*
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.818	-	-	1.818
Söfn, listastofnanir o.fl.	*16.535*	*12.879*	*145.128*	*148.784*
901 Landsbókasafn Íslands	2.617	-	-	2.617
902 Þjóðminjasafn Íslands	10.520	-	-	10.520
903 Þjóðskjalasafn Íslands	-	2.269	-	-2.269
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	-	1.673	-	-1.673

Yfirfærðar heimildir og umframgjöld frá árinu 1992	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkost. og viðhald	Samtals
Þúsundir króna				
906 Listasafn Einars Jónssonar	-	245	-	-245
907 Listasafn Íslands	-	317	-	-317
909 Blindrabókasafn Íslands	-	930	-	-930
919 Söfn, ýmis framlög	3.398	-	-	3.398
972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	-	7.445	-	-7.445
973 Þjóðleikhús	-	-	6.200	6.200
977 Þjóðarbókhlaða	-	-	138.928	138.928
Ymis framlög	*40.509*	*3.147*	*17.542*	*54.904*
804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins	961	-	-	961
979 Húsafriðunarsjóður	-	-	10.500	10.500
980 Listskreytingasjóður	-	-	16	16
981 Kvikmyndasjóður	-	2.566	-	-2.566
982 Listir, framlög	24.949	-	-	24.949
984 Norræn samvinna	944	-	-	944
985 Alþjóðleg samskipti	6.861	-	-	6.861
988 Æskulýðsmál	3.398	-	-	3.398
989 Ymis íþróttamál	-	581	-	-581
997 Uppgjör við sveitarfélög	-	-	7.026	7.026
999 Ymislegt	3.396	-	-	3.396
03 Utanríkisráðuneyti	**33.276**	**527**	**-**	**32.749**
Ráðuneyti	*19.605*	-	-	*19.605*
101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	17.918	-	-	17.918
102 Varnarmálaskrifstofa	311	-	-	311
103 Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar	1.376	-	-	1.376
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-	*527*	-	*-527*
201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-	527	-	-527
Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	*13.671*	-	-	*13.671*
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.600	-	-	1.600
391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	7.506	-	-	7.506
399 Ymis utanríkismál	300	-	-	300
401 Alþjóðastofnanir	4.265	-	-	4.265
04 Landbúnaðarráðuneyti	**179.247**	**7.447**	**9.195**	**180.995**
Ráðuneyti	*3.337*	-	-	*3.337*
101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	3.337	-	-	3.337
Búnaðarmál	*13.041*	*1.227*	*9.195*	*21.009*
202 Hagþjónusta landbúnaðarins	-	23	-	-23
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-	34	-	-34
243 Sauðfjárveikivarnir	8.000	-	-	8.000
246 Veiðimálastofnun	-	28	-	-28
247 Yfirdýralæknir	5.041	-	-	5.041
281 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	-	-	9.195	9.195
299 Búnaðarmál, ýmis verkefni	-	1.142	-	-1.142
Skógrækt og landgræðsla	-	*6.220*	-	*-6.220*
231 Skógrækt ríkisins	-	5.941	-	-5.941
235 Landgræðsla ríkisins	-	216	-	-216
239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni	-	63	-	-63
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	*162.438*	-	-	*162.438*
410 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	162.438	-	-	162.438
Búnaðarskólar	*431*	-	-	*431*
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	283	-	-	283
502 Bændaskólinn á Hólum	16	-	-	16
503 Garðyrkjuskóli ríkisins	132	-	-	132
05 Sjávarútvegsráðuneyti	**30.611**	**600**	**-**	**30.011**
Ráðuneyti	*7.518*	-	-	*7.518*
101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	7.518	-	-	7.518
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	*16.596*	*600*	-	*15.996*

Yfirfærðar heimildir og umframgjöld frá árinu 1992	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkost. og viðhald	Samtals
Þúsundir króna				
201 Fiskifélag Islands	-	600	-	-600
202 Hafrannsóknastofnun	-	-	-	-
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1.002	-	-	1.002
204 Fiskistofa	11.025	-	-	11.025
216 Ríkismat sjávarafurða	4.547	-	-	4.547
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	22	-	-	22
Annað	*6.497*	-	-	*6.497*
221 Verðlagsráð sjávarútvegsins	207	-	-	207
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	6.290	-	-	6.290
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**84.683**	**9.441**	**56.535**	**131.777**
Ráðuneyti	*1.953*	-	-	*1.953*
101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	608	-	-	608
102 Stjórnartíðindi	1.326	-	-	1.326
103 Lagasafn	19	-	-	19
Dómsmál	*1.882*	*2.319*	*-2.576*	*-3.013*
201 Hæstiréttur	13	-	-	13
211 Héraðsdómur Reykjavíkur	-	36	-	-36
212 Héraðsdómur Vesturlands	-	1.016	-	-1.016
213 Héraðsdómur Vestfjarða	-	162	-	-162
214 Héraðsdómur Norðurlands vestra	22	-	-	22
215 Héraðsdómur Norðurlands eystra	1.078	-	-	1.078
216 Héraðsdómur Austurlands	261	-	-	261
217 Héraðsdómur Suðurlands	508	-	-	508
218 Héraðsdómur Reykjaness	-	566	-	-566
290 Dómsmál, ýmis kostnaður	-	539	-	-539
291 Húsnæði og búnaður dómstóla	-	-	-2.576	-2.576
Löggæslustofnanir og öryggismál	*58.126*	*1.017*	*12.219*	*69.328*
301 Ríkissaksóknari	36	-	-	36
302 Rannsóknarlögregla ríkisins	4.396	-	-	4.396
311 Lögreglustjórinn í Reykjavík	18.500	-	8.000	26.500
321 Almannavarnir ríkisins	1.139	-	-	1.139
331 Umferðarráð	2.479	-	-	2.479
341 Afengis- og fíkniefnamál	94	-	-	94
390 Ymis löggæslukostnaður	-	1.017	-	-1.017
391 Húsnæði löggæslustofnana	-	-	4.219	4.219
395 Landhelgisgæsla Islands	31.482	-	-	31.482
Sýslumenn	*10.204*	*6.051*	*12.248*	*16.401*
412 Sýslumaðurinn á Akranesi	-	1.747	-	-1.747
413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi	898	-	-	898
414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	-	2.176	-	-2.176
419 Sýslumaðurinn á Hólmavík	316	-	-	316
420 Sýslumaðurinn á Blönduósi	-	500	-	-500
421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	58	-	-	58
422 Sýslumaðurinn á Siglufirði	112	-	-	112
424 Sýslumaðurinn á Akureyri	7.363	-	-	7.363
425 Sýslumaðurinn á Húsavík	498	-	-	498
430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	868	-	-	868
431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	-	582	-	-582
433 Sýslumaðurinn á Selfossi	91	-	-	91
437 Sýslumaðurinn í Kópavogi	-	1.019	-	-1.019
490 Ymis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	-	27	-	-27
491 Húsnæði og búnaður sýslumanna	-	-	12.248	12.248
Fangelsismál	*6.622*	-	*23.703*	*30.325*
511 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	3.469	-	-	3.469
512 Fangelsið Litla-Hrauni	94	-	-	94
590 Fangamál, ýmis kostnaður	3.059	-	-	3.059
591 Fangelsisbyggingar	-	-	23.703	23.703

Yfirfærðar heimildir og umframgjöld frá árinu 1992	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkost. og viðhald	Samtals
Þúsundir króna				
Kirkjumál	*5.896*	*54*	*10.941*	*16.783*
712 Preststsetur	-	-	1.062	1.062
721 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	-	-	1.879	1.879
731 Kristnisjóður	-	54	-	-54
732 Kirkjubyggingarsjóður	1.000	-	-	1.000
790 Kirkjumál, ýmis kostnaður	4.896	-	8.000	12.896
07 Félagsmálaráðuneyti	**114.611**	**2.657**	**32.370**	**144.324**
Ráðuneyti	*5.221*	-	-	*5.221*
101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.221	-	-	5.221
Húsnæðismál	-	-	*232*	*232*
272 Byggingarsjóður verkamanna	-	-	232	232
Stjórnsýslustofnanir o.fl.	*15.919*	-	-	*15.919*
302 Ríkissáttasemjari	3.987	-	-	3.987
951 Brunamálastofnun ríkisins	1.302	-	-	1.302
953 Jafnréttisráð	146	-	-	146
954 Vinnueftirlit ríkisins	10.484	-	-	10.484
Málefni fatlaðra	*51.279*	*2.657*	*32.138*	*80.760*
700 Málefni fatlaðra	22.131	-	-	22.131
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	10.852	-	-	10.852
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	4.189	-	-	4.189
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	4.888	-	-	4.888
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	3.840	-	-	3.840
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	752	-	-	752
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	-	373	-	-373
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	1.572	-	-	1.572
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-	1.594	-	-1.594
710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	2.053	-	-	2.053
711 Styrktarfélag vangefinna	-	300	-	-300
719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	36	-	-	36
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	-	390	-	-390
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	966	-	-	966
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	32.138	32.138
Annað	*42.192*	-	-	*42.192*
981 Vinnumál	5.922	-	-	5.922
999 Félagsmál, ýmis starfsemi	36.270	-	-	36.270
08 Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.	**149.285**	**216.457**	**63.496**	**-3.676**
Ráðuneyti	*121*	-	-	*121*
101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	121	-	-	121
Tryggingamál	-	*200.000*	-	*-200.000*
271 Tryggingastofnun ríkisins	-	200.000	-	-200.000
Sjúkrastofnanir	*87.502*	*10.001*	*50.496*	*127.997*
357 Sjúkrahúsið Siglufirði	195	-	-	195
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	6.747	-	-	6.747
365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	58	-	-	58
366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	101	-	-	101
367 Sjúkrahúsið Keflavík	-	10.001	-	-10.001
370 Sjúkrahús í Reykjavík	14.000	-	40.143	54.143
371 Ríkisspítalar	4.854	-	-	4.854
372 Borgarspítalinn	3.919	-	-	3.919
373 St. Jósefsspítali, Landakoti	8.747	-	-	8.747
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	10.353	10.353
385 Framkvæmdasjóður aldraða	48.680	-	-	48.680
408 Sunnuhlíð, Kópavogi	80	-	-	80
420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	121	-	-	121
Heilsugæsla	*39.749*	*5.419*	*13.000*	*47.330*
500 Heilsugæslustöðvar, almennt	10.689	-	13.000	23.689

Yfirfærðar heimildir og umframgjöld frá árinu 1992	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkost. og viðhald	Samtals
Þúsundir króna				
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	27.341	-	-	27.341
522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	36	-	-	36
524 Heilsugæslustöðin Olafsvík	-	39	-	-39
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	-	22	-	-22
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	-	26	-	-26
541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga	9	-	-	9
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	-	58	-	-58
553 Heilsugæslustöðin Akureyri	641	-	-	641
557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	-	153	-	-153
561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	-	187	-	-187
565 Heilsugæslustöðin Eskifirði	7	-	-	7
567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	-	549	-	-549
568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	30	-	-	30
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	718	-	-	718
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	-	80	-	-80
577 Heilsugæslustöðin Selfossi	25	-	-	25
578 Heilsugæslustöðin Hveragerði	22	-	-	22
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	158	-	-	158
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	30	-	-	30
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ	43	-	-	43
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	-	2.524	-	-2.524
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-	1.781	-	-1.781
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	*5.717*	*897*	-	*4.820*
301 Landlæknir	918	-	-	918
311 Héraðslæknir í Reykjavík	-	897	-	-897
323 Tryggingaeftirlitið	1.000	-	-	1.000
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	895	-	-	895
325 Hollustuvernd ríkisins	873	-	-	873
326 Sjónstöð Íslands	680	-	-	680
327 Geislavarnir ríkisins	1.351	-	-	1.351
Annað	*16.196*	*140*	-	*16.056*
340 Málefni fatlaðra	4.307	-	-	4.307
393 Lyfjamál	380	-	-	380
396 Lyfjanefnd	-	140	-	-140
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	8.199	-	-	8.199
601 Ljósmæðraskóli Íslands	988	-	-	988
621 Afengisvarnir og bindindismál	2.322	-	-	2.322
09 Fjármálaráðuneyti	**58.482**	**10.363**	**111.500**	**159.619**
Ráðuneyti	*8.319*	*243*	*900*	*8.976*
101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6.928	-	-	6.928
103 Ríkisbókhald	220	-	-	220
104 Ríkisfjárhirsla	-	243	-	-243
105 Ríkislögmaður	1.171	-	900	2.071
Skatta- og tollamál	*31.514*	*10.120*	*2.000*	*23.394*
201 Ríkisskattstjóri	21.975	-	-	21.975
202 Skattstofan í Reykjavík	-	1.412	-	-1.412
203 Skattstofa Vesturlands	105	-	-	105
204 Skattstofa Vestfjarða	206	-	-	206
205 Skattstofa Norðurlands vestra	-	529	-	-529
206 Skattstofa Norðurlands eystra	1.114	-	-	1.114
207 Skattstofa Austurlands	2.369	-	-	2.369
209 Skattstofa Vestmannaeyja	162	-	-	162
211 Skattstofa Reykjaness	2.124	-	-	2.124
212 Skattamál, ýmis útgjöld	-	3.824	-	-3.824
214 Yfirskattanefnd	718	-	2.000	2.718
251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	-	3.466	-	-3.466
261 Ríkistollstjóri	-	889	-	-889

Yfirfærðar heimildir og umframgjöld frá árinu 1992 Þúsundir króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkost. og viðhald	Samtals
262 Tollstjórinn í Reykjavík	2.741	-	-	2.741
Annað	*18.649*	-	*108.600*	*127.249*
402 Fasteignamat ríkisins	1.748	-	11.600	13.348
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	265	-	-	265
981 Ymsar fasteignir ríkissjóðs	-	-	87.000	87.000
995 Skýrsluvélakostnaður	7.500	-	10.000	17.500
999 Ymislegt	9.136	-	-	9.136
10 Samgönguráðuneyti	**31.318**	**2.206**	**74.091**	**103.203**
Ráðuneyti	*1.385*	*1.536*	-	*-151*
101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	-	1.536	-	-1.536
190 Ymis kostnaður ráðuneytis	1.385	-	-	1.385
Vegamál	-	-	*-295*	*-295*
211 Vegagerð ríkisins	-	-	-295	-295
Siglingamál	*2.687*	*670*	*74.386*	*76.403*
331 Vita- og hafnamálaskrifstofan	314	-	-	314
332 Vitastofnun Íslands	-	625	-	-625
333 Hafnamál	-	-	79.286	79.286
341 Siglingamálastofnun ríkisins	2.373	-	-4.900	-2.527
342 Rannsóknanefnd sjóslysa	-	45	-	-45
Flugmál	*27.169*	-	-	*27.169*
471 Flugmálastjórn	27.169	-	-	27.169
Ferðamál	*77*	-	-	*77*
651 Ferðamálaráð	77	-	-	77
11 Iðnaðarráðuneyti	**9.005**	**9.243**	**-**	**-238**
Ráðuneyti	*4.739*	-	-	*4.739*
101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	3.371	-	-	3.371
102 Einkaleyfastofan	1.368	-	-	1.368
Iðnaðarmál	*4.160*	*25*	-	*4.135*
201 Iðntæknistofnun Íslands	607	-	-	607
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-	25	-	-25
240 Iðnaðarrannsóknir	297	-	-	297
299 Iðja og iðnaður, framlög	3.256	-	-	3.256
Orkumál	*106*	*9.218*	-	*-9.112*
301 Orkustofnun	106	-	-	106
302 Rafmagnseftirlit ríkisins	-	8.734	-	-8.734
371 Orkusjóður	-	484	-	-484
12 Viðskiptaráðuneyti	**7.894**	**-**	**-**	**7.894**
Ráðuneyti	*5.913*	-	-	*5.913*
101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.913	-	-	5.913
Viðskiptamál	*1.981*	-	-	*1.981*
301 Löggildingarstofan	60	-	-	60
902 Verðlagsstofnun	1.818	-	-	1.818
903 Skráning hlutafélaga	103	-	-	103
13 Hagstofa Íslands	**1.642**	**-**	**-**	**1.642**
Hagstofa Íslands	*1.642*	-	-	*1.642*
101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	1.642	-	-	1.642
14 Umhverfisráðuneyti	**7.913**	**11.567**	**14.562**	**10.908**
Ráðuneyti	-	*179*	*14.562*	*14.383*
101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	-	179	-	-179
190 Ymis verkefni	-	-	14.562	14.562
Náttúruvernd	*7.242*	*3.483*	-	*3.759*
201 Náttúruverndarráð	-	3.483	-	-3.483
210 Veiðistjóri	7.242	-	-	7.242
Skipulagsmál	*671*	*4.950*	-	*-4.279*
301 Skipulagsstjóri ríkisins	-	4.950	-	-4.950

Yfirfærðar heimildir og umframgjöld frá árinu 1992	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkost. og viðhald	Samtals
Þúsundir króna				
310 Landmælingar Íslands	671	-	-	671
Rannsóknir o.fl.	-	*2.955*	-	*-2.955*
401 Náttúrufræðistofnun Íslands	-	2.092	-	-2.092
410 Veðurstofa Íslands	-	863	-	-863
ALLS OLL RAÐUNEYTI	***957.643***	***435.052***	***696.321***	***1.218.912***

Fylgiskjal 2

Framlög til atvinnuskapandi aðgerða í tengslum við kjarasamninga 1993

Framlög til atvinnuskapandi aðgerða vegna kjarasamninga Milljónir króna	Ný heimild	Yfirfærsla frá 1992	Samtals
00 ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS	**5,0**	**42,5**	**47,5**
201 Alþingi	5,0	-	5,0
510 Bessastaðir	-	42,5	42,5
01 FORSÆTISRÁÐUNEYTI	**30,0**	**5,0**	**35,0**
101 Forsætisráðuneyti, ráðherrabústaður við Tjarnargötu, Rvk.	10,0	-	10,0
171 Byggðastofnun, heimilis- og listiðnaður	20,0	-	20,0
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-	5,0	5,0
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**165,0**	**251,5**	**416,5**
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	15,0	-	15,0
210 Háskólinn á Akureyri	7,0	-	7,0
221 Kennaraháskóli Íslands, Rvk.	9,0	-	9,0
221 Kennaraháskóli Íslands, Varmaland	9,0	-	9,0
223 Rannsóknastofnun uppeldismála, Valhöll við Suðurgötu, Rvk.	8,0	-	8,0
318 Menntaskólinn á Laugarvatni	-	10,0	10,0
318 Menntaskólinn á Laugarvatni, íþróttasvæði	30,0	-	30,0
318 Menntaskólinn við Hamrahlíð	5,0	-	5,0
318 Framhaldsskóli Vestfjarða	10,0	-	10,0
318 Menntaskólinn á Egilsstöðum	6,0	-	6,0
318 Menntaskólinn í Kópavogi	4,0	-	4,0
318 Framhaldsskólinn í Grafarvogi	-	42,5	42,5
318 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	5,0	-	5,0
318 Flensborgarskóli	5,0	-	5,0
318 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2,0	-	2,0
318 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	1,0	-	1,0
318 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	-	8,0	8,0
318 Fjölbrautaskólinn Sauðárkróki	1,0	-	1,0
318 Iðnskólinn í Reykjavík	5,0	-	5,0
318 Framhaldsskólar, aðrir	-	40,5	40,5
907 Listasafn Íslands, Landshöfðingjahúsið	10,0	-	10,0
909 Blindrabókasafn Íslands	7,5	-	7,5
973 Þjóðleikhús	17,0	-	17,0
974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	4,5	-	4,5
977 Þjóðarbókhlaða	-	140,0	140,0
979 Húsafriðunarsjóður	-	10,5	10,5
999 Gamli stýrimannaskólinn við Öldugötu, Rvk.	4,0	-	4,0
04 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	**5,0**	**-**	**5,0**
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	5,0	-	5,0
05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	**10,0**	**-**	**10,0**
299 Matvælaþróun í sjávarútvegi	10,0	-	10,0
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI	**25,0**	**40,0**	**65,0**
291 Hæstaréttarhús, Rvk.	25,0	-	25,0
391 Húsnæði löggæslustofnana	-	4,0	4,0
491 Húsnæði og búnaður sýslumanna	-	12,0	12,0
591 Fangelsisbyggingar	-	24,0	24,0
07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**60,0**	**32,0**	**92,0**
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	32,0	32,0
981 Atvinnumál kvenna	60,0	-	60,0

Framlög til atvinnuskapandi aðgerða vegna kjarasamninga	Ný heimild	Yfirfærsla frá 1992	Samtals
Milljónir króna			
08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI	**25,0**	**50,0**	**75,0**
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2,0	-	2,0
370 Sjúkrahús í Reykjavík	-	40,0	40,0
381 Sjúkrahúsið Keflavík	3,5	-	3,5
381 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	4,0	-	4,0
381 Sólvangur, Hafnarfirði	4,5	-	4,5
381 Víðines, Kjalarnesi	3,5	-	3,5
381 Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	2,0	-	2,0
381 Hrafnista, Rvk.	1,5	-	1,5
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	10,0	10,0
500 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	1,2	-	1,2
500 Heilsugæslustöðin Hellu	2,8	-	2,8
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**97,0**	**87,0**	**184,0**
981 Arnarhvoll	-	1,5	1,5
981 Stjórnarráðshúsnæði	-	13,5	13,5
981 Stjórnarráðshúsnæði, flutningur ráðuneyta	35,0	-	35,0
981 Tollhús, Rvk.	25,0	25,0	50,0
981 Sölvhólsgata 7, Rvk.	-	32,0	32,0
981 Sölvhóll, Rvk.	-	5,0	5,0
981 Listaskóli, Rvk.	5,0	10,0	15,0
981 Húseignir á Akureyri	11,0	-	11,0
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	21,0	-	21,0
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**45,0**	**50,0**	**95,0**
333 Höfnin Ólafsfirði	30,0	-	30,0
333 Höfnin Grindavík	-	30,0	30,0
333 Höfnin Reyðarfirði	-	7,0	7,0
333 Höfnin Sauðárkróki	-	12,0	12,0
333 Höfnin Vogum	-	1,0	1,0
333 Sjóvarnargarður Höfn	15,0	-	15,0
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**5,0**	**-**	**5,0**
299 Þróun tæknibúnaðar fyrir útgerð og fiskvinnslu	5,0	-	5,0
14 UMHVERFISRÁÐUNEYTI	**15,0**	**-**	**15,0**
201 Náttúruverndarráð, þjóðgarðar	15,0	-	15,0
SAMTALS	***487,0***	***558,0***	***1.045,0***

109. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um endurskoðun laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa fimm manna nefnd til að endurskoða lög nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga, einkum ákvæði 12. gr.

Greinargerð.

Í 4. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944 er þess sérstaklega getið að óheimilt sé að nota þjóðfána Íslendinga á umbúðir eða í auglýsingar á vörum.

Flutningsmenn telja að ákvæði þetta eigi ekki lengur við nein rök að styðjast og að gæðavörur íslenskrar framleiðslu, sem til útflutnings séu ætlaðar, geti og eigi að bera glögg einkenni Íslands. Því eigi ekkert að vera því til fyrirstöðu að heimilt verði að nota íslenska þjóðfánann t.d. á umbúðir varnings sem framleiddur er hér á landi, enda gæti slík merking haft áhrif til landkynningar.

Flutningsmenn telja það í hæsta máta eðlilegt og við hæfi að t.d. bæklingar til kynningar á landi og þjóð og til upplýsingar fyrir ferðamenn séu áprentaðir með íslenska þjóðfánanum.

Með tilvísun til þess sem að framan greinir þykir flutningsmönnum rétt að benda á að m.a. ættu fulltrúar útflutningsráðs og ferðamála að eiga aðild að væntanlegri nefndarskipun.

110. Svar [11. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um eftirlit með opinberum fjársöfnunum.

1. *Hvernig er háttað eftirliti með því að þeir sem gangast fyrir opinberum fjársöfnunum hafi til þess tilskilin leyfi skv. 4. gr. laga nr. 5/1977, um opinberar fjársafnanir, eða hafi tilkynnt slíka fjársöfnun viðkomandi lögreglustjóra eins og ákvæði er um í 3. gr. sömu laga?*

Það er hlutverk viðkomandi lögreglustjóra þar sem fjársöfnun fer fram að fylgjast með því að reglur um hana séu haldnar. Viðkomandi lögreglustjóri, þar sem aðili sem að fjársöfnun stendur á lögheimili, skal fylgjast með því að skil séu gerð á þann hátt sem lögin mæla fyrir um. Því tilkynnir ráðuneytið viðkomandi lögreglustjóra um leyfi sem það veitir til safnana skv. 4. gr. Ráðuneytið hefur seinast með bréfi, dags. 10. júlí 1991, sem fylgir hér með, ítrekað við alla lögreglustjóra skyldur þeirra í þessum efnum.

2. *Hversu margir hafa sótt um leyfi til þess að gangast fyrir opinberri fjársöfnun eða tilkynnt um slíkar safnanir til lögregluyfirvalda árin 1989 til og með 1992 og það sem af er árinu 1993, skipt niður á þessi ár? Hverjir eru þessir aðilar og hver var yfirlýstur tilgangur fjársöfnunar hverju sinni, skipt niður á sömu ár?*

Í meðfylgjandi skrá er að finna umbeðnar upplýsingar um þá sem fengið hafa leyfi ráðuneytisins skv. 4. gr. laganna, þ.e. til opinberrar fjársöfnunar á götum eða í húsum.

Að því er varðar tilkynningar til lögreglustjóra um opinbera fjársöfnun skv. 3. gr. óskaði ráðuneytið eftir að lögreglustjórar létu ráðuneytinu í té upplýsingar um hve margar fjársafnanir hafi verið tilkynntar til þeirra og sömuleiðis hve margar tilkynningar hafa borist um reikningsskil. Svör hafa nú borist frá 17 lögreglustjórum og samkvæmt þeim svörum hafa borist tilkynningar um fjársafnanir eða reikningsskil vegna þeirra til lögreglustjórans í Reykjavík og í einu tilviki til sýslumannsins (lögreglustjórans) í Keflavík. Skrá um tilkynningar til lögreglustjórans í Reykjavík fylgir hér með.

3. *Hverjir þessara aðila hafa skv. 7. gr. laganna birt opinberlega reikningsyfirlit yfir viðkomandi fjársöfnun? Hvar og hvenær voru þau yfirlit birt?*

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna skal viðkomandi lögreglustjóra tilkynnt um hvar og hvenær birting skuli fara fram. Samkvæmt þeim svörum sem ráðuneytinu hafa borist frá lögreglustjórum hafa slíkar tilkynningar aðeins borist lögreglustjóranum í Reykjavík og fylgir yfirlit yfir þær tilkynningar hér með.

4. *Með hvaða hætti er fylgst með því að söfnunarfé sé notað í þeim tilgangi sem upphaflega var ætlað, sbr. síðari málsgrein 5. gr. laganna um opinberar fjársafnanir?*

Samkvæmt 6. gr. laganna skal reikningshald endurskoðað af löggiltum endurskoðanda eða þeim er dómsmálaráðuneytið kann að útnefna til slíks.

Í 4. mgr. 7. gr. laganna segir svo: „Nú liggja ekki fyrir gögn um notkun söfnunarfjár, þegar reikningi er lokað, og skal þá endurskoðandi síðar gefa skýrslu þar um.“ Af orðalagi þessarar málsgreinar má ráða að endurskoðanda beri að gefa skýrslu um notkun söfnunarfjárins sem væntanlega á þá að fylgja reikningsyfirliti til viðkomandi lögreglustjóra. Ekki hafa verið gerðar aðrar ráðstafanir til að fylgjast með notkun söfnunarfjár.

Fylgiskjal.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til allra lögreglustjóra um eftirlit með opinberum fjársöfnunum.
(10. júlí 1991.)

Hér með vill ráðuneytið ítreka eftirfarandi ákvæði laga um opinberar fjársafnanir, nr. 5 24. mars 1977:

1. Tilkynna skal viðkomandi lögreglustjóra opinbera fjársöfnun áður en hún hefst, 3. gr.
2. Opinber fjársöfnun á götum eða í húsum er aðeins heimil að fengnu leyfi dómsmálaráðuneytisins, 4. gr.
3. Senda skal viðkomandi lögreglustjóra reikningsyfirlit söfnunar og tilkynningu um hvar og hvenær reikningsyfirlit er birt en birta skal það a.m.k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt, 7. gr.

Jafnframt leggur ráðuneytið hér með fyrir að haldin skuli við hvert embætti skrá yfir öll leyfi sem þar eru veitt til fjársöfnunar og skrá þar einnig reikningsyfirlit söfnunarinnar og birtingu þess.

Ganga skal ríkt eftir því að reikningsyfirliti sé skilað.

Vakin er athygli á því að brot á lögunum varða sektum.

F. h. r.
Jón Thors.

		Fjársafnanir 1989		
Leyfi útg.	**Leyfishafar**	**Merkjas/fjárs.**	**Dags.**	
	Luciusjóður		4. sunnud. í janúar '89	Árleg merkjasala
17. janúar '89	Lionshreyfingin á Íslandi	Merkjasala-rauð fjöður	7.-9. apríl '89	Hagnaði varið til líknamála
14. febrúar-	Kvenfélagið Líkn Vestmannaeyjum	Merkjasala	12. maí '89	
	Rauði kross Íslands		Öskudagur	Árleg merkjasala
24. febrúar -	Slysavarnafélag Íslands kvennadeild	Merkjasala	10.-11. mars '89	
	Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar		1. sunnud í mars '89	Árleg merkjasala
8. mars -	Íslenska Kiwanisumdæmið	Fjársöfnun	20.-22. október '89	Landssöfn. til styrk. endurhæfingu geðsjúkr.
22. mars -	Björgunarsveit Ingólfs Reykjavík	Merkjasala	5.-6. maí '89	
	Landssamband hjálparsveita skáta		1. föst.og laug.d. í apríl'8	Árleg merkjasala
7. apríl -	Kvenfélag Hlíf Akureyri	Merkjasala	19. apríl '89	
	Sumargjöf		Sumardag. fyrsti	Árleg merkjasala
	Alþýðusamband Íslands		1. maí '89	Árleg merkjasala
	Unglingareglan í Reykjavík		1. sunnud. eftir 1. maí '89	Árleg merkjasala
17. apríl -	Slysavarnardeildin Eykyndill Vestm.	Merkjasala	6.-7. maí '89	
19. apríl -	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	Merkjasala	12.-13. maí '89	
	Slysavarnafélag Íslands	Merkjasala	Lokadagur 11. maí '89	Árleg merkjasala
	Sjómannadagsráð		Sjómannadagurinn	Árleg merkjasala
21. júní-	Krabbameinsfélag Íslands	Merkjasala	1.-3. september '89	
21. júní -	Sjöunda dags aðventistar á Íslandi	Fjársöfnun	1. júlí- 9. október '89	V/hjálparstarfs aðventista fyrir þróunarlöndin
28. júlí -	Hjálpræðisherinn	Merkjasala	6.-8. september '89	V/starfsemi Hjálpr. meðal barna og unglinga
21. ágúst -	Sjálfsbjörg	Fjársöfnun	8. september '89	V/lokaframkvæmda við Sjálfsbjargarhúsið
	Samband dýraverndarfélaga Íslands		3. sunnud. í september '89	Árleg merkjasala
24. ágúst -	Systrafélag Siglufjarðarkirkju	Merkjasala	26. ágúst '89	
	Samband íslenskra berklasjúkl. SÍBS		1. sunnud. í október '89	Árleg merkjasala
	Bandalag íslenskra skáta		2. sunnud. í október '89	Árleg merkjasala
27. septemb-	Blindravinafélag Íslands	Merkjasala	13.,14. og 15. október'89	
	Geðverndarfélag Íslands		1. sunnud. í nóvember '89	Árleg merkjasala

6. október -	Slysavarnafélag Íslands, björgunar-	Merkjasala	18.-19. nóvember '89	V/átaks til fjáröflunar slysavarna og björg-
	sveit á Austurlandi			unarstarfs frá Vopnafirði að Fagurhólmsmýri
	Flugbjörgunarsveitin		1. laugard. í nóvember'89	Árleg merkjasala
12. október-	Fjáröflunar- og framkvæmdanefnd	Fjársöfnun	4.-11. nóvember '89	V/byggingará 2 .áfanga Dvalarheim. Höfða
	Dvalarheimilisins Höfða Akranesi			
15. nóvemb-	Mæðrastyrksnefnd Akureyrar	Fjársöfnun	17. nóvember '89	
	Stúdentaráð Háskólans		1. desember '89	Árleg merkjasala
	Samtals 32			

		Fjársafnanir 1990		
Leyfi útg.	**Leyfishafar**	**Merkjas/fjárs.**	**Dags.**	
	Luciusjóður		4. sunnud. í janúar 1990	
18. janúar -	Kvenfélagið Líkn Vestmannaeyjum	Merkjasala	1. júní '90	
5. febrúar -	Krabbameinsfélag Íslands	Fjársöfnun	30.03. og 01.04.1990	Þjóðarátak gegn krabbameini
14. febrúar -	Landssamtök hjartasjúklinga	Merkjasala	31.05. og 02.06.1990	Tækjak. og efling endurh.aðst.f. hjartasjúkl.
	Rauði kross Íslands		Öskudagur	
	Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar		1. sunnud. í mars 1990	Árleg merkjasala
15. febrúar-	Kvennadeild Slysav.fél. Íslands	Merkjasala	2.-3. mars 1990	
20. febrúar -	Styrkarfél. aldraðra á Suðurnejum	Merkjasala	23.-24. febrúar 1990	
	Landssamband hjálparsveita skáta		Öskudagur	Árleg merkjasala
	Barnavinafélagið Sumargjöf		Sumardag. fyrsti	
	Alþýðsamband Íslands		1. maí '90	Árleg merkjasala
	Unglingareglan í Reykjavík		1. sunnud. eftir 1. maí 19	Árleg merkjasala
	Mæðrastyrksnefnd		2. sunnud. í maí 1990	Árleg merkjasala
	Slysavarnafélag Íslands		Lokadagur 11. maí 1990	
20. febrúar-	SÁÁ	Merkjasala	19.-20. maí 1990	
30. mars -	Kvenfélagið Hlíf Akureyri	Merkjasala	4.-5. maí 1990	
2. apríl -	Framkv.nefnd landgr.skóga-átak'90	Merkjasala	27.-29. apríl 1990	Átak í skógrækt og landgræðslu
3. apríl -	Íþróttafélag fatlaðra Rvk og nágr.	Merkjasala	26. maí '90	Húsbygg.sjóður fél.(Íþróttahús í byggingu)
3. apríl -	Slysavarnadeildin Eykyndill Vestm.	Merkjasala	12.-13. maí 1990	
3. apríl -	Kvenfélag Seljasóknar	Merkjasala	26. maí '90	V/byggingarsjóðs Seljakirkju
5. apríl -	Líknarsjóður Áslaugar Maack Kóp.	Merkjasala	26. maí '90	
17. apríl -	Slysavarnadeild Ingólfur Reykjavík	Merkjasala	4.-5. maí '90	
25. apríl -	Félag einstæðra foreldra Reykjavík	Merkjasala	26. maí '90	
	Sjómannadagsráð		Sjómannadagurinn	
25. apríl -	Stígamót Reykjavík	Merkjasala	19. júní '90	V/starfsemi Stígamóta
30. apríl -	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	Merkjasala	12.-13. maí '90	
18. júlí -	Sjöunda dags aðventistar á Íslandi	Fjársöfnun	Júlí -október '90	Hjálparstarf Aðventista f. þróunarlönd

14. ágúst -	SEM Samt.endurh. mænuskaddaðra	Merkjasala-rauð nef	26.-28. október '90	V/íbúðarbyggingar
15. ágúst -	Krabbameinsfélag Austfjarða	Merkjasala	1.-2. september '90	
15. ágúst -	Hjálpræðisherinn	Merkjasala	5.-7. september '90	Starfs.Hjálpr.h.á Ís.eink.meðal barna og ungl
24. ágúst -	Systrafélag Siglufjarðarkirkju	Merkjasala	26. ágúst '90	
	Krabbameinsfélögin		1. sunnud. í september '90	
	Samb. dýraverndarfélaga Íslands		3. sunnud. í september '90	
28. ágúst -	Sjálfsbjörg	Merkjasala	22.-23. september '90	
	Samband íslenskra berklasjúk.SÍBS		1. sunnud. í október '90	
	Bandalag íslenskra skáta		2. sunnud. í október '90	
	Blindravinafélag Íslands		3. sunnud. í október'90	
	Flugbjörgunarsveitin		1. laugard. í nóvember '90	
	Geðverndarfélag Íslands		1. sunnud. í nóvember '90	
12. nóvemb-	Slysavarnafélag Íslands á Austurlandi	Merkjasala	4.-25. nóvember '90	V/átaks frá Hornafirði að Bakkafirði
23. nóvemb-	Mæðrastyrksnefnd Akureyrar	Merkjasala	30. nóvember '90	
	Stúdentaráð Háskólans		1. desmeber '90	
	Samtals 42			

		Fjársafnanir 1991		
Leyfi útg.	**Leyfishafar**	**Merkjas/fjárs.**	**Dags.**	
	Luciusjóður		4.sunnud. í janúar '91	Árleg merkjasala
5. desemb'90	Stígamót	Merkjasala	8. mars '91	V/starfsemi Stígamóta
5. desemb'90	SEM samtök endurhæfðra mænusk.	Merkjasala	8.-10. febrúar '91	V/íbúðarbygginga
	Rauði kross Íslands		Öskudagur	
24. janúar '91	Slysavarnafélag Íslands	Merkjasala	1.-2. mars '91	
	Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar		1. sunnud. í mars '91	Árleg merkjasala
	Landssamband hjálpasveitaskáta		1. föstu.- laugard. í apríl'9	Árleg merkjasala
	Barnavinafélagið Sumargjöf		Sumardag. fyrsti	
	Alþýðusamband Íslands		1. maí '91	Árleg merkjasala
	Unglingareglan í Reykjavík		1. sunnud. eftir 1. maí '91	Árleg merkjasala
	Mæðrastyrksnefnd		2. sunnud. í maí '91	Árleg merkjasala
	Slysavarnafélag Íslands		Lokadagur 11. maí '91	
7. febrúar -	SÁÁ	Merkjasala	17.-18. maí '91	
25. febrúar -	Slysavarnadeildin Eykyndill Vestm.	Merkjasala	11. maí '91	
25. febrúar -	Kvenfélagið Líkn Vestmannaeyjum	Merkjasala	24. maí '91	
28. febrúar -	Framkv.nefnd landgr.skóga-átak '91	Merkjas.-græna greinin	25.-27. apríl '91	Landgræðsluskógaátak
15. mars -	Kvenfélagið Hlíf Akureyri	Merkjasala	4.-5. maí '91	
15. mars -	Björgunarsveit Ingólfs Reykjavík	Merkjasala	3.-4. maí '91	
21. mars -	Kvenfélag Seljasóknar	Merkjasala	20. apríl '91	Byggingarsjóður Seljakirkju
21. mars -	Félag einstæðra foreldra	Merkjasala	20. apríl '91	
21. mars -	Handknattleikssamband Íslands	Merkjasala	18.-21. apríl '91	Landsliðsstarfsemi í ungl.-kvenna- og karlafl
25. mars -	Rauði kross Íslands	Merkjasala	9.-10. maí '91	"Átak til hjálpar stríðshrjáðum"
26. mars -	Líknarsj. Áslaugar Maack Kópavogi	Merkjasala	20. apríl '91	
3. apríl -	Björgunarsveitir í Árnessýslu: Björg,	Merkjasala-pennar	13.-14. apríl '91	
	Dröfn, Sigurgeir, Biskup, Ingunn,			
	Mannbjörg og Fannar			

3. maí -	Erna Halldórsd., Þorlákshöfn, Þór-	Fjársöfnun	1 vika í maí '91	Til styrktar Zóphoníasi Árna Gylfasyni, Mið
	hildur Guðmunds., Stokkseyri og			húsum 6, Grenivík, kt. 070276-5509.
	Katrín Andrésd., Stokkseyri.			
	Sjómannadagsráð		Sjómannadagurinn	
14. maí -	Krabbameinsfélag Íslands	Merkjasala	6.-8. september '91	
10. júní -	Hjálpræðisherinn	Merkjasala	28.-30. ágúst '91	Starfs.Hjálpr.h.á Ís. til styr.barna- og ungl.st.
21. júní -	Sjöunda dags aðventistar á Íslandi	Fjársöfnun	Júní - október '91	V/hjálparstarf aðventista f. þróunarlöndin
27. ágúst -	Systrafélag Siglufjarðarkirkju	Merkjasala	31. ágúst '91	
	Samband dýraverndarfélaga Íslands		3. sunnud. í september '91	
	Sjálfsbjörg		4. sunnud. í september '91	
	Samb. íslenskra berklasjúklinga SÍBS		1. sunnud. í október '91	
	Bandalag íslenskra skáta		2. sunnud. í október '91	
	Blindravinafélag Íslands		3. sunnud. í október '91	
9. október -	Sjöunda dags aðventistar á Íslandi	Fjársöfnun	Til 31. október '91	Hjálparstarf f. þróunarlöndin
18. október-	Kvenfélagið Hlíf Akureyri	Merkjasala	1. nóvember '91	
21. október-	Norrænt dagsverk NOD '91	Merkjasala-vinnuframl.	23.-24. október '91	Söfnun til að byggja upp menntunarmögu-
				leika fyrir unglinga í Brasilíu
25. október-	Samtökin vinátta '91	Merkjasala	26. okt.-1. nóvem. '91	Vináttuhátíð f. alla aldurshópa
	Flugbjörgunarsveitin		1. laugard. í nóvember '91	
	Geðverndarfélag Íslands		1. sunnud. í nóvember '91	
21. nóvemb-	Mæðrastyrksnefnd Akureyrar	Fjársöfnun	29. nóvember '91	
	Stúdentaráð Háskóla Íslands		1. desember '91	
	Samtals 43			

		Fjársafnanir 1992		
Leyfi útg.	**Leyfishafar**	**Merkjas/fjárs.**	**Dags.**	
	Luciusjóður		4. sunnud. í janúar '92	Árleg merkjasala
19. desc.'91	Íþróttasamband fatlaðra	Merkjasala-rauð nef	27. feb.-1. mars '92	Fjárs. öfnun v/Olympíuleika fatlaðra í
				Barcelóna og Madrid í september 1992
15. janúar'92	Kiwanishreyfingin á Íslandi	Merkjasala	15.-17. október '92	Landssöfnun "Gleymum ekki geðsjúkum"
15. janúar -	Gigtarfélag Íslands	Fjársöfnun	18.-19. september'92	Norrænt gigtarár 1992
	Rauði kross Íslands		Öskudagur	
20. janúar -	Stígamót	Merkjasala	6.-8. mars '92	
6. febrúar -	Slysavarnadeild kvenna Reykjavík	Merkjasala	20.-23. febrúar '92	Ágóði rennur til slysavarnamála
	Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar		1. sunnud. í mars '92	Árleg merkjasala
	Landssamband hjálparsveita skáta		1. föstu. og laugard. í apríl	Árleg merkjasala
	Barnavinafélag Sumargjöf		Sumardag. fyrsti	
	Alþýðusamband Íslands		1. maí '92	Árleg merkjasala
	Unglingareglan í Reykjavík		1. sunnud. eftir 1. maí '92	Árleg merkjasala
	Slysavarnafélag Íslands		Lokdadagur 11. maí '92	
12. febrúar -	Landssamtök hjartasjúklinga	Merkjasala	15.-16. maí '92	Ágóði rennur til líknarmála
12. febrúar -	SÁÁ	Merkjasala	29.-31. maí '92	
6. mars -	Handknattleikssamband Íslands	Merkjasala	20.-22. mars '92	Ágóði rennur til starfsemi HSÍ
9. mars -	Kvenfélagið Líkn Vestmannaeyjum	Merkjasala	8. maí '92	
30. mars -	Slysavarnadeildin Ingólfur	Merkjasala	30. apríl-2. maí '92	
1. apríl -	Skíðafélag Ísafjarðar unglingadeild	Merkjasala-íþróttasokk.	2. - 5. apríl '92	Fjáröflun v/ferðar 9-12 ára barna á Andres
				andar leika á Akureyri
	Sjómannadagsráð		Sjómannadagurinn	
21. apríl -	Kvennaathvarfið	Fjársöfnun	2. október '92	
8. maí -	Mæðrastyrksnefnd	Merkjasala	10. maí '92	
10. júlí -	Sjöunda dags aðventistar á Íslandi	Fjársöfnun	Júlí - október '92	Hjálparstarf aðventista fyrir þróunarlöndin
13. ágúst -	Hjálpræðisherinn	Merkjasala	2.-4. september '92	Starfs. Hjálpræðish. til styrkt. barna- og ungl
	Krabbameinsfélögin		1. sunnud. í september '92	Árleg merkjasala

	Samband dýraverndarfélaga Íslands		3. sunnud. í september '92	
	Sjálfsbjörg		4. sunnud. í september '92	
	Samb. íslenskra berkalsjúklinga SÍBS		1. sunnud. í október '92	
	Bandalag íslenskra skáta		2. sunnud. í október '92	
	Blindravinafélag Íslands		3. sunnud. í október '92	
25. ágúst -	Krabbameinsfélag Austfjarða	Merkjasala	5.-6. september '92	Til styrktar starfi félagsins
26. ágúst -	Systrafélag Siglufjarðarkirkju	Merkjasala	29.-30. ágúst '92	
14. október-	Sjöunda dags aðventistar á Íslandi	Fjársöfnun	Til 30. nóvember '92	Hjálparstarf aðventista fyrir þróunarlöndin
	Flugbjörgunarsveitin		1. laugard. í nóvember '92	
	Geðverndarfélag Íslands		1. sunnud. í nóvember '92	
27. október-	Stuðningshópur Sophiu Hansen	Merkjasala	9.-15. nóvember '92	
16. nóvemb.-	Stuðningshópur Sophiu Hansen	Merkjasala	16.-22. nóvember '92	Framlengt þar sem merkin bárust ekki til
				landsins fyrr en 12. nóvember '92
	Stúdentaráð Háskólans		1. desember '92	
24. nóvemb.-	Mæðrastyrksnefnd Akureyrar	Merkjasala	4. desember '92	
	Samtals 39			

		Fjársafnanir 1993		
Leyfi útg.	**Leyfishafar**	**Merkjas/fjárs.**	**Dags.**	
	Luciusjóður		4. sunnud. í janúar '93	Árleg merkjasala
6. janúar '93	Íþróttafélag heyrnarlausra	Merkjasala	5.-11. febrúar '93	Söfn. v/Heimsleika heyrnarlausra 24/7-2/8'9
12. janúar -	Slysavarnadeild kvenna í Reykjavík		19.-21. febrúar '93	Ágóði rennur til slysavarnamála
	Rauði kross Íslands	Merkjasala	Öskudagur	
	Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar		1. sunnud. í mars '93	Árleg merkjasala
	Landssamband hjálparsveita skáta		1. föst. og laug.d. í apríl'9	Árleg merkjasala
	Barnavinafélagið Sumargjöf		Sumardag. fyrsti '93	
26. janúar -	Slysavarnadeildin Ingólfur Reykjavík	Merkjasala	29.-30. apríl '93	Til styrktar starfsemi björgunarsveitar
26. janúa -	SÁÁ	Merkjasala	21.-23. maí '93	
4. febrúar -	Slysavarnadeildin Eykyndill Vestman	Merkjasala	20.-21. febrúar '93	Ágóði rennur til slysavarnamála
22. febrúar -	Stígamót	Merkjasala	5., 6. og 8. mars '93	
5. mars -	Kvenfélagið Hlíf Akureyri	Merkjasala	16.-17. apríl '93	
	Alþýðusamband Íslands		1. maí '93	Árleg merkjasala
	Unglingareglan í Reykjavík		1.sunnud. eftir 1. maí '93	Árleg merkjasala
	Mæðrastyrksnefnd		2.sunnud. í maí '93	Árleg merkjasala
	Slysavarnafélag Íslands		Lokadagur 11. maí '93	
9. mars -	Kvenfélagið Líkn Vestmannaeyjum	Merkjasala	7. maí '93	
24. mars -	Íþróttafélag heyrnarlausra	Merkjasala	22.-25. apríl '93	Söfnun v/Heimsleika heyrnal. 24/7-2/8 '93
	Sjómannadagsráð		Sjómannadagurinn	
30. apríl -	Hjálpræðisherinn	Merkjasala	1. -3. september '93	Starfs. Hjálpr.h. til styrktar barna- og ungl.st.
5. júlí -	Sjöunda dags aðventistar á Íslandi	Fjársöfnun	Júlí - október '93	Hjálparstarf aðventista fyrir þróunarlöndin
19. ágúst -	Systrafélag Siglufjarðarkirkju	Merkjasala	28. ágúst '93	
30. ágúst -	Krabbameinsfélag Íslands	Merkjasala	3.-5. september '93	
	Samband dýraverndarfélaga Íslands		3. sunnud. í september '93	
	Sjálfsbjörg		4. sunnud. í september '93	
20. septemb-	Félag heyrnarlausra	Merkjasala	24.-25. september '93	V/félagsstarfs heyrnarlausra
	- " -		1.-2. október '93	V/félagsstarfs heyrnarlausra

	Samband íslenskra berklasjúkl. SÍBS		1. sunnud. í október '93	
	Bandalag íslenskra skáta		2. sunnud. í októbe '93	
	Blindravinafélag Íslands		3. sunnud. í október '93	
	Flugbjörgunarsveitin		1. laugard. í nóvember '93	
	Geðverndarfélag Íslands		1. sunnud. í nóvember '93	
11. október-	Sjöunda dags aðventistar	Fjársöfnun	Til 30. nóvember '93	
	Stúdentaráð Háskólans		1. desember '93	
	Samtals 34			

Tilkynningar til lögreglustjórans í Reykjavík um opinbera birtingu á reikningsyfirliti söfnunar.

Með bréfi dags. 29. apríl 1991	Landssamtök hjartasjúklinga.	Reikningsuppgjör vegna merkjasölu 31. maí til 2. júní 1990.
Með bréfi dags. 11. maí 1992	Hjálparstofnun kirkjunnar.	Ársreikningur 1991. Í honum er yfirlit yfir söfnunina „Brauð handa hungruðum heimi“ í desember 1991 og janúar 1992. Birt í fréttablaði stofnunarinnar „Margt smátt“ — auk þess sent fjölmiðlum.
Með bréfi dags. 30. júní 1992.	Póllandsferð Ingþórs Sigurbjörnssonar haustið 1990.	Endurskoðað reikningsyfirlit, birt í Dagbók Morgunblaðsins 24. júní 1992.
Með bréfi dags. 18. nóv. 1992.	Hjálparstofnun kirkjunnar og Rauði krossinn.	Ársreikningur 1992. Í honum er uppgjör á söfnuninni sem fram fór í september 1992.
Með bréfi dags. 14. nóv. 1993.	Stuðningshópur Sophiu Hansen.	Reikningsuppgjör vegna söfnunar 2. nóvember 1992. Lagt fram á blaðamannafundi 13. október 1993. M.a. birt í ríkissjónvarpi og DV 13. október 1993.

111. Fyrirspurn [107. mál]

til fjármálaráðherra um leigutekjur af embættisbústöðum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjar voru heildarleigutekjur af embættisbústöðum árið 1992 og hverjar er áætlað að þær verði á þessu ári og því næsta, á sambærilegu verðlagi?
2. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á leigugreiðslum vegna embættisbústaða?

112. Fyrirspurn [108. mál]

til samgönguráðherra um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga 1993 og 1994.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Felst í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá síðasta mánuði, um það að við ákvörðun um fjárveitingar og forgangsröð framkvæmda í samgöngumálum á næstu árum verði m.a. tekið tillit til sameiningar sveitarfélaga, að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir breytingum á nýsamþykktri vegáætlun 1993–1996 í ljósi úrslita kosninganna 20. nóvember nk. og ef svo er, hvaða breytingum?

113. Fyrirspurn [109. mál]

til menntamálaráðherra um íþróttakennslu í framhaldsskólum.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvaða aðstöðu hafa framhaldsskólar til íþróttakennslu (fræðilegrar/verklegrar)?
2. Er um að ræða eigið húsnæði eða leiguhúsnæði og hvað kostar það?
3. Hvaða kostnaður fylgir því að koma nemendum frá skóla þangað sem íþróttakennsla fer fram?
4. Hve margar kennslustundir/mínútur á viku fá nemendur sem virka hreyfingu og kennslu?
5. Hvaða áform eru uppi til að bæta aðstöðuna þar sem henni er ábótavant?

Svör óskast sundurliðuð eftir skólum.

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í námsskrá framhaldsskóla segir: „Tilgangur íþróttakennslu í framhaldsskólum landsins er að efla líkamsþroska og bæta heilsufar nemenda og vekja hjá þeim áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt.“ Til að ná þeim markmiðum, sem stefnt er að með íþróttakennslu, er gert ráð fyrir því í námsskránni að nemendur séu látnir „reyna aðferðir við upphitun á eigin líkama, fara yfir aðferðir sem bæta þol, kraft og hreyfanleika og búa til eigin æfingaáætlanir“.

Til að markmiðum námsskrár verði náð er nauðsynlegt fyrir skólana að hafa aðstöðu fyrir íþróttakennslu nálægt öðru skólahúsnæði. Á því er víða misbrestur og hafa sumir skólar litla eða enga inniíþróttaaðstöðu fyrir nemendur sína. Í góðu veðri er hægt að hlaupa og gera æfingar utan dyra, en það dugar varla nema til uppfyllingar. Á Íslandi eru veður þannig á vetrum að nær ómögulegt er að halda uppi kennslu svo viðunandi sé án inniíþróttaaðstöðu.

Menntaskólinn í Hamrahlíð er einn þeirra skóla sem hefur verið á hrakhólum með íþróttakennslu. Þar er ekkert íþróttahús á skólalóðinni. Gripið hefur verið til þess ráðs að leigja aðstöðu úti í bæ sem bæði er dýrt og óheppilegt. Einnig fer mikill tími nemenda í ferðalög til og frá í stað virkrar kennslu. Sama gildir e.t.v. um aðra skóla.

Flestir ættu að geta verið sammála um hve mikilvægar íþróttir eru bæði fyrir líkamlegt og félagslegt uppeldi fólks. Rannsókn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála um gildi íþrótta undir stjórn Þórólfs Þórlindssonar prófessors gefur ótvírætt til kynna hve mikilvægu og jákvæðu hlutverki íþróttir gegna fyrir unglinga. Líkamsrækt og íþróttaiðkun eru einnig mikilvægur þáttur í fyrirbyggjandi heilsugæslu og því verulegur sparnaður fyrir heilbrigðiskerfið þegar til lengri tíma er litið. Nauðsynlegt er því að hægt sé að sinna íþróttakennslu í skólum með viðunandi hætti.

114. Fyrirspurn [110. mál]

til fjármálaráðherra um launagreiðslur til starfsmanna ráðuneytanna.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hver eru meðaltalsmánaðarlaun og hæstu og lægstu laun á mánuði hjá ráðuneytisstjórum á tímabilinu janúar til september 1993? Til launa skulu teljast föst mánaðarlaun, öll yfirvinna og þóknanir fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum.
2. Hver eru meðaltalsmánaðarlaun og hæstu og lægstu laun á mánuði hjá skrifstofustjórum ráðuneytanna á tímabilinu janúar til september 1993? Til launa skulu teljast föst mánaðarlaun, öll yfirvinna og þóknanir fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum.
3. Hver eru meðaltalsmánaðarlaun og hæstu og lægstu laun á mánuði hjá deildarstjórum ráðuneytanna á tímabilinu jafnúar til september 1993? Til launa skulu teljast föst mánaðarlaun, öll yfirvinna og þóknanir fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum.
4. Hver eru meðaltalsmánaðarlaun og hæstu og lægstu laun á mánuði hjá fulltrúum ráðuneytanna á tímabilinu janúar til september 1993? Til launa skulu teljast föst mánaðarlaun, öll yfirvinna og þóknanir fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum.

Skriflegt svar óskast.

115. Fyrirspurn [111. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um héraðslæknisembættin.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvaða stefna hefur verið mótuð um framtíð héraðslæknisembættanna?
2. Eru erindisbréf héraðslækna í endurskoðun? Ef svo er, hvenær má búast við að þeirri vinnu ljúki?

3. Hvaða tíma er heilsugæslulækni í fullu starfi ætlað að taka til að sinna embættisverkum héraðslæknis og hvernig er séð fyrir afleysingu á meðan þeim verkefnum er sinnt?
4. Hverjum verður falið að taka við þeim verkefnum sem héraðslæknisembættin í Reykjavík og á Akureyri hafa unnið ef sá niðurskurður, sem boðaður er í fjárlagafrumvarpinu, nær fram að ganga?

116. Fyrirspurn [112. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skrifstofur heilbrigðismála.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvernig miðar undirbúningi að stofnun skrifstofu heilbrigðismála í kjördæmum landsins, sbr. ályktun Alþingis frá 7. febrúar 1991?
2. Hvernig samrýmist áformaður niðurskurður fjárveitinga til héraðslæknisembættanna ályktun Alþingis um uppbyggingu stjórnsýsluþáttar heilbrigðisstofnana úti í landshlutunum og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga, þar á meðal á sviði heilbrigðismála?

117. Svar [49. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um fjárveitingar til útgáfumála og stjórnmálaflokka.

Fyrirspurnin var svohljóðandi:

Hverjar hafa verið fjárveitingar á árunum 1988–1993 á núgildandi verðlagi til eftirfarandi verkefna:

a. sérfræðilegrar aðstoðar fyrir þingflokka,
b. styrks til blaðaútgáfu samkvæmt tillögu stjórnskipaðrar nefndar,
c. dagblaðakaupa samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga,
d. útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka?

Fjárveitingar til útgáfumála og stjórnmálaflokka 1988–1993

	Reikningur			Fjárlög		
	1988	1989	1990	1991	1992	1993
Á verðlagi hvers árs						
Sérfræðileg aðstoð við þingflokka	10.672	18.657	22.489	24.591	24.780	24.100
Styrkur til blaðaútgáfu skv. tillögum stjórnskipaðrar nefndar	28.484	49.998	65.956	66.376	54.644	80.000
Kaup dagblaða skv. heimild í 6. gr. ...	9.143	11.704	49.509	42.467	20.620	11.700
Til útgáfumála skv. ákv. þingflokka ..	15.876	22.000	26.140	27.380	25.000	0
Samtals	**64.175**	**102.359**	**164.094**	**160.814**	**125.044**	**115.800**
Á verðlagi ársins 1993*)						
Sérfræðileg aðstoð við þingflokka	16.242	23.825	24.985	25.462	25.281	24.100
Styrkur til blaðaútgáfu skv. tillögum stjórnskipaðrar nefndar	43.350	63.848	73.277	68.727	55.748	80.000
Kaup dagblaða skv. heimild í 6. gr. ...	13.915	14.946	55.004	43.971	21.037	11.700
Til útgáfumála skv. ákv. þingflokka ..	24.162	28.094	29.042	28.350	25.505	0**)
Samtals	**97.669**	**130.714**	**182.308**	**166.509**	**127.570**	**115.800**
Verðvísitala landsframleiðslu	73,0	87,0	100,0	107,3	108,9	111,1

*) Miðað við verðvísitölu landsframleiðslu.
**) Sameinað styrk til blaðaútgáfu.

118. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um endurmat iðn- og verkmenntunar.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Finnur Ingólfsson,
Valgerður Sverrisdóttir, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að ein af forsendum þess að innlendur iðnaður standist aukna samkeppni háþróaðra iðnríkja sé að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar á iðn- og verkmenntun í landinu. Forsenda aukinnar framlegðar í íslensku atvinnulífi muni í næstu framtíð byggjast á frekari sérhæfingu og vaxandi verkmenntun. Margvísleg rök hnígi að því að iðn- og verkmenntun verði nú skilgreind að nýju með tilliti til fjölbreytilegra nýjunga í verklegu og bóklegu námi, bættra tengsla skóla og atvinnulífs og aukinnar fræðslu til almenns rekstrar.

Því samþykkir Alþingi að fela menntamálaráðherra að kveðja saman starfshóp er hafi það verkefni að endurmeta iðn- og verkmenntun í landinu og gera tillögur að breyttu og bættu skipulagi.

Starfshópurinn ljúki störfum eigi síðar en í mars 1995.

Greinargerð.

Megintilgangur þessarar tillögu er að vekja umræðu og hvetja til aðgerða um að laga iðn- og verkmenntun í landinu að nýjum aðstæðum og næsta umhverfi. Á þeirri tækniöld sem við lifum er brýnna en áður að efla iðnmenntun, rannsóknir og nýsköpun í iðnaði.

Fróðlegt er að staldra eilítið við og skoða skólakerfið í landinu í ljósi nýrra tíma og skilgreina þá kröfu sem við gerum til menntakerfisins og skilvirkni þess. Hér er þó aðeins vikið að einum þætti þess, iðnmenntuninni.

Aðstæður í þjóðfélaginu hafa breyst á síðari árum. Iðnaðurinn og iðnmenntunin þurfa nú nauðsynlega að laga sig að þeim auknu kröfum sem gerðar eru til iðnaðarmanna og munu verða gerðar í mjög auknum mæli í næstu framtíð. Því er nauðsynlegt að endurmeta iðnnámið og skipulag þess í heild.

Það fyrirkomulag, sem stuðst hefur verið við hvað varðar menntun iðnaðarmanna, hefur að miklu leyti verið byggt upp á verknámi hjá meisturum í viðkomandi iðngrein samhliða bóklegu námi. Þetta kerfi hefur dugað vel og ávinningur þess er tvímælalaus þótt á því megi finna vissa annmarka.

Það á að skoða hvort nám í einstökum iðngreinum á ekki að vera mislangt eftir því hver iðngreinin er. Hins vegar ber að leggja á það áherslu að allir sem í iðnnám fara gangi sem næst sömu leið til náms.

Iðnnemi hefur nú um þrjár leiðir að velja til iðnnáms sem í flestum tilvikum er fjögurra ára nám:

1. að fara á samning hjá meistara þegar í upphafi náms og öðlast starfsþjálfun hjá honum á fjórum árum en sækja samhliða verklega náminu bóklegt nám í iðnskóla,
2. að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla en að því loknu tekur við starfsnám hjá meistara, mislangt eftir lengd skólanámsins,
3. að byrja í bóklegu námi og ljúka þar ákveðnu grunnnámi, að því loknu tekur við þriggja ára samningur hjá meistara.

Að loknu fjögurra ára iðnnámi öðlast iðnnemi sveinsbréf en til að hljóta meistarabréf þarf hann að vinna með meistara í þrjú ár og ljúka námi í meistaraskóla.

Mjög er til athugunar, þar sem iðnfræðsluskólar eru starfræktir, að leita samstarfs við iðnfyrirtæki á viðkomandi svæði um samstarfssamning sem kveður á um að nemendur, sem innritast í iðnfræðsluskóla og ljúka þar námi, geti í framhaldi þess einnig lokið þeim þætti námsins sem á að fara fram hjá iðnmeistara.

Í þessu sambandi er til íhugunar hvort ríkisvaldið eigi ekki að standa að ákveðnum aðgerðum sem hvetja iðnmeistara og fyrirtæki til að veita iðnnemum greiða leið til verklegs náms hjá fyrirtækjum sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru vegna iðnnáms. Með markvissum aðgerðum í iðnmenntun, eins og hér er lagt til, eru iðnnemum sköpuð önnur og betri skilyrði til verklegrar kennslu en nú. Nú er svo komið að nemendur sem útskrifast úr verkmenntaskólum eiga sífellt erfiðara með að komast til starfsþjálfunar.

Starfsþjálfun í atvinnulífinu er forsenda þess að nemar geti gengið til sveinsprófs og öðlist þannig starfsréttindi. Ef svo heldur fram er nemum gert ómögulegt að ljúka námi eins og þeir eiga þó allan rétt á.

Það er mikils um vert að komast hjá því að lenda í blindgötum kerfisins. Því er skynsamlegt að byggja svo upp að blindgötur verði ekki hindrun á vegi til mennta. Fagna ber þeim hugmyndum, sem nú eru ræddar, að meistaraskólinn verði beint framhald iðnskóla og iðnmenntunar. Afar mikilvægt er að skapa þeim er ljúka námi í meistaraskóla greiðari leið til frekara náms, standi hugur þeirra til þess, án þess að þurfa að stíga verulegt skref til baka á námsferli sínum. Vert er að vekja sérstaka athygli á hversu námsráðgjöf í íslensku skólakerfi hefur verið máttlítil og takmarkaður skilningur ríkt á því mikilvæga hlutverki sem slík ráðgjöf gegnir fyrir hvern þann sem leitar leiða til náms.

Menntakerfið verður að vera sveigjanlegra til að svara auknum kröfum sem gerðar eru til iðnaðarins. Einn þáttur til þess að svara auknum menntunarkröfum atvinnulífsins er að þróa nýjar starfs- og iðnmenntabrautir á framhaldsskólastiginu.

Kröfurnar um aukið bóklegt nám fara sífellt vaxandi. Þar hafa óskir iðnaðarmanna sjálfra vegið mjög þungt. Samhliða auknu bóklegu námi þarf að tryggja betur en áður verklega kennslu og endurmenntun, m.a. með auknu fjármagni og margvíslegum stuðningi. Afar áríðandi er jafnhliða þessu starfi að íhuga á hvern hátt megi bæta verkþekkingu þess ófaglærða fólks er starfar í hinum lögvernduðu iðngreinum. Til athugunar er að taka í auknum mæli upp starfsþjálfun þessa ófaglærða fólks sem í þessum iðngreinum starfar. Slík þjálfun gæfi stig í verkmenntabók, skráða á nafn viðkomandi, sem þá mætti ætla að færði handhafa hennar rétt til bættra kjara.

Sú stefnumótunarvinna, sem hér er lagt til að fari fram, er best komin hjá fulltrúum atvinnulífsins og þá sérstaklega fulltrúum iðnaðarins sem þegar hafa lagt mikið af mörkum í þessum efnum, svo og fulltrúum iðnfræðsluskóla og Iðnnemasambands Íslands.

119. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um hvalveiðar.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að hvalveiðar geti hafist næsta sumar á grundvelli rannsókna Hafrannsóknastofnunar á stærðum og veiðiþoli hvalastofna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og er nú endurflutt. Sjávarútvegsnefnd Alþingis hafði tillöguna til meðferðar og fékk jákvæðar umsagnir fjölmargra aðila sem leitað var til. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu vegna anna á síðustu dögum þingsins.

Ný viðhorf.

Margt bendir til að nú sé að verða viðhorfsbreyting til hvalveiða þar sem andstaðan við veiðarnar hefur verið mest. Nýlega skoruðu samtök þingmanna beggja flokka á Bandaríkjaþingi á Clinton forseta að fallast á hvalveiðar sem samrýmast vísindalegum athugunum á ástandi hvalastofna. Í samtökunum eru tæplega 200 af 535 þingmönnum í báðum deildum Bandaríkjaþings. Samtökin telja eðlilegt að nýta hvers konar dýrategundir til fæðu og mótmæltu því í sumar við Ron Brown viðskiptaráðherra að Bandaríkin skyldu falla frá þeirri reglu á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins að nýting dýra til fæðu skuli grundvallast á vísindalegum niðurstöðum. Þetta sé hin almenna stefna Bandaríkjanna í umhverfismálum en ekki innan Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Talsmaður samtakanna segir að þetta sé í fyrsta sinn sem nokkur þinghópur hafi uppi önnur sjónarmið en þeir sem krefjist algjörs hvalveiðibanns og að samtökin álíti að Bandaríkin eigi ekki að leggjast gegn hvalveiðum sem einhverju öðru ríki þyki réttmætar, byggt á vísindalegum niðurstöðum.

Þá féll Bandaríkjaforseti frá því í byrjun október að beita Norðmenn viðskiptaþvingunum vegna hrefnuveiða þeirra síðasta sumar. Í yfirlýsingu hans kemur fram að Bandaríkin styðji dyggilega lausnir á friðunarmálum sem byggðar eru á vísindalegum grunni um allan heim.

Í ályktun 44. þings Evrópuráðsins, sem haldið var í september–október 1993, kemur eftirfarandi m.a. fram:

a. Þingið er þeirrar skoðunar að sjálfbærar aðferðir til stjórnunar á fjölþættri nýtingu auðlinda hafsins, þar á meðal sjávarspendýra, skuli byggjast á nákvæmri þekkingu og skilningi á viðkomandi sjávarvistkerfum.
b. Þingið hvetur ríkisstjórnir aðildarríkja Evrópuráðsins, aðrar ríkisstjórnir sem málið varðar svo og Evrópubandalagið til þess að þróa og/eða bæta alþjóðleg og svæðisbundin lagakerfi til verndunar og sjálfbærrar stjórnunar á öllum tegundum sjávarspendýra (stórhvela og smáhvela, rostunga og sela) og til þess að gera þá kröfu að þjóðir, sem gefa út leyfi til veiða á sjávarspendýrum, tryggi jafnframt að veiðiaðferðir fullnægi kröfum um mannúðlegar drápsaðferðir eða fari eins nálægt því og unnt er; rannsókna- og þróunarstarfsemi ætti að auðvelda að þetta markmið náist.

Forsaga.

Hvalveiðar í atvinnuskyni voru stundaðar við strendur Íslands á hverju sumri árin 1948–1985, en þá gekk í gildi tímabundið veiðibann samkvæmt ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins. Næstu fjögur sumur, 1986–1989, voru stundaðar takmarkaðar hvalveiðar í samræmi við fjögurra ára rannsóknaáætlun, en síðan hafa Íslendingar engar hvalveiðar stundað enda bann hvalveiðiráðsins enn í gildi og fátt sem bendir til annars en að svo verði áfram.

Ályktanir alþjóðasamtaka.

Í viðauka við sáttmála Alþjóðahvalveiðiráðsins segir:

„Hvalveiðar í atvinnuskyni skulu leyfðar á hvalastofnum sem eru í jafnvægi og þær skulu stundaðar í samræmi við tillögur vísindanefndarinnar."

Stefna og starfshættir hvalveiðiráðsins hafa verið með þeim hætti á undanförnum árum að þessi markmið hafa verið gjörsamlega sniðgengin. Hvalveiðiráðið hefur á undanförnum árum orðið að eins konar hvalfriðunarstofnun.

Á síðasta ári gekk Ísland úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og í framhaldi af því voru stofnuð samtökin Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið (NAMMCO) sem eru svæðisbundin samtök um verndun og stjórnun nýtingar hvala- og selastofna, en að þeim standa auk Íslands Noregur, Færeyjar og Grænland.

Íslendingar eru aðilar að hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, en í 65. gr. samningsins segir m.a.:

„Ríki skulu starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skulu hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim."

Stofnun NAMMCO var því nauðsynleg til að stjórna skynsamlegri nýtingu hvalastofna í Norður-Atlantshafi.

Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Rio de Janeiro sumarið 1992, var samþykkt að reglur um sjálfbæra nýtingu skuli gilda bæði um fiskstofna og sjávarspendýr með þeim takmörkunum að ekki verði veitt úr þeim stofnum sem taldir eru í hugsanlegri útrýmingarhættu.

Ástand hvalastofna.

Samfara ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni var ákveðið að efna til heildarúttektar á ástandi hvalastofna heims. Í samræmi við þetta ákváðu íslensk stjórnvöld að efna til hvalveiða í vísindaskyni 1986–1990. Rannsóknir þessar miðuðust við að efla þekkingu á ástandi og veiðiþoli hvalastofna við Ísland og kanna þátt stórra og smárra hvala í lífkerfi hafsvæðisins hér við land. Þær fólust m.a. í skipulegri talningu hvala árin 1986, 1987 og 1989. Við talninguna fengust miklar upplýsingar um útbreiðslu hvala og stærð hvalastofna á rannsóknasvæðinu, ekki síst hvalastofna sem nýttir hafa verið hér við land á undanförnum áratugum. Þessar rannsóknir, sem gerðar voru í samstarfi við aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf, leiddu m.a. í ljós eftirfarandi niðurstöður:

1. Um 28.000 hrefnur voru á Mið-Atlantshafssvæðinu, þar af tæpur helmingur á íslenska strandsvæðinu.
2. 15.600 langreyðar voru á hafsvæðinu Austur-Grænland — Ísland — Jan Mayen, þar af um 8.900 langreyðar á svæðinu milli Austur-Grænlands og Íslands, norðar 50°N.
3. 10.800 sandreyðar voru á leitarsvæði íslensku skipanna.
4. Tæplega 2.000 hnúfubakar voru á íslenska hafsvæðinu.
5. Vegna sérstakrar köfunarhegðunar búrhvals liggja ekki fyrir áreiðanlegir útreikningar á fjölda dýra. Eftir talningar 1987 og 1989 telja sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar vafalítið að búrhvalir skipti nokkrum þúsundum á íslenska talningarsvæðinu.

Af framansögðu má ljóst vera að mikil hvalamergð er í hafinu við Ísland og hefur þeim vafalaust fjölgað verulega á þeim 4–6 árum sem liðin eru síðan talning fór fram.

Það er því augljóst að Íslendingum er ekki bara óhætt, heldur nauðsynlegt, að hefja hvalveiðar að nýju til að raska ekki frekar en orðið er lífkerfi hafsins. Til langtíma séð hlýtur offjölgun hvala að bitna á fiskstofnum og valda samdrætti í fiskveiðum, en talið er að árleg neysla þeirra nemi meira í tonnum talið en heildarársafli Íslendinga.

Mikilvægi hvalveiða og atvinna af veiðum og vinnslu.

Framleiðsluverðmæti hvalaafurða árin 1980–1985 námu að meðaltali 1.228 millj. kr. á ári, reiknað á verðlagi í september 1993, sjá fskj. I. Þá var hlutfall hvalaafurða á bilinu 1,5–2,5% af útflutningsverðmæti sjávarafurða 1980–1985, sjá fskj. II.

Samkvæmt samantekt Byggðastofnunar nam aflaverðmæti hrefnuveiðibáta, sem voru níu talsins, á árunum 1980–1985 að meðaltali 132 millj. kr. á ári á verðlagi í september 1993.

Síðasta árið, sem hvalveiðar voru stundaðar í atvinnuskyni, árið 1985, störfuðu um 250 manns hjá Hval hf. á hvalvertíðinni. Hér var um að ræða áhafnir hvalveiðibátanna, starfsmenn í hvalstöðinni í Hvalfirði og starfsmenn frystihúss Hvals hf. í Hafnarfirði. Eru þá ótaldir þeir sem stunduðu veiðar og vinnslu á hrefnu. Alls voru um 150 ársverk við veiðar og vinnslu hvals árið 1985.

Ályktanir.

Mörg stór samtök á vinnumarkaðnum hafa eindregið hvatt til þess að hvalveiðar hefjist á ný. Meðal þeirra sem sendu frá sér ályktanir þar að lútandi haustið 1991 voru: Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Verkamannasamband Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna og fiskiþing.

Þá ályktaði Alþýðusamband Íslands um hvalveiðar á þingi sínu í nóvember 1992, sjá fskj. III.

Fylgiskjal I.

Þjóðhagsstofnun:

Hvalaafurðir árin 1975–1989.

	Magn, tonn	Framleiðslu-verðmæti, kr.	Meðalverð útflutn.	Verðmæti m.v. meðalv. nóv. 1991	Framfærslu-vísitala	Verðmæti m.v.framf.v. nóv. 1991
1975	6.887,3	5,31	0,71	1.033,10	1,41	602,68
1976	7.617,3	7,46	0,94	1.142,60	1,86	641,81
1977	6.490,6	9,66	1,45	973,59	2,43	636,15
1978	7.501,5	16,22	2,33	1.125,23	3,50	741,34
1979	9.010,5	32,40	3,91	1.351,58	5,09	1.018,50
1980	8.227,2	48,93	5,98	1.234,08	8,07	970,15
1981	8.039,2	77,50	9,34	1.205,88	12,17	1.018,93
1982	6.913,7	124,13	16,58	1.037,06	18,38	1.080,54
1983	5.184,4	314,13	50,63	777,66	33,86	1.484,38
1984	6.071,9	379,77	77,43	910,79	43,74	1.389,18
1985	5.171,6	363,05	56,53	775,74	57,99	1.001,70
1986	3.092,9	205,62	65,43	463,94	70,22	468,51
1987 Birgðabreyting	1.821,7	86,94	107,69	273,26	83,40	166,79
1988 Birgðabreyting	1.605,4	183,89	114,54	240,81	104,60	281,28
1989 Birgðabreyting	1.112,0	28,63	118,80	166,80	126,70	36,15
1990				0,00	145,50	0,00
nóv. 1991			150,00	0,00	160,00	0,00
sept. 1993					169,80	

Um fskj. II og III vísast til fskj. II og III á þskj. 477, 308. mál 116. löggjafarþings, bls. 3133–3135 í A-deild Alþt. 1992–93.

Fylgiskjal IV.

UMSAGNIR UM TILLÖGUNA Á 116. LÖGGJAFARÞINGI

Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.
(13. apríl 1993.)

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, FFSÍ, hefur borist beiðni til umsagnar um framangreinda tillögu til þingsályktunar frá sjávarútvegsnefnd Alþingis.

FFSÍ styður einregið umrædda þingsályktunartillögu. Í þessu sambandi vilja samtökin árétta eftirfarandi samþykkt sem var gerð á sl. hausti:

Formannaráðstefna Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, haldin í Neskaupstað 11. og 12. nóvember 1992, skorar á stjórnvöld að leyfa hvalveiðar þegar á næsta ári. Ákvörðun um veiðikvóta verði gefin út fyrir lok vetrarvertíðar 1993 um þær tegundir hvala sem talið er að nýta megi innan skynsamlegra marka. Leitað verði samþykkis hjá NAMMCO eða hjá einstökum þjóðum við Norður-Atlantshafið vegna veiðanna.

Umsögn Félags hrefnuveiðimanna.
(2. apríl 1993.)

Félag hrefnuveiðimanna fagnar fram kominni tillögu og lýsir sig sammála henni. Hins vegar vill félagið taka fram að tillagan hefði betur verið flutt af fulltrúum allra þingflokka því hér er um mikilvægt mál að ræða. Félagið skorar á flutningsmenn tillögunnar að vinna þannig að málinu að breið samstaða á þingi náist um tillöguna.

Umsögn Íslenskra sjávarafurða hf.
(13. apríl 1993.)

Jörðin, þar sem fimm milljarðar manna búa, hefur sín takmörk. Ekki er ljóst hve mikinn mannfjölda hún getur fætt, án þess að gengið sé of nærri gæðum hennar, án þess að gæði hennar gangi til þurrðar og líf fái varla þrifist. Hollenskur vísindamaður hefur nýlega giskað á að jörðin geti borið 2½ milljarð manna án þess að lífríkið þurfi að raskast. Þessi tala er sjálfsagt eins góð og hver önnur því að litlu má gilda hvort jörðin ber tvo milljarða manna, fjóra, sex eða átta. Sú stund er upprunnin að ekki verður hjá því komist að umgangast náttúruna á allt annan hátt en gert hefur verið.

En engu að síður er líklegast að með þeim fimm milljörðum manna, sem nú búa á jörðinni, séum við komnir langt fram úr því sem jörðin þolir, að öðru óbreyttu. Það gengur ört á gróður jarðar, ekki síst á skóglendið. Gróðurinn er víða píndur til afraksturs með gerviefnum og eiturefnum sem menga höf og lönd. Húsdýr eru pínd til afraksturs, sú kýrin er verðmætust sem hægt er að knýja til mestrar framleiðslu. Kjúklingar eru lokaðir inni í búrum sem eru ekki stærri en svo að þeir geta sig ekki hreyft. Það er vísindalega sannað að þannig fer næstum öll þeirra orka í kjötframleiðslu. Og vísindunum er beitt í því skyni. En hvenær gerir náttúran uppreisn? Hvenær verður gróðurmoldin orðin snauð og getur ekki meira?

Hvenær hafa húsdýrin úrkynjast svo að þau geti ekki meira? Hvað geta margir lifað á jörðinni þegar svo er komið? Jafnframt hefur meira og meira verið sótt í sjóinn á síðustu tímum. Víða eru áður fengsæl fiskimið uppurin af ofveiði. Annars staðar nálgast óðfluga mörkin að ofveiði. Það liggur því í augum uppi að að öðru óbreyttu geta 5 milljarðar manna ekki lifað á jörðinni til langframa. Og á meðan lítið er aðhafst til úrbóta stefnir mannkynið hröðum skrefum í 10 milljarða.

Það má hverjum manni vera ljóst að stærsta vandamál mannkynsins verður að halda mannfjölguninni í skefjum. Hvort sem nauðsynlegt verður að mannkyninu fækki frá því sem nú er, eða því má fjölga um einhverja milljarða til viðbótar samhliða betri nýtingu náttúrugæða, er nú sú stund upprunnin að ekki verður hjá því komist að hugsa alvarlega um samspil náttúrunnar, hvernig komið verði að nýju á því jafnvægi sem hefur raskast. Jafnvægi náttúrunnar er sannarlega ekki fólgið í að alfriða dýrategundir sem ekki eru í útrýmingarhættu. Til þess að viðhalda jafnvægi náttúrunnar þarf að hyggja að öllum þáttum, samspili allra dýra og gróðurs, alls þess sem lifir.

Það stendur hvergi skrifað: „Verið frjósöm og yfirfyllið jörðina." Yfirfyllist jörðin leiðir það til meiri átaka en mannkynið hefur upplifað fram að þessu og hefur það þó mátt þola ýmislegt. En hörmungarnar verða meiri en nokkru sinni fyrr, framtíð mannsins verður skelfileg. Það hlýtur að verða verkefni mannsins sjálfs að freista þess að koma í veg fyrir slíkt. Og vonandi tekst það. En það gerist ekki fyrirhafnarlaust. Til þess þarf meira en óskhyggju. Til þess þarf meira en mislukkaða samúð með stórum og greindum dýrum. Við hljótum að spyrja: Getur það mannkyn, sem þarf að takast á við þetta risavaxna verkefni, leyft sér að taka einn þáttinn í samspili náttúrunnar undan og segja að við ákveðnum dýrum megi ekki hrófla, hvað sem á gangi? Auðvitað ekki. Það verður að halda fjölda hvala innan ákveðinna marka eins og það verður að halda fjölda manna innan ákveðinna marka. Að þessu leyti verður eitt yfir allt líf á jörðinni að ganga.

Af þessu má vera ljóst að umhverfisvernd verður eitt brýnasta verkefni mannkynsins um fyrirsjáanlega framtíð. Umhverfisvernd sem miðar að því að koma í veg fyrir að náttúran spillist, að náttúrugæði eyðist, sem miðar að því að náttúran raskist ekki, mannfjölda verði haldið innan ákveðinna marka, fjölda dýra verði einnig haldið í skefjum, engu verði útrýmt. Nú hefur það gerst að upp hafa sprottið hópar manna sem kenna sig við umhverfisvernd og hafa fengið mikla samúð og peninga fólks sem hefur réttilega á tilfinningunni að margt sé að fara úrskeiðis í heiminum, fólks sem veit ekki betur en að þessir hópar vinni af heilindum að raunverulegri umhverfisvernd. En fæstir í þessum hópum virðast hafa nauðsynlega yfirsýn. Þeir eru sjaldnast í eðlilegum tengslum við náttúruna, borgarbúar sem þykir ógeðslegt að drepa dýr og sætta sig ekki við að önnur dýr séu drepin en þau sem þeir éta sjálfir. Um þau dýr er þagað. Þeir gera sér harla litla grein fyrir að lífið er grimmt, líf nærist á lífi. Þannig er hringrás lífsins.

Þeir sem vinna að raunverulegri umhverfisvernd verða að vinna bug á sjónarmiðum þessara hópa, eyða áhrifum þeirra, draga fram í dagsljósið að viðhorf þeirra og verk eru fjandsamleg þeirri umhverfisvernd sem mannkyninu er nauðsynleg til þess að lifa af.

Hvalveiðar geta skipt Íslendinga miklu máli efnahagslega. Af þeim má hafa nokkrar gjaldeyristekjur og þær gætu veitt álitlegum hópi manna vinnu. Vissulega er þörf á hvoru tveggja, en það hefur engin úrslitaáhrif um lífskjör hér á landi. Áhrif hvala og þar með hvalveiða á fiskveiðar geta hins vegar skipt sköpum. Og það hefur úrslitaáhrif á lífskjör hér á landi, sem og annars staðar í heiminum, að hvalur sé veiddur að því marki að lífríkinu sé haldið í jafnvægi. Þingsályktunartillaga, sem stefnir að því marki, fær því fullan stuðning.

Það er ljóst að miðað við ríkjandi viðhorf í heiminum getur farið svo að ef Íslendingar hefja hvalveiðar að nýju verði reynt að koma höggi á þá og skaða efnahagslega. Það hlýtur að verða eitt meginverkefni íslenskra stjórnmála að koma í veg fyrir að svo verði. Höfuðverkefnið hlýtur að verða að sýna öðrum þjóðum fram á hvað muni gerast ef ekki verður fundið og viðhaldið jafnvægi í náttúrunni, hvað muni gerast ef sofið er á verðinum og einhverjir verði látnir komast upp með að raska jafnvægi náttúrunnar í nafni umhverfisverndar. Það hlýtur að verða að fletta ofan af falsspámönnum í umhverfismálum og sýna jafnframt fram á hvað sé raunveruleg umhverfisvernd og gerast boðendur hennar og baráttumenn. Það þolir varla nokkra bið.

Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.

(15. apríl 1993.)

Við höfum móttekið bréf ykkar, dags. 24. mars sl., þar sem okkur er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um hvalveiðar.

Á fundi stjórnar LÍÚ í dag var samþykkt að mæla með samþykkt tillögunnar. Allar rannsóknir sýna að æskilegt er að hefja að nýju nýtingu hvalastofna við landið.

Allt bendir til að hvalamergð hafi aukist verulega við landið. Af ummælum sjómanna að dæma er hér um verulega röskun á lífríkinu í sjónum að ræða. Því er nauðsynlegt að hefja nýtingu þessarar auðlindar að nýju þar sem ráðum Hafrannsóknastofnunar yrði fylgt um fjölda þeirra hvala sem veiða má.

Stjórn LÍÚ hafnar því að öfgasamtök fái ráðið nýtingu hvalastofna við landið. Þau virðast hafa sett sér þau markmið að ekki eigi að hagnýta hvalastofna og hvalir verði aldrei veiddir framar.

Umsögn Landssambands smábátaeigenda.

(13. mars 1993.)

Landssamband smábátaeigenda hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu um hvalveiðar.

Landssamband smábátaeigenda lýsir yfir ánægju sinni við framkomna þingsályktunartillögu.

Undanfarin ár hefur LS ávallt ályktað um hvalveiðar á aðalfundum sínum, nú síðast á þingi sínu sem haldið var 26. og 27. október 1992. Hjálögð þingsályktunartillaga tekur mjög undir þau sjónarmið er þar koma fram.

Til frekari áréttingar um afstöðu LS til nýtingar sjávarspendýra og sela fylgja hér með aðalfundarsamþykktir um þau málefni frá þingum LS frá 1991 og 1992.

7. aðalfundur Landssambands smábátaeigenda, haldinn í Reykjavík 1. og 2. nóvember 1991, samþykkir eftirfarandi:

D) Um veiðar og rannsóknir á hvölum og selum ályktar LS eftirfarandi:

1. LS skorar á hæstvirtan sjávarútvegsráðherra að leyfa hrefnuveiðar á næsta ári, þó aðeins til neyslu innan lands, en sá markaður er áætlaður um 100 dýr, miðað við fyrri reynslu.

2. LS skorar á sjávarútvegsráðherra og Hafrannsóknastofnun að taka inn í fjölstofna rannsóknir á selum sérstakar rannsóknir á blöðrusel og einnig áhrif búrhvals á grálúðustofninn.
3. Samkvæmt rannsóknum hringormanefndar hefur útsel fjölgað óeðlilega mikið, einnig étur útselur milljóna tugi af ungfiski. LS skorar á sjávarútvegsráðherra að láta þegar í stað fækka útsel niður í sömu stofnstærð og var fyrir offjölgun stofnsins.

Greinargerð.

Ljóst er að hrefnu hefur fjölgað mjög mikið við landið. Sjómenn hafa séð hvernig hrefnur elta uppi og gleypa í sig seiðatorfur sem sjást á yfirborði. Hér er um að ræða loðnuseiði, sandsíli og smásíld.

Þá er ljóst að blöðruselur gerir verulegan usla í þorski og karfa fyrir Norðurlandi. Er nú svo komið að hópar blöðrusela halda til við landið nær allt árið. Fiskur, sem verður á vegi þessara sela, flýr til hafs, bæði hrygningarfiskur svo og annar fiskur. Blöðruselur étur helst ekki fiskinn en bítur gat á kviðarhol hans og sogar út lifur og hrogn eða svil.

Vegna mikillar fjölgunar á búrhval á grálúðuslóðinni er nauðsynlegt að hefja rannsókn á því hvort búrhvalurinn éti úr grálúðustofninum.

Útsel hefur fjölgað úr sem næst 2.000 fullorðnum dýrum í 12–13.000 fullorðin dýr. Slík offjölgun hlýtur óhjákvæmilega að skaða vistkerfið og er líkleg til að hafa mjög óæskileg áhrif á stærð fiskstofnanna.

Nýting hvala og selveiðar.

8. aðalfundur Landssambands smábátaeigenda, haldinn 26. og 27. október 1992, styður ríkisstjórn Íslands í þeirri ákvörðun að segja sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og inngöngu Íslands í Norður-Atlantshafsspendýraráðið.

Landssamband smábátaeigenda skorar á stjórnvöld að svo fljótt sem unnt er verði hafin nýting hvala innan íslensku efnahagslögsögunnar.

Þá verði jafnframt hafin stóraukin selveiði við landið.

Greinargerð.

Varla þarf að fara mörgum orðum um þá fjölgun hvala sem orðið hefur undanfarin ár. Átök á alþjóðavettvangi hafa leitt til þess að nýting þessarar auðlindar hefur lagst af. Nú er hins vegar svo komið að Ameríkumarkaðurinn hefur orðið fyrirferðarminni í markaðssamsetningu okkar, en þar hafa öfgafull náttúruverndarsamtök átt auðveldast uppdráttar.

Þótt landsel fari lítillega fækkandi er hins vegar ljóst að hann tekur til sín verulegt magn af nytjafiski, gengur illa um mat sinn og til eru rækilegar sannanir þess að fækkun sela minnkar vandamál vegna hringorms í fiski.

Umsögn Náttúruverndarráðs.

(4. maí 1993.)

Náttúruverndarráð vill stuðla að skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda. Við hvalveiðar verður að fara með fyllstu aðgát og ganga ekki á hvalastofna eins og gerst hefur víðast hvar í heiminum.

Hvalveiðar við Ísland hafa verið stundaðar í alþjóðasamvinnu innan Alþjóðahvalveiðiráðsins síðan 1948. Íslendingar gerðust m.a. aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu í þeim tilgangi að tryggja að hvalastofnar gæfu af sér langvarandi afrakstur með veiðum. Ísland hefur enn fremur ítrekað, með undirritun alþjóðahafréttarsáttmálans, þá skoðun sína að hvali beri að nýta í alþjóðasamvinnu og að ríki skuli vinna saman að verndun þeirra, enda er hér um flökkustofna að ræða sem dveljast við Ísland aðeins hluta ársins.

Ísland sagði sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu árið 1992, en gerðist stofnaðili að Sjávarspendýraráði Norður-Atlantshafs (NAMMCO). Sjávarspendýraráðið hefur ekki hlotið alþjóðaviðurkenningu og hefur ekki sóst eftir að stjórna veiðum stórhvela, enda fer Alþjóðahvalveiðiráðið með þessi mál fyrir hönd annarra aðildarlanda.

Komi til hvalveiða aftur verður að gæta þess að skynsamlega sé farið að veiðunum og að stofnarnir minnki ekki niður fyrir þá stærð að afrakstur þeirra minnki og tryggja verður að veiðistjórn hvalastofna sé í höndum viðurkenndrar alþjóðastofnunar.

Umsögn Sjómannasambands Íslands.

(15. apríl 1993.)

Sjómannasamband Íslands styður þingsályktunartillöguna, enda er hún í samræmi við stefnu sambandsins í þessum málum.

Síðast var ályktað um hvalveiðar á 18. þingi Sjómannasambands Íslands sem haldið var dagana 28.–30. október 1992. Ályktunin var þannig: „18. þing Sjómannasambands Íslands beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að hafnar verði hvalveiðar strax á næsta ári.“

Sjómannasamband Íslands telur að ekki megi draga öllu lengur að hefja hvalveiðar hér við land þar sem miklir hagsmunir eru í húfi fyrir þjóðarbúið, bæði hvað varðar atvinnu og efnahag þjóðarinnar.

Umsögn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

(14. apríl 1993.)

Að beiðni sjávarútvegsnefndar Alþingis hefur stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna fjallað um þingsályktunartillögu um hvalveiðar og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Það er kunnara en frá þurfi að segja að í baráttu fyrir óskoruðum yfirráðum yfir fiskveiðilögsögunni beittu Íslendingar óspart vísindalegum rökum og áliti vísindamanna, bæði íslenskra og erlendra. Sigurinn, sem vannst með 200 mílna fiskveiðilögsögunni og alþjóðlegu hafréttarlögunum byggðist ekki hvað síst á þessum stuðningi vísindanna og þeim augljósu sannindum að þeim sem þurfa að lifa af auðlindinni er best trúandi til að umgangast hana með varúð og freista þess að hafa af henni hámarksafrakstur án þess að ganga á hana og tefla þar með framtíð sinni í voða. Sérstaklega á þetta við um okkur Íslendinga sem að yfirgnæfandi meiri hluta byggjum afkomu okkar á afrakstri fiskimiðanna og munum verða að gera um fyrirsjáanlega framtíð.

Flest rök hníga að því að eftir langvarandi hvalveiðibann hafi jafnvægi í lífríki hafsins umhverfis Ísland verið raskað og samkeppnin við sjávarspendýrin um fæðuna aukist til muna.

Með úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, sem tók gildi um mitt síðasta ár og þátttöku í stofnun nýrra samtaka um stjórnun á veiði sjávarspendýra í Norður-Atlantshafi, er því eðlilegt að spurt sé hvort ekki sé tímabært að Íslendingar hefji hvalveiðar að nýju.

Barátta ýmissa erlendra og alþjóðlegra náttúruverndarsamtaka fyrir algerri friðun sjávarspendýra er þegar orðin alvarleg ógnun við fiskveiðar okkar og verslun með sjávarafurðir.

Stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna er sér fyllilega meðvituð um efnahagsleg og vistfræðileg rök fyrir því að hvalveiðar verði hafnar að nýju. En þegar höfð er í huga sú mikla andstaða sem Norðmenn hafa sætt á alþjóðavettvangi vegna fyrirhugaðra hrefnuveiða auk beinna viðskiptaþvingana er ekki óeðlilegt að sporin hræði. Íslendingar eru háðari útflutningi sjávarafurða en flestar aðrar þjóðir og því mjög auðvelt skotmark hvalfriðunarsamtaka. Stjórn SH leggur því mikla áherslu á að vegna mikilla viðskiptahagsmuna, sem í húfi eru, verði gætt fyllstu varúðar í þessu viðkvæma máli.

Umsögn Útvegsbændafélags Vestmannaeyja.

(7. apríl 1993.)

Á stjórnarfundi í Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja 6. apríl 1993 var einróma samþykktur stuðningur við tillögu til þingsályktunar um hvalveiðar.

Umsögn Útvegsmannafélags Austfjarða.

(13. apríl 1993.)

Útvegsmannafélag Austfjarða styður áðurnefnda þingsályktunartillögu. Það hefur verið skoðun félagsins að við eigum að nýta okkur alla þá möguleika sem hafið í kringum landið býður upp á. Félagið hefur sent frá sér fjölmargar ályktanir um þetta mál.

Umsögn Útvegsmannafélags Norðurlands.

(31. mars 1993.)

Á stjórnarfundi í Útvegsmannafélagi Norðurlands, sem var haldinn 30. mars 1993, var eftirfarandi samþykkt:

Útvegsmannafélag Norðurlands telur að hvalastofnar við Ísland séu í harðri samkeppni um nytjastofna við landið og vistgrundvöll þeirra. Bendi rannsóknir til þess að veiðiþol hvalastofna réttlæti veiðar þá sé æskilegt að taka þær upp sem fyrst.

Útvegsmannafélag Norðurlands er ekki í aðstöðu til að meta áhrif hvalveiða á sölumöguleika sjávarafurða, en leggur áherslu á að varlega verði farið í að taka áhættu í þeim efnum. Mikil nauðsyn er á að efla og kynna vísindalegar rannsóknir á hvalastofnum þannig að tilfinningaleg viðhorf ráði ekki ákvörðunum um eðlilega nýtingu sjávardýra svo sem hvala.

Umsögn Útvegsmannafélags Reykjavíkur.
(6. apríl 1993.)

Stjórn Útvegsmannafélags Reykjavíkur lýsir sig samþykka þingsályktunartillögu um hvalveiðar og hefur átt þátt í því á fiskiþingi og á aðalfundum LÍÚ að hvetja til þess að hvalveiðar yrðu hafnar á ný undir eftirliti Hafrannsóknastofnunar og í samræmi við veiðiþol hinna ýmsu hvalastofna. Það er von stjórnar Útvegsmannafélags Reykjavíkur að hið háa Alþingi styðji slíka nýtingu á hvölum eins og öðrum auðlindum hafsins í kringum Ísland.

Umsögn Útvegsmannafélags Suðurnesja.
(5. apríl 1993.)

Á stjórnarfundi í Útvegsmannafélagi Suðurnesja 1. apríl sl. var tekið fyrir bréf sjávarútvegsnefndar frá 24. mars sl. um tillögu til þingsályktunar um hvalveiðar, flutningsmenn, Guðjón Guðmundsson og Matthías Bjarnason.

Stjórn ÚFS styður fram komna þingsályktunartillögu og er í öllum atriðum sammála greinargerðinni sem henni fylgir.

Stjórn ÚFS vill sérstaklega benda á að nauðsynlegt er að koma í veg fyrir frekari röskun á lífríki hafsins en orðið er.

Umsögn Útvegsmannafélags Vestfjarða.

Útvegsmannafélag Vestfjarða hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um hvalveiðar.

Á fundi í félaginu 13. apríl var samþykkt að mæla með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu, enda verði þess gætt að kynna þetta mál rækilega með þeim hætti að fram komi að þessar veiðar byggjast á rannsóknum Hafrannsóknastofnunar undangenginna ára um stærð og veiðiþol hvalastofna.

Umsögn Útvegsmannafélags Þorlákshafnar.
(13. apríl 1993.)

Félagið samþykkir framkomna þingsályktunartillögu, 308. mál, og vísar til aðalfundarsamþykktar ÚÞ frá 1. október 1992 þar sem félagið hvetur til að hvalveiðar verði hafnar að nýju.

Umsögn Vélstjórafélags Íslands.
(26. apríl 1993.)

Vélstjórafélag Íslands tekur undir efni tillögunnar.

120. Fyrirspurn [115. mál]

til samgönguráðherra um reglur um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, sbr. lög nr. 47/1987.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hafa verið settar reglur til að framfylgja alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á kaupskipum (STCW, 1978), sbr. 1. gr. laga nr. 47/1987?
2. Hafa verið settar reglur um heildarmönnun kaupskipa í samræmi við ályktun A. 481 sem samþykkt var á 12. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar árið 1981, sbr. 2. gr. laga nr. 47/1987?

121. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, nr. 54/1992.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Í stað lokamálsliðar ákvæðis til bráðabirgða koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Þetta ákvæði tekur einnig til nýrra fullvinnsluskipa hafi verið samið um smíði eða kaup á þeim fyrir 22. júní 1992. Sama gildir hafi verið samið um breytingar á eldri skipum í fullvinnsluskip fyrir þann tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, voru gerðar afar strangar kröfur varðandi nýtingu á öllum fiski, fiskhlutum og fiskúrgangi hinna svonefndu fullvinnsluskipa. Er skipum þessum óheimilt með öllu að fleygja fiskúrgangi fyrir borð og er óheimilt að veita skipum vinnsluleyfi nema aðstaða sé um borð til að fullnægja þessum kröfum og nýta aflann með fullnægjandi hætti. Skipum, sem stunduðu fullvinnslu fyrir gildistöku laganna, var veittur aðlögunarfrestur til 1. september 1996 en skip, sem hefja fullvinnslu eftir gildistöku laganna, þurfa strax að fullnægja ýtrustu kröfum. Skoðanir hafa verið nokkuð skiptar um það hvort raunhæft sé að ætla að allur fiskúrgangur verði nýttur með arðbærum hætti í allra nánustu framtíð. Margir halda því fram að eins og málum sé nú háttað standi verð afurða ekki undir þeirri fjárfestingu og kostnaðarauka sem fylgir því að hirða allan fiskúrgang, þar á meðal innyfli, og eins þurfi að þróa frekar tækni varðandi geymslu og nýtingu úrgangs, t.d. í formi meltu, áður en rétt sé að skyldubinda slíka vinnslu.

Með lögunum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum var mörkuð sú stefna að allur afli skuli fullunninn. Ekki er nokkur vafi á því að sú stefna er rétt. Fyrir liggja upplýsingar um að sjávarútvegsráðherra muni á næstu vikum skipa starfshóp til að endurmeta hvort þau tímamörk, sem lög nr. 54/1992 setja til að ná þessu markmiði, séu raunhæf. Verði frumvarp þar að lútandi lagt fyrir Alþingi. Á meðan þetta starf stendur yfir þykir hins vegar

ástæða til að endurskoða kröfur þær sem lög nr. 54/1992 gera til fullvinnsluskipa sem samið hafði verið um kaup eða smíði á á tímabilinu 10. nóvember 1991 til gildistökudags laganna 22. júní 1992 þannig að þau njóti sama aðlögunartíma og eldri fullvinnsluskip. Jafnframt er lagt til að undanþágan verði víkkuð út þannig að hún nái einnig til eldri skipa sem samið hafði verið um breytingar á fyrir gildistöku laganna. Vitað er um þrjú skip sem undir þetta ákvæði falla en það eru Otto Wathne NS 90, Sléttanes ÍS 808 og Ásgeir Frímanns ÓF 21. Hafa útgerðir þessara skipa talið á sig hallað með því að láta hinar ströngu kröfur laganna ná til skipa sem búið var að semja um kaup eða breytingar á. Sýnist ástæða til eins og málum er nú háttað að breyta bráðabirgðaákvæði laganna strax og láta aðlögunarreglurnar einnig ná til þeirra skipa.

122. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um uppsetningu skjaldarmerkis lýðveldisins á eða við Alþingishúsið.

Flm.: Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd Alþingis að sjá svo um að skjaldarmerki lýðveldisins frá 1944, ásamt skjaldarberum, verði komið upp á eða við Alþingishúsið.

Verkinu skal lokið þegar minnst verður 50 ára fullveldis Íslands 17. júní 1994.

Greinargerð.

Með þessum tillöguflutningi er gerð tilraun til að ná fram því markmiði að skjaldarmerki lýðveldisins, þar sem landvættirnir standa vörð um þjóðfánann, verði komið fyrir þar sem þjóðþing Íslendinga starfar.

Í bók sem gefin er út af forsætisráðuneytinu (Fáni Íslands, skjaldarmerki, þjóðsöngur, heiðursmerki, útg. 1991) segir svo m.a. um skjaldarmerki Íslands (bls. 55):

„Á fundi Alþingis, sem haldinn var 17. júní 1944 á hinum forna þingstað Þingvöllum við Öxará, var lýst yfir því að lýðveldi væri endurreist á Íslandi. Síðan kaus Alþingi fyrsta forseta lýðveldisins til eins árs, en eftir það skyldi hann þjóðkjörinn. Á ríkisráðsfundi, sem haldinn var sama dag á Þingvöllum, gaf hinn nýkjörni forseti, Sveinn Björnsson, út forsetaúrskurð um skjaldarmerki lýðveldisins og hljóðar hann þannig:

„Skjaldarmerki Íslands er silfurlitur kross í heiðbláum feldi, með eldrauðum krossi innan í silfurlita krossinum. Armar krossanna skulu ná alveg út í rendur skjaldarins á alla fjóra vegu. Breidd krossmarksins skal vera ⅜ af breidd skjaldarins, en rauði krossinn helmingi mjórri, ⅛ af breidd skjaldarins. Efri reitirnir skulu vera rétthyrndir, jafnhliða ferhyrningar og neðri reitirnir jafnbreiðir efri reitunum, en þriðjungi lengri.

Skjaldberar eru hinar fjórar landvættir, sem getur í Heimskringlu: Griðungur, hægra megin skjaldarins, bergrisi, vinstra megin, gammur, hægra megin, ofan við griðunginn, og dreki, vinstra megin, ofan við bergrisann.

Skjöldurinn hvílir á stuðlabergshellu.““

Umræður hafa farið fram um það nokkuð lengi hvort koma megi skjaldarmerkinu fyrir á Alþingishúsinu í stað merkis Kristjáns níunda.

Pétur Ottesen, fyrrverandi alþingismaður, talaði lengi og sterklega fyrir þessu máli en tókst ekki að vinna því það fylgi sem hann hafði vænst. Árni Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður, flutti tillögu um þetta efni þar sem lagt var til að í stað merkis Kristjáns ní-

unda Danakonungs, sem nú er á norðurhlið Alþingishússins, kæmi íslenska skjaldarmerkið frá 1944. Við þessa tillögu fékkst ekki fremur en fyrr nægjanlegur stuðningur.

Þór Magnússon þjóðminjavörður skrifaði grein í Morgunblaðið 16. september 1988 um þetta mál og segir þar m.a.:

„Alþingishúsið er friðlýst samkvæmt lögum sem Alþingi sjálft setti, enda er það hús eitt merkasta byggingarsögulega minnismerki landsins. Friðun þess þýðir að húsinu skuli ekki breytt af ófyrirsynju.“

Það sem mestri andstöðu hefur valdið er að með því að fjarlægja merki Kristjáns níunda sé verið að breyta útliti Alþingishússins sem teiknað var af dönskum arkitekt og byggt af dönskum múrmeistara árið 1881. Sú tillaga, sem hér er flutt, felur það ekki í sér. Því hefur verið haldið fram að húsafriðunarlög heimili ekki að hróflað sé að nokkru við Alþingishúsinu. Þetta er ekki rétt. Á undanförnum árum hafa verið framkvæmdar margvíslegar breytingar á Alþingishúsinu sjálfu, búnaði þess og næsta umhverfi. Alþingishúsið er í A-flokki friðaðra húsa og ekkert sem mælir því í gegn að skjaldarmerkið verði sett þar upp. Að sjálfsögðu þarf að hafa um slíkt samstarf og samráð við húsafriðunarnefnd.

Með flutningi þessarar tillögu er ekki lagt til að fjarlægja merki Kristjáns níunda af Alþingishúsinu. Hér er gerð tillaga um að hið formfagra skjaldarmerki, tákn lýðveldisins Íslands, verði komið upp á eða við Alþingishúsið og tengt á þann hátt betur en nú þingi og þjóð.

123. Fyrirspurn [118. mál]

til viðskiptaráðherra um fasteignir í eigu banka og sparisjóða.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hve margar fasteignir eru í eigu banka og sparisjóða sem yfirteknar hafa verið til að tryggja fullnustukröfur og hvert er verðmæti þeirra? Óskað er sundurliðunar á fjölda iðnaðar-, verslunar-, skrifstofu- og íbúðarhúsnæðis, svo og þess húsnæðis sem tengist sjávarútvegi.

Skriflegt svar óskast.

124. Frumvarp til vegalaga. [119. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Vegur merkir í lögum þessum akbraut, önnur mannvirki og land sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

Til vegar telst því vegsvæði og öll mannvirki viðkomandi veginum sem eru innan þess.

2. gr.

Veghald merkir forræði yfir vegi og vegsvæði, þar með talið vegagerð, þjónusta og viðhald vega. Veghaldari er sá aðili sem hefur veghald.

Ákvæði laganna gilda um allt veghald að svo miklu leyti sem við á nema annað sé ákveðið í lögum.

3. gr.

Þegar lega vegar er ákveðin á staðfestum skipulagsuppdrætti, eða á annan hátt af þar til bærum skipulagsyfirvöldum, skulu ákvæði laga þessara taka gildi um vegalagninguna.

II. KAFLI
Stjórn vegamála og veghald.

4. gr.

Ráðherra sá er fer með samgöngumál hefur yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamálastjóra er veitir Vegagerðinni forstöðu.

5. gr.

Vegagerðin er veghaldari allra þjóðvega samkvæmt lögum þessum. Vegamálastjóra er þó heimilt að fela einstaklingi, fyrirtæki, sveitarstjórn, stofnun eða samtökum þessara aðila veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti.

6. gr.

Nú er heimild 5. gr. notuð og skal þá Vegagerðin hafa eftirlit með að lagning og viðhald vega þeirra eða gatna, sem um er að ræða, sé framkvæmt á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðarinnar skal hún gefa veghaldara fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests. Ef umbætur eru ekki gerðar getur Vegagerðin látið framkvæma þær á kostnað veghaldara og/eða rift samningi við hann.

III. KAFLI
Þjóðvegir.
7. gr.

Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá.

8. gr.

Þjóðvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Vegakerfi þetta skal tengja öll býli á landinu, alla þéttbýlisstaði, flugvelli þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug, hafnir og bryggjur ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar og aðra staði eins og nánar er lýst hér á eftir.

Þjóðvegum skal skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

Stofnvegir:

Vegir sem ná til 1.000 íbúa svæðis og tengja slík svæði saman. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kauptúna sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um vegi sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1.000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Við það stofnvegakerfi sem þannig fæst skal tengja með stofnvegi þéttbýli 400 íbúa eða fleiri enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200–400 íbúa ef tenging er ekki lengri en sem svarar 5 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná til þess staðar sem mikilvægastur er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

Tengivegir:

Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná til a.m.k. fjögurra býla þar sem búseta er þannig að þeir nái frá vegamótum að fjórða býli frá vegarenda. Þetta ákvæði gildir þó ekki ef um er að ræða veg í kaupstað eða kauptúni. Einnig má telja tengiveg að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð.

Þar sem tengivegur tengir þéttbýli við stofnvegakerfið skal hann ná til þess staðar sem mikilvægastur er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

Vegir að flugvöllum þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug og vegir að höfnum og bryggjum, ef þaðan eru stundaðar áætlanasiglingar, skulu einnig vera tengivegir ef þeir eru ekki stofnvegir samkvæmt skilgreiningu um þann vegflokk.

Safnvegir:

Safnvegir tengja einstök býli, stofnanir o.fl. við tengivegi eða stofnvegi.

Til safnvega teljast:

Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð.

Vegir að kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með minna en 200 íbúa.

Landsvegir:

Til þessa vegflokks skal telja þjóðvegi sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum. Þar er um að ræða vegi yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegi sem tengja saman landshluta, vegi innan þjóðgarða og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

IV. KAFLI
Einkavegir.

9. gr.

Einkavegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

10. gr.

Eigendur einkavega hafa veghald þeirra. Á einkavegum, sem opnir eru fyrir almennri umferð, getur viðkomandi lögreglustjóri skyldað eiganda að gera úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn þar til bót hefur verið á ráðin ef hann telur veghaldi svo áfátt að hætta geti stafað af.

11. gr.

Ráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna einkavega, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum IX. kafla.

Ráðherra getur bundið eignarnámsheimild fyrir einkavegi skv. 1. mgr. vissum skilyrðum, svo sem um gerð og frágang vegarins, umferðarrétt um hann, viðhald og tengingar við opinbera vegi.

12. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta skv. 11. gr. en getur krafið þann sem bætur á að greiða um tryggingar sem gildar eru metnar, þar á meðal fyrir matskostnaði.

13. gr.

Þegar einkavegur er notaður sem umferðarleið að fleiri eignum en einni eru allir eigendur skyldir að halda veginum við í hlutfalli við not þeirra af honum. Ákvæði þetta breytir í engu áunnum réttindum eða ákvörðunum um viðhald vegarins. Viðhaldsskyldu geta eigendur uppfyllt með því að láta í té efni eða vinnu eða með fjárframlögum.

Það er hér hefur verið ákveðið um viðhald einkavega skal við sömu aðstæður gilda um endurbætur og endurbyggingu vegar.

14. gr.

Nú verða þeir sem einkaveg nota ekki á eitt sáttir um hverjir hafi rétt til nota af veginum eða um greiðslu viðhaldskostnaðar og getur þá hver þeirra krafist mats samkvæmt reglum 46. gr.

Þegar helmingur þeirra sem afnotarétt hafa af veginum er sammála um hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hina, þar á meðal að kostnaður skuli að einhverju eða öllu leyti greiðast af umferðargjaldi.

Þegar skipting kostnaðar hefur verið ákveðin með samkomulagi eða mati getur endurskoðun ekki farið fram fyrr en liðin eru fimm ár frá síðustu ákvörðun nema rétthafar séu sammála um annað.

Útgjöldum, sem einn eða fleiri rétthafar hafa haft af viðhaldi og ekki hefur verið skipt, er ekki hægt að krefjast að skipt verði með matsgjörð eftir að liðin eru þrjú ár frá því að stofnað var til þeirra.

15. gr.

Meiri hluti rétthafa getur ákveðið að rétthafar velji stjórn eða eftirlitsmann með veginum til þriggja ára í senn.

Stjórn vegarins eða eftirlitsmaður skal sjá um að viðhaldsskyldu sé fullnægt eins og til er tekið í mati eða samkomulagi og sker úr ágreiningi í því sambandi.

Stjórn eða eftirlitsmaður getur bannað umferð um veginn til að forða honum frá skemmdum. Vanræki einhver, sem til þess er skyldur, að halda veginum við að sínum hluta getur stjórnin látið framkvæma viðhald á hans kostnað.

16. gr.

Í vegáætlun er heimilt að veita fé til framkvæmda við eftirfarandi vegi: götur í þéttbýli, vegi yfir fjöll og heiðar, sem ekki teljast til neins vegflokks, vegi að bryggjum, vegi að eyðibýlum, vegi að sjúkraflugvöllum, vegi að skipbrotsmannaskýlum, vegi að skíðaskálum og skíðasvæðum, vegi að fjallskilaréttum, vegi að leitarmannaskálum, vegi að fjallaskálum, vegi að fullgerðum orkuverum, vegi að félagsheimilum, vegi að og innan uppgræðslu- og skógræktarsvæða og reiðvegi samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélög.

Þeir aðilar sem sækja um og er veitt fé til framkvæmda samkvæmt þessari grein skulu annast veghald viðkomandi vegar.

Heimilt er að binda fjárveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegarins og merkingu hans.

17. gr.

Framlög til vega skv. 16. gr. greiðast úr ríkissjóði samkvæmt vegáætlun. Ráðherra ákveður skiptingu fjárveitinga til einstakra framkvæmdaflokka að fengnum tillögum vegamálastjóra.

Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna þessara vega.

V. KAFLI
Vegáætlun og langtímaáætlun.

18. gr.

Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum vegamálastjóra tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir Alþingi. Tillöguna skal leggja fyrir svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu og útgjöld sundurliðuð eftir helstu framkvæmdaflokkum samkvæmt lögum þessum. Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og skal tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þingsályktun um vegáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

Við skiptingu fjárveitinga milli kjördæma og svæða héraðsnefnda eða vegasamlaga skal hafa hliðsjón af kostnaði við gerð vega, ástandi þeirra, notkun eða lengd eftir því sem við getur átt hverju sinni.

Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunarinnar á sama hátt og að framan getur.

Vegáætlun öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Er þingsályktun um vegáætlun hefur gilt í tvö ár skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi vegáætlun fyrir a.m.k. tvö ár.

19. gr.

Í vegáætlun skulu taldir upp allir stofnvegir og tengivegir og nýbyggingar á þeim á áætlunartímabilinu. Enn fremur áætlaður kostnaður við vegaviðhald og annar kostnaður Vegagerðarinnar á sama tímabili.

Í vegáætlun um nýbyggingar skal gera grein fyrir fjárveitingum til einstakra framkvæmda a.m.k. þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins.

20. gr.

Þar sem þjóðvegur liggur um þéttbýli skal við það miðað við gerð vegarins að til vegagerðarkostnaðar teljist aðeins sá kostnaður sem til fellur vegarins vegna, en þann kostnað, sem sérstaklega er til kominn vegna þéttbýlisins, svo sem við holræsi, færslur á lögnum, gangstíga og því um líkt, greiði viðkomandi sveitarfélag.

21. gr.

Vegagerðin skal gera áætlun til fjögurra ára í senn um framkvæmdir við einstök verkefni á safnvegum í samráði við héraðsnefndir eða vegasamlög. Áætlun þessa skal endurskoða á tveggja ára fresti. Áætlun um safnvegi skal fylgja upptalning allra safnvega.

22. gr.

Ráðherra ákveður skiptingu framlags til landsvega árlega að fengnum tillögum vegamálastjóra. Skiptingunni skal fylgja upptalning allra landsvega.

23. gr.

Heimilt er að greiða af vegáætlun hluta kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði, enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg a.m.k. hluta úr árinu. Einnig er heimilt að greiða hluta kostnaðar við bryggjur fyrir slíkar ferjur.

Í vegáætlun skal gera grein fyrir fjárveitingum til einstakra ferjuleiða.

24. gr.

Ár hvert skal a.m.k. einum hundraðshluta af tekjum samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, varið til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn Vegagerðarinnar.

25. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að fengnum meðmælum vegamálastjóra að ráðist skuli í framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun ef til hefur komið tjón á vegum, t.d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.

26. gr.

Heimilt er að reisa sæluhús við þjóðvegi þar er þurfa þykir og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði. Fela má öðrum aðilum viðhald þeirra og rekstur.

27. gr.

Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

28. gr.

Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum vegamálastjóra tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun í vegagerð fyrir Alþingi. Áætlunin skal vera til 12 ára. Í áætluninni skal gerð grein fyrir markmiðum áætlunarinnar, áætlaðri fjáröflun skipt á þrjú fjögurra ára tímabil og útgjöld sundurliðuð á helstu framkvæmdaflokka. Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal útgjöldum skipt til einstakra framkvæmdaliða á hverju hinna þriggja tímabila, þar með talið til einstakra vegarkafla á stofnvegum. Tillöguna skal afgreiða í endanlegu formi sem þingsályktun um langtímaáætlun í vegagerð.

Langtímaáætlun um vegagerð öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Þegar þingsályktun um langtímaáætlun í vegagerð hefur gilt í fjögur ár skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir eitt fjögurra ára tímabil til viðbótar þannig að alltaf sé fyrir hendi gildandi langtímaáætlun fyrir a.m.k. tvö fjögurra ára tímabil.

VI. KAFLI
Skipulag og fjarlægð mannvirkja frá vegi.

29. gr.

Vegir skulu lagðir í samræmi við skipulag. Við gerð skipulags skal haft samráð við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá. Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt og það leiðir til aukins kostnaðar skal viðkomandi sveitarfélag greiða kostnaðarmun.

30. gr.

Óheimilt er að tengja vegi og götur þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar. Þegar slík tenging er heimiluð skal eigandi tengingar bera allan kostnað við gerð hennar.

31. gr.

Ef skipulag er ekki fyrir hendi er Vegagerðinni heimilt að banna að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi allt að þremur árum hverju sinni. Einnig er Vegagerðinni heimilt að óska eftir því við skipulagsstjórn ríkisins að fyrirhugað vegarstæði sé auglýst sem skipulag.

32. gr.

Nú er lagður vegur gegnum land manns þar sem skipulag er ekki fyrir hendi og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að vegi, a.m.k. á einum stað frá landareign sinni. Landeigandi skal birta Vegagerðinni kröfu sína í þessu efni áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað sem hann vill hafa aðgang að og skal aðgangur gerður þar eða svo nálægt sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi Vegagerðinni eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað.

33. gr.

Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi Vegagerðinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega.

Verði ágreiningur um hvar miðlína vegar muni verða sker Vegagerðin úr.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg nema lægsti hluti línu sé a.m.k. 5 m frá yfirborði vegar.

Ekki er heimilt að gera brýr yfir þjóðvegi nema að fengnu leyfi Vegagerðarinnar sem ákveður hvert lágmarksrými skuli vera undir þeim.

Ekki er heimilt að hengja á loftlínur eða brýr merki eða auglýsingar sem ekki eru leyfð annars staðar á vegsvæðinu.

34. gr.

Vegagerðin getur ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skv. 33. gr. skuli aukin. Enn fremur getur Vegagerðin leyft að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

35. gr.

Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi Vegagerðarinnar við vegamót á svæði sem takmarkast af beinum línum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Vegagerðin getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.

36. gr.

Óheimilt er að grafa framræsluskurði, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu tengivegar og 30 m frá miðlínu stofnvegar. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi Vegagerðarinnar.

VII. KAFLI
Girðingar.

37. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis Vegagerðarinnar nema um einkaveg sé að ræða. Sama bann gildir þar sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi enda hafi Vegagerðin tilkynnt jarðarábúanda hvar mælt hefur verið.

38. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 4 m á breidd, þannig gerð að hún haldist opin af sjálfu sér meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

Vegagerðinni er heimilt að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum.

39. gr.

Skylt er eiganda girðinga að halda þeim við svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt er Vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess sem að réttu ber að halda girðingunni við.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri.

40. gr.

Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði á veginum en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar skv. 1. mgr. má leggja undir úrskurð vegamálastjóra.

VIII. KAFLI
Bráðabirgðaafnot lands.

41. gr.

Vegagerðinni er heimilt að framkvæma rannsóknir og byrjunarathuganir, sem nauðsynlegar eru við undirbúning vegagerðar, á hvaða landi sem er. Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem Vegagerðin hefur sett til að marka mælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hennar. Leit að efni til vegagerðar má Vegagerðin gera hvar sem vera skal.

42. gr.

Vegagerðinni eru heimil afnot lands fyrir geymslu efnis og fyrir bækistöðvar vinnuflokka við lagningu eða viðhald vegar.

43. gr.

Skylt er landeiganda að leyfa að vatni, sem veita þarf frá vegi, sé gerð framrás um land hans.

Til framkvæmdar vetrarþjónustu má Vegagerðin ryðja snjó af vegi út fyrir vegsvæði ef með þarf.

44. gr.

Um bætur fyrir bráðabirgðaafnot lands fer eftir ákvæðum IX. kafla, eftir því sem við á.

IX. KAFLI
Eignarnám, jarðrask, átroðningur o.fl.

45. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar að álitið verði að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og eignarnám vegna vegar teljast með kostnaði vegarins.

Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við veghald og græða upp sár sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir.

46. gr.

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeigenda og veghaldara. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

47. gr.

Mat skal fara fram á vettvangi þá er jörð er snjólaus. Við matið skal taka tillit til árlegs afrakstrar af landi því er um ræðir, svo og til þess hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega allt það er getur haft áhrif á verðmæti þess er meta skal. Sérstaklega skal taka tillit til þess ef ætla má að land hækki í verði við vegagerðina. Ef talið er að verðhækkunin sé jafnmikil eða meiri en bótaskylt tjón skal engar bætur greiða. Einnig skal taka tillit til annarra hagsbóta sem eiganda hlotnast við vegagerðina eða geta haft áhrif á verðmæti eignanna.

Nú leggst eldri vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegsvæði og draga frá upphæð þeirri er landeiganda er metin fyrir eignarnám lands fyrir hinn nýja veg eða jarðrask er leiðir af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum nema sannað verði að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri.

48. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir eignarnám og jarðrask vegna vegagerðar. Ábúandi á þó bætur fyrir átroðning og skemmdir á mannvirkjum þeim sem eru hans eign og skal meta það sérstaklega.

49. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá því er verk það var unnið sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

X. KAFLI
Viðhald þjóðvega og reglur fyrir umferð.

50. gr.

Vegagerðin skal, svo fljótt sem við verður komið eftir að hún hefur fengið vitneskju um skemmdir á þjóðvegum sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram.

Vegagerðin er ekki ábyrg fyrir tjóni sem hljótast kann af slysum á þjóðvegum nema um sé að ræða stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna hennar og sannað sé að slysi hefði ekki orðið afstýrt þótt ökumaður hefði sýnt eðlilega varkárni.

51. gr.

Kostnað við vetrarþjónustu skal telja með öðrum viðhaldskostnaði vega. Heimilt er Vegagerðinni að binda vetrarþjónustu því skilyrði að allur kostnaður við hana eða hluti hans verði greiddur með framlagi úr héraði.

52. gr.

Vegagerðin getur sett þær reglur fyrir umferð, sem nauðsynlegar eru, til þess að girða fyrir skemmdir á vegum eða til þess að greiða fyrir umferð, svo sem um hámarksþunga bifreiða er fara mega um ákveðna vegarkafla.

Vegagerðin getur enn fremur bannað umferð ökutækja þann tíma árs sem hættast er við skemmdum á vegum. Einnig getur Vegagerðin bannað alla umferð ökutækja um vegi sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum þar til viðgerð er lokið.

XI. KAFLI
Skemmdir á mannvirkjum o.fl.

53. gr.

Óheimilt er að gera skurði eða önnur mannvirki sem aukið geta vatnsrennsli í vegskurðum án leyfis Vegagerðarinnar. Enn fremur er óheimilt að leiða holræsi úr íbúðarhúsum, verksmiðjum eða þess háttar í vegskurði.

54. gr.

Enginn má stífla skurði meðfram vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi eða veita vatni á veg.

55. gr.

Bannað er að skilja eftir hluti eða muni á vegi eða vegsvæði. Enn fremur er bannað að kasta sorpi eða hvers konar úrgangi á vegi eða vegsvæði. Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja óviðkomandi hluti eða muni af vegi eða vegsvæði á kostnað eigenda.

56. gr.

Lausaganga búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar er bönnuð. Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda.

57. gr.

Enginn má skemma eða aðhafast neitt sem leitt getur til skemmda á vegi eða mannvirki sem til vegarins telst.

Skemmist eitthvert mannvirki, sem til vegarins telst, við árekstur ökutækis er ökumanni skylt að tilkynna það þegar Vegagerðinni eða lögreglu. Skal sá er valdið hefur árekstrinum skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

58. gr.

Hver sá sem notar sæluhús skal ganga þrifalega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum sem verður var við að brotið hafi verið á móti þessu að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

XII. KAFLI
Sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

59. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það sem hann hefur unnið.

60. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

XIII. KAFLI
Gildistaka og brottfallin lög.

61. gr.

Ákvæði III. kafla, 16. og 17. gr. og V. kafla laga þessara, sem fjalla um vegáætlun, flokkun þjóðvega og styrkvegi, öðlast gildi við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar. Önnur ákvæði laganna taka þegar gildi.

62. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott lög nr. 6/1977 og lög nr. 75/1982, 38/1983, 55/1988, 108/1988 og 87/1989, um breytingu á þeim lögum. Ákvæði III., IV. og V. kafla halda þó gildi til næstu reglulegrar endurskoðunar vegáætlunar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að greiða hluta kostnaðar við ferjur skv. 23. gr. í allt að þrjú ár frá gildistöku laga þessara þótt ekki sé fullnægt skilyrðum greinarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvvarp það, sem hér liggur fyrir til vegalaga, var lagt fyrir 116. löggjafarþing, 1992–1993, en varð þá eigi útrætt, og er nú flutt óbreytt.

Um athugasemdir við lagafrumvarp þetta ásamt fylgiskjölum vísast til samhljóða athugasemda og fylgiskjala á þskj. 540, 314. mál 116. löggjafarþings, bls. 3439–3459 í A-deild Alþt. 1992–93.

125. Frumvarp til laga [120. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr töluliður, 7. tölul., sem orðast svo:

7. Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða með öðrum sambærilegum hætti. Skipstjórnarmenn skulu hafa fullnægt ákvæði þessu fyrir 31. desember 1995 en aðrir skipverjar eigi síðar en 31. desember 1996. Veita má skipverja, sem skráður er í fyrsta sinn, tólf mánaða frest til að fullnægja þessu ákvæði.

2. gr.

Við 7. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að setja það skilyrði fyrir lögskráningu nýliða um borð í skipum að þeir hafi lokið námi fyrir nýliða með fullnægjandi hætti. Samgönguráðherra skal hafa samráð við samtök sjómanna og útgerðarmanna um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir var lagt fyrir 116. löggjafarþing 1992–93 en varð þá eigi útrætt og er nú endurflutt með lítils háttar breytingum.

Slysavarnaskólinn hefur starfað frá árinu 1985. Frá upphafi til loka febrúarmánaðar 1993 hafa 7.392 sjómenn sótt námskeið við skólann. Þar af hafa 1.320 nemendur komið tvisvar. Til samanburðar má geta þess að árið 1991 voru að meðaltali 6.136 menn sem stunduðu sjómennsku á íslenskum fiskiskipum og 390 á kaupskipum.

Slysavarnafélagi Íslands var formlega falin starfræksla skólans árið 1988 og með lögum um Slysavarnaskóla sjómanna, nr. 33/1991, var starfsemi hans lögfest. Samkvæmt lögunum fer Slysavarnafélag Íslands með yfirstjórn skólans sem starfar á vegum þess og ábyrgð. Félagið heldur námskeið fyrir starfandi og verðandi sjómenn um öryggis- og björgunarmál á helstu útgerðarstöðum landsins og annast öryggis- og slysavarnafræðslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélastjórnarnámi.

Markmið skólans er að auka öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og almennri fræðslu um slysavarnir á sjó. Með námskeiðum Slysavarnafélagsins urðu tímamót í allri öryggisfræðslu sjómanna. Með þeim var í fyrsta sinn komið á fastri og skipulegri fræðslu fyrir alla sjómenn um öryggis- og björgunarmál.

Lögbundin öryggisfræðsla stuðlar tvímælalaust að auknu öryggi sjófarenda og verður að teljast nauðsynlegur þáttur í starfi.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða með framangreindum lögum skal samgönguráðherra leggja fram frumvarp til laga um breyting á lögum um lögskráningu sjómanna sem m.a. kveði á um skyldu sjómanna, sem lögskráðir eru, til að hafa hlotið grundvallarfræðslu um öryggismál í Slysavarnaskóla sjómanna þegar lögskráning fer fram.

Með frumvarpi þessu er lagt til að öryggisfræðsla verði gerð að skyldu fyrir alla sjómenn og að lögskráningarstjórar hafi eftirlit með því að menn fullnægi henni. Í frumvarpinu er sérstaklega vísað til náms í Slysavarnaskóla sjómanna en heimilt er að meta annað sambærilegt nám, hérlendis eða erlendis, sem jafngilt. Er þar m.a. átt við nám sem fullnægir alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna sem Ísland mun fullgilda á næstunni og skuldbindur aðildarríki til að viðurkenna skírteini annarra aðildarríkja. Í samþykktinni eru talin upp þau atriði sem skipverjar þurfa að kunna skil á til að fá skírteini og gildir það jafnt um yfirmenn og undirmenn.

Eðlilegt er að hafa aðlögunartíma til að fullnægja ákvæðinu enda hafa ekki allir starfandi sjómenn sótt námskeiðin. Telja verður að um 800 sjómenn hafi ekki fengið slíka fræðslu. Árlega getur skólinn tekið um 400 nemendur á almennum námskeiðum og um 200 á smábátanámskeiðum. Að tveimur árum liðnum má því ætla að allir starfandi sjómenn hafi lokið námi í öryggisfræðslu. Hér er lagt til að skipstjórnarmönnum sé veittur skemmri frestur en öðrum skipverjum m.a. þar sem þeir bera sem stjórnendur meiri ábyrgð á öryggismálum um borð.

Hér er enn fremur lagt til að nýliðar fái frest til að hljóta öryggisfræðslu. Tilgangur þessa ákvæðis er fyrst og fremst sá að tryggja að allir sjómenn hljóti öryggisfræðslu og er ekki talið rétt að hindra menn í að hefja störf ef svo er ekki.

Um 2. gr.

Aukin starfsþjálfun fyrir nýliða er tvímælalaust árangursríkasta leiðin til að fækka vinnuslysum á sjó enda er slysatíðni meðal þeirra mjög há. Samkvæmt 8. gr. sjómannalaga ber skipstjóra að sjá um að nýliða sé leiðbeint um störf þau sem hann á að sinna um borð. Það leikur enginn vafi á því að leiðbeiningarskyldan verður auðveldari fyrir skipstjórann ef nýliðinn hefur hlotið þá fræðslu sem hér er stefnt að. Auk leiðbeiningarskyldu skipstjóra um borð er nauðsynlegt að taka upp starfsþjálfun í landi fyrir alla sem ætla að hefja sjómannsstörf um lengri eða skemmri tíma. Slík fræðsla færi þá væntanlega fram með bóklegu námi, verklegri þjálfun og sýnikennslu, annars vegar fyrir háseta á fiskiskipum og hins vegar milli háseta á kaupskipum. Nú þegar hefur komið út kennslubók fyrir háseta á kaupskipum og unnið er að því að semja kennslubók fyrir háseta á fiskiskipum.

126. Frumvarp til laga [121. mál]

um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Stofna skal hlutafélag sem tekur við öllum eignum, skuldum og rekstri Lyfjaverslunar ríkisins.

2. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess þrátt fyrir ákvæði laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

3. gr.

Fastráðnir starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu hjá Lyfjaverslun ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

4. gr.

Fjármálaráðherra annast undirbúning að stofnun félagsins og fer með eignarhlut ríkissjóðs í fyrirtækinu.

Fjármálaráðherra er heimilt að selja hlutabréf ríkissjóðs að öllu leyti eða að hluta. Við sölu hlutabréfa skal þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Nýtt hlutafélag tekur til starfa 1. janúar 1994.

Eftirfarandi breytingar á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með áorðnum breytingum, taka gildi 1. janúar 1994:

a. Við 8. mgr. 3. gr.:
   Í stað „Lyfjaverslun ríkisins“ kemur: lyfjaframleiðslufyrirtækjum.
b. Við 36. gr.:
   Í stað „Lyfjaverslun ríkisins“ kemur: lyfjaheildsalar.
c. 38. gr. fellur niður.
d. 42.–46. gr. fellur niður.
e. 52.–53. gr. fellur niður.

Þann 1. janúar 1994 fellur úr gildi 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa frumvarps er að breyta Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag og er jafnframt aflað heimildar fyrir sölu hlutabréfa í félaginu.

Fjármálaráðherra skipaði 18. ágúst 1991 starfshóp til að vinna að einkavæðingu Lyfjaverslunar ríkisins. Í honum áttu sæti Ragnar Kjartansson framkvæmdastjóri, formaður, Grímur Sæmundsen læknir, Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður og Þór Sigþórsson, forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins. Jón Ragnar Blöndal, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu, var ritari hópsins.

Niðurstaða starfshópsins var að breyta ætti Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag sem síðan yrði selt. Frumvarp það sem hér er lagt fram er í samræmi við niðurstöður nefndarinnar.

Á innlendum lyfjamarkaði eru nú starfandi nokkur fyrirtæki bæði á sviði framleiðslu og lyfjadreifingar sem Lyfjaverslun ríkisins starfar í samkeppni við. Ekki er lengur talin ástæða fyrir beinum ríkisrekstri á þessu sviði. Bendir ýmislegt til þess að einkavæðing fyrirtækisins gæti orðið til góðs fyrir ríkissjóð, fyrir rekstrareininguna sem slíka og lyfjamarkaðinn í heild.

Lyfjaverslun ríkisins var stofnuð sem starfseining innan Áfengisverslunar ríkisins árið 1921 og var rekin þannig allt fram til ársins 1986 að fjárhagur og skrifstofuhald var aðskilið að fullu frá ÁTVR. Í upphafi var starfsemi fyrirtækisins einkum fólgin í sameiginlegum innkaupum á lyfjum og sjúkragögnum fyrir sjúkrahús og lyfjabúðir. Umsvif voru lítil framan af, aðallega sótthreinsunarefni, áfengislyf, hjúkrunarvörur og efni til ónæmisaðgerða.

Upp úr lokum seinni heimsstyrjaldar jókst reksturinn verulega, sérstaklega eftir að keyptar voru miklar birgðir af lyfjum, hjúkrunarvörum og margvíslegum áhöldum til lækninga frá bandaríska hernum.

Árið 1947 hóf Lyfjaverslunin eigin framleiðslu á töflum og um 1950 framleiðslu á stungulyfjum. Haustið 1954 hófst framleiðsla á dreypilyfjum og hefur hún nær alfarið uppfyllt þörf sjúkrahúsa fyrir þessi lyf.

Reksturinn hefur breyst mikið frá stofnun Lyfjaverslunar ríkisins auk þess sem mikil breyting hefur orðið á íslenska lyfjamarkaðnum. Nú eru starfandi allmörg lyfjainnflutningsfyrirtæki á Íslandi og er starfsemi þeirra mjög áþekk starfsemi Lyfjaverslunarinnar hvað þann þátt varðar. Til skamms tíma voru einungis tvö lyfjaframleiðslufyrirtæki á Íslandi, en nýlega bættist hið þriðja í hópinn.

Tækjabúnaður Lyfjaverslunarinnar til lyfjaframleiðslu hefur verið endurnýjaður eftir föngum á undanförnum árum. Dreypilyfjadeildin var endurnýjuð á árinu 1988. Nú stendur yfir endurnýjun framleiðsludeilda svo þær standist nýja staðla um góða framleiðsluhætti. Á undanförnum árum hefur Lyfjaverslunin tekið að sér umboðsstörf fyrir erlenda framleiðendur. Einnig hefur fyrirtækið gert samninga um innflutning og dreifingu lyfja fyrir ýmsa innlenda umboðsmenn og með því stóraukið hlutdeild sína á lyfjamarkaðnum.

Starfsemi fyrirtækisins skiptist í tvo meginþætti: Framleiðslu lyfja og lyfjadreifingu. Veltan nam um 726 m.kr. á árinu 1991, 691 m.kr. á árinu 1990 og 533 m.kr. á árinu 1989. Árið 1992 var veltan um 809 m.kr.

Skipting sölu árið 1992 var í grófum dráttum þessi:

	M.kr.
Lyf til endursölu	367,4
Eigin framleiðsla	206,9
Bóluefni o.fl.	125,8
Hjúkrunarvörur	63,7
Efna- og rannsóknarvörur	43,9
Annað	1,6
Samtals	**809,3**

Hjá Lyfjaverslun starfa 60 manns (ársverk), þar af 35 við framleiðslu og 25 við innflutning, sölu, birgðahald og stjórnun. Framleiðsludeildir og skrifstofur eru á þremur hæðum húss ríkisins í Borgartúni 6 og birgðahald í Borgartúni 7. Birgðageymslur eru að auki leigðar til bráðabirgða í Tollstöðvarhúsinu.

Síðustu ár hefur hagnaður af rekstri Lyfjaverslunar verið eins og hér segir (á verðlagi hvers árs):

	M.kr.
Árið 1992	66,9
Árið 1991	51,4
Árið 1990	97,1
Árið 1989	21,6

Þá nam bókfært eigið fé í árslok 1992 samtals 355,2 m.kr.

Í núgildandi lögum um Lyfjaverslun ríkisins (lög nr. 76/1982) er að finna nokkur ákvæði er veita fyrirtækinu sérstöðu. Gert er ráð fyrir að öll þessi ákvæði verði felld niður þannig að fyrirtækið muni framvegis sitja við sama borð og önnur. Hér er aðallega um eftirtalin ákvæði að ræða:

1. Í 38. gr. laganna er ákvæði um að einungis Lyfjaverslun ríkisins sé heimilt að flytja inn bóluefni og ónæmisefni en sala þessara efna nam um 58 milljónum króna á árinu 1991. Gert er ráð fyrir að öðrum lyfjaheildsölum verði framvegis einnig heimilt að flytja inn þessar vörur. Heilbrigðisyfirvöld geta einnig boðið þessa starfsemi út ef hagkvæmt þykir.
2. Í 38. gr. laganna er einnig ákvæði um að umboðsmönnum erlendra sérlyfjaframleiðenda sé skylt að greiða fyrir kaupum Lyfjaverslunar ríkisins á lyfjum frá umbjóðendum þeirra, annaðhvort beint frá framleiðanda á skráðu innkaupsverði eða með afhendingu úr eigin vörubirgðum umboðsmanna á kostnaðarverði. Þetta ákvæði hefur verið óvirkt og verður fellt niður.
3. Í 42. gr. eru lagðar skyldur á Lyfjaverslun ríkisins að útvega hvers konar lyf, lyfjagögn, bóluefni, ónæmisefni og sjúkragögn fyrir sjúkrahús, dvalarheimili aldraðra og aðrar opinberar heilbrigðisstofnanir. Sjúkrastofnunum ber hins vegar engin skylda að kaupa inn þessar vörur frá fyrirtækinu, að bóluefnum undanskildum, og hafa þær því haft frjálst val um hvert þær beina viðskiptum. Því er eðlilegt að fella ákvæðið niður.
4. Í 43. gr. laganna segir að Lyfjaverslunin annist framleiðslu lyfja og birgðahald fyrir Almannavarnir. Þetta ákvæði er fellt niður þar sem ekki verða gerðar frekari kröfur til hins nýja hlutafélags en annarra fyrirtækja í greininni.
5. Í 52. gr. laganna segir að starfrækja skuli sérstaka samstarfsnefnd Lyfjaverslunar og sjúkrahúsapóteka til að leita samræmingar og hagkvæmni í innkaupum og framleiðslu lyfja, hjúkrunar- og sjúkragagna. Þar sem sjúkrahúsapótekin hafa sjálf annast lyfjainnkaup sín hefur þessi nefnd ekki verið starfrækt. Ákvæðið er því fellt niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér heimild til stofnunar hlutafélags sem taki við öllum eignum, skuldum og rekstri Lyfjaverslunar ríkisins.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um að ríkissjóður verði eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess. Félaginu er veitt undanþága frá almennum ákvæðum hlutafélagalaga um fjölda stofnenda og fjölda hluthafa. Að öðru leyti skulu almenn ákvæði hlutafélagalaga gilda um fyrirtækið.

Um 3. gr.

Fastráðnir starfsmenn Lyfjaverslunar munu eiga rétt á sambærilegu starfi hjá hinu nýja hlutafélagi við stofnun þess. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, (biðlaun), á því ekki við um þessa starfsmenn. Stærsti hluti starfsmanna Lyfjaverslunar er nú í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og haldast réttindi þeirra óskert. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum viðkomandi kjarasamninga.

Um 4. gr.

Fjármálaráðherra mun fara með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu. Er þetta í samræmi við ákvæði laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands. Heimilt er fjármálaráðherra að selja hlutabréf ríkissjóðs í félaginu að öllu leyti eða hluta. Við sölu hlutabréfanna skal þess gætt að tryggð verði áframhaldandi samkeppni á sviði lyfjadreifingar og framleiðslu lyfja. Hagsmunir ríkisins eru miklir í þessu efni þar sem ríkissjóður greiðir í raun langstærstan hluta lyfjakostnaðar landsmanna, eða tæplega 70%, með endurgreiðslum í gegnum tryggingakerfið og greiðslu lyfjakostnaðar á sjúkrahúsum.

Um 5. gr.

Núgildandi ákvæði um starfsemi Lyfjaverslunar er að finna í lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu. Í þessari grein eru ákvæði er snerta starfsemi fyrirtækisins felld niður eða þeim ákvæðum breytt í almenn ákvæði er eiga jafnt við um öll lyfjafyrirtæki. Einnig er í lögum nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir, að finna ákvæði um innkaup Lyfjaverslunarinnar á bóluefnum til ónæmisaðgerða. Þetta ákvæði er fellt niður. Þessar breytingar eru í fullu samræmi við ákvæði frumvarps heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um lyfjamál. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

Með frumvarpinu er stofnað hlutafélag er tekur við öllum eignum, skuldum og rekstri Lyfjaverslunar ríkisins. Jafnframt er í frumvarpinu heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

127. Beiðni um skýrslu [122. mál]

frá dómsmálaráðherra um árangur af einkavæðingu bifreiðaeftirlits.

Frá Jóhanni Ársælssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni, Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Þuríði Backman.

Með tilvísun til 46. gr. þingskapa er óskað eftir að dómsmálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um árangur af einkavæðingu bifreiðaeftirlits í landinu. Þess er óskað að í skýrslunni verði gerður samanburður á kostnaði bifreiðaeigenda af þeirri þjónustu sem Bifreiðaeftirlit ríkisins veitti og þeirri þjónustu sem Bifreiðaskoðun Íslands hf. veitir nú og áætlar að veita í framtíðinni.

Gerð verði skilmerkileg grein fyrir markmiðunum sem sett voru um þessa einkavæðingu og þeim árangri sem náðst hefur.

Einnig er óskað eftir að eftirfarandi upplýsingar komi fram í skýrslunni:

1. Hver var heildarkostnaður af rekstri Bifreiðaeftirlits ríkisins síðasta heila árið sem það var rekið og hverjar voru heildartekjur af þeim rekstri?
2. Hver var heildarkostnaður af rekstri Bifreiðaskoðunar Íslands hf. á síðasta ári og hverjar voru heildartekjur af þeim rekstri?
3. Hvar veitir Bifreiðaskoðun Íslands hf. þjónustu sína og á hvaða stöðum áætlar Bifreiðaskoðun Íslands hf. að veita þjónustu í framtíðinni?
4. Hvar veitti Bifreiðaeftirlit ríkisins þjónustu sína?
5. Hvar hafa akstursvegalengdir bifreiðaeigenda til skoðunarstöðva lengst og hve mikið? Má ætla að vegalengdir aukist enn meir og þá hve mikið? Hver má ætla að kostnaður bifreiðaeigenda verði af þessum sökum til viðbótar við þann kostnað sem áður var til staðar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins?
6. Hve margir starfsmenn vinna hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. og hverjar eru heildarlaunagreiðslur til þeirra á ári? Hver eru heildarlaun og fríðindi helstu yfirmanna fyrirtækisins?
7. Hve margir starfsmenn unnu hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins og hverjar voru heildarlaunagreiðslur til þeirra á ári? Hverjar voru heildarlaunagreiðslur og fríðindi helstu yfirmanna?
8. Hvert var endurstofnverð eigna Bifreiðaeftirlits ríkisins þegar stofnunin var lögð niður?
9. Hvert er endurstofnverð eigna Bifreiðaskoðunar Íslands hf.? Hve mikið var hlutafé við stofnun félagsins? Hve mikill arður hefur verið greiddur til hluthafa?
10. Hve mörg slys í umferðinni eru talin eiga rætur að rekja til ónógs eftirlits með bifreiðum á síðustu átta árum? Óskað er eftir að svarið verði sundurliðað eftir árum.

128. Frumvarp til laga [123. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Sturla Böðvarsson,
Rannveig Guðmundsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

1. gr.

32. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir setningu laga nr. 113/1990 greiða sveitarfélögin, eins og aðrir launagreiðendur, tryggingagjald til ríkisins. Hluti tryggingagjalds rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Samkvæmt því ættu starfsmenn sveitarfélaga að öðlast rétt til atvinnuleysisbóta úr þeim sjóði. Svo er þó ekki því í 32. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er kveðið á um að sveitarfélög ábyrgist útgjöld vegna atvinnuleysisbóta til starfsmanna sinna og starfsmanna stofnana sveitarfélaga. Á því varð engin breyting þrátt fyrir það ákvæði laga nr. 113/1990 að sveitarfélög skuli, eins og aðrir launagreiðendur, greiða gjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs með tryggingagjaldi.

Fráleitt er að ætla sveitarfélögunum umfram aðra launagreiðendur að greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs með tryggingagjaldi og ábyrgjast jafnframt greiðslu atvinnuleysisbóta til starfsmanna sinna en þannig hefur þetta verið í framkvæmd.

Frumvarp þetta felur í sér að 32. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, falli brott og starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra njóti sömu réttinda og aðrir launþegar hvað varðar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Lagt er til að lagabreyting þessi öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Bréf sveitarfélags til launanefndar sveitarfélaga um úrskurð Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslu atvinnuleysisbóta til fyrrverandi starfsmanns þess.

Málsatvik:

Hinn 1. júlí 1991 var [G] ráðin í hlutastarf á skrifstofu [B].

Í ágúst sl. selja þau hjónin fasteign sína, [D], og kaupa íbúð í Reykjavík. Jafnframt segir [G] upp starfi sínu og óskar eftir að starfslok geti orðið 1. september og var það samþykkt af vinnuveitanda.

1. september flytur [G] lögheimili sitt til Reykjavíkur. 2. október sl. sækir hún um atvinnuleysisbætur í Reykjavík og eru henni úrskurðaðar bætur af Tryggingastofnun, en þar sem hún sé í Félagi opinberra starfsmanna beri [B] sem fyrrverandi vinnuveitanda að greiða bæturnar.

Hér virðist vera óþolandi meinloka í gildandi lögum, ef rétt er, og fer undirritaður fram á að launanefndin gangi í málið.

Eftirfarandi er áréttað:

[G] hætti starfi að eigin ósk og með fullu samkomulagi. Hún flytur lögheimili sitt til Reykjavíkur og greiðir því ekki gjöld til sveitarfélagsins. [B] hefur greitt tryggingagjald vegna hennar eins og annarra starfsmanna sinna og er því um tvígreiðslur að ræða.

129. Svar [64. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sturlu Böðvarssonar um styrkveitingar Atvinnuleysistryggingasjóðs 1990–1993.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hversu háar fjárhæðir veitti Atvinnuleysistryggingasjóður í styrki hvert ár 1990–1993 á grundvelli 35. gr. laga um sjóðinn? Hverjum voru styrkirnir veittir og til hvaða verkefna?

Engir styrkir hafa verið veittir samkvæmt þessari grein á árunum 1990, 1991 og 1993. Á árinu 1992 voru veittir styrkir til sex sveitarfélaga samtals að fjárhæð 13.619.532 kr.

Eftirtalin sveitarfélög fengu styrki:

1. Hafnarfjarðarbær, við umhverfisverkefni, gangbrautarvörslu og hjá Félagsmálastofnun. Samtals 3.939.052 kr.
2. Akureyrarbær, við ýmis umhverfisverkefni á vegum bæjarins, hjá Félagsmálastofnun, bókasöfn, gangbrautarvörslu og niðurrif gamalla húsa. Samtals 7.082.089 kr.
3. Húsavíkurkaupstaður, við umhverfisverkefni. Samtals 1.241.753. kr.
4. Keflavíkurbær, við ýmis verkefni, svo sem hreingerningar fyrir eldri borgara, athvarf fyrir aldraða, bókasafn, byggðasafn o.fl. Samtals 895.151 kr.
5. Njarðvíkurbær, vegna Pappírspokagerðarinnar hf. Samtals 370.723 kr.
6. Austur-Landeyjahreppur, við uppgræðslu á söndum. Samtals 90.764 kr.

130. Svar [12. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um fyrirhugaðar breytingar á rekstri grunnskóla.

1. Hefur verið gengið frá samningum milli ríkis og sveitarfélaga um fyrirhugaðan flutning á rekstri grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga árið 1995?

Skipaður hefur verið sérstakur starfshópur til að meta kostnað af tilfærslu grunnskólans til sveitarfélaga og hvernig sveitarfélögum verði tryggðar auknar tekjur til reksturs þess hluta grunnskólans sem enn er í höndum ríkisins. Hóp þennan skipa fulltrúar tilnefndir af félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Kennarasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Formaður starfshópsins er Sturla Böðvarsson alþingismaður sem er skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar.

2. Hver var heildarkostnaður ríkisins við rekstur grunnskóla árið 1992 og fyrstu sex mánuði ársins 1993? Hver hefði hann orðið ef grunnskólalögum væri að fullu framfylgt?

Heildarkostnaður ríkisins 1992 við rekstur grunnskóla var 5.206.400 þús. kr., þar af kostaði almenni grunnskólinn, þ.e. grunnskólaumdæmi og Æfingaskóli KHÍ, 4.456.058 þús. kr. Reikna má með að kostnaðarauki ríkissjóðs á árinu 1992 hefði orðið a.m.k. 350 millj. kr. ef ákvæði í grunnskólalögum um lágmarkskennslutímafjölda á hvern nemanda og ákvæði um leyfilegan hámarksfjölda nemenda í 1. og 3. bekk hefðu verið í gildi.

Heildarkostnaður ríkissjóðs fyrstu sex mánuði ársins 1993 var 2.530.531 þús. kr., þar af kostaði almenni grunnskólinn, þ.e. grunnskólaumdæmi og Æfingaskóli KHÍ, 2.178.028 þús. kr. Reikna má með að kostnaðarauki ríkissjóðs á fyrri hluta ársins 1993 hefði orðið a.m.k. 195 millj. kr. ef fyrrgreind ákvæði grunnskólalaga hefðu komið til framkvæmda.

3. Munu lífeyrisskuldbindingar ríkisins vegna kennara og annarra starfsmanna skóla færast yfir á sveitarfélögin?

Um þessi mál mun fjalla sérstakur starfshópur sem ætlað er að gera tillögur um hvernig fara skuli með áunnin starfstengd réttindi kennara hjá ríkinu, þar á meðal lífeyrisréttindi. Tilnefningar hafa verið að berast í hópinn og mun hann hefja störf á næstunni.

4. Ef svo er, hverjar eru áætlaðar lífeyrisgreiðslur til kennara og starfsmanna skóla næstu tíu árin?

Vísað er til svars við þriðju spurningu. Enn er ekki ljóst hvort skuldbindingar ríkisins verði færðar yfir til sveitarfélaga né með hvaða hætti ef af yrði.

5. Hvaða tekjustofnar munu færast frá ríki til sveitarfélaga við það að sveitarfélögin yfirtaka rekstur skólanna?

Það er hlutverk starfshópsins, sem nefndur var í svari við fyrstu spurningu, að gera tillögur í þessu efni.

6. Er við ákvörðun um aukna tekjustofna sveitarfélaganna í tengslum við yfirtöku þessa rekstrar miðað við framkvæmd grunnskólalaga eins og hún er nú eða þann kostnað sem af hlytist ef grunnskólalögum væri að fullu framfylgt?

Á nýbyrjuðu þingi mun verða lagt fram frumvarp til laga um grunnskóla. Gera má ráð fyrir að kostnaðarviðmið við yfirfærslu á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga verði byggð á nýjum grunnskólalögum.

131. Breytingartillaga [105. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni, Margréti Frímannsdóttur og Guðrúnu Helgadóttur.

Við 3. gr. Liðurinn 00-401 Hæstiréttur falli brott.

132. Svar [51. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um listaverkaeign Seðlabanka Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða listaverk eru í eigu Seðlabanka Íslands og hverjir eru höfundar þeirra?

2. *Af hverjum voru þau keypt og hvenær?*
3. *Hvert var kaupverð hvers listaverks?*
4. *Hvar er hvert listaverk að finna?*
5. *Hver annast eftirlit og umsjón með verkunum og hver er launakostnaður við það?*

Leitað var til Seðlabanka Íslands um svar við fyrirspurninni og bárust eftirfarandi upplýsingar undirritaðar af Birgi Ísl. Gunnarssyni og Stefáni Þórarinssyni:

Meðfylgjandi eignalisti sýnir öll listaverk í eigu bankans. Alls eru þetta 193 verk, 101 olíumálverk, 33 vatnslitamyndir, 8 teikningar, 10 grafíkverk, 21 skúlptúrverk og 20 önnur verk. Á listanum kemur fram heiti höfundar, heiti verks, stærð, hvenær listaverkið er unnið, þar sem vitneskja um það er fyrir hendi, og úr hvaða efni það er. Einnig er þar tilgreind staðsetning hvers verks og stendur bókstafurinn K fyrir Kalkofnsveg eða Seðlabankahús, Æ fyrir gestaíbúð bankans að Ægissíðu 54, sem Jón G. Maríasson bankastjóri arfleiddi bankann að á árinu 1971, og E merkir skjala-, bóka- og myntsafn að Einholti 4.

Á listaverkaskrá bankans kemur ekki fram kaupverð listaverka, af hverjum þau hafa verið keypt og hvenær þótt um það séu að sjálfsögðu heimildir í bókhaldsgögnum bankans sem ekki hefur verið unnið úr. Í mjög mörgum tilvikum hafa listaverk verið keypt af listamönnum sjálfum. Rétt er einnig að taka fram að allmörg listaverk eru úr sameiginlegu búi Landsbanka og Seðlabanka meðan þessir tveir bankar störfuðu í sama húsi, svo og úr dánargjöf Jóns G. Maríassonar bankastjóra. Seðlabankinn kaupir eingöngu verk til að setja upp í sínum húsakynnum til þess að gera umhverfi menningarlegt og aðlaðandi fyrir starfsfólk og viðskiptavini.

Seðlabankinn minnir á að á þskj. 844 frá 112. löggjafarþingi 1990 er birt sambærileg skrá frá Seðlabanka Íslands, svo og frá bönkum og sjóðum í eigu ríkisins.

Áætlun um rekstrarkostnað bankans, þar með talin listaverkakaup, er gerð í byrjun hvers árs og kynnt fyrir bankaráði. Bankastjórnin ákveður síðan kaup listaverka í samráði við tiltekna starfsmenn sem fylgjast vel með myndlist. Auk þess er iðulega leitað álits arkitekta bankans og annarra sérfróðra aðila að því er varðar kaupverð, listfræðilegt gildi og í einstaka tilvikum staðsetningu verka í húsinu án þess að greiðslur hafi komið fyrir. Hins vegar var greitt fyrir sérfræðiaðstoð við að meta listaverkaeign bankans og koma verkunum fyrir í Seðlabankahúsinu þegar flutt var í það árið 1987.

Tryggingamatsverð listaverka bankans er 54,7 millj. kr. og byggist á mati frá árinu 1987 sem síðan hefur fylgt verðlagi að viðbættum kaupum á nýjum verkum, en miðað við gangverð á listaverkum má ætla að matsverðið sé of hátt sem nemur 10–15%. Frá því að flutt var í Seðlabankahúsið hefur af skiljanlegum ástæðum verið varið mun hærri fjárhæð til listaverkakaupa en áður tíðkaðist. Þannig hafa að jafnaði verið keypt listaverk fyrir 3,6 millj. kr. á ári sl. sex ár, en á þessu ári verður sú fjárhæð helmingi lægri. Í þessu sambandi má minna á 1% viðmiðunarreglu hvað varðar listskreytingar nýbygginga á vegum ríkisins.

Rekstrardeild annast skráningu listaverka í eigu bankans og hefur umsjón með þeim, en endurskoðunardeild hefur eftirlit með þessum eignum eins og öðrum verðmætum í eigu bankans.

NÚMER	LISTAMAÐUR	HEITI	STÆRÐ Í SM	ÁRTAL	EFNI	STAÐSETNING
187	Alda Lóa Leifsdóttir	Odoo	36 x 54		Blönduð tækni	K 225
150,151	Anna Guðrún Lindal	Leikur / Foss á Síðu	63 x 33	1987	2 tréristur	K 420
190	Arnesen, Vilhelm	Reykjavík	45 x 73	1907	Olía	K 504
102	Atli Már	Tveggja tal	30 x 30	1985	Olía á masonit	K 504
101	Atli Már	Græn rökkvuð heiði	30 x 30	1985	Olía á masonit	K 504
139	Ásgerður Búadóttir	Dögun	183 x 198	1984	Ull og hrosshár	K 123
22	Ásgrímur Jónsson	[Landslag]	34 x 51	1906	Vatnslitir	K 506
147	Ásgrímur Jónsson	"Öxarárfoss"	34 x 42		Olía	E 4
68	Ásgrímur Jónsson	[Þingvellir]	67 x 100		Vatnslitir	Æ 54
136	Ásmundur Sveinsson		89 x 0		Brons	K 501
85	Ásmundur Sveinsson	[Galdrakarl]	70 x 0		Brons	K 50G
211	Ásmundur Sveinsson	Móðir mín í kví kví	122 x 0	1943	Brons	K 1GA
31	Ásmundur Sveinsson	[Kona]	67 x 0		Brons	K 50G
46	Baltasar B. Samper	Svanbjörn Frímannsson	95 x 70	1974	Olía	K 50G
38	Baltasar B. Samper	Jón G. Maríasson	95 x 70		Olía	K 50G
44	Baltasar B. Samper	Vilhjálmur Þór	95 x 70		Olía	K 50G
178	Barbara Árnason	[Landslag]	37 x 55		Vatnslitir	K 401
86	Benedikt Gunnarsson	[Þingvellir]	178 x 313		Olía	K J36
228	Bergljót Kjartansdóttir	"Hamadan"	47 x 32	1992	Blönduð tækni	K 406
125,126	Björg Þorsteinsdóttir	Í ljósaskiptunum I og III	67 x 51	1986	2 ætingar	K 110
57	Bragi Ásgeirsson	[Blátt andlit]	75 x 53		Olía	K 327
127	Bragi Ásgeirsson	Hún	65 x 50	1986	Blönduð tækni	K 326
2	Bragi Ásgeirsson	Tímaskil	79 x 52	1969	Blönduð tækni	K 514
24	Bragi Hannesson	Á Holtavörðuheiði	65 x 75	1979	Olía	K 411
209	Brynjólfur Þórðarson	[Almannagjá]	50 x 64	1933	Vatnslitir	K 105
210	Daði Guðbjörnsson	Gullgjörningur	81 x 70	1990	Olía	K 219
177	Eggert Guðmundsson	["Sænska" séð yfir Arnarhól]	65 x 165	1935	Olía	K 253
4	Einar G. Baldvinsson	[Á sjó - sjómenn]	90 x 116	1976	Olía	K 405
100	Eiríkur Smith	Guðmundur Hjartarson	95 x 70	1985	Olía	K 50G
215	Eiríkur Smith	Geir Hallgrímsson	95 x 70	1992	Olía	K 50G
200	Eiríkur Smith	Tómas Árnason	95 x 70		Olía	K 0
176	Eiríkur Smith	Éljasorti	53 x 73	1989	Vatnslitir	K 413

NÚMER	LISTAMAÐUR	HEITI	STÆRÐ Í SM	ÁRTAL	EFNI	STAÐSETNING	
99	Eiríkur Smith	Haustfjöll	100 x 120	1984	Olía	K	512
175	Eiríkur Smith	Vetur í Esjunni	53 x 73	1989	Vatnslitir	K	412
174	Eiríkur Smith	Holt	50 x 64	1989	Vatnslitir	K	414
3,5,49,51,58,135	Elías B. Halldórsson	Ýmis mótív	18 x 23	1977	6 tréristur	K	115
161	Erla Björk Axelsdóttir	Vífilsfell	100 x 120	1987	Olía	K	211
225	Erlingur Jónsson	Stjáni blái	65 x 0		Brons	K	411
82	Ernst, Werner	Jón G. Maríasson f 1898	25 x 34	1962	Litkrít	Æ	54
83	Ernst, Werner	Jón G. Maríasson	32 x 22	1968	Olíukrít	K	509
81	Ernst, Werner	Skógur	41 x 33	1960	Olía	Æ	54
106	ERRÓ	Samira	100 x 72	1983	Olía	Æ	54
203	Eva Benjamínsdóttir	Óskin	40 x 50	1988	Blönduð tækni	K	402
104	Finnur Jónsson	[Þingvellir]	79 x 125		Olía	K	200
184	Finnur Jónsson	[Landslag]	91 x 110		Olía	K	500
131	Georg Guðni Hauksson	Eiríksjökull	130 x 150	1986	Olía	K	140
60	Gísli Sigurðsson	[Huldufólk]	60 x 70		Olía	K	206
111	Gísli Sigurðsson	Jörvagleði	120 x 140	1984	Olía	K	223
220	Guðbergur Auðunsson	Ingólfshöfði	15 x 29	1991	Blönduð tækni	K	427
208	Guðjón Bjarnason	Non Caryatid Grata (Andsúlur)	94 x 63	1991	Blönduð tækni	K	218
124	Guðmunda Andrésdóttir	Myrkir dagar	106 x 131	1961	Olía	K	138
25	Guðmundur Karl Ásbjörnsson	[Grindavík]	90 x 110	1969	Olía	K	511
90	Guðmundur Karl Ásbjörnsson	Prestahnjúkur	53 x 74	1981	Vatnslitir	K	402
163	Guðrún H. Jónsdóttir	Spakar hænur	55 x 55	1988	Olía	K	205
162	Guðrún H. Jónsdóttir	Öðruvísi ávextir	55 x 55	1987	Olía	K	109
110	Gunnar Örn Gunnarsson	Skepnan	45 x 37	1985	Grágrýti	Æ	54
75	Gunnlaugur Blöndal	[Kona]	70 x 90		Olía	Æ	54
141	Gunnlaugur Blöndal	[Kona]	100 x 80	1925	Olía	Æ	54
67	Gunnlaugur Blöndal	[Siglufjörður]	85 x 101		Olía	K	203
48	Gunnlaugur Blöndal	[Bátur - Snæfellsjökull]	84 x 105		Olía	K	423
8	Gunnlaugur Blöndal	[Burstabær - fólk og hestar]	95 x 126		Olía	K	425
62	Gunnlaugur Blöndal	[Kona]	74 x 75		Olía	K	519
34	Gunnlaugur Scheving	[Síld á bretti]	28 x 36	1942	Vatnslitir	K	518
9	Gunnlaugur Scheving	[Hús við sjó]	47 x 55		Vatnslitir	K	509
18	Gunnlaugur Scheving	Heybandslest	34 x 55	1935	Olía	K	504

NÚMER	LISTAMAÐUR	HEITI	STÆRÐ Í SM	ÁRTAL	EFNI	STAÐSETNING	
129	Gunnlaugur Scheving	[Sjómaður á hákarlaveiðum]	200 x 260		Olía	K	100
64	Gunnlaugur Scheving	Konur að svíða hausa	80 x 74	1928	Olía	Æ	54
15	Gunnlaugur Scheving	[Blóm í könnu]	86 x 111		Olía	K	521
21	Gunnlaugur Scheving	[Síld]	86 x 130		Olía	K	140
16	Gunnlaugur Scheving	Sildebåde	100 x 135	1950	Olía	K	505
35	Gunnlaugur Scheving	[Landslag]	29 x 41	1943	Vatnslitir	K	516
17	Gunnlaugur Scheving	[Kýr á beit]	41 x 45	1941	Olía	Æ	54
164-172	Halldór Pétursson	Mannamyndir	44 x 31	1975	9 pennateikningar	E	4
72	Heding, Erik	[Búgarður]	20 x 14		Grafík	Æ	54
206	Helga Egilsdóttir	Ljósaskipti	65 x 60	1990	Olía	K	408
222	Hjörleifur Sigurðsson	Feikn	29 x 19	1990	Vatnslitir	K	J27
95	Hjörleifur Sigurðsson	Kleifarvatnið - djúpt og blátt	25 x 33	1984	Litkrít	K	115
96	Hjörleifur Sigurðsson	Frá Sylling í Lier	30 x 42	1982	Litkrít	K	216
223	Hjörleifur Sigurðsson	Kjarnar	28 x 18	1992	Vatnslitir	K	J27
94	Hjörleifur Sigurðsson	Keilir á Reykjanesi	25 x 34	1984	Litkrít	K	115
116	Hringur Jóhannesson	Sólbrúnir baggar	100 x 120	1986	Olía	K	J36
59	Hringur Jóhannesson	Vörðuð leið	100 x 120	1978	Olía	K	427
130	Húbert Nói	[Landslag]	54 x 73	1987	Olía	K	422
32	Hörður Ágústsson	[Afstrakt]	81 x 76		Olía	K	328
61	Jóhann Briem	Brjánsbardagi	115 x 150	1978	Olía	K	501
103	Jóhannes Jóhannesson	Við gluggann	130 x 115	1946	Olía	Æ	54
132	Jóhannes S. Kjarval	[Þrjú andlit]	61 x 67	1963	Olía	K	101
63	Jóhannes S. Kjarval	[Atvinnuvegirnir/Morgun lífsin	162 x 205		Olía	K	101
173	Jóhannes S. Kjarval	[blóm og andlit í vasa í lands	58 x 67		Olía	K	508
56	Jóhannes S. Kjarval	[Karl og kona við sveitabæ]	113 x 145		Olía	K	101
188	Jóhannes S. Kjarval	[Sjálfsmynd]	25 x 18		Vatnslitir	K	251
189	Jóhannes S. Kjarval	Enn grjót	24 x 17		Túss	K	251
89	Jóhannes S. Kjarval	[Búrfellsárfoss]	105 x 138	1937	Olía	K	508
160	Jóhannes S. Kjarval	[Landslag]	65 x 96	1937	Olía	K	101
42	Jóhannes S. Kjarval	[Landslag]	88 x 117	1958	Olía	K	507
214	Jóhannes S. Kjarval	[Lómagnúpur]	109 x 170	1944	Olía	K	501
41	Jóhannes S. Kjarval	[Þingvellir]	105 x 150		Olía	K	506
133	Jón Gunnar Árnason	Flaug	186 x 254		Ál, stál og steinn	K	1GA

SEÐLABANKI ÍSLANDS - LISTAVERKASKRÁ

NÚMER	LISTAMAÐUR	HEITI	STÆRÐ Í SM	ÁRTAL	EFNI	STAÐSETNING	
73	Jón Hróbjartsson	[Ísafjörður]	63 x 96	1937	Olía	Æ	54
91	Jón Stefánsson	Sommerdags Allinge	78 x 98	1943	Olía	K	509
112	Jón Stefánsson	[Landslag]	60 x 75		Olía	K	507
186	Jón Stefánsson	[Hekla]	70 x 100	1936	Olía	K	508
28	Jón Stefánsson	Potteplante röd Bagg	65 x 54		Olía	Æ	54
65	Jón Þorleifsson	[Þingvellir]	85 x 100	1948	Olía	Æ	54
180	Jónas Guðmundsson	[Fiskiskip]	47 x 67	1989	Vatnslitir	K	206
179	Jónas Guðmundsson	[Götumynd - Lækjargata]	48 x 68		Vatnslitir	K	220
185	Júlíana Sveinsdóttir	[Uppstilling]	53 x 65	1964	Olía	K	203
118	Jörundur Pálsson	[Esjan]	70 x 85	1986	Olía	K	207
128	Karl Kvaran	Fáninn	64 x 49		Guass	K	329
144	Karl Kvaran	[Afstrakt-blátt,appelsínugult]	91 x 71		Guass	K	112
146	Karl Kvaran	[Afstrakt]	85 x 67		Guass	K	204
107	Karl Kvaran	[Afstrakt]	160 x 180		Olía	K	139
143	Karl Kvaran	[Afstrakt-rautt,svart,blátt,	92 x 71	1988	Guass	K	251
145	Karl Kvaran	[Afstrakt]	107 x 72		Guass	K	251
142	Karl Kvaran	[Afstrakt]	140 x 120	1988	Olía	K	250
12	Kjartan Guðjónsson	Þeir börðust lengi nætur-Flugu	58 x 73	1977	Blýantsteikning	K	213
74	Kristinn Morthens	[Þingvellir]	51 x 105		Olía	E	4
40	Kristín Jónsdóttir	[Blóm í vasa]	60 x 51		Olía	K	502
212	Kristín Jónsdóttir	[Reynistaður, Skerjafirði]	38 x 60		Olía	K	507
50	Kristján Davíðsson	[Afstrakt]	205 x 205		Olía	K	138
33	Kristján Davíðsson	[Afstrakt]	85 x 85	1964	Olía	Æ	54
97	Leifur Breiðfjörð	Stjörnublóm	64 x 90	1984	Gler	Æ	54
98	Louisa Matthíasdóttir	Kindur	74 x 92		Olía	K	138
47	Magnús Jónsson	[Landslag - Baula]	19 x 28	1954	Vatnslitir	E	4
70	Magnús Jónsson	Kvöldstemmning við Ísafjörð í	28 x 38		Vatnslitir	Æ	54
224	Magnús Th. Magnússon	Steinblóm	59 x 0	1992	Tré	K	140
77	Molander, Thv.	[Landslag]	61 x 96		Olía	Æ	54
84	Moser, Ch.	[Skútur]	36 x 58		Olía	Æ	54
229	Nína Sæmundsson	[Trúður]	39 x 0		Postulín	K	508
76	Nína Sæmundsson	Jón G. Maríasson	45 x 0		Brons	Æ	54
71	Nína Sæmundsson	[Blóm í vasa]	66 x 50		Olía	Æ	54

SEÐLABANKI ÍSLANDS - LISTAVERKASKRÁ

NÚMER	LISTAMAÐUR	HEITI	STÆRÐ Í SM	ÁRTAL	EFNI	STAÐSETNING
138	Olson-Arle/Gabbanelli Fredholm	Spegling	150 x 110	1985	Vefnaður	K 50G
192	Ólöf Erla Bjarnadóttir	Geisli	23 x 0	1990	Leir	K 521
7	Ómar Skúlason	Tilbreyting á leiðinni okkar a	61 x 43	1977	Spraututækni	K 201
1	Ómar Skúlason	[Afstrakt]	41 x 30	1971	Dúkrista	K 514
113	Pálmi Örn Guðmundsson	Hugsuðurinn	90 x 52	1984	Olía	E 4
231	Pétur Gautur Svavarsson	"Solo per Baritono"	95 x 80	1993	Olía	K 116
226	Pétur Halldórsson	Nýtt land	31 x 23	1992	Vatnslitir	K 416
227	Pétur Halldórsson	Vatnsendi	24 x 35	1992	Vatnslitir	K 416
201	Ragnar Kjartansson	[Landslag]	22 x 31	1988	Vatnslitir	K 520
92	Ragnar Kjartansson	Ýtt úr vör	23 x 0	1983	Leir	K 506
202	Ragnar Kjartansson	[Fé í fönn]	20 x 29	1988	Vatnslitir	K 520
216	Ragnheiður Jónsdóttir	"Hátt blæs Heimdallr, horn er	65 x 82	1991	Grafík	K K29
217	Ragnheiður Jónsdóttir	"Völuspá" "Sól tér sortna, síg	64 x 82	1992	Grafík	K K29
230	Ragnhildur Stefánsdóttir	Rof	106 x 0	1992	Brons	K 1GA
93	Ragnhildur Stefánsdóttir	Útrás	251 x 0	1984	Leir	E 4
26	Ríkharður Jónsson	Tryggvi Gunnarsson áttræður	54 x 0	1915	Brons	E 4
121-123	Ríkharður Valtingojer Jóhannss	Ofan þoku I/II/III	50 x 45	1987	3 litógrafíur	K 408
152-159	Rósa Ingólfsdóttir	Óðurinn til krónunnar	46 x 63	1988	8 silkiprent	K J37
108-109	Sigfús Halldórsson	[Austurstræti]	28 x 41	1976	2 blýantsteikningar	K 510
197-199	Sigfús Halldórsson	Úr Reykjavík	41 x 55	1989	4 vatnslitamyndir	K 515
196	Sigfús Halldórsson	Lokastígur	30 x 49	1986	Vatnslitir	K 426
117	Sigurður Sigurðsson	Mýrdalssandur	110 x 150	1987	Olía	K 400
218	Sigurður Sigurðsson	Davíð Ólafsson	95 x 70	1992	Olía	K 50G
6	Sigurður Thoroddsen	[Landslag]	37 x 55	1976	Vatnslitir	K 209
114	Sigurður Örlygsson	Neró	155 x 106		Blönduð tækni	K 253
134	Sigurjón Ólafsson	Kona með blóm	138 x 0		Grágrýti	K 1GA
149	Sigurjón Ólafsson	Ég bið að heilsa	98 x 0	1976	Brons	K 100
27	Sigurjón Ólafsson	[Sjómaður]	47 x 0		Brons	K 505
10	Snorri Arinbjarnar	Frá Kaupmannahöfn	31 x 24		Vatnslitir	K 518
191	Snorri Arinbjarnar	Úr Þjórsárdal	37 x 42	1945	Vatnslitir	K 519
43	Snorri Arinbjarnar	I byens udkant	76 x 101		Olía	Æ 54
19	Snorri Arinbjarnar	[Landslag]	29 x 40		Vatnslitir	K 505
79	Snorri Arinbjarnar	Eldhúsborðið	42 x 34		Vatnslitir	Æ 54

NÚMER	LISTAMAÐUR	HEITI	STÆRÐ Í SM	ÁRTAL	EFNI	STAÐSETNING	
20	Snorri Arinbjarnar	[Landslag]	32 x 38		Vatnslitir	K	505
120	Steingrímur Sigurðsson	"Skyldu bátar mínir róa í dag"	22 x 33	1987	Vatnslitir	K	329
23	Steingrímur Sigurðsson	New York	78 x 53	1972	Olía á masonit	K	112
54	Steingrímur Sigurðsson	[Afstrakt]	100 x 145	1976	Olía	K	417
207	Steingrímur Sigurðsson	[Blóm í vasa]	50 x 40	1991	Vatnslitir	K	116
119	Steinunn Þórarinsdóttir	Sjávarmál	60 x 175		Leir	K	139
137	Sundbye, Nina	Fortuna	75 x 0		Brons	K	508
30	Svavar Guðnason	[Fólk á bryggju]	81 x 65	1934	Olía	K	506
80	Sveinn Þórarinsson	Kvöld hjá Lágafelli (Esja)	53 x 73	1950	Vatnslitir	K	509
37	Sveinn Þórarinsson	[Menn og hestar]	105 x 126	1943	Olía	K	517
213	Sveinn Þórarinsson	[Tindastóll og Sauðárkrókur]	80 x 105		Olía	K	J19
78	Sveinn Þórarinsson	Við Þingvallavatn	54 x 73		Vatnslitir	K	214
29	Sveinn Þórarinsson	Hengillinn í Grafningi	100 x 140		Olía	K	224
66	Sveinn Þórarinsson	[Landslag]	48 x 80	1935	Olía	K	520
55	Sveinn Þórarinsson	[Landslag]	115 x 150		Olía	K	521
105	Valtýr Pétursson	[Bátar í höfn, Seðlabankahús í	70 x 80	1984	Olía	K	516
11	Veturliði Gunnarsson	[Bátar í vík]	100 x 120		Olía	K	105
36	Veturliði Gunnarsson	[Afstrakt]	135 x 190		Olía	K	300
221	Vilhjálmur Bergsson	Þrennt	80 x 120	1971	Olía	E	4
181/183	Þorlákur Kristinsson (Tolli)	Við Hvítinga	58 x 68	1989	3 grafikmyndir	K	108
193-195,202-205, 219	Þorlákur Kristinsson (Tolli)	Landslag	35 x 52	1990	6 grafikmyndir	K	226
148	Þorvaldur Skúlason	"Komposition"	121 x 84	1957	Olía	K	138
115	Þorvaldur Skúlason	[Hestar]	36 x 49		Olía	K	505
140	Þorvaldur Skúlason	Blæsevær	131 x 98	1971	Olía	K	517
69	Þorvaldur Skúlason	[Skógur]	29 x 44		Litkrít	Æ	54
39	Þórarinn B. Þorlákson	Det gamle Lovbjærg	45 x 59	1900	Olía	K	505
87	Þórarinn B. Þorlákson	[Uppstilling]	50 x 68	1900	Olía	Æ	54
88	Þórarinn B. Þorlákson	[Þingvellir]	40 x 55	1900	Olía	K	507
13-14,52-53,45	Þórður Hall	Ýmis mótív	50 x 50	1979	4 litógrafíur	K	106
45	Örlygur Sigurðsson	Sigtryggur Klemensson	95 x 70		Olía	K	50G

133. Fyrirspurn [124. mál]

til kirkjumálaráðherra um aðskilnað útfararþjónustu frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórna.

Frá Guðmundi Bjarnasyni.

1. Hvað hefur verið gert af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til að tryggja framkvæmd 2. mgr. 21. gr. laga nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, frá gildistöku laganna 4. maí sl.?
2. Hafa Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma skilið útfararþjónustu sína og fjárhag hennar frá lögboðinni starfsemi sinni og hvernig er þessum málum háttað í öðrum prófastsdæmum?
3. Telur ráðherra að fyrirhuguð stofnun einkafyrirtækis Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma til að annast útfararþjónustu standist skilyrði nýju laganna um aðskilnað útfararþjónustu frá lögboðinni starfsemi kirkjugarðanna?
4. Kemur til greina að bæta fyrirtækjum í útfararþjónustu á Reykjavíkursvæðinu það fjárhagstjón sem þau kunna að hafa orðið fyrir eða verða fyrir í samkeppni við niðurgreidda útfararþjónustu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma?

134. Fyrirspurn [125. mál]

til dómsmálaráðherra um kostnaðarauka og tekjutap vegna tilflutnings sýslumannsembætta.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hefur ríkisstjórnin látið kanna:

a. hvaða kostnaðarauka það mun hafa í för með sér fyrir einstaklinga að sýslumannsembætti víða um land verða lögð niður þannig að þeir verða að sækja þjónustu embættana annað,
b. hve mikið tekjutap mun verða í verslun og þjónustu á þeim stöðum þar sem sýslumannsembætti verða lögð niður?

135. Svar [92. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað líður gerð áætlunar um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera?

Ályktun Alþingis frá 24. apríl 1989, um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, var rædd á nokkrum fundum árið 1990 í samstarfsnefnd Náttúruverndarráðs og iðnaðarráðuneytis um orkumál (SINO-nefndin). Þar var ákveðið að kanna annars vegar virkjunar- og hins vegar

verndarsjónarmið hvort í sínu lagi og bera saman líkt og gert hefur verið í Noregi. Virkjunaraðila var ætlað að skrá vatnsföll og fossa og flokka með tilliti til hagkvæmni virkjunar og Náttúruverndarráði var ætlað að gera sambærilega skrá eftir verndargildi. Niðurstöður yrðu síðan bornar saman og gengið frá áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera.

Jafnframt samþykkti nefndin í júní 1990 að gera þyrfti Alþingi grein fyrir því að verk þetta gæti tekið nokkurn tíma ef vel ætti að vanda til verksins. Ekki þótti ráðlegt að leggja fyrir Alþingi eitthvert bráðabirgðaálit byggt á lélegum grunni.

Iðnaðarráðuneytið fól Orkustofnun að vinna að þessu fyrir sína hönd í samráði við Náttúruverndarráð. Í framhaldi af því var vinnuhópur settur á laggirnar til að annast verkefnið og var hann skipaður fulltrúum Orkustofnunar, Landsvirkjunar og Náttúruverndarráðs.

Orkustofnun og Landsvirkjun hófu þegar vinnu við flokkun vatnsfalla og fossa og nú hefur verið gengið frá greinargerð þar sem fjallað er um virkjunarmöguleika á landinu. Greinargerð þessi er til í handriti. Sambærileg vinna við skráningu jarðhitasvæða og hvera á vegum Náttúruverndarráðs tafðist vegna skorts á fjármagni og fólki til að vinna verkið.

Í framhaldi af fyrirspurn ráðuneytisins um gang málsins óskaði Náttúruverndarráð eftir með bréfi 18. mars 1992 að ráðuneytið veitti fé til verkefnisins á árinu 1993 þannig að ljúka mætti við gerð áætlunar um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða fyrir haustið 1993. Við þessu var brugðist og réð Náttúruverndarráð starfsmann tímabundið til þess að vinna að verkefninu. Samráð hefur verið haft við Landsvirkjun og Orkustofnun.

Vinna er nú á lokastigi og er gert ráð fyrir að samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um orkumál (SINO) fjalli um drögin að heildaráætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera á fundi sínum 26. október næstkomandi. Samkvæmt upplýsingum frá Náttúruverndarráði er miðað við að áætlunin verði afhend umhverfisráðherra um miðjan nóvember 1993.

136. Fyrirspurn [126. mál]

til forsætisráðherra um flutning ríkisstofnana.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Með hverjum hætti hyggst forsætisráðuneytið fylgja eftir nefndaráliti og tillögum um flutning ríkisstofnana sem nefnd skipuð af forsætisráðherra lagði fram 15. júlí sl.?

137. Fyrirspurn [127. mál]

til landbúnaðarráðherra um árangur viðræðna við EB um landbúnaðarmál.

Frá Jóni Helgasyni.

Hvernig hefur ráðherra tekist að standa á verði um hagsmuni íslensks landbúnaðar í samningaviðræðum við Evrópubandalagið um viðbæti 2–7 við bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið?

138. Fyrirspurn [128. mál]

til menntamálaráðherra um Héraðsskólann í Reykjanesi.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hefur nefndin, sem fjalla átti um framtíð Héraðsskólans í Reykjanesi, lokið störfum?
2. Ef svo er, hverjar eru tillögur nefndarinnar?
3. Hvað hyggst ráðherra leggja til í framhaldi af starfi nefndarinnar?

139. Fyrirspurn [129. mál]

til menntamálaráðherra um starfsemi héraðsskóla.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hve margir héraðsskólar starfa í landinu? Hver er nemendafjöldi einstakra skóla skólaárið 1993–1994 og hvaða kennsla fer þar fram í einstökum greinum?
2. Hvaða breytingar hafa orðið á starfi héraðsskólanna í stórum dráttum frá árinu 1985?

Skriflegt svar óskast.

140. Svar [50. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um listaverkakaup Listasafns Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða listaverk voru keypt til safnsins á síðustu fimm árum og hverjir eru höfundar þeirra?*
2. *Af hverjum voru þau keypt og hvert var kaupverð hvers listaverks?*

Ráðuneytið aflaði eftirfarandi upplýsinga frá Listasafni Íslands:

LISTAVERKAKAUP LISTASAFNS ÍSLANDS 1988–1992

1988

Íslensk verk.

Málverk, pappírsverk o.fl.:

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Ásgrímur Jónsson (1876–1958)	Djákninn á Myrká, um 1900–1907, olía	Bárður Halldórsson	150.000
	Sturluhlaup, um 1900–1907, olía á pappa	Bárður Halldórsson	50.000
Erró, Guðmundur Guðmundsson (1932)	Topino, 2001 — for Stanley Kubrick, 1976, olía	Bárður Halldórsson	880.000
Einar Hákonarson (1945)	Í fjallasal, 1986, olía	Höfundur	400.000
Guðmunda Andrésdóttir (1922)	Ljósbrot, 1988, olía	Höfundur	120.000
Gunnar Örn Gunnarsson (1946)	Þjóðsaga, 1986–1988, olía	Nýhöfn	350.000
Hringur Jóhannesson (1932)	Skugginn minn, 1988, olía	Höfundur	120.000
Jóhann Eyfells (1923)	Saying no to no IV, 1988, pappír	Gallerí Svart á hvítu	110.000
	Difference repeated, 1988, pappír	Gallerí Svart á hvítu	110.000
Jón Óskar (1954)	Án titils, 1988, blönduð tækni	Höfundur	260.000
Karl Kvaran (1924–1989)	Án titils, 1974–75, blýantur	Gallerí Svart á hvítu	55.000
	Án titils, 1974–75	Gallerí Svart á hvítu	55.000
Snorri Arinbjarnar (1901–1958)	Sunnlensk stúlka, olía	Hörður Arinbjarnar	420.000
Tumi Magnússon (1957)	Nafnlaus, 1987, olía	Höfundur	110.000
Valgerður Bergsdóttir (1943)	Svipirnir eða í sjóndeildarhringnum, 1987–88, blýantur á pappír	Gallerí Svart á hvítu	67.000

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
	Svipirnir eða í sjóndeildarhringnum, 1987–88, blýantur á pappír	Gallerí Svart á hvítu	67.000
Þorbjörg Höskuldsdóttir (1939)	Húm (Þorgeirsfellshyrna á Snæfellsnesi), 1988, olía	Gallerí Borg	130.000

Höggmyndir:

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Hulda Hákon (1956)	Sjálfsmynd með sjö draugum, 1988, blönduð tækni	Höfundur	170.000
Ívar Valgarðsson (1954)	Kvistur, 1988, steinsteypa	Höfundur	150.000
Jóhann Eyfells (1923)	Alúminium, brons, kopar, 1966–67, ál, brons, kopar	Höfundur	502.275
Magnús Pálsson (1929)	Hundar í 16 hlutum, 1971, gifs og hálmur	Höfundur	600.000
Magnús Tómasson (1943)	Herinn sigursæli, 1969, stál og polýester	Höfundur	450.000
Ólafur Sveinn Gíslason (1962)	Lagerun I, 1988, viður, lakk, skrúfur	Höfundur	165.000
Rúrí (1951)	Glerregn, 1984, gler	Höfundur	470.000

Erlend verk.

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Howard Hodgkin (England)	Blood, 1983, steinprent	Höfundur	241.262
Pieter Holstein (1934, Holland)	Wear is de wolf, handlituð æting Free enterprise, handlituð æting Thuis, handlituð æting Demokratiese verwikkelingen, handlituð æting	Höfundur	39.329
Pierre Soulages (1919, Frakkland)	Gravure no „XIV“ 10/100, 1961, æting	Atelier Lacouriere et Frelaut, París	52.373

Bókverk og myndbandsverk:

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Ástríður Ólafsdóttir	Tvö vídeóverk	Höfundur	40.000
Yngve Zakarias	Bókverk	Svart á hvítu	6.000
Sigrún Harðardóttir	Myndbandsverk, sjálfsmynd	Höfundur	20.000

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Þór Elís Pálsson	Myndbandsverk, Appolo og Daphne, 1984	Höfundur	20.000

1989

Íslensk verk.

Málverk, pappírsverk o.fl.:

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Birgir Andrésson (1955)	Fjallkona, 1989 (úr myndröðinni „Nálægð"), ál og litur	Höfundur	84.000
Björg Þorsteinsdóttir (1940)	Höfuðskepnur I, 1989, litkrít	Höfundur	120.000
Daði Guðbjörnsson (1954)	Tími, 1984–87, olía	FÍM-salurinn	240.000
Erla Þórarinsdóttir (1955)	Eyjarlandslag, 1986, olía	Höfundur	140.000
Erró, Guðmundur Guðmundsson (1932)	Mécacontrol, 1959, olía	Höfundur	827.760 (Gr. 1990)
	American Interior V, 1967–68, olía	Höfundur	962.973 (Gr. 1991)
	National Museum Washington, 1979, olía	Höfundur	964.755 (Gr. 1992)
Grétar Reynisson (1957)	Án titils, 1988, olía	Nýhöfn	90.000
Halldór Ásgeirsson (1956)	Leiksviðið, 1987, akrýl	Höfundur	110.000
Helgi Þ. Friðjónsson (1953)	Grár dagur, 1988, olía	Höfundur	210.000
Hörður Ágústsson (1922)	Frönsk stúlka, 1949, kol	Nýhöfn	45.000
Júlíana Sveinsdóttir (1889–1966)	Sumarmorgunn í Horneby, 1944, olía	Klausturhólar	400.000
Magnús Pálsson (1929)	Pappírsást I, 1966, pappír	Höfundur	118.727

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Róska (1940)	Síðasta hálmstráið, 1969, blönduð tækni með olíu Án titils, 1966, blönduð tækni Án titils, 1968, blönduð tækni Án titils, 1966, blönduð tækni Án titils, 1968, blönduð tækni Án titils, 1969, blönduð tækni Anzio, 1969, blönduð tækni Án titils, 1968, blönduð tækni Morðið, 1965, blönduð tækni Lindsey Kemp, 1970, blönduð tækni Án titils, 1969, blönduð tækni „Schazo", 1969, blönduð tækni Án titils, 1969, blönduð tækni Án titils, 1969, blönduð tækni Án titils, 1968, blönduð tækni Án titils, 1969, blönduð tækni Án titils, 1965, blönduð tækni Pólitískt veggspjald, 1977, silkiþrykk	Höfundur	250.000
Snorri Arinbjarnar (1901–1958)	Sjálfsmynd, olía	Sigurður G. Guðjónsson v/Harðar Arinbjarnar	250.000
Stefán Axel Valdimarsson (1955)	Án titils, 1987, akrýl	Höfundur	250.000
Svavar Guðnason (1909–1988)	Gullfjöll, 1946, olía	Haukur Helgason	3.300.000
Torfi Jónsson (1935)	Fjárhús, Ingjaldssandur, 1989, vatnslitir	Gallerí Borg	65.000
Valgarður Gunnarsson (1952)	Hin hliðin, 1989, olía	Nýhöfn	100.000

Höggmyndir:

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Guðmundur Benediktsson (1920)	Konstrúksjón, 1955–57, járn	Höfundur	100.000
Hreinn Friðfinnsson (1943)	Komið við hjá Jóni Gunnari, 1965, blönduð tækni	Höfundur	202.555 (Gr. 1989 og 1990)
Jón Gunnar Árnason (1931–1989)	Ego, 1969, gifs og stálhnífar	Dætur höfundar	900.000

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Kristján Guðmundsson (1941)	Environmental Sculpture, 1969, myndhluti, blönduð tækni (í mörgum hlutum)	Höfundur	600.000
Sólveig Aðalsteinsdóttir (1948)	Stakur skúlptúr, 1987, blönduð tækni	Höfundur	35.000
Svava Björnsdóttir (1952)	Án titils, 1988, pappír	Höfundur	60.000

Erlend verk.

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Franz Graf, Austurríki (1954)	Án titils, 1989, blýantur, blek á gagnsæjan pappír	Höfundur	67.578
	Án titils, 1989, blýantur, blek á gagnsæjan pappír	Höfundur	67.578
Michael Kunerts (1954 Þýskaland)	Hölle, 1988, akrýl á pappír	FÍM-salurinn/Björg Örvar	49.000
	Die Verwandlung, 1988, akrýl á pappa	FÍM-salurinn/Björg Örvar	49.000
Kees Visser (1948 Holland)	Án titils, 1989, stál	Höfundur	195.000
Björn Roth	Landscape Memories, bókverk	FÍM-salurinn	5.000

1990

Íslensk verk.

Málverk, pappírsverk o.fl.:

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Bragi Ásgeirsson (1931)	Seiður um nótt (Næturseiður), 1989, olía	Höfundur	280.000
Eggert Pétursson (1956)	Án titils, 1990, olía	Höfundur	110.000
Georg Guðni Hauksson (1961)	Leiðólfsfell, 1981, olía	Höfundur	370.000
Hringur Jóhannesson (1932)	Kvöldsól í tjaldi, 1987, olía	Höfundur	180.000
Hörður Ágústsson (1922)	Sveifla, 1957, gvass	Nýhöfn	48.000
	Flet, 1957, gvass	Nýhöfn	48.000
Ingólfur Arnarson (1956)	Án titils, 1989–90, blýantsteikningar	Höfundur	150.000

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Magnús Kjartansson (1949)	Lýðræði götunnar, 1989, blönduð tækni	Nýhöfn	600.000
Svavar Guðnason (1909–1988)	Hvítur fugl í búri, 1958, pastelkrít, vatnslitir, þekjulitir	Keypt á uppboði í Kaupmannahöfn	131.100
	Höll kvöldsins, 1954–55, pastelkrít	Keypt á uppboði í Kaupmannahöfn	382.178
Tryggvi Ólafsson (1940)	Frón, 1990, akrýl	Gallerí Borg	230.000
Valgerður Hauksdóttir (1955)	Myndastytta I–V, 1989, blönduð grafíktækni	Höfundur	75.000
Þorvaldur Skúlason (1906–1984)	Sjómenn, 1944–45, olía	Gunnar Gunnarsson	1.350.000
Þórarinn B. Þorláksson (1867–1924)	Snæfellsjökull, 1898, vatnslitir	Guðmundur Axelsson	250.000
Óþekktur	Módel, olía	Gallerí Borg	418.000

Höggmyndir:

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Guðný Magnúsdóttir (1953)	Blá lína, 1989, leir	Höfundur	95.000
Hreinn Friðfinnsson (1943)	Blákoma, 1989, blönduð tækni	Gallerie Nordenhage, Svíþjóð	578.803
Ingólfur Arnarson (1956)	Án titils, 1989, steinsteypa, grunnur, litur	Höfundur	100.000
Kristinn G. Harðarson (1955)	Án titils, 1987, blönduð tækni	Höfundur	60.000
	Án titils, 1988, blönduð tækni	Höfundur	40.000
Kristinn E. Hrafnsson (1960)	Krafla, 1990, járn og vatn	Höfundur	200.000
Sigurður Guðmundsson (1942)	Drengur, 1969, blönduð tækni	Höfundur	653.617
Sigurjón Ólafsson (1908–1982)	Finngálkn, 1955, tré og eir	FÍM	460.000
Þorbjörg Pálsdóttir (1919)	Feimin stelpa, 1967, eir	Höfundur	280.000

Erlent verk.

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Arvid Pettersen (1943)	Án titils, 1986, akrýl á pappír	Gallerie van Gelder, Hollandi	222.227

1991

Íslensk verk.

Málverk, pappírsverk o.fl.:

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Árni Ingólfsson (1953)	Án titils, 1977, handmálaðar ljósmyndir Án titils, 1978, ljósmyndir, blek Án titils, 1978, ljósmyndir	Gallerie van Gelder, Hollandi	237.270
Guðmundur Thorsteinsson (Muggur) (1891–1924)	Prinsessurnar, 1919, vatnslitir	Anna J. Kristjánsdóttir	250.000
	Prinsessurnar, 1919, vatnslitir	Anna J. Kristjánsdóttir	250.000
	Piltur að leika á flautu, 1916, blýantur	Anna J. Kristjánsdóttir	150.000
Gunnlaugur Scheving (1904–1972)	Búðin, olía	Klausturhólar	1.000.000
Hreinn Friðfinnsson (1943)	Drawing a Tiger, 1971, ljósmyndir	Höfundur	113.584
Júlíana Sveinsdóttir (1889–1966)	Uppstilling, 1960–62, olía	Anna J. Kristjánsdóttir	350.000
	Mælifell, Snæfellsnesi, 1951, olía	Klausturhólar	400.000
Margrét Jónsdóttir (1953)	Still Life, 1989, olía	Höfundur	300.000
Sigurður Guðmundsson (1942)	Hommage à Grieg, 1971, ljósmynd og texti	Höfundur	637.395
	Encore, 1991, litljósmyndir	Höfundur	324.087
Sigurður Árni Sigurðsson (1963)	Ský og vatn, olía	Nýhöfn	200.000
	Teikning, 1990, blönduð tækni	Nýhöfn	13.000
	Teikning, 1990, blönduð tækni	Nýhöfn	13.000
	Teikning, 1991, blönduð tækni	Nýhöfn	13.000
	Teikning, 1991, blönduð tækni	Nýhöfn	13.000
	Teikning, 1991, blönduð tækni	Nýhöfn	13.000
	Teikning, 1991, blönduð tækni	Nýhöfn	12.000

Höggmyndir:

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Anna Þóra Karlsdóttir (1946)	Hringfari, 1990, þæfð ull og vax	Höfundur	90.000

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Finnbogi Pétursson (1959)	Lína, 1991, hátalarar	Höfundur	380.000
Hannes Lárusson (1955)	Vöðvar, 1991, litað tré og leðurbelti	Galleri 11	280.000
Hulda Hákon (1956)	Leikhús, 1988, tré, gifs, akrýl	Höfundur	405.000
Inga Ragnarsdóttir (1955)	Blá form, 1991, járn	Höfundur	200.000
Jón Gunnar Árnason (1931–1989)	Object, 1971, blönduð tækni	Halla, Gunnar, Þorleifur og Nanna Hauksbörn	150.000
	Cosmos, 1982, 40 stálspeglar og 40 steinar	Dætur höfundar	2.200.000
Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá (1933)	Vængjað myrkur, 1991, ull	Höfundur	68.000
Kristján Steingrímur Jónsson (1957)	Án titils, 1991, olía á ál	Höfundur	350.000
Níels Hafstein (1947)	Formrannsóknir I–XIV, 1991, tré	Höfundur	240.000
Sverrir Ólafsson (1948)	Upp vaxa mannanna börn, 1991, málað stál	Nýhöfn	300.000

Erlend verk.

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Douve Jan Bakker (1943)	Fragmentary drawings 1–6, 1991, kúlupenni	Höfundur	228.486
Matti Kujasalo (1946)	Án titils, 1990, akrýl, sex málverk	Gallerie Nordenhage, Svíþjóð	987.261

1992

Íslensk verk.

Málverk, pappírsverk o.fl.:

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Arnar Herbertsson (1933)	Leið 25, 1967, pappírsklipp og olíulakk	Höfundur	50.000
	Tíminn og vatnið, 1967, pappírsklipp og olíulakk	Höfundur	50.000
	Kandís, 1967, pappírsklipp og olíulakk	Höfundur	50.000
Ásta Ólafsdóttir (1948)	Án titils, 1992, ull, leir og tré	Höfundur	120.000
Bjarni H. Þórarinsson (1947)	Vísirós (I), 1990, blek	Höfundur	45.000
	Vísirós (II), 1990, blek	Höfundur	45.000

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
	Vísirós (III), 1990, blek	Höfundur	45.000
Daníel Þ. Magnússon (1958)	Fáni, 1992, viður, gler, pappír, plast og litur	Höfundur	200.000
Dröfn Friðfinnsdóttir (1946)	Án titils, 1991, trérista	Höfundur	30.000
Erró, Guðmundur Guðmundsson (1932)	Gulf War, 1991, olía	Höfundur	1.580.400 (1/3 verðs)
Georg Guðni Hauksson (1961)	Helgafell á Snæfellsnesi, 1986, blýantur	Nýhöfn	33.000
	Án titils, 1984–85, blýantur	Nýhöfn	33.000
	Skjaldbreiður, 1985, blýantur	Nýhöfn	33.000
Guðrún Kristjánsdóttir (1950)	Landslagsmynd, 1991, olía	Höfundur	350.000
Haukur Dór Sturluson (1940)	Án titils, 1992, akrýl og blek	Höfundur	30.000
Hjörleifur Sigurðsson (1925)	Sumarhljómur, 1975, vatnslitir	Höfundur	150.000
Hörður Ágústsson (1922)	Án titils, 1955, blek (sex myndir)	Höfundur	100.000
Jens Kristleifsson (1940)	Náttúruskoðun, 1970, dúkrista	Höfundur	25.000
	Náttúrufriðun, 1970, dúkrista	Höfundur	25.000
Jóhanna Kristín Yngvadóttir (1953–1991)	Á ögurstund, 1987, olía	Elín B. Bruun	600.000
Jón Stefánsson (1881–1962)	Án titils, 1910–11(?), olía	Þorsteinn Ólafsson	300.000
Kristján Davíðsson (1917)	Án titils, 1991, olía	Nýhöfn	600.000
Ráðhildur Ingadóttir (1959)	Án titils, 1990, olía	Höfundur	280.000
Sigurður Guðmundsson (1942)	Extension, 1974, ljósmynd og texti	Höfundur	232.696
Steingrímur E. Kristmundsson (1954)	Án titils, 1977, blönduð tækni Án titils, 1981, penni, þekjulitir og vaxlitir Án titils, 1981, penni, þekjulitir og vaxlitir	Höfundur	220.000
Svala Sigurleifsdóttir (1950)	Með Júpíter í Ljóni; Erla Þórarinsdóttir við eigið málverk 1991, handmáluð ljósmynd	Höfundur	40.000

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
	Að baki hvers mikilmennis er kona; að baki hverrar mikillar konu er skugginn hennar, 1991, handmáluð ljósmynd	Höfundur	40.000
	Allegro Barbaro, 1991, handmáluð ljósmynd	Höfundur	40.000
Tumi Magnússon (1957)	Án titils, 1992, olía	Höfundur	400.000
Þórarinn B. Þorláksson (1867–1924)	Dætur mínar við heyvinnu, 1909, olía	Gunnþóra Jónsdóttir	600.000

Höggmyndir:

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Hallsteinn Sigurðsson (1945)	Veðrahöll IV, 1981, járn	Höfundur	780.000
Inga Ragnarsdóttir (1955)	Blá form, 1991, járn	Höfundur	150.000
	Blá form, 1990, járn	Höfundur	150.000
Jóhann Eyfells (1923)	Flat as Flat as Cube/Flatt sem flatt sem teningur, 1991–92, ál	Höfundur	900.000
Magnús Pálsson (1929)	Gifsbörn (11 stk.), 1971, gifs	Höfundur	1.500.000
Páll Guðmundsson (1959)	Sjálfsmynd, 1990–91, rauður steinn	Höfundur	90.000

Erlend verk.

Höfundur	Listaverk	Seljandi	Verð
Samuel Beckett og Ian Tyson	Second Nature, 1990, pappír (bókverk)	Circle Press, London	
Roy Fisher og Ronald King	The left-handed Punch, 1986, pappír o.fl. (bókverk)	Circle Press, London	
Ronald King	The White Alphabet, 1984, pappír (bókverk)	Circle Press, London	
James Kirkup og Birgit Skiöld	Zen Gardens, 1973, pappír (bókverk)	Circle Press, London	
Kenneth White	In the Sand Papishes, 1990, pappír (bókverk)	Circle Press, London	
Samtals fyrir þessi fimm verk			282.094
Roni Horn (1955)	Verne's Journey Selections, 1991, grafísk þrykk (mappa með fjórum blöðum)	Höfundur	28.038
Kees Visser (1948)	Bókverk	Höfundur	15.000

141. Fyrirspurn [130. mál]

til menntamálaráðherra um málefni Blindrabókasafns.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hafa verið í gangi á vegum ráðuneytisins viðræður við Blindrafélagið og Öryrkjabandalagið um fyrirhugaðan flutning Blindrabókasafnsins úr húsi Blindrafélagsins? Ef svo er, í hvaða farvegi eru þær viðræður nú? Hefur öllum erindum aðila málsins verið svarað?

142. Svar [14. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um afla krókaleyfisbáta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var heildarafli svokallaðra krókaleyfisbáta fiskveiðiárið 1992–1993?*
2. *Hvernig skiptist þessi afli á milli einstakra kjördæma?*
3. *Hver var heildarafli krókaleyfisbáta í einstökum kjördæmum, í einstökum mánuðum fiskveiðiárið 1992–1993?*

4. *Hver var hlutdeild krókaleyfisbáta í heildarþorskaflanum*
   a. *fiskveiðiárið 1991–1992,*
   b. *fiskveiðiárið 1992–1993?*

Í meðfylgjandi töflum koma fram svör við spurningum 1, 2 og 3. Allar tölur eru fengnar úr aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Ekki er búið að gera upp allar aflatölur þannig að líta verður á þessar tölur sem bráðabirgðatölur. Allar upplýsingar eru miðaðar við heimahöfn einstakra báta og sýna því hver afli báta skráðra í hverju kjördæmi var en ekki hve mikill afli barst að landi í hverju kjördæmi fyrir sig.

Svar við spurningu 4a er 7,6% og við spurningu 4b 9,3%.

Afli krókaleyfisbáta fiskveiðiárið 1992/1993

Allar tölur eru í tonnum. Miðað er við óslægðan afla. Hér er um bráðabirgðatölur að ræða.

Suðurland	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar botnf.	Afli alls
September	56	14	24	6	0	0	1	32	132
Október	54	58	2	1	0	0	1	69	185
Nóvember	56	61	0	0	0	0	1	29	147
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	14	3	2	0	0	0	2	4	24
Mars	59	10	6	1	0	0	11	14	102
Apríl	54	8	5	1	0	0	20	9	97
Maí	145	9	20	3	0	0	6	12	195
Júní	252	3	44	8	0	0	3	6	316
Júlí	210	5	53	8	0	0	4	8	288
Ágúst	73	2	38	4	0	0	2	14	133
Samtals	973	173	194	32	0	0	51	197	1.619

Reykjanes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar botnf.	Afli alls
September	294	62	86	7	0	1	13	18	481
Október	365	237	40	2	0	0	10	91	746
Nóvember	305	258	5	1	0	0	3	36	608
Desember	1	1	0	0	0	0	0	0	2
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	85	26	3	1	0	0	22	8	144
Mars	234	12	30	7	0	0	133	19	435
Apríl	277	5	34	7	0	1	29	13	365
Maí	598	8	74	13	0	0	20	14	727
Júní	1.148	5	144	31	0	0	7	5	1.340
Júlí	851	6	130	29	0	0	4	5	1.024
Ágúst	314	17	69	11	0	0	13	16	441
Samtals	4.472	637	615	109	0	2	254	225	6.313

Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar botnf.	Afli alls
September	142	16	12	2	0	0	5	1	178
Október	124	56	8	2	0	0	6	8	205
Nóvember	88	67	4	1	0	0	1	7	168
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	18	8	0	0	0	0	3	1	30
Mars	59	4	8	3	0	0	14	4	91
Apríl	92	1	7	1	0	0	12	2	115
Maí	272	3	22	4	0	0	5	2	308
Júní	481	1	37	8	0	0	1	1	529
Júlí	396	3	40	5	0	0	0	0	444
Ágúst	154	9	29	3	0	0	2	0	197
Samtals	1.826	168	167	29	0	0	49	26	2.265

Afli krókaleyfisbáta fiskveiðiárið 1992/1993

Allar tölur eru í tonnum. Miðað er við óslægðan afla. Hér er um bráðabirgðatölur að ræða.

Vesturland	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar botnf.	Afli alls
September	249	52	40	2	0	0	7	16	365
Október	285	127	9	1	0	0	5	27	455
Nóvember	239	86	2	0	0	0	2	18	347
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	45	17	0	0	0	0	5	0	69
Mars	34	3	1	1	0	0	25	0	64
Apríl	169	1	1	0	0	0	26	1	198
Maí	659	3	7	1	0	0	17	3	690
Júní	835	5	54	7	0	0	4	1	905
Júlí	777	4	78	9	0	0	1	0	869
Ágúst	263	11	31	2	0	0	4	1	311
Samtals	3.555	309	223	23	0	0	96	67	4.274

Vestfirðir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar botnf.	Afli alls
September	419	63	3	1	0	2	31	3	522
Október	324	72	2	1	0	1	23	5	428
Nóvember	242	46	1	0	0	0	3	5	296
Desember	1	5	0	0	0	0	0	0	5
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	120	10	1	1	0	0	15	2	148
Mars	84	1	3	1	0	0	69	1	159
Apríl	101	1	2	1	0	1	135	0	241
Maí	424	5	6	1	0	1	47	0	485
Júní	1.069	16	9	2	0	2	35	1	1.135
Júlí	1.083	23	17	3	0	2	28	2	1.156
Ágúst	565	48	10	1	0	1	22	1	647
Samtals	4.432	290	54	12	0	10	408	20	5.222

Norðurl. vestra	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar botnf.	Afli alls
September	108	3	3	0	0	0	7	0	121
Október	79	4	0	0	0	0	2	0	86
Nóvember	79	4	0	0	0	0	0	0	83
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	50	0	0	0	0	0	1	0	50
Mars	38	0	0	0	0	0	4	0	42
Apríl	39	0	8	0	0	0	7	0	54
Maí	47	0	3	0	0	2	2	0	55
Júní	138	0	4	0	0	1	8	0	151
Júlí	171	0	3	0	0	0	5	0	179
Ágúst	127	0	13	0	0	0	4	0	145
Samtals	876	11	34	0	0	3	40	0	966

Afli krókaleyfisbáta fiskveiðiárið 1992/1993

Allar tölur eru í tonnum. Miðað er við óslægðan afla. Hér er um bráðabirgðatölur að ræða.

Norðurl. eystra	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar botnf.	Afli alls
September	260	13	140	7	0	0	6	4	430
Október	224	28	120	2	0	0	9	7	389
Nóvember	205	23	24	2	0	0	6	6	267
Desember	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	56	2	0	[illegible]	0	0	4	0	62
Mars	194	1	1	3	0	0	12	2	214
Apríl	243	2	7	1	0	5	14	0	272
Maí	232	1	9	3	0	5	11	0	260
Júní	565	5	42	5	0	0	13	3	635
Júlí	515	15	71	10	0	0	7	0	617
Ágúst	462	18	92	8	0	0	18	1	599
Samtals	2.957	108	506	41	0	10	100	23	3.746

Austurland	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar botnf.	Afli alls
September	316	79	46	1	0	1	31	5	478
Október	270	118	34	1	0	1	30	11	466
Nóvember	191	57	13	0	0	0	17	7	285
Desember	7	1	0	0	0	0	0	0	7
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	55	1	4	0	0	0	4	1	65
Mars	103	0	4	1	0	0	18	1	127
Apríl	134	0	7	1	0	1	39	1	183
Maí	250	2	17	1	0	7	25	1	304
Júní	622	2	21	2	0	6	32	1	686
Júlí	557	8	42	3	0	0	30	2	641
Ágúst	405	27	34	3	0	0	13	1	484
Samtals	2.910	295	222	13	0	16	239	31	3.726

Allt landið	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar botnf.	Afli alls
September	1.844	302	354	26	0	4	101	79	2.707
Október	1.725	700	215	10	0	2	86	218	2.960
Nóvember	1.405	602	49	4	0	0	33	108	2.201
Desember	10	7	0	0	0	0	0	0	16
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	443	67	10	2	0	0	56	16	592
Mars	805	31	53	17	0	0	286	41	1.234
Apríl	1.109	18	71	12	0	8	282	26	1.525
Maí	2.627	31	158	26	0	15	133	32	3.024
Júní	5.110	37	355	63	0	9	103	18	5.697
Júlí	4.560	64	434	67	0	2	79	17	5.218
Ágúst	2.363	132	316	32	0	1	78	34	2.957
Samtals	22.001	1.991	2.015	259	0	41	1.237	589	28.131

143. Svar [15. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um afla línubáta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var heildarafli línubáta fiskveiðiárið 1992–1993?*
2. *Hvert var hlutfall línuafla af heildarbotnfiskveiði Íslendinga á þeim tíma?*
3. *Hver var þorskveiði línubáta fiskveiðiárið 1992–1993?*
4. *Hvert var hlutfall þorskveiði á línu af heildarþorskveiði Íslendinga fiskveiðiárið 1992–1993?*
5. *Hver var afli línubáta í janúar, febrúar, nóvember og desember fiskveiðiárið 1992–1993, mælt í tonnum og sem hlutfall af botnfiskafla?*
6. *Hver var þorskafli línubáta í janúar, febrúar, nóvember og desember fiskveiðiárið 1992–1993, mælt í tonnum og sem hlutfall af heildarþorskafla Íslendinga?*

Svör við framangreindum spurningum koma fram í meðfylgjandi töflum. Svör við 1., 2. og 5. spurningu eru í töflu I, en svör við 3., 4. og 6. spurningu er að finna í töflu II.

Þær upplýsingar, sem hér er byggt á, eru fengnar að miklu leyti úr aflaupplýsingakerfi Fiskistofu og að hluta frá Fiskifélagi Íslands. Þar sem aflatölur þær, sem byggt er á, hafa ekki endanlega verið gerðar upp verður að líta á þessar tölur sem bráðabirgðatölur. Öll svörin eru miðuð við botnfisk í samræmi við flokkun Fiskifélags Íslands. Enn fremur eru svörin miðuð við þann afla sem fékkst á línu en ekki er tekinn með sá afli sem viðkomandi skip fengu í önnur veiðarfæri.

Línuafli fiskveiðiárið 1992–1993.
Allar tölur eru í tonnum. Miðað er við óslægðan afla.
(Bráðabirgðatölur.)

Tafla I. Botnfiskafli á línu og í heild.

	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Nóv.-febr.	Allt fiskveiðiárið
Línuafli	10.968	6.551	9.405	7.127	34.051	66.471
Heildarafli	40.972	27.230	30.961	41.764	140.927	361.600
Hlutfall línuafla (%)	26,8	24,1	30,4	17,1	24,2	18,4

Tafla II. Þorskafli á línu og í heild.

	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Nóv.-febr.	Allt fiskveiðiárið
Línuafli	7.111	5.020	8.100	7.327	27.558	44.688
Heildarafli	16.113	14.612	18.300	24.386	73.411	236.344
Hlutfall línuafla (%)	44,1	34,4	44,3	30,0	37,5	18,9

144. Frumvarp til laga [131. mál]

um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

2. gr.

Með lánastofnun er í lögum þessum átt við félög eða stofnanir sem hafa það að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér, eða hafa heimild í lögum eða samþykktum til þess að afla sér, í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, sbr. þó 9. gr.

Lánastofnun er óheimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og stunda aðra starfsemi en þá sem fjallað er um í lögum þessum.

II. KAFLI
Stofnun og starfsleyfi.

3. gr.

Óheimilt er að hefja starfsemi lánastofnunar nema að fengnu starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skráning í hlutafélagaskrá veitir ekki sjálfkrafa rétt til að hefja slíka starfsemi. Ráðherra getur bundið starfsleyfi því skilyrði að hefjist starfsemi hlutaðeigandi stofnunar ekki innan tiltekins tíma eftir veitingu leyfisins falli það úr gildi.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir hlutafélagsins og jafnframt upplýsingar um stofnendur, hlutafé, hluthafa og hlut hvers um sig, svo og aðrar upplýsingar og gögn sem nánar skal fyrir mælt í reglugerð sem ráðherra setur.

Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um starfsleyfi skal hann leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Birta skal tilkynningar um starfsleyfi lánastofnana í Lögbirtingablaði.

Um veitingu starfsleyfis til lánastofnana, synjun umsókna um starfsleyfi og afturköllun starfsleyfis gilda að öðru leyti ákvæði II., III. og XIII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

4. gr.

Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur lánastofnunar.

Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir búsetuskilyrði 1. mgr. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

5. gr.

Lánastofnun verður ekki stofnuð með lægra hlutafé en 400 milljónum króna og skal hlutafé aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku myntein-ingarinnar ecu miðað við kaupgengi hennar 11. maí 1993.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að stofna eignarleigufyrirtæki, sbr. 9. gr., með 80 milljóna króna hlutafé hið lægsta og skal það aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi tek-ur sömu breytingum og um getur í 1. mgr.

6. gr.

Um stofnun lánastofnunar fer að öðru leyti eftir ákvæðum um stofnun hlutafélagsbanka í II. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

III. KAFLI
Stjórnun og starfsemi.

7. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum lánastofnunar samkvæmt því sem lög og samþykktir stofnunarinnar ákveða.

Stjórn lánastofnunar skal kjörin af hluthöfum á aðalfundi. Hún fer með málefni félagsins milli hluthafafunda. Stjórnin skal skipuð eigi færri en þremur mönnum og jafnmörgum til vara.

Stjórn lánastofnunar ræður framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri hlut-aðeigandi stofnunar og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hennar sem ekki eru öðr-um falin með lögum þessum.

Um stjórnendur og stjórnun lánastofnunar gilda að öðru leyti ákvæði um stjórn við-skiptabanka og sparisjóða í 38.–43. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

8. gr.

Starfsemi lánastofnana felst í því að veita lán í eigin nafni og afla sér í því sambandi fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Til starfsemi þeirra telst einnig að veita þjónustu sem er í eðlilegum tengsl-um við slíka lánastarfsemi. Nánar tiltekið felst starfsemi þeirra í:

1. Útlánastarfsemi, m.a.:
   a. neytendalánum,
   b. langtímaveðlánum,
   c. kröfukaupum og kaupum skuldaskjala og
   d. viðskiptalánum.
2. Fjármögnunarleigu.
3. Greiðslumiðlun.
4. Útgáfu og umsýslu greiðslumiðla, t.d. greiðslukorta, ferðatékka og víxla.
5. Að veita ábyrgðir og tryggingar.

6. Viðskiptum fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
   a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
   b. erlendan gjaldeyri,
   c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
   d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
   e. verðbréf.
7. Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskiptum tengdum slíkum útboðum.
8. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
9. Peningamiðlun.
10. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa.
11. Vörslu og ávöxtun verðbréfa.
12. Upplýsingum um lánstraust (lánshæfni).
13. Útleigu geymsluhólfa.

Um verðbréfaviðskipti lánastofnana gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um verðbréfaviðskipti.

Lánastofnunum er heimilt að stunda vátryggingastarfsemi með stofnun dótturfyrirtækis.

Þeim er einnig heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. mgr., enda sé slík hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af meginstarfsemi þeirra. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki bankaeftirlitsins sem jafnframt getur ákveðið að hún skuli stunduð í sérstöku félagi.

Um starfsemi lánastofnana fer að öðru leyti eftir ákvæðum V. kafla í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði að undanskildum ákvæðum um innlánsreikninga og innlánsskilríki.

9. gr.

Með eignarleigufyrirtæki er átt við lánastofnun sem hefur eignarleigu að meginstarfsemi sinni, óháð því hvernig sú starfsemi er fjármögnuð. Með eignarleigu er átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- og afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum. Eignarleigufyrirtæki er þó einnig heimilt að veita þjónustu á þeim sviðum sem talin eru upp í 1. mgr. 8. gr., enda verði þar aldrei um að ræða meginstarfsemi viðkomandi fyrirtækis.

Ráðherra getur að fenginni tillögu bankaeftirlitsins sett nánari reglur um eignarleigustarfsemi þar sem m.a. koma fram skilgreiningar á hinum ýmsu flokkum eignarleigu og þau atriði sem að lágmarki skal kveðið á um í eignarleigusamningum.

IV. KAFLI
Eigið fé, ársreikningur, endurskoðun, slit og samruni.

10. gr.

Eigið fé lánastofnunar skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum hlutaðeigandi félags og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli sem Seðlabankinn setur.

Um eigið fé lánastofnana gilda að öðru leyti ákvæði VI. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Ákvæði um laust fé viðskiptabanka og sparisjóða gilda þó ekki um lánastofnanir heldur fer um það samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands.

11. gr.

Um ársreikning, endurskoðun og samstæðureikningsskil lánastofnana fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

12. gr.

Um slit lánastofnana eða samruna við aðrar stofnanir fer samkvæmt ákvæðum VIII. og IX. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

V. KAFLI
Starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi og innlendra stofnana erlendis.

13. gr.

Erlendar lánastofnanir, sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlotið hafa starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki, geta stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þess efnis frá eftirlitsaðilum í heimaríkinu. Útibúinu er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til, enda sé hlutaðeigandi stofnun heimiluð slík þjónusta í heimaríki hennar.

Stofnunum sem um ræðir í 1. mgr. er einnig heimilt að veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús þegar bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum eftirlitsaðilum í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar. Þessum stofnunum er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til skv. 8. gr., enda hafi eftirlitsaðilar í heimaríki þeirra staðfest að starfsleyfið taki til slíkrar þjónustu.

Um heimildir erlendra lánastofnana, annarra en um ræðir í 1. mgr., til starfsemi hér á landi fer eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Um starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi gilda að öðru leyti ákvæði XI. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

14. gr.

Lánastofnanir, sem hlotið hafa starfsleyfi ráðherra skv. 3. gr. og óska eftir að starfrækja útibú í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu tilkynna það bankaeftirlitinu ásamt upplýsingum um:

1. í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú,
2. lýsingu á starfsemi útibúsins, skipulagi og fyrirhugaðri starfsemi,
3. heimilisfang útibúsins og
4. nöfn stjórnenda þess.

Óski lánastofnun að veita þjónustu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins án þess að stofna þar útibú skal tilkynna það bankaeftirlitinu. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki eigi í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

Hyggist lánastofnun hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt bankaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

Um starfsemi innlendra lánastofnana erlendis fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

VI. KAFLI
Eftirlit.

15. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi lánastofnana sé í samræmi við ákvæði laga, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir hlutaðeigandi stofnana. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands.

Bankaeftirlitið skal rannsaka fjárhag lánastofnana sem skulu veita allar þær upplýsingar sem eftirlitið telur nauðsynlegar. Í þeim mæli sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu lánastofnunar hefur það rétt til að afla upplýsinga og framkvæma vettvangsrannsókn hjá tengdum fyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum.

16. gr.

Eftirlitsaðilum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlendra stofnana hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til bankaeftirlitsins.

17. gr.

Bankaeftirlitinu er heimilt að banna erlendri lánastofnun með aðalstöðvar í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi stofnun brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármála- og lánastofnanir, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot samkvæmt tilmælum eða viðurlögum þessara laga.

Málsmeðferð skv. 1. mgr. fer að ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á.

18. gr.

Bankaeftirlitið skal halda skrá yfir starfandi lánastofnanir og útibú þeirra. Í skránni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um hlutaðeigandi stofnun. Allar breytingar á áður skráðum upplýsingum, þar á meðal fjölgun eða fækkun útibúa, skulu tilkynntar bankaeftirlitinu fyrir fram.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Starfandi lánastofnunum við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það hlutafé sem mælt er fyrir um í 5. gr. er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laganna. Nú fer eigið fé niður fyrir framangreind mörk og er þá bankaeftirlitinu heimilt að veita hlutaðeignandi stofnun hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli stofnunin ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hennar afturkallað samkvæmt ákvæðum II. kafla, sbr. ákvæði XIII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Yfirtaki nýir aðilar starfsemi lánastofnunar, sem starfar skv. 1. mgr., skal eigið fé stofnunarinnar hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 1. eða 2. mgr. 5. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. falla Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna ekki undir ákvæði laga þessara.

21. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

22. gr.

Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum greiðist af hlutaðeigandi lánastofnun.

23. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

1. Lög nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi.
2. 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 4.–9. gr. laga nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð).
3. 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 4.–9. gr. laga nr. 45/1972, um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Lánastofnanir, sem falla undir skilgreiningu laga þessara og starfandi eru við gildistöku þeirra, skulu hafa aðlagað starfsemi sína ákvæðum laganna eigi síðar en 1. janúar 1995. Þar til sú aðlögun hefur farið fram er þeim óheimilt að opna útibú eða bjóða fram þjónustu sína í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ekki skylt að breyta félagsformi lánastofnunar, sem starfandi er við gildistöku laga þessara, í hlutafélag. Starfandi lánastofnun, sem breytt er í hlutafélag og skattlögð hefur verið samkvæmt lögum um skattskyldu innlánsstofnana, skal skattlögð þannig áfram.

II.

Til og með 31. desember 1995 gilda ákvæði laga þessara um stjórnun og starfsemi, sbr. III. kafla, ekki um Iðnþróunarsjóð að því leyti er fer í bága við ákvæði samnings ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs sem gerður var í Reykjavík 12. desember 1969 og ákvæði laga nr. 9/1970 um staðfestingu á þeim samningi. Þangað til er sjóðnum óheimilt að opna útibú eða bjóða fram þjónustu sína í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Frumvarpið var flutt á 116. löggjafarþingi en varð ekki útrætt.

1. Reglur Evrópubandalagsins um lánastofnanir.

Evrópubandalagið hefur í tilskipunum sett ítarlegar reglur um stofnun og starfsemi lánastofnana *(e. credit institutions)*. Með lánastofnunum er átt við félög og stofnanir sem veita lán í eigin nafni og fjármagna starfsemi sína með innlánum eða útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldbindingum til almennings. Jafnframt er þeim heimil ýmiss konar fjármálaþjónusta önnur, svo sem fjármögnunarleiga, greiðslumiðlun, útgáfa greiðslukorta og ferðatékka, veiting ábyrgða og trygginga, viðskipti með verðbréf og erlendan gjaldeyri fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini, þátttaka í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipti tengd slíkum útboðum, varsla og ávöxtun verðbréfa og ráðgjöf. Hér er því um að ræða alhliða fjármálafyrirtæki.

Með þátttöku í Evrópsku efnahagssvæði skuldbindur Ísland sig til að lögfesta sams konar reglur um lánastofnanir og gilda innan Evrópubandalagsins. Helstu tilskipanir Evrópubandalagsins á þessu sviði eru:

Tilskipun 77/1980/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana.

Tilskipun 89/646/EBE um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um stofnun og rekstur lánastofnana og um breytingu á tilskipun 77/1980/EBE.

Tilskipun 83/350/EBE um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli.

Tilskipun 89/299/EBE um eigið fé lánastofnana.

Tilskipun 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana.

Tilskipun 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana.

Tilskipun 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð.

Tilskipun 92/121/EBE um stórar áhættur lánastofnana.

Samkvæmt skilgreiningum Evrópubandalagsins eru seðlabankar undanþegnir reglum um lánastofnanir, svo og póstgíróstofur og félög og stofnanir sem aðildarríkin óska sérstaklega eftir að verði undanþegin reglunum vegna eðlis starfsemi þeirra. Dæmi um slíkar stofnanir eru íbúðalánasjóðir.

2. Aðlögun innlendrar löggjafar að ákvæðum EES-samningsins.

Skipta má lánastofnunum í tvo meginflokka. Annars vegar lánastofnanir sem heimild hafa til að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Þessar stofnanir kallast innlánsstofnanir og til þeirra teljast hér á landi viðskiptabankar og sparisjóðir, auk þeirra hafa innlánsdeildir samvinnufélaga, Póstgíróstofan og Lánastofnun sparisjóðanna hf. tekið við innlánum. Hinn meginflokkur lánastofnana er stofnanir sem ekki fjármagna starfsemi með innlánum frá almenningi heldur útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Helstu dæmi um slíkar stofnanir hér á landi eru sjóðir sem veita svokölluð stofnlán eða fjárfestingarlán og eignarleigufyrirtæki.

Vegna eðlis innlánsstofnana var ákveðið að við aðlögun á gildandi löggjöf hér á landi að ákvæðum EES-samningsins skyldu sett um þær sérstök lög. Frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði var lagt fram og samþykkt á 116. löggjafarþingi og tóku ný lög gildi 1. júlí 1993. Samhliða frumvarpi til þeirra laga var lagt fram frumvarp til laga um allar aðrar lánastofnanir. Það náði hins vegar ekki fram að ganga og er því lagt fram að nýju.

3. Stofnanir hér á landi sem stunda lánastarfsemi.

Þegar hefur komið fram að skipta má stofnunum sem veita útlán hér á landi í tvo meginflokka: innlánsstofnanir og hins vegar allar aðrar lánastofnanir. Helstu stofnanir og sjóðir sem hér um ræðir eru:

a. *Innlánsstofnanir.* Til innlánsstofnana teljast þrír viðskiptabankar og 31 sparisjóður. Einnig teljast Póstgíróstofan og Lánastofnun sparisjóðanna hf. til innlánsstofnana. Þá hafa innlánsdeildir samvinnufélaga tekið við innlánum.

b. *Fjárfestingarlánasjóðir.* Samkvæmt flokkun Seðlabanka Íslands eru starfandi fjárfestingarlánasjóðir þessir: Byggðastofnun, Byggingarsjóður ríkisins og veðdeild Landsbanka Íslands, Byggingarsjóður verkamanna, Ferðamálasjóður, Fiskveiðasjóður Íslands, Framkvæmdasjóður Íslands (hefur hætt útlánum), Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður, Landflutningasjóður, Lánasjóður sveitarfélaga, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Stofnlánadeild samvinnufélaga, Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóður) og veðdeild Búnaðarbanka Íslands (lög nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands voru felld úr gildi með lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði).

Allar þessar stofnanir og sjóðir hafa verið settar á stofn með sérstökum lögum. Í meginatriðum skiptast sjóðirnir í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða fjárfestingarlánasjóði sem hið opinbera starfrækir til að sinna sérstökum samfélagslegum verkefnum. Dæmi um sjóði af því tagi eru Byggðastofnun, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna og Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Hins vegar er um að ræða fjárfestingarlánasjóði sem tengjast ákveðnum atvinnugreinum. Dæmi um slíka sjóði eru Ferðamálasjóður, Fiskveiðasjóður Íslands og Iðnlánasjóður. Sjóðir í þessum flokki hafa það hlutverk að stuðla að uppbyggingu og umbótum í hinum ýmsu atvinnugreinum með því að lána fé til fjárfestingar, veita styrki og fjárfesta í eigin fé fyrirtækja. Mörgum þessara sjóða hafa verið tryggðar tekjur af sérstökum álögum á viðkomandi atvinnugrein eða lögbundin framlög í fjárlögum. Hin síðari ár hafa hins vegar lögbundin framlög í fjárlögum ýmist verið skert verulega eða felld algerlega niður.

Núorðið eru flest lán þessara sjóða á eðlilegum markaðskjörum, enda fjármagna þeir starfsemi sína að langmestu leyti með lántökum á almennum markaði, ýmist innan lands eða utan.

c. *Aðrir lánasjóðir.* Hér er ýmist um að ræða opinbera sjóði og sjóði í einkaeigu. Þeir gegna svipuðu hlutverki og þeir sjóðir sem taldir eru upp í b-lið, þ.e. að veita lán til ýmiss konar fjárfestinga og framkvæmda á tilteknum sviðum. Ekki er unnt að gefa tæmandi talningu á sjóðum í þessum flokki en hér skal þeirra helstu getið:

Sjóðir stofnaðir með lögum: Bjargráðasjóður, Fiskræktarsjóður, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Hafnabótasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna, Orkusjóður, Stofnfjársjóður fiskiskipa, Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa og Útflutningslánasjóður.

Aðrir sjóðir: Fjárfestingarlánasjóður stórkaupmanna, Almenni stofnlánasjóðurinn (á vegum Kaupmannasamtaka Íslands), Stofnlánasjóður matvörukaupmanna, Stofnlánasjóður skó- og vefnaðarvörukaupamanna og Stofnlánasjóður raftækjasala.

d. *Eignarleigufyrirtæki.* Hér er um að ræða nokkur fyrirtæki sem stofnuð hafa verið á grundvelli laga nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi. Auk eignarleigustarfsemi, eins og hún er skilgreind í lögunum, er þessum fyrirtækjum heimilt að hafa með höndum skylda starfsemi á sviði fjármálaþjónustu, þó ekki verðbréfamiðlun eða rekstur verðbréfasjóðs.

Af þessari upptalningu er ljóst að hér á landi starfa fjölmargar stofnanir sem veita lán. Nokkrar þeirra falla þó utan við skilgreiningu EES-samningsins á lánastofnun vegna þess að þeim er ekki heimilt að afla fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Dæmi um slíkar stofnanir eru Fiskræktarsjóður, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Stofnfjársjóður fiskiskipa og Útflutningslánasjóður. Aðrar stofnanir falla strangt til tekið undir skilgreininguna vegna ákvæða í lögum, sem um þær gilda, um að þær geti aflað sér fjár með lántökum þótt þær hafi kosið að afla ekki lánsfjár með útgáfu skuldabréfa til almennings. Dæmi um stofnanir af þessu tagi eru Bjargráðasjóður, Hafnabótasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Orkusjóður.

Loks skal þess getið að í viðauka IX við EES-samninginn, þar sem fjallað er um fjármálaþjónustu, er kveðið á um að byggingarsjóðir ríkisins séu undanþegnir ákvæðum samningsins um lánastofnanir. Allar aðrar lánastofnanir hér á landi falla hins vegar undir ákvæði hans.

4. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um starfsemi lánastofnana, annarra en viðskiptabanka og sparisjóða.

Hugtakið lánastofnun er skilgreint þannig í 2. gr. frumvarpsins: „Með lánastofnun er í lögum þessum átt við félög eða stofnanir sem hafa það að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér, eða hafa heimild í lögum eða samþykktum til þess að afla sér, í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, sbr. þó 9. gr." Í 9. gr. er tekið fram að eignarleigufyrirtæki falli í öllum tilvikum undir ákvæði frumvarpsins, óháð því hvernig þau afla fjár til starfsemi þeirra. Þótti þetta nauðsynlegt þar sem nú þegar eru í gildi lög um eignarleigustarfsemi sem taka til allra eignarleigufyrirtækja hér á landi, en í frumvarpi þessu er lagt til að þau falli úr gildi.

Í skilgreiningunni á lánastofnun felst að til lánastofnana teljast öll félög og stofnanir hér á landi sem hafa heimild í lögum eða samþykktum til að veita lán í eigin nafni og afla til þess fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Þetta þýðir með öðrum orðum að félög og stofnanir, sem annaðhvort hafa ekki heimild til lántöku og fjármagna starfsemi sína t.d. með framlögum í fjárlögum og ávöxtun eigin fjár eða hafa einungis heimild til að taka lán hjá öðrum lánastofnunum, falla utan skilgreiningarinnar. Þetta á þó ekki við um eignarleigufyrirtæki eins og þegar hefur verið rakið.

Í frumvarpinu er lagt til að um stofnun, stjórnun, starfsemi, eigið fé, ársreikning, endurskoðun, slit, samruna, starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi og innlendra stofnana erlendis og eftirlit með starfsemi lánastofnana gildi sömu ákvæði og fram koma í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, sem samþykkt voru á 116. löggjafarþingi og tóku gildi 1. júlí 1993. Er í frumvarpinu farin sú leið að nefna helstu ákvæði á hverju fyrrgreindra sviða en vísa að öðru leyti til viðkomandi kafla í lögunum um viðskiptabanka og sparisjóði. Var þessi leið valin með hliðsjón af því að samkvæmt ákvæðum EES-samnings-

ins eiga að gilda sömu reglur um starfsemi allra lánastofnana hvort sem um er að ræða viðskiptabanka og sparisjóði eða aðrar lánastofnanir.

Í frumvarpinu er lagt til að lánastofnanir verði einungis stofnaðar sem hlutafélög. Ákvæði þetta tekur eingöngu til lánastofnana sem stofnaðar eru eftir gildistöku laganna og kemur ekki í veg fyrir að starfandi lánastofnanir sem lúta öðru félagsformi, geti starfað áfram. Kveðið er á um þetta í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis I. Veittur er frestur til 1. janúar 1995 til að aðlaga starfsemi starfandi lánastofnun að ákvæðum laganna og er það í samræmi við þann aðlögunarfrest sem Íslandi er heimill á þessu sviði samkvæmt EES-samningnum. Þó gildir sú regla um aðlögunarfrestinn að hlutaðeigandi stofnun er óheimilt að opna útibú eða veita þjónustu sína í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í sumum tilvikum kann sú leið að verða farin vegna eðlis hlutaðeigandi lánastofnunar að breyta lögum um eða samþykktum fyrir hana á þann veg að hún falli utan gildissviðs laganna. Lánasjóður íslenskra námsmanna og Bjargráðasjóður eru ágæt dæmi um lánastofnanir þar sem þetta gæti komið til álita. Báðir þessir sjóðir sinna samfélagslegum verkefnum og afla sér ekki fjár á almennum markaði þrátt fyrir lagaheimild þar að lútandi.

Í frumvarpinu kemur fram að viðskiptaráðherra fari með framkvæmd laganna. Í þessu felst að hann fer með málefni er lúta almennt að starfsemi þeirra stofnana sem fjallað er um í frumvarpinu, svo sem leyfisveitingar, eigið fé, ársreikning, endurskoðun og eftirlit. Er það talið eðlilegt þar sem viðskiptaráðherra fer þegar með málefni annarra stofnana á innlendum fjármagns- og lánamarkaði, svo sem Seðlabanka Íslands, viðskiptabanka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja, verðbréfasjóða og eignarleiga. Í þessu felst hins vegar ekki að viðskiptaráðherra taki við málefnum einstakra lánastofnana af öðrum ráðherrum þegar um er að ræða lánasjóði í eigu ríkissjóðs, t.d. eins og Fiskveiðasjóð Íslands og Landflutningasjóð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum eru tvær greinar, 1. og 2. gr., og í þeim er gildissvið frumvarpsins ákveðið. Það tekur til lánastofnana, annarra en viðskiptabanka og sparisjóða. Um er að ræða félög og stofnanir sem veita lán í eigin nafni og afla sér í því sambandi fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Með vísun til 9. gr. er þó gerð sú undantekning að ein tegund lánastofnana, þ.e. eignarleigufyrirtæki, fellur ávallt undir gildissvið frumvarpsins óháð því hvernig fjármögnun þeirra er háttað. Skilgreininguna ber að túlka þannig að undir hana falli allar stofnanir og félög sem hafa til þess heimild í lögum og samþykktum að afla sér fjár með þeim hætti sem tilgreindur er í skilgreiningunni, þó svo að þær nýti sér ekki og hafi jafnvel aldrei nýtt sér þá heimild heldur afli fjár með öðrum hætti, t.d. framlögum úr ríkissjóði, tekjum af mörkuðum tekjustofni eða beinum lántökum hjá ríkissjóð eða öðrum stofnunum og félögum.

Í lokamálsgrein 2. gr. er tekið fram til að taka af allan vafa að lánastofnunum er óheimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Er það í samræmi við einkarétt til þeirrar starfsemi sem viðskiptabönkum og sparisjóðum er veittur í lögum um þær stofnanir.

Um II. kafla.

Í kaflanum eru fjórar greinar, 3.–6. gr. Í þeim er kveðið á um stofnun og starfsleyfi lánastofnana. Fyrirmyndin að greinunum er sótt til laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Í frumvarpi til þeirra laga var að finna ítarlegar athugasemdir við hliðstæðar greinar.

Lagt er til að lánastofnanir verði einungis stofnaðar sem hlutafélög. Er það í samræmi við þróun síðustu ára en þegar sett hafa verið almenn lög um nýjar stofnanir á fjármagnsmarkaði hefur sú leið verið farin að krefjast þess að þær væru stofnaðar sem hlutafélög. Nægir í því sambandi að nefna verðbréfafyrirtæki og eignarleigur. Þá má benda á áform ríkisstjórnarinnar um að breyta ríkisviðskiptabönkunum tveimur í hlutafélagsbanka.

Í ákvæðum kaflans felst ekki að skylt sé að breyta starfandi lánastofnunum ríkisins í hlutafélög, sbr. einnig 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis I. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að þeim verði breytt í hlutafélög.

Í 5. gr. er kveðið á um lágmarkshlutafé í lánastofnun, bæði við stofnun og ávallt síðar. Lagt er til að það verði 400 milljónir króna og að fjárhæðin breytist í samræmi við breytingar á kaupgengi ecu frá útgáfudegi laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Er þetta gert til að tryggja fullkomið samræmi milli þessara laga. Er þessi lágmarksfjárhæð í samræmi við ákvæði í reglum Evrópubandalagsins á þessu sviði sem er 5 milljónir ecu.

Í reglum Evrópubandalagsins er stjórnvöldum heimilað að lækka fyrrnefnda lágmarksfjárhæð fyrir tilteknar tegundir lánastofnana en þó aldrei niður fyrir 1 milljón ecu. Í 2. mgr. 5. gr. er lagt til að þessi heimild verði nýtt og lágmarkshlutafé eignarleigufyrirtækja ákveðið 80 milljónir króna. Er þetta einkum gert í ljósi ákvæða í 8. gr. frumvarpsins um að meginstarfsemi eignarleigufyrirtækja sé takmörkuð við eignarleigu. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum núgildandi laga nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi, en í þeim er kveðið á um 10 milljóna króna hlutafé.

Í lokagrein kaflans er kveðið á um að um stofnun lánastofnunar fari að öðru leyti eftir ákvæðum um stofnun hlutafélagsbanka í II. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Í frumvarpi til þeirra laga var að finna ítarlegar athugasemdir við þær greinar sem lúta að stofnun hlutafélagsbanka og vísast til þeirra um frekari skýringar á ákvæðum kaflans.

Um III. kafla.

Í kaflanum eru þrjár greinar, 7.–9. gr. Í 7. gr. er fjallað um stjórnun, í 8. gr. almennt um starfsemi lánastofnana og í 9. gr. um starfsemi eignarleigufyrirtækja sem er ein tegund lánastofnana.

Um 7. gr.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um að hlutahafafundur fari með æðsta vald í málefnum lánastofnunar samkvæmt því sem lög og samþykktir stofnunarinnar ákveða. Er það í samræmi við ákvæði laga um hlutverk hluthafafunda. Jafnframt er tilgreint að stjórn stofnunarinnar skuli kjörin af hluthöfum á aðalfundi, að hún fari með málefni félagsins milli hluthafafunda og að hún skuli skipuð þremur mönnum hið fæsta. Í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði er gert ráð fyrir að stjórn hlutafélagsbanka (bankaráð) sé skipuð fimm mönnum hið fæsta. Í lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 9/1993, er gert ráð fyrir að stjórnarmenn verðbréfafyrirtækis séu að minnsta kosti þrír.

Í 3. mgr. er kveðið á um ráðningu framkvæmdastjóra og á þetta ákvæði að sjálfsögðu bæði við um nýjar stofnanir sem stofnaðar verða á grundvelli laganna og starfandi lánastofnanir.

Loks er í 4. mgr. tekið fram að um stjórnendur og stjórnun lánastofnunar gildi að öðru leyti sameiginleg ákvæði um stjórn ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka og sparisjóða í IV. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Í þeim kafla er m.a. að finna ákvæði um búsetu- og hæfisskilyrði daglegs stjórnanda. Hann skal vera fjárráða, hafa óflekkað mannorð

og aldrei hafa verið sviptur búi sínu. Þá skal menntun hans eða starfsreynsla og starfsferill vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti sinnt störfum sínum á forsvaranlegan hátt. Þá er daglegum stjórnanda óheimilt að sitja í stjórn annarrar lánastofnunar. Í kaflanum er einnig kveðið á um helstu verkefni stjórnar, fundi stjórnar og lögmæti þeirra. Einnig er þar að finna bann við setu daglegs stjórnanda í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan eigin stofnunar eða þátttöku í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um að um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem hlutaðeigandi stofnun á aðild að. Loks er í kaflanum kveðið á um þagnarskyldu stjórnenda og starfsmanna.

Um 8. gr.

Í greininni kemur fram í hverju starfsemi lánastofnunar felst. Eins og þegar hefur komið fram felst hún í því að veita lán í eigin nafni og afla sér í því sambandi fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Henni er einnig heimilt að veita þjónustu sem er í eðlilegum tengslum við slíka lánastarfsemi. Starfssvið lánastofnana er í greininni sundurliðað í þrettán þætti. Þar er um að ræða sömu þætti og teljast til starfssviðs viðskiptabanka og sparisjóða. Eini munurinn á starfssviði þessara stofnana er sá að viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að taka við innlánum frá almenningi en öðrum lánastofnunum ekki. Að öðru leyti getur starfsemi þeirra verið sú sama. Af liðunum þrettán má ráða að lánastofnanir geta verið alhliða fjármálastofnanir og veitt fjölbreytilega þjónustu, mun fjölbreyttari en allir starfandi lánasjóðir hér á landi geta samkvæmt gildandi lögum.

Í lokamálslið 1. mgr. er tekið fram að um verðbréfaviðskipti lánastofnana gildi eftir því sem við getur átt ákvæði laga um verðbréfaviðskipti. Í þeim eru m.a. ákvæði um tryggingarskyldu verðbréfamiðlara og verðbréfafyrirtækja og innherjaviðskipti og ákveðnar hæfiskröfur gerðar til verðbréfamiðlara og framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækja. Þykir eðlilegt að ákvæði af þessu tagi nái til verðbréfaviðskipta lánastofnana og fyrirsvarsmanna slíkra viðskipta innan lánastofnana.

Í 2. mgr. er lagt til að lánastofnunum verði heimilað að stunda vátryggingastarfsemi en einungis með stofnun dótturfyrirtækis. Er þetta í samræmi við þróun víða erlendis þar sem skilin milli hefðbundinnar fjármálaþjónustu og tryggingastarfsemi hafa verið að hverfa. Endurspeglast þetta í reglum Evrópubandalagsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að lánastofnanir geti stundað aðra starfsemi en þá sem um ræðir í 1. mgr. enda sé þar um að ræða hliðarstarfsemi í eðlilegum tengslum við meginstarfsemi þeirra. Megintilgangurinn með ákvæði af þessu tagi er sá að auðvelda lánastofnunum að laga sig að breyttum markaðsaðstæðum og breyttum kröfum eða þörfum viðskipamanna sinna. Tekið er fram að samþykki bankaeftirlitsins þurfi til þessarar starfsemi og að bankaeftirlitið geti jafnframt ákveðið að hún skuli stunduð í sérstöku félagi.

Loks er í greininni tekið fram að um starfsemi lánastofnana fari að öðru leyti eftir ákvæðum V. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Undanskilin eru að sjálfsögðu ákvæði þess kafla um innlánsreikninga og innlánsskilríki. Í kaflanum koma m.a. fram ákvæði um yfirtöku eigna, heimild til að stunda tímabundið aðra starfsemi en meginstarfsemi hlutaðeigandi stofnunar, heimild til að eignast eða taka að veði eignarhluti í einstökum fyrirtækjum sem ekki teljast til lánastofnana, veitingu lána og ábyrgða til daglegra stjórnenda hlutaðeigandi stofnana, hámark á verðmæti fasteigna og hluta í félögum um fasteignir og bann við samráði við ákvörðun um vexti og þjónustugjöld. Í frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði voru ítarlegar athugasemdir um öll þessi atriði.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um eignarleigufyrirtæki en þau eru ein tegund lánastofnana. Ólíkt öðrum lánastofnunum, sem falla undir gildissvið frumvarpsins eru þegar í gildi almenn lög um starfsemi eignarleigufyrirtækja, lög nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi. Í þeim er eignarleiga skilgreind með sama hætti og í þessari grein. Jafnframt eru í þeim lögum skilgreiningar um mismunandi flokka eignarleigu og þau atriði sem fjallað skal um í eignarleigusamningum. Ákvæði af því tagi þóttu nauðsynleg þegar lögin voru sett á sínum tíma og þessi starfsemi að festast í sessi hér á landi. Síðan hefur hún verið í nokkuð föstum skorðum og ekki eins mikil nauðsyn á að lögbinda ákvæði af þessu tagi. Því er lagt til að ráðherra geti að tillögu bankaeftirlitsins sett reglur um þessi atriði. Í lögunum frá 1989 eru jafnframt ákvæði um stofnun eignarleigufyrirtækja og lágmarkshlutafé. Um þessi atriði er fjallað í II. kafla frumvarpsins.

Um IV. kafla.

Í kaflanum eru þrjár greinar, 10.–12. gr. Í þeim er fjallað um eigið fé lánastofnana, ársreikning, endurskoðun, samstæðureikningsskil, slit og samruna við aðrar stofnanir. Lagt er til að nákvæmlega sömu ákvæði gildi um þessi atriði og í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Í frumvarpi til þeirra laga var að finna ítarlegar athugasemdir við þær greinar sem um þessi atriði fjalla. Í 10. gr. er tekið fram að ákvæði laga um laust fé viðskiptabanka og sparisjóða gildi ekki um aðrar lánastofnanir heldur fari þar samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands. Í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands, sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi, eru ákvæði sem heimila Seðlabankanum að setja reglur um laust fé lánastofnana. Í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lánastofnana. Eðlilegt má telja að aðrar reglur gildi um viðskiptabanka og sparisjóði sem geta þurft að mæta óvæntum úttektum innlánsfjár en aðrar lánastofnanir sem ekki hafa heimild til að taka við innlánum.

Um V. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi og innlendra stofnana erlendis. Í kaflanum eru tvær greinar, 13. og 14. gr.

Innan Evrópska efnahagssvæðisins munu gilda meginreglurnar tvær um starfsemi lánastofnana utan heimaríkis:

1. Starfsleyfi, sem gefið er út í heimaríki stofnunarinnar, gildir einnig í öðrum ríkjum innan svæðisins. Á grundvelli þess er stofnun heimilt að opna útibú utan heimaríkisins eða veita þjónustu þar án þess að opna útibú. Stofnun þarf hins vegar að tilkynna eftirlitsaðila í heimaríki sínu um þessa fyrirætlan. Þegar um er að ræða opnum útibús tilkynnir eftirlitsaðilinn þessa fyrirætlan til eftirlitsaðila í gistiríkinu. Eftirlitsaðilinn í heimaríkinu getur hafnað að tilkynna um stofnun útibús til fyrirhugaðs gistiríkis ef hann hefur ástæðu til að ætla að stjórnunarleg uppbygging og fjárhagsstaða hlutaðeigandi stofnunar sé nægilega traust til að réttlæta stofnun útibús.
2. Eftirlit með starfsemi stofnunar, þar með talið útibúa í öðrum ríkjum, er í höndum eftirlitsaðila í heimaríki stofnunarinnar.

Um fyrri atriðið er fjallað í 13. og 14. gr. frumvarpsins og jafnframt vísað til ákvæða XI. og XII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga var gerð ítarleg grein fyrir þeim ákvæðum sem fjalla um starfsemi erlendra stofnana hér á landi og innlendra stofnana erlendis.

Um VI. kafla.

Í kaflanum eru fjórar greinar, 15.–18. gr. Ákvæði kaflans er samhljóða ákvæðum í hliðstæðum kafla í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Í frumvarpi til þeirra laga voru ítarlegar athugasemdir við ákvæði kaflans.

Um VII. kafla.

Í kaflanum eru ýmis ákvæði í sjö greinum, 19.–24. gr.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við heimildir í tilskipun Evrópubandalagsins á þessu sviði. Með 1. mgr. er tekið tillit til þeirra stofnana sem þegar eru starfandi við gildistöku laganna en uppfylla ekki lágmarkskröfur 1. eða 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, enda er það ekki ætlunin að þvinga minni stofnanir til að hætta starfsemi sinni. Viðmiðun ákvæðisins er eigið fé hlutaðeigandi stofnunar og er ekki ætlast til að það fari niður fyrir þau mörk síðar. Lækki eigið fé frá því sem mælt er fyrir um í ákvæðinu er bankaeftirlitinu heimilt, en ekki skylt, að veita hæfilegan frest til úrbóta. Dugi slíkur frestur ekki skal slíta hlutaðeigandi stofnun.

Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ákvæði um samruna stofnana í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði gildi einnig um lánastofnanir. Af því leiðir að ákvæði 73. gr. þeirra laga, þar sem kveðið er á um lágmark eigin fjár við samruna tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða, á einnig við um aðrar lánastofnanir. Í henni kemur fram að eigið fé eftir samruna má ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi stofnana á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarksfjárhæðinni, sem tilskilin er við stofnun nýrrar stofnunar, ekki verið náð.

Um 20. gr.

Í IX. viðauka við EES-samninginn er kveðið á um að byggingarsjóðir ríkisins á Íslandi séu undanþegnir ákvæðum fyrstu og annarrar tilskipunar ráðsins um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um stofnun og rekstur lánastofnana. Undanþágan var fengin á þeirri forsendu að um væri að ræða opinbera lánasjóði sem gegndu ákveðnu samfélagslegu hlutverki en ólíkt ýmsum öðrum sjóðum af svipuðu tagi hér á landi afla þeir verulegs fjármagns á almennum markaði með útgáfu skuldabréfa. Því er í þessari grein lagt til að Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verði undanþegnir ákvæðum frumvarpsins.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Eðlilegt þykir að hlutaðeigandi lánastofnun greiði þann kostnað sem hlýst af birtingu tilkynninga samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Hér er lagt til að við gildistöku laganna falli úr gildi lög nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi, enda er kveðið á um starfsemi eignarleigufyrirtækja í frumvarpi þessu.

Þá er lagt til að ýmsar breytingar verði gerðar á lögum um Verslunarlánasjóð og Stofnlánadeild samvinnufélaga. Sá fyrrnefndi var lengst af starfræktur sem sérsök deild innan Verslunarbanka Íslands hf., síðan sem sjálfstæður sjóður eftir að Verslunarbankinn sameinaðist öðrum bönkum í Íslandsbanka hf. og loks sem sjálfstæð deild innan Íslandsbanka hf. eftir að bankinn keypti sjóðinn í desember 1991 af Eignarhaldsfélagi Verslunarbankans hf. Stofnlánadeild samvinnufélaga var lengst af starfrækt sem sérstök deild innan Samvinnubanka Íslands hf. Sjóðurinn komst í eigu Landsbanka Íslands eftir að hann eignaðist Samvinnubankann árið 1990. Uppi hafa verið hugmyndir um að stofna sérstakt félag um rekstur Verslunarlánasjóðs og hætta starfsemi Stofnlánasjóðs samvinnufélaga en þeim hefur ekki verið hrint í framkvæmd. Því er hér lagt til að ákvæði gildandi laga um sjóðina verði rýmkuð þannig að starfssvið þeirra verði ekki lengur bundið við ákveðin svið atvinnulífsins, annars vegar verslun og hins vegar samvinnufyrirtæki. Jafnframt er lagt til að niður falli ýmis úrelt ákvæði er lúta að starfsemi þeirra og atriði sem kveðið er á um með almennum hætti í frumvarpi þessu.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt ákvæðinu er starfandi lánastofnunum, þar með töldum eignarleigufyrirtækjum, gefinn frestur til 1. janúar 1995 til að aðlaga starfsemi sína ákvæðum frumvarpsins. Þetta gildir um allar lánastofnanir sem falla undir skilgreiningu frumvarpsins og gildir þá einu hvort um þær gilda nú sérstök lög, eins og um lánasjóði í eigu ríkisins, eða ekki. Rétt er að undirstrika að ekki er sjálfgefið að allar starfandi lánastofnanir eigi að hafa heimild til að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings og falla þar með undir gildissvið frumvarpsins. Dæmi um stofnanir, sem ýmis rök mæla með að falli utan gildissviðs laganna vegna eðlis starfsemi þeirra, eru Bjargráðasjóður, Byggðastofnun, Hafnabótasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Orkusjóður. Í stað þess að stofnanirnar hafi heimild til að gefa út skuldabréf á almennum markaði gæti verið eðlilegra að eigandi þeirra útvegaði þeim sjálfur fjármagn í fjárlögum eða með endurlánum eða að þær tækju einungis lán hjá öðrum lánastofnunum. Þetta verður að vega og meta fyrir hverja lánastofnun.

Í IX. viðauka við EES-samninginn er Íslandi veittur aðlögunarfrestur til 1. janúar 1995 að fyrstu og annarri tilskipun ráðsins um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um stofnun og rekstur lánastofnana. Í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I er lagt til að fresturinn verði nýttur að fullu. Í samræmi við ákvæði í IX. viðauka við EES-samninginn er íslenskum lánastofnunum óheimilt að starfa í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins þar til starfsemi þeirra hefur verið aðlöguð ákvæðum frumvarpsins.

Í 2. mgr. er tekið fram í því skyni að taka af allan vafa að ekki sé skylt að breyta lánastofnun sem starfandi er við gildistöku laganna í hlutafélag. Með ákvæðinu er þó alls ekki girt fyrir þann möguleika að starfandi lánastofnun verði breytt í hlutafélag.

Á yfirstandandi þingi verður lagt fram að nýju frumvarp til laga um Íslenska fjárfestingarbankann hf. sem lagt var fram til kynningar á 116. löggjafarþingi. Í því er kveðið á um stofnun hlutafélags um rekstur Iðnlánasjóðs og samruna Iðnþróunarsjóðs við bankann eftir að sá síðarnefndi kemst að fullu í eigu íslenska ríkisins. Ákvæði frumvarpsins um Íslenska fjárfestingarbankann hf. eru í fullu samræmi við ákvæði þessa frumvarps.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Iðnþróunarsjóður er í eigu ríkissjóða Norðurlandanna. Á undanförnum árum hefur stofnframlag annarra Norðurlanda verið endurgreitt samkvæmt ákvæði í stofnsamningi. Endurgreiðslum lýkur á árinu 1995 og þá kemst sjóðurinn alfarið í eigu Íslendinga. Á síðasta ári var kannað hvort ríkisstjórnir annarra Norðurlanda hefðu áhuga á að breyta stofnsamningnum til að afnema ríkisábyrgð á sjóðnum. Svo reyndist ekki vera, fyrst og fremst vegna þess hversu þungt það er í vöfum að breyta samningi af þessu tagi en það krefst staðfestingar allra þjóðþinganna fimm. Í ljósi þess hversu stutt er þangað til sjóðurinn kemst í eigu Íslendinga þótti ekki taka því. Því er lagt til að ákvæði frumvarps þessa gildi ekki um stjórnun og starfsemi Iðnþróunarsjóðs að því marki sem þau kunna að brjóta í bága við ákvæði stofnsamningsins. Hins vegar gilda að sjálfsögðu önnur ákvæði frumvarpsins, svo sem um eiginfjárhlutfall, ársreikning, endurskoðun og eftirlit, um sjóðinn.

Með frumvarpi til laga um Íslenska fjárfestingarbankann hf. sem lagt var fram til kynningar á 116. löggjafarþingi og verður endurflutt á yfirstandandi þingi er gert ráð fyrir að bankinn annist rekstur Iðnþróunarsjóðs þar til sjóðurinn kemst að fullu í eigu íslenska ríkisins. Eftir það er gert ráð fyrir að Iðnþróunarsjóður sameinist bankanum. Ákvæði frumvarpsins um Íslenska fjárfestingarbankann hf. eru í fullu samræmi við ákvæði þessa frumvarps.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að setja heildstæða löggjöf er nær til allra lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða. Lánastofnun er skilgreind sem félag eða stofnun sem lánar í eigin nafni og aflar sér fjár með skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, sjá 2. gr. Lánastofnun er óheimilt að taka við innlánum frá almenningi þannig að skýr aðskilnaður er í þessu tilliti milli banka og lánastofnana.

Með frumvarpinu er þar með náð til starfsemi fjárfestingarlánasjóða, eignarleigufyrirtækja og ýmissa annarra lánastofnana. Skilgreining á hugtakinu lánastofnun nær ekki til lífeyrissjóða þar sem þeir afla sér ekki lánsfjár með útgáfu skuldabréfa. Enn fremur nær það ekki til verðbréfasjóða en um þá gilda sérstök lög.

Ljóst er að allir lánasjóðir í eigu ríkisins eða með aðild þess munu falla undir lög þessi að undanskildum Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna skv. 20. gr. og Iðnþróunarsjóði til ársloka 1995 samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II. Samkvæmt 5. gr. verður lánastofnun ekki stofnuð með lægra hlutafé en 400 m.kr. Í skýringum við 5. gr. er þess getið að ekki teljist skylt að breyta starfandi lánastofnunum ríkisins í hlutafélög en hins vegar sé ekkert því til fyrirstöðu samhliða því sem lögum um þá er breytt. Í 19. gr. er starfandi lánastofnunum við gildistöku laganna með eigið fé lægra en það hlutafé sem mælt er fyrir um í 5. gr. heimilað að halda áfram starfsemi sinni enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laganna. Í ákvæði til bráðabirgða I er kveðið svo á að í síðasta lagi fyrir árslok 1994 skuli lánastofnanir sem falla undir skilgreiningu frumvarpsins aðlaga starfsemi sína á þann veg að þær samræmist ákvæðum frumvarpsins.

Í 10. gr. segir að eigið fé lánastofnunar skuli á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni. Athugun á reikningum Byggðastofnunar (án atvinnutryggingardeildar sem er með neikvæðan höfuðstól), Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins við árslok 1992 sýnir að allir sjóðirnir geta mætt þessari kröfu. Engin sérstök athugun fór fram á hvort mat á eignum viðkomandi sjóða væri rétt og var stuðst við yfirlýsingar og áritun viðkomandi endurskoðenda sjóðanna og Ríkisendurskoðunar.

Telja verður að samþykkt frumvarpsins muni ekki hafa annan kostnaðarauka í för með sér en þann sem leiðir af aukinni starfsemi bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem falið er það hlutverk að hafa eftirlit með viðkomandi lánasjóðum en það hlutverk er ekki á vegum eftirlitsins nú. Mun þessi aukning á skyldum þess ásamt öðrum skyldum sem bætt hefur verið á það með öðrum nýjum lögum verða til þess að starfsfólki við eftirlitið fjölgar en á móti mun störfum fækka í öðrum deildum Seðlabankans þar sem starfsemi hefur dregist saman.

Frumvarp þetta var flutt á 116. þingi og varð þá ekki útrætt. Það er nú endurflutt með minni háttar breytingum. Ekki er talið að þær breytingar hafi sérstakan kostnaðarauka í för með sér.

145. Frumvarp til laga [132. mál]

um breytingu á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt nánari ákvæðum í lögum um rétt til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands.

   Viðskiptaráðherra getur með úrskurði skyldað fyrirtæki sem hefur að hluta eða öllu leyti verið keypt af öðrum aðilum en þeim er greinir í 1. mgr. þessa töluliðar til að losa sig við fjárfestingu í fiskiskipi. Hafi fyrirtæki ekki orðið við skyldu sinni innan mánaðar frá því úrskurðurinn er sannanlega kynntur forráðamanni þess getur ráðherra krafist nauðungarsölu á skipinu eða eignarhluta fyrirtækisins í því án undangengins dóms eða aðfarar. Skal farið með beiðni um nauðungarsöluna eftir almennum reglum að öðru leyti en því að ekki er þörf sérstakra áskorana gagnvart fyrirtækinu til undirbúnings henni.

2. Íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi en með vinnslu sjávarafurða er hér átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

   Viðskiptaráðherra getur með úrskurði skyldað fyrirtæki sem hefur að hluta eða öllu leyti verið keypt af öðrum aðilum en þeim er greinir í 1. mgr. þessa töluliðar til að losa sig við fjárfestingu í vinnslu sjávarafurða. Hafi fyrirtæki ekki orðið við skyldu sinni innan mánaðar frá því úrskurðurinn er sannanlega kynntur forráðamanni þess getur ráðherra krafist nauðungarsölu á þeim eignum sem fjárfest hefur verið í án undangenginns dóms eða aðfarar. Skal farið með beiðni um nauðungarsöluna eftir almennum reglum að öðru leyti en því að ekki er þörf sérstakra áskorana gagnvart fyrirtækinu til undirbúnings henni.
3. Íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til eigin heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu.

   Frá og með 1. janúar 1996 skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar með heimili annars staðar á svæðinu hafa sama rétt til fjárfestingar á þessu sviði og íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar.
4. Erlendir aðilar mega eiga 25% hlutafjár í íslenskum viðskiptabanka. Frá og með 1. janúar 1996 fellur ákvæði þessa töluliðar úr gildi.
5. Fjárfesting erlends ríkis, sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds í atvinnurekstri hér á landi er óheimil, nema með leyfi viðskiptaráðherra.
6. Erlendum aðila er heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

   Ef erlendur aðili sem veðhafi eignast fasteign hér á landi við útgáfu uppboðsafsals eða með samningum til lúkningar veðskuld og veðhafinn hefur eigi eignarhaldsrétt samkvæmt lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna skal hann selja eignina svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að eignin komst í hans eigu. Sama gildir um erlendan veðhafa sem eignast á sama hátt eignarréttindi sem honum eru óheimil samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Ný grein bætist við og verður 5. gr. laganna. Tölusetning annarra greina breytist samkvæmt því. Greinin orðist svo:

Nú vill erlendur aðili reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og skal þá svo með fara:

1. Sé um að ræða einstakling sem búsettur er erlendis skal honum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki eða taka þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð hér á landi nema með leyfi viðskiptaráðherra enda sé lögheimili hér á landi

ekki óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eða veiting undanþágu frá lögheimilisskilyrði falin öðrum. Ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.

2. Um rétt hlutafélags, sem á heimili erlendis, til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.
3. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum, sem heimili eiga erlendis, leyfi til að starfa hér á landi enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. 2. tölul. þessarar greinar. Útibú slíks lögaðila skal skráð í firmaskrá á heimilisvarnarþingi útibúsins. Lögaðilar með heimili í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.

4. gr.

Orðið „gjaldeyriseftirliti“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur niður.
Í stað „gjaldeyriseftirlitinu“ í 4. málsl. 5. gr. laganna kemur: bankanum.
Orðið „Gjaldeyriseftirlit“ í 3. mgr. 5. gr. laganna fellur niður.
Orðið „gjaldeyriseftirliti“ í 1. málsl. 6. gr. laganna fellur niður.

5. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Í innlendum atvinnufyrirtækjum skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna vera búsettir hér á landi óháð eignarhluta, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Þetta gildir þó ekki um ríkisborgara aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Viðskiptaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja undanþágu frá þessu ákvæði.

7. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Nú telur viðskiptaráðherra að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði og getur hann þá stöðvað viðkomandi fjárfestingu enda kunngjöri hann þá slíka ákvörðun innan átta vikna frá því að Seðlabanka Íslands berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 6. gr.

Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal vera viðskiptaráðherra til ráðuneytis um beitingu öryggisákvæðis skv. 1. mgr. og skal hún kölluð saman þegar ráðherra hyggst beita þessu ákvæði. Jafnframt skal nefndin fylgjast með að ákvæðum 4. gr. um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sé framfylgt.

Viðskiptaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra, einn samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra og einn samkvæmt tilnefningu utanríkisráðherra. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Viðskiptaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Viðskiptaráðherra skal á fyrri hluta hvers árs flytja Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um fjárfestingu erlendra aðila og heildarfjárfestingu eftir atvinnugreinum og beitingu öryggisákvæðis skv. 1. mgr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til að laga reglur um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi að ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Jafnframt eru lagðar til nokkrar aðrar breytingar á lögunum í átt til aukins frjálsræðis á þessu sviði. Frumvarpið var flutt á 116. löggjafarþingi en varð ekki útrætt.

Samkvæmt ákvæðum EES-samningsins skal aðilum í einu ríki innan EES vera heimilt án takmarkana að fjárfesta í atvinnurekstri í öðru ríki á svæðinu. Í XII. viðauka með samningnum er Íslandi veitt heimild til að viðhalda ótímabundið gildandi banni við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Jafnframt er stjórnvöldum samkvæmt samningnum heimilt að krefjast þess að fyrirtæki losi sig við fjárfestingu í fiskveiðum eða fiskvinnslu ef þau komast að öllu leyti eða að hluta til í eigu erlendra aðila. Þá er Íslandi veittur frestur til 1. janúar 1996 til að laga gildandi reglur um fjárfestingu erlendra aðila í öðrum atvinnugreinum að ákvæðum samningsins.

Um breytingar á einstökum ákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að gagnkvæmnisskilyrðið í niðurlagi 3. gr. laganna, „ ... enda njóti íslenskir aðilar ekki lakari réttar til fjárfestingar í heimaríki hlutaðeigandi aðila“, verði fellt brott. Ólíklegt verður að telja að fjárfesting erlends aðila á Íslandi verði nokkru sinni svo mikið hagsmunamál í heimaríki hans að stjórnvöld þar breyti eigin reglum um fjárfestingu erlendra aðila til að veita Íslendingum sama rétt þar í landi og þegnar viðkomandi ríkis njóta á Íslandi. Af þeim sökum leiðir gagnkvæmnisskilyrði af þessu tagi ekki til annars en að útiloka erlenda aðila frá ríkjum þar sem Íslendingar njóta lakari réttar en viðkomandi aðilar hér á landi frá því að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Vandséð er að slíkt þjóni hagsmunum íslensks atvinnulífs sem lengstum hefur átt við skort á áhættufjármagni að glíma.

Um 2. gr.

Í 4. gr. laganna koma fram takmarkanir sem gilda um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Þær eru nú þessar: Bann við fjárfestingu í félögum sem stunda fiskveiðar, frumvinnslu sjávarafurða, orkuvinnslu og orkudreifingu, 49% hámark á eignarhluta erlendra aðila í félagi sem stunda flugrekstur, 25% hámark á eignarhluta erlendra aðila í hlutafélags-

banka, bann við fjárfestingu erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis, 200 milljóna króna hámark á árlegri fjárfestingu eins erlends aðila eða fjárhagslega tengdra erlendra aðila og 25% hámark á heildarfjárfestingu erlendra aðila af áætlaðri fjárfestingu í tilteknum atvinnugreinum.

Í 1. og 2. tölul. er lagt til að áfram gildi algert bann við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Orðalag er óbreytt frá gildandi lagaákvæðum. Þó er ekki lengur vísað til númers laga um rétt til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13/1992, heldur einungis heitis þeirra. Lagt er til að tveir nýir málsliðir bætist bæði við 1. og 2. tölul. Er það í samræmi við ákvæði í XII. viðauka við EES-samninginn. Í þessum nýju málsliðum er kveðið á um að viðskiptaráðherra geti kveðið upp úrskurð um að lögaðili sem að hluta til eða öllu leyti hefur verið keyptur af erlendum aðila skuli losa sig við fjárfestingu á sviði fiskveiða eða fiskvinnslu. Ráðherra er jafnframt veitt heimild til að fylgja slíkum úrskurði eftir með beiðni um nauðungarsölu á skipi, eignarhluta aðilans í skipi eða öðrum eignum sem óheimil fjárfesting tekur til ef mánuður er liðinn frá því úrskurðurinn er kynntur forráðamanni hans án þess að lögaðilinn hafi orðið við skyldu sinni. Er gert ráð fyrir að nauðungarsalan fari eftir almennum reglum laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu, að öðru leyti en því að ráðherra þyrfti ekki að beina sérstakri tilkynningu til lögaðilans til að undirbúa aðgerðir við nauðungarsöluna. Miðað er við að ef lögaðilinn ætti aðeins hlut í eigninni á móti öðrum yrði litið á beiðnina sem kröfu um nauðungarsölu til slita á sameign, sbr. 8. gr. fyrrnefndra laga. Þar með er stjórnvöldum gert auðveldara að framfylgja fjárfestingarbanninu en samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Slíkur úrskurður yrði kveðinn upp ef viðkomandi aðili færi ekki að áskorun um að losa sig við óheimilan hlut í fiskveiðum eða vinnslu sjávarafurða. Í ákvæði til bráðabirgða í lögunum um fjárfestingu erlendra aðila er tekið fram að takmarkanir laganna nái ekki til fjárfestingu erlends aðila sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku þeirra, þ.e. 25. mars 1991. Það er því ljóst að ákvæði frumvarpsins um úrskurð ráðherra verður einungis beitt ef bein eða óbein eignaraðild erlends aðila í innlendum sjávarútvegsfyrirtækjum hefur skapast eftir 25. mars 1991.

Í 3. tölul. koma fram sömu hömlur á möguleikum erlendra aðila til að eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita og hlut í fyrirtækjum á sviði orkuvinnslu og orkudreifingu og í núgildandi lagaákvæðum. Samkvæmt ákvæðum í XII. viðauka við EES-samninginn gildir engin undanþága fyrir Ísland um fjárfestingu á þessum sviðum. Því er lagt til að nýr málsliður bætist við þennan tölulið. Í honum er kveðið á um að frá og með 1. janúar 1996 njóti ríkisborgarar og lögaðilar frá hinum EES-ríkjunum sama réttar til fjárfestingar á þessu sviði og íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar.

Í 4. tölul. kemur fram sama takmörkun á eignarhluta erlendra aðila í innlendum viðskiptabönkum og í núgildandi lagaákvæði. Samkvæmt ákvæðum í XII. viðauka við EES-samninginn gildir engin undanþága fyrir Ísland um fjárfestingu á þessu sviði. Því er lagt til að ákvæði þessa töluliðar falli úr gildi 1. janúar 1996. Það leiðir til þess að ríkisborgarar og lögaðilar frá ríkjum utan EES munu í framtíðinni njóta sama réttar til fjárfestingar á þessu sviði og aðilar í EES-ríkjum. Það er gert vegna þess að engin sérstök rök mæla með því að sérreglur gildi á þessu sviði fyrir aðila í EES- ríkjunum. Þá er lagt til að fellt verði brott núgildandi ákvæði um að frá og með 1. janúar 1992 geti erlendir hlutafélagsbankar opnað útibú hér á landi enda ákvæðið óþarft eftir að lögum um Seðlabanka Íslands var breytt í þá veru á 115. löggjafarþingi 1991–92 og ný lög um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 43/1993, tóku gildi 1. júlí 1993.

Í 5. tölul. kemur fram svipað bann við fjárfestingum erlends stjórnvalds hér á landi og í núgildandi lagaákvæði. Þó er lagt til að reglur hér á landi verði samræmdar reglum í flestum öðrum iðnríkjum þannig að ákvæðið taki aðeins til fjárfestingar erlends stjórnvalds en ekki einnig fjárfestingar fyrirtækis í eigu erlends stjórnvalds. Einnig er lagt til að ákvæðið verði víðtækara en nú er og nái ekki aðeins til fjárfestingar erlends ríkis heldur einnig til fjárfestingar erlends sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds.

Síðasti töluliður 1. mgr. er nánast óbreyttur frá gildandi lagaákvæði. Lagt er til að orðalagi verði breytt þannig að ekki verði vísað til númers laganna um eignarrétt og afnotarétt fasteigna heldur einingis til heitis þeirra.

Í þeirri breytingu sem hér er lögð til á 4. gr. laganna um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri felst að fellt verður brott skilyrði 7. tölul. núgildandi 4. gr. laganna um leyfisveitingu ráðherra fari erlend fjárfesting fram úr 250 milljón króna fjárhæðamarkinu eða sé umfram 25% af heildarfjárfestingu í tilgreindum atvinnugreinum. Í ljósi reynslunnar verður ekki séð að ástæða sé að lögbinda ákvæði af þessu tagi. Fjárfesting erlendra aðila hér á landi hefur yfirleitt verið langt undir þessum mörkum. Þá gegna almennt öryggisákvæði og ákvæði samkeppnislaga svipuðu hlutverki og ákvæði af þessu tagi er ætlað að gegna. Jafnframt fellur úr gildi takmörkun í 4. tölul. núgildandi 4. gr. um að samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem stunda flugrekstur hér á landi, megi á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að núgildandi 8. tölul. 4. gr. laganna verði gerður að sérstakri grein enda er í honum ekki fjallað um takmarkanir á fjárfestingu heldur hvernig með skuli farið þegar erlendur aðili vill reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni. Bent skal sérstaklega á að með orðunum „reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni“ og „starfa hér á landi“ er í greininni átt við starfsemi með fastri starfsstöð hér á landi og skráningu í firmaskrá en ekki það að veita þjónustu hér á landi frá starfsstöð erlendis.

Í samræmi við ákvæði EES-samningsins um frelsi til að stunda starfsemi hvar sem er innan EES er tekið fram að ríkisborgarar í aðildarríkjum á svæðinu og lögaðilar sem heimili eiga þar séu undanþegnir ákvæðum greinarinnar.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að tilvísanir til ákveðinnar deildar Seðlabankans, þ.e. gjaldeyriseftirlitsins, verði felldar brott og eftir standi tilvísanir til bankans. Eftir því sem gjaldeyrisreglur eru rýmkaðar fækkar hefðbundnum störfum þessarar deildir. Víða erlendis hefur frjálsræðisþróun í gjaldeyrismálum leitt til þess að hliðstæðar deildir hafa verið lagðar niður eða sameinaðar öðrum. Svo kann einnig að fara hér á landi og því er lagt til að ekki verði vísað til deildarinnar í lögum.

Um 5. gr.

Í lögunum um fjárfestingu erlendra aðila er kveðið á um að Seðlabanki Íslands skuli á fyrri hluta árs birta opinberlega upplýsingar um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan ásamt upplýsingum um heildarfjárfestingu erlendra aðila eftir atvinnugreinum. Þessari lagaskyldu hefur verið fullnægt með sérstakri umfjöllun um fjárfestingu erlendra aðila í ársskýrslu Seðlabankans. Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að nefnd sem viðskiptaráðherra skipar komi í stað nefndar um erlenda fjárfestingu sem Alþingi kýs.

Á móti er lagt til að viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um erlenda fjárfestingu á fyrri hluta hvers árs. Því er hér lagt til að ákvæði gildandi laga um að Seðlabankinn birti þessar upplýsingar falli brott.

Um 6. gr.

Lagt er til að síðasti málsliður núgildandi 8. gr. laganna verði felldur brott og í staðinn komi tveir nýir málsliðir. Í þeim fyrri eru ríkisborgarar í ríkjum innan EES undanþegnir búsetuskilyrði greinarinnar. Er það í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Í þeim síðari er viðskiptaráðherra heimilað að undanþiggja ríkisborga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins búsetuskilyrðinu. Er það í samræmi við núgildandi lagaákvæði.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á núgildandi 10. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að öryggisákvæðinu verði breytt þannig að frumkvæði að beitingu þess verði í höndum viðskiptaráðherra en ekki nefndar um erlenda fjárfestingu eins og nú gildir. Jafnframt er lagt til að orðalagi öryggisákvæðisins verði breytt á þann veg að felld verði brott heimild til að stöðva tiltekna erlenda fjárfestingu ef talið er að hún skerði verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein. Í samkeppnislögum nr. 8/1993, sem tóku gildi 1. mars 1993, er að finna almennar lagaheimildir um hvernig skuli bregðast við skertri samkeppni vegna yfirtöku eða samruna fyrirtækja hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda aðila. Orðalag öryggisákvæðisins tekur mið af orðalagi í 33. gr. EES-samningsins og orðalagi í samþykkt OECD um afnám hafta á fjármagnshreyfingum.

Í 2. og 3. mgr. er kveðið á um nefnd um erlenda fjárfestingu. Samkvæmt núgildandi ákvæðum 1. mgr. 10. gr. laganna skal sérstök þingkjörin fimm manna nefnd vera viðskiptaráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar samkvæmt lögunum og hafa ákveðið frumkvæði við beitingu öryggisákvæðis greinarinnar. Í frumvarpi þessu er lagt til að reglur um fjárfestingu erlendra aðila verði gerðar frjálslegri en áður með því að fella niður fjárhæðarmörk og hlutfallslegt hámark á erlendri fjárfestingu án þess að til komi leyfi viðskiptaráðherra. Verði frumvarpið að lögum verður ekki um leyfisveitingar að ræða á sviði erlendra fjárfestingar í atvinnurekstri. Því er sjálfgefið að hlutverki nefndarinnar á því sviði ljúki. Hins vegar er lagt til að nefnd um erlenda fjárfestingu verði viðskiptaráðherra til ráðuneytis um beitingu öryggisákvæðisins að hún fylgist með því að ákvæði laganna um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri séu virt. Jafnframt er lagt til að sú breyting verði gerð á skipan nefndarinnar að hún verði ekki kosin á Alþingi heldur skipuð af viðskiptaráðherra. Fjórir nefndarmenn skulu tilnefndir af forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra en einn skipaður án tilnefningar.

Í 4. mgr. er lagt til að viðskiptaráðherra flytji Alþingi á fyrri hluta hvers árs skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Svo sem fram kemur í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins er í gildandi lögum kveðið á um að Seðlabankinn sinni þessari upplýsingaskyldu. Þar sem í frumvarpinu er lagt til að þingkjörin nefnd um erlenda fjárfestingu verði lögð niður þykir rétt að leggja jafnframt til að ráðherra geri Alþingi árlega grein fyrir þessum málaflokki.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þar sem mikilvægt er að innlendir og erlendir aðilar geti með auðveldum hætti gert sér grein fyrir þeim lagaákvæðum sem gilda um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri er lagt til að lögin verði gefin út að nýju eftir að þeim hefur verið breytt eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991.

Með frumvarpi þessu eru nokkur af þeim ákvæðum endurskoðuð sem sett voru í upphaflegum lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991. Þau lög gerbyltu fyrri lögum um þessi efni, en þá mátti finna ákvæði í ýmsum lögum er takmörkuðu eða nánast útilokuðu fjárfestingu erlendra aðila í íslensku atvinnulífi.

Frumvarp þetta, verði það að lögum, mun styrkja aðstöðu íslenskra stjórnvalda til að hafa stjórn á erlendri fjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Í tilfellum þar sem erlendur aðili hefur komist yfir fiskiskip, fyrirtæki í sjávarútvegi eða fasteign í bága við lög, er viðskiptaráðherra nú gert kleift að knýja umræddan aðila til að losa sig við viðkomandi fjárfestingu. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir þeirri breytingu að bann við fjárfestingum í orkubúskap og í innlendum viðskiptabönkum muni ekki gilda gagnvart aðilum frá hinum EES-ríkjunum frá ársbyrjun 1996. Er það í samræmi við EES-samning.

Kostnaður ríkissjóðs af því að frumvarp þetta verði að lögum verður að teljast óverulegur. Eftirlit með erlendum fjárfestingum verður að hluta til hjá Seðlabanka Íslands þar sem það er nú en það kemur í hlut Samkeppnisstofnunar að líta eftir markaðsáhrifum erlendra fjárfesta. Í heild má ætla að samþykkt frumvarpsins muni hafa jákvæð áhrif á ríkissjóð að svo miklu marki sem erlend fjárfesting getur aukist og rennt auknum stoðum undir íslenskt atvinnulíf.

146. Lög [88. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. okt.)

Samhljóða þskj. 91.

147. Lög [116. mál]

um breyting á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, nr. 54/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 26. okt.)

Samhljóða þskj. 121.

148. Fyrirspurn [133. mál]

til félagsmálaráðherra um sameiningu barnaverndarnefnda.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hve margar barnaverndarnefndir hafa verið sameinaðar skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, og á hvaða svæðum eru þær nefndir?

149. Fyrirspurn [134. mál]

til félagsmálaráðherra um barnaverndarnefndir í fámennum sveitarfélögum.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hve mörg sveitarfélög með 500 íbúa eða færri eru með sérstaka barnaverndarnefnd? Hefur verið þrýst á þessi sveitarfélög að starfrækja barnaverndarnefndir í samvinnu við önnur sveitarfélög, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992?

150. Fyrirspurn [135. mál]

til félagsmálaráðherra um faglega ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hve margar barnaverndarnefndir hafa sérmenntað starfsfólk í þjónustu sinni, sbr. 7. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992?
2. Hve margar barnaverndarnefndir hafa aðgang að þjónustu sérmenntaðs starfsfólks í samstarfi fleiri en eins sveitarfélags?
3. Hve margar barnaverndarnefndir hafa ekki aðgang að þjónustu sérmenntaðs starfsfólks?
4. Hvers konar ráðgjöf býður félagsmálaráðuneytið barnaverndarnefndum sveitarfélaga, sbr. 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna?

151. Fyrirspurn [136. mál]

til félagsmálaráðherra um starfsmenn félagsmálaráðuneytisins í barnaverndarmálum.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hve margir starfa sérstaklega að barnaverndarmálum í félagsmálaráðuneytinu, sbr. 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992? Hvaða fagmenntun hafa þeir starfsmenn?
2. Eru gerðar svipaðar faglegar kröfur til starfsmanna ráðuneytisins í barnaverndarmálum og annars staðar á Norðurlöndum, t.d. í Noregi?

152. Fyrirspurn [137. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um heilsutjón vegna háspennuvirkja.

Frá Þuríði Backman.

Munu íslensk stjórnvöld beita sér fyrir aðgerðum í ljósi niðurstöðu nýjustu rannsókna sem benda til þess að segulsvið frá háspennulínu geti valdið krabbameini?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í ljósi niðurstöðu nýjustu rannsókna á þessu sviði ætla Svíar að banna byggingu háspennulína of nærri heimilum, skólum og barnaheimilum þar sem sannað sé ótvírætt samband milli segulsviðs frá háspennurafmagni og sérstakrar tegundar krabbameins hjá börnum.

Minnt er á fyrispurn Hjörleifs Guttormssonar um sama efni á þskj. 139 á 116. löggjafarþingi.

153. Frumvarp til laga [138. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 32/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Í stað „200 eða fleiri“ í 3. málsl. 18. gr. laganna kemur: 75 eða fleiri.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Stjórn hlutafélags skal kosin á hluthafafundi og skulu allir stjórnarmenn kosnir á sama fundi.

b. Í stað „200 eða fleiri“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: 75 eða fleiri.

3. gr.

1. málsl. 1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo: Í hlutafélögum, þar sem hlutafé er að minnsta kosti tífalt hærra en lágmark þeirrar fjárhæðar sem þarf til að stofna hlutafélag, sbr. 1. gr., eða hafa fleiri en 25 starfsmenn (ársmenn) eða þar sem skuldir og bundið eigið fé nemur að minnsta kosti hundrað sinnum hærri fjárhæð en þeirri sem þarf til að stofna hlutafélag, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

4. gr.

Við 93. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Stjórn hlutafélags skal senda þeim hluthöfum er þess óska ársreikning og ársskýrslu stjórnar innan sex mánaða frá lokum reikningsársins.

5. gr.

2. málsl. 2. mgr. 145. gr. laganna orðast svo: Skylt er að veita aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, sbr. 19. og 20. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Greinargerð.

Frumvarp þetta lögðu flutningsmenn fram á síðasta þingi en það varð ekki útrætt og er nú endurflutt með lítils háttar breytingum til samræmis við ábendingar sem fram komu í umsögnum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 32/1978, sem miða að því að auka trú almennings á hlutafélögum sem fjárfestingarkosti og stuðla þannig að auknum áhrifum og aðhaldi almennings á rekstur fyrirtækja. Þá er það ekki síður nauðsynlegt að fyrirtæki geti styrkt eiginfjárstöðu sína með auknu hlutafé, en eins og kunnugt er hefur skortur á eigin fé verið eitt alvarlegasta vandamál hlutafélaga, t.d. í sjávarútvegi. Fyrirtækin hafa í of ríkum mæli fjármagnað rekstur eða fjárfestingu með lánsfé sem hefur leitt til mikils vaxtakostnaðar.

Eiginfjáraukning minnkar þann kostnað, dregur úr lánsfjáreftirspurn og stuðlar þar með að almennri vaxtalækkun í þjóðfélaginu auk þess sem vaxandi aðhald almennings og áhrif stuðla að skynsamlegri stjórnun fyrirtækja.

Alþingi hefur með samþykkt viljayfirlýsingar í formi þingsályktunartillögu um yfirtökutilboð tekið skref til að styrkja stöðu almenningshlutafélaga með því að viðskiptaráðherra er falið að semja lagafrumvarp sem tryggja á rétt minni hluta í hlutafélagi.

Þykir flutningsmönnum rétt að stíga frekari skref með því að leggja til:
— að gerðar verði frekari kröfur en nú er um hömlulaus viðskipti með hlutabréf,
— að stjórn hlutafélags verði öll kosin á sama hluthafafundi og víxlkosning afnumin,
— að það verði viðtækari skylda en nú er að hlutafélag hafi löggiltan endurskoðanda,
— að stjórn hlutafélags verði gert skylt að senda þeim hluthöfum, er þess óska, ársreikning og ársskýrslu stjórnar innan sex mánaða frá lokum reikningsárs,
— að almenningi verði heimill aðgangur hjá hlutafélagaskrá að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að eigi megi leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf ef hluthafar eru 75 eða fleiri, en samkvæmt núgildandi lögum er miðað við 200 hluthafa eða fleiri. Þykir rétt að færa þessi mörk niður til þess að opna fleiri fyrirtæki fyrir almenningi en nú er.

Um 2. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 47. gr. laganna. Annars vegar er gert skylt að kjósa alla stjórnarmenn á sama hluthafafundi og hins vegar eru rýmkuð þau mörk, sem nú eru, til þess að krefjast margfeldiskosningar eða hlutfallskosningar.

Báðar tillögurnar miða að því að tryggja rétt minni hluta í hlutafélögum og eru mörkin í síðari tillögunni til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hertar eru kröfur til hlutafélaga um að hafa löggiltan endurskoðanda. Lækkuð eru þau mörk í 82. gr. laganna sem leiða til skyldu hlutafélaga að hafa löggiltan endurskoðanda.

Í stað þess að nú er miðað við að hlutafé sé a.m.k. fimmtánfalt hærra en það lágmark sem þarf til að stofna hlutafélag eða starfsmenn (ársmenn) séu 100 eða fleiri eða að skuldir og bundið eigið fé nemi a.m.k. tvö hundruð sinnum hærri fjárhæð en þarf til að stofna hlutafélag verði miðað við að hlutafé sé a.m.k. tífalt hærra en það lágmark sem þarf til að stofna hlutafélag eða starfsmenn (ársmenn) séu 25 eða fleiri eða að skuldir og bundið eigið fé sé a.m.k. hundrað sinnum hærri fjárhæð en þarf til þess að stofna hlutafélag.

Auk þess er rétt að vekja athygli á því að ákvæði 1. gr. frumvarpsins leiðir sjálfkrafa til kröfu um löggiltan endurskoðanda, sbr. 2. mgr. 82. gr. laganna, hjá þeim fyrirtækjum sem verður skylt að aflétta hömlum á meðferð hlutabréfa.

Um 4. gr.

Lagt er til það nýmæli að skylda stjórn hlutafélags til þess að senda þeim hluthöfum er þess óska ársreikning og ársskýrslu stjórnar. Með þessari tillögu er miðað að því að auka upplýsingastreymi til hluthafa.

Um 5. gr.

Hér er lögð til sú breyting að skylt verði að veita almenningi aðgang hjá hlutafélagaskrá að ársreikningum hlutafélaga sem ekki leggja hömlur á meðferð hlutabréfa, en samkvæmt lagagreininni er einungis um heimildarákvæði að ræða til ráðherra. Markmiðið er augljóst, aukið upplýsingastreymi til almennings.

Rétt er að geta þess að fram kom í greinargerð með frumvarpi á þskj. 121, sem lagt var fram í neðri deild á 111. löggjafarþingi 1988 og síðar varð að lögum, að sambærileg ákvæði voru þá í erlendri löggjöf. Þar kom m.a. fram að í Noregi, Svíþjóð og Danmörku er öllum hlutafélögum skylt að afhenda sérstakri miðstöð eintak af ársreikningi sem almenningur á ótakmarkaðan aðgang að. Í Noregi getur þó konungur veitt vissum hlutafélögum undanþágu frá þeirri kvöð að ársreikningur skuli vera almenningi til sýnis.

Í Bretlandi gildir sú almenna regla að hlutafélög skuli senda til hlutafélagaskrár eintak af endurskoðuðum ársreikningi og ársskýrslu stjórnar og er öllum heimill aðgangur að innsendum upplýsingum. Þó eru gerðar vissar undantekningar varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki. Fram kemur í greinargerðinni einnig að í mörgum öðrum ríkjum eru í lögum ákvæði um upplýsingagjöf og opinberun ársreikninga en gerður er munur á þessum kröfum bæði eftir stærð og gerð hlutafélags. Að öðru leyti vísast til tilvitnaðrar greinargerðar.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi um þarnæstu áramót þannig að hlutafélög fái tíma til þess að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum.

Fylgiskjal.

UMSAGNIR UM FRUMVARPIÐ Á 116. LÖGGJAFARÞINGI

Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.
(14. apríl 1993.)

Með bréfi dags. 2. apríl sl. sendi efnahags- og viðskiptanefnd samtökunum til umsagnar frumvarp til laga um hlutafélög, 332. mál.

Samtökin eru fyrir sitt leyti sammála efni frumvarps þessa.

Umsögn Neytendasamtakanna.
(4. maí 1993.)

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi við frumvarpið.

Umsögn Verslunarráðs Íslands.
(15. apríl 1993.)

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að láta í ljós álit sitt á fram komnu frumvarpi um breytingu á hlutafélagalögum.

Í upphafi vill Verslunarráð benda á að þörf er á endurskoðun hlutafélagalöggjafarinnar, m.a. vegna skuldbindinga vegna samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Telur Verslunarráð réttast að breytingartillögur þessar yrðu skoðaðar samhliða slíkri endurskoðun.

Um einstakar greinar vill Verslunarráð taka fram eftirfarandi:

Um 1. gr.

Verslunarráð Íslands bendir á að hlutafélög eru frjáls félög manna um atvinnustarfsemi, reist á samkomulagi þeirra í millum. Ef það er vilji stofnenda hlutafélags að hafa hömlur á meðferð hluta ætti slíkt að vera þeim heimilt, a.m.k. að vissu marki. Telja verður breytingu þá, sem hér er lögð til, vera of mikla og væri réttara að miða við 100 hluthafa.

Um 2. gr.

Verslunarráð ítrekar það sem sagði í upphafi umsagnar um 1. gr. um eðli hlutafélaga. Verslunarráð telur réttast að um fyrirkomulag stjórnarkjörs séu ákvæði í samþykktum einstakra félaga. Verslunarráð bendir á að með tillögunni er einnig verið að útiloka að aðilar, sem ekki eru hluthafar (t.d. starfsmannafélög), geti tilnefnt menn í stjórnina. Engar skýringar er að finna á þessu í greinargerð. Verslunarráð telur rétt að slík tilnefningarheimild sé fyrir hendi í lögum.

Um 3. gr.

Engar athugasemdir.

Um 4. gr.

Verslunarráð styður tillöguna en bendir á að í stórum félögum getur kostnaður við slíkar sendingar orðið töluverður. Ráðið leggur því til að við málsgreinina bætist ný setning sem hljóði svo:

„Félaginu er heimilt að krefja hluthafa um sendingarkostnað."

Um 5. gr.

Verslunarráð styður tillöguna.

Umsögn álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda.

(27. apríl 1993.)

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) hefur í samræmi við samþykktir FLE falið álitsnefnd félagsins að fjalla um frumvarpið. Í eftirfarandi umsögn er málið aðallega skoðað með tilliti til endurskoðunar og stöðu og hlutverks löggiltra endurskoðenda.

Vísað er til einstakra greina frumvarpsins í eftirfarandi umsögn nefndarinnar:

Um 1. gr.

Álitsnefnd telur að ekki sé óeðlilegt að huga að því að lækka mörk um fjölda hluthafa í hlutafélögum þar sem ekki má leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf. Hins vegar er það álit nefndarinnar að mörkin „25" í stað „200" feli í sér of stórt stökk og skerðingu á frelsi minni hópa til félagsstofnunar í eigin þágu.

Um 2. gr.

Álitsnefnd telur að skoða þurfi vel að hve miklu leyti ákvæði þessarar frumvarpsgreinar tryggi rétt minni hluta hluthafa við stjórnarkjör í hlutafélagi. Nefndin er ekki reiðubúin að leggja mat á það að svo stöddu.

Um 3. gr.

Álitsnefnd telur vel koma til álita að gera breytingu á núgildandi hlutafélagalögum í þá veru að herða kröfur um raunverulega endurskoðun hlutafélaga. Félagsform, sem byggir á takmarkaðri ábyrgð eigenda, hlýtur að leiða af sér kröfur af hálfu samfélagsins og löggjafarvaldsins um eftirlit og endurskoðun reikningsskila, svo að viðunandi traust geti ríkt í viðskiptum. Að vísu hvílir endurskoðunarskylda á öllum hlutafélögum, smáum sem stórum, samkvæmt ákvæðum 80. og 81. gr. hlutafélagalaga, nr. 32/1978, en hins vegar er ekki gerð krafa um að fagmenn, þ.e. löggiltir endurskoðendur, endurskoði hlutafélög undir tilteknum stærðarmörkum, sbr. 82. gr. hlutafélagalaganna. Eins og oftsinnis áður vill álitsnefnd FLE vekja athygli á því hversu óeðlilegt það er að gera sömu kröfur til endurskoðenda í hlutafélögum, hvort sem þeir eru leikmenn eða fagmenn, sbr. m.a. 1. mgr. 86. gr. laga nr. 32/1978.

Álitsnefnd lýsir sig jákvæða gagnvart þeim hugmyndum sem fram koma í 3. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Álitsnefnd FLE lýsir sig fylgjandi ákvæðum þessarar frumvarpsgreinar.

Um 5. gr.

Álitsnefnd FLE lýsir sig fylgjandi ákvæðum þessarar frumvarpsgreinar.

Um 6. gr.

Engar athugasemdir eða ábendingar.

154. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um nýtingu síldarstofna.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Steingrímur J. Sigfússon, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að móta stefnu um nýtingu síldarstofna við Ísland.

Nefndin skal gera tillögur sem miða að því að auka nýtingu síldar til manneldis og nýta betur þá möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í veiðum og vinnslu síldar.

Greinargerð.

Síldin hefur um langa hríð verið einn af mikilvægustu fiskstofnunum við landið og stundum ráðið úrslitum fyrir afkomu þjóðarinnar.

Síldveiðar eru nú um stundir ekki miklar en þó fer langstærsti hluti þeirrar síldar, sem leyft er að veiða, til mjölvinnslu. Mikil vinnslugeta liggur nú ónýtt í lokuðum verksmiðjum og vinnslustöðvum sem eru einungis nýttar að hluta. Því væri mögulegt að auka framleiðslu síldarafurða mjög mikið og með litlum fyrirvara.

Þeir aðilar, sem unnið hafa síld til manneldis, hafa kvartað undan því að þeir fái ekki nægilegt hráefni á stundum til að vinna upp í þá samninga sem fyrir hendi eru. Taka þarf því til athugunar hvort leyfa eigi frjálsar veiðar, jafnvel allt árið, til vinnslu til manneldis og nota innan lands.

Í ljósi reynslunnar af hömlulausum síldveiðum fyrri ára og affalla við stjórn á nýtingu annarra fiskstofna hlýtur að þurfa að taka til sérstakrar skoðunar hvaða veiðiaðferðir og veiðarfæri beri að leyfa við síldveiðar með það fyrir augum að trufla sem minnst hegðun síldarinnar, m.a. á hrygningarstöðvum.

Þá ber að taka til athugunar hvort gefa eigi út sérstök leyfi til skipa sem hyggjast vinna síld til manneldis á hafi úti.

Rússar hafa verið stærstu kaupendur okkar á síldarafurðum. Þeir hafa ítrekað óskað eftir því að fá að kaupa síld beint af veiðiskipum. Þeir hafa m.a. boðist til að greiða síldina með heilfrystum þorski úr Barentshafi. Vitað er að þeir hafa gert samning á undanförnum árum við t.d. Íra, Breta og Kanadamenn um slík viðskipti þar sem þeir hafa jafnframt skuldbundið sig til að kaupa jafnmikið magn unninna síldarafurða og þeir fá að kaupa beint af veiðiskipum. Neysla síldar er mikil í Rússlandi og full ástæða til að endurskoða þessi viðskipti nú. Þá þarf að leita leiða til að auka sölu frystrar stórsíldar sem hátt verð hefur fengist fyrir á Japansmarkaði.

Nefndin þarf að taka til sérstakrar athugunar hvernig megi undirbúa mikla framleiðsluaukningu á síldarafurðum sem verður ef þær spár rætast að norsk-íslenski síldarstofninn nái þeirri stærð að hann fari á ný að ganga á miðin við Ísland.

Öll vinna nefndarinnar, sem hér er lagt til að verði sett á stofn, hlýtur að hafa það að markmiði að nýta þá fjölmörgu möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í nýtingu síldarstofnanna við Ísland.

Fylgiskjal.

UPPLÝSINGAR FRÁ SÍLDARÚTVEGSNEFND

Síldarveiðar og vinnsla fiskveiðiárið 1992–93.

Veiðar

Um næstu mánaðarmót lýkur síldarvertíð yfirstandandi fiskveiðiárs. Leyfilegur heildarafli fyrir vertíðina var ákveðinn 110.000 lestir en vegna heimilda til flutnings aflaheimilda á milli ára nema samanlagðar aflaheimildir af síld 120.000 lestum á verðtíðinni. Þann 13. febrúar hafði verið landað rúmlega 106 þús. lestum af síld. Verði allar aflaheimildir nýttar er því mögulegt að veiða rúmlega 13 þús. lestir til viðbótar.

Alls hafa 46 skip tekið þátt í síldveiðunum að þessu sinni en 85 skip höfðu aflahlutdeild af síld við upphaf vertíðarinnar. Sé litið nánar á þessa skiptingu þá höfðu 78 bátar og 7 loðnuskip aflahlutdeild af síld við upphaf vertíðar. Einungis 15 bátar hafa tekið þátt í veiðunum. Öðru máli gegnir um loðnuskipin því alls hafa 31 loðnuskip tekið þátt í veiðunum. Nánari grein er gerð fyrir skiptingu síldaraflans á milli báta og loðnuskipa í töflu 1.

TAFLA 1 Skipting aflaheimilda af síld milli báta og loðnuskipa

	Aflamark 1. sept.	Hlutfall	Milli skipa	Afla-heimild	Hlutfall	Afli 13. feb.	Hlutfall
Bátar	101.460	92,24%	-78502	31.667	24,46%	18.066	17,01%
Loðnuskip	8.540	7,76%	78.624	88.018	73,54%	88.116	82,99%
Samtals	110.000	100%	122	119.685	100%	106.182	100%

Meðalafli þeirra báta sem tóku þátt í síldveiðunum er um 1.200 lestir á bát en meðalafli loðnuskipanna um 2.800 lestir. Afli flestra loðnuskipanna var á bilinu 2.000 til 3.000 lestir en nokkur skip skáru sig þó úr með mun meiri afla. Þannig veiddu t.d. tvö loðnuskip meira en 8.000 lestir.

Vinnsla

Samkvæmt áætlunum söluaðila sem gerðar voru fyrir yfirstandandi vertíð var gert ráð fyrir að u.þ.b. 25 þús. lestir af síld færu til frystingar og a.m.k. 15.000 lestir til söltunar eða samtals um 40.000 lestir til manneldisvinnslu. Ekki liggja fyrir opinberar upplýsingar um ráðstöfun síldaraflans á verðtíðinni milli einstakra verkunargreina. Samkvæmt lauslegu mati er þó áætlað að skipting síldaraflans milli einstakra verkunargreina hafi verði sem hér segir:

TAFLA 2 Áætluð skipting síldaraflans milli vinnslugreina

	Áætlun fyrir upphaf síldarvertíðar	Áætlun við lok síldarvertíðar	Frávik
Söltun	15.000	12.000	-3.000
Frysting	25.000	16.000	-9.000
Bræðsla og annað	70.000	78.000	8.000
Samtals	110.000	106.000	-4.000

Þar sem mjög er liðið á vertíðina og svo til allir bátar hættir veiðum er útlit fyrir að um 12.000 lestir vanti til að áætlanir söluaðila um sölu á manneldissíld nái fram að ganga.

Í meðfylgjandi greinargerð sem unnin er af Þjóðhagsstofnun er meðal annars fjallað um efnahagsleg áhrif þess að ráðstafa síld í mismunandi verkunargreinar. Sé einungis litið á það vinnsluvirði sem fæst út úr mismunandi verkunargreinum þá verður útkoman eftirfarandi: Mest vinnsluvirði fæst við að ráðstafa síldinni til heilfrystingar fyrir Asíumarkað og þar næst til söltunar flaka. Minnst vinnsluvirði fæst hins vegar þegar síldin er brædd. Marga fyrirvara verður þó að setja við slíka útreikninga. Í fyrsta lagi er byggt á áætluðum gögnum. Í öðru lagi eru markaðir takmarkaðir og því ekki hægt að ganga út frá því að hægt sé að ráðstafa öllum aflanum í tiltekna vinnslu. Í þriðja lagi verður að hafa almennan fyrirvara á vinnsluvirðisútreikningum vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir um mögulegt aðra ráðstöfun á framleiðsluþáttunum. Vinnsluvirðisútreikningar fyrir útgerðina er mun vandasamari en fyrir vinnsluna. Það stafar annars vegar af því að erfitt er að fá tölur um afkomu í síldarútgerð og hins vegar að því að veiðarnar eru stopular sem veldur mikilli óvissu við mat á kostnaði.

Atriði sem taka þarf afstöðu til

Vegna yfirstandandi vertíðar þarf að taka afstöðu til þess hvort rök séu fyrir því að framlengja síldarvertíðina.

Vegna næstu síldarvertíðar þarf að taka afstöðu til þess hvort beyta eigi stjórnvaldsaðgerðum í því skyni að hafa áhrif á að stærri hluti síldaraflans verði ráðstafað til manneldis. Þyki slíkt æskilegt koma ýmsar leiðir til greina:

1. *Takmörkun á framsli aflamarks og aflahlutdeildar frá bátum til loðnuskipa.*
2. *Krafa um að útbúnaður verði í öllu skipum sem stunda síldveiðar til að skila hluta aflans til manneldisvinnslu.*
3. *Að skilyrði verði sett um að tilteknum hluta aflans verði ráðstafað til manneldisvinnslu.*

Auk þess þarf að ræða um þá reynslu sem fengist hefur af síldveiðum í flottroll og hvort ráðlegt sé að heimila t.d. togurum síldveiðar en ráðuneytinu hafa borist fyrirspurnir þess efnis að undanförnu.

Ráðstöfun síldaraflans á vertíðunum 1975 til 1992–93.

	Til frystingar		Til söltunar		Til bræðslu		Annað		Samtals	
Vertíðir	Tonn	%	Tonn	%	Tonn	%	Tonn	%	Tonn	%
75/76	1.507	11,43	11.626	88,20	49	0,37	0	0,00	13.182	100,00
76/77	1.901	11,06	14.924	86,79	154	0,90	216	1,26	17.195	100,00
77/78	6.362	22,00	21.907	75,76	325	1,12	321	1,11	28.915	100,00
78/79	8.021	21,48	27.720	74,25	592	1,59	1.002	2,68	37.335	100,00
79/80	17.041	37,88	25.891	57,56	461	1,02	1.590	3,53	44.983	100,00
80/81	14.015	25,96	36.694	67,97	302	0,56	2.976	5,51	53.987	100,00
81/82	14.113	36,22	24.245	62,22	506	1,30	104	0,27	38.968	100,00
82/83	23.905	42,21	31.328	55,32	1.401	2,47	1	0,00	56.635	100,00
83/84	22.086	37,67	34.376	58,64	2.163	3,69	2	0,00	58.627	100,00
84/85	13.195	26,59	35.181	70,89	1.253	2,52	0	0,00	49.629	100,00
85/86	15.564	31,51	32.861	66,54	958	1,94	4	0,01	49.387	100,00
86/87	17.311	26,40	35.584	54,27	12.633	19,27	42	0,06	65.570	100,00
87/88	18.086	22,73	35.741	44,92	25.747	32,36	0	0,00	79.574	100,00
88/89	26.462	29,53	37.010	41,30	25.470	28,42	667	0,74	89.609	100,00
89/90	24.272	25,01	37.350	38,49	33.530	34,55	1.886	1,94	97.038	100,00
90/91	29.706	29,60	22.892	22,81	45.022	44,85	2.754	2,74	100.374	100,00
91/92	21.515	21,65	19.709	19,83	58.061	58,42	92	0,09	99.377	100,00
92/93	18.644	17,65	10.930	10,35	76.024	71,97	32	0,03	105.630	100,00

Heildarafli síldveiðiþjóða 1991.
(Í tonnum.)

		Atlantshaf	Kyrrahaf	Samtals 1991
1.	Kanada	214.924	39.738	254.662
2.	Sovétríkin	118.984	98.326	217.310
3.	Noregur	200.393	0	200.393
4.	Danmörk	145.693	0	145.693
5.	Svíðþjóð	132.226	0	132.226
6.	Bandaríkin	60.884	55.856	116.740
7.	Bretland	109.470	0	109.470
8.	Holland	85.435	0	85.435
9.	Ísland	78.146	0	78.146
10.	Þýskaland	64.983	0	64.983
11.	Finnland	51.546	0	51.546
12.	Írland	49.971	0	49.971
13.	Pólland	45.991	0	45.991
14.	Færeyjar	15.963	0	15.963
15.	Japan	64	13.837	13.901
16.	Frakkland	6.929	0	6.929
17.	Kórea	0	5.001	5.001
18.	Kína	0	2.472	2.472
19.	Búlgaría	561	0	561
20.	Kúba	338	0	338
21.	Belgía	163	0	163
22.	Portúgal	8	0	8
	Samtals	1.382.672	215.230	1.597.902

Samtals	1990	1.737.161
"	1989	1.824.037
"	1988	1.991.000
"	1987	1.940.000
"	1986	1.859.000
"	1985	1.724.000
"	1984	1.451.000
"	1983	1.416.000
"	1982	1.208.000
"	1981	1.178.000

155. Frumvarp til laga [140. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. tölul. 3. mgr. C-liðar 69. gr. laganna orðast svo: Vaxtagjöld af lánum annarra íbúða, sem framteljandi kann að eiga, mynda ekki stofn til vaxtabóta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 á tekjur ársins 1993 og eignir í lok þess árs.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að íbúðareigendur geti fengið vaxtabætur þótt þeir búi ekki í þeirri íbúð um einhvern tíma sem keypt var til eigin nota og jafnframt kveðið skýrt á um að vaxtabætur eru aðeins greiddar með einni íbúð, þeirri sem ætluð er til eigin nota.

Í ákvæðum núgildandi laga um vaxtabætur er íbúðarhúsnæði til eigin nota skilgreint þannig að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda sjálfum. Það hefur í för með sér að íbúðareigandi missir vaxtabætur þann tíma sem hann af einhverjum ástæðum dvelst ekki í íbúðinni og á ekki heimili þar og jafnvel leigir hana út.

Margvíslegar ástæður geta valdið því að íbúðareigandi dvelst ekki í eigin íbúð. Hann getur ákveðið að sækja atvinnu í önnur byggðarlög, verið í námi eða þurft vegna veikinda að flytja heimili sitt þangað sem nauðsynlega læknisþjónustu er að fá, svo fátt eitt sé nefnt.

Flutningsmanni þykir ekki rétt að íbúðareigandi missi rétt til vaxtabóta við það eitt að búa ekki sjálfur í íbúðinni hvort heldur það er um lengri eða skemmri tíma og er því lagt til að brott falli ákvæði síðasta málsliðar 1. tölul. 3. mgr. C-liðar 69. gr. sem skilgreinir íbúðarhúsnæði til eigin nota þannig „að átt er við að húsnæðið sé nýtt af eiganda þess sjálfum".

Við þessa breytingu verða vaxtagjöld, sem vaxtabætur miðast við, ákvörðuð á sama hátt og frádráttarbær vaxtagjöld voru í gildistíð vaxtafrádráttar hjá einstaklingum þar sem skilgreiningunni á íbúðarhúsnæði til eigin nota er breytt til samræmis við það sem gilti fyrir gildistöku laga, nr. 79/1989, um vaxtabætur.

Vegna þeirrar breytingar, sem að framan er rakin á hugtakinu íbúðarhúsnæði til eigin nota, er nauðsynlegt að setja ákvæði sem tekur af öll tvímæli um það að íbúðareigandi getur ekki fengið vaxtabætur með fleiri en einni íbúð og er því lagt til að málsliðurinn orðist svo sem fram kemur í 1. gr. frumvarpsins.

156. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um ólympíska hnefaleika.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að kanna hvort rétt sé að leyfa ólympíska hnefaleika sem íþróttagrein hér á landi.

Nefndin skal afla upplýsinga um keppnisreglur, slysatíðni miðað við aðrar ólympískar íþróttagreinar og með hvaða skilyrðum ólympískir hnefaleikar eru leyfðir erlendis. Að fengnu áliti Íþróttasambands Íslands skili nefndin tillögu til ríkisstjórnarinnar. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. september 1994.

Greinargerð.

Allt frá 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi en fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Rétt er að gera skýran greinarmun á ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum sem stundaðir eru m.a. í Bandaríkjunum. Reglur og öryggiskröfur eru afar ólíkar, m.a. er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Einungis er lagt til að athugað verði hvort tímabært sé að aflétta banni við hnefaleikum samkvæmt þeim keppnisreglum sem gilda á Ólympíuleikum.

Samkvæmt tiltækum upplýsingum er ekki vitað til þess að ólympískir hnefaleikar séu bannaðir erlendis og geta má þess að í Svíþjóð var farið fram á það 1983 að þessi íþróttagrein yrði bönnuð. Þá fór fram ítarleg könnun og gerð var skýrsla um ólympíska hnefaleika. Niðurstaða Svía var greininni mjög jákvæð.

Í ljósi þess og þeirrar staðreyndar að umtalsverður hópur ungmenna hefur áhuga á því hérlendis að iðka ólympíska hnefaleika þykir rétt að fram fari skipuleg upplýsingaöflun um þessa íþrótt og að leitað verði álits Íþróttasambands Íslands; verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð verði í framhaldi af því gerð tillaga um að leyfa ólympíska hnefaleika sem keppnisgrein.

157. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um stofnun sjávarútvegsskóla.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa sameiningu Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði, Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands í einn sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi. Skal undirbúningurinn miða að því að skólinn verði til húsa í Sjómannaskólanum í Reykjavík. Stefnt skal að því að skólinn taki til starfa haustið 1994.

Greinargerð.

Þeir skólar, sem nú eru starfandi og annast kennslu og fræðslu á framhaldsskólastigi fyrir íslenskan sjávarútveg, eru Stýrimannaskólinn í Reykjavík, Vélskóli Íslands, Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði og Tækniskóli Íslands. Ekki leikur vafi á að allir þessir skólar hafa gegnt mikilvægu hlutverki í að fræða og mennta fólk sem síðar hefur komið til starfa í sjávarútveginum. Sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar og því eðlileg krafa að vel sé að fræðslumálum hans búið.

Með lögum nr. 55 15. apríl 1971 var sett heildarlöggjöf um fiskvinnsluskóla. Um starfsemi Stýrimannaskólans í Reykjavík er fjallað í lögum nr. 22 3. maí 1972 og um Vélskóla Íslands í III. kafla laga um vélstjórnarnám, nr. 11 22. apríl 1985. Framangreind lög hafa að geyma ýmis ákvæði um nám og námsskipan. Eru lögin um margt svo nákvæm hvað þessa hluti varðar að ætla má að þau geti verið þrándur í götu breytinga á námi og þess sveigjanleika sem krefjast verður af skólum eigi þeir að þjóna síbreytilegum kröfum atvinnulífsins. Nemendum Vélskólans og Stýrimannaskólans hefur fækkað verulega síðustu árin. Skýringar á þeirri þróun eru margþættar. Nemendum hefur almennt fækkað í hverjum árgangi, áhugi á bóknámi er meiri en á verknámi og fjölbreytileiki náms á framhaldsskólastigi hefur aukist verulega og þar með samkeppni um nemendur.

Kennsla við Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands fer fram í Sjómannaskólanum. Þar sem nemendum hefur fækkað á undanförnum árum er húsnæðið stórlega vannýtt sem stendur. Þá er kennsla skólanna tveggja algjörlega aðskilin þótt almennar námsgreinar séu 30–45% námsefnis þeirra. Samræming þessa hluta námsins gæti verulega bætt nýtingu hússins og kennslukrafta. Sama máli gegnir um húsnæði fyrir stjórnir skólanna sem einnig eru algjörlega aðskildar. Fiskvinnsluskólinn hefur hingað til starfað í leiguhúsnæði og vegna vannýtingar Sjómannaskólahússins verður ekki annað séð en hæglega megi flytja bóknám Fiskvinnsluskólans þangað. Af þessu verður ráðið að skynsamlegt sé að sameina þessa þrjá skóla í einn skóla á framhaldsskólastigi.

Sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Það er því mikilvægt að búa vel að menntunarskilyrðum þeirra sem stunda nám á þessu sviði því vaxandi alþjóðleg samkeppni krefst vel menntaðs fólks til starfa, fólks með breiða þekkingu á öllum þáttum sjávarútvegsins allt frá veiðum að markaðs- og sölustarfi.

Með sameiningu þessara skóla gefst kostur á að tvinna saman í heilsteypt sjávarútvegsnám á framhaldsskólastigi þá miklu þekkingu og reynslu sem fyrir er í þeim skólum sem nú starfa á þessu sviði en eru í litlu sem engu samstarfi með þó náskylt nám. Sú þekking, sem til hefur orðið í íslenskum sjávarútvegi, er orðin að útflutningsvöru og mun í framtíðinni geta skapað þjóðinni miklar tekjur. Með sameiningu þessara skóla gefst kjörið tækifæri til að byggja hér upp öflugan alþjóðlegan sjávarútvegsskóla samhliða því að styrkja og efla menntun þess fólks sem vinnur að íslenskum sjávarútvegi.

Í janúarmánuði 1986 komu þáverandi menntamála- og sjávarútvegsráðherrar sér saman um skipun fjögurra manna starfshóps um sjávarútvegsskóla. Hópurinn skilaði áliti sínu í október sama ár og lagði til stofnun slíks skóla. Skýrsla starfshópsins fylgir með þingsályktunartillögu þessari sem fylgiskjal.

Menntamálaráðherra skipaði í janúar sl. nefnd til þess að gera tillögur um hagræðingu í framhaldsskólunum. Nefndin skilaði áliti sínu í mars og komst m.a. að sömu niðurstöðu og fram kom í fyrrgreindu nefndaráliti frá árinu 1986 um að til greina kæmi að sameina áðurnefnda þrjá skóla í einn sjávarútvegsskóla.

Fylgiskjal.

Skýrsla starfshóps um sjávarútvegsskóla.

1. Formáli.

Menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra komu sér saman í janúar sl. um að skipa fjögurra manna starfshóp — tvo frá hvoru ráðuneyti — til að ræða og gera síðan tillögur um stofnun sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi.

Sem fulltrúar menntamálaráðuneytisins voru skipaðir Helgi G. Þórðarson verkfræðingur, formaður hópsins, og Stefán Stefánsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

Sem fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins voru skipaðir Finnur Ingólfsson, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra, og Gylfi Gautur Pétursson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu. Starfsmaður hópsins var ráðinn Lárus Björnsson.

Starfshópurinn hefur heimsótt og rætt við fjölda einstaklinga frá ýmsum samstökum og stofnunum, hérlendis og erlendis, þar á meðal alla helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og aðra þá sem tengjast fræðslumálum í sjávarútvegi. Í viðtölum kom í ljós að almennt er mikill áhugi fyrir stofnun sjávarútvegsskóla.

Starfshópurinn hefur kynnt sér skipulag í sjávarútvegsfræðslu í Noregi og Danmörku.

Það er von hópsins að skýrsla þessi veki umræðu um stöðu sjávarútvegsfræðslu á Íslandi og framtíð hennar.

2. Niðurstöður.

Meginniðurstöður starfshópsins eru eftirfarandi:

1. Stofnaður verði sjávarútvegsskóli í Reykjavík er taki við hlutverkum Stýrimannaskólans í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.
2. Gildandi lögum um sjávarútvegsfræðslu verði breytt og sett rúm rammalöggjöf er veiti svigrúm fyrir breytilegt námsframboð í takt við þróun atvinnulífsins og þarfir einstakra greina sjávarútvegsins.

3. Sjávarútvegsskólinn verði sérskóli á framhaldsskólastigi og heyri undir menntamálaráðuneytið. Aðfaranám að skólanum og nám á einstökum brautum geti einnig farið fram við aðra framhaldsskóla landsins.
4. Stofnað verði fræðsluráð sjávarútvegsins, skipað fulltrúum hagsmunasamtaka, rannsóknastofnana og ráðuneyta, sem verði stefnumarkandi í fræðslumálum sjávarútvegsins.
5. Sjávarútvegsskólinn fái til umráða húsnæði Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands í Reykjavík og hið nýja verknámshús Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.
6. Kannað verði mjög vandlega hvort stefnt skuli að því að sjávarútvegsskólinn starfi í þremur önnum, þ.e. haustönn, vetrarönn og sumarönn, og starfi þannig árið um kring.

3. Greinargerð.

A. Núverandi sjávarútvegsfræðsla.

Gildandi lög.

Gildandi lög um fræðslu og atvinnuréttindi í sjávarútvegi eru:

— Lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22/1972.
— Lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, nr. 1/1973.
— Lög um vélstjórnarnám, nr. 11/1985.
— Lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.
— Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984.
— Lög um fiskvinnsluskóla, nr. 55/1971.
— Lög um Tækniskóla Íslands, nr. 66/1972.

Í framangreindum lögum eru ýmis ítarleg ákvæði um nám og námsskipan. Stofnun sjávarútvegsskóla krefst nýrrar lagasetningar í stað gildandi laga. Gildandi lög eru um margt það nákvæm að ætla má að þau séu þrándur í götu breytinga í námi og þess sveigjanleika sem krefjast verður af skólum er þjóna síbreytilegum þörfum atvinnulífsins. Vegna þessa er lagt til að ný rammalög um sjávarútvegsskóla verði sveigjanleg og að þau rúmi breytilegt námsframboð í takt við þróun atvinnulífsins og þarfir einstakra greina sjávarútvegsins á hverjum tíma.

Stjórn og tengsl við atvinnulífið.

Skólar sjávarútvegsfræðslunnar heyra nú undir menntamálaráðuneytið og starfa sem sjálfstæðar stofnanir með litlum tengslum eða samstarfi sín á milli. En sem dæmi um tengsl skólanna við atvinnulífið má nefna það að í lögum um þá eru ákvæði um að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi tilnefni fulltrúa í skólanefndirnar. Auk þess tengja starfsþjálfun, svo og ýmis önnur verkefni, skólana sjávarútveginum.

Þróun nemendafjölda.

Verulegur samdráttur hefur orðið á nemendafjölda Vélskólans og Stýrimannaskólans síðustu árin. Á níu árum hefur nemendum þessara skóla fækkað um helming. Skýringar á þessari þróun eru væntanlega margþættar. Nemendum hefur fækkað í hverjum árgangi. Áhugi á bóknámi er almennt meiri en á verknámi. Fjölbreytileiki náms á framhaldsskólastigi hefur aukist verulega og jafnframt samkeppnin um nemendur. Nám í Stýrimannaskólanum hefur ekki opnað leið til frekara framhaldsnáms í skólakerfinu. Sjávarútvegsnám verður ekki hafið til vegs og virðingar nema með samstilltu átaki allra sem hlut eiga að

máli. Verði skipulagi, stjórnun og námsframboði skólanna breytt þannig að notagildi fyrir atvinnulífið aukist mun eftirspurn eftir fólki með menntun þaðan aukast og aðsóknin væntanlega um leið.

Húsnæði.

Kennsla við Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands í Reykjavík fer fram í húsakynnun á lóð Sjómannaskólans. Eins og fram hefur komið hefur nemendum þessara skóla fækkað um helming á síðustu níu árum. Húsnæðið er því stórlega vannýtt sem stendur. Auk þess er kennsla skólanna tveggja algjörlega aðskilin, þó svo að almennar námsgreinar séu 30–45% námsefnis þeirra. Samræming þessa hluta námsins gæti bætt nýtingu hússins og kennslukrafta verulega. Sama máli gegnir um húsnæði fyrir stjórn skólanna sem er algjörlega aðskilið. Sameiginleg stjórn gæti enn bætt nýtingu húsnæðisins.

Fiskvinnsluskólinn hefur hingað til starfað í leiguhúsnæði, bóknám í Hafnarfirði og verknám í Hafnarfirði og Reykjavík. Vegna vannýtingar Sjómannaskólahússins verður ekki annað séð en að hæglega megi flytja bóknám Fiskvinnsluskólans þangað. Nýtt 1.700 fermetra verknámshús skólans er í byggingu í Hafnarfirði og ætti það að geta þjónað sínu hlutverki samkvæmt áætlun.

Námsgreinar.

Athugun á námsvísum Vélskólans og Stýrimannaskólans leiðir í ljós að hlutfall almennra námsgreina í námsefni þeirra eru 30–45%. Séu inntökuskilyrðin í Fiskvinnsluskólann reiknuð með í námsefni hans eru 50% námsefnisins almennar greinar. Ætla má að kennsla í almennum námsgreinum skólanna þriggja sé að mestu leyti samræmanleg þannig að verulegri hagkvæmni megi ná með sameiningu þeirra. Sameiginlegir þættir sérhæfðs námsefnis skólanna eru nánast engir sem stendur. Hins vegar gæti vægi þeirra aukist við endurskipulagningu námsmarkmiða. Nám í útgerðartækni við rekstrardeild Tækniskóla Íslands er skipulagt sem framhaldsnám fyrir stýrimenn, vélstjóra og fisktækna. Námsefni þessarar námsbrautar á því nánast ekkert sameiginlegt með námsefni hinna skólanna.

B. Stofnun sjávarútvegsskóla.

Hlutverk.

Starfshópurinn leggur til að stofnaður verði sjávarútvegsskóli í Reykjvík og taki hann m.a. við hlutverki Stýrimannaskólans í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.

Skólinn starfi í upphafi í fimm deildum, siglingafræðideild, vélfræðideild, fiskvinnsludeild, fiskeldisdeild og endurmenntunardeild. Þessar tillögur byggir starfshópurinn á ítarlegum viðræðum við alla helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og þá sem tengjast kennslu í sjávarútvegsfræðum.

Hlutverk skólans verði fyrst og fremst að fullnægja þörf sjávarútvegsgreina fyrir sérhæft starfsfólk. Skólanum verði ætlað að starfa á framhaldsskólastigi og opni brautskráðum nemendum leið til háskólanáms kjósi þeir það.

Stjórn og tengsl við atvinnulífið.

Lagt er til að sjávarútvegsskólinn heyri undir menntamálaráðuneytið enda verði hann sérskóli á framhaldsskólastigi. Starfshópurinn telur óheppilegt fyrir sjávarútveginn að tengsl hans við hið almenna skólakerfi raskist. Tengsl skólans við sjávarútveginn verði tryggð í gegnum fræðsluráð sjávarútvegsins. Fræðsluráð sjávarútvegsins verði faglegur tengiliður milli skólans, atvinnulífsins, rannsóknastofnana sjávarútvegsins, sjávarútvegsráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins. Sjávarútvegsráðherra skipi formann fræðsluráðsins. Hlutverk fræðsluráðsins verði það að vera menntamálaráðuneytinu til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulags í sjávarútvegsfræðslu. Fræðsluráð sjávarútvegsins veiti umsögn um tillögur að námsskrá í verklegum og bóklegum faggreinum. Árlega skal fræðsluráð sjávarútvegsins gangast fyrir sérstökum fundi um menntamál í sjávarútvegi þar sem fram fer almenn umræða um stefnumörkun í fræðslumálum sjávarútvegsins.

Stofnun fræðsluráðs sjávarútvegsins er ekki ný hugmynd heldur kemur hún m.a. fram í áfangaskýrslu nefndar sem vann að endurskoðun á lögum um Fiskvinnsluskólann.

Menntamálaráðherra skipar sérstaka skólanefnd skólans sem skipuð sé fimm mönnum. Í henni á sæti formaður fræðsluráðs og að auki þrír menn tilnefndir af fræðsluráði. Skal einn þeirra vera úr röðum skipstjórnarmanna, einn úr röðum vélstjóra og einn úr röðum fiskvinnslumanna. Loks skipar ráðherra einn mann án tilnefningar og skal hann vera formaður skólanefndar.

Skólanefnd markar stefnuna í skólahaldinu og ákveður námsframboð að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins. Skólanefnd hefur umsjón með og samþykkir fjárlagatillögur og fjárhagsáætlun samkvæmt þeim reglum sem þar um gilda á hverjum tíma. Nefndin lítur eftir því að rekstur miðist við sértekjur og fjárveitingar í fjárlögum hverju sinni.

Skólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.



Deildir og námsgreinar.

Sjávarútvegsskólinn skal ávallt vera opinn fyrir nýjungum sem fram koma og því sveigjanlegur þannig að hægt sé að taka upp kennslu í nýjum námsgreinum á nýjum námsbrautum eða með stofnun nýrra deilda. Gert er ráð fyrir að umtalsverð skörun geti orðið á námsefni milli deilda og því mikilvægt að samnýta kennslukrafta, kennslutæki og kennsluhúsnæði í þeim tilfellum.

Í samtölum við menn í sjávarútvegi hefur þörf á nýjum námsgreinum oft borið á góma. Helst má nefna stjórnunar- og rekstrarfræði, sölu- og markaðsfræði, haffræði, líffræði sjávar, auðlindanýtingu, umhverfisfræði, veiðarfærafræði og veiðitækni. Mikilvægt er að endurnýjun á námsefni skólans sé stöðug þannig að við skólann sé ávallt kennt það nýjasta og besta sem fram kemur á sviði sjávarútvegsins hverju sinni. Að öðru leyti tekur starfshópurinn ekki afstöðu til þessara kennsluþátta að svo stöddu.

Húsnæði.

Nefndin leggur til að sjávarútvegsskólinn fái til afnota húsnæði Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands og hið nýja verknámshús Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði. Með því að sameina skólana undir einu þaki og undir einni stjórn er stefnt að betri nýtingu húsnæðis, hagkvæmni í kennslu og þar með sparnaði í rekstri skólans.

Inntökuskilyrði.

Inntökuskilyrði í skólana þrjá, sem gert er ráð fyrir að sameinaðir verði í sjávarútvegsskólanum, eru hliðstæð inntökuskilyrðum í framhaldsskóla. Starfshópurinn sér ekki ástæðu til að inntökuskilyrðum verði breytt í hinum nýja skóla frá því sem nú er í þeim skólum sem gert er ráð fyrir að verði sameinaðir. Samt sem áður verður slíkt að vega og meta eftir aðstæðum í hverri grein.

Starfstími skólans.

Hópurinn leggur til að kannað verði mjög nákvæmlega hvort ekki sé hagkvæmt að sjávarútvegsskólinn starfi allt árið. Með því móti má nýta sem best þá fjármuni sem bundnir eru í skólahúsnæði og kennslutækjum. Nemendur munu með þessum hætti koma út í atvinnulífið á mismunandi tímum árs og öflugt námskeiðahald, sem gert er ráð fyrir við skólann, getur farið fram á þeim árstímum er hentugast þykir.

Lokaorð.

Gera má ráð fyrir að sjávarútvegsskóli sem ein stofnun verði sterkari eining en þrír minni skólar og þar af leiðandi betur í stakk búinn til að takast á við verkefni sín. Sérstaklega má nefna þróunarstörf við endurnýjun námsefnis og skipulag nýrra námsbrauta.

Ætla má að betur verði séð fyrir fjárveitingum til skólans njóti hann óskipts stuðnings allra hagsmunaaðila.

Líklegt er að styrkur og atkvæðamikill sjávarútvegsskóli muni almennt njóta meira álits en minni sérskólar og verða fýsilegri kostur efnilegum nemendum en verið hefur.

158. Svar [110. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um launagreiðslur til starfsmanna ráðuneytanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver eru meðaltalsmánaðarlaun og hæstu og lægstu laun á mánuði hjá ráðuneytisstjórum á tímabilinu janúar til september 1993? Til launa skulu teljast föst mánaðarlaun, öll yfirvinna og þóknanir fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum.*

2. *Hver eru meðaltalsmánaðarlaun og hæstu og lægstu laun á mánuði hjá skrifstofustjórum ráðuneytanna á tímabilinu janúar til september 1993? Til launa skulu teljast föst mánaðarlaun, öll yfirvinna og þóknanir fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum.*
3. *Hver eru meðaltalsmánaðarlaun og hæstu og lægstu laun á mánuði hjá deildarstjórum ráðuneytanna á tímabilinu janúar til september 1993? Til launa skulu teljast föst mánaðarlaun, öll yfirvinna og þóknanir fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum.*
4. *Hver eru meðaltalsmánaðarlaun og hæstu og lægstu laun á mánuði hjá fulltrúum ráðuneytanna á tímabilinu janúar til september 1993? Til launa skulu teljast föst mánaðarlaun, öll yfirvinna og þóknanir fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum.*

Eftirfarandi upplýsingar hafa verið unnar úr launakerfi starfmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Tekið skal fram að greiðslur fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum dreifast ekki jafnt á alla mánuði ársins.

	Meðal-heildarlaun	Hæstu heildarlaun	Lægstu heildarlaun
Ráðuneytisstjórar	338.137	441.094	237.328
Skrifstofustjórar	286.858	475.500	157.181
Deildarstjórar	186.672	338.528	93.352
Fulltrúar	124.713	270.720	66.423

159. Frumvarp til laga [143. mál]

um fjöleignarhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI

Gildissvið, skilgreiningar o.fl.

Gildissvið. Hugtakið fjöleignarhús.

1. gr.

Lög þessi hafa að geyma reglur um réttindi og skyldur eigenda fjöleignarhúsa.

Fjöleignarhús telst í lögum þessum hvert það hús sem skiptist í séreignir í eigu fleiri en eins aðila og í sameign sem bæði getur verið allra og sumra.

Gilda lögin þannig m.a. um:

1. Fjölbýlishús með íbúðum eingöngu.
2. Hús með bæði íbúðum og húsnæði til annarra nota.
3. Hús sem alfarið eru nýtt til annars en íbúðar, svo sem fyrir atvinnustarfsemi.
4. Raðhús og önnur sambyggð og samtengd hús, bæði eingöngu til íbúðar og að einhverju leyti eða öllu til annarra nota, allt eftir því sem við getur átt.

Ákvæðum laga þessara verður einnig beitt eftir því sem við á um önnur hús sem fleiri en einn á eða nýtir.

Lög þessi gilda um lögskipti eigenda fullgerðra fjöleignarhúsa að lóðum meðtöldum. Reglur laganna verða einnig notaðar um fjöleignarhús á byggingarstigi að lóðum meðtöldum, eftir því sem við getur átt.

Ófrávíkjanlegar reglur.

2. gr.

Ákvæði laga þessara eru ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram í þeim eða leiði af eðli máls. Er eigendum því almennt óheimilt að skipa málum sínum, réttindum sínum og skyldum á annan veg en mælt er fyrir um í lögunum.

Hugtakið hús.

3. gr.

Með húsi í lögum þessum er átt við byggingu sem varanlega er skeytt við land og stendur sjálfstæð og aðgreind frá öðrum húsum eða skilur sig þannig frá þeim þótt sambyggð eða samtengd séu að eðlilegt og haganlegt sé að fara með hana samkvæmt lögum þessum sem sjálfstætt hús.

Þótt sambyggð eða samtengd hús teljist tvö sjálfstæð hús eða fleiri skv. 1. mgr. þá gilda ákvæði laganna eftir því sem við getur átt um þau atriði og málefni sem sameiginleg eru, svo sem lóð ef hún er sameiginleg að öllu leyti eða nokkru og um útlit og heildarsvip ef því er að skipta. Sama gildir einnig ef því er að skipta um sameiginleg málefni sjálfstæðra ótengdra fjöleignarhúsa og/eða annars konar húsa.

Hugtakið séreign.

4. gr.

Séreign samkvæmt lögum þessum er afmarkaður hluti af húsi eða lóð eins og honum er lýst í þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu, skiptasamningi og/eða öðrum þinglýstum heimildum um húsið, ásamt því sem honum fylgir sérstaklega hvort heldur er húsrými í húsinu sjálfu, bílskúr á lóð þess eða sameiginlegri lóð margra húsa, lóðarhluti, búnaður eða annað samkvæmt sömu heimildum, ákvæðum laga þessara eða eðli máls.

Nánar um séreign.

5. gr.

Samkvæmt 4. gr. fellur neðantalið undir séreign fjöleignarhúss:

1. Allt afmarkað húsrými sem gert er að séreign samkvæmt þinglýstum heimildum og allt sem liggur þar innan veggja.
2. Allt innra byrði umliggjandi veggja, gólfa og lofta, þar á meðal einangrun.
3. Allir milliveggir sem ekki eru jafnframt burðarveggir.
4. Öll tæki, búnaður og þess háttar inni í séreignarhluta, þótt tengd séu sameiginlegu kerfi eða lögnum.
5. Sá hluti gluggaumbúnaðar sem er inni í séreign, svo og gler í gluggum og hurðum.
6. Hurðir sem skilja séreign frá sameign, svo og svalahurðir, en húsfélag hefur ákvörðunarvald um gerð og útlit.
7. Lagnir og tilfæringar, hverju nafni sem þær nefnast og hvar sem þær eru, sem eingöngu þjóna þörfum viðkomandi séreignar.
8. Innra byrði svalaveggja og gólfflötur svala, en húsfélag hefur ákvörðunarvald um allar breytingar, búnað og annað á svölum sem áhrif hefur á útlit hússins og heildarmynd.
9. Hluti lóðar, t.d. bílastæði, sem er séreign samkvæmt þinglýstum heimildum eða eðli máls samkvæmt, svo sem einkabílastæði fyrir framan bílskúr.

10. Aðrir hlutar húss eða lóðar, bílskúr á lóð húss eða búnaður og lagnir sem þinglýstar heimildir segja séreign eða teljast það samkvæmt eðli máls, svo sem ef viðkomandi hefur kostað það, sbr. 9. gr.

Hugtakið sameign.
6. gr.

Sameign samkvæmt lögum þessum eru allir þeir hlutar húss, bæði innan og utan, og lóðar sem ekki eru ótvírætt í séreign skv. 4. gr., svo og öll kerfi, tækjabúnaður, lagnir og tilfæringar sem þjóna aðallega þörfum heildarinnar eða hluta hennar með þeim hætti að sanngjarnt og eðlilegt er að allir eigendur eða eftir atvikum tiltekinn hópur þeirra beri kostnað og áhættu af þeim.

Þótt fjöleignarhús samanstandi af einingum eða hlutum (stigahúsum) sem eru sjálfstæðar eða aðgreindar að einhverju leyti og hvort sem þau standa á einni lóð eða fleirum er allt ytra byrði hússins alls staðar, þak, útveggir og gaflar, í sameign allra eigenda þess.

Sameign er sameign allra nema svo hátti að um sameign sumra sé að ræða skv. 7. gr.

Sameign sumra.
7. gr.

Um sameign sumra er að ræða:

1. Þegar það kemur fram eða má ráða af þinglýstum heimildum að svo sé.
2. Þegar lega sameignar eða afnot hennar eða möguleikar til þess eru með þeim hætti að sanngjarnt og eðlilegt er að hún tilheyri aðeins þeim sem hafa aðgang að henni og afnotamöguleika. Á það m.a. við þegar veggur skiptir húsi svo aðeins sumir séreignarhlutar eru um sama gang, stiga, svalir, tröppur eða annað sameiginlegt húsrými, lagnir, búnað eða annað.

Þannig er skv. 2. tölul. 1. mgr. húsrými og annað inni í einstökum stigahúsum, þegar fjöleignarhús samanstendur af fleiri slíkum, í sameign eigenda þar og öðrum eigendum þess óviðkomandi.

Nánar um sameign.
8. gr.

Samkvæmt 6. gr. fellur m.a. neðangreint undir sameign fjöleignarhúss:

1. Allt ytra byrði hússins, útveggir, þak, gaflar og útidyr, þó ekki svaladyr, svo og útitröppur og útistigar.
2. Allt burðarvirki húss, grunnur, grunnplata, sökklar, burðarveggir og þakburðarvirki.
3. Allur ytri gluggaumbúnaður, bæði á séreignarhlutum og sameign.
4. Ytra byrði svala og stoð- og burðarvirki þeirra, svo og svalahandrið.
5. Öll lóð húss og mannvirki, búnaður og tilfæringar á henni, þar með talið bílastæði, nema þinglýstar heimildir kveði á um að það sé séreign eða það byggist á eðli máls.
6. Allt húsrými, hverju nafni sem það nefnist, sem ekki telst séreign, svo sem gangar, stigar, geymslur, kyndiklefar, þvottahús, þurrkherbergi, kæliklefar, tómstundaherbergi, vagna- og hjólageymslur, háaloft, risloft o.s.frv., án tillits til legu, nýtingarmöguleika og nýtingarþarfa einstakra eigenda í bráð og lengd.

7. Allar lagnir, svo sem fyrir heitt vatn, kalt vatn, skolp, rafmagn, síma, dyrasíma, sjónvarpsloftnet og útvarpsloftnet, sem þjóna sameiginlegum þörfum og þörfum heildarinnar, án tillits til þess hvar þær liggja í húsinu. Jafnan eru líkur á því að lagnir í fjöleignarhúsi séu í sameign allra.
8. Allur búnaður, kerfi og þess háttar, án tillits til staðsetningar, bæði innan húss og utan, svo sem lyftur, rafkerfi, hitakerfi, vatnskerfi, símakerfi, dyrasímakerfi, sjónvarpsloftnet og útvarpsloftnet, leiktæki o.fl., sem þjóna þörfum heildarinnar, en þó að undanskildum tækjum og búnaði, sem tengd eru við kerfin inni í hverjum séreignarhluta.
9. Réttur til byggingar ofan á eða við hús eða á lóð þess.

Séreign eða sameign.

9. gr.

Við úrlausn þess hvort um séreign eða sameign allra eða sumra er að ræða skal auk þess sem getur í 4.–8. gr. líta til þess hvernig staðið var að byggingu hússins eða viðkomandi hluta þess og hvernig byggingarkostnaðinum var skipt, ef um það liggja fyrir skýr gögn.

Hafi byggingarframkvæmd verið sameiginleg og kostnaðurinn einnig þá er um sameign að ræða ef önnur veigamikil atriði mæla því ekki í mót.

Hafi eigandi einn kostað ákveðinn búnað, tiltekna framkvæmd eða byggingarþátt þá eru á sama hátt líkur á því að um séreign hans sé að ræða.

II. KAFLI

Skipting húsa og meginreglur um eignarráð og takmarkanir þeirra.

Skipting fjöleignarhúsa. Sérkenni eignarformsins.

10. gr.

Eign í fjöleignarhúsi er með þrennu móti:

1. Séreign, sbr. 4. og 5. gr.
2. Sameign allra eigenda, sbr. 1. mgr. 6. gr. og 8. gr.
3. Sameign sumra eigenda, sbr. 7. og 8. gr.

Hverri séreign fylgir hlutdeild í sameign skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. eftir ákveðinni hlutfallstölu, sbr. 14. gr. Séu hlutfallstölur ekki ákveðnar eru allir séreignarhlutar jafnréttháir og bera jafnar skyldur.

Séreignarhlutum fylgja eftir hlutfallstölum réttindi og skyldur til að taka þátt í félagsskap allra eigenda um húsið, húsfélagi þar sem öllum sameiginlegum málefnum skal til lykta ráðið.

Réttindi þau og skyldur, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., eru órjúfanlega tengd séreignum og verða ekki frá þeim skilin.

Hver eignarhluti er sérstök fasteign.

11. gr.

Hver eignarhluti telst, ásamt því sem honum fylgir sérstaklega og eignarhluta í sameign, sérstök fasteign, enda sé fullnægt skilyrðum laga um skráningu og mat fasteigna.

Helstu réttindi.
12. gr.

Réttindi eiganda eru þessi helst:

1. Ráðstöfunarréttur með samningi yfir hinum samsetta rétti, sbr. 10. gr., að svo miklu leyti sem lög eða sérstök réttindi annarra, t.d. húsfélagsins, fela ekki í sér takmarkanir á honum.
2. Einkaréttur til umráða og hagnýtingar séreignarinnar með þeim takmörkunum sem leiða af lögum þessum, reglum nábýlisréttar eða eðli máls.
3. Réttur til að hagnýta og nota sameignina að virtum sama rétti annarra eigenda.
4. Réttur til aðildar að húsfélagi og til að eiga hlut að ákvarðanatöku um sameignina og sameiginleg málefni.

Helstu skyldur.
13. gr.

Skyldur eiganda eru þessar helstar:

1. Skylda til að vera í húsfélagi og fara eftir löglegum ákvörðunum þess og virða þær.
2. Skylda til að greiða hlutdeild í sameiginlegum kostnaði.
3. Skylda til að taka eðlilegt og sanngjarnt tillit til annarra eigenda við hagnýtingu séreignar.
4. Skylda til að virða rétt og hagsmuni annarra eigenda við hagnýtingu sameignarinnar.

Hlutfallstalan.
14. gr.

Eignarhluti í sameign skal reiknaður út eftir hlutfallstölu.

Útreikningurinn skal fyrst og fremst vera byggður á flatarmáli og rúmmáli húsa, en þó er heimilt að ákvarða hlutfallstölur á öðrum sanngjörnum grundvelli, t.d. miðað við innbyrðis verðmæti séreignarhluta, þegar um er að ræða fjöleignarhús sem hafa að geyma annars konar húsnæði en til íbúðar að nokkru leyti eða öllu.

Hver eignarhluti getur haft fleiri en eina hlutfallstölu ef því er að skipta eftir því um hvaða sameign er að ræða, sbr. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 10. gr.

Reglur um útreikning hlutfallstölu skulu settar af félagsmálaráðherra með reglugerð.

Þýðing hlutfallstölu.
15. gr.

Hlutfallstala hefur m.a. þýðingu í eftirfarandi tilvikum:

1. Það er meginregla að sameiginlegur kostnaður skiptist eftir hlutfallstölum.
2. Tekjur af sameign skiptast eftir hlutfallstölum.
3. Við atkvæðagreiðslur á húsfélagsfundum og endranær við sameiginlega ákvarðanatöku fer vægi atkvæða eftir hlutfallstölum, ýmist eingöngu eða einnig.
4. Hlutfallstalan segir til um eignarhlutdeild í sameign. Ef sameign er skipt eða hluti hennar seldur þá skiptist hún eða andvirði hennar eftir hlutfallstölum.
5. Sá gengur að öðru jöfnu fyrir um rétt til byggingar ofan á eða við fjöleignarhús eða á lóð þess sem stærri hlut á í því.

Eignaskiptayfirlýsing.

16. gr.

Gera skal eignaskiptayfirlýsingu um öll fjöleignarhús, enda liggi ekki fyrir þinglýstur fullnægjandi og glöggur skiptasamningur.

Eignaskiptayfirlýsing skal undirrituð af öllum eigendum.

Sé um nýbyggingu að ræða skulu sveitarstjórnir gera það að skilyrði fyrir gerð lóðarsamnings að eignaskiptayfirlýsing liggi fyrir. Eignaskiptayfirlýsingu skal þinglýst eigi síðar en húsið er fokhelt.

Gera skal það að skilyrði þinglýsingar eignayfirfærslu fjöleignarhúss eða hluta þess að eignaskiptayfirlýsing liggi fyrir og að eignayfirfærslan sé í samræmi við hana.

Séu gerðar breytingar á fjöleignarhúsi eða innbyrðis eignatilfærslur sem breyta eða raska eignaskiptayfirlýsingu og eignarhlutföllum skulu eigendur án ástæðulauss dráttar gera nýja eignaskiptayfirlýsingu og láta þinglýsa henni.

Efni eignaskiptayfirlýsingar.

17. gr.

Í eignaskiptayfirlýsingu skulu eftirfarandi atriði koma fram á skýran og skilmerkilegan hátt:

1. Um hvaða fjöleignarhús er að ræða. Gefa skal það til kynna með götunafni, húsnúmeri og sveitarfélagi.
2. Almenn lýsing á húsinu, svo sem stærð þess og gerð og hvers eðlis það er.
3. Lýsing á hverjum séreignarhluta, staðsetning hans, bæði hæð og innan hæðar, stærð hans í fermetrum og herbergjum ef því er að skipta, hvers eðlis hann er og hvað honum fylgir sérstaklega.
4. Hver sé hlutfallstala (hlutfallstölur) hvers séreignarhluta, á hvaða grundvelli hlutfallstölur séu reiknaðar út og hver hafi gert það.
5. Hvort séreignarhluta fylgi réttur til bílskúrs eða sérstakur réttur til ákveðins bílastæðis og skal það þá tilgreint svo ekki verði um villst.
6. Hvort séreignarhluta fylgi annars sérstakur réttur til byggingar ofan á eða við hús eða á lóð þess.
7. Greinargóð lýsing á allri sameign hússins og sameiginlegum búnaði, bæði innan húss og utan, þar með talin lóð.
8. Glöggt skal greina ef tiltekið rými eða búnaður er í sameign sumra en ekki allra.

Til viðbótar ofangreindum atriðum skal ávallt geta glögglega um sérgreiningar, auðkenni og merkingar, sem eign eða eignarhluti hefur í fasteignaskrá samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.

Eignaskiptayfirlýsingu skal fylgja til þinglýsingar teikning af fjöleignarhúsinu og lóðaruppdráttur þar sem sýnd eru, eftir því sem frekast verður við komið, þau atriði sem tiltekin eru í 1. mgr. Teikningar og uppdrættir skulu vera í blaðstærð A4 og stærðir í fermetrum og rúmmetrum.

Eignaskiptayfirlýsingu, ásamt teikningum og öðrum gögnum, skal afhenda byggingarfulltrúa til staðfestingar og er honum skylt að senda Fasteignamati ríkisins afrit af henni. Skal byggingarfulltrúi leita álits stofnunarinnar ef vafi leikur á um greinitölur og stærðir.

Nánari reglur um grundvöll, gerð, efni, form og frágang eignaskiptayfirlýsinga, teikninga og uppdrátta og stærðarútreikninga samkvæmt grein þessari skulu settar af félagsmálaráðherra með reglugerð.

Breytingar á eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum.

18. gr.

Allar breytingar á þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum eru háðar samþykki allra eigenda fjöleignarhússins sem hagsmuna eiga að gæta. Skulu þeir allir standa að slíkum breytingum og undirrita þau skjöl sem þarf.

Sérhver eigandi á kröfu á því að hlutfallstölur sýni og endurspegli rétta skiptingu hússins og séu þannig réttur eða eðlilegur grundvöllur að skiptingu réttinda og skyldna.

Getur hver eigandi, sem telur hlutfallstölur rangar eða eignarhlutföllin í húsinu óeðlileg eða ósanngjörn, krafist breytinga og leiðréttinga þar á.

Fáist aðrir eigendur ekki til að standa að nauðsynlegum breytingum getur viðkomandi fengið dómkvadda matsmenn til að endurreikna eða endurákvarða hlutfallstölur í húsinu. Nægilegt er að kveðja einn matsmann til undirmats og tvo til yfirmats.

Náist ekki samkomulag að fengnu mati skv. 4. mgr. getur eigandi, sem breyta vill á grundvelli þess, höfðað mál á hendur öðrum eigendum til ógildingar á gildandi eignarhlutföllum og viðurkenningar á hinum nýju. Gangi dómur honum í vil getur hann fengið dómsorðinu þinglýst sem kemur þá og þannig í stað eignaskiptayfirlýsingar.

Ákvæðum þessarar greinar verður einnig beitt eftir því sem við á þegar engin þinglýst eignaskiptayfirlýsing liggur fyrir og ekki næst nauðsynleg samstaða með eigendum um gerð eignaskiptayfirlýsingar.

Ráðstöfunarréttur yfir sameign.

19. gr.

Sameign fjöleignarhúss verður ekki ráðstafað af húsfélagi með samningi nema allir eigendur séu því samþykkir. Sama gildir um verulegar breytingar á sameign eða hagnýtingu hennar.

Þó er heimilt að selja eða leigja óverulega hluta sameignar ef öllum eigendum er gefinn kostur á að eiga hlut að ákvörðun um það á löglegum húsfundi og a.m.k. ⅔ hlutar eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, eru því meðmæltir.

Ráðstöfun eignarhluta.

20. gr.

Eigandi eignar í fjöleignarhúsi má aðeins ráðstafa með samningi réttindum sínum og skyldum í heild, þ.e. séreign sinni, hlutdeild í sameign og rétti og skyldu til þátttöku í húsfélagi. Þessi réttindi og skyldur verða ekki aðskilin, sbr. 4. mgr. 10. gr.

Að öðru leyti hefur eigandi sömu heimildir til að ráðstafa eign sinni í heild, til að selja hana, leigja, veðsetja og kvaðabinda og til ráðstöfunar með dánargerningi, og eigandi fasteignar almennt hefur að lögum.

Um leigu hluta séreignar, t.d. einstakra herbergja, gilda ekki sérstakar takmarkanir og fer réttur eiganda til þess eftir almennum reglum.

Takmarkanir á ráðstöfunarrétti eiganda kunna þó að leiða af ákvæðum laga um félagslegt íbúðarhúsnæði, öðrum sérlögum og eins af kvöðum í þinglýstum heimildum um eignina eða húsið. Slíkar takmarkanir verða ekki settar í húsfélagssamþykktir svo gilt sé, nema með samþykki allra eigenda eða eiganda þeirrar eignar sem þær beinast að ef þær eru ekki almennar.

Ráðstöfun hluta séreignar og skipting.

21. gr.

Eiganda er óheimilt að ráðstafa (selja eða veðsetja) tilteknum hluta séreignar sinnar, nema með fylgi hlutdeild í sameign og réttindi og skyldur til þátttöku í húsfélagi.

Slík ráðstöfun til utanaðkomandi á einstökum afmörkuðum hlutum séreignar, hvort sem er húsrými, lóðarhluti eða annað, er háð samþykki allra eigenda og verður henni ekki þinglýst nema áður hafi verið þinglýst nýrri eignaskiptayfirlýsingu um húsið og ráðstöfunin eða eignayfirfærslan sé í samræmi við hana.

Varanleg skipting séreignar í sjálfstæðar notkunareiningar, án þess að sala sé fyrirhuguð, er sömuleiðis háð samþykki allra eigenda og því að gerð sé ný eignaskiptayfirlýsing og henni þinglýst.

Um bílskúra og ráðstöfun þeirra.

22. gr.

Bílskúrar, hvort sem þeir eru innbyggðir í húsið, sambyggðir því eða standa sjálfstæðir á lóð þess, skulu jafnan fylgja ákveðnum séreignarhlutum í húsinu og er sérstök sala þeirra eða framsal bílskúrsréttinda til annarra en eigenda í húsinu óheimil.

Hyggist eigandi leigja bílskúr sinn skulu aðrir eigendur eiga forleigurétt. Vilji fleiri en einn nýta forleiguréttinn ræður eigandi hverjum þeirra hann leigir.

Eiganda er jafnframt óheimilt að undanskilja bílskúr eða bílskúrsréttindi við sölu á eignarhluta sínum, nema hann eigi þar annan eignarhluta. Sama gildir um aðra séreignarhluta.

Ef bílskúrar eða bílskýli eru á lóð sem sameiginleg er fleiri húsum þá er heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. að ráðstafa þeim á milli hlutaðeigandi húsa.

Um eignatilfærslu innan hússins.

23. gr.

Eignayfirfærsla á hlutum séreignar innan hússins til annarra eigenda er háð samþykki einfalds meiri hluta eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta og skal þá eignaskiptayfirlýsingu breytt og breytingunni þinglýst. Að öðrum kosti verður eignayfirfærslunni ekki þinglýst.

Skulu allir eigendur, hvort sem þeir voru meðmæltir eða ekki, ljá atbeina sinn að slíkri breytingu á eignaskiptayfirlýsingu nema þeir geti sýnt fram á að salan varði sérstaka lögmæta hagsmuni þeirra á þann veg að þess verði ekki krafist að þeir standi að breytingunni.

Þinglýsing eignaskiptayfirlýsingar skilyrði sameignarréttinda.

24. gr.

Hafi eignayfirfærslur og breytingar átt sér stað skv. 21.–23. gr. þannig að séreignarhlutum hafi fjölgað, en án þess að ný eignaskiptayfirlýsing eða nauðsynlegar breytingar hafi verið gerðar og þeim þinglýst þá fylgja hinum nýju séreignarhlutum engin sjálfstæð sameignarréttindi.

Upplýsingaskylda við sölu.

25. gr.

Þegar eign, sem lög þessi taka til, er seld skal seljandi áður en kaupsamningur er undirritaður kynna kaupanda eignaskiptayfirlýsingu, eignaskiptasamning, sérstakar samþykktir húsfélagsins ef um þær er að ræða, reikninga húsfélagsins og stöðu og framlög eignarhlutans gagnvart því og hússjóði þess.

Þá skal seljandi enn fremur gefa fullnægjandi og tæmandi upplýsingar um yfirstandandi eða fyrirhugaðar framkvæmdir, viðgerðir eða endurbætur.

Skal seljandi jafnan, ef því verður við komið, afla og leggja fram vottorð eða yfirlýsingu frá húsfélaginu um ofangreind atriði sem að því snúa.

Sé um hús í byggingu að ræða ber seljanda að gera glögga grein fyrir byggingarstigi, svo og áföllnum byggingarkostnaði og áætlun um endanlegan byggingarkostnað.

Annist löggiltur fasteignasali sölu eignar í fjöleignarhúsi, skal hann sjá til þess að þau gögn og upplýsingar, sem um getur í 1.–4. mgr., liggi fyrir og séu rækilega kynnt kaupanda áður en kaupsamningur er gerður og undirritaður.

Umráð og hagnýting séreignar. Viðhald. Úrræði húsfélags.

26. gr.

Eigandi hefur einn rétt til hagnýtingar og umráða yfir séreign sinni með þeim takmörkunum einum sem greinir í lögum þessum eða öðrum lögum sem leiðir af óskráðum grenndarreglum eða eðli máls eða byggjast á löglegum ákvörðunum og samþykktum húsfélagsins.

Eiganda er skylt á sinn kostnað að halda allri séreign sinni vel við og að haga afnotum og hagnýtingu hennar með þeim hætti að aðrir eigendur eða afnotahafar í húsinu verði ekki fyrir ónauðsynlegu og óeðlilegu ónæði, þ.e. meiri ama, ónæði og óþægindum en óhjákvæmilegt er og eðlilegt þykir í sambærilegum húsum.

Skal húsfélagið eða menn á þess vegum ef nauðsyn krefur hafa rétt til aðgangs að séreign til eftirlits með ástandi hennar og meðferð með hæfilegum fyrirvara og að teknu fullu tilliti til viðkomandi.

Sinni eigandi ekki eðlilegu og nauðsynlegu viðhaldi og umhirðu séreignar sinnar, þannig að sameign hússins eða einstakir séreignarhlutar líði fyrir vanræksluna og liggi undir skemmdum, eða viðhaldsleysið veldur verulegum ama eða veldur rýrnun á verðmæti annarra eigna, geta aðrir eigendur (húsfélagið) eftir a.m.k. eina skriflega áskorun og aðvörun látið framkvæma viðhald og viðgerðir og aðrar ráðstafanir á kostnað hans. Er eiganda skylt að veita óhindraðan aðgang að séreign sinni í því skyni. Þurfi húsfélag að leggja út fyrir kostnaði vegna þessa fylgir endurkröfunni lögveð í eignarhlutanum, sbr. 48. gr.

Bili lagnir, sem liggja um eða í séreignarhluta, er eigandi hennar skyldur til að veita aðgang að séreign sinni og leyfa nauðsynlegar viðgerðir. Gildir það bæði um sameiginlegar lagnir og sérlagnir annarra. Skal eiganda tilkynnt um viðgerðir með hæfilegum fyrirvara og skulu þær framkvæmdar með hæfilegum hraða og lokið svo fljótt sem auðið er. Skal allri séreigninni komið í samt horf og áður og eiganda að kostnaðarlausu. Leiði viðgerð til verulegra óþæginda eða afnotamissis á eigandi rétt á hæfilegum bótum.

Breytingar á hagnýtingu séreignar.

27. gr.

Breytingar á hagnýtingu séreignar frá því sem verið hefur eða ráð var fyrir gert í upphafi, sem hafa í för með sér verulega meira ónæði, röskun eða óþægindi fyrir aðra eigendur eða afnotahafa en áður var og gengur og gerist í sambærilegum húsum, eru háðar samþykki allra eigenda hússins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur eigandi ekki sett sig á móti slíkri breytingu ef sýnt er að hún hefur ekki í för með sér neina röskun á lögmætum hagsmunum hans.

Sé um að ræða breytta hagnýtingu sem ekki er veruleg er nægilegt að samþykki einfalds meiri hluta miðað við fjölda og eignarhluta liggi fyrir.

Ef breytt hagnýting eignarhluta hefur sérstök og veruleg óþægindi eða truflun í för með sér fyrir suma eigendur, einn eða fleiri, en aðra ekki þá eiga þeir sem sýnt geta fram á það sjálfstæðan rétt til að krefjast þess að af breytingunni verði ekki.

Byggingarréttur.

28. gr.

Sérstakur réttur eiganda til byggingar ofan á eða við húsið eða á lóð þess verður að byggjast á þinglýstum heimildum. Að öðrum kosti er slíkur byggingarréttur í sameign allra eigenda hússins.

Ef ekki leiðir annað af þinglýstum heimildum er slík bygging, sem um ræðir í 1. mgr., háð samþykki allra eigenda nema gert hafi verið ráð fyrir henni í upphafi á samþykktri teikningu.

Bygging samkvæmt samþykktri teikningu.

29. gr.

Rúmist bygging innan samþykktrar teikningar og sé byggingarrétturinn í eigu ákveðins eiganda, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 28. gr., getur hann ráðist í framkvæmdir að fengnum nauðsynlegum byggingarleyfum, enda taki hann sanngjarnt tillit til annarra eigenda við framkvæmdirnar og kosti kapps um að halda röskun og óþægindum í lágmarki.

Rúmist bygging innan samþykktrar teikningar og sé byggingarrétturinn í sameign má ráðast í framkvæmdir ef a.m.k. ⅔ hlutar eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta eru því samþykkir.

Aðrar byggingar og breytingar.

30. gr.

Sé um byggingu, endurbætur eða framkvæmdir að ræða sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í upphafi og á samþykktri teikningu þá verður ekki í hana ráðist nema allir eigendur samþykki, ef um er að ræða verulega breytingu á sameign, þar á meðal útliti hússins.

Sé um að ræða framkvæmdir sem hafa breytingar á sameign, utan húss eða innan, í för með sér sem þó geta ekki talist verulegar þá nægir að ⅔ hlutar eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta séu því meðmæltir.

Til smávægilegra breytinga og endurnýjana nægir þó alltaf samþykki einfalds meiri hluta miðað við eignarhluta.

Breytingar á hagnýtingu sameignar.

31. gr.

Reglum 30. gr. skal beita eftir því sem við á um breytingar á hagnýtingu sameignar eða hluta hennar enda þótt ekki sé um framkvæmdir að tefla, sbr. einnig 19. gr.

Forgangsréttur til byggingar. Bótaréttur.

32. gr.

Að öðru jöfnu hefur sá eigandi forgangsrétt til byggingar ofan á hús, við hús eða á lóð þess, þar á meðal til bílskúrsbyggingar, sem stærri hlut á í húsinu, leiði ekki annað af þinglýstum heimildum. Ef tveir eða fleiri eigendur eiga jafnstóra og stærsta hluta, þá ræður hlutkesti.

Hyggist eigandi nota sér forgangsrétt sinn skv. 1. mgr. skal hann áður en í framkvæmdir er ráðist bjóða fram fébætur til annarra eigenda, sem byggingarréttinn eiga með honum, samkvæmt mati dómkvaddra manna ef samkomulag næst ekki.

Hafi framkvæmdir verið hafnar, án þess að bætur hafi verið boðnar fram, geta aðrir eigendur krafist þess að þær verði stöðvaðar.

Bílastæði.

33. gr.

Bílastæði á lóð fjöleignarhúss eru sameiginleg og óskipt, nema ákveðið sé í þinglýstum heimildum, að tiltekin bílastæði fylgi ákveðnum séreignarhlutum.

Verður óskiptum bílastæðum ekki skipt nema allir eigendur samþykki og skulu þá gerðar nauðsynlegar breytingar á eignaskiptayfirlýsingu og þeim þinglýst.

III. KAFLI
Nánar um réttindi og skyldur.

Hagnýting sameignar.

34. gr.

Séreignareigandi hefur ásamt og í félagi með öðrum eigendum rétt til hagnýtingar þess hluta fjöleignarhússins, sem er sameiginlegur, svo og sameiginlegrar lóðar og búnaðar.

Réttur þessi nær til sameignarinnar í heild og takmarkast eingöngu af hagsmunum og jafnríkum rétti annarra eigenda, en slíkar takmarkanir er að finna í lögum þessum og samþykktum og reglum húsfélags samkvæmt þeim.

Réttur til að hagnýta sameign fer ekki eftir hlutfallstölum og hafa allir eigendur jafnan hagnýtingarrétt þótt hlutfallstölur séu misháar.

Takmarkanir á hagnýtingarrétti.

35. gr.

Sérhverjum eiganda og afnotahafa ber skylda til að taka sanngjarnt og eðlilegt tillit til annarra eigenda og afnotahafa við hagnýtingu sameignar og fara í hvívetna eftir löglegum reglum og ákvörðunum húsfélagsins varðandi afnot hennar.

Eigendum og öðrum afnotahöfum er óheimilt að nota sameiginlegt húsrými eða lóð til annars en það er ætlað.

Eigendum og öðrum afnotahöfum er skylt að ganga vel og þrifalega um sameiginlegt húsrými og lóð og sömuleiðis um sameiginlegan búnað hússins og gæta þess sérstaklega í umgengni sinni að valda ekki öðrum í húsinu óþægindum eða ónæði.

Einstökum eigendum verður ekki fenginn aukinn og sérstakur réttur til hagnýtingar sameignar umfram aðra eigendur nema allir eigendur ljái því samþykki.

Ráðstöfunarréttur eigenda yfir sameign.

36. gr.

Eiganda er á eigin spýtur óheimilt að framkvæma nokkrar breytingar á sameign eða helga sér til einkanota tiltekna hluta hennar. Eigandi getur ekki öðlast sérstakan rétt til sameignar á grundvelli hefðar, hvorki eignarrétt né aukinn afnotarétt.

Einstökum eiganda er ekki heimilt upp á sitt einsdæmi að taka ákvarðanir eða gera ráðstafanir sem snerta sameign eða sameiginleg málefni nema svo sé ástatt sem greinir í 37. og 38. gr.

Ráðstafanir til að forðast tjón.

37. gr.

Eiganda er heimilt að gera brýnar ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirvofandi tjón á sameign eða einstökum séreignarhlutum og ekki þola bið eftir sameiginlegri ákvörðun húsfélagsins eða stjórnar þess, ef því er að skipta. Skal hann, svo sem frekast er kostur, gæta þess að slíkar ráðstafanir verði ekki umfangsmeiri og kostnaðarsamari en nauðsyn krefur og telst þá kostnaðurinn sameiginlegur.

Þá er eiganda einnig rétt að gera þær ráðstafanir vegna sameignarinnar sem lögboðnar eru og ekki mega bíða, sbr. 1. mgr.

Nauðsynlegt viðhald. Athafnaleysi húsfélags.

38. gr.

Eiganda er rétt að láta framkvæma nauðsynlegar viðgerðir á sameign á kostnað allra ef hún eða séreignarhlutar liggja undir skemmdum vegna vanrækslu á viðhaldi og húsfélagið eða aðrir eigendur hafa ekki, þrátt fyrir tilmæli og áskoranir, fengist til samvinnu og til að hefjast handa í því efni.

Áður en framkvæmdir hefjast skal viðkomandi eigandi jafnan afla sönnunar á nauðsyn viðgerðarinnar, umfangi hennar og kostnaði við hana og öðrum atriðum sem máli geta skipt. Skal viðgerðin síðan framkvæmd á þeim grundvelli en óveruleg og óhjákvæmileg frávik skipta þó ekki máli.

Með kostnað vegna undirbúnings slíkra viðgerða og framkvæmdar þeirra skal fara sem sameiginlegan kostnað samkvæmt lögum þessum.

Meginreglur um töku ákvarðana.

39. gr.

Allir hlutaðeigandi eigendur eiga óskoraðan rétt á að eiga og taka þátt í öllum ákvörðunum er varða sameignina, bæði innan húss og utan og sameiginleg málefni sem snerta hana beint og óbeint.

Ákvörðunarréttur skv. 1. mgr. á m.a. við um fyrirkomulag, skipulag, útlit, viðbyggingar, breytingar, hvers kyns framkvæmdir, endurbætur, viðhald, rekstur, ráðstöfun með samningi, hagnýtingu sameignar og séreignar og setningu reglna þar um.

Sé um að ræða sameign sumra en ekki allra, sbr. 7. gr., nægir að þeir sem hlut eiga að máli standi saman að ákvörðun nema um atriði eða framkvæmd sé að ræða sem snertir líka hagsmuni hinna þótt ekki liggi fyrir greiðsluskylda þeirra, svo sem útlitsatriði.

Sameiginlegar ákvarðanir skulu teknar á sameiginlegum fundi eigenda, húsfundi, en þó getur stjórn húsfélags tekið vissar ákvarðanir í umboði eigenda sem bindandi eru fyrir þá, sbr. 69. og 70. gr. Þá hafa einstakir eigendur í vissum tilvikum, sbr. 37. og 38. gr., rétt til að gera ráðstafanir sem bindandi eru fyrir aðra þótt fundur hafi ekki fjallað um þær.

Úrræði eiganda sé hann ekki hafður með í ráðum.

40. gr.

Hafi eigandi ekki verið boðaður á húsfund með þeim hætti sem lög þessi mæla fyrir um þar sem ákvörðun er tekin um sameiginleg málefni þá er hann ekki bundinn af ákvörðunum sem á þeim fundi eru teknar, sbr. þó 3. mgr.

Hafi verið tekin ákvörðun um sameiginlega framkvæmd getur hann krafist þess að hún verði stöðvuð og neitað að greiða hlutdeild í kostnaði vegna hennar þar til lögleg ákvörðun hefur verið tekin. Skal eigandi hafa uppi slík andmæli án ástæðulauss dráttar og strax og tilefni er til.

Hafi eigandi sótt fund óboðaður eða þrátt fyrir ófullnægjandi boðun þá getur hann ekki borið fyrir sig ágalla á fundarboðun og eru þá ákvarðanir fundarins bindandi fyrir hann.

Húsfélagi er rétt að bæta úr eða staðfesta á öðrum fundi, sem skal haldinn svo fljótt sem kostur er, ákvörðun sem annmarki er á að þessu leyti. Sé það gert verður ákvörðunin bindandi fyrir viðkomandi eiganda og hann greiðsluskyldur.

Ef um óverulegan ágalla á fundarboði eða fundi að öðru leyti hefur verið að ræða þá er eiganda ekki rétt, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., að synja um greiðslu ef ákvörðun hefur verið um brýna framkvæmd, t.d. nauðsynlegt viðhald, eða ef augljóst er að vera hans á fundi, málflutningur og atkvæðagreiðsla gegn framkvæmd hefði engu breytt um niðurstöðuna og ákvörðunina, svo sem ef yfirgnæfandi meiri hluti eigenda hefur verið á fundinum og greitt atkvæði með.

Reglur um töku ákvarðana.

41. gr.

Við ákvarðanatöku um sameiginleg málefni í fjöleignarhúsum, sbr. 39. gr., gilda þessar reglur:

A. Til ákvarðana um eftirfarandi þarf samþykki allra eigenda:
1. Breytingar á þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum, sbr. 18. gr.
2. Ráðstöfun á verulegum hlutum sameignar, sbr. 1. mgr. 19. gr.
3. Sala á séreignarhlutum til utanaðkomandi, sbr. 2. mgr. 21. gr.
4. Varanleg skipting séreignar í fleiri einingar, sbr 3. mgr. 21. gr.
5. Verulegar breytingar á hagnýtingu séreignar, sbr. 1. mgr. 27. gr.
6. Bygging, framkvæmdir og endurbætur sem hafa í för með sér verulegar breytingar á sameign, sbr. 2. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 30. gr.

7. Verulegar breytingar á hagnýtingu og afnotum sameignar, sbr. 31. gr.
8. Skipting bílastæða, sbr. 33. gr.
9. Um sérstakan aukinn rétt einstakra eigenda til afnota af sameign, sbr. 4. mgr. 35. gr.
10. Um meiri og víðtækari takmarkanir á ráðstöfunar- og hagnýtingarrétti eiganda yfir séreign en leiðir af ákvæðum laga þessara eða eðli máls, sbr. 3. mgr. 57. gr.
11. Um mjög óvenjulegan og dýran búnað og annað sem almennt tíðkast ekki í sambærilegum húsum.
12. Til ráðstafana og ákvarðana sem ekki varða sameignina og sameiginleg málefni, en eigendur telja æskilegt að þeir standi saman að og ráði í félagi.

B. Til neðangreindra ákvarðana þarf samþykki ⅔ hluta eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta:
1. Sala eða leiga á óverulegum hlutum sameignar, sbr. 2. mgr. 19. gr.
2. Viðbygging í samræmi við samþykkta teikningu, sbr. 2. mgr. 29. gr.
3. Bygging og endurbætur, sem ekki breyta sameign verulega, sbr. 2. mgr. 30. gr.
4. Óveruleg breyting á hagnýtingu sameignar, sbr. 2. mgr. 30. gr. og 31. gr.
5. Að ráðast í viðgerðir á séreign vegna vanrækslu eiganda, sbr. 4. mgr. 26. gr.
6. Að brotlegum eiganda eða afnotahafa verði bönnuð búseta eða hagnýting séreignar og gert að flytja og selja eign sína, sbr. 55. gr.
7. Setning sérstakra húsfélagssamþykkta, sbr. 75. gr., nema um sé að ræða atriði sem samþykki allra þarf til.
8. Frávik frá reglum um skiptingu sameiginlegs kostnaðar, sbr. 46. gr.
9. Endurbætur, breytingar og nýjungar, sem ganga verulega lengra og eru verulega dýrari og umfangsmeiri en venjulegt og nauðsynlegt viðhald.

C. Til ákvarðana um neðangreind málefni þarf samþykki einfalds meiri hluta eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta á húsfundi:
1. Samþykkt og setning húsreglna, sbr. 74. gr.
2. Eignatilfærslur milli eigenda á hluta séreignar, sbr. 1. mgr. 23. gr.
3. Breytt hagnýting séreignar sem ekki er veruleg, sbr. 3. mgr. 27. gr.
4. Um framkvæmdir sem greiðast að jöfnu og rekstrar- og stjórnunarmálefni, sbr. B-lið 45. gr.
5. Við kosningu stjórnar húsfélags og til annarra trúnaðarstarfa á vegum þess.

D. Til allra annarra ákvarðana en greinir í liðum A–C hér að ofan nægir samþykki einfalds meiri hluta eigenda miðað við hlutfallstölur á löglega boðuðum húsfundi.

E. Minni hluti eigenda, sem þó er a.m.k. ¼ hluti annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta, getur krafist þess:
1. Að stofnaður verði hússjóður til að standa straum af sameiginlegum útgjöldum, sbr. 49. gr.
2. Að endurskoðandi húsfélags skuli vera löggiltur endurskoðandi, sbr. 73. gr.
3. Að haldinn verði húsfundur um tiltekin málefni, sbr. 2. lið 1. mgr. 60. gr.

Komi fram kröfur um ofangreint frá tilskildum fjölda eigenda þá er húsfélaginu, öðrum eigendum og stjórn þess skylt að verða við þeim og framfylgja þeim.

Kröfur um fundarsókn.

42. gr.

Húsfundur getur tekið ákvarðanir skv. C-, D- og E-liðum 41. gr. án tillits til fundarsóknar enda sé hann löglega boðaður og haldinn.

Sé um að ræða ákvarðanir sem falla undir B-lið 41. gr. þá verður a.m.k. helmingur eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta að vera á fundi og tilskilinn meiri hluti þeirra að greiða atkvæði með tillögu.

Sé fundarsókn ekki nægileg skv. 2. mgr. en tillagan þó samþykkt með ⅔ hluta atkvæða á fundinum bæði miðað við fjölda og eignarhluta þá skal innan 14 daga halda nýjan fund og bera tillöguna aftur upp á honum. Sá fundur getur tekið ákvörðun án tillits til fundarsóknar og fái tillagan tilskilinn meiri hluta (⅔) á fundinum telst hún samþykkt.

Sameiginlegur kostnaður.

43. gr.

Sameiginlegur kostnaður er:

1. Allur kostnaður, hverju nafni sem hann nefnist, sem snertir sameign fjöleignarhúss, bæði innan húss og utan, sameiginlega lóð þess og sameiginlegan búnað og lagnir, sem leiðir af löglegum ákvörðunum stjórnar húsfélagsins, almenns fundar þess og þeim ráðstöfunum sem einstakur eigandi hefur heimild til að gera.
2. Opinber gjöld sem reiknuð eru af húsinu í heild, svo og vatns-, hita- og rafmagnskostnaður.
3. Skaðabætur bæði innan og utan samninga sem húsfélagi er gert að greiða og tjón á séreignum eða eignum annarra vegna bilunar eða vanrækslu á viðhaldi á sameign og sameiginlegum búnaði, sbr. 52. gr.

Sameiginlegur kostnaður er, auk þeirra kostnaðarliða sem sérstaklega eru tilgreindir í 1. mgr., m.a. fólginn í viðbyggingum, breytingum, endurbótum, endurnýjunum, viðhaldi, viðgerðum, umhirðu, hreingerningum, rekstri, hússtjórn, tryggingaiðgjöldum o.fl.

Sameiginlegur kostnaður allra eða sumra.

44. gr.

Sameiginlegur kostnaður skv. 43. gr. er sameiginlegur öllum eigendum, en getur þó í undantekningartilvikum verið sameiginlegur sumum eigendum en ekki öllum, sbr. 7. gr.

Reglur um skiptingu sameiginlegs kostnaðar.

45. gr.

Sameiginlegum kostnaði skal skipt niður á hlutaðeigandi eigendur eftir þeim reglum sem hér fara á eftir:

A. Allur sameiginlegur kostnaður, hverju nafni sem hann nefnist, sem ekki fellur ótvírætt undir liði B og C hér að neðan, skiptist á eigendur eftir hlutfallstölum eignarhluta í viðkomandi sameign.
B. Neðangreindur kostnaður skiptist og greiðist að jöfnu:
   1. Kostnaður við gerð, viðhald og rekstur sameiginlegra óskiptra bílastæða, svo og slíkur kostnaður við sameiginlegar aðkeyrslur.
   2. Viðhalds- og rekstrarkostnaður sameiginlegs þvottahúss, þar með talið kaupverð og viðhald sameiginlegra tækja.

3. Viðhalds- og rekstrarkostnaður lyftu.
4. Kaupverð og viðhald dyrasíma, sjónvarps- og útvarpskerfa, loftneta, póstkassa, nafnskilta og annars búnaðar sem eigendur hafa jöfn afnot og gagn af með líkum hætti.
5. Allur sameiginlegur rekstrarkostnaður, svo sem rafmagn, hiti og vatn í sameign og umhirða sameiginlegs húsrýmis og lóðar.
6. Kostnaður við hússtjórn og endurskoðun.
7. Sameiginleg afnotagjöld og félagsgjöld.

C. Kostnaði, hver sem hann er, skal þó jafnan skipt í samræmi við not eigenda ef unnt er að mæla óyggjandi not hvers og eins.

Frávik frá reglum um kostnaðarskiptingu.

46. gr.

Ef hagnýting séreignar eða breytt hagnýting eða búnaður í henni hefur í för með sér sérstök eða aukin sameiginleg útgjöld getur húsfundur ákveðið að eigandi hennar skuli greiða sem því nemur stærri hlut í sameiginlegum kostnaði en leiðir af reglum 45. gr.

Þá er einnig heimilt að víkja frá ákvæðum 45. gr. þegar um er að ræða hús sem hafa að einhverju leyti eða öllu að geyma húsnæði til annars en íbúðar, svo sem blandað íbúðar- og atvinnuhúsnæði eða atvinnuhúsnæði eingöngu.

Er heimild til frávika háð því að reglur 45. gr. um skiptingu kostnaðar eigi illa við og séu ósanngjarnar í garð eins eða fleiri eigenda. Er þá heimilt að byggja á öðrum reglum og sjónarmiðum við skiptingu sameiginlegs kostnaðar sem taka t.d. í ríkara mæli mið af mismunandi notum, gagni og hagnýtingu einstakra eigenda.

Ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. skal taka á húsfundi og þarf til þeirra samþykki ⅔ hluta eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta. Sé hinni nýju kostnaðarskiptingu ætlað almennt gildi og til frambúðar þá skal yfirlýsingu um hana þinglýst.

Skylda til greiðslu sameiginlegs kostnaðar.

47. gr.

Skylda til að greiða hlutdeild séreignar í sameiginlegum kostnaði hvílir á þeim sem er eigandi hennar á hverjum tíma.

Sé eign í fjöleignarhúsi seld skal seljandi tilkynna húsfélagi þess sannanlega um eigendaskiptin án ástæðulauss dráttar.

Sá er ábyrgur gagnvart húsfélagi fyrir hlutdeild í sameiginlegum kostnaði sem er þinglýstur eigandi á hverjum tíma og er húsfélagi rétt að beina kröfum sínum að honum nema eigendaskiptin hafi verið tilkynnt því og óyggjandi sé að nýr eigandi hafi tekið við réttindum og skyldum.

Lögveð.

48. gr.

Greiði eigandi ekki hlutdeild sína í sameiginlegum kostnaði, þar með talin gjöld í sameiginlegan hússjóð, þá eignast húsfélagið eða aðrir eigendur lögveð í eignarhluta hans til tryggingar kröfunni. Lögveðið nær einnig til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta.

Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samningsveðum og aðfararveðum, svo og yngri lögveðum öðrum.

Lögveðið stofnast þegar húsfélag eða aðrir eigendur inna greiðslur af hendi eða á gjalddaga hússjóðsgjalda ef um slík vanskil er að ræða.

Lögveðið fellur niður ef því er ekki fylgt eftir með lögsókn eða því lýst við nauðungarsölu innan árs frá stofnun þess. Viðurkenning eiganda utan réttar nægir ekki til að rjúfa fyrninguna.

Hússjóður og gjöld í hann.

49. gr.

Þegar þess er krafist af minnst ¼ hluta eigenda annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta skal stofna hússjóð til að standa straum af sameiginlegum útgjöldum.

Skal aðalfundur húsfélags ákveða gjöld í sjóðinn fyrir næsta ár á grundvelli áætlunar um sameiginleg útgjöld (rekstrar- og framkvæmdaáætlunar) á því ári. Getur hússjóður bæði verið rekstrar- og framkvæmdasjóður eftir nánari reglum sem húsfundur setur. Skal hússjóðsgjald greiðast mánaðarlega 1. dag hvers mánaðar nema húsfundur eða stjórn ákveði annað.

Skulu gjöld í hússjóð ákveðin og þeim skipt í samræmi við reglur 45. gr. um skiptingu sameiginlegs kostnaðar. Eigendur geta þó ekki borið fyrir sig óveruleg frávik, en þau skal jafna við árlegt heildaruppgjör á reikningum húsfélagsins.

Viðhald séreignar. Sérkostnaður.

50. gr.

Eigandi skal sjá um og kosta allt viðhald og allan rekstur á séreign sinni, þar með talið á búnaði, tækjum og lögnum sem henni tilheyra, sbr. 4. og 5. gr. Telst allur slíkur kostnaður, hverju nafni sem hann nefnist, vera sérkostnaður.

Um úrræði húsfélags og annarra eigenda vegna vanrækslu eiganda á nauðsynlegu viðhaldi séreignar eru ákvæði í 26. gr.

Skaðabótaábyrgð eiganda.

51. gr.

Eigandi séreignar er ábyrgur gagnvart öðrum eigendum hússins og afnotahöfum vegna fjártjóns sem verður á eignum þeirra og stafar af:

1. Vanrækslu á viðhaldi séreignar, búnaði hennar og lögnum.
2. Mistökum við meðferð hennar og viðhald.
3. Bilun á búnaði séreignar og lögnum þótt eiganda verði ekki um það kennt.

Nær bótaskylda skv. 1. mgr. einnig til afleidds tjóns, svo sem afnotamissis.

Bótakröfu samkvæmt grein þessari fylgir lögveð í eignarhluta hins bótaskylda eiganda. Um lögveð þetta fer eftir reglum 48. gr. eftir því sem við getur átt.

Skaðabótaábyrgð húsfélags.

52. gr.

Húsfélag er ábyrgt með sama hætti gagnvart einstökum eigendum og afnotahöfum og segir í 1. og 2. mgr. 51 gr. þegar tjón stafar af:

1. Vanrækslu á viðhaldi sameignar, búnaði hennar og lögnum.
2. Mistökum við meðferð hennar og viðhald.
3. Bilun á búnaði sameignar og sameiginlegum lögnum þótt engum sem húsfélagið ber ábyrgð á verði um það kennt.

Tryggingar.

53. gr.

Eigendur og húsfélag skulu jafnan, eftir því sem kostur er, kaupa og hafa vátryggingu til að mæta ábyrgð og áhættu skv. 51. og 52. gr.

Ef húsfundur samþykkir með einföldum meiri hluta greiddra atkvæða miðað við hlutfallstölur skal kaupa slíka vátryggingu fyrir allt fjöleignarhúsið, þ.e. fyrir alla séreignarhluta og sameign.

Ábyrgð eigenda út á við.

54. gr.

Ábyrgð eigenda út á við gagnvart kröfuhöfum húsfélagsins á sameiginlegum skyldum og skuldbindingum er persónuleg (með öllum eignum þeirra) og eru þeir ábyrgir einn fyrir alla og allir fyrir einn (in solidum).

Ábyrgð eigenda er einnig bein, en þó skal kröfuhafi, áður en hann beinir kröfu að einstökum eiganda, fyrst reyna að fá hana greidda af húsfélaginu. Fáist ekki, þrátt fyrir innheimtutilraunir, greiðsla frá því innan 30 daga frá því að þær hófust getur kröfuhafi leitað fullnustu fyrir allri kröfunni hjá eigendum, einum eða fleirum.

Dómur á hendur húsfélagi er aðfararhæfur gagnvart einstökum eigendum ef þeir hafa átt þess kost að gæta réttar síns og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við rekstur dómsmálsins.

Hafi eigandi efnt sameiginlega fjárskuldbindingu þá eignast hann endurkröfurétt á hendur húsfélaginu eða öðrum eigendum í hlutfalli við hlutdeild þeirra í viðkomandi kostnaði, allt að frádregnum hluta sínum. Fylgir þessari endurkröfu lögveð í eignarhlutum annarra með sama hætti og segir í 48. gr.

Úrræði húsfélags við vanefndir og brot eiganda.

55. gr.

Gerist eigandi, annar íbúi húss eða afnotahafi sekur um gróf eða ítrekuð brot á skyldum sínum gagnvart húsfélaginu eða eigendum, einum eða fleirum, þá getur húsfélagið með ákvörðun skv. 6. tölul. B-liðar 41. gr. lagt bann við búsetu og dvöl hins brotlega í húsinu, gert honum að flytja og krafist þess að hann selji eignarhluta sinn.

Áður en húsfélag grípur til aðgerða skv. 1. mgr. skal það a.m.k. einu sinni skora á hinn brotlega að taka upp betri siði og vara hann við afleiðingum þess ef hann lætur sér ekki segjast. Er réttmæti frekari aðgerða háð því að slík aðvörun, sem vera skal skrifleg og send með sannanlegum hætti, hafi verið gefin og send og að hún hafi ekki borið árangur.

Láti hinn brotlegi ekki skipast skv. 2. mgr. er húsfélagi rétt að banna honum búsetu og dvöl í húsinu og skipa honum að flytja á brott með fyrirvara, sem skal að jafnaði ekki vera skemmri en einn mánuður. Þó má fyrirvari vera skemmri ef eðli brota, viðbrögð við aðvörun eða aðrar knýjandi ástæður valda því að aðgerðir þola ekki bið.

Með sama hætti er húsfélagi rétt að krefjast þess að hinn brotlegi selji eignarhluta sinn svo fljótt sem auðið er. Skal veita honum sanngjarnan frest í því skyni sem skal þó að jafnaði ekki vera lengri en þrír mánuðir.

Ef hinn brotlegi sinnir ekki kröfum húsfélagsins skv. 3. og 4. mgr. getur það framfylgt þeim með lögsókn, eftir atvikum lögbanni og/eða útburði án undangengins dóms. Á grundvelli dóms um skyldu hins brotlega til sölu eignar getur húsfélagið krafist þess að hún verði seld nauðungarsölu samkvæmt lögum nr. 90/1991, sbr. 3. mgr. 8. gr. þeirra laga.

Ef brot og ónæði bitnar aðallega eða eingöngu á einstökum eða fáum eigendum, en húsfélagið vill eigi beita úrræðum þeim sem í fyrri málsgreinum þessarar greinar felast, þá geta þeir sem misgert er við (einn eða fleiri), án atbeina húsfélagsins hafist handa gagnvart hinum brotlega og beitt og framfylgt ofangreindum úrræðum.

IV. KAFLI
Um húsfélög.

Húsfélög og aðild að þeim.

56. gr.

Húsfélög eru til í öllum fjöleignarhúsum í krafti ákvæða laga þessara, sbr. 3. mgr. 10. gr., og þarf ekki að stofna þau sérstaklega og formlega.

Allir eigendur og aðeins þeir eru félagsmenn í húsfélagi viðkomandi fjöleignarhúss, sbr. 47. gr. Réttindi og skyldur til þátttöku í húsfélagi eru órjúfanlega tengd eignarrétti að einstökum eignarhlutum. Enginn eigandi getur synjað þátttöku í húsfélagi eða sagt sig úr því nema með sölu eignarhluta síns.

Hlutverk, tilgangur og valdsvið.

57. gr.

Hlutverk og tilgangur húsfélaga er aðallega að sjá um varðveislu, viðhald, endurbætur og rekstur sameignarinnar þannig að hún fái sem best þjónað sameiginlegum þörfum eigenda og stuðla að og framfylgja því með samþykktum, reglum og ákvörðunum að hagnýting hússins, bæði séreigna og sameignar, sé ávallt með eðlilegum hætti og þannig að verðgildi eigna haldist.

Valdsvið húsfélags er bundið við sameignina og ákvarðanir sem varða hana og nauðsynlegar eru vegna hennar og sameiginlegra hagsmuna eigenda.

Húsfélag getur ekki tekið ákvarðanir gegn vilja eiganda sem fela í sér meiri og víðtækari takmarkanir á ráðstöfunar- og umráðarétti hans yfir séreigninni, en leiðir af ákvæðum laga þessara eða eðli máls.

Almennir fundir. Fundarseta.

58. gr.

Æðsta vald í málefnum húsfélagsins er í höndum almenns fundar þess, húsfundar.

Rétt til fundarsetu hafa félagsmenn, makar þeirra og sambúðarfólk. Maki eða sambúðaraðili getur farið með atkvæðisrétt fyrir félagsmann á fundi án sérstaks umboðs.

Þá má félagsmaður veita sérhverjum lögráða manni umboð til að mæta á fundi og greiða atkvæði. Skal umboðsmaður leggja fram á fundinum skriflegt og dagsett umboð. Slíkt umboð má hvenær sem er afturkalla.

Fundurinn getur heimilað leigjendum í húsinu og öðrum, sem geta átt hagsmuna að gæta, að sitja fundi og hafa þar málfrelsi, en hvorki tillögu- né atkvæðisrétt.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og húsvörður eru skyldir til að mæta á fundi nema fundarseta þeirra sé bersýnilega óþörf eða þeir hafi lögmæt forföll.

Þá er endurskoðanda húsfélagsins rétt að sækja fundi og taka til máls og gefa skýringar.

Aðalfundur og boðun hans.

59. gr.

Aðalfundur húsfélags skal haldinn ár hvert fyrir lok aprílmánaðar.

Til aðalfundar skal stjórnin boða skriflega og með sannanlegum hætti með minnst 8 og mest 20 daga fyrirvara. Búi félagsmaður ekki í húsinu verður hann að tilkynna húsfélaginu um heimilisfang sem senda skal fundarboð til óski hann eftir að fá það í hendur.

Í fundarboði skal greina fundartíma, fundarstað og dagskrá. Þá skal geta þeirra mála sem ræða á og meginefni tillagna þeirra sem leggja á fyrir fundinn.

Vilji eigandi fá mál tekið fyrir og til atkvæðagreiðslu á aðalfundi skal hann greina stjórn frá því skriflega með þeim fyrirvara, að unnt sé að geta þeirra í fundarboði.

Aðrir almennir fundir og boðun þeirra.

60. gr.

Almennir fundir eru annars haldnir:

1. Þegar stjórnin telur það nauðsynlegt.
2. Þegar þess er skriflega krafist af ¼ hluta félagsmanna, annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta, og skulu þeir jafnframt tiltaka þau málefni sem óskast rædd og tekin fyrir og afgreidd.
3. Þá skal enn fremur halda fund í samræmi við ákvörðun fyrri fundar.

Stjórnin skal boða til almenns fundar með minnst 4 og mest 20 daga fyrirvara. Búi félagsmaður ekki í húsinu verður hann að tilkynna húsfélaginu um heimilisfang, sem senda skal fundarboð til, óski hann eftir að fá það í hendur. Skal boða fund tryggilega. Í fundarboði skal greina tíma og stað fundarins og þau mál sem fyrir verða tekin og meginefni tillagna.

Sinni stjórnin ekki án ástæðulauss dráttar kröfu skv. 2. tölul. 1. mgr. er viðkomandi eigendum rétt að boða sjálfir til fundarins og halda hann og telst hann þá löglegur að öðrum skilyrðum fullnægðum.

Verkefni aðalfundar.

61. gr.

Á aðalfundi skulu fyrir tekin eftirtalin mál:

1. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.
2. Framlagning ársreikninga til samþykktar og umræður um þá.
3. Kosning formanns.
4. Kosning annarra stjórnarmanna.
5. Kosning varamanna.
6. Kosning endurskoðanda og varamanns hans.
7. Framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár.
8. Ákvörðun hússjóðsgjalda.
9. Mál sem tiltekin eru í fundarboði.
10. Önnur mál.

Verkefni annarra funda.

62. gr.

Á öðrum húsfundum en aðalfundi skal fjalla um þau mál sem tiltekin eru í fundarboði.

Hver félagsmaður getur skotið þeim ákvörðunum stjórnar sem honum við koma til húsfundar.

Hver félagsmaður á rétt á að fá ákveðin mál tekin fyrir til umræðu á húsfundi, en ekki til atkvæðagreiðslu nema þess hafi verið getið í fundarboði.

Séu allir félagsmenn mættir getur fundurinn samþykkt afbrigði og tekið mál til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu þótt þeirra hafi ekki verið getið í fundarboði. Gildir þetta einnig um aðalfundi.

Atkvæðagreiðslur og vægi atkvæða.

63. gr.

Um vægi atkvæða félagsmanna við ákvarðanir og vald og heimildir húsfélags og funda þess við ákvarðanatökur fer eftir ákvæðum 39.–42. gr. laga þessara.

Fundarstjórn. Fundargerð.

64. gr.

Húsfundi er stjórnað af formanni húsfélagsins, en ef hann er ekki viðstaddur velur fundurinn sjálfur fundarstjóra úr hópi félagsmanna.

Undir umsjá og á ábyrgð fundarstjóra skal rita í sérstaka fundargerðabók meginatriði allra mála sem tekin eru fyrir og allar ákvarðanir sem teknar eru og hvernig atkvæði hafa fallið ef því er að skipta.

Skal fundargerðin lesin upp í lok fundar, hún leiðrétt og athugasemdir skráðar. Skal hún síðan undirrituð af fundarstjóra og a.m.k. einum öðrum félagsmanni, sem fundurinn hefur tilnefnt til þess.

Fundargerðir skulu jafnan vera aðgengilegar fyrir félagsmenn og eiga þeir rétt á því að fá staðfest endurrit eða ljósrit þeirra.

Vanhæfi við ákvarðanatöku.

65. gr.

Enginn má sem félagsmaður eða umboðsmaður hans taka þátt í atkvæðagreiðslu um samninga eða málefni ef hann á sérstakra persónulegra eða fjárhagslegra hagsmuna að gæta í málinu.

Stjórn, kosning, kjörgengi o.fl.

66. gr.

Í húsfélagi skal vera stjórn sem kosin er á aðalfundi.

Stjórnina skipa að jafnaði a.m.k. þrír menn og er einn þeirra formaður sem kosinn skal sérstaklega. Ef þurfa þykir skal kjósa jafnmarga varamenn. Skulu þeir þá kjörnir sem 1., 2. og 3. varamaður og taka sæti í aðalstjórn í þeirri röð.

Kjörgengir til stjórnar eru félagsmenn, makar þeirra eða sambúðarfólk og nánir ættingjar. Skulu stjórnarmenn vera lögráða.

Kjörtímabil stjórnar er eitt ár eða á milli aðalfunda og lýkur því í lok aðalfundar á því ári sem kjörtímabilið rennur út.

Stjórnin skiptir með sér verkum eftir því sem þurfa þykir.

Sérstök stjórn er óþörf í minni húsum.

67. gr.

Þegar um er að ræða fjöleignarhús með sex eignarhlutum eða færri er ekki þörf á að kjósa og hafa sérstaka stjórn og fara þá allir eigendur í félagi saman með það vald og þau verkefni sem stjórnin annars færi með samkvæmt lögum þessum.

Einnig er heimilt í slíkum húsum að fela einum eiganda að einhverju leyti eða öllu verkefni stjórnar og skal þá beita ákvæðum laganna um stjórn eftir því sem við á um hann.

Stjórnarfundir.

68. gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda þegar hann telur þess þörf en einnig skal halda fund ef einhver stjórnarmaður krefst þess.

Skal boða fund með hæfilegum fyrirvara og er þriggja daga fyrirvari jafnan nægilegur.

Jafnan skal, ef þess er kostur, upplýsa stjórnarmenn um það fyrir fram hvaða málefni verða tekin fyrir.

Formaður stýrir stjórnarfundi en sé hann forfallaður og hafi varaformaður ekki verið kosinn velur stjórnin sjálf fundarstjóra úr sínum hópi.

Stjórnin er ákvörðunarhæf þegar meiri hluti stjórnarmanna er á fundi sem hefur verið boðaður á fullnægjandi hátt.

Á stjórnarfundum er málum ráðið til lykta með einföldum meiri hluta atkvæða. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns úrslitum.

Stjórnin skal færa í fundargerðarbók meginatriði þess sem gert er og ákveðið á fundum. Skal fundargerðin undirrituð af öllum viðstöddum stjórnarmönnum.

Skyldur og verkefni stjórnar. Framkvæmdastjóri. Vanhæfi.

69. gr.

Stjórnin fer með sameiginleg málefni húsfélagsins milli funda og sér um framkvæmd viðhalds og rekstur sameignarinnar og öll önnur sameiginleg málefni í samræmi við ákvæði laga þessara, önnur lög og samþykktir og ákvarðanir húsfunda.

Stjórnin skal halda glögga reikninga yfir tekjur og gjöld húsfélagsins. Skal hún innheimta hjá eigendum hlutdeild þeirra í sameiginlegum kostnaði og hússjóðsgjöld. Þá skal stjórnin varðveita og ávaxta fjármuni húsfélagsins á ábatasaman og tryggan hátt.

Stjórnin getur ráðið framkvæmdastjóra eða annan starfsmann sér til aðstoðar við daglegan rekstur. Sé það gert gefur stjórnin starfsmanni fyrirmæli, ákveður laun hans og önnur kjör og hefur eftirlit með því að hann uppfylli starfsskyldur sínar.

Stjórninni er einnig heimilt með sama hætti að fela sjálfstæðum verktaka, t.d. húsfélagaþjónustu, að annast tiltekin verkefni.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í ákvarðanatöku og afgreiðslu mála sem hann hefur sérstakra persónulegra eða fjárhagslegra hagsmuna að gæta í.

Stjórn og framkvæmdastjóra er skylt að veita eigendum upplýsingar og skýringar um öll atriði er varða málefni húsfélagsins, rekstur þess, sameiginlegt viðhald, efnahag og fjárhagsstöðu. Skulu eigendur hafa rétt til að skoða bækur félagsins, reikninga og fylgiskjöl með hæfilegum fyrirvara en þó jafnan að viðstöddum stjórnarmanni.

Nánar um verk- og valdsvið stjórnar.

70. gr.

Stjórn húsfélags er rétt og skylt að taka hvers kyns ákvarðanir sem lúta að venjulegum daglegum rekstri og hagsmunagæslu vegna sameignarinnar.

Þá getur stjórnin látið framkvæma á eigin spýtur minniháttar viðhald og viðgerðir og bráðnauðsynlegar og brýnar ráðstafanir sem þola ekki bið.

Sé um að ræða ráðstafanir og framkvæmdir sem ganga lengra en segir í 1. og 2. mgr. ber stjórninni, áður en í þær er ráðist, að leggja þær fyrir húsfund til umfjöllunar og ákvörðunar samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Á það undantekningarlaust við um framkvæmdir, sem eru verulegar hvað varðar kostnað, umfang og óþægindi. Gildir hér einu þótt um æskilegar og jafnvel nauðsynlegar ráðstafanir sé að tefla.

Umboð til að skuldbinda húsfélag. Aðildarhæfi.

71. gr.

Húsfélagið er skuldbundið út á við með undirritun meiri hluta stjórnarmanna og skal formaður að jafnaði vera einn af þeim.

Stofni stjórnarmenn til skuldbindinga sem falla utan heimildar þeirra og valdsviðs samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvörðun húsfundar þá eru þeir ábyrgir og eftir atvikum bótaskyldir gagnvart húsfélaginu samkvæmt almennum reglum.

Húsfélag getur verið aðili að dómsmáli, bæði til sóknar og varnar. Gildir það bæði um mál gegn þriðja aðila og gegn einum eða fleiri félagsmönnum.

Bókhald og reikningsgerð.

72. gr.

Stjórnin skal sjá um að bókhald húsfélags sé fært og haldið á réttan og fullnægjandi hátt.

Skulu á tíðkanlegan hátt færðir glöggir efnahags- og rekstrarreikningar. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Endurskoðandi.

73. gr.

Endurskoðandi, sem kjörinn skal á aðalfundi til eins árs í senn, skal endurskoða reikninga húsfélagsins.

Sé þess krafist af minnst ¼ hluta félagsmanna annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta, skal endurskoðandinn vera löggiltur.

Endurskoðandi skal hafa aðgang að öllu bókhaldi húsfélagsins og getur hann krafist allra upplýsinga sem hann álítur að þýðingu hafi fyrir starf sitt.

Endurskoðandi skal staðreyna og staðfesta að sameiginlegum kostnaði sé skipt í samræmi við ákvæði laga þessara.

Ársreikningar skulu áritaðir af endurskoðanda með eða án athugasemda eftir því sem hann telur ástæðu til.

Húsreglur.

74. gr.

Stjórn húsfélags skal semja og leggja fyrir húsfund til samþykktar, sbr. 1. tölul. C-liðar 41. gr., reglur um hagnýtingu sameignar og séreignar að því marki sem lög þessi leyfa.

Skulu reglur þessar, húsreglur, hafa að geyma sem ítarlegust ákvæði um sambýlishætti, umgengni og afnot sameignar og skiptingu afnota ef því er að skipta, allt eftir því sem við á og eðlilegt og haganlegt þykir að reglufesta í viðkomandi húsi.

Í húsreglum fjölbýlishúsa skal m.a. fjalla um neðangreind atriði:

1. Umgengni um sameign og um afnot hennar og hagnýtingu.
2. Bann við röskun á svefnfriði í húsinu a.m.k. frá miðnætti til kl. 7 að morgni og undanþágur frá því banni.
3. Skiptingu afnota sameiginlegs þvottahúss.
4. Hvernig þrifum sameignar og umhirðu lóðar skuli háttað og hverjar séu skyldur eigenda í því efni.
5. Reglur um húsdýrahald, hvort það er bannað eða takmarkað.
6. Reglur um afnot sameiginlegra bílastæða.
7. Reglur um hagnýtingu séreigna að því marki sem unnt er.

Sérstakar húsfélagssamþykktir. Þinglýsing.

75. gr.

Sé þörf sérstakra reglna um fjöleignarhúsið, afnot séreigna, sameign þess, húsfélag, stjórn þess, verkefni og valdsvið þess o.fl. og að því leyti sem ófrávíkjanleg ákvæði laga þessara standa því ekki í vegi getur húsfélag sett sér sérstakar samþykktir með ákvörðun skv. 7. tölul. B-liðar 41. gr. eða skv. A-lið sömu greinar ef þær hafa að geyma atriði sem allir eigendur verða að samþykkja.

Setji húsfélag sér samþykktir skv. 1. mgr. er hafa að geyma ákvæði sem víkja frá eða eru til fyllingar fyrirmælum laga þessara þá skal þeim þinglýst. Gildir það einnig um allar breytingar á samþykktum sem fela slíkt í sér. Sama gildir og um aðrar ákvarðanir húsfélags en samþykktir og breytingar á þeim sem eru þess eðlis að til þeirra þarf samþykki allra eigenda, sbr. A-lið 41. gr.

Þinglýsingar skv. 2. mgr. er þörf til réttarverndar gagnvart þriðja manni en þinglýsingin er ekki gildisskilyrði milli eigenda innbyrðis. Um þýðingu og skuldbindingargildi slíkra gerninga innbyrðis, þótt þeim sé ekki þinglýst, fer eftir ákvæðum laga þessara svo og almennum reglum.

Húsfélagsdeildir.

76. gr.

Þegar húsfélag skiptist í einingar, t.d. stigahús, ráða viðkomandi eigendur einir sameiginlegum innri málefnum, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 39. gr., enda bera þeir þá einir kostnaðinn, sbr. 44. gr.

Þegar þannig háttar skulu eigendur ráða sameiginlegum málum innan vébanda húsfélagsdeildar sem getur hvort heldur verið sjálfstæð að meira eða minna leyti eða starfað innan heildarhúsfélagsins.

Gilda fyrirmæli laga þessara um húsfélög um slíkar húsfélagsdeildir, svo sem um ákvarðanatöku, fundi, stjórn, kostnaðarskiptingu o.fl., eftir því sem við á.

V. KAFLI
Eldri samningar, kynning laganna, kærunefnd, gildistaka o.fl.

Gildi eldri samninga.

77. gr.

Ef fyrir liggur þinglýstur samningur, samþykktir eða eignaskiptayfirlýsing, gerð fyrir gildistöku laga þessara sem hafa að geyma ákvæði er fara í bága við ófrávíkjanleg ákvæði laganna þá skulu slík samningsákvæði þoka fyrir ákvæðum laganna.

Kynning laganna, ráðgjöf og leiðbeiningar.

78. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim. Ráðherra getur ákveðið að fela Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðilum þessa kynningu.

Félagsmálaráðherra getur einnig falið stofnuninni eða öðrum aðilum, svo sem hagsmunasamtökum fjöleignarhúsaeigenda, að veita eigendum upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar um réttindi þeirra og skyldur og önnur atriði laganna.

Kostnaður við kynningu og ráðgjöf skv. 1. og 2. mgr. greiðist úr ríkissjóði, en þó er heimilt að innheimta hóflegt gjald fyrir lögfræðilega ráðgjöf og leiðbeiningar. Þá er einnig heimilt að selja kynningar- og upplýsingarit á hóflegu verði.

Kærunefnd fjöleignarhúsamála.

79. gr.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd fjöleignarhúsamála til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar.

Tvo nefndarmenn skipar ráðherra án tilnefningar, annan sem formann og skal hann fullnægja almennum skilyrðum héraðsdómara skv. 1.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989. Einn nefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Húseigendafélaginu. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

Nánar um kærunefndina, verkefni, valdsvið o.fl.

80. gr.

Greini eigendur fjöleignarhúsa á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, leitað til kærunefndarinnar og óskað eftir álitsgerð um ágreiningsefnið.

Erindi til kærunefndar skal vera skriflegt og í því skal skilmerkilega greina hvert sé ágreiningsefnið, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni.

Skal kærunefnd gefa gagnaðila kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum og kröfum á framfæri. Skal gefa honum stuttan frest í því skyni. Heimilt er kærunefnd að kalla eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum og óska umsagnar frá öðrum sem málið snertir eða við kemur.

Kærunefndin skal láta í té rökstutt álit svo fljótt sem kostur er og jafnan innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni. Ágreiningsefnum verður eigi skotið til annars stjórnvalds.

Telji kærunefndin að lög þessi hafi verið brotin og að á rétt aðila sé hallað beinir hún tilmælum til gagnaðila um úrbætur.

Aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um erindi til kærunefndar, störf hennar, verkefni, valdsvið, starfsskilyrði o.fl.

Reglugerðarheimild.

81. gr.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði og fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

82. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1994 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 59 31. maí 1976, um fjölbýlishús, og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Skulu húsfélög fyrir ofangreindan gildistökudag breyta þeim atriðum sem ákvæði laga þessara gera nauðsynlegt, svo sem varðandi skiptingu sameiginlegs kostnaðar, hússjóðsgjöld o.fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið á vegum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 6. desember 1988 til að endurskoða lög um fjölbýlishús, nr. 59/1976. Frumvarpið var fyrst lagt fram á 116. löggjafarþingi og er nú lagt fram aftur að mestu óbreytt, en að teknu tilliti til umsagna sem um það hafa borist.

Í fyrrgreindri nefnd sátu: Lára V. Júlíusdóttir, þáverandi aðstoðarmaður ráðherra, sem var formaður, deildarstjórarnir Þorgerður Benediktsdóttir og Ingi Valur Jóhannsson og Sigurður Helgi Guðjónsson hrl. Á starfstímanum vék Lára V. Júlíusdóttir úr nefndinni að eigin ósk og var þá formaður í hennar stað skipaður Grétar J. Guðmundsson verkfræðingur, þáverandi aðstoðarmaður ráðherra. Nefndin hefur starfað með nokkrum hléum frá því að hún var skipuð þar til frumvarp þetta var fullgert 20. febrúar 1993.

Aflaði nefndin sér margvíslegra gagna og upplýsinga um framkvæmd laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, og reynsluna af þeim og einnig um eldri lög um sama efni, þ.e. lög nr. 19/1959, um sameign fjölbýlishúsa. Voru allir hæstaréttardómar sem gengið hafa um þetta efni og skyld atriði kannaðir. Þá voru einnig skoðaðir allir dómar bæjarþings Reykjavíkur (nú héraðsdómur Reykjavíkur) sem upp hafa verið kveðnir á þessu sviði í gildistíð ofangreindra tveggja laga. Aflaði nefndin sér endurrita af þessum dómum. Þá kallaði nefndin eftir ábendingum og upplýsingum frá mörgum aðilum, þar á meðal frá Húseigendafélaginu, dómaraembættum og þinglýsingaryfirvöldum. Einnig hefur nefndin fengið gagnlegar ábendingar frá Fasteignamati ríkisins og fjölmörgum aðilum öðrum sem búa yfir þekkingu og reynslu á þessu réttarsviði, svo sem frá lögfræðingum og fasteignasölum. Loks aflaði nefndin sér upplýsinga og gagna um löggjöf og réttarframkvæmd á þessu sviði á öðrum Norðurlöndum og í fleiri Evrópulöndum.

Um erlendan rétt og löggjöf studdist nefndin einkum við ritið „„Ejerlejligheder" eftir Peter Blok, útgefið í Kaupmannahöfn 1982, og norska nefndarskýrslu „Norges offentlige utredninger NOU 1980: 6, Eierleiligheder."

Að tillögu nefndarinnar fól félagsmálaráðherra Sigurði Helga Guðjónssyni hrl. að vinna úr fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum og semja drög að frumvarpi í samráði við aðra nefndarmenn. Það verk hefur reynst mjög viðamikið og tafsamt og því tekið lengri tíma en ráð var fyrir gert.

Fjölbýli og eignarréttur að hlutum bygginga, herbergjum, íbúðum eða hæðum er ekki nútíma uppfinning. Skipting bygginga í hluta, sem hver um sig var andlag venjubundinna eignarheimilda, virðist til forna hafa veið útbreitt fyrirkomulag við austanvert Miðjarðarhaf og í Litlu-Asíu. Ekki er örugg vitneskja um það hvort þetta form eignaraðildar hafi verið þekkt í Rómarrétti. Fyrirkomulagið var vel þekkt í Þýskalandi á miðöldum og eins í Frakklandi og á Ítalíu.

Á þessari öld hefur þetta form náð mikilli útbreiðslu í Suður- og Mið-Evrópu. Hefur það á stundum verið þáttur í endurbyggingu bæja og borga eftir styrjaldir. Meðvirkandi þáttur eða skýring á útbreiðslu þessa eignarforms er skortur á landrými og aukin fólksfjölgun í bæjum og borgum. Síðast en ekki síst má benda á að þetta eignarform er almennt ódýrara og hagkvæmara en hreint séreignarfyrirkomulag og veitir meira öryggi en leiga.

Nú er þetta fyrirkomulag þekkt og útbreitt um allan heim. Mörg ef ekki flest lönd hins vestræna heims hafa lögfest einhvers konar löggjöf um séreignaríbúðir og fjölbýlishús. Þó má nefna að auk Íslands hafa af Norðurlöndunum aðeins Danmörk og Noregur slíka löggjöf. Dönsku lögin eru frá 1966 og þau norsku frá 1983. Var Ísland því fyrst Norðurlanda til að setja slík lög með lögum nr. 19/1959, um sameign fjölbýlishúsa. Hefur það ekki oft gerst í seinni tíð að Ísland hafi verið í forustu og framvarðasveit meðal norrænna þjóða í lagasetningu og hafa Íslendingar oftar en ekki verið taglhnýtingar í því efni.

Ekki eru fyrir hendi nákvæmar upplýsingar um þróun fjölbýlis og sameignar að húseignum hér á landi. Ljóst er þó að eftir því sem fólksfjöldi varð meiri í bæjum, einkum í Reykjavík, og húsnæðisþörfin þar af leiðandi óx, varð æ algengara að tveir menn eða fleiri ættu húseign í félagi.

Sameignin stofnaðist ýmist þannig að tveir menn eða fleiri tóku sig saman og byggðu eða keyptu hús í félagi eða eigandi húss seldi öðrum manni hluta eignar sinnar. Viðkomandi húseign var þá í sérstakri sameign og giltu um réttarsamband aðila almennar reglur um slíka sameign. Algengt var að húseign í sérstakri sameign væri skipt afnotaskiptum milli sameigendanna þannig að hver hefði ákveðinn hluta hennar til afnota.

Í öndverðu munu slík afnotaskipti oftar en ekki hafa verið með óformlegum hætti, en eftir því sem sameign um húseignir varð algengari fóru menn að ganga formlegar frá slíkum afnotaskiptum og þinglýstu þeim. Sameigendur gerðu margir hverjir með sér sameignarsamninga og settu sér ýmsar reglur um umgengni og hagnýtingu sameignar sinnar.

Um og eftir heimsstyrjöldina síðari var farið að byggja hér á landi sambýlishús með mörgum íbúðum eða svonefndar „blokkir". Með slíkum stórhýsum komu ýmis ný og óþekkt vandamál til viðbótar hinum gömlu og réttarreglur um sérstaka sameign áttu ekki alls kostar við um þau.

Árið 1957 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um sameign fjölbýlishúsa.

Var það gert og árið 1959 voru sett lög nr. 19/1959, um sameign fjölbýlishúsa. Tóku þau til allra íbúðarhúsa með tveimur eða fleiri íbúðum. Samkvæmt þeim var fjölbýlishús í eigu fleiri manna í heild í sameign þeirra, en sameignin var hins vegar með tvennu móti, þ.e. skiptileg og óskiptileg. Voru íbúðirnar sjálfar í skiptilegri sameign, en allt annað í fjölbýlishúsi í óskiptri sameign. Annars vegar höfðu sameigendur sérafnot af hinni skiptilegu sam-

eign, þ.e. íbúðunum, og máttu ráðstafa henni án samþykkis sameigenda, og hins vegar höfðu þeir sameiginleg afnot af hinni óskiptilegu sameign.

Í gildistíð laga nr. 19/1959 var fjölbýlishúsið skoðað sem ein heild og ein fasteign. Lögin fólu í sér ákveðið form sérstakrar sameignar sem var frábrugðin venjulegri sérstakri sameign og að því leyti aðallega að réttarstaða sameigendanna var ekki hin sama gagnvart öllum hlutum hússins. Þá voru lögin að meginstefnu til frávíkjanleg, þannig að eigendur máttu semja á annan veg um réttindi sín og skyldur en lögin mæltu fyrir um.

Lög nr. 19/1959 voru að mörgu leyti merkileg. Þau voru algjör frumsmíð og höfundar þeirra höfðu engar fyrirmyndir að styðjast við, hvorki innlendar né erlendar, og bera lögin hyggjuviti þeirra, lögspeki og reynslu gott vitni. Lögin reyndust í heildina ágætlega en þó leiddi reynslan í ljós nokkra annmarka og hnökra á þeim. Það sáu höfundarnir raunar fyrir og sögðu í greinargerðinni að æskilegt væri að endurskoða lögin áður en langt um liði þegar reynslan hefði sýnt hversu þar væri vant og hvað betur mætti fara.

Árið 1973 var skipuð nefnd til að endurskoða ofangreind lög og samdi hún frumvarp sem samþykkt var sem lög nr. 59/1976, um fjölbýlishús. Samdi nefndin einnig tvær reglugerðir, nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög og nr. 281/1976 um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum. Mynda reglugerðirnar ásamt lögunum óaðskiljanlega heild og var setning þeirra nauðsynleg svo lögin mættu ná tilgangi sínum.

Með hinum nýju lögum varð fræðileg breyting á eignaraðild að fjölbýlishúsum þótt í raun sé réttarstaða íbúðareigenda nokkurn veginn hin sama. Samkvæmt þeim er eign í fjölbýlishúsi með tvennu móti, þ.e. séreign og sameign. Íbúðirnar sjálfar og það sem þeim fylgir sérstaklega eru í séreign íbúðareigenda, en aðrir hlutar fjölbýlishúss eru í sameign. Fjölbýlishús er því ekki lengur í heild sinni í sameign eins og áður var. Þá er fjölbýlishús ekki lengur talin ein fasteign heldur er svo fyrir mælt að hver íbúð ásamt því sem henni fylgir sérstaklega og eignarhluta sínum í sameign teljist sérstök fasteign.

Lög nr. 59/1976 hafa rýmra gildissvið en lögin frá 1959, því þau taka til fleiri húsa, bæði beint og óbeint, svo sem atvinnuhúsnæðis og raðhúsa og annarra samtengdra húsa. Þá var einnig gerð sú breyting að lögin frá 1976 eru að meginstefnu til ófrávíkjanleg og játa eigendum lítið svigrúm til að semja um frávik frá fyrirmælum laganna.

Nokkur ákvæði laga nr. 19/1959 voru tekin upp óbreytt eða lítið breytt í lög nr. 59/1976, en höfuðfyrirmynd laganna er dönsku lögin um sjálfseignaríbúðir (lov nr. 199 af 8. juni 1966 om ejerlejligheder). Eru mörg ákvæði laga nr. 59/1976 þýðing á tilsvarandi ákvæðum dönsku laganna. Sama er að segja um reglugerð nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög.

Þótt lögin nr. 59/1976 hafi falið í sér nokkrar réttarbætur þá hafa þau frá öndverðu sætt gagnrýni. Meðal annars hefur því verið haldið fram að betur hefði farið á því við samningu laganna að byggja meira á þeirri að mörgu leyti góðu reynslu sem fengin var af lögum nr. 19/1959 og þýða minna úr ófullkomnum dönskum lögum sem lítil reynsla var komin á.

Lögin nr. 59/1976 eru mjög knöpp og stutt eða aðeins 19 greinar að gildistökuákvæðinu meðtöldu. Gildissvið þeirra er mjög vítt og þau eru að mestu leyti ófrávíkjanleg eins og áður segir. Gefur auga leið að hin ófrávíkjanlegu fyrirmæli laganna hljóta að eiga misvel við um þau fjölbreytilegu hús sem þau taka til.

Þegar settar eru þannig fáar, víðtækar og sameiginlegar meginreglur þá leiðir af sjálfu sér að mörgum atriðum hlýtur að vera ósvarað. Hafa menn helst fundið lögum nr. 59/1976 það til foráttu að þau veki í raun upp fleiri spurningar og álitamál en þau svari.

Má taka undir það og bæta við að lögin leyna mjög á sér. Það þarf að kunna allgóð skil á ýmsum öðrum réttarsviðum, svo sem eignarétti, félagarétti og kröfurétti, til að geta glöggvað sig á réttarstöðu eigenda og eins þarf að þekkja vel til dómaframkvæmdar á þessum sviðum. Ekki er hægt að ætlast til þess að eigendur slíkra húsa búi almennt yfir þannig þekkingu eða afli sér hennar. Þess vegna taldi nefndin það mikilvægasta viðfangsefni sitt að draga saman í eitt frumvarp, eina löggjöf, allar réttarreglur, skráðar og óskráðar, sem gilda á þessu sviði og kosta kapps um að gera löggjöfina eins aðgengilega, auðskiljanlega og ítarlega og framast var kostur.

Löggjöf á þessu sviði þarf að vera þannig úr garði gerð að hinn almenni borgari, eigandi, geti sjálfur á eigin spýtur, án lögfræðiaðstoðar, að mestu áttað sig á réttarstöðu sinni. Þetta er sú löggjöf sem hvað mest og beinast snertir daglegt líf fólks í þessu landi og eignir þess og þarf þess vegna annarri löggjöf fremur að vera skýr og ítarleg og aðgengileg almenningi.

Nefndin hefur haft ofangreint að leiðarljósi við samningu þessa frumvarps. Er frumvarpið mikið ítarlegra en núgildandi lög og hefur það, svo dæmi sé tekið, að geyma fjórum sinnum fleiri greinar.

Hefur nefndin valið þann kost að taka ýmsar skýringar inn í lagatextann sjálfan sem e.t.v. ættu lagatæknilega séð frekar heima í athugasemdum. Byggist það á ofangreindum sjónarmiðum og því að lögin eigi að vera sem ítarlegust og þar eigi að vera að finna sem flest svör og að almenningur þurfi ekki nema í undantekningartilvikum að leita svara og skýringa í lögskýringargögnum, sem eru fæstum aðgengileg og handgengin.

Þá leggur nefndin til að horfið verði frá því sérkennilega fyrirkomulagi, sem valið var við setningu laga nr. 59/1976, að hnýta og flétta saman við lögin reglugerð um samþykktir fyrir húsfélög með þeim hætti sem gert var. Var það raunar eins og fleira að danskri fyrirmynd. Byggir nefndin á því eins og áður segir að sem allra mest eigi að vera í lögunum sjálfum og því er í frumvarpinu að lagatextanum tekið á þeim atriðum sem nú eru í áðurnefndri reglugerð.

Við samningu frumvarps þessa hefur víða verið leitað fanga, eins og áður hefur verið drepið á. Frumvarpið á sér þó enga eina og beina fyrirmynd, hvorki innlenda né erlenda.

Sitthvað hefur reynst nýtilegt í núgildandi löggjöf og eins í eldri lögunum frá 1959. Af erlendri löggjöf hafa norsku, þýsku, frönsku og svissnesku lögin reynst notadrýgst hvað fyrirmyndir varðar. Einnig komu dönsku lögin til skoðunar. Þá hefur dómaframkvæmd, bæði hér á landi og í ofangreindum löndum, svarað ýmsum spurningum og gefið hugmyndir að ýmsum ákvæðum. Af fræðimönnum, einkum hinum danska Peter Blok, hefur margt mátt nema, sem nýst hefur við frumvarpssmíðina. Að þessu leyti má segja að frumvarpið sé alþjóðlegur og innlendur samtíningur. Hefur verið kostað kapps um að nýta aðeins það sem best er og ótvírætt hefur þótt eftirbreytni vert, en fyrst og síðast er frumvarpið frumsmíð, byggt á íslenskum aðstæðum og fenginni reynslu hér á landi af núgildandi löggjöf og fyrirrennara hennar frá 1959.

Enn fremur var byggt á ábendingum frá fjölmörgum aðilum sem hafa reynslu og þekkingu á þessu réttarsviði. Meðal þeirra sem lásu yfir drög að frumvarpinu á undirbúnings- og vinnslustigi og gáfu gagnlegar ábendingar og ráð má nefna Dr. Gauk Jörundsson, umboðsmann Alþingis, Arnljót Björnsson prófessor, Markús Sigurbjörnsson prófessor, Friðgeir Björnsson dómstjóra, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra tryggingafélaga, Karl Axelsson, lögfræðing Húseigendafélagsins, Sigrúnu Benediktsdóttur hdl., formann Húseigendafélagsins, Magnús Axelsson, löggiltan fasteignasala, Tryggva Gunnarsson hrl. og Magnús Erlingsson lögfræðing.

Má fullyrða að frumvarp þetta er ítarlegra og fyllra og hefur að geyma svör við fleiri álitaefnum en samsvarandi löggjöf í nokkru öðru landi, a.m.k. í Evrópu. Er það við hæfi því að í fáum löndum er þetta form eignaraðildar að fasteignum almennara og útbreiddara en hér á landi.

Þótt í frumvarpinu felist ýmsar mikilvægar breytingar frá gildandi löggjöf, þá eru þær í raun og veru minni, a.m.k. frá gildandi rétti, en virðast kann við fyrstu sýn. Byggist það á því, að í frumvarpinu er safnað saman öllum eða flestum réttarreglum, bæði skráðum og óskráðum, sem taldar hafa verið gilda á þessu réttarsviði. Koma því upp á yfirborðið ýmis atriði og ýmsar reglur, sem í raun gilda ólögfestar, en eru þó flestum ókunnar. Einnig er í frumvarpinu leitast við að skýra ýmis atriði sem þótt hafa óljós og ófullkomin í gildandi löggjöf.

Annars eru meginbreytingarnar frá núgildandi löggjöf, sem felast í frumvarpinu, þessar helstar:

1. Frumvarpið er allt fyllra og ítarlegra en gildandi lög.
2. Horfið er frá því að hafa ákvæði um húsfélög í reglugerð og eru slík ákvæði felld inn í lagatextann þar sem þau eiga ótvírætt betur heima. Er því horfið frá danska fyrirkomulaginu í þessu efni og lagt til að tekið verði upp svipaður háttur og t.d. í norsku lögunum frá 1983. Í frumvarpinu er því sérstakur kafli, IV. kafli, sem fjallar um húsfélög.
3. Í frumvarpinu er notað og skýrt nýtt heiti eða hugtak, „fjöleignarhús“, sem nær yfir öll þau fjölbreytilegu hús sem frumvarpið tekur til. Gildissvið frumvarpsins er þó nokkurn veginn hið sama og gildandi laga. Nafnið fjölbýlishús gefur hins vegar ekki gildissviðið nægilega glöggt til kynna. Það hefur þótt misvísandi, að sumu leyti of þröngt en að öðru leyti of rúmt. Núgildandi lög taka til margs konar annarra húsa en fjölbýlishúsa, svo sem raðhúsa, blandaðs húsnæðis og atvinnuhúsnæðis, auk annarra sambyggðra og samtengdra húsa. Á hinn bóginn falla ekki öll fjölbýlishús undir lögin, heldur eingöngu þau hús þar sem eignaraðildin er með þeim hætti sem lögin greina. Þannig falla fjölbýlishús í eigu eins aðila, í eigu sameignarfélags eða í sérstakri sameign ekki undir lögin. Heitið fjölbýli vísar til búsetu, en það er ekki búsetan sem hér skiptir máli heldur hvernig eignaraðildinni er háttað. Í núgildandi lögum eru víða notuð orðin íbúð og íbúðareigandi og eiga þau vitaskuld ekki við um atvinnuhúsnæði og eru þ.a.l. að því leyti misvísandi. Því þótti nauðsynlegt að smíða nýtt hugtak, samnefnara, nýtt laganafn, sem betur væri fallið til að lýsa þeim húsum sem falla undir gildissvið frumvarpsins. Nefndin telur að heitið „fjöleignarhús“ henti vel í því skyni, það sé lýsandi og góður samnefnari og sé auk þess þjált. Telur nefndin að þetta heiti, sem e.t.v. kann að vera framandi í fyrstu, muni fljótt ná festu, bæði í almennu máli og lagamáli.
4. Ákvæði frumvarpsins eru almennt betur löguð að hinu víðtæka gildissviði þess og þeim margvíslegu húsum sem falla undir það. Gildandi löggjöf er fyrst og fremst miðuð við íbúðarhúsnæði og þau af stærri gerðinni og brennd því marki. Ákvæði frumvarpsins eru að sínu leyti sveigjanlegri og veita meira svigrúm til frávika og að tekið sé mið af sérháttum í mismunandi húsum en gildandi lög. Þó er við það miðað, eins og í gildandi lögum, að þau séu að meginstefnu til ófrávíkjanleg.
5. Í frumvarpinu eru ýmis grundvallarhugtök rækilega skýrð sem sum hver eru óljós og á reiki í gildandi lögum. Má þar nefna hugtök eins og „hús“, „séreign“, „sameign“ og „sameign sumra“.

6. Ákvæði um hlutfallstölur og þýðingu þeirra eru ítarlegri og er opnað fyrir þann möguleika að þær megi ákvarða á grundvelli innbyrðis verðmætis eignarhluta þegar um atvinnuhúsnæði eða blandað húsnæði er að ræða. Sömuleiðis eru ákvæði um eignaskiptayfirlýsingar gleggri og nákvæmari. Þá eru nýmæli fólgin í ákvæðum um breytingar á eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum, en slík ákvæði skortir í núgildandi lögum.
7. Lagðar eru til nákvæmari, skýrari og fyllri reglur um ráðstöfunar- og hagnýtingarrétt eigenda yfir séreign. Er tekið á ýmsum álitamálum sem reynst hafa óþrjótandi þrætuefni, t.d. breytingum á hagnýtingu, svo sem þegar atvinnustarfsemi er sett á laggirnar í íbúðarhúsnæði, skiptingu séreignar í fleiri eignarhluta, bílskúra og ráðstöfun þeirra, eignatilfærslu innan hússins o.fl. Er hnykkt á skyldu eiganda til að halda séreign við og húsfélagi veittur íhlutunarréttur ef út af er brugðið. Um framangreind atriði eru ekki eða þá mjög ófullkomin ákvæði í gildandi lögum.
8. Í frumvarpinu eru ákvæði um ráðstöfun sameignar, breytta hagnýtingu hennar og um byggingu ofan á hús, við hús eða á lóð þess og um bílastæði sem fela í sér nokkrar breytingar frá gildandi lögum, en eru þó fyrst og fremst ítarlegri og nákvæmari en ákvæði gildandi laga.
9. Í frumvarpinu eru nýmæli um heimildir einstakra eigenda til að gera ráðstafanir varðandi sameign til að forða tjóni og til að ráðast í nauðsynlegar viðgerðir þegar húsfélag fæst ekki til athafna. Hér er þó um mjög þröngar og vandmeðfarnar heimildir að ræða, nánast neyðarúrræði.
10. Reglur frumvarpsins um ákvarðanatöku um sameiginleg málefni eru mun ítarlegri og sumpart nokkuð frábrugðnar því sem nú gildir. Á það t.d. við um úrræði eiganda sem ekki er hafður með í ráðum, en núgildandi ákvæði um það efni hafa þótt veita eiganda of mikinn rétt og hafa stundum leitt til óeðlilegrar og ósanngjarnrar niðurstöðu. Reglur frumvarpsins um töku einstakra ákvarðana eru í megindráttum hinar sömu og í gildandi lögum eða öllu heldur gildandi rétti því teknar eru inn í frumvarpið ýmsar ólögfestar meginreglur sem taldar hafa verið gilda í því efni.
11. Í frumvarpinu eru mun skýrari og ítarlegri reglur um sameiginlegan kostnað og skiptingu hans en í núgildandi lögum. Sameiginlegur kostnaður er rækilegar skilgreindur og reglur um skiptingu hans eru að nokkru leyti aðrar en nú gilda. Eftir sem áður er meginreglan sú að sameiginlegur kostnaður skiptist eftir hlutfallstölum, en í frumvarpinu er lagt til að þeim kostnaðarliðum, sem skipta skal að jöfnu, verði fjölgað. Er þar að sínu leyti um að ræða afturhvarf til þess sem gilti í tíð gömlu laganna frá 1959. Byggist þessi breyting m.a. á eðli máls og sanngirnissjónarmiðum. Þá hefur frumvarpið einnig að geyma það mikilvæga nýmæli, að heimil eru innan vissra marka og í vissum tilvikum, frávik frá fyrirmælum þess um kostnaðarskiptinguna. Núgildandi lög eru hins vegar algjörlega ófrávíkjanleg og ósveigjanleg í því efni.
12. Skýrari ákvæði eru í frumvarpinu um bótaskyldu eiganda gagnvart öðrum eigendum og afnotahöfum í húsinu vegna vanrækslu á viðhaldi séreignar, mistaka við meðferð hennar og viðhald og bilunar á búnaði hennar og lögnum. Núgildandi ákvæði um það efni hafa þótt mjög óskýr og óljós og sætt mikilli gagnrýni. Þá er það nýmæli í frumvarpinu, að samsvarandi bótaregla verði látin gilda um skaðabótaábyrgð húsfélags.
13. Í frumvarpinu er ákvæði um ábyrgð eigenda út á við gagnvart sameiginlegum kröfuhöfum á sameiginlegum skuldbindingum. Á því atriði er ekki tekið í gildandi lögum.

14. Frumvarpið hefur að geyma skýrari, afdráttarlausari og nokkuð breyttar og víðtækari reglur um úrræði húsfélags við vanefndir eða brot eiganda. Núgildandi ákvæði um það efni hefur ekki haft þá virkni og þau varnaðaráhrif sem skyldi, en samkvæmt því getur húsfélag krafist þess að hinn brotlegi flytji úr húsinu. Lagt er til í frumvarpinu að auk þessa geti húsfélag bannað hinum brotlega búsetu í húsinu og krafist þess að hann selji eignarhluta sinn. Í öllum tilvikum eru gerðar kröfur til þess að húsfélag verði að sanna vanefndir og brot og má gera ráð fyrir að ríkar sönnunarkröfur verði gerðar. Eins verður húsfélag að gæta í hvívetna réttra aðferða við ákvörðun og við að framfylgja henni. Þá er einnig kveðið á um réttarstöðu einstakra eigenda sem brot bitnar á þegar húsfélag fæst ekki til að grípa til aðgerða.
15. Í frumvarpinu eru ítarleg ákvæði um húsfélög og er hlutverk þeirra, tilgangur og valdsvið skilgreint. Af öðrum ákvæðum má nefna það mikilvæga nýmæli að ekki þurfi að kjósa og hafa sérstaka stjórn þegar eignarhlutar í húsi eru sex eða færri. Þá fara eigendur saman með stjórnunarmálefni, en einnig má fela einum eiganda að fara með verkefni stjórnar í slíkum húsum. Er hér slakað á formfestu núgildandi löggjafar sem er óraunhæf í minni húsum. Er óþarfi að íþyngja mönnum meira í því efni en nauðsynlegt er og það er fráleitt nauðsynlegt að hafa þunglamalegt stjórnkerfi í litlum húsum. Sú tilhögun, sem frumvarpið mælir fyrir um, er í samræmi við það sem í raun hefur tíðkast í þannig „húsfélögum“. Þá er skyldum, verkefnum og valdsviði stjórnar húsfélags nákvæmar lýst en í gildandi löggjöf. Loks eru ákvæði um sérstakar húsfélagsdeildir þegar svo háttar til að um sameign sumra en ekki allra er að ræða, nokkurs konar sameign innan sameignarinnar. Á það t.d. við um innri málefni í einstökum stigahúsum þegar fjöleignarhús samanstendur af fleiri slíkum. Ákvæði í þessa veru skortir í núgildandi löggjöf.
16. Í frumvarpinu eru ákvæði um kynningu laganna, ráðgjöf og leiðbeiningar, sem félagsmálaráðuneytið skal annast, en þó getur félagsmálaráðherra falið Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðila það verkefni. Er óþarfi að fara mörgum orðum um mikilvægi þess að vel sé staðið að því að fræða almenning um efni löggjafar af þessu tagi sem hefur svo mikil og bein áhrif á líf og hagsmuni svo margra borgara. Löggjöf á þessu sviði, hversu góð sem hún kann að vera, missir marks og nær ekki tilgangi sínum ef hún eða a.m.k. meginatriði hennar eru ekki á vitorði almennings.
17. Loks er í frumvarpinu lagt til að sett verði á fót sérstök kærunefnd fjöleignarhúsamála, sem eigendur geti leitað til með ágreiningsmál sín og fengið frá rökstutt álit. Kærunefnd þessi er með líku sniði og gert er ráð fyrir að verði í húsaleigumálum samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi til húsaleigulaga. Það er álit nefndarinnar að brýn þörf sé á slíkum opinberum álitsgjafa á þessu sviði. Kom jafnvel til álita að ganga lengra og veita nefndinni úrskurðarvald í tilteknum málum, en að svo stöddu þótti það ekki rétt og fært. Eigendur eru því í engum tilvikum skyldugir að leita til nefndarinnar og geta jafnan snúið sér til dómstóla með ágreining sinn. Þó má búast við því að menn telji nefndina góðan og fýsilegan kost því þar fá mál skjótari afgreiðslu og af aðila með sérþekkingu og reynslu í þessum málaflokki. Má ef vel tekst til jafnvel reikna með því að aðilar komi sér saman um að hlíta niðurstöðu nefndarinnar og hún hafi þá þýðingu sem gerðardómur. Sameignin og hin nána samvinna og samneyti sem hún kallar á, gerir það að verkum að á þessu sviði framar öðrum er sérstök þörf á að skjótur endi sé bundinn á deilumál og þrætur. Að öðrum kosti er voðinn vís, ósættið getur magnast upp og eyðilagt alla samvinnu og gert öll samskipti óþolandi fyrir alla aðila.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Einstökum greinum frumvarpsins hefur verið gefin yfirskrift sem ætlað er að vera upplýsandi um efni þeirra. Er það gert til að gera efni þess aðgengilegra og til að auðvelda leit og uppflettingu í því og notkun þess yfirleitt, ef að lögum verður.

Það viðhorf eða sú stefna frumvarpshöfunda, sem lýst er hér áður í almennum athugasemdum, að hafa „lagatexta" frumvarpsins sem nákvæmastan, ítarlegastan og tæmandi, leiðir til þess að flestar skilgreiningar og skýringar eru felldar inn í hann. Eru ýmis atriði, sem þannig eru tekin með í einstökum ákvæðum af þeim toga, sem venjulega og samkvæmt viðtekinni löggjafartækni mundu frekar vera í athugasemdum. Um ástæður þessa er áður fjallað og vísast þangað, en aðeins skal áréttað það viðhorf að lög á þessu sviði eiga að vera skýr og segja það sem segja þarf þannig að svara og skýringa þurfi sem minnst og sjaldnast að leita út fyrir þau. Þetta hefur í för með sér að minni þörf er á útlistunum og skýringum í athugasemdum en ella mundi vera ef „lagatextinn" væri orðfár og knappur. Er þetta skýringin á því að í sumum tilvikum eru athugasemdir við einstakar greinar hér á eftir færri og styttri en annars væri.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um gildissvið, ýmsar skilgreiningar o.fl. Undir kaflann falla 1.–9. gr.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um gildissvið frumvarpsins og til hverra húsa það taki og skilgreint er hugtakið „fjöleignarhús" sem frumvarpið dregur nafn sitt af, en um það vísast til skýringa í 3. tölul. í athugasemdum við lagafrumvarpið.

Annars er gildissviðið hið sama og núgildandi laga, nema hvað í 4. mgr. er svo fyrir mælt að frumvarpið gildi einnig um fjöleignarhús í smíðum eða byggingu. Vafasamt er hvort núgildandi lög geri það, en sennilega er þó lögjöfnun heimil. Þótti því rétt að taka af skarið.

Gildissvið frumvarpsins er mjög víðtækt og rúmt og þau hús, sem falla undir ákvæði þess, eru mjög mismunandi að stærð, eðli og gerð. Ákvæði frumvarpsins eiga jafnt við um tvíbýlishús og stórhýsi upp á tugi hæða og allt þar á milli, auk þess atvinnuhúsnæði, húsnæði til annarra nota og blandað húsnæði. Einnig taka þau til raðhúsa og annarra sambyggðra og samtengdra húsa, bæði til íbúðar og annarra nota. Með öðrum sambyggðum húsum er átt við hús sem eru í enn minni eða lausari tengslum hvert við annað en raðhús og sambyggingar. Hér er þó fyrst og fremst verið að undirstrika hið víðtæka gildissvið frumvarpsins og varna gagnályktun.

Það skal tekið fram að af 2. mgr. 3. gr. leiðir að gildissvið frumvarpsins getur jafnvel verið enn rýmra en að ofan er rakið.

Um 2. gr.

Sá kostur var valinn eins og í gildandi lögum að hafa ákvæði frumvarpsins að meginstefnu til ófrákvíkjanleg sem þýðir að eigendum er almennt óheimilt að semja sig undan þeim. Frumvarpið hefur hins vegar að geyma mikið rýmri heimildir til frávika en gildandi lög.

Það er ekki sjálfgefið að lög á þessu sviði þurfi og eigi að vera ófrávíkjanleg. Svo var t.d. ekki um gömlu lögin frá 1959. Að öllu virtu verður þó að telja æskilegra að hafa þann háttinn á, einkum með tilliti til samræmissjónarmiða og réttaröryggis.

Það mundi bjóða upp á rugling ef ekki öngþveiti ef sinn siður myndaðist í hverju húsi og eigendur sambærilegra húsa byggju við mismunandi réttarstöðu. Þykja framangreind sjónarmið vega þyngra í þessu efni og á þessu sviði en óskorað eða lítið takmarkað samningsfrelsi eigenda.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er hugtakið „hús" skilgreint og þarfnast það ekki frekari skýringa.

Í 2. mgr. er gildissvið frumvarpsins í raun gert enn víðtækara en segir í 1. gr. Að öðru leyti er ekki ástæða til skýringa.

Um 4. gr.

Hér er hugtakið „séreign" skilgreint og þarfnast það ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Í þessari grein er að finna nánari útlistun á því sem fellur undir séreign fjöleignarhúss. Er hér um að ræða nákvæma upptalningu sem á að vera nokkuð tæmandi. Er tekið á mörgum atriðum sem óljós eru í núgildandi lögum og reynst hafa þrætuuppsprettur. Að öðru leyti skýrir þessi grein sig sjálf.

Um 6. gr.

Hér er hugtakið „sameign" fjöleignarhúss skilgreint. Er hún í raun skilgreind neikvætt miðað við séreign. Skal það áréttað að í slíkum húsum er sameign meginregla ef svo má að orði komast sem þýðir að jafnan eru löglíkur fyrir því að umþrætt húsrými og annað sé í sameign. Sameignina þarf ekki að sanna heldur verður sá er gerir séreignartilkall að sanna eignarrétt sinn. Lánist honum það ekki er um sameign að ræða. Á sama hátt eru líkur á því að um sameign allra sé að ræða ef álitamál er um það hvort hún er allra eða sumra, sbr. 7. gr.

Um 7. gr.

Í þessari grein er skilgreind „sameign sumra". Er þá um eins konar sameign innan sameignarinnar að ræða. Slík sameign er undantekning miðað við sameign allra sem er meginreglan. Að sínu leyti er þetta hliðstætt ákvæði og í 6. gr. núgildandi laga, en það er þó mun fyllra og ítarlegra.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er nánar útlistað hvað fellur undir sameign fjöleignarhúss. Er þar reynt að taka á ýmsum algengum þrætueplum og þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 9. gr.

Í þessari grein er leitast við að gefa ákveðnar leiðbeiningarreglur sem með öðru mega koma að gagni þegar ágreiningur rís um það hvort um sameign eða séreign sé að ræða. Við úrlausnina skal þá m.a. höfð hliðsjón af því hvernig að framkvæmd var staðið og hver bar kostnaðinn af henni. Þetta sjónarmið styðst að nokkru við dómafordæmi. Rétt er að leggja á það áherslu að þetta atriði er aðeins eitt af fleirum sem til skoðunar koma í þessu efni og það eitt ræður ekki úrslitum.

Um II. kafla.

Þessi kafli frumvarpsins hefur að geyma ákvæði um skiptingu fjöleignarhúsa, meginreglur um eignarráð eigenda og takmarkanir á þeim o.fl. Kaflinn inniheldur greinar 10 til og með 33.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um það hvernig fjöleignarhús skiptist og um grundvallaratriði varðandi sjálft eignarformið og sérkenni þess. Þessi ákvæði eru sama efnis og að nokkru leyti samhljóða 5. gr. gildandi laga. Þarfnast þessi grein ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þessi grein er sama efnis og 8. gr. núgildandi laga og kallar ekki á skýringar.

Um 12. gr.

Í þessari grein er yfirlit til glöggvunar um helstu réttindi eiganda eignarhluta í fjöleignarhúsi og þarfnast hún ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér er yfirlit yfir helstu skyldur eiganda og eru frekari skýringar óþarfar.

Um 14. gr.

Í þessari grein felast reglur um hlutfallstölur, útreikning og ákvörðun þeirra. Eins og í núgildandi löggjöf er áfram á því byggt að hlutfallstölur skuli fyrst og fremst ákvarðaðar á grundvelli flatarmáls og rúmmáls. Hefur það almennt gefið góða raun og verið réttlátur og eðlilegur grundvöllur að skiptingu réttinda og skyldna, a.m.k. þegar um íbúðarhúsnæði er að ræða.

Þó þykir rétt að opna möguleika á því að ákvörðun hlutfallstalna megi byggjast á öðrum sanngjörnum forsendum þegar um atvinnuhúsnæði eða blandað húsnæði er að ræða, t.d. miðað við innbyrðis verðmæti. Svo er víða gert í erlendri löggjöf og virðist hafa gefist vel eða a.m.k. ekki valdið vandræðum. Ekki er við því búist að heimild þessi verði mikið notuð og er næsta víst að í meginþorra tilvika verði áfram byggt á flatarmáli.

Gert er ráð fyrir því að sett verði reglugerð um útreikning hlutfallstalna. Er brýnt að það verði gert samhliða gildistöku frumvarpsins ef það verður að lögum. Er eðlilegt að Fasteignamat ríkisins verði haft með í ráðum við samningu reglugerðarinnar.

Um 15. gr.

Þessi grein hefur að geyma yfirlit til glöggvunar um þýðingu hlutfallstölu og þarf ekki að skýra hana frekar.

Um 16. gr.

Hér eru ákvæði um eignaskiptayfirlýsingu og er grein þessi sama efnis og 3. gr. gildandi laga, en þó ítarlegri. Nýmæli er í 5. mgr. um skyldu til að breyta eignaskiptayfirlýsingu. Ekki er ástæða til að skýra þessa grein sérstaklega.

Um 17. gr.

Þessi grein inniheldur ítarleg fyrirmæli um efni og frágang eignaskiptayfirlýsingar. Samsvarandi ákvæði er í 4. gr. gildandi laga, en þessi grein er þó talsvert ítarlegri og nákvæmari.

Er gert ráð fyrir því að nánari reglur um eignaskiptayfirlýsingar, stærðarútreikninga o.fl. verði settar í reglugerð.

Um 18. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um breytingar á eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum og er hún nýmæli. Sennilega gilda þó í meginatriðum svipaðar reglur ólögfestar á grundvelli eðlis máls. Ákvæði þessarar greinar eru ítarleg og skýr og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Um 19. gr.

Hér er orðuð sú meginregla að til ráðstöfunar á sameign þurfi samþykki allra eigenda. Það er ekki eðlilegt að játa húsfélagi eða meiri hluta í því almennan rétt til þess að selja eða leigja sameign. Byggist það á því að húsfélagið á ekki sameignina heldur eigendur eftir hlutfallstölum. Húsfélagið er ekki neinn milliliður í því efni. Eignarréttur eiganda er beinn og milliliðalaus. Húsfélagið er aðeins rekstraraðili en ekki eignarréttaraðili. Þar sem húsfélag á ekkert í sameigninni, heldur eigendurnir, þá hlýtur almennt að gilda, að húsfélagið getur ekki ráðstafað eign, sem það ekki á. Er meginreglan í 1. mgr. á framangreindum sjónarmiðum og rökum reist.

Þrátt fyrir ofangreind sjónarmið þykir verða að játa húsfélagi, innan vissra þröngra marka, heimild til að selja eða leigja óverulega hluta sameignar. Geta í undantekningartilvikum staðið til þess gild rök og réttmætar ástæður sem rétt er að virða framar þeim sjónarmiðum sem rakin eru hér að ofan. Byggist undantekningarreglan í 2. mgr. á því.

Um 20. gr.

Í þessari grein er fjallað almennt um rétt eiganda til að ráðstafa eign sinni í fjöleignarhúsi. Eru ákvæði greinarinnar í samræmi við gildandi rétt og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Í þessari grein er fjallað um ráðstöfun hluta séreignar og skiptingu séreignar. Er hér um nýmæli að ræða. Er hér reynt að setja ákveðnar reglur um atriði sem eru og hafa verið mjög óljós og á reiki og mikil uppspretta deilna.

Er við það miðað að eiganda verði óheimilt að selja hluta af eign sinni til aðila utan húsfélagsins nema með samþykki allra eigenda. Sama gildir um varanlega skiptingu eignarhluta í notkunareiningar þótt sala sé ekki endilega fyrirhuguð.

Í þessu efni vógust á tvö grundvallarsjónarmið eða hagsmunir. Annars vegar hagsmunir eiganda af því að geta og mega ráðstafa eign sinni á hvern þann hátt sem hann telur henta hag sínum best. Eru slíkir hagsmunir studdir og varðir af almennum eignarréttarsjónarmiðum. Hins vegar eru svo hagsmunir annarra eigenda af því að forsendum þeirra fyrir kaupum á eign, eignarráðum þeirra, búsetu, afnotum af sameign o.fl. verði ekki einhliða og án samþykkis þeirra raskað með því að eignarhlutum fjölgi óheft. Voru þessi sjónarmið vegin saman og varð niðurstaðan sú að þau síðarnefndu væru veigameiri og ættu að ráða reglunni.

Um 22. gr.

Í þessari grein er tekið á álitaefnum sem snerta bílskúra og ráðstöfun þeirra. Um það er ekki fjallað í núgildandi lögum og virðist það hreinlega hafa gleymst því hér er um mjög mikilvægt atriði að ræða sem gömlu lögin frá 1959 höfðu að geyma skýrari reglur um. Frá því að núgildandi lög voru sett hafa bílskúrar og ráðstöfun þeirra verið heit og tíð deiluefni. Er mál að linni.

Lögð er til sú meginregla að óheimilt sé að ráðstafa bílskúrum út fyrir húsið og að undanskilja þá við sölu eignarhluta nema eigandi eigi annan eignarhluta í húsinu. Þó er heimilt að ráðstafa bílskúrum milli húsa þegar svo stendur á að bílskúrar eru á sameiginlegri lóð þeirra, en slíkt fyrirkomulag þekkist núorðið all víða.

Eru þetta svipaðar reglur og í 10. gr. laga nr. 19/1959 og byggjast á því að óeðlilegt sé að bílskúrar á lóð fjöleignarhúss séu í eigu manna út í bæ sem jafnvel reka þar atvinnustarfsemi. Það hefur margvísleg óþægindi og flækjur í för með sér varðandi eignar- og afnotarétt lóðar og þátttöku í húsfélagi þegar eignarréttur að bílskúrum færist út fyrir húsið eins og brögð hafa verið að. Við því þarf að stemma stigu. Þykja þessi rök vega þyngra en hagsmunir eiganda af því að hafa frjálsan ráðstöfunarrétt á bílskúr.

Hins vegar þóttu ekki alveg nægilega knýjandi ástæður til að banna eiganda alfarið að leigja bílskúrinn, en vissulega má færa rök fyrir slíku banni. Við það var þó látið sitja að veita öðrum eigendum forleigurétt að bílskúr ef eigandi hans hyggst leigja hann. Verður að telja að réttmætum hagsmunum annarra eigenda sé með því nægilega borgið.

Um 23. gr.

Þessi grein fjallar um eignayfirfærslu, sölu, á hlutum séreignar til annarra eigenda í sama húsi. Ekki þykir fært og eðlilegt að leggja meiri hömlur á ráðstöfunarheimild eiganda í því efni en að áskilja samþykki einfalds meiri hluta eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta. Slíkar tilfærslur geta verið fullkomlega eðlilegar og jafnvel æskilegar.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu eigenda til að ljá atbeina sinn að nauðsynlegum breytingum á eignaskiptayfirlýsingu vegna slíkrar eignayfirfærslu, jafnvel þótt þeir hafi verið henni mótfallnir ef tilskilinn meiri hluti hefur verið meðmæltur. Sá fyrirvari er þó gerður að breytingin skerði ekki sérstaka lögmæta hagsmuni þeirra.

Um 24. gr.

Samkvæmt þessari grein er það gert að skilyrði fyrir því að nýir séreignarhlutar, sem verða til við eignatilfærslur og breytingar skv. 21.–23. gr., öðlist sjálfstæð sameignarréttindi, að nýrri eignaskiptayfirlýsingu eða nauðsynlegum breytingum á þeirri sem fyrir liggur sé þinglýst.

Þetta er nauðsynlegt til aðhalds og til varnaðar gagnvart óheimilum ráðstöfunum. Ef ekki vill betur getur húsfélag á grundvelli þessarar greinar lagt bann við því að eigendur nýrra eignarhluta hagnýti sameiginlegt húsrými og lóð og sameiginlegan búnað.

Um 25. gr.

Þessi grein fjallar um upplýsingaskyldu seljanda við sölu eignarhluta í fjöleignarhúsi. Er markmið hennar að tryggja að sem gleggst gögn og upplýsingar liggi fyrir við sölu og koma þannig í veg fyrir deilur og eftirmál síðar. Hliðstætt ákvæði er í 18. gr. gildandi laga. Ákvæði greinarinnar eru ítarleg og þarf ekki að skýra þau frekar.

Um 26. gr.

Hér er fjallað mjög ítarlega um rétt eiganda til umráða og hagnýtingar séreignar sinnar, um skyldu hans til að halda eign sinni við og um úrræði húsfélagsins ef hann vanrækir þá skyldu.

Grein þessi er nýmæli og á sér ekki hliðstæð í gildandi lögum. Þó hefur verið talið að þær reglur, sem greinin hefur að geyma, séu gildandi réttur á grundvelli ólögfestra meginreglna og eðlis máls. Hér er um nákvæm og ítarleg fyrirmæli að ræða þannig að ekki er ástæða til frekari skýringa.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru fólgnar mjög þýðingarmiklar reglur sem lúta að breytingum á hagnýtingu séreignar. Er hér um nýmæli að ræða og er tekið á atriðum sem hafa verið óþrjótandi tilefni deilna í fjöleignarhúsum. Er þar einkum átt við atvinnustarfsemi af ýmsum toga í húsnæði sem ætlað er til íbúðar. Er athafnafrelsi eiganda í því efni og til breyttrar hagnýtingar yfirleitt settar hér frekari skorður en nú er talið gilda á grundvelli óskráðra reglna nábýlisréttar (grenndarreglna).

Hér vegast á þeir hagsmunir eiganda, að geta hagnýtt eign sína á þann veg sem honum sýnist og hagsmunir annarra eigenda af því að fá notið sinna eigna í friði og án truflunar og í samræmi við það sem í upphafi var ráðgert og þeir máttu reikna með. Hvoru tveggja eru gild sjónarmið sem verður að virða.

Í ákvæðum greinarinnar eru hagsmunir annarra eigenda látnir vega þyngra, en án þess þó að bera fyrir borð hagsmuni eigandans. Má segja að miðað við gildandi rétt séu nú höfð endaskipti því hingað til hefur réttur eiganda gagnvart sameigendum verið ríkari og þeir lítið getað aðhafst nema ónæðið hafi keyrt um þverbak. Hefur eigandi almennt haft frjálsar hendur um að breyta hagnýtingunni, t.d. að hefja atvinnustarfsemi í íbúð, og ekki þurft að fá samþykki annarra eigenda fyrir því.

Þó breytt hagnýting sé háð leyfi byggingaryfirvalda, þá er mikill misbrestur á að því sé framfylgt og stoðar það aðra eigendur því lítt.

Með ákvæðum þessarar greinar er lagt til að dæminu verði snúið við eins og áður segir. Er við það miðað að breyting á hagnýtingu séreignar sé alltaf háð samþykki annarra eigenda, ýmist allra ef breyting er veruleg, sbr. 1. mgr., eða einfalds meiri hluta miðað við fjölda og eignarhluta ef hún telst ekki veruleg, sbr. 3. mgr. Er það ótvírætt eðlilegri og réttlátari tilhögun en nú er.

Með ákvæðum 2. mgr. er komið til móts við viðkomandi eiganda með því að hindra að aðrir eigendur synji um samþykki á ómálefnalegum grundvelli enda þótt um verulega breytingu sé að ræða.

Loks eru í 4. mgr. ákvæði sem veita minni hlutanum vernd og sjálfstæðan rétt að ákveðnum skilyrðum fullnægðum, jafnvel þótt um óverulega breytingu sé að ræða.

Um 28. gr.

Í greininni eru reglur um rétt eigenda til að byggja við hús, ofan á það eða á lóð þess. Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við gildandi rétt og 2. mgr. er sama efnis og 1. mgr. 9. gr. núgildandi laga og er sérstakra skýringa ekki þörf.

Um 29. gr.

Hér eru reglur um byggingu sem er í samræmi við samþykkta teikningu. Í 1. mgr. segir um það þegar byggingarrétturinn er í séreign, en í 2. mgr. er fjallað um það þegar byggingarrétturinn er í sameign og hvernig þá beri að standa að ákvarðanatöku. Þarfnast þessi grein engra skýringa.

Um 30. gr.

Í þessari grein er fjallað um byggingar og breytingar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í upphafi og á samþykktri teikningu. Sé um verulega breytingu á sameign að ræða er áskilið samþykki allra eigenda, en ef breyting er ekki veruleg nægir samþykki aukins meiri hluta. Til smávægilegra breytinga nægir þó að einfaldur meiri hluti sé meðmæltur.

Ekki er mögulegt að hafa reglur þessar gleggri eða gefa nákvæmari lýsingar eða viðmiðanir um það hvað sé verulegt og hvað óverulegt og hvað teljist smávægilegt í þessu efni og hver séu mörkin þarna á milli. Hljóta ávallt að koma upp takmarkatilvik og verður að leysa þau þegar þau koma upp með hliðsjón af atvikum og staðháttum í hverju húsi.

Um 31. gr.

Samkvæmt þessari grein á að beita reglum 30. gr. eftir því sem við á þegar um er að ræða breytingar á hagnýtingu sameignar. Vísast til athugasemda við þá grein, en að öðru leyti eru ekki efni til nánari skýringa.

Um 32. gr.

Í þessari grein er fjallað um forgangsrétt eiganda til byggingar ofan á eða við hús eða á lóð þess. Sé ekki annars getið í þinglýstum heimildum gengur sá fyrir sem á stærsta eignarhlutann. Er þetta í samræmi við það sem nú gildir, sbr. 2. mgr. 9. gr. núgildandi laga.

Byggingarrétturinn er hins vegar í sjálfu sér í sameign þannig að ef forgangsréttarhafinn nýtir rétt sinn ber honum að greiða öðrum eigendum bætur. Geri hann það ekki geta aðrir eigendur krafist þess að framkvæmdir verði stöðvaðar með lögbanni ef ekki vill betur. Um þetta segir í 2. og 3. mgr. og eru þessar reglur í samræmi við gildandi rétt sem m.a. styðst við dómafordæmi. Í núgildandi lögum er hins vegar ekki að finna hliðstæð ákvæði.

Um 33. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjalla um sameiginleg bílastæði og skiptingu þeirra og eru þau sama efnis og 4. mgr. 9. gr. gildandi laga eins og það ákvæði hefur verið skýrt og skilið.

Hér er fyrst og fremst horft til formlegra eignaskipta, en greinin útilokar ekki að meiri hluti eigenda, einfaldur eða aukinn, geti í einhverjum tilvikum tekið bindandi ákvörðun um einhvers konar óformlegri og ekki varanlega afnotaskiptingu. Má hugsa sér að það sé gert í húsreglum eða sérstökum húsfélagssamþykktum. Hér er þó komið á grátt svæði og þarf lítið til að slík ákvörðun eða ráðstöfun útheimti samþykki allra, sbr. einnig 5. tölul. 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins.

Um III. kafla.

Í III. kafla frumvarpsins er nánar fjallað um réttindi og skyldur eigenda fjöleignarhúsa, en í raun er um það fjallað í öllum greinum frumvarpsins. Kaflinn tekur til 34. gr. til og með 55. gr.

Um 34. gr.

Þessi grein hefur að geyma meginreglur um rétt eiganda til hagnýtingar og afnota af sameign sem almennt hafa verið taldar vera gildandi réttur þótt þær hafi ekki verið lögfestar berum orðum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 35. gr.

Hér eru greindar þær almennu takmarkanir, sem setja verður eiganda við afnot og hagnýtingu sameignar vegna tillitsins til annarra eigenda sem eiga til hennar jafngóðan rétt. Þessi grein er í samræmi við gildandi rétt og 3. mgr. á sér hliðstæðu í 16. gr. núgildandi laga. Þarf greinin ekki frekari skýringa við.

Um 36. gr.

Hér er sett fram sú meginregla að einstakur eigandi hafi almennt engar heimildir til að taka upp á sitt einsdæmi ákvarðanir um sameiginleg málefni eða gera ráðstafanir vegna hennar.

Það er sérstaklega áréttað að eigandi geti ekki helgað sér til einkanota hluta sameignar, en tilburðir í þá veru eru talsvert algengir. Þá er tekið fram að eigandi geti ekki fyrir hefð öðlast aukinn rétt til sameignar.

Allt eru þetta atriði sem talin hafa verið gildandi en ólögfestur réttur.

Um 37. gr.

Í greininni er að finna undantekningu frá meginreglunni í 36. gr. sem felur í sér heimild fyrir eiganda til að grípa til ráðstafana og aðgerða sem eru nauðsynlegar til að forða tjóni. Þetta hefur verið talið gilda á grundvelli ólögfestra reglna um óbeðinn erindisrekstur, en þó er heimild eiganda hér ögn víðtækari en leiða mundi af slíkum almennum reglum. Byggist ákvæði þetta á nokkurs konar neyðarréttarsjónarmiðum.

Varðandi heimild eiganda til að gera ráðstafanir sem lögboðnar eru þá er það í samræmi við það sem talið er gilda í sameignarfélögum og sérstakri sameign, en þó er heimild eiganda hér þrengri en þar gildir.

Um 38. gr.

Í þessari grein er önnur undantekning frá meginreglunni í 36. gr. Hér er eiganda heimilað að ráðast í nauðsynlegar viðgerðir á sameign að vissum skilyrðum uppfylltum og að því tilskildu að hann gæti réttra aðferða sem nánar er lýst í greininni. Þessi heimild byggist á því að eigandi þurfi ekki að una því að sameign hússins níðist niður vegna vanrækslu á viðhaldi þegar húsfélagið eða aðrir eigendur vilja ekki hefjast handa og synja um nauðsynlegt samstarf og skella skollaeyrum við öllum tilmælum. Svipaðar reglur hafa verið taldar gilda ólögfestar.

Tryggast er fyrir eiganda áður en hann leggur út í framkvæmdir að fá dómkvadda sérfróða matsmenn til að meta þau atriði sem tiltekin eru í 2. mgr. Ekki þótti þó fært að lögbinda þá aðferð og getur eigandi tryggt sér sönnun með öðrum hætti, svo sem með mati, vottorðum eða skýrslum tæknifróðra manna og fagmanna, t.d. Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Yfirleitt væri ótryggt að ætla að sanna þessi atriði með vitnum, t.d. með vitnaskýrslum þeirra manna sem verkið unnu, ef þeir hafa ekki gefið mat eða vottorð fyrir fram áður en verkið hófst. Er jafnan brýnt að öðrum eigendum sé gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna og koma sjónarmiðum sínum á framfæri ef þeir vilja þá hirða um það. Gilda hér annars venjulegar reglur réttarfarsins um sönnun og mat sönnunargagna.

Um 39. gr.

Þessi grein hefur að geyma meginreglur um töku sameiginlegra ákvarðana. Þessar eða svipaðar reglur eru nú taldar gilda, sbr. að hluta 10. gr. núgildandi laga. Hér er um grundvallarsjónarmið að tefla en nánari útfærslur á þeim er að finna á öðrum stöðum og öðrum greinum í frumvarpinu.

Það skal tekið fram til áréttingar, að ákvarðanir um sameiginleg málefni skal taka á húsfundum þar sem allir eigendur hafa átt þess kost að mæta og taka þátt í umræðum, ákvörðun og atkvæðagreiðslu. Þannig er sá háttur, sem stundum er hafður á, að gengið sé á milli eigenda með plagg eða yfirlýsingu um einhver sameiginleg málefni, sem eigendum er hverjum í sínu lagi ætlað að samþykkja með undirritun sinni eða synja, ekki í samræmi við fyrirmæli frumvarpsins. Ákvörðun þannig tekin er ekki lögmæt og skuldbindandi nema fyrir þá sem undirritað hafa samkvæmt almennum reglum um skuldbindingargildi loforða og samninga. Gildir einu þótt sá meiri hluti hafi samþykkt sem tilskilinn er til viðkomandi ákvörðunar. Þessi háttur getur því aðeins gengið að allir undirriti og samþykki enda er þá kominn á samningur.

Um 40. gr.

Hér eru settar reglur um það hvernig með skuli fara ef eigandi er ekki hafður með í ráðum og ekki boðaður á fund þar sem ákvörðun er tekin um sameiginleg málefni. Þessar reglur eru nokkuð frábrugðnar þeim reglum sem um þetta gilda skv. 10. gr. núgildandi laga.

Meginreglan er þó eftir sem áður sú að eigandi er ekki bundinn af ákvörðun sem tekin er á slíkum fundi og getur neitað að greiða hlutdeild í kostnaði vegna hennar eða krafist þess að framkvæmdir verði stöðvaðar.

Regla 10. gr. gildandi laga hefur þótt einstrengingsleg og hefur sætt gagnrýni fyrir það að slá of afgerandi og einhliða skjaldborg um rétt viðkomandi eiganda. Hefur reglan oft leitt til óeðlilegrar og ósanngjarnrar niðurstöðu þegar eigandi hefur vegna smávægilegra ágalla á ákvarðanatöku skýlt sér á bak við hana og neitað að greiða hlutdeild í sameiginlegum kostnaði. Á það einkum við þegar um nauðsynlegar framkvæmdir, viðhald og viðgerðir hef-

ur verið að ræða, sem yfirgnæfandi meiri hluti er fyrir. Á það raunar einnig við um aðrar framkvæmdir sem auka verðmæti sameignar og þar af leiðandi allra eigna í húsinu, líka þess sem neitar að greiða hlutdeild sína. Það er óeðlilegt og ósanngjarnt að eigandi geti þannig almennt auðgast á kostnað annarra, slík auðgun er ekki réttmæt og samrýmist ekki réttarvitund fólks. Hefur núgildandi 10. gr. í sumum tilvikum reynst skálkaskjól ef svo má að orði komast.

Dómstólar hafa alloft dæmt í málum þar sem reynt hefur á 10. gr. núgildandi laga. Hefur niðurstaðan stundum verið sláandi ósanngjörn en þó hafa dómstólar mótað þá reglu eða túlkað greinina svo að unnt sé að betrumbæta gallaða ákvörðun á öðrum lögmætum fundi, jafnvel eftir að framkvæmdir eru hafnar. Er í 4. gr. lagt til að þessi regla, sem nú byggist á dómafordæmum, verði lögfest.

Í 3. mgr. er tekið af skarið um það að ef eigandi mætir óboðaður eða þrátt fyrir gallaða boðun þá glati hann rétti til að bera það fyrir sig.

Reynt er að sníða aðra vankanta af 10. gr. laganna, en án þess þó að bera lögmæta hagsmuni og rétt eiganda fyrir borð. Er áður á það drepið að meginreglan verður eftir sem áður sú sama.

Í lokamálslið 2. mgr. er sú skylda lögð á eiganda að hann hafi strax og tilefni er til uppi andmæli við framkvæmd sem hann telur að ekki hafi verið ákveðin með löglegum hætti. Hér er á því byggt að ekki sé ástæða til að virða og vernda hagsmuni eiganda sem situr aðgerðarlaus með hendur í skauti eftir að hann verður þess var að framkvæmdir eru hafnar. Hann verður að hefjast handa því ella geta hinir framkvæmdasömu eigendur haldið áfram í góðri trú um að hann sé ekki mótfallinn framkvæmdunum. Af þessum ástæðum er gert ráð fyrir því að fyrirvaraleysi eiganda og skortur á mótmælum geti leitt til þess að hann glati rétti sínum til að vefengja ákvörðun og verði greiðsluskyldur.

Í 5. mgr. eru lagðar til enn frekari undantekningar frá meginreglunni. Hér er verið að fyrirbyggja eða stemma stigu við óeðlilegri auðgun eiganda á kostnað annarra og vísast til þess sem um það hefur áður verið sagt. Þótt hér sé nokkuð dregið úr virkni og varnaði meginreglunnar þá þykir það óhjákvæmilegt á grundvelli réttlætissjónarmiða og hagsmunamats.

Ekki þótti fært að orða þessa undantekningarreglu með ákveðnara hætti og nákvæmar en gert er, en hún er háð nokkrum matsatriðum sem vega verður og meta í hverju tilfelli út frá þeim sanngirnissjónarmiðum sem áður eru rakin. Hér er fyrst og fremst opnuð leið eða heimild fyrir hagsmunamat sem dómstólar geta beitt og mótað nánar eftir atvikum hverju sinni. Þá verður að hafa hugfast að hér er um undantekningu að ræða, sem skýra ber þröngt með hliðsjón af meginreglunni.

Um 41. gr.

Í þessari grein eru ítarlegar reglur um töku einstakra ákvarðana og vægi atkvæða, en um ákvarðanirnar sem slíkar og efni þeirra er yfirleitt fjallað á öðrum stöðum, í öðrum greinum frumvarpsins, eins og tilvísanir í greininni bera með sér.

Meginreglan er í D-lið en hún er sú að til allra ákvarðana, hverju nafni sem þær nefnast, sem ekki er ótvírætt mælt fyrir um á annan veg í greininni, nægi samþykki einfalds meiri hluta eigenda miðað við hlutfallstölur á löglega boðuðum húsfundi.

Í lið A eru tilgreindar ákvarðanir sem samþykki allra eigenda þarf til, í lið B er fjallað um ákvarðanir sem ⅔ eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, þurfa að samþykkja og í lið C eru taldar upp þær ákvarðanir sem einfaldur meiri hluti, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, þarf að greiða atkvæði með.

Reglurnar í liðum A–C eru undantekningarnar frá meginreglunni í D-lið og ber að skoða þær sem tæmandi talningu og eins ber í samræmi við almenn lögskýringarsjónarmið að túlka þær þröngt með hliðsjón af meginreglunni.

Samkvæmt því eru jafnan líkur fyrir því að til ákvörðunar um sameiginleg málefni nægi samþykki einfalds meiri hluta miðað við hlutfallstölur.

Í E-lið er mælt fyrir um jákvæðan rétt tiltekins minni hluta, ¼, annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta, til að krefjast ákveðinna hluta eða ráðstafana. Samhljóða ákvæði eða heimildir eru í núgildandi löggjöf og þarfnast þessi liður því ekki frekari skýringa.

Reglurnar í liðum A–E eru að sumu leyti nokkuð á annan veg en í núgildandi löggjöf. Breytingarnar eru þó minni en við fyrstu sýn kann að virðast því hér er að hluta til safnað saman óskráðum meginreglum sem taldar hafa verið gilda. Annars eru fyrirmæli þessarar greinar svo ítarleg og nákvæm að hún skýrir sig sjálf.

Fyrirmæli þessarar greinar kunna að virðast nokkuð flókin en hjá því verður ekki komist. Þessir hlutir eru í eðli sínu margslungnir og flóknir og ekki er unnt að skipa þeim svo vel fari með einföldum hætti.

Nákvæmar og ítarlegar reglur, sem hafa að geyma svör við mörgum álitaefnum, eru einatt því verði keyptar að þær eru yfirleitt flóknar. Sá kostur þótti ekki fýsilegur að setja einfaldar og fábrotnar reglur hér um, þar sem sýnt er að slíkar reglur hefðu orðið að vera almennar og því óljósar og stundum ósanngjarnar. Slíkar reglur hefðu fáu svarað en vakið því fleiri spurningar og ágreiningsmál.

Um 42. gr.

Samkvæmt þessari grein er meginreglan sú að húsfundur getur tekið ákvarðanir án tillits til þess hversu margir eru mættir svo framarlega sem fundurinn er löglega boðaður.

Það er aðeins þegar um er að ræða ákvarðanir skv. B-lið 41. gr. sem áskilja samþykki ⅔ hluta eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta að gerðar eru kröfur um ákveðna fundarsókn. Um það eru fyrirmæli í 2. og 3. mgr. Þau fyrirmæli eru í meginatriðum hin sömu og í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 43. gr.

Í þessari grein er sameiginlegur kostnaður skýrður og skilgreindur. Er það gert með svipuðum hætti og tíðkast hefur í gildistíð núgildandi laga og eru því frekari skýringar þarflausar.

Um 44. gr.

Hér er fjallað um það að sameiginlegur kostnaður geti verið sameiginlegur sumum en ekki öllum eigendum. Þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 45. gr.

Þessi grein hefur að geyma reglur um skiptingu sameiginlegs kostnaðar sem er eitt mikilvægasta atriðið í samskiptum eigenda í fjöleignarhúsi.

Meginreglan í A-lið er eftir sem áður hin sama og í gildandi lögum, þ.e. að sameiginlegur kostnaður skiptist á eigendur eftir hlutfallstölum eignarhluta þeirra.

Í B-lið felast undantekningar frá þessari meginreglu í þá veru að nánar tilteknum kostnaði, sem talinn er upp í sjö töluliðum, skuli skipt að jöfnu. Samkvæmt því ber að skýra reglurnar í B-lið þröngt og eru jafnan líkur á því í vafatilvikum að meginreglan eigi við en ekki undantekningarnar.

Ákvæðin í 1. og 2. tölul. B-liðar eru í samræmi við gildandi lög, sbr. 4. mgr. 9. gr. og 14. gr. þeirra, en þó með smávægilegum breytingum eða lagfæringum.

Jöfn kostnaðarskipting er hins vegar nýmæli hvað varðar kostnaðarliðina í 3.–7. tölul. Byggist hún á sanngirnissjónarmiðum og því, að afnot eigenda og/eða gagn séu í þessum tilvikum með þeim hætti að jöfn skipting kostnaðar sé almennt réttlátari og sanngjarnari en skipting eftir hlutfallstölum.

Það er hins vegar vitað mál að stundum kann slík skipting að reynast ósanngjörn, en við því er ekkert að gera. Þannig tilvik hljóta alltaf að koma upp. Það sem skiptir máli er að regla sé sanngjörn í flestum tilvikum, því nákvæmt og fullkomið réttlæti getur ekki náðst hér frekar en á öðrum sviðum. Hér verður einfaldlega að taka af skarið.

Hvað varðar 5. tölul. sérstaklega, þá má segja að horfið sé aftur að því fyrirkomulagi, sem gilti í tíð gömlu laganna frá 1959.

Í C-lið segir að sameiginlegum kostnaði skuli skipt í samræmi við not eigenda ef unnt er að mæla þau nákvæmlega. Þessi regla kemur aðeins til álita í algjörum undantekningartilvikum. Hún byggist á því að ef fullljóst er um not hvers og eins þá séu notin eðlilegasti og sanngjarnasti skiptagrundvöllurinn. Rétt er að ítreka að þessi undantekningarregla mundi hafa mjög þröngt gildissvið.

Því verður ekki neitað að ofangreindar reglur um skiptingu sameiginlegs kostnaðar eru talsvert flóknari en núgildandi reglur, þ.e. undantekningarnar frá meginreglunni eru fleiri og víðtækari. Má vera að umstang og fyrirhöfn stjórnar húsfélags og annarra sem hafa með innheimtu, skiptingu og uppgjör kostnaðar og gjalda að gera, aukist nokkuð a.m.k. fyrst í stað. Það er verðið sem gjalda verður fyrir þá nálgun í réttlætis- og sanngirnisátt sem telja verður að felist í hinum breyttu reglum.

Um 46. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild til frávika frá reglum 45. gr. um skiptingu sameiginlegs kostnaðar, hvort sem um er að ræða meginregluna eða undantekningarnar, í ákveðnum tilvikum og að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum. Ákvæði 1. mgr. eiga við hvers kyns fjöleignarhús, en heimild til frávika skv. 2. gr. á við um öll önnur fjöleignarhús en fjölbýlishús með íbúðum eingöngu. Hér er um nýmæli að ræða en fyrirmæli greinarinnar eru það ljós og ítarleg að ekki er þörf nánari skýringa.

Um 47. gr.

Þessi grein mælir fyrir um það, að skylda til greiðslu hlutdeildar eignarhluta í sameiginlegum kostnaði hvíli á þeim sem er eigandi á hverjum tíma og að húsfélag geti jafnan beint kröfum að þeim sem er þinglýstur eigandi nema eigendaskiptin hafi verið tilkynnt því.

Við eigendaskipti að eign er sú skylda lögð á seljanda að hann tilkynni húsfélagi um þau. Þessi tilkynningarskylda er nauðsynleg til að skapa festu og eyða óvissu innan húsfélags og milli þess og raunverulegs eiganda og koma í veg fyrir misskilning um það hver sé greiðsluskyldur og eins varðandi fundi o.fl. Ekki þótti ástæða til að formbinda slíka tilkynningu, en tryggast er að hafa hana skriflega og senda hana með sannanlegum hætti. Má hugsa sér að útbúið verði sérstakt eyðublaðsform fyrir slíka tilkynningu sem liggi frammi á fasteignasölum.

Um 48. gr.

Í þessari grein er fjallað um lögveð til handa húsfélaginu eða öðrum eigendum, sem stofnast í eign þess eiganda sem ekki stendur skil á hlutdeild sinni í sameiginlegum kostnaði. Þessi grein er sama efnis og 2. mgr. 13. gr. gildandi laga, en þó fyllri og ítarlegri og þarfnast hún ekki skýringa.

Um 49. gr.

Þessi grein hefur að geyma ákvæði um hússjóð og gjöld í hann. Að stofni til er ákvæðið hið sama og í 10. gr. reglugerðar nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög. Hér er þó tekið á ýmsum fleiri atriðum og er greinin ítarleg og kallar ekki á frekari skýringar.

Um 50. gr.

Hér er mælt fyrir um skyldu eiganda til að sjá um allt viðhald og allan rekstur eignarhluta síns og að allur kostnaður þar af stafandi sé sérkostnaður hans. Frekari skýringa er ekki þörf.

Um 51. gr.

Í þessari grein er fjallað um skaðabótaábyrgð eiganda gagnvart öðrum eigendum og afnotahöfum í húsinu. Slíkt bótaákvæði er í 12. gr. gildandi laga, en það þykir óljóst og vandmeðfarið og ekki nema að takmörkuðu leyti eftirbreytnivert.

Hér er lagt til að ábyrgð eiganda verði annars vegar á sakargrundvelli skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. Í þeim tilvikum mundi það skilyrði bótaskyldu að eigandi eða einhver sem hann ber ábyrgð á samkvæmt almennum reglum valdi tjóni af ásetningi eða gáleysi. Vanrækslan eða mistökin þurfa því að vera saknæm.

Í annan stað byggist ábyrgð eiganda á hlutlægum grunni, sbr. 3. tölul., líkt og í 12. gr. núgildandi laga. Þessi bótaregla er hins vegar ekki nándar nærri eins rúm og víðtæk. Hér er ábyrgðin einskorðuð við bilun á búnaði séreignar og lögnum.

Víst er það svo að hlutlægar bótareglur, sem ekki gera sök að skilyrði, teljast almennt til undantekninga og þurfa jafnan að byggjast á sérstökum sjónarmiðum og réttlætingu. Hefur því verið haldið fram að slík sjónarmið séu tæpast fyrir hendi í fjöleignarhúsum. Á það verður ekki fallist. Að öllu virtu verður að telja að slík ábyrgð sé eðlileg og réttlætanleg í þeim tilvikum sem hér um ræðir ef gildissviðinu er haldið þröngu og því ekki hleypt út um víðan völl. Er eðlilegt og sanngjarnt að eigandi beri frekar áhættuna af því, ef búnaður í eignarhluta hans eða lagnir, sem honum tilheyra, bili og gefi sig, en að aðrir eigendur þurfi að bera tjón vegna þess bótalaust.

Bótaábyrgð samkvæmt þessari grein tekur fyrst og fremst til tjóns á nærlægum eignum í húsinu (fasteignum), en hún getur einnig náð til þess þegar tjón verður á öðru, svo sem innanstokksmunum. Þá er hugsanlegt að skemmdir verði á eignum utan hússins, t.d. bílum, með þeim hætti að bótareglan eigi við. Þá segir í 2. mgr. að bótaskyldan geti einnig náð til afleidds tjóns, svo sem vegna afnotamissis.

Í 3. mgr. er það nýmæli að bótakröfu skuli fylgja lögveð í eignarhluta hins bótaskylda. Sú aukna áhætta sem kann að felast í þessu er þó smávægileg, því vátryggingar, sbr. 53. gr., koma til móts við áhættuna. Um frekari skýringar vísast til athugasemda við 53. gr. frumvarpsins.

Um 52. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjalla um skaðabótaábyrgð húsfélags og eru þau nýmæli. Er bótareglan með sama eða líku sniði og 51. gr. og má vísa til athugasemda við hana.

Það skal tekið fram að sömu sjónarmið og rök réttlæta hlutlæga ábyrgð húsfélags vegna bilunar á sameiginlegum búnaði og lögnum, sbr. 3. tölul., og einstakra eigenda. Mundi lögjöfnun frá 51. gr. að öllum líkindum hafa komið til álita ef við þá grein væri látið sitja. Með það í huga þótti rétt að stíga skrefið til fulls til að skapa ekki að óþörfu óvissu og lagalegt tómarúm að þessu leyti.

Eignist eigandi skaðabótakröfu á hendur húsfélagi samkvæmt þessari grein þá leiðir það af sjálfu sér að til frádráttar eða lækkunar kemur hlutdeild eignarhluta hans. Krafan mundi vera sameiginlegur kostnaður sem hann væri að sínum hluta ábyrgur fyrir.

Um 53. gr.

Í greininni er fjallað um tryggingar til að mæta ábyrgð og áhættu skv. 51. og 52. gr. Er það mjög æskilegt og allt að því nauðsynlegt að slíkri ábyrgð sé mætt með tryggingum, að svo miklu leyti sem þær fást. Ekki þótti þó fært að lögleiða skyldutryggingu og er við það látið sitja að meiri hluti eigenda geti svo bindandi sé fyrir alla tekið ákvörðun þar um.

Um 54. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um ábyrgð eigenda út á við gagnvart sameiginlegum kröfuhöfum og er hún nýmæli. Ákvæðin eru hins vegar í samræmi við það sem talið er að gildi í því efni samkvæmt óskráðum meginreglum. Þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 55. gr.

Hér er fjallað á nákvæman og ítarlegan hátt um úrræði húsfélags og annarra eigenda vegna vanefnda og brota eiganda á sameignarskyldum sínum.

Um þessa grein er fjallað í tölulið 14 í almennum athugasemdum hér að framan og vísast þangað varðandi breytingar frá gildandi löggjöf, en nú eru ákvæði um þetta efni í 17. gr. gildandi laga og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir húsfélög nr. 280/1976.

Annars hefur þessi grein að geyma svo nákvæm og ítarleg fyrirmæli að óþarfi er að bæta fleiru við, hún skýrir sig að mestu sjálf.

Um IV. kafla.

Þessi kafli hefur að geyma reglur um húsfélög og tekur hann yfir 56. til og með 76. gr.

Yfirleitt er hér um að ræða ákvæði sem eru skýr og skiljanleg án frekari útlistunar og eru því sérstakar athugasemdir við einstakar greinar almennt knappar eða engar.

Um 56. gr.

Í greininni eru almenn ákvæði um húsfélög og um rétt og skyldu til aðildar að þeim.

Um 57. gr.

Hér eru ákvæði um hlutverk, tilgang og valdsvið húsfélaga og þarfnast þau ekki nánari skýringa.

Um 58. gr.

Í þessari grein er fjallað um almenna fundi, húsfundi, og rétt til setu á þeim. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 59. gr.

Hér er fjallað um aðalfund og boðun hans.

Í 2. mgr. segir að boða skuli fund með sannanlegum hætti. Er eðlilegt að það sé jafnan gert skriflega. Um skýringar við 2. mgr. er annars vísað til athugasemda við 60. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 60. gr.

Þessi grein geymir fyrirmæli um aðra almenna fundi og boðun þeirra.

Í 2. mgr. segir að boða skuli fund tryggilega. Fundarboð þurfa þá jafnan að vera skrifleg og fundir boðaðir með tryggilegum og sannanlegum hætti og með þeim fyrirvara, sem áskilinn er. Það fer hins vegar mjög eftir atvikum og aðstæðum og jafnvel venjum í viðkomandi húsi hvað telst nægileg fundarboðun og hvernig skuli að henni standa. Í sumum tilvikum myndi nægja að hengja tilkynningu upp á viðeigandi stað í sameign hússins. Í öðrum tilvikum væri rétt að afhenda hverjum og einum eiganda fundarboð eða setja það í póstkassa viðkomandi. Í enn öðrum tilvikum þyrfti að vanda enn frekar til og senda boðun í ábyrgðarbréfi eða símskeyti, t.d. ef eigandi býr ekki í húsinu og hefur ekki umboðsmann þar.

Það eru þó takmörk fyrir því, hversu mikla fyrirhöfn fundarboðendur eiga að leggja í til að hafa upp á fjarstöddum eigendum. Verður að gera þá kröfu til eigenda, sem annars staðar búa, að þeir tilkynni húsfélagi aðsetur sitt sem fundarboð má senda til.

Enn fremur er sérstök ástæða til að vanda til fundarboða þegar um er að ræða fundi, sem taka eiga mikilvægar ákvarðanir, t.d. um dýrar framkvæmdir eða umdeild atriði. Ef málefni beinist sérstaklega að einum eða fáum eigendum er rétt að vanda sérstaklega til boðunar þeirra.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 61. gr.

Hér eru verkefni aðalfundar talin upp í tíu töluliðum og eru frekari skýringar óþarfar.

Um 62. gr.

Í greininni eru verkefni annarra funda en aðalfundar tíunduð og þarf ekki meira um það að segja.

Um 63. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um 64. gr.

Hér er að finna ákvæði um stjórn funda og ítarlegar reglur um fundargerðir og þarf ekki að skýra greinina frekar.

Um 65. gr.

Í þessari grein eru reglur um vanhæfi við ákvarðanatöku þegar eigandi á sérstakra hagsmuna að gæta, persónulegra eða fjárhagslegra, í málinu. Eigendur eiga almennt hagsmuna að gæta í sameiginlegum málefnum sem félagsmenn í húsfélaginu og sem þátttakendur í greiðslu sameiginlegs kostnaðar. Slíkir hagsmunir gera eigendur vitaskuld ekki vanhæfa þótt þeir kunni að vera persónulegir eða fjárhagslegir. Það eru sérstakir hagsmunir sem ekki tengjast eignaraðildinni sem hér skipta máli. Má sem dæmi nefna ákvarðanir um samningsgerð um sameiginlega viðgerðarvinnu við eiganda eða nákomin ættmenni hans.

Um 66. gr.

Grein þessi fjallar um stjórn húsfélags, skipan og kosningu hennar, kjörgengi o.fl. Þarfnast hún ekki skýringa.

Um 67. gr.

Þessi grein hefur að geyma nýmæli um það að ekki þurfi að kjósa sérstaka stjórn í fjöleignarhúsum með sex eða færri eignarhlutum. Um hana er fjallað og hún skýrð í tölulið 15 í almennum athugasemdum hér að framan og vísast þangað.

Um 68. gr.

Hér eru ítarleg fyrirmæli um stjórnarfundi sem ekki þarf að skýra frekar.

Um 69. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skyldur og verkefni stjórnar og framkvæmdastjóra o.fl. Þá eru ákvæði um vanhæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem eru hliðstæð ákvæðum 65. gr. og má að því leyti vísa til athugasemda við þá grein. Að öðru leyti þarfnast hún ekki skýringa.

Um 70. gr.

Í greininni eru nánari ákvæði um verk- og valdsvið stjórnar húsfélags og um mörkin gagnvart þeim ákvörðunum sem húsfundur þarf um að fjalla.

Til viðbótar því sem tekið er fram í ákvæðum greinarinnar, skal sú leiðbeiningarregla sett fram, að vald og heimildir stjórnar til ákvarðanatöku um sameiginleg málefni og til að ráða þeim yfirleitt án þess að húsfundur þurfi að fjalla um eru þeim mun þrengri sem húsið er minna og auðveldara er að kalla saman fundi. Stjórn húsfélags í stórum húsum þar sem fundahöld eru þung í vöfum hefur því meiri völd og ríkari heimildir en stjórnir í smærri húsum.

Um 71. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um lögtrúnað eða umboð stjórnarmanna til að skuldbinda húsfélag út á við og um ábyrgð þeirra ef þeir ganga of langt og út fyrir heimildir sínar í því efni. Þá er í 3. mgr. kveðið á um að húsfélag geti verið aðili að dómsmáli, hafi svokallað aðildarhæfi. Allt eru þetta fyrirmæli sem eru í samræmi við gildandi rétt.

Um 72. gr.

Þessi grein inniheldur fyrirmæli um bókhald húsfélags og reikningsgerð og þarfnast ekki skýringa.

Um 73. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um endurskoðun og endurskoðanda og þarf ekki að skýra hana frekar.

Um 74. gr.

Hér er fjallað um húsreglur, hvernig þær skuli settar og hvaða fyrirmæli þær skuli hafa að geyma. Í 3. mgr. eru nánar tilgreind í sjö töluliðum þau atriði sem húsreglur íbúðarhúsa, fjölbýlishúsa, skulu fjalla um, en sú talning er ekki tæmandi. Í annars konar fjöleignarhúsum fer meira eftir atvikum og staðháttum hvers efnis húsreglur þurfa að vera og eru ekki settar sérstakar leiðbeiningarreglur þar um.

Um 75. gr.

Grein þessi fjallar um sérstakar samþykktir húsfélags. Hingað til hefur það lítið tíðkast að húsfélög setji sér sérstakar samþykktir og þinglýsi þeim, en skv. 15. gr. gildandi laga er þinglýsing gildisskilyrði slíkra samþykkta, ekki bara út á við heldur líka milli eigenda innbyrðis.

Ekki er búist við því að slíkar samþykktir færist í vöxt ef frumvarpið verður að lögum. Þvert á móti má ætla að þörfin á sérstökum samþykktum verði enn minni eftir en áður vegna þess hve frumvarpið er ítarlegt og að reynt er að taka mið af öllum þeim húsagerðum sem því er ætlað að taka til.

Með 2. og 3. mgr. er lagt til að horfið verði frá þeirri sérkennilegu tilhögun að þinglýsing sé gildisskilyrði milli eigenda innbyrðis. Það fyrirkomulag er í andstöðu við meginreglur um gildi, þörf og þýðingu þinglýsingar. Verður ekki séð að nein gild rök standi til þeirra afbrigða. Fyrirmæli 2. og 3. mgr. eru hins vegar í fullu samræmi við þessar meginreglur um réttaráhrif þinglýsingar.

Um 76. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um húsfélagsdeildir þegar um sameign sumra en ekki allra er að ræða, nokkurs konar sameign innan sameignarinnar. Er hér um nýmæli að ræða. Er um þetta fjallað lítillega í 15. tölul. almennu athugasemdanna hér að framan og vísast þangað. Að öðru leyti er hér ekki þörf á skýringum.

Um V. kafla.

Þessi kafli inniheldur greinar 77 til og með 82. Hefur hann að geyma ákvæði um eldri samninga, kynningu laganna, kærunefnd, gildistökuákvæði o.fl.

Um 77. gr.

Í grein þessari eru ákvæði sem kunna að orka tvímælis, en þau fela það í sér að ef fyrirliggjandi er þinglýstur samningur af einhverju tagi sem hefur að geyma ákvæði sem fara í bága við ófrávíkjanleg fyrirmæli frumvarpsins þá séu samningsákvæðin réttlægri og verði að víkja.

Hér kann að virðast gengið nokkuð langt í að hrófla við samningsbundnum og þinglýstum samningum og réttindum manna. Það má rétt vera að hér sé langt til seilst, en þess er að geta að fullyrða má að sárasjaldan mun reyna á þetta ákvæði því slíkir samingar eru sjaldgæfir. Menn geta hins vegar velt vöngum fræðilega um þetta.

Að baki þessu ákvæði búa sjónarmið um réttareiningu og að hliðstæð tilvik eigi að lúta sömu reglum og eru þau hér látin vega þyngra en eignarréttarsjónarmið.

Um 78. gr.

Hér eru sett fyrirmæli um kynningu laganna, verði frumvarpið að lögum, um ráðgjöf við eigendur o.fl. Greinin skýrir sig að mestu sjálf, en einnig er um ákvæði hennar fjallað í tölulið 16 í almennu athugasemdunum hér að framan og vísast þangað.

Um 79. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipun kærunefndar í fjöleignarhúsamálum og þarfnast hún ekki skýringa, en vísa má til athugasemda við næstu grein.

Um 80. gr.

Í grein þessari er fjallað nánar um kærunefndina, verkefni hennar, starfshætti, valdsvið o.fl. Er um þessi atriði ítarlega fjallað í tölulið 17 í almennu athugasemdunum og vísast þangað.

Um 81. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er félagsmálaráðherra veitt almenn heimild til að setja frekari og nánari fyrirmæli og ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerð.

Um 82. gr.

Hér er komin lokagrein frumvarpsins sem hefur gildistökuákvæðið að geyma. Er við það miðað að frumvarpið taki gildi, ef af lögum verður, 1. mars 1994.

Er á því byggt að frá samþykkt þeirra og fram að gildistöku gefist ráðrúm til að hefja kynningu þeirra og til að semja og setja reglugerðir samkvæmt þeim. Eins að eigendum og húsfélögum gefist tóm til að aðlaga það sem aðlaga þarf að nýjum fyrirmælum og siðum, sem frumvarpið hefur í för með sér.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjöleignarhús.

Verði frumvarpið að lögum kemur það í stað laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús. Frumvarpið er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 6. desember 1988 til að endurskoða lögin um fjölbýlishús. Nefndin hefur starfað með nokkrum hléum og breytingum til 20. febrúar 1993.

Í inngangi að athugasemdum við frumvarpið getur nefndin þess að hún hafi talið það vera „mikilvægasta viðfangsefni sitt að draga saman í eitt frumvarp, eina löggjöf, allar réttarreglur, skráðar og óskráðar, sem gilda á þessu sviði og kosta kapps um að gera löggjöfina eins aðgengilega, auðskiljanlega og ítarlega og framast var kostur.“ Af þessu leiðir að gert er ráð fyrir verulegum breytingum á lögum nr. 59/1976, um fjölbýlishús, sem miða að því að gera þau fyllri og ítarlegri og eru m.a. ákvæði reglugerðar nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög felld inn í frumvarpið. Í þessum inngangskafla athugasemda rekur nefndin í 17 liðum þær meginbreytingar frá núverandi löggjöf sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og skal það ekki endurtekið hér en bent á nokkur atriði sem teljast til nýmæla:

1. Í frumvarpinu er hugtakið „fjöleignarhús“ notað í staðinn fyrir „fjölbýlishús“ þar sem það fyrrnefnda er rýmra en það síðarnefnda sem miðast fremur við íbúðarhúsnæði og gefur gildissviðið ekki nægilega glöggt til kynna.
2. Ýmis grundvallarhugtök eru ræki lega skýrð sem sum hver eru óljós og á reiki í gildandi lögum. Má þar nefna hugtök eins og „hús“, „séreign“, „sameign“ og „sameign sumra“.
3. Nýmæli er ákvæðið um breytingar á eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum, en slík ákvæði skortir í núgildandi lögum.
4. Nýmæli um heimildir einstakra eigenda til að gera ráðstafanir varðandi sameign til að forðast tjón og til að ráðast í nauðsynlegar viðgerðir þegar húsfélag fæst ekki til athafna.
5. Skýrari ákvæði eru í frumvarpinu um bótaskyldu eiganda gagnvart öðrum eigendum og afnotahöfum í húsinu vegna vanrækslu á viðhaldi séreignar, mistaka við meðferð hennar og viðhald og bilunar á búnaði hennar og lögnum.
6. Í frumvarpinu er ákvæði um ábyrgð eigenda út á við gagnvart sameiginlegum kröfuhöfum á sameiginlegum skuldbindingum. Á því atriði er ekki tekið í gildandi lögum.
7. Frumvarpið hefur að geyma skýrari, afdráttarlausari og nokkuð breyttar og víðtækar reglur um úrræði húsfélaga við vanefndir og brot eiganda.
8. Í frumvarpinu eru ítarleg ákvæði um húsfélög (áður í reglugerð) og er hlutverk þeirra, tilgangur og valdsvið skilgreint. Má nefna það nýmæli að ekki þurfi að kjósa og hafa sérstaka stjórn þegar eignarhlutar í húsi eru sex eða færri.
9. Í frumvarpinu eru ákvæði um kynningu laganna, ráðgjöf og leiðbeiningar sem félagsmálaráðuneytið skal annast. Félagsmálaráðherra getur falið öðrum það verkefni og er vikið að því hér á eftir.
10. Loks er í frumvarpinu lagt til að skipuð verði sérstök kærunefnd fjöleignarhúsa sem eigendur geti leitað til með ágreiningsmál sín og fengið rökstutt álit.

Að því er varðar aukinn kostnað ríkissjóðs, sem verða kann af samþykkt þessa frumvarps, er helst ástæða til að athuga tvö síðastnefndu ákvæðin um kynningu laganna og kærunefndina.

Í 78. gr. segir að félagsmálaráðuneytið skuli „annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim. Ráðherra getur ákveðið að fela Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðilum þessa kynningu.“ Félagsmálaráðherra getur einnig falið stofnuninni eða öðrum aðila, svo sem hagsmunasamtökum fjöleignarhúsaeigenda, að veita eigendum upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar um réttindi þeirra og skyldur og önnur atriði laganna. Að lokum segir í greininni að kostnaður við kynningu og ráðgjöf greiðist úr ríkissjóði en þó er heimilt að innheimta hóflegt gjald fyrir lögfræðilega ráðgjöf og leiðbeiningar. Þá er einnig heimilt að selja kynningar- og fræðslurit á hóflegu verði.

Ekki er að svo stöddu unnt að meta aukinn kostnað af samþykkt þessa ákvæðis, en einhver hlýtur hann að verða, sérstaklega fyrst eftir gildistöku laganna. Er þá átt við nauðsyn þess að vekja athygli á lögunum og sérprentunar á þeim. Vegna þess að lagatextinn er að miklu leyti settur fram í handbókarformi ætti ekki að verða þörf á ítarlegum skýringartexta. Að teknu tilliti til heimildar til að selja svona upplýsingarit ætti kostnaður tæpast að fara yfir 1 m.kr. fyrsta árið sem lögin gilda og lækka síðan.

Í 79. og 80. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi kærunefnd fjöleignarhúsamála til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar. Ráðherra skipar tvo án tilnefningar en einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu frá Húseigendafélaginu. Verkefni þessarar nefndar er svipað og kærunefndar húsaleigumála sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frumvarpi til húsaleigulaga, en hún skal láta í té rökstutt álit svo fljótt sem kostur er. Árlega fara 10–15 mál af þessu tagi fyrir dómstóla. Með tilkomu nefndarinnar má ætla að þessum málum muni fækka. Ætla má að kostnaður við nefndina gæti orðið um 1 m.kr.

160. Frumvarp til húsaleigulaga. [144. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna o.fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga sem fjalla um afnot af húsi eða hluta af húsi gegn endurgjaldi, þar á meðal um framleigu húsnæðis.

Lögin gilda bæði um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sé húsnæði bæði leigt til íbúðar og til annarra nota gilda um slíka samninga ákvæði laganna um íbúðarhúsnæði. Ákvæði laganna, sem fjalla samkvæmt orðanna hljóðan um íbúðarhúsnæði, gilda um atvinnuhúsnæði eftir því sem við getur átt og að því leyti sem lögin hafa ekki að geyma sérreglur um slíkt húsnæði.

Lögin gilda enn fremur um afnot húsnæðis samkvæmt vinnusamningi eða viðauka við slíkan samning.

Lögin gilda þótt endurgjaldið skuli að öllu leyti eða að hluta greiðast með öðru en peningum, svo sem með vinnuframlagi.

Sé um að ræða samninga sem með öðru fjalla um afnot húsnæðis gegn endurgjaldi þá gilda lögin um þá að því tilskildu að sá þáttur sé meginatriði þeirra.

Fjalli samningur enn fremur um land sem nýta á í tengslum við afnot af húsnæði skal fara um slíkan samning samkvæmt lögum þessum nema um landbúnaðarafnot sé að ræða.

Lög þessi gilda ekki um samninga hótela, gistihúsa og sambærilegra aðila við gesti sína. Þá gilda ákvæði laga þessara ekki um skammtímaleigu á húsnæði, svo sem orlofsheimilum, sumarhúsum, samkomuhúsum, íþróttasölum, herbergjum eða geymsluhúsnæði, þegar leigugjald er miðað við viku, sólarhring eða skemmri tíma.

Loks gilda lög þessi ekki um samninga um afnot húsnæðis sem sérstakar reglur gilda um samkvæmt öðrum lögum.

2. gr.

Óheimilt er að semja um að leigjandi íbúðarhúsnæðis taki á sig ríkari skyldur og öðlist minni réttindi en lögin mæla fyrir um nema ákvæði laganna hafi að geyma sérstök frávik þess efnis.

Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði eru hins vegar frávíkjanleg og gilda þau því aðeins um slíkt húsnæði að ekki sé á annan veg samið.

Sé íbúðarhúsnæði leigt til ákveðinna hópa, svo sem námsmanna, aldraðra eða öryrkja, þar sem sérstakar aðstæður kalla á aðra skipan en lögin mæla fyrir um, er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt, vegna sérstaks eðlis eða tilgangs starfseminnar, að víkja frá einstökum ákvæðum laganna með samningi.

3. gr.

Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við karl og konu sem búa saman og eru bæði ógift ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.

II. KAFLI
Leigusamningur.

4. gr.

Leigusamningur um húsnæði skal vera skriflegur.

Húsnæðisstofnun ríkisins lætur gera sérstök eyðublöð, eitt fyrir leigusamning um íbúðarhúsnæði og annað fyrir leigusamning um atvinnuhúsnæði, svo og eyðublöð fyrir úttektaryfirlýsingar og sýnishorn af uppsögnum og öðrum tilkynningum sem samkvæmt lögum þessum skulu vera skriflegar. Eyðublöðin skulu liggja frammi almenningi til afnota á skrifstofum sveitarfélaga eða húsnæðisnefnda, hjá samtökum leigjenda og leigusala, Húsnæðisstofnun ríkisins og annars staðar þar sem ástæða þykir til.

Húsnæðisstofnun ríkisins getur ákveðið hæfilegt endurgjald fyrir eyðublöðin sem dreifingaraðila er skylt að innheimta. Dreifingaraðila er heimilt að áskilja sér hæfilega þóknun úr hendi viðtakanda eyðublaða og sýnishorna.

5. gr.

Heimilt er félagsmálaráðuneyti að staðfesta eyðublöð skv. 4. gr. sem samtök leigjenda eða leigusala, sveitarstjórnir, félagasamtök eða aðrir þeir sem leigja út húsnæði kunna að láta gera, enda sé staðfesting ráðuneytisins skráð á þau.

6. gr.

Í leigusamningi skal m.a. koma fram:

1. Nöfn, heimilisföng og kennitölur samningsaðila.
2. Greinargóð lýsing á hinu leigða, sbr. m.a. 38. gr.
3. Sá eignarhluti fjölbýlishúss eða fasteignar sem leigjanda er leigður.
4. Hvort samningur sé tímabundinn eða ótímabundinn.
5. Fjárhæð húsaleigu og hvort og hvernig hún skuli breytast á leigutímanum.
6. Hvar og hvernig greiða skuli leiguna.
7. Hvort leigjandi skuli setja tryggingu og með hvaða hætti.

8. Hvort úttekt á hinu leigða skuli fara fram við afhendingu.
9. Forgangsréttur leigjanda skv. X. kafla.
10. Sérákvæði ef um þau er samið og lög heimila.

7. gr.

Nú er leigusala ekki mögulegt að sinna skyldum sínum gagnvart leigjanda, svo sem vegna langvarandi fjarvista eða sjúkleika, og er honum þá skylt að hafa umboðsmann sem leigjandi getur snúið sér til. Skal nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns koma fram í leigusamningi.

8. gr.

Allar breytingar á leigusamningi eða viðbætur við hann, sem heimilar eru samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar skriflega og undirritaðar af aðilum samningsins.

Ef annar hvor aðila þarf samkvæmt ákvæðum laga þessara eða leigusamningi að fá samþykki hins getur hann krafist þess að fá það staðfest skriflega.

9. gr.

Leigusamning má ýmist gera til ákveðins tíma eða ótímabundinn.

Leigusamningur telst ótímabundinn nema um annað sé ótvírætt samið. Um ótímabundna leigusamninga gilda ákvæði 56. gr. um uppsagnir og uppsagnarfresti.

Sé leigusamningur tímabundinn lýkur honum án sérstakrar uppsagnar nema um annað sé samið, sbr. 58. gr.

Um tímabundna og ótímabundna leigusamninga gilda ákvæði X. kafla um forgangsrétt leigjanda.

10. gr.

Hafi aðilar vanrækt að gera skriflegan leigusamning teljast þeir hafa gert ótímabundinn leigusamning og gilda öll ákvæði laganna um réttarsamband þeirra.

Upphæð leigunnar ákveðst þá sú fjárhæð sem leigusali getur sýnt fram á að leigjandi hafi samþykkt.

11. gr.

Um heimild til að víkja húsaleigusamningi til hliðar í heild eða að hluta eða til að breyta honum, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, gilda ákvæði laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

12. gr.

Réttindi leigjanda, sem byggjast á eða leiðir af ákvæðum laga þessara, eru gild gagnvart sérhverjum án þinglýsingar, sbr. þó ákvæði 2. mgr.

Að öðru leyti fer það eftir ákvæðum þinglýsingalaga hvaða réttindi leigjanda, hvenær og gagnvart hverjum eru háð þinglýsingu.

Leigjandi, sem með samningi öðlast víðtækari réttindi en 1. og 2. mgr. mæla fyrir um og vill tryggja þau, getur látið þinglýsa samningnum.

Er leigutíma lýkur skal leigjandi láta aflýsa hinum þinglýsta samningi. Hafi hann ekki látið gera það í síðasta lagi innan viku þar frá skal samningi aflýst að kröfu leigusala.

13. gr.

Þurfi aðili leigusamnings vegna fyrirmæla laga þessara að koma á framfæri við gagnaðila skriflegri orðsendingu, hverju nafni sem hún nefnist, þá skal hún send af stað með sannanlegum og tryggilegum hætti og innan þeirra tímamarka eða fresta sem mælt er fyrir um ef því er að skipta. Sé þess gætt þá hefur orðsendingin þá þýðingu og þau réttaráhrif sem henni er ætlað að hafa, jafnvel þótt hún komi afbökuð, of seint eða alls ekki til viðtakanda.

III. KAFLI
Ástand hins leigða húsnæðis.

14. gr.

Leiguhúsnæði skal, þegar það er afhent leigjanda, vera í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun þess og staðsetningu.

Húsnæðið skal við afhendingu vera hreint, rúður heilar, læsingar og rofar virkir, hreinlætis-, hitunar- og eldhústæki í lagi, sem og vatns- og frárennslislagnir.

Húsnæði, sem leigt er til íbúðar, skal fylgja það fylgifé sem var til staðar við sýningu þess sé eigi sérstaklega um annað samið.

15. gr.

Spillist leiguhúsnæði fyrir upphaf leigutíma þannig að það verði óhæft til fyrirhugaðra nota fellur leigusamningurinn úr gildi.

Leigjandi á þá ekki rétt til bóta nema spjöllin séu sök leigusala sjálfs eða hann vanræki að gera leigjanda viðvart um þau.

16. gr.

Nú kemur í ljós að hið leigða húsnæði er ekki í því ástandi sem leigusamningur greinir eða leigjandi hlaut að mega gera ráð fyrir og skal leigjandi þá innan eins mánaðar frá afhendingu gera leigusala skriflega grein fyrir aðfinnslum sínum og segja til um hverra úrbóta er krafist. Að öðrum kosti telst leigjandi una húsnæðinu.

Leigjandi skal segja til um galla, sem síðar koma fram á húsnæðinu og voru ekki sýnilegir við venjulega athugun, innan 14 daga frá því hann varð þeirra var.

17. gr.

Geri leigusali ekki innan eins mánaðar ráðstafanir til að bæta úr annmörkum á húsnæðinu er leigjanda heimilt að ráða bót á þeim og draga frá leigunni þann kostnað sem af því hlýst, enda hafi hann fyrst aflað samþykkis byggingarfulltrúa, sbr. XIV. kafla.

Hafi leigusali ekki sinnt réttmætri kröfu leigjanda um úrbætur innan tveggja mánaða frá því hún barst honum og leigjandi ekki neytt réttar síns skv. 1. mgr. er leigjanda heimilt að rifta leigusamningnum, enda sé um verulega annmarka að tefla miðað við fyrirhuguð not leigjanda af húsnæðinu.

Leigjandi á kröfu til hlutfallslegrar lækkunar á leigu meðan eigi hefur verið bætt úr annmörkum á hinu leigða húsnæði.

Lækkun leigunnar metur byggingarfulltrúi, en rétt er þó aðilum að bera álit hans undir kærunefnd húsaleigumála, sbr. 85. gr.

IV. KAFLI
Viðhald leiguhúsnæðis.

18. gr.

Leigjanda er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess.

Verði hið leigða húsnæði eða fylgifé þess fyrir tjóni af völdum leigjanda, heimilismanna eða annarra manna sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það skal leigjandi gera ráðstafanir til að bæta úr tjóninu svo fljótt sem verða má. Ef leigjandi vanrækir þessar skyldur sínar er leigusala heimilt að láta fara fram viðgerð á kostnað leigjanda. Áður skal þó leigusali veita leigjanda frest í einn mánuð til þess að ljúka viðgerðinni. Áður en leigusali lætur framkvæma viðgerðina skal hann leita álits byggingarfulltrúa og samþykkis hans fyrir kostnaðinum að verki loknu.

Skylt er leigjanda í tilvikum þeim, sem fjallað er um í 2. mgr., að sæta umgangi viðgerðarmanna án leigulækkunar enda þótt afnot hans takmarkist um tíma vegna viðgerðarinnar.

19. gr.

Leigusali annast viðhald hins leigða, innan húss sem utan, sbr. þó 3. mgr.

Leigusali skal annast viðgerðir á gluggum, raftækjum, hreinlætistækjum og öðru því er fylgir húsnæðinu ef leigjandi sýnir fram á að bilanir verði ekki raktar til vanrækslu eða yfirsjónar leigjanda eða fólks á hans vegum.

Leigjanda er skylt að annast á sinn kostnað viðhald á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu.

Leigusali skal jafnan halda hinu leigða húsnæði í leiguhæfu ástandi, m.a. með því að láta mála húsnæðið og endurnýja gólfdúka þess, teppi og annað slitlag með hæfilegu millibili, eftir því sem góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um.

Tjón á hinu leigða, sem er bótaskylt samkvæmt skilmálum venjulegrar húseigendatryggingar, skal leigusali ætíð bera ef um íbúðarhúsnæði er að ræða.

20. gr.

Telji leigjandi viðhaldi af hálfu leigusala ábótavant skal leigjandi skora á leigusala að bæta úr og gera grein fyrir því sem hann telur að úrbóta þarfnist.

Sinni leigusali ekki kröfum leigjanda um úrbætur innan tveggja mánaða er leigjanda heimilt að láta framkvæma viðgerðina á kostnað leigusala og draga kostnaðinn frá leigugreiðslum eða krefja leigusala um kostnaðinn sérstaklega. Leigjanda ber þó, áður en vinna hefst, að leita álits byggingarfulltrúa á nauðsyn hennar og samþykkis hans fyrir kostnaðinum að verki loknu.

21. gr.

Viðgerðar- og viðhaldsvinnu alla skal leigusali láta vinna fljótt og vel svo að sem minnstri röskun valdi fyrir leigjanda.

Leiði viðgerðar- eða viðhaldsvinna á vegum leigusala til verulega skertra afnota eða afnotamissis að mati byggingarfulltrúa skal leigusali bæta leigjanda það með hlutfallslegum afslætti af leigugjaldi eða á annan þann hátt er aðilar koma sér saman um. Verði aðilar ekki ásáttir um bætur eða afslátt geta þeir leitað álits byggingarfulltrúa, en heimilt er aðilum að bera álit hans undir kærunefnd húsaleigumála, sbr. 85. gr.

22. gr.

Í leigusamningum um íbúðarhúsnæði er heimilt að semja sérstaklega um að leigjandi annist á sinn kostnað að hluta eða öllu leyti það viðhald innan íbúðar sem leigusala ber að annast samkvæmt kafla þessum, enda lækki leigugjaldið að sama skapi. Í slíkum tilvikum skal þess nákvæmlega getið í leigusamningnum til hvaða atriða viðhaldsskylda leigjanda nær.

V. KAFLI
Reksturskostnaður.

23. gr.

Reksturskostnaði af leigðu húsnæði skal þannig skipt að leigjandi greiðir kostnað af notkun vatns og rafmagns og jafnframt hitunarkostnað, en leigusali greiðir öll fasteignagjöld, þar með talið fasteignaskatt og tryggingaiðgjöld.

Í fjölbýlishúsum skal leigjandi enn fremur greiða allan kostnað vegna hitunar, lýsingar og vatnsnotkunar í sameign, svo og kostnað við ræstingu og aðra sameiginlega umhirðu hennar. Leigusali skal greiða framlag til sameiginlegs viðhalds, þar á meðal vegna lyftubúnaðar, svo og kostnað vegna endurbóta á lóð eða húseign og kostnað við hússtjórn.

Ef leigjandi óskar þess skal leigusali eða húsfélag láta leigjanda í té sundurliðun á þeim kostnaðarþáttum húsgjalds er leigjandi greiðir.

Þar sem veitustofnanir innheimta sérstakt gjald fyrir leigu á mælum eða öðrum slíkum búnaði sem þær leggja til skal leigjandi greiða það gjald. Leigusali skal greiða fasteignagjöld eða árgjöld slíkra stofnana, sem reiknast af matsverði húsnæðis, rúmfangi þess eða öðrum slíkum gjaldstofnum, án beinna tengsla við vatns- eða orkukaup.

Heimilt er að víkja frá þessari skiptingu, enda séu slík frávik skilmerkilega greind í leigusamningi.

24. gr.

Þegar þjónusta sú, sem leigjandi skal greiða, er seld sameiginlega til fleiri aðila skal kostnaði skipt í samræmi við ákvæði laga eða samninga um skiptingu afnotaréttar þar sem hann er sameiginlegur, en ella samkvæmt hlutfallstölum í skiptayfirlýsingu. Hafi slík yfirlýsing ekki verið gerð skal kostnaði skipt eftir eignarhluta íbúða í samræmi við ákvæði laga um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum.

25. gr.

Leggi leigusali út rekstursgjöld þau, sem leigjandi skal greiða skv. 23. gr., falla þau í gjalddaga á næsta greiðsludegi húsaleigu. Leggi leigjandi út rekstursgjöld sem leigusala ber að greiða skal honum heimilt að draga þann kostnað frá næstu leigugreiðslu.

26. gr.

Þegar ráðist er í að tengja leiguhúsnæði við hitaveitu eða fjarvarmaveitu eða í aðrar endurbætur á húsnæðinu sem lækka reksturskostnað þess fyrir leigjanda er leigusala heimilt að hækka umsamda húsaleigu um allt að helmingi þeirrar upphæðar er nemur sparnaði leigjanda í reksturskostnaði af völdum slíkrar breytingar.

Hafi leigusali fengið beinan útlagðan kostnað sinn af endurbótum skv. 1. mgr. endurgreiddan skal lækkun reksturskostnaðarins eftir það koma báðum aðilum til góða að jöfnu til loka leigutímans.

VI. KAFLI
Afnot leiguhúsnæðis.

27. gr.

Óheimilt er leigjanda að nota leiguhúsnæði á annan hátt en um er samið í leigusamningi. Leigusali getur þó ekki borið fyrir sig frávik frá ákvæði þessu sem ekki hafa þýðingu fyrir hann eða aðra þá sem í húsinu búa eða starfa.

28. gr.

Leigjanda er óheimilt að framkvæma breytingar eða endurbætur á hinu leigða húsnæði eða búnaði þess, nema að fengnu samþykki leigusala og gerðu samkomulagi um skiptingu kostnaðar og hvernig með skuli fara að leigutíma loknum. Að öðrum kosti eignast leigusalinn endurbæturnar án sérstaks endurgjalds við lok leigutímans nema hann kjósi þá eða áður að krefjast þess að leigjandi komi hinu leigða í upphaflegt horf, sbr. 66. gr.

29. gr.

Leigjandi skal í hvívetna fara með leiguhúsnæðið á þann hátt sem samræmist góðum venjum um meðferð húsnæðis og fyrirhuguðum notum þess.

Leigjandi skal án tafar tilkynna leigusala um þau atriði utan húss eða innan sem þarfnast lagfæringar eða viðhalds.

30. gr.

Leigjanda er skylt að ganga vel og snyrtilega um hið leigða húsnæði og gæta settra reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og heilbrigði.

Leigjandi skal fara að viðteknum umgengnisvenjum og gæta þess að raska ekki eðlilegum afnotum annarra þeirra er afnot hafa af húsinu eða valda þeim óþægindum eða ónæði.

Hafi umgengnisreglur verið settar í fjölbýlishúsi er leigjanda skylt að fara eftir þeim, enda skal kynna leigjanda slíkar reglur.

Leigusala er skylt að hlutast til um að aðrir þeir sem afnot hafa af húsi því sem hið leigða húsnæði er í fari að settum umgengnisreglum og gæti að öðru leyti ákvæða þessa kafla á þann veg að hagsmunir leigjanda séu tryggðir.

31. gr.

Leigjanda verslunar- eða veitingahúsnæðis er skylt að halda uppi eðlilegum daglegum rekstri á viðtekinn hátt, nema þegar sérstakar ástæður gera lokun nauðsynlega.

32. gr.

Sé hið leigða í húsi sem fellur undir ákvæði laga um fjölbýlishús ná ákvæði þessa kafla bæði til séreignar sem samningur tekur til og eftir atvikum sameignar bæði utan húss og innan.

VII. KAFLI
Greiðsla húsaleigu. Tryggingar.

33. gr.

Húsaleigu skal greiða 1. dag hvers mánaðar fyrir fram fyrir einn mánuð í senn nema um annað sé samið. Ef gjalddaga leigu ber upp á almennan frídag skal hann vera næsti virki dagur þar á eftir.

Húsaleigu og annað endurgjald, sem leigjanda ber að greiða, skal greiða á umsömdum stað, en annars á heimili leigusala, vinnustað hans eða öðrum þeim stað sem hann tiltekur innan lands.

Leigjanda er þó ávallt heimilt að inna greiðslu af hendi í banka eða senda í pósti með sannanlegum hætti. Greiðsla með þeim hætti telst þá greidd á réttum greiðslustað og þann dag sem hún er innt af hendi í bankanum eða pósthúsinu.

Nú hefur leigjandi eigi gert skil á leigunni innan sjö sólarhringa frá gjalddaga og er þá leigusala rétt að krefjast hæstu lögleyfðu dráttarvaxta af henni til greiðsludags.

34. gr.

Semji aðilar leigusamnings um íbúðarhúsnæði um fyrirframgreiðslu á húsaleigu fyrir lengri tíma en þrjá mánuði hvort heldur í upphafi eða síðar á leigutímanum þá hefur það þær afleiðingar að leigjandi öðlast kröfu um leigurétt í þrefaldan þann tíma sem hann greiddi fyrir. Gildir þetta jafnt þó samið hafi verið um skemmri leigutíma.

Hafi leigjandi íbúðarhúsnæðis reitt fram tryggingarfé skv. 4. tölul. 1. mgr. 40. gr. þá er óheimilt að krefja hann jafnframt um húsaleigu fyrir fram fyrir lengri tíma en einn mánuð.

Leigjandi skal setja fram við leigusala skriflega kröfu um ákveðinn eða framlengdan leigutíma á grundvelli 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að greiðslan fór fram. Að öðrum kosti fellur þessi réttur hans niður. Skal hann í bréfi sínu gefa leigusala kost á að endurgreiða fyrirframgreiðslu umfram þriggja mánaða leigu ásamt dráttarvöxtum. Endurgreiði leigusali innan 10 daga frá því að hann fékk kröfuna hefur fyrirframgreiðslan ekki þau réttaráhrif sem greinir í 1. mgr.

35. gr.

Ef leigjandi afhendir leigusala skuldabréf, víxla, tékka eða annars konar viðskiptabréf til greiðslu á leigu fram í tímann, þá telst það vera fyrirframgreiðsla skv. 34. gr. með þeim takmörkunum og lögfylgjum sem þar greinir.

Greiðsla á leigu með þeim hætti, sem um ræðir í 1. mgr., telst, nema annað sannist vera, móttekin af leigusala á þeirri forsendu að staðið verði í skilum með greiðslur á réttum gjalddögum. Ef sú forsenda brestur og vanskil verða er leigusala heimilt að beita vanefndaúrræðum gagnvart leigjanda samkvæmt lögum þessum, þar á meðal riftun skv. 1. tölul. 61. gr.

36. gr.

Þegar leigjandi á rétt til frádráttar frá leigugreiðslu, svo sem vegna ófullnægjandi ástands húsnæðis í upphafi leigutíma skv. 17. gr., vegna viðgerðar sem hann hefur framkvæmt á kostnað leigusala skv. 20. gr. eða vegna skerðingar á afnotarétti skv. 21. gr. skal hann framvísa reikningi sínum ásamt fylgigögnum og með árituðu samþykki byggingarfulltrúa við leigusala á næsta gjalddaga leigugreiðslu.

Ákvörðun leigusala um að bera lögmæti slíks reiknings undir úrskurð dómstóla leysir hann ekki undan þeirri skyldu að meta reikninginn til bráðabirgða jafngildi réttmætrar leigugreiðslu.

Heimild leigusala til að bera réttmæti reiknings undir dómstóla fellur niður hafi mál eigi verið höfðað innan þriggja mánaða frá því að leigjandi framvísaði reikningnum eða matsgerð lýkur, ef ákvörðun byggingarfulltrúa hefur verið borin undir dómkvadda matsmenn.

37. gr.

Aðilum er frjálst að semja um fjárhæð húsaleigu og hvort og þá með hvaða hætti hún skuli breytast á leigutímanum. Leigufjárhæðin skal þó jafnan vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila.

38. gr.

Þegar leigufjárhæð er ákvörðuð miðað við fermetrafjölda hins leigða húsnæðis þá skal tilgreina í leigusamningi á hvaða forsendum stærðarútreikningur þess byggir. Sé það eigi gert og aðila greinir á skal til grundvallar leggja þær forsendur og þá aðferð sem venjulegust er. Getur sá aðili, sem telur á rétt sinn hallað, krafist endurútreiknings á stærðinni og leiðréttinga á leigugjaldinu sem af því leiðir.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett fyrirmæli um stærðarútreikninga leiguhúsnæðis sem þá ber að byggja á og miða við nema skýr og ótvíræð samningsákvæði mæli á annan veg.

39. gr.

Áður en afhending hins leigða húsnæðis fer fram er leigusala rétt að krefjast þess að leigjandi setji honum tryggingu fyrir réttum efndum á leigusamningnum, þ.e. fyrir leigugreiðslum og skaðabótum vegna tjóns á hinu leigða sem leigjandi ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara eða almennum reglum.

40. gr.

Trygging skv. 39. gr. getur verið með einhverjum eftirfarandi hætti:

1. Ábyrgðaryfirlýsing banka eða samsvarandi aðila (bankaábyrgð).
2. Sjálfskuldarábyrgð þriðja aðila, eins eða fleiri.
3. Leigugreiðslu- og viðskilnaðartrygging sem leigjandi kaupir hjá viðurkenndu tryggingafélagi.
4. Tryggingarfé sem leigjandi greiðir til leigusala og hann varðveitir. Leigusali má ekki ráðstafa fénu eða taka af því án samþykkis leigjanda nema genginn sé dómur um bótaskyldu leigjanda. Þó er leigusala jafnan heimilt að ráðstafa tryggingarfénu til greiðslu á vangoldinni leigu, bæði á leigutímanum og við lok leigutímans. Tryggingarfé í vörslu leigusala skal vera verðtryggt, en ber ekki vexti. Að leigutíma loknum skal leigusali segja til þess svo fljótt sem verða má hvort hann gerir kröfu í tryggingarfé eða hefur uppi áskilnað um það. Ella skal hann skila leigjanda tryggingarfénu ásamt verðbótum án ástæðulauss dráttar. Leigusala er aldrei heimilt að halda tryggingarfénu í sinni vörslu, án þess að gera kröfu í það, lengur en í tvo mánuði frá skilum húsnæðisins, sbr. 1. mgr. 64. gr.
5. Önnur trygging en greinir í 1.–4. tölul. sem leigjandi býður fram og leigusali metur gilda og fullnægjandi.

Fjárhæð eða hámark tryggingar eða ábyrgðar skv. 1.–3. tölul. og 5. tölul. 1. mgr. fer eftir samkomulagi aðila, en tryggingarfé skv. 4. tölul. 1. mgr. má eigi nema hærri fjárhæð en sem svarar þriggja mánaða húsaleigu.

Leigusali getur valið á milli tryggingarkosta skv. 1. mgr., en leigjanda er þó rétt að hafna því að reiða fram tryggingarfé skv. 4. tölul. 1. mgr., enda bjóði hann þá fram í staðinn annars konar tryggingu sem að mati leigusala er fullnægjandi.

Trygging eða ábyrgð skv. 1.–3. tölul. og 5. tölul. 1. mgr. fellur niður og úr gildi að liðnum tveimur mánuðum frá skilum húsnæðisins nema leigusali hafi gert kröfu, sem undir hana fellur, innan þess tíma, sbr. 1. mgr. 64. gr. Þegar trygging eða ábyrgð er niður fallin samkvæmt þessari málsgrein skal leigusali skila í hendur leigjanda viðskiptabréfum eða öðrum skilríkjum sem hann hefur afhent fyrir tryggingunni og leigjandi hefur lögvarða eða sanngjarna ástæðu fyrir að fá aftur.

Þegar trygging er sett skv. 1.–3. tölul. og 5. tölul. 1. mgr. skal leigusali gæta þess að því marki, sem eðlilegt og sanngjarnt má telja, að gera ábyrgðar- og tryggingaraðilum viðvart um vanefndir leigjanda og önnur þau atriði sem varðað geta hagsmuni þeirra og ábyrgð.

VIII. KAFLI
Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði.

41. gr.

Leigusali á rétt á aðgangi að hinu leigða húsnæði með hæfilegum fyrirvara og í samráði við leigjanda þannig að hvorki fari í bága við hagsmuni hans né leigjanda til að láta framkvæma úrbætur á hinu leigða og til eftirlits með ástandi þess og meðferð. Leigusala er þó aldrei heimill aðgangur að hinu leigða húsnæði þegar leigjandi eða umboðsmaður hans er ekki viðstaddur, nema að fengnu samþykki leigjanda.

Á sex síðustu mánuðum leigutímabils er leigusala heimilt, sbr. 1. mgr., að sýna hið leigða ákveðinn tíma á dag, þó ekki meira en tvær stundir hverju sinni, væntanlegum kaupendum eða leigjendum, en jafnan skal tilkynna slíka heimsókn með minnst eins sólarhrings fyrirvara. Við slíka sýningu húsnæðisins skal leigjandi eða umboðsmaður hans jafnan vera viðstaddur. Aðilum er þó heimilt að semja sín á milli um aðra tilhögun.

IX. KAFLI
Sala leiguhúsnæðis, framsal leiguréttar, framleiga o.fl.

42. gr.

Sala leiguhúsnæðis er ekki háð samþykki leigjanda. Leigusala er því heimilt að framselja eignarrétt sinn að hinu leigða húsnæði og þar með réttindi sín og skyldur gagnvart leigjanda samkvæmt lögum þessum og leigusamningi.

Við slíkt framsal er hinn upphaflegi leigusali almennt laus mála gagnvart leigjanda og kaupandinn kemur í einu og öllu í hans stað að því leyti.

Sé ekki um annað samið yfirtekur kaupandi miðað við umsaminn afhendingardag öll réttindi og tekur á sig allar skyldur seljanda gagnvart leigjandanum.

Réttarstaða leigjanda er almennt óbreytt og hin sama þrátt fyrir eigendaskiptin, skyldur hans aukast ekki og réttindi hans minnka ekki.

Þegar eigendaskipti að leiguhúsnæði verða við gjaldþrot leigusala eða nauðungarsölu gilda sérreglur samkvæmt gjaldþrotalögum og lögum um nauðungarsölu sem fela í sér undantekningar frá ofangreindum meginreglum.

43. gr.

Þegar leiguhúsnæði er selt skal upphaflegur leigusali tilkynna leigjanda söluna og eigendaskiptin með sannanlegum hætti án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en 30 dögum frá því að kaupsamningur var undirritaður.

Í þeirri tilkynningu skal greina nafn, heimilisfang og kennitölu hins nýja eiganda, við hvaða tíma eigendaskiptin eru miðuð gagnvart leigjanda, hvernig leigugreiðslum skuli háttað og önnur þau atriði og atvik sem nauðsynlegt er að leigjandi fái vitneskju um.

Leigjanda er rétt að greiða leigu og beina öllum erindum, kvörtunum og ákvöðum varðandi hið leigða til upphaflegs leigusala þar til hann hefur fengið tilkynningu um annað skv. 1. og 2. mgr.

44. gr.

Óheimilt er leigjanda að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis leigusala, nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Það telst ekki framsal á leigurétti eða framleiga þótt leigjandi heimili nákomnum skyldmennum eða venslamönnum sínum búsetu í hinu leigða húsnæði ásamt sér eða fjölskyldu sinni, enda haldist fjöldi heimilisfólks innan eðlilegra marka miðað við stærð og gerð leiguhúsnæðisins.

45. gr.

Nú deyr leigjandi áður en leigutíma er lokið og er þá dánarbúi leigjanda heimilt að segja leigusamningi upp með venjulegum fyrirvara enda þótt leigusamningur hafi verið gerður til lengri tíma. Eftirlifandi maka, skyldmennum og venslamönnum, sem voru heimilismenn leigjanda við andlát hans eða höfðu framfæri af atvinnustarfsemi sem stunduð var í húsnæðinu og vilja taka við leigusamningnum með réttindum og skyldum, er heimilt að ganga inn í leigusamninginn í stað hins látna nema af hendi leigusala séu færðar fram gildar ástæður er mæla því gegn.

46. gr.

Nú flytur leigjandi úr húsnæði sem hann hefur gert leigusamning um og er þá maka hans, sem verið hefur samvistum við hann í húsnæðinu, rétt að halda leigusamningi áfram með sama hætti og segir í 45. gr.

47. gr.

Þegar hjón hafa sameiginlega á leigu íbúðarhúsnæði, en hjúskap þeirra lýkur, skal fara um leiguréttindi eftir ákvæðum hjúskaparlaga.

Það hjóna, sem hefur aðallega vegna atvinnu sinnar afnot af atvinnuhúsnæði, skal hafa forgangsrétt til áframhaldandi leigu á því án tillits til þess hvort þeirra undirritaði leigusamning.

Um rétt leigusala til að segja upp leigusamningi vegna hjúskaparslita gilda lokaákvæði 45. gr., eftir því sem við á.

48. gr.

Annað hjóna getur ekki, svo bindandi sé, afsalað þeim rétti sem hinu er með ákvæðum þessa kafla áskilinn til yfirtöku á leigusamningi.

49. gr.

Nú deyr leigjandi að atvinnuhúsnæði en dánarbú hans ákveður að selja atvinnustarfsemi sem þar var stunduð og getur leigusali þá ekki reist uppsögn leigusamnings eða kröfu um breytingu á efni hans á þeim atvikum sérstaklega, enda sé söluverðmæti slíkrar atvinnustarfsemi háð áframhaldandi afnotum af hinu leigða húsnæði og að notkun þess haldist óbreytt áfram. Sama gildir eftir því sem við á ef ástæða fyrir sölu á atvinnustarfsemi er sambúðar- eða hjúskaparslit eða gjaldþrot leigjanda.

50. gr.

Þegar leigjandi er starfsmaður leigusala og hefur fengið íbúðarhúsnæði á leigu vegna þess starfs fellur leigusamningur niður án sérstakrar uppsagnar ef leigjandi lætur af störfum að eigin ósk, er löglega vikið úr starfi vegna brota í því eða vegna þess að fyrir fram umsömdum ráðningartíma er lokið.

X. KAFLI
Forgangsréttur leigjanda.

51. gr.

Leigjandi íbúðarhúsnæðis skal að umsömdum leigutíma loknum hafa forgangsrétt til leigu þess, svo fremi sem húsnæðið er falt til áframhaldandi leigu í a.m.k. eitt ár.

Forgangsréttur leigjanda gildir ekki:

1. Ef um einstaklingsherbergi er að ræða.
2. Ef hið leigða húsnæði er í sama húsi og leigusali býr í sjálfur.
3. Ef íbúð er leigð með húsgögnum að öllu eða verulegu leyti.
4. Ef leigusali tekur húsnæðið til eigin nota.
5. Ef leigusali ráðstafar eða hyggst ráðstafa húsnæðinu til a.m.k. eins árs til skyldmenna í beinan legg, kjörbarna, fósturbarna, systkina, systkinabarna eða tengdaforeldra.
6. Ef leigusali hyggst selja húsnæðið á næstu sex mánuðum eftir lok leigutímans. Sé sala þess fyrirhuguð á þeim tíma eða næstu sex mánuðum þar á eftir er aðilum heimilt, þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara, að semja um lok leigutíma með ákveðnum skilyrðum og rýmingu þegar húsnæðið verður afhent nýjum eiganda. Hyggist nýr eigandi leigja húsnæðið út áfram skal leigjandi eiga forgangsrétt að því, en með þeim sömu takmörkunum og gilda samkvæmt öðrum töluliðum þessarar málsgreinar.
7. Ef verulegar viðgerðir, endurbætur eða breytingar, sem gera húsnæðið óíbúðarhæft að mati byggingarfulltrúa um a.m.k. tveggja mánaða skeið, eru fyrirhugaðar á næstu sex mánuðum frá lokum leigutímans.
8. Ef leigjandi er starfsmaður leigusala og honum hefur verið látið hið leigða húsnæði í té vegna starfsins eða í tengslum við það.
9. Ef leigjandi hefur á leigutímanum gerst sekur um vanefndir eða brot sem varðað gátu riftun.
10. Ef leigjandi hefur á annan hátt vanefnt skyldur sínar á þann veg eða sýnt af sér slíka háttsemi að eðlilegt megi telja að leigusali vilji ekki leigja honum áfram eða að veigamiklar ástæður að öðru leyti mæli gegn forgangsrétti hans.
11. Ef sanngjarnt mat á hagsmunum beggja aðila og aðstæðum öllum mælir gegn forgangsréttinum.

52. gr.

Vilji leigjandi nota sér forgangsrétt skv. 1. mgr. 51. gr. skal hann tilkynna leigusala það skriflega og með sannanlegum hætti a.m.k. þremur mánuðum áður en leigusamningurinn rennur út við lok uppsagnarfrests eða við lok umsamins leigutíma. Að öðrum kosti fellur forgangsréttur hans niður.

Telji leigusali að leigjandi eigi ekki forgangsrétt af þeim ástæðum sem greinir í 2. mgr. 51. gr. skal hann innan 14 daga frá því að hann fær tilkynningu skv. 1. mgr. gera leigjanda skriflega og rökstudda grein fyrir sjónarmiðum sínum og því hverjar ástæður standi forgangsréttinum í vegi. Að öðrum kosti telst hann una forgangsréttinum nema atvik og aðstæður séu með þeim hætti að telja verði slíka tilkynningu óþarfa, svo sem ef glöggt koma fram í leigusamningi eða uppsögn ástæður sem útiloka forgangsréttinn.

53. gr.

Þegar samningur er endurnýjaður samkvæmt ákvæðum 51. og 52. gr. skal leigufjárhæðin vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila. Líkur eru fyrir því að sú leigufjárhæð, sem áður gilti, sé sanngjörn og verður sá sem vefengir það að sýna fram á annað. Aðrir skilmálar, sem settir eru fyrir endurnýjuðum leigusamningi, skulu og gilda svo fremi sem þeir séu ekki ósanngjarnir eða brjóti í bága við góðar venjur í leiguviðskiptum.

Skilmálar endurnýjaðs leigusamnings skulu að öðru leyti vera hinir sömu og í upphaflegum samningi.

54. gr.

Ef leigusali hefur af ásettu ráði, svo sem með málamyndagerningum eða með sviksamlegum hætti, náð til sín leiguhúsnæði eða orðið til þess að leigjandi glati forgangsrétti sínum þá skal hann bæta leigjanda sannanlegt fjártjón hans.

Bótakröfu skv. 1. mgr. verður leigjandi að setja fram með sannanlegum hætti innan sex mánaða frá því að hann rýmdi húsnæðið. Að öðrum kosti fellur bótaréttur hans niður nema leigusali hafi beitt svikum.

XI. KAFLI
Lok leigusamnings, uppsögn o.fl.

55. gr.

Uppsögn ótímabundins leigusamnings er heimil báðum aðilum hans.

Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

56. gr.

Uppsagnarfrestur ótímabundins leigusamnings skal vera:

1. Einn mánuður af beggja hálfu á einstökum herbergjum, geymsluskúrum og þess háttar húsnæði sem ekki er atvinnuhúsnæði.
2. Sex mánuðir af beggja hálfu á íbúðum, en íbúð telst hvert það húsnæði þar sem fjölskylda getur haft venjulega heimilisaðstöðu. Hafi leigjandi haft íbúð á leigu lengur en fimm ár skal uppsagnarfrestur af hálfu leigusala vera eitt ár.
3. Sex mánuðir af beggja hálfu á atvinnuhúsnæði fyrstu fimm ár leigutímans, níu mánuðir næstu fimm ár og síðan eitt ár eftir tíu ára leigutíma.

57. gr.

Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send. Leigjandi skal hafa lokið rýmingu og frágangi hins leigða eigi síðar en kl. 13.00 næsta dag eftir að uppsagnarfresti lauk.

Þar sem lengd uppsagnarfrests skv. 56. gr. ræðst af leigutíma er miðað við þann tíma sem liðinn er þegar uppsögn er send.

58. gr.

Tímabundnum leigusamningi lýkur á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila.

Tímabundnum leigusamningi verður ekki slitið með uppsögn á umsömdum leigutíma. Þó er heimilt að semja um að segja megi slíkum samningi upp á grundvelli sérstakra forsendna, atvika eða aðstæðna sem þá skulu tilgreind í leigusamningi. Skal slík uppsögn vera skrifleg og rökstudd og skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera a.m.k. þrír mánuðir.

59. gr.

Nú líða tveir mánuðir frá því að leigutíma lauk samkvæmt uppsögn eða ákvæðum tímabundins leigusamnings, en leigjandi heldur áfram að hagnýta hið leigða húsnæði og getur leigusali þá krafist þess að leigusamningurinn framlengist ótímabundið. Sömu kröfu getur leigjandi einnig gert enda hafi leigusali ekki skorað á hann að rýma húsnæðið eftir að leigutíma var lokið.

XII. KAFLI
Riftun leigusamnings.

60. gr.

Leigjanda er heimilt að rifta leigusamningi í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef leigusali bætir eigi úr annmörkum á hinu leigða húsnæði skv. 17. gr.
2. Ef verulegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins. Beri leigusali ábyrgð á slíkum drætti á leigjandi jafnframt rétt til skaðabóta.
3. Ef húsnæðið spillist svo á leigutímanum af ástæðum sem ekki verða raktar til leigjanda að það nýtist eigi lengur til fyrirhugaðra nota eða teljist heilsuspillandi að mati heilbrigðisyfirvalda.
4. Ef leigusali gerist sekur um ítrekaða, verulega eða sviksamlega vanrækslu á skyldum sínum til að halda húsnæðinu í leiguhæfu ástandi og framkvæma nauðsynlegar viðgerðir og viðhald fljótt og vel. Það er skilyrði riftunar samkvæmt þessum tölulið að leigjandi hafi áður skorað á leigusala að bæta úr vanefndum sínum og gefið honum sanngjarnan frest í því skyni.
5. Ef réttur leigjanda er verulega skertur vegna laga eða annarra opinberra fyrirmæla eða vegna þess að hann fer í bága við kvaðir sem á eigninni hvíla. Leigusali ber og bótaábyrgð á beinu tjóni leigjanda af völdum slíkrar skerðingar ef hann vissi eða mátti um hana vita við gerð leigusamnings og lét hjá líða að gera leigjanda viðvart.
6. Ef eðlilegum afnotum eða heimilisfriði leigjanda er verulega raskað með ónæði og óþægindum vegna verulegra eða ítrekaðra brota annarra þeirra sem afnot hafa af sama húsi, á umgengnis- eða grenndarreglum, enda hafi leigusali þrátt fyrir áskoranir vanrækt skyldur sínar skv. 4. mgr. 31. gr. eða atvik séu að öðru leyti með þeim hætti að eðlilegt sé og sanngjarnt að leigjandi megi rifta leigusamningi. Slík atvik geta t.d. bæði

varðað eðli brota og ónæðis og eins að frekari brot og óþægindi séu fyrirsjáanleg og líkleg.

7. Ef leigusali brýtur ítrekað eða verulega gegn rétti leigjanda til að hafa umsamin óskoruð umráð og afnot hins leigða, svo sem með því að hindra eða takmarka afnotin eða með óheimilum aðgangi og umgangi um hið leigða eða ef leigusali gerist sekur um refsivert athæfi gagnvart leigjanda eða fjölskyldu hans.
8. Ef leigusali vanefnir frekar skyldur sínar samkvæmt leigusamningi eða lögum þessum á svo verulegan eða sviksamlegan hátt að riftun af hálfu leigjanda sé eðlileg eða nauðsynleg.

Nú neytir leigjandi ekki réttar síns til riftunar skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að honum varð kunnugt um vanefndir leigusala eða leigusali hefur að fullu bætt úr því sem aflaga fór og fellur réttur leigjanda til riftunar þá niður.

Um bótarétt leigjanda á hendur leigusala vegna riftunar fer eftir almennum reglum kröfuréttar.

61. gr.

Leigusala er rétt að rifta leigusamningi í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef leigjandi greiðir ekki leiguna eða framlag til sameiginlegs kostnaðar skv. V. kafla á réttum gjalddaga og sinnir ekki innan sjö sólarhringa skriflegri áskorun leigusala um greiðslu, enda hafi slík áskorun verið send eftir gjalddaga og leigusali þar tekið fram að hann muni beita riftunarheimild sinni.
2. Ef leigjanda ber að vinna leigugreiðslu af sér að hluta eða öllu leyti og honum verður á stórfelld vanræksla eða gerist sekur um meiri háttar handvömm við starfið.
3. Ef leigjandi nýtir húsnæðið á annan hátt en lög þessi eða leigusamningur mæla fyrir um og landslög leyfa að öðru leyti og lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir skriflega áminningu leigusala.
4. Ef leigjandi framselur leigurétt sinn eða misnotar heimild sína til framleigu á húsnæðinu skv. IX. kafla eða ef framleigjandi gerist sekur um einhverja þá háttsemi sem heimilar leigusala riftun gagnvart upphaflegum leigjanda.
5. Ef leigjandi meinar leigusala eða öðrum, án gildra ástæðna, aðgang að hinu leigða húsnæði í bága við ákvæði 18. gr.
6. Ef leigjandi flyst úr húsnæðinu áður en leigutíma er lokið án þess að hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til gæslu og verndar þess.
7. Ef húsnæðið spillist í umsjá leigjanda vegna slæmrar umgengni eða hirðuleysis þeirra sem leigjandi ber ábyrgð á og hann sinnir eigi án tafar kröfu leigusala um úrbætur, sbr. 18. gr.
8. Ef leigjandi vanrækir, þrátt fyrir áminningar leigusala, skyldur sínar til að sjá um að góð regla og umgengni haldist í hinu leigða húsnæði, sbr. 30. gr., eða gerist sekur um persónulega meingerð gagnvart leigusala eða fjölskyldu hans.
9. Ef leigjandi verslunar- eða veitingahúsnæðis vanrækir, þrátt fyrir aðfinnslur leigusala, skyldu sína til að halda uppi eðlilegri starfsemi og venjubundnum rekstri, sbr. 31. gr.
10. Ef leigjandi vanrækir að öðru leyti en hér að framan greinir skyldur sínar samkvæmt leigusamningi eða lögum þessum á svo stórfelldan hátt að rýming hans úr húsnæðinu telst eðlileg eða nauðsynleg.

Nú neytir leigusali ekki réttar síns til riftunar skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að honum varð kunnugt um vanefndir leigjanda eða leigjandi hefur að fullu bætt úr því er aflaga fór og fellur réttur leigusala til riftunar þá niður. Þetta gildir þó ekki þegar leigjandi hefur vanefnt skyldur sínar með sviksamlegum hætti eða þegar riftunarástæðan er leiguvanskil, sbr. 1. tölul. 1. mgr.

62. gr.

Nú er leigusamningi rift af einhverri þeirri ástæðu sem talin er í 61. gr. og skal leigjandi þá bæta leigusala það tjón sem leiðir beint af vanefndum hans. Ef leigusamningur var tímabundinn skal leigjandi auk þess greiða bætur sem jafngilda leigu til loka leigutímans, en ella til þess tíma er honum hefði verið rétt að rýma húsnæðið samkvæmt uppsögn.

Leigusali skal þó strax gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leigja húsnæðið hið allra fyrsta gegn hæfilegu gjaldi og skulu þær leigutekjur, sem hann þannig hefur eða hefði átt að hafa, koma til frádráttar leigubótum skv. 1 mgr.

XIII. KAFLI
Skil leiguhúsnæðis.

63. gr.

Að leigutíma loknum skal leigjandi skila húsnæðinu í hendur leigusala ásamt tilheyrandi fylgifé í sama ástandi og hann tók við því. Ber leigjandi óskerta bótaábyrgð á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því, að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsaminnar notkunar húsnæðisins eða stafar af atvikum sem voru leigjanda sannanlega óviðkomandi.

64. gr.

Bótakröfu sinni á hendur leigjanda verður leigusali að lýsa skriflega, eða hafa uppi áskilnað þar að lútandi, innan tveggja mánaða frá skilum húsnæðisins.

Hafi slíkir ágallar ekki verið sýnilegir við skil húsnæðisins skal þeim lýst með sama hætti innan tveggja mánaða frá því að þeirra varð vart.

Sé þessara tímamarka ekki gætt fellur bótaréttur leigusala niður nema leigjandi hafi haft svik í frammi.

65. gr.

Nú koma leigusali og leigjandi sér ekki saman um bótafjárhæð vegna skemmda á hinu leigða húsnæði og skal byggingarfulltrúi þá meta tjónið. Rétt er þó hvorum aðila að krefjast mats dómkvaddra manna á bótafjárhæðinni innan tveggja mánaða frá því að aðila var kunn niðurstaða byggingarfulltrúa.

66. gr.

Leigjanda er heimilt að flytja brott með sér fastar innréttingar og annað þess háttar fylgifé sem hann hefur sjálfur kostað til húsnæðisins, enda komi hann því aftur í upprunalegt ástand, sbr. þó 28. gr.

67. gr.

Hafi leigjandi skipt um læsingar í húsnæðinu ber honum að skila leigusala öllum lyklum að þeim án sérstaks endurgjalds.

68. gr.

Áður en leigjandi flytur úr húsnæðinu skal hann gefa leigusala upp það heimilisfang sem erindi og tilkynningar, er leigusali getur þurft að koma til hans, þar með talin tilkynning skv. 64. gr., má og skal senda til.

XIV. KAFLI
Úttekt leiguhúsnæðis.

69. gr.

Úttektir samkvæmt lögum þessum skal byggingarfulltrúi hlutaðeigandi sveitarfélags framkvæma. Þó getur sveitarstjórn falið húsnæðisnefnd eða starfsmanni á hennar vegum þetta verkefni.

Byggingarfulltrúa ber að annast störf sín við úttektir af kostgæfni og ætíð gæta fyllsta hlutleysis gagnvart báðum málsaðilum. Hann skal og gæta þagmælsku um einkahagi fólks sem hann kann að fá vitneskju um í starfi sínu.

Sveitarstjórn er heimilt að taka gjald fyrir úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té samkvæmt ákvæðum laga þessara.

70. gr.

Þegar úttekt er gerð á húsnæði í upphafi eða við lok leigutíma skulu aðilar leigusamnings staðgreiða að jöfnu kostnað vegna úttektar.

Þegar byggingarfulltrúi er fenginn til aðstoðar af öðrum ástæðum en í 1. mgr. segir skal sá aðili leigusamnings leggja út kostnaðinn sem kvaddi hann til. Að kröfu aðila ákveður byggingarfulltrúi hvort hinn aðilinn skuli greiða þennan kostnað ef hann er bersýnilega valdur að ágreiningsefninu eða að kostnaður skiptist milli aðila teljist þeir báðir eiga sök á deilumálinu.

71. gr.

Skylt er aðilum leigusamnings að láta fara fram úttekt á hinu leigða húsnæði við afhendingu þess eða við skil í lok leigutímans ef annar aðilinn krefst þess.

Úttektina framkvæmir byggingarfulltrúi að viðstöddum leigusala og leigjanda eða umboðsmönnum þeirra. Á sérstaka úttektaryfirlýsingu, sem byggingarfulltrúinn leggur til, skal skrá sem ítarlegasta lýsingu á hinu leigða húsnæði og ástandi þess og getur leigjandi þá strax komið að aðfinnslum sínum og óskað úrbóta.

Á úttektaryfirlýsingu skal staðgreina nákvæmlega hið leigða húsnæði, geta fylgifjár, dagsetningar leigusamnings og aðila hans.

72. gr.

Úttektaryfirlýsing skal gerð í þríriti og skulu aðilar leigusamnings og byggingarfulltrúi undirrita hana og halda einu eintaki hver. Úttekt skal leggja til grundvallar ef ágreiningur verður um bótaskyldu leigjanda við skil húsnæðisins.

Aðilar skulu láta byggingarfulltrúa í té afrit af leigusamningi sem hann varðveitir með úttektaryfirlýsingunni.

XV. KAFLI
Leigumiðlun.

73. gr.

Þeim einum, sem hlotið hafa til þess sérstakt leyfi félagsmálaráðherra, er heimilt að reka miðlun með leiguhúsnæði, sem lög þessi taka til, í því skyni að koma á leigusamningi eða annast framleigu eða skipti á leiguhúsnæði. Starfsheiti þess sem rekur leigumiðlun er leigumiðlari.

Félagsmálaráðherra gefur út leyfisbréf til leigumiðlara og skal hann greiða fyrir það gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Leyfið skal gefið út til fimm ára í senn.

74. gr.

Hver sá, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði, getur fengið leyfi félagsmálaráðherra til að reka leigumiðlun, sbr. 1. mgr. 73. gr.:

1. Á lögheimili á Íslandi.
2. Er lögráða og hefur forræði á búi sínu.
3. Sannar að hann hafi góða þekkingu á húsaleigulöggjöf og annarri löggjöf er máli skiptir og nauðsynlega kunnáttu í bókhaldi samkvæmt ákvæðum í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.
4. Leggur fram tryggingu, sem félagsmálaráðherra ákveður í reglugerð, fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns sem aðilar leigusamnings kunna að verða fyrir af hans völdum.

Heimilt er að synja manni um leyfi þetta ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hann.

Birta skal auglýsingu um veitingu leyfis til leigumiðlunar í Lögbirtingablaði. Á sama hátt skal birta auglýsingu um sviptingu leyfis, sbr. 81. gr.

75. gr.

Heimilt er samtökum leigusala eða húseigenda, samtökum leigjenda, sveitarstjórnum svo og félögum eða stofnunum að reka leigumiðlun í eðlilegum tengslum við aðra starfsemi sína, enda lúti leigumiðlun stjórn leigumiðlara skv. 74. gr.

76. gr.

Leigumiðlari skal hafa opna skrifstofu þar sem hann rekur starfsemi sína.

Leigumiðlari ber ábyrgð á að leigusamningur sé gerður í samræmi við lög þessi. Honum ber skylda til að upplýsa aðila um réttindi þau og skyldur sem þeir taka á sig með undirritun leigusamningsins, svo og um réttaráhrif hans almennt eftir því sem ástæða er til.

Leigumiðlari skal ætíð vanda til gerðar leigusamnings og gæta þess að þar komi fram allar þær upplýsingar sem máli skipta.

Óheimilt er leigumiðlara að gerast sjálfur aðili að leigusamningi sem honum er falið að koma á.

77. gr.

Leigumiðlara ber þóknun úr hendi leigusala fyrir að koma á leigusamningi. Þóknun skal vera sanngjörn með tilliti til þeirrar vinnu sem hann lætur í té og þeirra hagsmuna sem um er að tefla.

Óheimilt er leigumiðlara að taka þóknun af leigjanda fyrir miðlunina og gerð leigusamnings. Þó er leigumiðlara heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun eða kostnað úr hendi leigjanda ef um er að ræða sérstaka þjónustu í hans þágu. Skal um það semja fyrir fram.

78. gr.

Leigumiðlara er rétt að taka að sér innheimtu og móttöku húsaleigu, eftirlit með umgengni um húsnæðið og framkvæmd viðhalds á því, skiptingu reksturskostnaðar, vörslu tryggingarfjár svo og önnur þau störf í tengslum við framkvæmd leigusamningsins sem aðilar hans, annar eða báðir, fela leigumiðlara að annast fyrir sína hönd.

Umboð leigumiðlara til slíkra starfa skal vera skriflegt, vottfest og báðum aðilum leigusamnings fengið afrit af því.

Endurgjald til leigumiðlara fyrir þessi störf skal vera sanngjarnt og í samræmi við fyrirhöfn hans.

79. gr.

Leigumiðlara er óheimilt að skýra frá því sem hann kemst að í starfi sínu um hagi viðskiptamanna sinna eða þeir hafa trúað honum fyrir.

80. gr.

Leigumiðlari er bókhaldsskyldur samkvæmt lögum um bókhald.

Leigumiðlari skal halda skrá um húsnæði það sem honum er falið að leigja út og varðveita eintak af öllum leigusamningum sem hann gerir.

Leigumiðlara er skylt að veita félagsmálaráðuneytinu þær upplýsingar um starfsemi leigumiðlunarinnar sem óskað er eftir hverju sinni.

81. gr.

Gerist leigumiðlari sekur í starfi sínu um vanrækslu eða brot gegn ákvæðum laga þessara eða hann missir eitthvert þeirra skilyrða sem sett eru fyrir leyfisveitingu getur félagsmálaráðherra svipt hann leyfi sínu tímabundið eða til loka leyfistímans. Við sviptingu leyfis skal leigumiðlari hætta leigustarfsemi sinni. Hlutaðeigandi lögreglustjóra ber að veita atbeina sinn til að stöðva starfsemina og innsigla ef þörf krefur.

82. gr.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leigumiðlun, þar á meðal um skilyrði fyrir veitingu leyfis til leigumiðlunar og ákvæði um gjaldtöku er hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun þóknunar til leigumiðlara.

XVI. KAFLI
Húsnæðisnefndir.

83. gr.

Þar sem húsnæðisnefndir sveitarfélaga eru kosnar skv. 40. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, skulu þær fylgjast með framkvæmd húsaleigumála samkvæmt lögum þessum og afla upplýsinga um þau mál í hlutaðeigandi sveitarfélagi eftir því sem kostur er. Þeim ber og að veita aðilum leigusamnings, sem þess óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að sætta slíkan ágreining.

XVII. KAFLI
Kærunefnd húsaleigumála.

84. gr.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd húsaleigumála til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k tveir vera lögfræðingar.

Félagsmálaráðherra skipar einn eftir tilnefningu Húseigendafélagsins, annan eftir tilnefningu Leigjendasamtakanna og þann þriðja án tilnefningar og skal hann vera formaður. Formaður skal fullnægja almennum skilyrðum héraðsdómara skv. 1.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Kostnaður af störfum kærunefndar húsaleigumála greiðist úr ríkissjóði.

85. gr.

Greini aðila leigusamnings á við gerð og/eða framkvæmd leigusamnings, geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar húsaleigumála og óskað eftir álitsgerð um ágreiningsefnið.

Erindi til kærunefndar skal vera skriflegt og í því skal skilmerkilega greina hvert sé ágreiningsefnið, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni.

Skal kærunefnd gefa gagnaðila kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum og kröfum á framfæri. Skal gefa honum stuttan frest í því skyni. Heimilt er kærunefnd að kalla eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum og óska umsagnar hlutaðeigandi húsnæðisnefndar og annarra er málið snertir gerist þess þörf.

Kærunefnd skal láta í té rökstutt álit svo fljótt sem kostur er og jafnan innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni. Ágreiningsefnum verður eigi skotið til annars stjórnvalds.

Telji kærunefndin að lög þessi hafi verið brotin og að á rétt aðila sé hallað, beinir hún tilmælum til gagnaðila um úrbætur.

Aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um erindi til kærunefndar, störf hennar, verkefni, valdsvið, starfsskilyrði o.fl.

XVIII. KAFLI
Kynning laganna o.fl.

86. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal fylgjast með þróun og ástandi húsaleigumarkaðarins í samráði við húsnæðisnefndir sveitarfélaga.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

XIX. KAFLI
Gildistaka.

87. gr.

Lög þessi taka gildi 1. mars 1994. Þeir samningar, sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma, skulu endurskoðaðir til samræmis við ákvæði þessara laga fyrir 1. júní 1994.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að meginstofni til samhljóða frumvörpum sem lögð voru fram á 115. og 116. löggjafarþingi, að teknu tilliti til umsagna sem um þau hafa borist.

Hinn 10. september 1990 skipaði félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, nefnd með fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, Húsnæðisstofnun ríkisins, Leigjendasamtökunum og Húseigendafélaginu til að gera tillögur um endurskoðun gildandi laga um húsaleigusamninga.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar var það m.a. hlutverk hennar að leggja fram tillögur um endurbætur á gildandi lögum um húsaleigusamninga er varða tryggingarfé, tilkynningarskyldu, sérákvæði um leigu á atvinnuhúsnæði, um húsaleigunefndir og úttektarmenn í samræmi við ákvæði um húsnæðisnefndir í lögum nr. 70/1990, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. nú lög nr. 97/1993. Jafnframt var nefndinni falið að gera tillögur um stofnun og starfrækslu sérstakra húsaleigumiðlana til að annast um samskipti leigusala og leigjenda.

Í nefndinni áttu eftirtaldir sæti: Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, tilnefndur af félagsmálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Jón Kjartansson frá Pálmholti, formaður Leigjendasamtakanna, tilnefndur af Leigjendasamtökunum, Jón Rúnar Sveinsson félagsfræðingur, tilnefndur af Húsnæðisstofnun ríkisins og Sigurður Helgi Guðjónsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Húseigendafélaginu.

Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, var nefndinni til ráðuneytis.

Á fyrsta fundi nefndarinnar 14. september 1990 var Jón Rúnar Sveinsson, félagsfræðingur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, kosinn ritari hennar.

Strax í upphafi starfs nefndarinnar var leitað bréflega eftir samstarfi eða samráði við fjölda aðila er á einn eða annan hátt tengjast húsaleigumálum. Þar á meðal voru: Húsaleigunefndir í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, á Akureyri og í Keflavík, Stúdentaráð Háskóla Íslands, bæjarfógeti og borgardómari í Reykjavík, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Sjálfsbjörg — Landssamband fatlaðra, Öryrkjabandalag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þá var aflað gagna um húsaleigulöggjöf og húsaleigumál, bæði innlendra gagna og einnig frá Norðurlöndunum.

Leigumarkaðurinn og þróun húsaleigulöggjafar á Íslandi.

Er ör þéttbýlismyndun hófst hér á landi fyrir um einni öld myndaðist jafnframt ört vaxandi leigumarkaður, einkum í hinum stærri kaupstöðum. Árið 1920 var svo komið að 62,9% íbúða í Reykjavík voru leiguíbúðir, 62,5% íbúða á Ísafirði, 57,3% á Akureyri og 54,8% á Seyðisfirði. Hlutfall leiguíbúða hélst hátt fram að síðari heimsstyrjöld. Á styrjaldarárunum hófst hins vegar sá almenni lífskjarabati sem átti eftir að einkenna öll eftirstríðsárin. Hér á landi þróuðust mál með þeim hætti að fyrrnefndur lífskjarabati birtist m.a. í sífellt hærra hlutfalli landsmanna sem bjó í eigin húsnæði. Að sama skapi fór stöðugt minnkandi sá

hundraðshluti þjóðarinnar sem bjó í leiguhúsnæði. Síðustu 15–20 ár hafa einungis 15–20% landsmanna verið leigjendur. Rétt er að undirstrika að almennur lífskjarabati hefur í ýmsum nágrannalöndum okkar, svo sem í Svíþjóð, Þýskalandi, Hollandi og Sviss, ekki birst öðru fremur í aukinni búsetu fólks í eigin húsnæði þar sem hlutur leiguhúsnæðis hefur í öllum þessum löndum haldist verulegur.

Árið 1917 markar upphaf sérstakrar húsaleigulöggjafar á Íslandi en það ár samþykkti Alþingi í fyrsta skipti lög um húsaleigu.

Heimsstyrjöldinni fyrri fylgdi hvort tveggja í senn miklir fólksflutningar til bæjanna, sérstaklega Reykjavíkur, og gífurleg verðbólga. Samtímis hækkaði húsaleiga mjög og enn meiri leiguhækkanir voru fyrirsjáanlegar. Þetta varð til þess að þáverandi borgarstjóri í Reykjavík, Knud Zimsen, beitti sér fyrir setningu húsaleigulaga. Þessi fyrstu húsaleigulög giltu einungis í Reykjavík. Þau voru afnumin árið 1926 þar sem þáverandi meiri hluti Alþingis taldi ástand leigumarkaðarins ekki lengur útheimta þau neyðarlagakenndu ákvæði er einkenndu húsaleigulögin frá 1917.

Um þetta leyti eða árið 1919 var stofnað Fasteignafélag Reykjavíkur sem var fyrsta hagsmunafélag húseigenda og forveri núverandi Húseigendafélags. Leigjendur voru mun seinni til að mynda sérstakt félag til að gæta hagsmuna sinna. Leigjendafélag Reykjavíkur var stofnað á fjórða áratugnum, en lét vart að ráði að sér kveða fyrr en á árunum um og eftir 1950. Þessi þráður mun hafa rofnað einhvern tíma á sjötta áratugnum. Núverandi Leigjendasamtök voru svo stofnuð árið 1978.

Frá árinu 1926 og allt fram til ársins 1939 er svonefnd gengislög, þar sem m.a. var að finna ákvæði um húsaleigu, voru sett giltu engin lagaákvæði hérlendis um húsaleigu. Slík lagasetning birtist raunar lengst af einungis sem neyðarráðstöfun í tengslum við styrjaldarástand sem sést vel af því hve víðtæk lagasetning um húsaleigu og málefni leigumarkaðarins átti sér hér stað á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Nærri lætur að tylft ólíkra laga á þessu sviði hafi verið sett á stríðsárunum 1939–1945. Meginlögin voru lög nr. 39 7. apríl 1943.

Árin 1946–1948 fór fram á vegum stjórnvalda margvíslegt starf til endurskoðunar þágildandi húsaleigulaga, einkum með það fyrir augum að veita tilslakanir frá hinum ströngu ákvæðum styrjaldaráranna. Ekki náðist þó samstaða um slíkt.

Árin 1949–1951 störfuðu svo tvær nefndir á vegum félagsmálaráðuneytisins sem skiluðu af sér frumvörpum til almennra heildarlaga um húsaleiguviðskipti. Bæði þessi stjórnarfrumvörp, sem um margt tóku mið af þágildandi dönskum og norskum húsaleigulögum, döguðu uppi á Alþingi, það fyrra árið 1949 og hið síðara árið 1951. Mun um hafa verið að kenna víðtækri óeiningu um tilgang og gildissvið slíkrar lagasetningar.

Húsaleigulögin frá árum síðari heimsstyrjaldarinnar féllu endanlega úr gildi árið 1953, nema í Keflavíkurkaupstað, þar sem þau giltu að hluta til áfram. Það var í samræmi við ákvæði frá 1950 sem heimiluðu einstökum bæjar- og sveitarfélögum að láta húsaleigulagaákvæði haldast áfram. Þá giltu lög um hámarkshúsaleigu allt til ársins 1965 er þau voru felld úr gildi samhliða lagasetningu á því ári er markaði upphaf starfsemi Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar í Breiðholtshverfi í Reykjavík.

Frá árinu 1953 til ársins 1979 giltu því engin húsaleigulög hérlendis nema í Keflavík. Mun þetta nánast hafa verið einsdæmi í heiminum, a.m.k. í svonefndum þróuðum löndum. Á þessum árum varð húsnæðiseign alls almennings æ almennari jafnframt því að hlutur leigumarkaðar varð sífellt minni. Uppbygging félagslegs leiguíbúðastofns var hverfandi lítil miðað við flest okkar nágrannalönd.

Þann 28. september 1978 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Magnús H. Magnússon, nefnd er skyldi „semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur leigutaka og leigusala húsnæðis". Skipun nefndarinnar var í samræmi við samstarfsyfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar þar sem sagði að ríkisstjórnin ætlaði að gangast fyrir því „að sett verði löggjöf um réttindi leigjenda". Vert er að hafa í huga að vorið 1978 höfðu skipulögð hagsmunasamtök leigjenda verið endurvakin með stofnun Leigjendasamtakanna. Samtökin beittu sér strax mjög fyrir setningu laga um samskipti aðila á leigumarkaði. Í nefndinni áttu sæti þeir Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Hús- og landeigendasambandi Íslands, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Leigjendasamtökunum, og Sigurður E. Guðmundsson framkvæmdastjóri er jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Georg H. Tryggvason héraðsdómslögmaður var ráðinn ritari nefndarinnar. Nefndin skilaði í byrjun janúar 1979 ítarlegu frumvarpi til laga um húsaleigusamninga til félagsmálaráðherra. Frumvarpið var afgreitt sem lög frá Alþingi í maí 1979.

Á þeim rúmu 13 árum sem liðin eru frá setningu gildandi laga um húsaleigusamninga hafa einungis þrívegis verið gerðar á þeim breytingar, raunar aðeins einu sinni breytingar sem hafa umtalsverða efnislega þýðingu. Þær breytingar fólu m.a. í sér að tekin voru af öll tvímæli um að fyrirframgreiðsla húsaleigu til lengri tíma en þriggja mánaða leiddi ótvírætt til þess að leigjandi öðlaðist rétt á fjórföldum leigutíma.

Meginatriði frumvarps til húsaleigulaga.

Samkvæmt skipunarbréfi sínu var nefndinni falið, eins og fyrr sagði, að leggja fram tillögur um endurbætur á gildandi lögum um húsaleigusamninga hvað snertir tryggingarfé, tilkynningarskyldu, ákvæði um leigu á atvinnuhúsnæði, húsaleigunefndir, úttektarmenn og að gera tillögur um stofnun og starfrækslu sérstakra húsaleigumiðlana.

Nefndin hefur endurskoðað fyrrgreinda þætti laganna í ýmsum veigamiklum atriðum og gert tillögur um nýskipan starfsramma húsaleigumiðlana. Einnig leggur hún til í frumvarpi því er hér er lagt fram að gerðar verði breytingar hvað varðar forgangsrétt leigjenda sem ætlað er að efla heimilisrétt þeirra og öryggi gagnvart geðþóttauppsögnum. Þá leggur nefndin og til þá veigamiklu breytingu að ákvæði gildandi laga um fardaga verði að fullu og öllu felld niður.

Fljótlega eftir að nefndin hófst handa varð ljóst að störf hennar mundu verða mun víðtækari en í upphafi var ráð fyrir gert. Hefur og starfstíminn orðið lengri en menn hugðu er af stað var farið. Nefndin leggur hér fram nýtt frumvarp til heildarlaga í stað frumvarps til breytinga á gildandi lögum.

Frumvarpið byggir þó eigi að síður að stofni til á gildandi lögum. Á því hafa hins vegar verið gerðar þær umfangsmiklu breytingar sem þegar er getið. Þá hefur allri efnisuppröðun verið gerbreytt frá því sem er í gildandi lögum í því skyni að gera lögin aðgengilegri og auðskiljanlegri, en hér er einmitt um að ræða þann lagabálk sem að líkindum er einna oftast notaður af íslenskum almenningi.

Nefndin leggur til að breyta nafni laganna þannig að í stað heitisins „lög um húsaleigusamninga“ komi heitið „húsaleigulög“, þar sem lögin taka til húsaleiguviðskipta á það breiðum grundvelli að hið eldra heiti þeirra má teljast vera of þröngt. Þá skal það tekið fram að í frumvarpinu er alls staðar kosið að nota orðið „leigjandi“ í stað orðsins „leigutaki“ í gildandi lögum og orðið „leigusamningur“ í stað orðsins „leigumáli“. Ekki er tekið sérstaklega fram í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir þegar einungis þessum orðum hefur verið breytt frá orðalagi gildandi laga.

Meginbreytingarnar frá eldri löggjöf, sem felast í frumvarpi þessu, má draga saman á eftirfarandi hátt:

1. Forgangsréttur leigjenda er aukinn, en heimilisréttur leigjenda hefur hingað til, þótt setning gildandi laga um húsaleigusamninga fyrir 13 árum bætti þar nokkuð um, verið mun vanþróaðri en í flestum nágrannalöndum okkar. Um forgangsrétt leigjenda er fjallað í nýjum X. kafla laganna og er lagt til að hann taki nú jafnt til allra leigusamninga, jafnt tímabundinna sem ótímabundinna. Gert er ráð fyrir að leigjandi sem stendur í skilum með leigugreiðslur og ekki brýtur að öðru leyti gegn leigusamningi eigi að jafnaði forgangsrétt að hinu leigða, svo fremi sem húsnæðið sé áfram falt til leigu. Frá forgangsréttinum eru þó verulegar undantekningar samkvæmt frumvarpinu, svo sem þegar leigusali býr sjálfur í sama húsi eða ef hann hyggst ráðstafa húsnæðinu til náinna skyldmenna. Þá getur leigjandi aldrei öðlast forgangsréttinn sjálfkrafa heldur verður hann ætíð að fara skriflega fram á hann.
2. Lagt er til að fellt verði niður ákvæði gildandi laga um fardaga. Það er samdóma álit flestra aðila sem tengjast húsaleigumálum að þessi ákvæði séu óþörf. Ekki verður séð að þörf sé á að binda sérstaklega flutninga leigjenda milli íbúða við ákveðna daga. Núgildandi ákvæði valda oft lengingu leigutíma sem aðilar höfðu alls ekki reiknað með og er undir hælinn lagt hvorum aðilanna þetta er til góða, þó svo að tilgangur löggjafans hafi verið sá að bæta réttarstöðu leigjenda. Nefndin leggur því til að fardagaákvæðin verði afnumin, jafnframt því sem uppsagnarfrestur er lengdur þannig að hann verði aldrei styttri en sex mánuðir.
3. Lagt er til að stofnsett verði sérstök kærunefnd húsaleigumála sem bæði leigjendur og leigusalar geti leitað til vegna ágreinings sem kann að rísa um túlkun leigusamnings eða framkvæmd hans. Nefndinni er samkvæmt frumvarpinu ætlað það hlutverk að skila skriflegum álitsgerðum varðandi deilumál og vafaatriði sem óhjákvæmilega hljóta að rísa í samskiptum aðila leigumarkaðarins.
4. Lagt er til að ákvæði um húsaleigunefndir falli brott. Meginástæða þessa er sú að reynslan hefur sýnt að húsaleigunefndir sveitarfélaganna hafa af ýmsum ástæðum sjaldnast náð að starfa eins og til er ætlast í gildandi lögum. Þá var með lögum nr. 70/1990 kveðið á um að stofna skyldi sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem m.a. skulu fylgjast með framvindu húsaleigumála, sbr. nú lög nr. 97/1993. Eðlilegast þykir að fela þessum nefndum fyrra hlutverk húsaleigunefndanna og að þær geti, ef þurfa þykir, skotið málum til kærunefndar húsaleigumála.
5. Lagt er til að byggingarfulltrúaembætti sveitarfélaganna taki við því hlutverki sem sérstakir úttektarmenn hafa í gildandi lögum. Núverandi ákvæði um úttektarmenn og úttekt leiguhúsnæðis hafa engan veginn náð tilgangi sínum og slíkt starf hefur aðeins farið fram í litlum mæli í fáum sveitarfélögum. Störf við úttekt leiguhúsnæðis eru í eðli sínu mjög áþekk störfum byggingarfulltrúanna sem nú þegar eru starfandi í öllum sveitarfélögum og því má telja eðlilegast að fela þeim umrætt úttektarhlutverk.

6. Ákvæði um húsaleigumiðlanir eru í ýmsum atriðum endurskoðuð og gerð fyllri og ítarlegri en áður. M.a. er lagt til að félagsmálaráðuneytið verði sá aðili sem veitir leyfi til þess að reka leigumiðlun í stað lögreglustjóra samkvæmt núgildandi lögum.
7. Lagt er til að ákvæði um atvinnuhúsnæði verði frávíkjanleg og ákvæði frumvarpsins gildi því aðeins um atvinnuhúsnæði að ekki hafi samist um annað milli aðila. Hin ófrávíkjanlegu ákvæði frumvarpsins eru fyrst og fremst sniðin að íbúðarhúsnæði og eiga misvel við um atvinnuhúsnæði, enda standa aðilar þá miklu jafnar að vígi en þegar um íbúðarhúsnæði er að tefla.
8. Leitast er við að draga nokkuð úr formfestu núgildandi laga, t.d. hvað varðar skyldur aðila um skriflegar tilkynningar. Einnig er lagt til að ákvæði frumvarpsins verði í ríkari mæli frávíkjanleg en verið hefur samkvæmt núgildandi lögum.
9. Efnisröðun og kaflaskipan frumvarpsins er í grundvallaratriðum breytt frá gildandi lögum. Er leitast við að efni sé skipað í eins konar tímaröð þannig að fyrst sé fjallað um gerð leigusamnings og kröfur um ástand húsnæðisins, en atriði eins og uppsögn, riftun leigusamnings og skil leiguhúsnæðis komi í síðasta hluta laganna.

Flestir kaflar frumvarpsins eiga sér beina samsvörun í núgildandi lögum. Í frumvarpi þessu er að auki að finna þrjá nýja kafla. Fyrst skal getið X. kafla frumvarpsins er ber heitið „Forgangsréttur leigjanda“, en í honum er forgangsréttur leigjenda skilgreindur í fimm nýjum greinum. Forgangsréttarákvæði núgildandi laga er að finna í 8. gr. þeirra. Þá skal einnig nefna VIII. kafla frumvarpsins er heitir „Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði“, þar sem síðari hluti 47. gr. gildandi laga er gerður að sérstökum kafla. Loks ber að nefna hinn nýja XVII. kafla, er heitir „Kærunefnd húsaleigumála“, þar sem skipan og verksviði kærunefndar húsaleigumála er lýst í tveimur nýjum greinum. Nefnt skal að í frumvarpinu er lagt til að tveir kaflar gildandi laga falli brott, þ.e. XIV. kaflinn, „Könnun bæjarstjórna á fjölda leigjenda o.fl.“ og XVI. kaflinn, „Refsiákvæði“. Að síðustu skal nefnt að í frumvarpi þessu er lagt til að V. kafla núgildandi laga verði skipt upp í tvo kafla, þ.e. VI. kafla, „Afnot leiguhúsnæðis“, og XIII. kafla, „Skil leiguhúsnæðis“.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

I. kafli frumvarpsins nær yfir 1.–3. gr. Kaflinn fjallar um gildissvið laganna o.fl. og svarar til sama kafla og sömu greina í gildandi lögum.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta er að meginstofni til sama efnis og 1. gr. núgildandi laga en leitast var við að gera það skýrara og ótvíræðara. Þó eru hér nokkrar breytingar og nýmæli sem hér að neðan verður gerð grein fyrir.

Í 1. mgr. er tekið af skarið um að frumvarpið gildi einnig um framleigusamninga. Núgildandi lög hafa verið túlkuð svo en rétt þykir að taka af öll tvímæli í því efni.

Í 2. mgr. eru ákvæði sem eru nýmæli. Tekið er skýrt fram að frumvarpið gildi bæði um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði en í núgildandi lögum er ekki kveðið á um það berum orðum. Rétt er að taka fram að frumvarpið gildir einnig um leigusamninga um húsnæði sem

hvorki telst íbúðar- né atvinnuhúsnæði. Í 2. mgr. er ákvæði um að reglur frumvarpsins um íbúðarhúsnæði gildi einnig um svonefnda blandaða leigusamninga, þ.e. þegar sami samningur fjallar bæði um afnot íbúðarhúsnæðis og annars konar húsnæðis. Loks er í 2. mgr. kveðið á um að ákvæði frumvarpsins sem fjalla samkvæmt hljóðan sinni um íbúðarhúsnæði, gildi um atvinnuhúsnæði, eftir því sem við getur átt, hafi frumvarpið ekki að geyma sérreglur um slíkt húsnæði.

Í 4. mgr. er ákvæði um að frumvarpið gildi þótt endurgjald fyrir afnot af húsi eða hluta af húsi skuli að öllu leyti eða að hluta greiðast með öðru en peningum og er vinnuframlag nefnt sem dæmi. Þetta ákvæði er nýmæli en felur í raun ekki í sér breytingu því núgildandi lög hafa verið túlkuð á þennan veg.

Í 5. mgr. er fjallað um samsetta samninga, þ.e. samninga sem öðrum þræði eru um afnot húsnæðis gegn endurgjaldi en hafa einnig að geyma samning af öðrum toga, t.d. um leigu á rekstri fyrirtækis, afnot af innréttingum, vélum og tækjum, hagnýtingu viðskiptavildar fyrirtækis o.s.frv. Hér er lögð til sú regla að samsettur samningur sé metinn heildstætt og ef veigamesta atriði hans er afnot húsnæðis teljist samningur í heild sinni húsaleiga og falli undir frumvarp þetta. Leiði hins vegar slíkt heildstætt mat til þess að veigamesti þátturinn sé annar en húsnæðisafnotin fellur samningurinn ekki undir frumvarpið. Reglum frumvarpsins verður þá ekki beitt nema e.t.v. með lögjöfnun.

Í 8. mgr. er ákvæði sem felur í sér breytingu frá núgildandi lögum. Að vísu er tiltekið í 4. mgr. 1. gr. þeirra að þau gildi ekki um orlofsheimili sem leigð eru til skamms tíma. Hér er hins vegar lagt til að undan gildissviði frumvarpsins verði færð skammtímaleiga á húsnæði og eru nokkrar tegundir húsnæðis taldar upp í dæmaskyni, en ekki er þó um tæmandi talningu að ræða. Það er jafnframt skilyrði að leigugjaldið sé miðað við viku, sólarhring eða skemmri tíma. Með skammtímaleigu er átt við leigusamband sem ætlað er að vara í mjög skamman tíma og yfirleitt ekki lengur en nokkra daga eða vikur og alls ekki lengur en tvo til þrjá mánuði. Hér er um undantekningarreglu að ræða sem byggist á því að almenn ákvæði laganna eiga fyrst og fremst við um varanleg leigusambönd til lengri tíma en ekki slíka skammtímaleigu og þykir því rétt og óhjákvæmilegt að undanskilja hana ákvæðum frumvarpsins. Ákvæði þetta kann að bjóða heim hættu á misnotkun þannig að menn freistist til að gera endurnýjaða skammtímasamninga til að komast undan ófrávíkjanlegum ákvæðum frumvarpsins. En á móti kemur að þetta ákvæði ber að skýra og túlka mjög þröngt þannig að ekki þarf mikið til að samningur verði talinn falla undir frumvarpið, t.d. ef hann er endurnýjaður eða framlengdur samanlagt í lengri tíma en talist getur skammtímaleiga.

Ákvæðið í 9. mgr. er nýmæli. Það er þó í samræmi við það sem almennt er talið gilda, þ.e. að sérlög eða sérákvæði laga gangi framar almennum lögum um sama efni.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er skýrt kveðið á um það að ákvæði frumvarpsins um íbúðarhúsnæði eru almennt ófrávíkjanleg hvað varðar réttindi og skyldur leigjanda. Réttindi leigjanda samkvæmt frumvarpinu eru samkvæmt því lágmarksréttindi og skyldur hans hámarksskyldur. Með samningi verður almennt ekki við því hróflað, réttindi hans verða ekki rýrð eða skyldur hans auknar. Hins vegar er heimilt að semja um aukinn rétt og minni skyldur leigjanda en frumvarpið mælir fyrir um. Samkvæmt því má með samningi auka skyldur leigusala og rýra réttindi hans frá því sem frumvarpið segir. Það er meginregla að ákvæði frumvarpsins um íbúðarhúsnæði séu ófrávíkjanleg, en frá þeirri meginreglu eru undantekningar sem þá eru tilgreindar í einstökum ákvæðum frumvarpsins. Það skal tekið fram að frumvarp þetta hefur

að geyma fleiri undantekningar að þessu leyti en núgildandi lög og er lagt til að samningsfrelsi aðila verði að verulegu leyti aukið. Ákvæði þetta er sama efnis og 2. gr. núgildandi laga, en leitast var við að orða ákvæðið skýrar og ótvíræðar. Þó er ein veigamikil breyting gerð því þetta ákvæði gildir einvörðungu um íbúðarhúsnæði en ekki atvinnuhúsnæði en um það er fjallað í 2. mgr.

Í 2. mgr. er ákvæði sem felur í sér mjög þýðingarmikla breytingu frá gildandi rétti. Lagt er til að ákvæði frumvarpsins verði frávíkjanleg hvað atvinnuhúsnæði varðar og gildi þá og því aðeins um slíkt húsnæði að ekki hafi um annað samist milli aðila. Núgildandi lög gilda fullum fetum um slíkt húsnæði og eru ófrávíkjanleg varðandi það á sama hátt og um íbúðarhúsnæði. Hins vegar eru hin ófrávíkjanlegu ákvæði laganna fyrst og fremst sniðin að íbúðarhúsnæði og eiga misvel við um atvinnuhúsnæði. Ákvæði frumvarps þessa eru með sama marki brennd og kom til álita að leggja til að lögfest yrðu ítarleg sérákvæði um atvinnuhúsnæði. Lagt er til í frumvarpinu að sett verði nokkur slík ákvæði, en þeim kosti var hafnað að reglubinda samninga um slíkt húsnæði um of með almennum ákvæðum. Slíkir samningar eru í ýmsum grundvallaratriðum frábrugðnir samningum um íbúðarhúsnæði og affarasælast að samningsfrelsi ríki, enda standa aðilar þar yfirleitt jafnar að vígi en þegar um íbúðarhúsnæði er að ræða. Því er lagt til að aðilar hafi óskorað samningsfrelsi, innan venjulegra marka, um það hvernig þeir haga samningum sínum um leigu á atvinnuhúsnæði og ákvæði frumvarpsins koma þá aðeins til álita ef aðilar hafa ekki samið um annað og eftir því sem við getur átt.

Ákvæðið í 3. mgr. er nýmæli. Hér er um að ræða undantekningu frá reglu 1. mgr. og ber því að túlka hana þröngt með hliðsjón af meginreglunni sem þar kemur fram. Rétt þykir, innan þröngra marka, að heimila frávik frá annars ófrávíkjanlegum ákvæðum frumvarpsins. Hér er fyrst og fremst horft til þess þegar félög, stofnanir eða sambærilegir aðilar leigja skjólstæðingum sínum íbúðarhúsnæði. Yfirleitt mundi það vera með sérstökum og betri kjörum en almennt gengur og gerist. Þess vegna er eðlilegt að slíkir aðilar geti sett sérstök ákvæði, skilyrði og fyrirvara í leigusamninga umfram það sem almennir leigusalar geta gert. Ekki þykir ástæða til að óttast að það svigrúm og þau frávik, sem hér eru lögð til, hafi í för með sér misnotkun og harðræði fyrir viðkomandi leigjendur. Leggja ber áherslu á að hér er um þrönga undantekningarheimild að ræða og að leigjendurnir mundu njóta verndar og geta borið fyrir sig ákvæði 11. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laga nr. 44/1979.

Um II. kafla.

II. kafli frumvarpsins tekur til 4.–13. gr. og er í þessum kafla fjallað um leigusamninga og gerð þeirra. Kaflinn svarar til II. kafla núgildandi laga „Gerð leigumála“, þ.e. 4.–11. gr.

Um 4. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá lögum nr. 44/1979.

Í 2. og 3. mgr. er gert ráð fyrir því að Húsnæðisstofnun ríkisins taki við hlutverki félagsmálaráðuneytisins hvað varðar útgáfu eyðublaða fyrir húsaleigusamninga jafnt um íbúðarsem atvinnuhúsnæði, svo og ákvörðun endurgjalds fyrir slík eyðublöð. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að stofnunin láti gera eyðublöð fyrir úttektaryfirlýsingar og sýnishorn af uppsögnum og tilkynningum sem lögin mæla fyrir um að skuli vera skrifleg. Þá er í 2. mgr. gert

ráð fyrir því að húsaleigusamningseyðublöð geti einnig legið frammi á skrifstofum húsnæðisnefnda.

Um 5. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 5. gr. gildandi laga nr. 44/1979. Þó er hér að finna viðbótarákvæði um að sveitarstjórnir, félagasamtök eða aðrir þeir aðilar, sem leigja út húsnæði, geti einnig gefið út sérstök samningseyðublöð. Sem fyrr þurfa slík eyðublöð þó staðfestingu félagsmálaráðuneytis til þess að vera gild.

Felld eru niður heimildarákvæði eldri laga um að Fasteignamat ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins geti látið gera eyðublöð um húsaleigusamninga. Slíkar heimildir mega nú orðið teljast úreltar hvað varðar Fasteignamat ríkisins. Ákvæðið á hins ekki við gagnvart Húsnæðisstofnun ríkisins, sem skv. 4. gr. frumvarpsins er falin útgáfa eyðublaða fyrir húsaleigusamninga.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lýst þeim atriðum sem fram skulu koma í skriflegum leigusamningi. Greinin svarar til 9. gr. laga nr. 44/1979, en er hins vegar mun ítarlegri.

Rétt er að geta þess að 3. tölul. er efnislega samhljóða 49. gr. laga nr. 44/1979. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni er að finna ákvæði sem eru efnislega samhljóða 3. mgr. 52. gr. gildandi laga. Þessi ákvæði eru þó fyllri en áður og að auki kveðið á um það að nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns leigusala skuli koma fram á leigusamningseyðublaðinu.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er lögð til sú breyting frá 6. gr. gildandi laga að ekki verði lengur skylt að skrá allar breytingar á leigusamninginn sjálfan. Tekið er fram að báðum aðilum samningsins ber að undirrita slíkan viðauka við leigusamning.

Þá er 2. mgr. nýmæli. Þar er að finna almennt ákvæði er tekur til allra þeirra tilvika þegar annar hvor samningsaðila þarf samkvæmt ákvæðum laga eða leigusamningi að fá samþykki hins aðilans. Er þá lagt til að báðir aðilar geti krafist þess að fá það staðfest skriflega.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 7. gr. laga nr. 44/1979 og er hér er að finna nokkrar veigamiklar breytingar.

Lagt er til í nýrri 2. mgr. að skýrt sé tekið fram að samningur teljist ótímabundinn, nema um annað sé ótvírætt samið.

Í 3. mgr. er afnumin skylda leigusala til þess að tilkynna leigjanda með tímabundinn leigusamning að samningurinn verði ekki endurnýjaður. Tilgangur breytingarinnar er að nokkru sá að einfalda samskipti aðila leigusamnings. Þar sem forgangsréttur leigjenda er styrktur skv. X. kafla frumvarps þessa þykir einnig eðlilegra að það sé leigjandinn sem þurfi að óska sérstaklega eftir áframhaldandi notkun húsnæðisins, en að lagt sé á herðar leigusalans að tilkynna sérstaklega að hann telji leigjandann ekki hafa forgangsrétt að hinu leigða.

Þá er einnig lagt til í 3. mgr. að heimilt sé að semja sérstaklega um að tímabundinn leigusamningur geti verið uppsegjanlegur við tilteknar aðstæður. Þá er í 4. mgr. vísað til nýju forgangsréttarákvæðanna í X. kafla frumvarpsins.

Loks er lagt til að tilvísun til ákvæðis um fardaga í 3. mgr. 7. gr. gildandi laga falli niður. Slíkt er óþarft þar sem í frumvarpi þessu er lagt til að fardagaákvæði eldri laga verði afnumin. Fardagaákvæðin mega nú teljast úrelt orðin og reynslan hefur sýnt að þau geta verið ósanngjörn gagnvart aðilum, einkum leigusölum. Telja verður eðlilegt að íbúðaskipti á leigumarkaði geti í nútímaþjóðfélagi átt sér stað á hvaða árstíma sem er, svo sem venja er á almennum fasteignamarkaði hérlendis. Fardagaákvæðin munu a.m.k. að hluta til eiga uppruna í fardagaákvæðum ábúðarlaga og árstíðabundnum vistaskiptum og búferlaflutningum hins gamla bændaþjóðfélags.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 10. gr. gildandi laga, en lagðar eru til tvær breytingar á greininni.

Í 1. mgr. er lagt til að fallið verði frá því að notkun óstaðfests samningseyðublaðs leiði sjálfkrafa til þess að aðilar teljist þá hafa gert ótímabundinn leigusamning sín í millum.

2. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum, nema að fellt er brott ákvæði um hlutverk úttektarmanns við mat á leigufjárhæð.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt frá 11. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ákvæði sem fjalla um þinglýsingu leigusamninga og hvernig að henni skuli staðið. Hér er um nýmæli að ræða og eru ekki tilsvarandi ákvæði í núgildandi lögum.

Í 1. mgr. er ákvæði sem felur það í sér að leigjandi hefur ætíð, hvort sem leigusamningi er þinglýst eða ekki, þá réttarstöðu sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins. Þinglýsingar er ekki þörf til að tryggja og vernda þann rétt sem leigjanda er þar fenginn.

Í 2. mgr. er vísað til þinglýsingalaga um það hvenær þinglýsingar leigusamnings er þörf, t.d. varðandi tímalengd, fyrirframgreiðslu o.fl. Þykir rétt m.a. vegna lagasamræmis að efnisreglur þar að lútandi séu í hinum almennu þinglýsingalögum.

Ef leigjandi hefur með samningi öðlast víðtækari rétt en leiðir af ákvæðum 1. og 2. mgr. getur hann látið þinglýsa leigusamningi, enda er það honum nauðsynlegt til að tryggja og vernda þann aukna rétt sinn gagnvart fyrst og fremst viðsemjendum og skuldheimtumönnum leigusala.

Í 4. mgr. er fjallað um það hvernig staðið skuli að þinglýsingu og aflýsingu leigusamnings og þarfnast hún ekki sérstakrar skýringar.

Um 13. gr.

Ákvæði 13. gr. er nýmæli og á sér ekki fyrirmynd eða hliðstæðu í núgildandi lögum, en tilsvarandi ákvæði er í nýrri norskri húsaleigulöggjöf.

Um þetta efni hafa því gilt almennar reglur samningaréttarins, sem bæði þykja ekki nægilega skýrar og hafa auk þess á stundum leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu.

Samkvæmt þeim er það meginregla að sendandinn beri áhættuna af því ef orðsendingin kemst ekki réttilega til skila. Hann þarf yfirleitt bæði að sanna að hún hafi verið send á forsvaranlegan hátt og að hún hafi komist til viðtakanda í réttu lagi og á réttum tíma.

Sendandi er oft í mjög erfiðri aðstöðu hvað síðara atriðið varðar og eru mörg dæmi um harkalegan réttarmissi hans þegar atvik, sem varða viðtakandann valda því, að sending kemst ekki til skila, svo sem þegar hann fer í felur, synjar viðtöku eða vitjar ekki póstsendingar. Gildir þá einu þótt sendandinn geti sýnt fram á að hann hafi sent orðsendinguna á forsvaranlegan hátt. Geti hann ekki líka sannað gegn andmælum viðtakanda að hún hafi komist til hans á réttum tíma, þá er sendandinn yfirleitt í slæmum málum.

Því er ekki að leyna að þessar almennu reglur samningaréttarins hafa alloft reynst skálkaskjól í húsaleigumálum. Hefur á tíðum reynst þrautin þyngri að uppfylla sönnunarskilyrðin varðandi bæði atriðin, þ.e. sendinguna og móttökuna. Sönnunarvandkvæði hafa oft leitt til málalykta sem samrýmast illa réttarvitund þorra fólks.

Þess vegna þykir nú ástæða til að taka upp aðra siði að þessu leyti í samskiptum leigusala og leigjenda og leggja til reglu, sem léttir sönnunarkröfunni af sendanda fyrir því, að orðsendingin hafi komist til viðtakanda.

Sendanda nægir þá að sýna fram á og tryggja sér sönnur fyrir því að hann hafi sent orðsendingu þess efnis, sem hann heldur fram og vill byggja rétt sinn á, af stað frá sér með þeim hætti, sem almennt er talinn tryggilegur og forsvaranlegur, svo sem í ábyrgðarpósti eða í símskeyti. Hér er því tekið af skarið um það að áhættan af sendingunni eftir að hún er forsvaranlega af stað send hvílir á móttakandanum en ekki sendandanum.

Sú regla sem hér er lögð til er ótvírætt sanngjarnari, eðlilegri og liprari en sú sem nú er talin gilda, án þess þó að nokkrir aðrir lögvarðir hagsmunir séu með því skertir.

Búast má við því að þeir sendingarhættir, sem áður voru nefndir, þ.e. símskeyti og ábyrgðarbréf, verði mest notaðir enda ótvírætt forsvaranlegir og tryggilegir. Aðrir kostir koma þó einnig til greina. Þetta er spurning um sönnun og má því nota allar þær aðferðir, sem unnt er að færa fullnægjandi sönnur fyrir, ef á reynir. Af öðrum kostum, sem til greina koma, má nefna símbréf (fax), boðsendingu, afhendingu í votta viðurvist og birtingu með stefnuvottum.

Reynslan sýnir að það er afar sjaldgæft að skriflegar orðsendingar, sem fara af stað með þeim hætti sem forsvaranlegur telst, afbakist, misfarist eða komist ekki til viðtakanda. Hitt er hins vegar algengt að viðtakandi, sem veit yfirleitt hvað á seyði er og væntir óþægilegra tíðinda, reyni í örvæntingu að fara huldu höfði og láta ekki ná í sig eða bregður á það ráð, að neita viðtöku orðsendingar, þræta fyrir móttöku hennar eða láta hjá líða að vitja póstsendingar.

Það er þessi raunveruleiki, sem býr að baki og ræður þeirri reglu, sem í ákvæðinu felst. Reglan hefur fyrst og fremst þýðingu í þeim tilvikum, sem áður eru nefnd og varða viðtakandann. Þegar áhættan er þannig flutt frá sendandanum yfir á móttakandann hverfur skálkaskjólið og vel er það.

Þær orðsendingar, sem hér um ræðir, eru af ýmsum toga og sendar af margvíslegu tilefni. Þær geta stafað frá báðum aðilum leigusamnings og skiptir ekki máli hvað þær eru nefndar. Ákvæðið á fyrst og fremst við um allar þær skriflegu orðsendingar, sem beinlínis er mælt fyrir um í einstökum ákvæðum frumvarpsins, en gildir þó einnig um aðrar orðsendingar sem eðli máls samkvæmt og leigusambandsins vegna eru nauðsynlegar milli aðila þótt ekki sé beint kveðið á um þær í frumvarpinu.

Hér er einkum um svonefndar ákvaðir að ræða, en það eru löggerningar (viljayfirlýsingar), sem ætlað er að binda móttakandann, ýmist eingöngu eða einnig. Sem dæmi má nefna uppsagnir, leigugreiðsluáskoranir, ýmsar aðrar áskoranir, tilkynningar, áminningar, kvartanir, kröfur, riftunaryfirlýsingar o.fl.

Um III. kafla.

III. kafli frumvarpsins nær yfir 14.–17. gr. og lýsir þeim kröfum sem gerðar eru um ástand hins leigða húsnæðis við upphaf leigutíma. Kaflinn svarar til 24.–27. gr., þ.e. fyrri hluta V. kafla, „Afhending og skil leiguhúsnæðis“, í lögum nr. 44/1979.

Um 14. gr.

1. mgr. er samhljóða 24. gr. gildandi laga, en að öðru leyti er grein þessi ný.

Í greininni er að finna mun nákvæmari lýsingu en í eldri lögum á því hvaða kröfur skuli gera til íbúðarhúsnæðis sem leigt er út. Að nokkru leyti er höfð hliðsjón af orðalagi á kaupsamningseyðublöðum þeim sem notuð eru í almennum fasteignaviðskiptum. Reynslan frá gildistöku laga nr. 44/1979 er talin hafa sýnt að þörf er á skýrari skilgreiningu á þeim kröfum sem gerðar eru til leiguíbúða.

Um 15. gr.

Þessi grein er samhljóða 25. gr. laga nr. 44/1979.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 26. gr. laga nr. 44/1979 að öðru leyti en því að sá frestur leigjanda, sem hann hefur til þess að skýra frá göllum sem hann telur vera á húsnæðinu við upphaf leigutíma, er lengdur úr 14 dögum í einn mánuð.

Um 17. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 27. gr. laga nr. 44/1979. Þó er um að ræða þær breytingar að í 1. og 4. mgr. er gert ráð fyrir að byggingarfulltrúi komi í stað úttektarmanns og að aðilar geti borið álit hans undir kærunefnd húsaleigumála. Einnig er í 2. mgr. styttur frestur leigjanda til þess að rifta leigusamningi, ef leigusali verður ekki við réttmætum kröfum um úrbætur á hinu leigða, úr þremur mánuðum í tvo mánuði. Talið er að þriggja mánaða frestur leigusala sé í þessu samhengi í lengsta lagi gagnvart leigjanda er bíður eftir að umbætur á hinu leigða verði framkvæmdar.

Um IV. kafla.

Kaflinn fjallar um viðhald leiguhúsnæðis og tekur til 18.–22. gr. Kaflinn svarar til samnefnds VI. kafla laga nr. 44/1979, 36.–41. gr.

Um 18. gr.

Að undanskildum orðalagsbreytingum í 2. mgr. er greinin óbreytt frá 36. gr. laga nr. 44/1979, nema hvað frestur sá, er leigusali skal veita leigjanda til þess að framkvæma úrbætur á tjóni sem kann að hafa orðið á hinu leigða húsnæði, er lengdur úr 21 degi í einn mánuð. Þá er lagt til að fela byggingarfulltrúa hlutverk úttektarmanns í gildandi lögum.

Um 19. gr.

Þessi grein kemur í stað 37. og 38. gr. laga nr. 44/1979. Um er að ræða endurskrift á þessum greinum og nokkra áherslubreytingu frá eldri lögum. Þó er 5. mgr. óbreytt frá 2. mgr. 37. gr.

Í greininni er leitast við að draga skýrar fram höfuðábyrgð leigusala á viðhaldi hins leigða. Þá er viðhaldsskylda leigjenda skilgreind nánar þar sem um er að ræða undantekningar á skyldum leigusala. Skilgreining á viðhaldsskyldu leigjenda er lítið eitt þrengd frá eldri lögum og lagt til að hún nái ekki lengur til viðhalds á rúðum og hreinlætistækjum.

Um 20. gr.

Þessi grein svarar til 39. gr. gildandi laga. Í greininni er einungis að finna þau nýmæli að í 2. mgr. er frestur leigusala til þess að verða við kröfum leigjanda um úrbætur ákveðinn tveir mánuðir, en í gildandi lögum eru engin tímamörk sérstaklega tilgreind. Í 2. mgr. er jafnframt gert ráð fyrir að byggingarfulltrúi taki við hlutverki úttektarmanns.

Um 21. gr.

Greinin svarar til 40. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er lagt til að ef viðgerðar- eða viðhaldsvinna á vegum leigusala leiðir til verulega skertra afnota eða afnotamissis þá skuli leigusali bæta leigjanda það með hlutfallslegum afslætti af leigugjaldi eða á annan þann hátt er aðilar koma sér saman um. Verði aðilar ekki ásáttir geti þeir leitað álits byggingarfulltrúa, en eigi þó jafnan þann valkost að bera álit hans undir kærunefnd húsaleigumála.

Um 22. gr.

Greinin svarar að hluta til 41. gr. gildandi laga. Í henni er lagt til að ætíð sé heimilt að semja sérstaklega um að leigjandi taki á sig auknar viðhaldsskyldur gegn afslætti á leigugjaldi. Í gildandi lögum er slík heimild bundin við það að samið sé um tveggja ára lágmarkstíma.

Um V. kafla.

Undir V. kafla, er svarar til VII. kafla laga nr. 44/1979 og fjallar um reksturskostnað leiguhúsnæðis, falla 23.–26. gr., sem svara til 42.–45. gr. gildandi laga, þ.e. kaflans „Um greiðslu reksturskostnaðar".

Um 23. gr.

Grein þessi er nær óbreytt frá 42. gr. gildandi laga. Þó er þess að geta að í 2. mgr. er tekinn af hugsanlegur vafi um að það er leigusali sem skal greiða kostnað vegna viðhalds lyftubúnaðar í fjölbýlishúsum. Þá er í 3. mgr. lögð til sú nýskipan að leigjandi geti óskað þess að leigusali eða húsfélag í fjölbýlishúsi láti honum í té sundurliðaða greinargerð um einstaka kostnaðarliði þess hluta húsgjalds sem leigjanda ber að greiða.

Þá er í 5. mgr. lagt til að undanþáguákvæði, er heimila aðilum að víkja frá ákvæðum greinarinnar, séu gerð almenn í stað þess að taka einungis til atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis sem leigt er til lengri tíma en tveggja ára.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóða 43. gr. gildandi laga að því undanskildu að í síðasta málslið er lagt til að vísað sé til laga um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum í stað ákveðinnar reglugerðar.

Um 25. gr.

Lögð er til sú breyting frá 44. gr. gildandi laga að leggi leigjandi út rekstursgjöld sem leigusala ber að greiða skuli honum heimilt að draga þann kostnað frá næstu leigugreiðslu.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 45. gr. gildandi laga að því undanskildu að ekki þykir rétt í 1. mgr. að tala um „lögbundna húsaleigu“ þar sem húsaleiga hér á landi er ekki bundin í lögum.

Um VI. kafla.

Undir VI. kafla falla 27.–32. gr. Kaflinn fjallar um afnot leiguhúsnæðis og svarar hann, að viðbættum tveimur nýjum greinum, til VIII. kafla gildandi laga, „Umgengnisskyldur og réttindi“, þ.e. 46.–50. gr.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Í 28. gr. er ákvæði sem ekki á sér hliðstæðu eða fyrirmynd í núgildandi lögum. Þar er áréttað að breytingar og endurbætur á hinu leigða séu háðar fyrir fram samþykki leigusala. Sú regla hefur verið talin gilda sem óskráð meginregla, en rétt þykir að lögfesta hana. Þá er einnig lagt til að fyrir fram sé samið um hver beri kostnaðinn eða hvernig hann skiptist og hvernig farið sé með breytingarnar og endurbæturnar að leigutíma loknum, þ.e. hvort leigusali eignist þær með eða án endurgjalds eða hvort leigjanda sé heimilt að hafa þær á brott með sér. Sé ekki um þetta samið er lögð til sú regla að leigusali eignist endurbæturnar án sérstaks endurgjalds við lok leigutímans, nema hann krefjist þess að leigjandinn fjarlægi þær og komi hinu leigða í upphaflegt horf.

Þetta ákvæði hefur fyrst og fremst þýðingu við leigu á atvinnuhúsnæði þar sem mjög algengt er að leigjandi framkvæmi viðamiklar breytingar og endurbætur á húsnæði vegna þarfa sinna og starfseminnar. Deilumál, sem risið hafa vegna slíkra framkvæmda, sýna að brýnt er að ganga tryggilega frá samningum um slík atriði fyrir fram. Ákvæði þetta byggir á því að hagsmunir leigjanda séu meiri af því að frá slíkum málum sé tryggilega gengið og því er skylda hans í því efni gerð ríkari með því að láta hann bera hallann af því ef samningar um þessi atriði eru vanræktir eða ófullkomnir.

Um 29. gr.

Þessi grein svarar til og er samhljóða tveimur fyrstu málsgreinum 47. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

Greinin er samhljóða 48. gr. laga nr. 44/1979.

Um 31. gr.

Hér er um að ræða nýjung. Í greininni er leigjendum atvinnuhúsnæðis ótvírætt lögð sú skylda á herðar að halda starfsemi sinni opinni.

Um 32. gr.

Þessi grein svarar til 50. gr. gildandi laga og er efnislega óbreytt að því undanskildu að lagt er til að gildissvið kaflans sé skilgreint með beinni tilvísun til laga um fjölbýlishús.

Um VII. kafla.

Kaflinn fjallar um greiðslu húsaleigu og fyrirkomulag tryggingа í tengslum við leiguhúsnæði. Kaflinn nær til 33.–40. gr. og svarar að mestu til 51.–55. gr. gildandi laga.

Um 33. gr.

Í 33. gr. frumvarpsins eru engar efnisbreytingar frá gildandi lögum. Allar málsgreinar hennar eiga sér hliðstæðu í IX. kafla gildandi laga. Í greininni er skipað saman þeim atriðum og reglum sem rétt og eðlilegt þykir að standi saman í einni grein, en eru dreifð í fleiri greinum í ofangreindum kafla gildandi laga. Þá var einnig leitast við að lagfæra orðalag á stöku stað og gera einstök atriði skýrari og ótvíræðari en í núgildandi lögum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 34. gr.

Í þessari grein eru ákvæði sem ætlað er að stemma stigu við óhóflegum fyrirframgreiðslum á húsaleigu þegar um íbúðarhúsnæði er að tefla. Er það gert með því að mæla fyrir um að samningur um fyrirframgreiðslu húsaleigu fyrir lengri tíma en þrjá mánuði hafi þær afleiðingar eða réttaráhrif að leigjandi öðlist kröfu, að vísu skilyrta, um leigurétt í þrefaldan þann tíma sem hann greiddi fyrir.

Hliðstætt ákvæði er í 51. gr. gildandi laga.

Meginbreytingin er sú að hér er lagt til að slíkar afleiðingar eigi aðeins við samninga um íbúðarhúsnæði, en samningsfrelsi gildi óskorað að því leyti um annað húsnæði.

Þótt jafnvægi á leigumarkaðnum hafi aukist á undanförnum árum og kröfur um fyrirframgreiðslu leigu hafi minnkað með rénandi verðbólgu og auknu framboði leiguhúsnæðis og samningsstaða leigjenda því styrkst þykir enn þörf á að vernda leigjendur með því að veita þeim lengri leigurétt eftir því sem þeir inna af hendi meiri fyrirframgreiðslu. Ekki þykir fært að banna fyrirframgreiðslu eða setja henni frekari takmörk. Þannig ákvæði eru mjög tvíeggjuð og ef of langt er gengið er hætt við að slík ákvæði í lögum verði dauður og óvirkur bókstafur leigjendum til lítils skjóls.

Hins vegar er staða samningsaðila allt önnur þegar um annað húsnæði en til íbúðar er að ræða. Þá standa þeir tiltölulega jafnt að vígi og þykir því ekki ástæða til að hafa lengur ákvæði í lögum er stemmi stigu fyrir fyrirframgreiðslu í þeim tilvikum.

Í 1. mgr. er ákvæði um þær lögfylgjur fyrirframgreiðslu sem áður er um rætt. Ekki þótti fært að banna fyrirframgreiðslu eða setja henni takmörk á svipaðan hátt og í 51. gr. núgildandi laga. Þykir vænlegra og raunhæfara að játa samningsfrelsi í þessu efni og veita leigjanda sérstakan aukinn eða lengri leigurétt á grundvelli fyrirframgreiðslu umfram þrjá mánuði, þ.e. í þrefaldan þann tíma sem hann greiddi fyrir.

Ákvæði 2. mgr. kveða á um að óheimilt sé að semja um fyrirframgreiðslu fyrir lengri tíma en einn mánuð ef leigjandi hefur reitt fram tryggingarfé skv. 4. tölul. 1. mgr. 40. gr. frumvarpsins. Þetta ákvæði er efnislega samhljóða 4. mgr. 51. gr. gildandi laga. Er tilgangur

þess að hamla gegn því að leigjandi verði í senn bæði krafinn um fyrirframgreiðslu og tryggingarfé og samningurinn verði því úr hófi fjárhagslega íþyngjandi fyrir hann. Öðrum þræði er tilgangur ákvæðisins að stuðla að því að aðilar velji frekar skv. 1. mgr. 40. gr. frumvarpsins aðra tryggingarkosti en tryggingarfé.

Samkvæmt 3. mgr. er réttur leigjanda til lengri eða framlengds leigutíma skilyrtur. Í fyrsta lagi þarf hann að setja fram skriflega kröfu innan tveggja mánaða frá því að greiðslan fór fram, annars fellur rétturinn niður. Í öðru lagi getur leigusali komist hjá framlengingunni ef hann endurgreiðir leigu umfram þrjá mánuði, ásamt dráttarvöxtum frá greiðsludegi til endurgreiðsludags innan þess frests sem tiltekinn er í 3. mgr. Samkvæmt því á leigusali endurgreiðslurétt en hins vegar á leigjandi ekki endurkröfurétt á umsaminni fyrirframgreiðslu umfram þrjá mánuði skv. 1. mgr. Slíkan rétt á leigjandi aftur á móti vegna ofgreiddrar fyrirframgreiðslu skv. 2. mgr.

Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. gildandi laga öðlast leigjandi sjálfkrafa leigurétt í fjórfaldan þann tíma sem hann greiðir fyrir ef hann greiðir fyrir fram fyrir meira en þrjá mánuði. Lagt er til að þessi sjálfkrafa framlengingarréttur verði afnuminn og slík framlenging verði háð því að leigjandi krefjist hennar skriflega og leigusali kjósi ekki frekar þann kost að endurgreiða. Þykir þetta fyrirkomulag eðlilegra og sanngjarnara með tilliti til beggja aðila. Þá er lagt til að þessi réttur til framlengingar verði styttur úr fjórföldum þeim tíma, sem leigjandi greiddi fyrir, í þrefaldan.

Um 35. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli og eiga sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum. Hér er tekið á óljósum og umdeildum atriðum.

Í 1. mgr. er fjallað um það þegar leiga er greidd fram í tímann með viðskiptabréfum. Hefur því verið haldið fram að ekki sé um fyrirframgreiðslu að tefla í slíkum tilvikum þar sem leigjandi verði ekki fyrir beinum peningaútlátum í upphafi og að frekar sé um tryggingar fyrir leigugreiðslum að ræða. Á þá skoðun verður ekki fallist. Viðskiptabréf eru ígildi peninga og almennt framsalshæf og geta gengið kaupum og sölum og þar með geta rofnað tengslin við leiguviðskiptin að baki þeim, leigjandi getur glatað mótbárum og rétti til að halda eftir leigugreiðslum og til að skuldajafna vegna hugsanlegra vanefnda leigusala. Því er slegið föstu hér að sé leiga greidd með þessum hætti teljist það fyrirframgreiðsla í skilningi 34. gr. frumvarpsins.

Sú regla, sem lagt er til að lögfest verði í 2. mgr., er í samræmi við það sem almennt er talið gilda í kröfu- og kauparétti og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 36. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 53. gr. núgildandi laga, nema að lagt er til að byggingarfulltrúi taki við hlutverki úttektarmanns samkvæmt gildandi lögum.

Um 37. gr.

Hér er kveðið á um að samningsfrelsi gildi um fjárhæð húsaleigu. Þó er áréttað að það frelsi sé þeim takmörkunum háð að leigan skuli jafnan vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila. Þótt hér sé um nýmæli að ræða þá gilda þessar reglur óskráðar, en rétt þykir að svo mikilvægar grundvallarreglur komi fram berum orðum í lögum.

Hvenær leigufjárhæð telst vera eðlileg og sanngjörn og hvenær ekki hlýtur alltaf að fara mjög eftir staðháttum og atvikum og ástandi á leigumarkaði á hverjum tíma.

Meginviðmiðunin er því markaðsleiga sambærilegs húsnæðis. Af öðrum atriðum, sem hafa ber hliðsjón af, má nefna:

1. Almennan húsnæðiskostnað, þar með talið vaxtakostnað, skatta og gjöld.
2. Staðsetningu, gerð og ástand leiguhúsnæðis.
3. Endurbætur, breytingar og viðhald sem hvor aðila tekur að sér.
4. Leigutíma og fyrirframgreidda leigu.
5. Aðrar sérstakar samningsskyldur og réttindi sem eðlilegt er að hafi áhrif á leigufjárhæðina.

Um 38. gr.

Ákvæði 38. gr. er nýmæli. Það hefur afar takmarkaða ef nokkra þýðingu þegar um íbúðarhúsnæði er að ræða. Slíkt húsnæði taka menn á leigu á grundvelli þess sem augað sér og þeir una við eftir skoðun. Menn velta yfirleitt lítið fyrir sér stærð húsnæðisins í fermetrum talið og hvernig þeir fermetrar eru fundnir og reiknaðir út. Leigugjaldið fyrir íbúðarhúsnæði er því almennt ákvarðað á öðrum grundvelli en fermetrafjölda.

Öðru máli gegnir um atvinnuhúsnæði. Þar er mjög algengt að leigan sé ákveðin miðað við stærð í fermetrum, þ.e. sé margfeldi ákveðinnar fjárhæðar og fermetrafjölda. Þá getur skipt miklu máli á hvaða grundvelli útreikningur stærðar húsnæðisins byggist og hverjar forsendur séu í því efni látnar ráða.

Menn skyldu ætla að þetta væri einfalt reikningsdæmi með einni fastri útkomu, en svo er þó ekki. Í þessu efni gilda engar staðlaðar og samræmdar reglur og koma ýmsar aðferðir og forsendur til greina við stærðarútreikninga og er útkoman mjög mismunandi eftir því hvernig að er farið. Getur jafnvel munað tugum í prósentum talið á reiknaðri fermetrastærð og þá heildarleigufjárhæðinni, enda þótt leiga fyrir hvern fermetra sé hin sama.

Vegna þessa hafa oft sprottið deilur, aðila greinir á um hvort miða skuli við utanmál eða innanmál, hvort draga eigi súlur og innveggi frá, hvort og hvernig fermetrahlutdeild í sameign skuli reiknuð o.s.frv.

Hér eru engar reglur eða viðmiðanir settar fram, heldur er látið við það sitja að mæla fyrir um að forsendur útreikningsins skuli tilgreindar í leigusamningi. Sé það gert ganga aðilar að því vísu frá upphafi hvernig stærðin er reiknuð og leigan fundin og ættu þá ekki síðar að koma upp eftirmál um það. Sé það hins vegar ekki gert og veiti leigusamningur enga fræðslu um það, þá teljast í því efni gilda þær reglur, sem venjan helgar.

Hér er því vísað til viðskiptavenju á þessu sviði, þ.e. í húsaleiguviðskiptum, og gilda um sönnun fyrir tilvist og efni slíkrar venju almennar reglur og hvílir sönnunarbyrðin á þeim sem á henni vill byggja og sá sem heldur fram afbrigðum verður að sanna að þau eigi við.

Engu að síður er mjög áríðandi að félagsmálaráðherra setji sem fyrst reglugerð þá sem í ákvæðinu greinir. Venja er ekki alls kostar traust og nákvæm réttarheimild og því er full þörf á ákveðnum, skýrum og skráðum reglum um þetta efni. Það er mjög brýnt að reglur um stærðarútreikninga húsnæðis verði samræmdar þannig að sama húsnæði teljist ekki mismunandi stórt í mismunandi samböndum. Stærðin má ekki vera afstæð eins og nú eru dæmi um.

Ekki þótti fært að leggja til að lögfestar yrðu ákveðnar viðmiðunarreglur hér að lútandi. Hér er þó vörðuð leið í þá átt og stórt skref verður stigið þegar og ef umrædd reglugerð verður sett. Ekki var þó talin alveg næg ástæða til að mæla fyrir um að ákvæði slíkrar reglugerðar skyldu vera ófrávíkjanleg. Reynslan verður að skera úr um hvort þörf verður á að ganga svo langt.

Um 39. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu leigjanda til að setja leigusala tryggingu fyrir réttum efndum á leigusamningi ef leigusali krefst þess. Um form tryggingar eru ákvæði í 40. gr. Þessi grein þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 40. gr.

Ákvæði um tryggingarfé eru í 55. gr. núgildandi laga, en þar er hins vegar ekki kveðið á um önnur form tryggingar. Það ákvæði hefur þótt þungt í vöfum og hefur því þetta úrræði verið lítið notað og alls ekki orðið sú réttarbót sem að var stefnt.

Þróunin hefur orðið á þann veg að annars konar tryggingarform en tryggingarfé hafa orðið æ algengari og náð almennri útbreiðslu í leiguviðskiptum. Er því sú leið farin að hverfa frá einskorðun við tryggingarfé og er lagt til að lögfest verði frelsi aðila til að semja um aðra kosti sem venjan hefur að sínu leyti helgað.

Í 1.–4. tölul. 1. mgr. eru þeir kostir nefndir sem æskilegastir eru taldir og vænst er að algengastir verði þegar fram í sækir. Ekki þótti þó fært að hafa þessa kosti tæmandi talda og er því aðilum, skv. 5. tölul. 1. mgr., heimilt að semja um annars konar tryggingu. Gildir því samningsfrelsið að þessu leyti. Nú um stundir er algengt að tryggingar séu í formi tryggingarvíxla, tryggingarbréfa, skuldabréfa og jafnvel óútfylltra tékka. Þannig tryggingar geta haft í för með sér verulegt óhagræði og óöryggi fyrir leigjanda vegna viðskiptabréfaeðlis slíkra skjala og eru auk þess ekki alls kostar samrýmanlegar ýmsum ákvæðum frumvarpsins er varða gagnkvæmni réttinda og skyldna aðila. Kom því vel til álita að banna þannig tryggingar og einskorða tryggingar við þá tryggingarkosti sem taldir eru upp í 1.–4. tölul. 1. mgr. Er þess eindregið vænst að aðilar velji einhvern þeirra enda eiga hagsmunir leigusala að vera nægilega tryggðir með því. Hins vegar þóttu ekki nægilega sterk rök til að takmarka samningsfrelsið og banna tryggingar í formi slíkra viðskiptabréfa sem áður var getið. Slíkar takmarkanir á samningsfrelsinu eru jafnan tvíeggjaðar og illmögulegt að framfylgja þannig banni. Því þykir vænlegra, fremur en að beita banni, að hvetja aðila til að velja fremur aðrar tryggingar þar sem hagsmunum beggja er borgið.

Í 4. tölul. 1. mgr. er fjallað um tryggingarfé og er það hliðstætt 55. gr. núgildandi laga, en þó er lögð til sú meginbreyting að gert er ráð fyrir því að leigusali varðveiti tryggingarfé sjálfur og að það skuli vera vaxtalaust en verðtryggt. Ekki er tiltekið í hvaða formi verðtryggingin skuli vera og er gert ráð fyrir að aðilar geti samið um slíkt. Eðlilegt má telja að annað hvort sé miðað við lánskjaravísitölu eða byggingarvísitölu. Þessar breytingar eru til einföldunar. Búast má við að aðrir tryggingarkostir verði eftir sem áður frekar fyrir valinu en tryggingarfé. Þeir eru fýsilegri fyrir leigjendur að því leyti að þeir þurfa ekki að þýða bein fjárútlát fyrir þá. Fyrir leigusala ætti einnig að vera æskilegra að velja aðra kosti en tryggingarfé því fjárhæð þess má hæst aðeins nema sem svarar þriggja mánaða leigu en fjárhæð annars konar tryggingar er samkomulagsatriði og ekki bundin hámarki, sbr. 2. mgr. Þá takmarkar tryggingarfé einnig þá fyrirframgreiðslu sem semja má um við eins mánaðar leigu, sbr. 2. mgr. 34. gr.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir því að leigusali eigi val um það í hvaða formi trygging sé. Er það eðlileg og sanngjörn tilhögun. Það eru hagsmunir hans og verðmæti sem í húfi eru og tryggja á. Valfrelsi leigjanda í þessu efni væri öldungis óraunhæft því ef leigusali sættir sig ekki við þá tryggingu sem leigjandi velur eða býður þá er honum í sjálfsvald sett að ganga ekki til samninga við hann.

Í 4. mgr. er kveðið á um gildistíma trygginga eða ábyrgða skv. 1.–3. tölul. og 5. tölul. 1. mgr. og í 5. mgr. eru ákvæði sem ætlað er að tryggja sanngjarna og eðlilega hagsmuni ábyrgðar- og tryggingaraðila ef vanefndir verða þannig að þeir geti strax og ástæða og tilefni er til gripið inn í og gert ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til gæslu hagsmuna sinna og til að takmarka tjón sitt. Að öðru leyti þarfnast málsgreinar þessar ekki skýringa.

Um VIII. kafla.

Þessi kafli fjallar um aðgang leigusala að leigðu húsnæði. Hér eru ákvæði síðari hluta 47. gr. laga nr. 44/1979, er fjalla um aðgang leigusala að leigðu húsnæði, gerð að sérstökum kafla.

Um 41. gr.

Greinin er að verulegu leyti samhljóða 3. og 4. mgr. 47. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er að finna það nýmæli að skýrt er nú kveðið á um það að leigusala sé óheimill aðgangur að hinu leigða húsnæði þegar leigjandi er ekki viðstaddur, nema leigjandinn veiti samþykki fyrir því.

Í 2. mgr. er lagt til að sá tími er leigusali hefur rétt til þess að sýna hið leigða húsnæði væntanlegum leigjendum eða kaupendum sé lengdur úr þremur mánuðum í sex mánuði. Þá er lagt til að leigusala sé skylt að tilkynna slíka heimsókn með eins sólarhrings fyrirvara, en í gildandi lögum er einungis rætt um „hæfilegan fyrirvara“. Loks er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði þar sem aðilum er heimilað að semja sérstaklega um annað fyrirkomulag hvað þetta varðar.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla, sem nær yfir 42.–50. gr. (56.–62. gr. laga nr. 44/1979), er fjallað um sölu leiguhúsnæðis, framsal leiguréttar, framleigu o.fl. Kaflinn svarar að meginhluta til X. kafla gildandi laga, „Framsal leiguréttar, andlát leigutaka, hjúskaparslit o.fl.“ Kaflinn er óbreyttur frá hliðstæðum kafla í gildandi lögum að því undanskildu að 42. og 43. gr., er fjalla um sölu leiguhúsnæðis, eru nýmæli.

Um 42. gr.

Grein þessi á sér ekki fyrirmynd eða hliðstæðu í núgildandi lögum. Hún hefur að geyma viðurkenndar en óskráðar meginreglur um réttarstöðu aðila leigusamnings og kaupanda leiguhúsnæðis þegar eigendaskipti verða að því. Þessar reglur hafa verið taldar gilda sem ólögfestar meginreglur og sjónarmið í kaupa-, kröfu- og eignarétti, en rétt þykir og haganlegt til glöggvunar og fyllingar að mæla með því að þær verði lögfestar.

Þessi grein þarfnast ekki frekari skýringa að öðru leyti en því, að tekið skal fram að frá þeirri meginreglu sem um getur í 4. mgr., geta verið undantekningar þegar leigusamningi hefur ekki verið þinglýst í þeim tilvikum þegar þess var þörf eða það nauðsynlegt samkvæmt ákvæðum 12. gr. frumvarpsins eða ákvæðum þinglýsingarlaga. Þá geta traustfangsreglur og þinglýsingarreglur leitt til þess að tiltekin réttindi glatist eða verði að þoka fyrir rétti kaupanda.

Um 43. gr.

Hér er einnig um nýmæli að tefla. Í ákvæðinu er sú skylda lögð á seljanda leiguhúsnæðis, leigusala, að tilkynna leigjanda um söluna og þau atriði varðandi hana sem snerta hann og hans hagsmuni. Ákvæði þetta er sjálfsagt og eðlilegt og til þess fallið að koma í veg fyrir og eyða óvissu sem oft vill verða við eigendaskipti á leiguhúsnæði.

Um 44. gr.

Greinin er samhljóða 56. gr. gildandi laga.

Um 45. gr.

Þessi grein er samhljóða 57. gr. gildandi laga að því frátöldu að ákvæði eldri laga um fardaga hefur verið fellt brott.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 58. gr. laga nr. 44/1979.

Um 47. gr.

Þessi grein er samhljóða 59. gr. gildandi laga. Hér er verið að vísa til 60. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 60. gr. laga nr. 44/1979.

Um 49. gr.

Greinin er samhljóða 61. gr. laga nr. 44/1979.

Um 50. gr.

Greinin er samhljóða 62. gr. laga nr. 44/1979.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um forgangsrétt leigjenda íbúðarhúsnæðis til áframhaldandi leigu að leigutímanum loknum. Kaflinn hefur að geyma fjórar greinar, 51.–54. gr.

Í kaflanum eru lagðar til grundvallarbreytingar frá gildandi lögum, en um forgangsrétt leigjenda er fjallað í 8. gr. þeirra. Samkvæmt þeirri grein gildir forgangsréttur leigjenda aðeins að loknum tímabundnum leigusamningi, en hér er lagt til að forgangsrétturinn verði aukinn að því leyti að hann gildi einnig um ótímabundna leigusamninga.

Á því er byggt sem meginreglu að leigjandi skuli eiga forgangsrétt að því íbúðarhúsnæði sem hann hefur haft á leigu ef húsnæðið er á annað borð falt til leigu áfram í a.m.k. eitt ár. Samkvæmt núgildandi lögum getur hins vegar til þess komið að forgangsrétturinn verði virkur þótt húsnæðið sé alls ekki falt til leigu. Það er ekki alls kostar eðlilegt og sanngjarnt í garð leigusala og það er tvíeggjað fyrir leigjanda að öðlast slíkan rétt í mikilli óþökk leigusala eins og mörg dæmi sanna. Er leitast við að taka í þessu efni sanngjarnt tillit til hagsmuna beggja aðila. Samkvæmt því eru lagðar til ýmsar undantekningar frá forgangsréttinum sem að sumu leyti eru víðtækari en að öðru leyti þrengri en ákvæði núgildandi laga.

Lagt er til að sú kvöð verði lögð á leigjanda að hann tilkynni leigusala með formlegum hætti a.m.k. þremur mánuðum áður en samningur rennur út að hann hyggist nota sér forgangsrétt sinn. Að öðrum kosti falli rétturinn niður. Samkvæmt því er rétturinn ekki sjálfgefinn heldur verður leigjandinn að gæta hans og hafa frumkvæðið að því að gera hann virkan. Verður að telja það sanngjarna og eðlilega tilhögun.

Þá eru lögð til ítarlegri og að sumu leyti önnur ákvæði um skilmála framlengds leigusamnings á grundvelli forgangsréttar en þau sem er að finna í 8. gr. núgildandi laga.

Lagt er til að lögfest verði sérstakt ákvæði um bótarétt leigjanda ef leigusali hefur brotið gegn ákvæðum um forgangsrétt hans. Þykir nauðsynlegt að setja slíkt ákvæði til að tryggja forgangsréttinn og verja hann og skapa varnað gegn því að hann verði hafður af leigjendum með málamyndagerningum eða á annan ólögmætan hátt.

Um 51. gr.

Í 1. mgr. er orðuð sú meginregla að leigjandi íbúðarhúsnæðis skuli hafa forgangsrétt til leigu þess að leigutímanum loknum ef það er falt til leigu í a.m.k. eitt ár. Um nánari skýringar á þessari málsgrein vísast til þess sem segir hér að framan.

Í 2. mgr. eru talin upp í 11 töluliðum þau tilvik þegar og þar sem forgangsrétturinn gildir ekki. Þar sem hér er um undantekningar frá meginreglunni í 1. mgr. að ræða ber að túlka þessa málsgrein þröngt. Undartekningar þessar eru gerðar til að koma til móts við þá hagsmuni leigusala sem nauðsynlegt, eðlilegt eða sanngjarnt er að virtir séu þegar eignarréttur hans og ráðstöfunarréttur sætir slíkum takmörkunum sem forgangsréttur leigjanda felur í sér. Undantekningar eru það skýrar og ljósar að ekki þykir sérstök þörf eða ástæða til sérstakra skýringa eða umfjöllunar um einstaka tölulíði. Þeir skýra sig sjálfir.

Um 52. gr.

Um skýringu á 1. mgr. vísast til þess sem segir hér að ofan í almennum athugasemdum við kaflann.

Í 2. mgr. segir hvernig leigusali skuli bregðast við kröfu leigjanda á grundvelli forgangsréttar skv. 1. mgr. Er það meginregla að hann skuli tilkynna leigjanda það skriflega og með rökstuddum hætti innan 14 daga ef hann telur að forgangsrétturinn sé ekki fyrir hendi. Að öðrum kosti telst hann una forgangsréttinum. Það er þó ekki fortakslaust því ef atvik og aðstæður eru með þeim hætti að leigjanda megi vera það berlega ljóst að forgangsrétturinn komi ekki til greina þá er sérstök greinargerð og skrifleg tilkynning af hálfu leigusala talin óþörf. Það mundi t.d. eiga við ef slíkt kemur fram í leigusamningi, er ljóst af atvikum og aðstæðum eða ef greint hefur verið frá slíkum atvikum í skriflegri uppsögn samnings, sbr. 55. gr.

Um 53. gr.

Í grein þessari eru ákvæði er lúta að skilmálum framlengds eða endurnýjaðs leigusamnings á grundvelli forgangsréttar.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. núgildandi laga skulu skilmálar framlengds leigusamnings almennt vera hinir sömu og í upphaflegum leigusamningi, m.a. um fjárhæð húsaleigu. Lagt er til að svipaðar reglur gildi áfram, en þó þannig að svigrúm til breytinga og leiðréttinga á leigukjörum verði aukið innan sanngjarnra og eðlilegra marka.

Samkvæmt 1. mgr. skal leigufjárhæðin vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila. Má um það vísa til athugasemda við 37. gr. frumvarpsins. Þannig er báðum aðilum heimilt að krefjast leiðréttingar á leigufjárhæð ef hún er samkvæmt upphaflegum leigusamningi hærri eða lægri en sanngjarnt og eðlilegt má telja við upphaf hins endurnýjaða samnings. Þó er tekið fram í 1. mgr., að líkur séu fyrir því að sú leigufjárhæð sem áður gilti sé sanngjörn, þannig að sá sem vefengir að svo sé verður að sýna fram á að svo sé ekki.

Í 1. mgr. er jafnframt mælt fyrir um að aðrir skilmálar, sem leigusali setur, skuli gilda nema þeir séu ósanngjarnir eða andstæðir góðum venjum í leiguviðskiptum. Þetta ákvæði þarfnast ekki frekari skýringa.

Í 2. mgr. er svo áréttuð sú regla sem gildir skv. 1. mgr. 8. gr. núgildandi laga að skilmálar skuli annars vera hinir sömu og í upphaflegum leigusamningi og þarfnast hún heldur ekki skýringa.

Um 54. gr.

Forgangsréttur sá, sem leigjanda er fenginn samkvæmt frumvarpi þessu, er nokkuð viðkvæmur og berskjaldaður og hætt er við því að hann myndi oftar en ekki reynast meira virði í orði en á borði ef ekki væru gerðar ráðstafanir til að vernda hann og tryggja með einhverjum hætti.

Þótt komið sé til móts við hagsmuni leigusala og þeir ættu að vera vel tryggðir með þeim víðtæku undantekningum frá forgangsréttinum sem lagðar eru til þá kann af ýmsum ástæðum að vera mikil freisting fyrir leigusala að komast framhjá forgangsrétti leigjanda með málamyndagerningum eða á annan hátt.

Forgangsrétturinn hefur í för með sér takmarkanir á eignarráðum leigusala og ráðstöfunarrétti og er þar af leiðandi mörgum þyrnir í augum. Einnig bjóða undantekningar frá forgangsréttinum í sjálfu sér heim hættunni á málamyndagerningum.

Það þykir því nauðsynlegt að slá skjaldborg um forgangsréttinn og vernda hann gegn því að leigusalar freistist til þess að fara á svig við lögin að því leyti og hafa hann af leigjendum með ólögmætum hætti.

Framangreind sjónarmið og rök búa að baki ákvæðum 54. gr. frumvarpsins, sem kveða á um rétt leigjanda til skaðabóta úr hendi leigusala ef hann hefur orðið til þess, að leigjandi glataði forgangsrétti sínum með þeim hætti sem nánar er lýst í ákvæðinu.

Um fjárhæð bóta fer eftir atvikum og gilda almennar reglur í því efni sem m.a. fela það í sér að leigjandi, sem bóta krefst á þessum grundvelli, verður að sanna og sýna fram á fjártjón sitt. Ljóst er að í mörgum tilvikum mun verða erfitt fyrir leigjanda að sanna tjón sitt og dregur það nokkuð úr virkni og varnaði þessarar bótareglu. Kom til álita að styrkja regluna og auðvelda leigjanda málsókn með því að ákvarða staðlaðar bætur sem leigjandi gæti jafnan krafist án sérstakrar sönnunar. Slíkar bætur heyra til algerra undantekninga í íslenskum rétti og þóttu ekki nægilega ríkar ástæður til að lögfesta þær í þessu tilviki.

Í 2. mgr. er lagt til að í gildi verði fyrningarfrestur á bótakröfu leigjanda. Hann verður að setja kröfu sína fram með sannanlegum hætti innan sex mánaða frá því að hann rýmdi húsnæðið. Að öðrum kosti fellur bótaréttur hans niður nema leigusali hafi beitt svikum. Það

þykir nauðsynlegt að tímabinda þennan bótarétt og sex mánuðir eru í senn hæfilegur og nægilegur frestur. Það er í sjálfu sér ekki skilyrði að leigjandi lýsi kröfu sinni skriflega, en það er þó öruggast þar sem það á að gera með sannanlegum hætti og leigjandinn ber sönnunarbyrðina í því efni. Sex mánaða fyrningarfresturinn gildir ekki ef leigusali hefur beitt svikum. Er það í samræmi við almennar reglur í kröfu- og kauparétti. Í þeim tilvikum myndu gilda almennar reglur um fyrningu.

Um XI. kafla.

XI. kafli, „Lok leigusamnings, uppsögn o.fl.“, 55.–59. gr., svarar til III. kafla laga nr. 44/1979, 12.–18. gr., „Uppsögn leigumála — leigufardagar“.

Meginbreytingin sem lögð er til í þessum kafla er sú að afnema skuli 15. gr. gildandi laga þar sem nú er að finna ákvæði um fardaga íbúðarhúsnæðis. Það er álit flestra aðila sem tengjast húsaleigumálum að þessi ákvæði séu óþörf. Ekki verður séð að meiri þörf sé á að binda flutninga leigjenda milli íbúða við ákveðna daga vor og haust heldur en almenn íbúðaskipti á íbúðamarkaði sem eiga sér stað hvenær ársins sem er. Þá valda núgildandi ákvæði oft lengingu leigutíma sem aðilar höfðu alls ekki reiknað með. Slík lenging er reyndar oftast leigjanda í hag og hefur með þeim hætti nokkuð bætt stöðu leigjenda þó oft hafi slíkur framlengdur leigutími verið mjög í óþökk leigusala. Þó eru einnig ýmis dæmi um það að leigjendur séu í krafti fardagaákvæðanna krafðir um leigugreiðslu eftir að þeir hafa flutt úr húsnæðinu. Af þessum sökum er lagt til að fardagaákvæðin verði afnumin, jafnframt því sem uppsagnarfrestur er lengdur þannig að hann verði aldrei styttri en sex mánuðir. Þá er einnig á það að líta að hinn aukni forgangsréttur leigjenda, sem felst í X. kafla frumvarpsins, mundi draga verulega úr gildi þeirrar leigutímalengingar sem leitt getur af núverandi ákvæðum um leigufardaga.

Loks hefur síðasta grein kaflans, þ.e. 18. gr. laga nr. 44/1979, verið felld niður þar sem ástæðulaust má telja að tiltaka slíkar heimildir sérstaklega í húsaleigulögum þar sem þær eru fyrir hendi í lögum nr. 90/1989, um aðför.

Um 55. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 56. gr.

Greinin svarar til 13. gr. gildandi laga. Samkvæmt frumvarpinu eru þó gerðar talsverðar breytingar á þessari grein.

Lagt er til í 2. tölul. að uppsagnarfrestur íbúðarhúsnæðis af beggja hálfu sé ætíð sex mánuðir þar til leigutími hefur náð fimm árum. Eftir það verði uppsagnarfrestur eitt ár af hálfu leigusala. Lenging uppsagnarfrests af hálfu leigjanda úr þremur mánuðum í sex á fyrsta ári leigutímans þykir sanngjörn með tilliti til afnáms fardagaákvæðis gildandi laga.

Þá er 3. tölul., er fjallar um uppsagnarfrest atvinnuhúsnæðis, verulega breyttur. Lagt er til að hann verði af beggja hálfu sex mánuðir fyrstu fimm ár leigutímans, því næst níu mánuðir næstu fimm ár leigutímans og loks eitt ár eftir tíu ára samfelldan leigutíma atvinnuhúsnæðis.

Um 57. gr.

Greinin svarar til 14. gr. gildandi laga.

1. mgr. er breytt að því er tekur til þess að brottnám ákvæða um fardaga gera skiptingu í íbúðarhúsnæði og annað húsnæði óþarfa.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að þegar lengd uppsagnarfrests skv. 56. gr. ræðst af leigutíma sé miðað við þann tíma sem liðinn er þegar uppsögnin er send leigjanda.

Um 58. gr.

Greinin fjallar um lok tímabundins leigusamnings og er hér um að ræða veigamiklar breytingar frá 16. gr. gildandi laga. Þannig er tiltekið í 1. mgr. að tímabundnum leigusamningi ljúki án sérstakrar tilkynningar og því er lagt til að öll ákvæði gildandi laga um gagnkvæma tilkynningarskyldu aðila verði afnumin.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir þeim nýja möguleika að aðilar geti hvor um sig sagt upp tímabundnum leigusamningi vegna mjög sérstakra ástæðna, eins og t.d. brottflutnings annars aðilans eða andláts hans.

Um 59. gr.

Greinin er óbreytt frá 17. gr. gildandi laga nema að sá eins mánaðar frestur, sem nú greinir í lögum, er lengdur í tvo mánuði.

Um XII. kafla.

Undir XII. kafla falla 60.–62. gr. Í kaflanum er að finna ákvæði um riftun leigusamnings. Kaflinn svarar til IV. kafla, „Riftun“, í gildandi lögum, þ.e. 19.–22. gr. Þess skal getið að síðasta grein kaflans, þ.e. 23. gr. laga nr. 44/1979, hefur verið felld niður, sbr. 73. gr. laga nr. 92/1991, um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Um 60. gr.

Í þessari grein er að finna verulegar viðbætur miðað við 19. gr. gildandi laga.

Í 2. tölul. 1. mgr. breytist orðalagið „ef ónauðsynlegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins“ í: ef verulegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins. Þykir þetta orðalag heppilegra.

Þá er 4. tölul. nýmæli. Þar er lagt til að alvarleg vanræksla leigusala varðandi viðhald íbúðar og almennt ástand hennar geti haft í för með sér riftun af hálfu leigjanda.

5. tölul. er samhljóða 4. tölul. 19. gr. gildandi laga.

Lagt er til að nýr 6. tölul. bætist við þar sem kveðið er á um riftunarheimild leigjanda ef heimilisfriður hans raskast verulega af völdum annarra aðila er afnot hafa af sama húsi.

Í nýjum 7. tölul. er lagt til að leigjandi hafi skýra riftunarheimild ef leigusali hindrar umráð og afnot hans af hinu leigða eða ef leigusali gengur um hið leigða húsnæði í heimildarleysi, ellegar gerist sekur um refsivert athæfi eða persónulega meingerð gagnvart leigjanda eða fjölskyldu hans.

8. tölul., sem einnig er nýmæli, tekur á almennan hátt til hugsanlegra vanefnda á leigusamningi af hálfu leigusala. Þessi töluliður svarar til 9. tölul. 20. gr. núgildandi laga.

Í 2. mgr. er að finna þá nýjung að gert er ráð fyrir því að réttur leigjenda til riftunar leigusamnings vegna vanefnda leigusala falli niður tveimur mánuðum eftir að leigjandanum varð kunnugt um slíkar vanefndir leigusala.

Þá er í 3. mgr. kveðið á um það nýmæli að um bótarétt leigjanda á hendur leigusala vegna riftunar fari eftir almennum reglum kröfuréttar.

Um 61. gr.

Fyrsta málsgrein þessarar greinar er mikið til samhljóða 20. gr. gildandi laga. Þó er um að ræða þá breytingu á 1. mgr. laganna að síðari hluti þeirrar málsgreinar hefur verið felldur niður.

Þá er því atriði bætt við 4. tölul. 1. mgr. að framsal leiguréttar geti haft í för með sér riftunarheimild af hálfu leigusala á sama hátt og misnotkun leigjanda á framleiguheimild sinni. Þá er lagt til að við bætist nýr tölul., 9. tölul., þess efnis að það varði riftun ef leigjandi atvinnuhúsnæðis vanrækir að halda uppi eðlilegri starfsemi og venjubundnum rekstri. Við þetta flyst fyrri 9. tölul. til og verður 10. tölul.

2. mgr. svarar til 22. gr. gildandi laga og er óbreytt frá henni að því undanskildu að frestur sá, sem þar greinir, er lengdur úr einum mánuði í tvo mánuði.

Almennt verður að krefjast þess, að leigusali notfæri sér rétt sinn til riftunar án ástæðulauss dráttar. Riftun er mjög harkaleg og afdrifarík aðgerð og yfirleitt aðeins heimil vegna verulegra vanefnda. Þess vegna verður að ætlast til þess að hafist sé handa í eðlilegu framhaldi af broti og án ástæðulauss dráttar.

Ef leigusali lætur óeðlilega langan tíma líða þá bendir það til þess að hann hafi ekki litið brot mjög alvarlegum augum eða a.m.k. getur það gefið leigjanda réttmæta ástæðu til að ætla svo. Riftun löngu eftir brot er einnig óæskileg vegna þess að hún er fallin til þess að valda meiri röskun en ella. Þess vegna eiga leigusalar alls ekki að liggja á þessum rétti sínum.

Af þessum ástæðum er leigusala almennt settur tveggja mánaða frestur í 2. mgr. 61. gr. frumvarpsins til að hefjast handa með riftunaraðgerðir. Ef hann heldur að sér höndum í lengri tíma glatar hann riftunarrétti sínum. Fresturinn er lengdur um mánuð frá því sem mælt er fyrir um í 22. gr. gildandi laga og þykja tveir mánuðir sanngjarn og hæfilegur frestur, en mánaðar frestur þykir hins vegar vera óeðlilega skammur. Gildir hér sama og um riftunarrétt leigjanda skv. 2. mgr. 60. gr. frumvarpsins, þannig að gagnkvæmni ríkir.

Þessi tveggja mánaða frestur er meginreglan og á við um allar vanefndir, sem riftun geta varðað, nema undantekningarnar í síðari málsliðnum eigi við, þ.e. svik eða leiguvanskil.

Fyrri undantekningin varðar það þegar leigjandi brýtur af sér með sviksamlegum hætti og getur það átt við um allar vanefndir. Þetta ákvæði er meira til öryggis og til að varna ósanngjörnum niðurstöðum í grófum undantekningartilvikum, en á það mun væntanlega sjaldan reyna, ekki síst vegna sönnunarvandkvæða. Þessi undantekning byggist á því að verði leigjandi uppvís að svikum þá sé ekki ástæða til að vernda hagsmuni hans og verja hann gegn riftun með sama hætti og ella. Er það í samræmi við meginreglur kröfuréttar að frestir til aðgerða séu lengdir eða felldir niður þegar svo háttar.

Síðari undantekningin varðar leiguvanskil. Ákvæði 22. gr. gildandi laga hafa í mjög mörgum tilvikum leitt til afar óeðlilegrar og ósanngjarnrar niðurstöðu þegar reynt hefur á riftun vegna leiguvanskila. Í raun hefur leigusali aðeins haft möguleika til riftunar á grundvelli leiguvanskila fyrir síðasta eða yfirstandandi mánuð þar sem riftunarréttur vegna eldri vangreiddrar leigu fellur niður samkvæmt þessu ákvæði.

Þetta ákvæði er í hróplegri andstöðu við þá meginreglu kröfuréttar að verulegar vanefndir heimili og réttlæti riftun. Hér er þessari grundvallarreglu snúið við því í raun er aðeins hægt að rifta á grundvelli óverulegra vanefnda, þ.e. vanskila eins mánaðar og það síðasta mánaðarins.

Yfirleitt reyna menn öll úrræði til þrautar áður en riftunarrétti er beitt og reyna með fortölum að fá greiðslu og getur slík innheimta tekið vikur og mánuði. Það er yfirleitt ekki fyrr en eftir nokkurra mánaða vanskil að þolinmæði leigusala þrýtur og hann telur sig knúinn til að rifta, en þá rekur hann sig harkalega á umrætt ákvæði. Í stað þess að réttur hans hafi aukist við ítrekaðar og auknar vanefndir leigjanda, eins og eðlilegt er, þá hefur réttur hans í raun minnkað. Þegar svona stendur á getur leigjandi nefnilega komist hjá riftun með því að greiða leigu fyrir síðasta mánuðinn og gildir einu hversu mikil og langvinn eldri vanskilin eru. Með þessu móti getur leigjandi klippt á langan vanskilahala án þess að leigusali fái aðra rönd við reist en að höfða innheimtumál.

Ef leigjandi skuldar t.d. 6 mánaða leigu þegar langlundargeð leigusala þrýtur og hann vill rifta þá nægir leigjanda að greina síðasta mánuðinn því riftunarréttur vegna hinna 5 er fallinn niður skv. 22. gr. laganna. Þetta er raunhæft dæmi og mætti nefna mörg fleiri og hrikaleg dæmi um það hvernig þetta ákvæði hefur virkað í framkvæmd.

Þetta ákvæði er mjög óréttlátt við leiguvanskil og í andstöðu við réttarvitund þorra fólks og það hefur oft reynst skálkaskjól. Lagaákvæði þetta slær í raun skjaldborg um vanefndir á húsaleigu og ýtir undir þær og við svo búið má ekki standa.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að í kröfu- og samningarétti er almennt tekið mun harðar á vanefndum á peningaskuldbindingum en annars konar vanefndum. Þarf yfirleitt mikið minna til að koma í þeim efnum svo að riftun varði. Er ekki ástæða til að fara hér nánar út í sjónarmiðin þar að baki. Engin haldbær rök eru hins vegar til þess að láta aðrar reglur gilda í þessu efni um húsaleigusamninga en um aðra gagnkvæma samninga. Að minnsta kosti má ekki einskorða riftunarrétt við tveggja mánaða vanskil og útiloka riftun vegna uppsafnaðra og eldri vanskila. Það samrýmist hvorki réttarvitund almennings né meginreglum íslensks réttar.

Ákvæði 22. gr. gildandi laga hefur öðrum þræði ýtt undir óskilvísi og undanbrögð af hálfu leigjenda og á hinn bóginn stuðlað að hörku leigusala sem gera sér grein fyrir því hvernig er í pottinn búið og hefjast því handa um riftun við minnstu vanskil og e.t.v. smávægilegan greiðsludrátt. Þeirri breytingu sem felst í síðari málslið 2. mgr. 61. gr. frumvarpsins er ætlað að koma í veg fyrir hvort tveggja. Þess vegna er lagt til að riftunarréttur vegna leiguvanskila fyrnist ekki á tveimur mánuðum (hvað þá einum) eins og lagt er til að gildi um aðrar vanefndir.

Hins vegar er ekki þar með sagt að leigusali geti lúrt á þessum rétti sínum til eilífðarnóns og leigjandi þurfi að eiga riftunarógnunina yfir höfði sér von út viti. Leigusali getur glatað riftunarrétti sínum fyrir athafnaleysi, t.d. tómlæti og aðgerðarleysi í lengri tíma en sanngjarnt og eðlilegt má telja. Hversu langur tími má líða fer eftir atvikum hverju sinni og mati dómara. Einnig getur leigusali með athöfnum sínum í orði eða verki afsalað sér þessum rétti eða glatað honum þótt hann hafi e.t.v. ekki ætlað sér það. Getur það t.d. átt við þegar hann tekur við greiðslum án fyrirvara um riftun eða höfðar mál til efnda, þ.e. án þess að hafa jafnframt uppi riftunarkröfu. Gilda í þessu efni almennar reglur kröfuréttar um réttindamissi vegna tómlætis og fyrirvaraleysis.

Um 62. gr.

Hér er einungis um þá breytingu að ræða frá 21. gr. gildandi laga að greiðsluskylda leigjanda, sem búið hefur við ótímabundinn samning, miðast nú við lok leigutímans samkvæmt uppsagnarfresti í stað viðmiðunar við fardaga í gildandi lögum.

Um XIII. kafla.

Þessi kafli, er fjallar um skil leiguhúsnæðis, nær til 63.–68. gr. Kaflinn svarar að hluta til V. kafla gildandi laga, „Afhending og skil leiguhúsnæðis“, þ.e. 28.–31. gr., svo og 35. gr. Lagt er til að 32. gr. gildandi laga falli niður og greinar er svara til 33. og 34. gr. flytjist í næsta kafla, XIV. kafla, „Úttekt leiguhúsnæðis.“

Um 63. gr.

Greinin er samhljóða 28. gr. gildandi laga.

Um 64. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 29. gr. gildandi laga að því undanskildu að þeir 14 daga frestir, sem tilgreindir eru í 1. og 2. mgr., eru í báðum tilvikum lengdir í tvo mánuði.

Um 65. gr.

Greinin er óbreytt frá 35. gr. gildandi laga nema að lagt er til að byggingarfulltrúi taki við hlutverki úttektarmanns samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt er lagt til að hinn tilgreindi eins mánaðar frestur lengist í tveggja mánaða frest.

Um 66. gr.

Greinin er nær samhljóða 30. gr. gildandi laga, einungis hefur bæst við tilvísun í 28. gr. sem er ný grein er tekur til sama efnisatriðis.

Um 67. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. gildandi laga.

Um 68. gr.

Þessi grein er ný. Hér er lagt til að leigjanda sé gert skylt áður en hann flytur úr húsnæðinu að gefa leigusala upp heimilisfang þar sem koma má tilkynningum til leigjanda.

Um XIV. kafla.

Þessi kafli, „Úttekt leiguhúsnæðis“, sem nær yfir 69.–72. gr., svarar til XI. kafla gildandi laga, „Úttektarmenn“, 63.–67. gr., svo og 33. og 34. gr. gildandi laga.

Um 69. gr.

Í greininni, er kemur í stað 63., 64. og 66. gr. gildandi laga, er skilgreint hlutverk byggingarfulltrúa við úttekt leiguhúsnæðis. Reynslan er talin hafa sýnt að ákvæði gildandi laga um úttektarmenn hafi aldrei náð að gegna að fullu því hlutverki sem þeim er ætlað í lögunum. Talið er vænlegra að aðilar, sem nú þegar eru til staðar í öllum sveitarfélögum, þ.e. byggingarfulltrúarnir, taki að sér störf við úttektir á leiguhúsnæði.

Í stærri sveitarfélögum hafa húsnæðisnefndir á sínum snærum starfsmenn sem meta félagslegar íbúðir sem koma til endursölu í félagslega kerfinu. Rétt þykir að sveitarfélög hafi heimild til að fela þeim starfsmönnum að sjá um úttektir á leiguhúsnæði.

Þá er sveitarstjórn jafnframt heimilað að taka gjald fyrir þessa þjónustu byggingarfulltrúa.

Um 70. gr.

Greinin er óbreytt frá 67. gr. gildandi laga að því undanskildu að í stað orðsins „úttektarmaður" kemur: byggingarfulltrúi.

Um 71. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. gildandi laga að því undanskildu að í stað orðsins „úttektarmaður" kemur: byggingarfulltrúi.

Um 72. gr.

Greinin er óbreytt frá 34. gr. gildandi laga að því undanskildu að í stað orðsins „úttektarmaður" kemur: byggingarfulltrúi.

Um XV. kafla.

Þessi kafli fjallar um leigumiðlun. Kaflinn tekur til 73.–82. gr., sem svara til 68.–75. gr. gildandi laga, XII. kafla. Kaflinn er að allmiklu leyti endurskoðaður og ákvæði fyllri en áður.

Um 73. gr.

Sú breyting er lögð til í þessari grein frumvarpsins að félagsmálaráðherra veiti leyfi til leigumiðlunar í stað lögreglustjóra í núgildandi lögum. Talið er eðlilegra að hafa þennan hátt á, m.a. með hliðsjón af því að þessi málaflokkur heyrir undir valdsvið félagsmálaráðuneytis, sbr. staflið B í 4. tölul. auglýsingar nr. 96/1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Um 74. gr.

Í þessari grein er að finna þau skilyrði sem menn verða að uppfylla til að geta fengið leyfi til leigumiðlunar. Gert er ráð fyrir að sett verði í reglugerð nánari ákvæði um 3. og 4. tölul. 1. mgr., þar á meðal um form og fjárhæð tryggingar, en í því sambandi ber að hafa í huga eðli og umfang starfa leigumiðlara.

Þá er lagt til í 3. mgr. að félagsmálaráðuneytið birti auglýsingu um veitingu leyfis til leigumiðlara svo og um sviptingu leyfis, m.a. til þess að tryggja réttaröryggi almennings í þessum efnum.

Um 75. gr.

Þetta ákvæði er samhljóða ákvæði sem er að finna í 2. mgr. 69. gr. núgildandi laga. Ekki er gert ráð fyrir að löggiltir fasteignasalar og lögmenn þurfi að setja sérstaka tryggingu.

Um 76. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða ákvæðum 70. gr. núgildandi laga en hnykkt er á því að leigumiðlari skuli ætíð vanda sem best gerð leigusamnings, enda ber hann ábyrgð á því að leigusamningur sé gerður í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 77. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að heimta þóknun úr hendi leigusala fyrir gerð leigusamnings, en hins vegar óheimilt að krefjast þóknunar úr hendi leigjanda. Ákvæði sem þetta er að finna í 71. gr. núgildandi laga.

Um 78. gr.

Ákvæði þetta er óbreytt frá núgildandi lagaákvæðum um sama efni. Vakin er þó athygli á því að í 82. gr. frumvarpsins er lagt til að félagsmálaráðuneytið setji reglugerð sem m.a. hafi að geyma leiðbeiningarreglur um hvernig gjaldtöku leigumiðlara skuli hagað.

Þá er gerð sú eðlilega krafa að umboð til handa leigumiðlara skuli vera undirritað af vottum, en ákvæði um slíkt er ekki í núgildandi ákvæði.

Um 79. gr.

Greinin er samhljóða 73. gr. núgildandi laga.

Um 80. gr.

Í 3. mgr. þessarar greinar er að finna nýmæli, en þar er kveðið á um að leigumiðlara sé skylt að veita félagsmálaráðuneytinu upplýsingar um starfsemi sína ef þess gerist þörf. Þessu ákvæði er m.a. ætlað að tryggja að unnt verði fyrir félagsmálaráðuneytið að fylgjast með því að starfsemi leigumiðlara fari fram lögum samkvæmt. Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða 74. gr. núgildandi laga.

Um 81. gr.

Með þessu ákvæði er lögð til sú breyting að í stað lögreglustjóra, eins og nú háttar til, þá verði það í verkahring félagsmálaráðherra að svipta leigumiðlara útgefnu leyfisbréfi ef tilteknar ástæður eru fyrir hendi. Þegar svipting hefur átt sér stað ber leigumiðlara að hætta starfsemi sinni sem slíkur. Sinni hann því ekki ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að ljá atbeina sinn og stöðva starfsemina og innsigla hana láti leigumiðlari ekki af starfanum.

Um 82. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra gefi út reglugerð sem feli í sér nánari ákvæði um leigumiðlun og þá sérstaklega hvað varðar ákvæði 3. og 4. tölul. 74. gr. og enn fremur ákvæði 76. og 77. gr. frumvarpsins.

Um XVI. kafla.

Þessi kafli, „Húsnæðisnefndir“, svarar til XIII. kafla, 76. gr., gildandi laga, „Húsaleigunefndir.“

Um 83. gr.

Lagt er til að húsnæðisnefndir sveitarfélaganna taki við hlutverki því sem húsaleigunefndir hafa samkvæmt núgildandi lögum, en einnig er í XVIII. kafla frumvarpsins gert ráð fyrir því að Húsnæðisstofnun ríkisins skuli fylgjast með þróun og ástandi húsaleigumarkaðarins í samráði við húsnæðisnefndirnar. Reynslan hefur sýnt að ákvæðið um húsaleigunefndir sveitarfélaganna hefur aðeins verið virkt í tiltölulega fáum sveitarfélögum. Þá er á það að líta að með lögum nr. 70/1990 var kveðið á um að stofna skyldi sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga, sem m.a. skulu fylgjast með framvindu húsaleigumála, sbr. nú lög nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Eðlilegast þykir að fela þessum nefndum fyrra hlutverk húsaleigunefndanna.

Um XVII. kafla.

Þessi kafli, sem ber yfirskriftina „Kærunefnd húsaleigumála", er nýmæli. Komið hefur í ljós á undanförnum árum að mikil þörf er fyrir að aðilar leigusamnings geti snúið sér til einhvers óháðs stjórnvalds vegna ágreinings sem rísa kann þeirra á milli vegna ákvæða í leigusamningi. Í þessum kafla er gert ráð fyrir stofnun sérstakrar kærunefndar húsaleigumála sem aðilar leigusamnings geti snúið sér til, greini þá á við gerð leigusamnings eða framkvæmd hans.

Um 84. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um skipun kærunefndar húsaleigumála. Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi nefndina til þriggja ára í senn og að a.m.k. tveir nefndarmenn skuli vera lögfræðingar. Gert er ráð fyrir að Húseigendafélagið og Leigjendasamtökin tilnefni sinn fulltrúann hvort og að félagsmálaráðherra skipi þann þriðja án tilnefningar, sem jafnframt skuli vera formaður.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um að kostnaður af störfum kærunefndarinnar skuli greiðast úr ríkissjóði.

Um 85. gr.

Hér er hlutverki og starfsháttum kærunefndar húsaleigumála lýst.

Í 2. mgr. segir að beiðni til kærunefndar skuli vera skrifleg og að þar skuli koma skýrt fram hvert sé ágreiningsefnið, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni.

Sú óskráða regla hefur verið talin gilda í íslenskum rétti að málsaðili skuli jafnan eiga kost á að láta í ljós álit sitt á efni máls áður en stjórnvald ræður því til lykta ef ákvörðun getur verið íþyngjandi. Því er í 3. mgr. kveðið á um að kærunefnd húsaleigumála skuli gefa gagnaðila kost á að tjá sig um ágreiningsefnið og að heimilt sé að óska umsagnar hlutaðeigandi húsnæðisnefndar og annarra sem málið varðar.

Í 4. mgr. er ákvæði um að kærunefndin skuli láta í té rökstutt álit svo fljótt sem kostur er. Jafnframt er lagt til að ágreiningsefnum þessum verði ekki skotið til annars stjórnvalds, heldur verði aðilar málsins að leita til dómstóla sætti þeir sig ekki við niðurstöðu kærunefndarinnar.

Til álita kom að veita kærunefndinni úrskurðarvald í tilteknum málum, en að svo stöddu þótti það ekki rétt og fært. Aðilar leigusamnings eru því í engum tilvikum skyldugir að leita til nefndarinnar og geta jafnan snúið sér til dómstóla með ágreining sinn. Þó má búast við því að menn telji nefndina góðan og fýsilegan kost því þar fá mál skjótari afgreiðslu og af aðila með sérþekkingu og reynslu í þessum málaflokki.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um XVIII. kafla.

Kaflinn, sem inniheldur 86. gr. frumvarpsins, ber yfirskriftina „Kynning laganna o.fl." og svarar til samnefnds XV. kafla, 78. gr., gildandi laga. Hér er að finna ákvæði þess efnis að Húsnæðisstofnun ríkisins skuli annast kynningu á væntanlegum lögum og reglugerðum samkvæmt þeim og að stofnunin skuli fylgjast með þróun og ástandi leigumarkaðarins í samráði við húsnæðisnefndir sveitarfélaga. Loks er í 3. mgr. að finna heimildarákvæði þess efnis að félagsmálaráðherra geti sett sérstaka reglugerð um framkvæmd væntanlegra laga.

Um XIX. kafla.

Kaflinn, sem inniheldur lokagrein frumvarpsins, 87. gr., svarar til hliðstæðs XVII. kafla, 80. gr., í gildandi lögum. Hér er lagt til að ákvæði frumvarpsins taki gildi 1. mars 1994. Rétt þykir að veita visst ráðrúm fram að gildistöku væntanlegra laga svo tími gefist til sem rækilegastrar kynningar þeirra og sem bests undirbúnings þeirra aðila, sem lögin varða. Þá er lagt til að mælt sé fyrir um það að aðilum beri fyrir 1. júní 1994 að endurskoða samninga sína til samræmis við ákvæði frumvarpsins.

Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til húsaleigulaga.

Verði þetta frumvarp að lögum falla úr gildi lög nr. 44/1979, um húsaleigusamninga. Þetta er endurflutt frumvarp frá síðasta þingi en með nokkrum breytingum. Það er upphaflega samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði árið 1990 og hafði m.a. það hlutverk að leggja fram tillögur um endurbætur á gildandi lögum um húsaleigusamninga er varða tryggingarfé, tilkynningarskyldu, sérákvæði um leigu á atvinnuhúsnæði, um húsaleigunefndir og úttektarmenn í samræmi við ákvæði um húsnæðisnefndir í lögum nr. 70/1990, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Jafnframt að gera tillögur um stofnun og starfrækslu sérstakra húsaleigumiðlana til að annast samskipti leigusala og leigjenda.

Helstu breytingar, sem leiðir af lagasetningunni, eru raktar í inngangi að athugasemdum við frumvarpið, en þær breytingar, sem gætu skipt máli í sambandi við kostnað, væru helst þessar:

Kærunefnd húsaleigumála sem aðilar húsaleigusamninga geta snúið sér til finnist þeim á sig hallað við gerð eða framkvæmd leigusamnings. Nefndin er skipuð þremur lögfræðingum. Félagsmálaráðherra skipar hana til þriggja ára í senn og greiðist kostnaður úr ríkissjóði. Ekki er unnt á þessu stigi að segja til um hve mikil verkefni þessarar nefndar kunna að verða og þar með kostnaður við hana, sem gæti ef til vill orðið um 1 m.kr. á ári, en auk fundahalda þarf hún að kanna álit gagnaðila og kveða upp rökstuddan úrskurð.

Umsjón með gerð eyðublaða flyst frá félagsmálaráðuneyti til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Er henni heimilt að taka gjald fyrir, sjá 4. gr., og í núgildandi lögum frá 1979, sjá 4. gr., hefur félagsmálaráðuneytið þessa heimild en mun ekki hafa notað hana. Hér er um smáar fjárhæðir að ræða eða u.þ.b. 100 þús. kr. á ári sem falla niður.

Það er nýmæli í 73. gr. frumvarpsins að félagsmálaráðherra gefur út leyfisbréf til leigumiðlara í stað lögreglustjóra í núgildandi lögum. Leyfishafi greiðir gjald fyrir í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs og er það áþekkt ákvæði og er í núgildandi lögum, sjá 69. gr.

161. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um frekari útfærslu landhelginnar og réttindi Íslendinga á úthafinu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jóhann Ársælsson, Guðrún Helgadóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Ragnar Arnalds, Svavar Gestsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að kanna möguleika á frekari útfærslu íslensku efnahagslögsögunnar. Nefndin geri einnig tillögur um hvernig afla skuli ýtrustu réttinda Íslendingum til handa á hafsvæðum sem liggja að íslensku efnahagslögsögunni og á úthafinu og hvernig þeirra verði best gætt.

Nefndin hafi í störfum sínum náið samráð við ráðuneyti og stofnanir sem málið varðar, svo og við utanríkis- og sjávarútvegsnefndir Alþingis. Nefndinni verði heimilt að ráða sér starfsmann tímabundið auk þess sem ráðuneyti og opinberar stofnanir aðstoði hana eftir þörfum. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin skili áliti í formi skýrslu til Alþingis og ríkisstjórnar svo fljótt sem við verður komið og eigi síðar en 1. mars 1994.

Greinargerð.

Allt frá tímum hinna stóru áfanga í útfærslu landhelginnar á áttunda áratugnum hafa af og til verið uppi umræður um frekari skref í réttindabaráttu Íslendinga gagnvart aðliggjandi hafsvæðum. Lítið hefur þó gerst og kemur þar margt til, m.a. sú staðreynd að enn hefur hafréttarsáttmálinn ekki formlega öðlast gildi þar sem fjöldi ríkja, sem hefur fullgilt hann, er ekki nægur, nágrannaríkin hafa reynst treg til viðræðna og síðast en ekki síst höfðu Íslendingar næg verkefni innan eigin lögsögu fyrstu árin eftir útfærsluna. Nú er öldin önnur. Hvort tveggja hefur gerst að með niðurskurði aflaheimilda á hefðbundnum miðum og ört vaxandi nýtingu þeirra tegunda, sem áður gátu tekið við aukinni sókn, svo sem rækju, hafa íslensk skip sótt í auknum mæli út fyrir landhelgina, og sókn erlendra skipa á hafsvæðin umhverfis íslensku efnahagslögsöguna hefur stóraukist. Nægir þar að nefna úthafskarfaveiðar á Reykjaneshrygg og veiðar á blálöngu, búra, langhala og fleiri tegundum suður af landinu. Veiðar á rækju, karfa, kolmunna, loðnu, síld o.s.frv. í nágrenni við lögsögumörkin vestan, norðan eða austan við landið. Flestir þessara stofna eru að minnsta kosti að hluta til uppvaxnir eða dveljast innan íslensku lögsögunnar og eykur það enn á mikilvægi þess að tryggja réttarstöðu okkar gagnvart verndun og nýtingu þeirra.

Veiðar íslenskra skipa á fjarlægari miðum á alþjóðlegum hafsvæðum, svo sem undan strönd Kanada og í Smugunni í Barentshafi, hafa svo vakið upp umræður um hagsmuni Íslendinga sem úthafsveiðiþjóðar.

Nú stefnir í það að aflaverðmæti íslenskra skipa af veiðum utan efnahagslögsögunnar verði af stærðargráðunni 2,5–4 milljarðar kr. á þessu ári, þ.e. 1 milljarður kr. eða meira úr Smugunni í Barentshafi, 0,5–1 milljarður kr. frá rækjuveiðum undan strönd Kanada og 0,5–1 milljarður kr. af Reykjaneshrygg. Þeir sem mest hafa beitt sér á þessu sviði, svo sem hópur útgerðarmanna skipa sem veitt hafa í Smugunni er fundað hefur um möguleika á úthafsveiðum, telja að fjölmargir möguleikar komi til greina. Til viðbótar þeim möguleikum, sem nú eru nýttir, hafa þar verið nefndar veiðar á Hatton-Rockall svæðinu utan 200 mílna marka frá ströndum Bretlandseyja, veiðar á grálúðu og fleiri tegundum, öðrum en rækju, á svæðum milli lögsögumarka Íslands, Grænlands og Kanada suðvestur í höfum, veiðar við Svalbarða o.s.frv.

Að því er best er vitað hafa nú 56 þjóðir fullgilt alþjóðahafréttarsáttmálann en hann mun fyrst ganga í gildi og verða bindandi sem alþjóðalög fyrir samningsaðila ári eftir að 60 ríki hafa fullgilt hann. Í ljósi þess að nú vantar aðeins herslumuninn eða fjögur ríki er meira en tímabært að huga að því af auknum krafti hver geti orðið næstu skref í réttindasókn Íslendinga á þessu sviði samtímis því að nú hillir undir að hafréttarsáttmálinn öðlist gildi. Ýmis ákvæði samningsins, ekki síst VI. hluti hans um landgrunnið og rétt strandríkja ásamt þeirri þróun sem orðið hefur í alþjóðarétti, gefa tilefni til að fara yfir málin á nýjan leik.

Markmið allra aðgerða af Íslands hálfu hlýtur að vera það að tryggja okkur ýtrustu réttindi gagnvart skynsamlegri meðferð og nýtingu auðlinda hafsins. Til þess höfum við sem fiskveiðiþjóð í úthafinu, algerlega háð sjávarfangi um okkar afkomu, sterkan siðferðilegan og pólitískan rétt. Í ljósi þess ástands, sem nú ríkir á hafsvæðunum umhverfis íslensku efnahagslögsöguna, hlýtur frekari útfærsla að koma til álita, a.m.k. meðan ekki líta dagsins ljós neinir samningar um nýtingu sem tryggja nauðsynlega vernd fyrir rányrkju og taka eðlilegt og sanngjarnt tillit til hagsmuna nálægra strandríkja.

Óþarfi er að fjölyrða um gildi þess að um mikilvæg og vandasöm hagsmunamál af þessu tagi sé sem breiðust pólitísk samstaða. Það er m.a. með það að leiðarljósi sem lagt er til að undirbúningur og athugun málsins verði í höndum sérstakrar þingkjörinnar nefndar sem skipuð verði fulltrúum allra flokka þannig að koma megi frá upphafi í veg fyrir hættu á flokkadráttum og pólitískum ágreiningi.

Flutningsmenn leggja einnig áherslu á að við meðferð málsins verði hugað að samræmingu þess starfs sem fram fer á vegum stjórnvalda og þessu máli tengist, sbr. störf nefndar sjávarútvegsráðherra að endurskoðun laga um veiðar utan landhelgi, og annars tillöguflutnings, sbr. þingsályktunartillögu Eyjólfs Konráðs Jónssonar og fleiri á yfirstandandi þingi um hafsbotnsréttindi.

Sem fylgiskjöl með tillögu þessari eru birt ýmis gögn um fiskstofna og veiðar umhverfis íslensku efnahagslögsöguna.

Með þingsályktunartillögu þessari birtust fjögur fylgiskjöl. Í þeim voru ýmis gögn um fiskstofna og veiðar umhverfis íslensku efnahagslögsöguna. Á fskj. I var birt grein eftir Pál Þórhallsson, „Landnám í djúphafi", sem prentuð var í Mbl. 12. september 1993. Á fskj. II var birt erindi eftir dr. Jakob Magnússon, aðstoðarforstjóra Hafrannsóknastofnunar, sem hann flutti á sjávarútvegsráðstefnu 6. febrúar 1992. Erindið fjallaði um vannýtta sjávarstofna fyrir útgerð Íslendinga. Því fylgdu línurit, uppdrættir og kort til skýringar. Á fskj. III var grein Vilhelmínu Vilhelmsdóttur um vannýtta djúpsjávarfiska sem áður hafði verið birt í sjómannablaði Neskaupstaðar 1992. Á fskj. IV var birt skýrsla Jakobs Magnússonar, Vilhelmínu Vilhelmsdóttur og Sólmundar T. Einarssonar, „Könnun á djúpslóð. Leiðangur á Reykjaneshrygg á Bjarna Sæmundssyni og Sjóla í mars 1993". Leiðangurinn var farinn til þess að kanna svæðið utan hefðbundinna veiðisvæða á Reykjaneshrygg. Skýrslunni fylgdu töflur, línurit og kort.

Um þessi fylgiskjöl vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

162. Tillaga til þingsályktunar [146. mál]

um málefni Héraðsskólans að Núpi.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að gera tillögur um framtíð Núpsskóla í Dýrafirði. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar menntamálaráðuneytis og heimamanna. Nefndin skili tillögum fyrir 1. júní 1994.

Greinargerð.

Rekstur héraðsskóla hefur verið á undanhaldi hin síðari ár. Sú staðreynd að flestir grunnskólar reyna nú að bjóða fram kennslu í efstu bekkjum grunnskólans í heimabyggð hefur valdið því að sífellt fækkar þeim nemendum sem sækja það nám í héraðsskólum. Vegna nemendafæðar var hætt við að reka Héraðsskólann að Núpi sl. skólaár. Ekki var gerð tilraun til þess að taka þann rekstur upp á yfirstandandi skólaári. Staðurinn hefur skipað veglegan sess í skólastarfi í landinu og þar er mikill og góður húsakostur í eigu ríkisins sem stendur ónotaður. Það ætti að vera hagur ríkissjóðs að nýta hann sem best. Því er mikil nauðsyn á að Alþingi láti málið til sín taka og finni skólanum verkefni að nýju. Þar kemur ýmislegt til greina, svo sem skólastarf í nýjum búningi, skólabúðir í einhverju formi, námskeiðahald ýmiss konar eða að leigja aðstöðuna til ferðaþjónustu eða fyrirtækjarekstrar. Það skiptir miklu að nýta þessar eignir og halda þeim við. Það er allra hagur og getur einnig skapað ný atvinnutækifæri.

163. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um fjárframlög til stjórnmálaflokka.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa níu manna nefnd til að undirbúa löggjöf um fjárframlög til stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtaka. Jafnframt verði nefndinni falið að leggja mat á það hvort nauðsyn beri til að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti.

Nefndina skipi fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi, fulltrúi félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, fulltrúi Rannsóknastofnunar í siðfræði og fulltrúi Lögfræðingafélags Íslands auk fulltrúa frá fjármálaráðuneyti sem jafnframt sé formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Nokkur umræða hefur öðru hverju verið hér á landi um það hvort setja eigi lög um stjórnmálaflokka en langt er síðan um það hefur verið flutt þingmál. Eftir því sem næst verður komist var það síðast gert af Benedikt Gröndal sem lagði fram frumvarp til laga um stjórnmálaflokka veturinn 1975–1976. Í greinargerð með frumvarpinu segir að það sé fyrst og fremst ætlað til þess að vekja umræðu. Sú umræða leiddi ekki til þess að frumvarpið yrði samþykkt. Síðar á sama þingi var samþykkt tillaga um skipun milliþinganefndar til að semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka. Nefndin samdi frumvarp en það var aldrei lagt fram á Alþingi. Nánar verður gerð grein fyrir því í framsögu málsins.

Síðustu missirin hefur komið fram hörð gagnrýni á það valdakerfi sem íslenska þjóðin býr við. Stjórnmálaflokkarnir eru þar ekki undanskildir og hefur gagnrýnin ekki síst beinst að því að um þá gilda ekki nein skýr lög eða reglur, hvorki varðandi fjárreiður né annað og er skemmst að minnast áskorunar átta háskólakennara frá 15. september sl. sem birt er sem fylgiskjal með tillögunni. Þar sem stjórnmálaflokkar og samtök eru tæki almennings til að hafa áhrif á stjórnkerfið er nauðsynlegt að eyða allri tortryggni um óeðlileg fjárhagsleg hagsmunatengsl flokkanna við fjársterk fyrirtæki eða hagsmunasamtök.

Í lögum nr. 62/1978 er kveðið á um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka. Ekkert er hins vegar að finna í lögum um fjárframlög íslenskra aðila til stjórnmálaflokka. Þar sem það er eðlileg krafa að bókhald og fjárreiður stjórnmálaflokka og félagasamtaka þeirra séu öllum landsmönnum opin og aðgengileg er hér lagt til að Alþingi beiti sér fyrir því að lög og reglur kveði skýrt á um það.

Fylgiskjal.

Áskorun til formanna stjórnmálaflokkanna.

(15. september 1993.)

Undanfarin missiri hafa nokkrir stjórnmálaflokkar í nálægum löndum þegið fé af fyrirtækjum og hagsmunasamtökum í blóra við lög og reglur sem gilda um slík fjárframlög í þessum löndum. Fréttir af vafasömum og stundum ólöglegum fjárframlögum til stjórnmálaflokka á Ítalíu, í Japan, Frakklandi og á Spáni og nú síðast á Bretlandi hafa vakið mikla athygli um allan heim. Bresku morgunblöðin Times og Guardian hafa krafist þess nýlega að gefnu tilefni að breski ríkisstjórnarflokkurinn geri grein fyrir þeim fjárframlögum sem hann tók á móti fyrir síðustu kosningar í landinu til að eyða grunsemdum um óeðlileg fjárhags- og hagsmunatengsl.

Í flestum nálægum löndum gilda skýrar reglur eða lög um fjárreiður stjórnmálaflokka. Slíkum lögum og reglum er ætlað að vernda almenning gegn afleiðingum óeðlilegra fjárhags- og hagsmunatengsla á milli fjársterkra fyrirtækja, hagsmunasamtaka og stjórnmálaflokka. Þar hefur löggjafarvaldinu þótt rétt að reisa skorður við tilraunum fyrirtækja og hagsmunasamtaka til að kaupa sér áhrif á vettvangi stjórnmálanna. Brot gegn slíkum lögum hafa leitt til víðtækrar hreingerningar í ítölskum og japönskum stjórnmálum að undanförnu og til afsagnar margra háttsettra stjórnmálamanna þar og í öðrum löndum.

Hér á Íslandi virðast á hinn bóginn ekki gilda neinar skýrar reglur eða lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Hér á landi er þó síst minni þörf fyrir slíka löggjöf en í öðrum löndum. Við undirritaðir kennarar í hagfræði og stjórnmálafræðum við Háskóla Íslands beinum því þeirri áskorun til formanna stjórnmálaflokkanna að

— þeir geri grein fyrir því fé sem flokkarnir hafa tekið við undanfarin sjö ár, þar á meðal fjárframlögum í kosningasjóði flokkanna fyrir alþingiskosningarnar 1987 og 1991 og sömuleiðis fyrir sveitarstjórnarkosningar á sama tímabili;
— þeir hlutist síðan til um að t.d. Ríkisendurskoðun ásamt óháðum endurskoðendum utan stjórnkerfisins verði falið að kanna hvort fjárframlög til flokkanna bendi til óeðlilegra fjárhags- og hagsmunatengsla að einhverju leyti og
— þeir beiti sér loks fyrir því að setja skýrar reglur eða lög um fjárframlög til flokkanna til samræmis við lög og reglur í öðrum löndum með niðurstöður Ríkisendurskoðunar að leiðarljósi.

Með virðingu,

Gunnar Helgi Kristinsson dósent.
Ólafur Þ. Harðarson lektor.
Svanur Kristjánsson dósent.
Þorvaldur Gylfason prófessor.
Jón Ormur Halldórsson lektor.
Ragnar Árnason prófessor.
Tór Einarsson dósent.
Þórólfur Matthíasson lektor.

164. Svar [98. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Svanhildar Árnadóttur um verkefnaflutning til fámennra sveitarfélaga.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvernig verður fámennum sveitarfélögum gert kleift að takast á við verkefni sem fyrirhugað er að flytja til þeirra komi til sameiningar sveitarfélaga?

Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga 1993–1994 er því lýst yfir að ef niðurstöður kosninga um sameiningu sveitarfélaga fela í sér eflingu sveitarstjórnarstigsins og stækkun sveitarfélaga muni ríkisstjórnin beita sér fyrir samningum við sveitarfélögin um að þau yfirtaki rekstur heilsugæslu, öldrunarþjónustu og málefni fatlaðra. Stefnt verði að því að sveitarfélögin yfirtaki að fullu rekstur grunnskóla frá 1. ágúst 1995. Einnig verði skoðað hvort um frekari verkefnatilflutning til sveitarfélaganna geti orðið.

Í stefnumörkuninni segir einnig að ríkisstjórnin muni í samningum við sveitarfélögin í tengslum við breytta verkaskiptingu beita sér fyrir því að tekjur flytjist frá ríki til sveitarfélaga þannig að þau geti tryggilega staðið undir þeim kostnaði sem aukin verkefni krefjast. Í því sambandi verði stefnt að því að afla sveitarfélögunum sjálfstæðra tekjustofna.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að eins og tekjustofnakerfi sveitarfélaganna er nú orðið er mjög auðvelt að færa tekjur milli ríkis og sveitarfélaga. Það má einfaldlega gera með því að auka hlut sveitarfélaga í staðgreiðslunni.

Slíkur almennur flutningur á tekjustofni er þó engan veginn nægjanlegur vegna þess að útgjöldin geta komið mjög misjafnlega niður á sveitarfélögunum. Sérstaklega má benda á þetta í sambandi við rekstur grunnskólans. Sá kostnaður er yfirleitt miklu hærri á nemanda eða íbúa í dreifbýli en þéttbýli.

Þessu verður að mæta með sérstökum jöfnunargreiðslum sem eðlilegt er að beint verði í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Slík jöfnun vegna verkefnaflutnings hefur tíðkast frá ársbyrjun 1990 þegar ný lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og lög um tekjustofna tóku gildi. Til nánari upplýsinga er bent á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, svo og reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 390/1991. Fyrir liggur að þessar jöfnunaraðgerðir hafa alveg tryggt hlut fámennari sveitarfélaganna samanborið við hin stærri.

Með vísun til þess sem rakið er hér að framan er svarið við spurningunni það að stefnt er að því að fámennum sveitarfélögum verði gert kleift að takast á við aukin verkefni með því að flytja til þeirra almennan tekjustofn eða tekjustofna og með sérstökum jöfnunaraðgerðum.

165. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um fullgildingu bókunar um breytingar á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd bókun um breytingar á alþjóðasamningi frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum sem gerð var í Ósló 5. desember 1989.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ísland gerðist árið 1973 aðili að alþjóðasamningi frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1973, þar sem samningurinn er birtur, og 5/1974. Ísland er einnig aðili að breytingum frá 2. mars 1983 og 13. júní 1985, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1987, 22/1989 og 35/1991.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu á bókun um breytingar á samningnum sem gerð var í Osló 5. desember 1989. Bókunin er birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Bókunin felur í sér þá breytingu að samningurinn skal einnig taka til innsævis sem liggur að hafsvæðum sem heyra undir samninginn. Breyting þessi hefur í för með sér bann við varpi úrgangsefna í hafið við strendur þeirra hafsvæða sem samningurinn nær til. Þessi breyting er einnig í samræmi við Parísarsamninginn um mengun frá landstöðvum frá 1974 sem nær ekki aðeins til úthafs og landhelgi heldur og til innsævis samningsaðila. Einnig er í bókuninni áréttað að samningsaðilar skulu gegna eftirlitshlutverki sínu ekki aðeins á úthafinu heldur einnig innan fiskveiðilögsögu.

Fylgiskjal.

BÓKUN
um breytingar á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum

Ríkin sem eiga aðild að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum sem gerður var í Osló 15. febrúar 1972 (hér eftir nefndur „samningurinn"),

minna á að samningurinn hvetur samningsaðila til að samhæfa stefnur og aðgerðir til að hindra mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna,

benda á að ákvæði samningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, sem gerður var í París 4. júní 1974, nær ekki aðeins til úthafs og landhelgi heldur og til innsævis samningsaðila,

vilja stefna að því að samræma landfræðilegt umfang samninganna tveggja,

lýsa fullum vilja til að sjá til þess að markmið samningsins náist á innsævi sem liggur að hafsvæðum sem heyra undir samninginn,

hafa áhuga á að bæta verndun hafsins,

ályktа að breyta skuli samningnum í þessum tilgangi,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

2. gr. samningsins breytist sem hér segir:

„Samningur þessi gildir um eftirfarandi hafsvæði:

a) þá hluta Atlantshafsins og Norður-Íshafsins og aðliggjandi hafsvæða sem eru norðan 36° n.br. og milli 42° v.l. og 51° a.l. að undanteknu:

i) Eystrasalti og sundunum sunnan og austan lína sem dregnar eru frá Hasenörehöfða til Gnibentanga, frá Korshage til Spodsbjerg og frá Gilbjerghöfða til Kullen og

ii) Miðjarðarhafi og aðliggjandi höfum að skurðpunkti 36° n.br. og 5°36' v.l.

b) þann hluta Atlantshafsins sem er norðan 59° n.br. og milli 44° v.l. og 42°v.l."

PROTOCOL
amending the Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft

The States Parties to the Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft, done at Oslo on 15 February 1972 (hereinafter referred to as "the Convention");

Recalling that the Convention calls upon the Contracting Parties to harmonize their policies and measures to prevent the pollution of the sea by dumping;

Noting that the provisions of the Convention for the Prevention of Marine Pollution from Land-Based Sources, done at Paris on 4 June 1974, cover not only the high seas and the territorial seas but also the internal waters of Contracting Parties;

Being desirous of bringing the geographical coverage of the two Conventions into closer alignment;

Desiring to ensure that the aims of the Convention will be achieved in internal waters which are situated adjacent to the territorial sea to which the Convention applies;

Wishing to improve the protection of the marine environment;

Resolving that the Convention should be amended for this purpose;

Have agreed as follows:

Article 1

Article 2 of the Convention shall be amended to read as follows:

"The present Convention shall apply to the maritime area within the following limits:

a) those parts of the Atlantic and Arctic Oceans and the dependent seas which lie north of 36° north latitude and between 42° west longitude and 51° east longitude, but excluding:

(i) the Baltic Sea and Belts lying to the south and east of lines drawn from Hasenore Head to Gniben Point, from Korshage to Spodsbjerg and from Gilbjerg Head to the Kullen, and

(ii) the Mediterranean Sea and its dependent seas as far as the point of intersection of the parallel of 36° north latitude and the meridian of 5°36' west longitude.

b) that part of the Atlantic Ocean north of 59° north latitude and between 44° west longitude and 42° west longitude."

2. gr.

15. gr. 1) c) samningsins breytist sem hér segir:

„c) af skipum og flugvélum sem grunuð eru um að stunda losun úrgangsefna á innsævi eða innan landhelgi þess samningsaðila."

3. gr.

15. gr. 2) samningsins breytist sem hér segir:

„Hver samningsaðili skuldbindur sig til að gefa út fyrirmæli til skipa og flugvéla í landhelgisgæslu og til annarra viðkomandi stofnana um að tilkynna til stjórnvalda hvert atvik eða aðstæður á úthafinu eða á þeim hluta hafsins, sem er utan landhelginnar og liggur að henni og lýtur lögsögu samningsaðila að þjóðarétti, sem valda grun um að losun úrgangsefna, sem eru andstæð ákvæðum þessa samnings, hafi átt sér stað eða muni eiga sér stað. Viðkomandi samningsaðili skal, ef ástæða er til, láta í té upplýsingar til sérhvers annars samningsaðila sem hlut á að máli."

4. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 19. gr. samningsins:

„4) Þýðir „hafsvæði" sá hluti innsævis samningsaðila sem hann hefur skilgreint vegna samnings þessa, landhelgi samningsaðila, sá hluti hafsins, sem er utan landhelginnar og liggur að henni og lýtur lögsögu samningsaðila að þjóðarétti, og úthafið."

5. gr.

22. gr. samningsins breytist sem hér segir:

„Öll ríki sem 20. gr. tekur til geta gerst aðilar að samningi þessum, eins og honum var breytt með bókunum lögðum fram til undirritunar 2. mars 1983 og 5. desember 1989. Samningsaðilar geta samhljóða boðið öðrum ríkjum aðild að samningnum með áorðnum breytingum. Aðildarskjöl skulu fengin norsku ríkisstjórninni til varðveislu."

6. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar í Osló frá 5. desember 1989 til 5. mars 1990 af hálfu þeirra ríkja sem aðilar eru að samningnum þegar hún er lögð fram til undirritunar.

Article II

Article 15 (1)(c) of the Convention shall be amended to read as follows:

"c) by ships and aircraft believed to be engaged in dumping within its internal waters or within its territorial sea."

Article III

Article 15 (2) of the Convention shall be amended to read as follows:

"Each Contracting Party undertakes to issue instructions to its maritime inspection vessels and aircraft and to other appropriate services to report to its authorities any incidents or conditions on the high seas or in that part of the sea beyond and adjacent to the territorial sea under its jurisdiction in accordance with international law which give rise to suspicions that dumping in contravention of the provisions of the present Convention has occurred or is about to occur. That Contracting Party shall, if it considers it appropriate, report accordingly to any other Contracting Party concerned."

Article IV

The following paragraph shall be added to Article 19 of the Convention:

"4) "Maritime area" means that part of the internal waters of a Contracting Party designated by that Contracting Party for the purpose of this Convention, the territorial sea of a Contracting Party, that part of the sea beyond and adjacent to the territorial sea under the jurisdiction of a Contracting Party in accordance with international law, and the high seas."

Article V

Article 22 of this Convention shall be amended to read as follows:

"This Convention, as amended by the Protocols opened for signature on 2 March 1983 and on 5 December 1989, shall be open for accession by any State referred to in Article 20. The Contracting Parties may unanimously invite other States to accede to the Convention as amended. The instruments of accession shall be deposited with the Government of Norway."

Article VI

This Protocol shall be open for signature at Oslo from 5 December 1989 until 5 March 1990 by the States which are Parties to the Convention on the date of the opening for signature of this Protocol.

7. gr.

Bókun þessi skal háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykkisskjöl skulu fengin ríkisstjórn Noregs til varðveislu.

8. gr.

Hvert það ríki, sem 22. gr. tekur til og ekki hefur undirritað þessa bókun, getur gerst aðili að henni. Aðildarskjöl skulu fengin ríkisstjórn Noregs til varðveislu.

9. gr.

1) Bókun þessi skal öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er öll þau ríki, sem 6. gr. þessarar bókunar tekur til, hafa afhent fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjöl sín.

2) Gagnvart hverju ríki, sem gerist aðili að bókun þessari eftir að hún hefur tekið gildi, skal hún taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að það hefur afhent aðildarskjal sitt til varðveislu.

10. gr.

Ríkisstjórnin sem er vörsluaðili skal tilkynna samningsaðilum um undirritanir þessarar bókunar og um afhendingu fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjala samkvæmt 6., 7. og 8. gr.

11. gr.

Frumrit bókunar þessarar, en enskur og franskur texti hennar eru jafngildir, skal fengið ríkisstjórn Noregs til varðveislu, og skal hún senda staðfest afrit hennar til samningsaðila. Hún skal einnig senda staðfest afrit hennar til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

Gjört í Osló 5. desember 1989.

Article VII

This Protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of Norway.

Article VIII

This Protocol shall be open for accession by any State referred to in Article 22 of the Convention which has not signed this Protocol. The instruments of accession shall be deposited with the Government of Norway.

Article IX

1) This Protocol shall enter into force on the first day of the second month following the date on which all States referred to in Article VI of this Protocol shall have deposited their instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2) For any State acceding to this Protocol after its entry into force, this Protocol shall enter into force on the first day of the second month following the date on which that State shall have deposited its instrument of accession.

Article X

The depositary Government shall inform the Contracting Parties to the Convention of signature of this Protocol and of the deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, in accordance with Articles VI, VII and VIII.

Article XI

The original of this Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited with the Government of Norway, which shall send certified copies thereof to the Contracting Parties to the Convention. It shall transmit a certified copy to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Protocol.

Done at Oslo, this fifth day of December 1989.

166. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um staðfestingu bókunar við alþjóðasamning um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og bókunar við alþjóðasamning um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd bókun við alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og bókun við alþjóðasamning frá 18. desember 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar sem gerðar voru í Lundúnum 19. nóvember 1976.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 14/1979 gerðist Ísland árið 1980 aðili að alþjóðasamningi frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningi frá 18. desember 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1980. Þeir tóku gildi 15. október 1980 að því er Ísland varðar og fengu þá lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. laga nr. 14/1979.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu á bókunum við samningana sem voru gerðar í Lundúnum 19. nóvember 1976. Bókanirnar eru birtar sem fylgiskjöl 1 og 2 með þingsályktunartillögu þessari. Bókun við samninginn um einkaréttarlega ábyrgð öðlaðist gildi 8. apríl 1981, en bókun við samninginn um alþjóðasjóðinn hefur ekki öðlast gildi.

Bókanirnar varða breytingu á gjaldmiðli. Í þeim er horfið frá því að nota gullfranka sem viðmiðun fyrir bætur og nota í staðinn sem meginreglu eininguna „sérstök dráttarréttindi“ (SDR) sem skilgreind eru af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Er þetta gert til að samræma alþjóðareglur um greiðslur.

Íslendingar hafa ekki þurft að greiða í alþjóðasjóðinn hingað til vegna þess hve lítið magn af olíu er flutt til landsins. Gildandi reglur sjóðsins kveða á um að sá einstaklingur sem tekur árlega á móti meira en 150.000 tonnum af jarð- eða svartolíu skuli greiða í sjóðinn. Það eru einstaklingar sem greiða í sjóðinn og bera stjórnvöld enga ábyrgð á slíkum greiðslum nema þau geri slíkt ótilkvödd. Miðað við innflutning síðustu ára eru litlar líkur á því að til þess komi að innflutningsaðilar þurfi að greiða í sjóðinn þar sem innflutningur hvers innflytjanda hefur verið verulega undir mörkum.

Með staðfestingu þessara bókana er verið að taka af allan vafa um að bætt verði tjón af völdum olíumengunar og standi þar ekki í vegi gullfrankinn sem hætt er að nota sem gjaldmiðil í alþjóðaviðskiptum. Verði bókanir þessar staðfestar af Íslands hálfu munu ákvæði þeirra öðlast lagagildi hér á landi þegar þær ganga í gildi að því er Ísland varðar, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1979.

Fylgiskjal 1.

BÓKUN
við alþjóðasamning um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 1969

Aðilar að bókun þessari,

sem eru aðilar að alþjóðasamningi um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar sem gerður var í Brussel 29. nóvember 1969,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Í bókun þessari:

1. merkir „samningur" alþjóðasamning um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 1969.

2. hefur „Stofnunin" sömu merkingu og í samningnum.

3. merkir „aðalritari" aðalritara Stofnunarinnar.

2. gr.

5. gr. samningsins breytist sem hér segir:

(1) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi texti:

„Eiganda skips skal heimilt að takmarka ábyrgð sína í samningi þessum varðandi hvern einstakan atburð við heildartöluna 133 mælieiningar fyrir hverja rúmlest af rúmlestatölu skipsins. Heildartala þessi skal þó aldrei vera meiri en 14 milljónir mælieiningar."

(2) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi texti:

„9 (a) „Mælieiningin", sem getið er um í 1. mgr. þessarar greinar, er sérstök dráttarréttindi eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skilgreinir þau. Upphæðum þeim sem nefndar eru í 1. mgr. skal breyta í gjaldmiðil þess ríkis þar sem sjóðurinn er stofnaður á grundvelli verðmætis þess gjaldmiðils með tilvísun til hinna sérstöku dráttarréttinda þann dag sem sjóðurinn var stofnaður. Umreikningur á ríkisgjaldmiðli samningsríkis, sem einnig er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, í sérstök dráttarréttindi skal fara fram í samræmi við þá matsaðferð sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn beitir og er í gildi umræddan dag fyrir rekstur hans og viðskipti. Verðmæti ríkisgjaldmiðils samningsríkis sem ekki er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum skal varðandi sérstöku dráttarréttindin reiknað á þann hátt sem það ríki ákveður.

PROTOCOL
to the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969

The Parties to the Present Protocol

Being Parties to the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, done at Brussels on 29 November 1969:

Have agreed as follows:

Article I

For the purpose of the present Protocol:

1. "Convention" means the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969.

2. "Organization" has the same meaning as in the Convention.

3. "Secretary-General" means the Secretary-General of the Organization.

Article II

Article V of the Convention is amended as follows:

(1) Paragraph 1 is replaced by the following text:

"The owner of a ship shall be entitled to limit his liability under this Convention in respect of any one incident to an aggregate amount of 133 units of account for each ton of the ship's tonnage. However, this aggregate amount shall not in any event exceed 14 million units of account."

(2) Paragraph 9 is replaced by the following text:

9(a) The "unit of account" referred to in paragraph 1 of this Article is the Special Drawing Right as defined by the International Monetary Fund. The amounts mentioned in paragraph 1 shall be converted into the national currency of the State in which the fund is being constituted on the basis of the value of that currency by reference to the Special Drawing Right on the date of the constitution of the fund. The value of the national currency, in terms of the Special Drawing Right, of a Contracting State which is a member of the International Monetary Fund, shall be calculated in accordance with the method of valuation applied by the International Monetary Fund in effect at the date in question for its operations and transactions. The value of the national currency, in terms of the Special Drawing Right, of a Contracting State which is not a member of the International Monetary Fund, shall be calculated in a manner determined by that State.

9 (b) Nú er samningsríki ekki aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og lög þess heimila ekki að ákvæðum 9. mgr. (a) sé beitt og skal því samt sem áður heimilt við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að samningi þessum eða hvenær sem er eftir það að lýsa því yfir að takmörk þeirrar ábyrgðar, sem kveðið er á um í 1. mgr. að beitt sé á yfirráðasvæði þess, skuli varðandi hvern einstakan atburð vera samtals 2000 gjaldeyriseiningar fyrir hverja rúmlest af rúmlestatölu skipsins að því tilskildu að þessi heildartala verði ekki meiri en 210 milljónir gjaldeyriseininga. Gjaldeyriseiningin sem getið er í málsgrein þessari samsvarar sextíu og fimm og hálfu milligrammi gulls sem er að 900/1000 hlutum skírt gull. Umreikningur þessara magntalna í gjaldmiðil hvers ríkis skal gerður samkvæmt lögum þess ríkis sem hlut á að máli.

9 (c) Útreikningar sem minnst er á í síðustu setningu 9. mgr. (a), og umreikningurinn sem minnst er á í 9. mgr. (b), skulu gerðir þannig að þeir sýni í gjaldmiðli samningsríkis eftir því sem hægt er það sama raunverulega verðgildi upphæðanna í 1. mgr. og sýnt er þar í mælieiningum. Samningsríki skulu tjá vörsluaðila hvernig útreikningar fara fram í samræmi við 9. mgr. (a) eða niðurstöður umreikningsins í 9. mgr. (b) eftir því sem við á þegar skjal sem vísað er til í 4. gr. er afhent til varðveislu og hvenær sem breyting verður á annarri hvorri þeirra."

3. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu hvers þess ríkis sem hefur undirritað samninginn eða gerst aðili að honum og af hálfu hvers þess ríkis sem boðið hefur verið að sækja ráðstefnu til að endurskoða mælieiningarákvæði alþjóðasamningsins um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 1969, sem haldin var í Lundúnum 17. til 19. nóvember 1976. Bókunin skal liggja frammi til undirritunar frá 1. febrúar 1977 til 31. desember 1977 í aðalbækistöðvum Stofnunarinnar.

2. Bókun þessi skal háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þeirra ríkja sem hafa undirritað hana, sbr. þó 4. mgr.

3. Ríkjum sem ekki hafa undirritað bókunina er heimilt að gerast aðilar að henni, sbr. þó 4. mgr.

4. Ríkjum sem aðilar eru að samningnum er heimilt að fullgilda, staðfesta eða samþykkja bókun þessa eða gerast aðilar að henni.

9(b) Nevertheless, a Contracting State which is not a member of the International Monetary Fund and whose law does not permit the application of the provisions of paragraph 9(a) of this Article may, at the time of ratification, acceptance, approval or accession to the present Convention, or at any time thereafter, declare that the limits of liability provided for in paragraph 1 to be applied in its territory shall, in respect of any one incident, be an aggregate of 2,000 monetary units for each ton of the ship's tonnage provided that this aggregate amount shall not in any event exceed 210 million monetary units. The monetary unit referred to in this paragraph corresponds to sixty-five and a half milligrammes of gold of millesimal fineness nine hundred. The conversion of these amounts into the national currency shall be made according to the law of the State concerned.

(c) The calculation mentioned in the last sentence of paragraph 9(a) and the conversion mentioned in paragraph 9(b) shall be made in such a manner as to express in the national currency of the Contracting State as far as possible the same real value for the amounts in paragraph 1 as is expressed there in units of account. Contracting States shall communicate to the depositary the same manner of calculation pursuant to paragraph 9(a), or the result of the conversion in paragraph 9(b) as the case may be, when depositing an instrument referred to in Article IV and whenever there is a change in either.

Article III

1. The present Protocol shall be open for signature by any State which has signed the Convention or acceded thereto and by any State invited to attend the Conference to Revise the Unit of Account Provisions of the Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969, held in London from 17 to 19 November 1976. The Protocol shall be open for signature from 1 February 1977 to 31 December 1977 at the Headquarters of the Organization.

2. Subject to paragraph 4 of this Article, the present Protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval by the States which have signed it.

3. Subject to paragraph 4 of this Article, this Protocol shall be open for accession by States which did not sign it.

4. The present Protocol may be ratified, accepted, approved or acceded to by States Parties to the Convention.

4. gr.

1. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal fara fram með því að afhenda aðalritara formlegt skjal þess efnis til varðveislu.

2. Hvert það fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjal, sem afhent er eftir að breyting á bókun þessari tekur gildi að því er varðar alla aðila sem fyrir eru ellegar eftir að lokið er öllum ráðstöfunum sem gera þarf vegna gildistöku breytingarinnar að því er varðar alla aðila sem fyrir eru, skal teljast gilda um bókunina með áorðinni breytingu.

5. gr.

1. Bókun þessi skal taka gildi gagnvart ríkjum sem hafa fullgilt, staðfest eða samþykkt hana eða gerst aðilar að henni á nítugasta degi frá þeim degi er átta ríki, þar á meðal fimm ríki með eigi minna en 1.000.000 brúttórúmlestir olíuflutningaskipa hvert, hafa afhent aðalritara fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjöl til varðveislu.

2. Fyrir hvert það ríki sem síðar fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókun þessa eða gerist aðili að henni skal hún taka gildi á nítugasta degi eftir að það afhendir viðeigandi skjal til varðveislu.

6. gr.

1. Þessari bókun getur sérhver aðili sagt upp hvenær sem er eftir þann dag er hún gengur í gildi fyrir viðkomandi aðila.

2. Uppsögn skal tilkynnt með því að afhenda aðalritara skjal þess efnis til varðveislu.

3. Uppsögn skal taka gildi einu ári, eða eftir slíkan tíma lengri sem tiltekinn kann að vera í uppsagnarskjalinu, eftir að hún er afhent aðalritara til varðveislu.

7. gr.

1. Stofnunin má boða til ráðstefnu í þeim tilgangi að endurskoða eða breyta bókun þessari.

2. Stofnunin skal boða til ráðstefnu aðila að þessari bókun í því skyni að endurskoða eða breyta henni ef þess er beiðst af eigi færri en einum þriðja hluta aðila.

8. gr.

1. Bókun þessi skal fengin aðalritara til varðveislu.

Article IV

1. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of a formal instrument to that effect with the Secretary-General.

2. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the entry into force of an amendment to the present Protocol with respect to all existing Parties or after the completion of all measures required for the entry into force of the amendment with respect to all existing Parties, shall be deemed to apply to the Protocol as modified by the amendment.

Article V

1. The present Protocol shall enter into force for the States which have ratified, accepted, approved or acceded to it on the ninetieth day following the date on which eight States including five States each with not less than 1,000,000 gross tons of tanker tonnage have deposited instruments of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General.

2. For each State which subsequently ratifies, accepts, approves or accedes to it, the present Protocol shall enter into force on the ninetieth day after the deposit by such State of the appropriate instrument.

Article VI

1. The present Protocol may be denounced by any Party at any time after the date on which the Protocol enters into force for that Party.

2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

3. Denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after its deposit with the Secretary-General.

Article VII

1. A Conference for the purpose of revising or amending the present Protocol may be convened by the Organization.

2. The Organization shall convene a Conference of Parties to the present Protocol for the purposes of revising or amending it at the request of not less than one-third of the Parties.

Article VIII

1. The present Protocol shall be deposited with the Secretary-General.

2. Aðalritari skal:

(a) tilkynna öllum ríkjum, sem undirritað hafa bókun þessa eða gerst aðilar að henni, um:

(i) hverja nýja undirritun eða afhendingu skjals ásamt dagsetningu hennar,

(ii) gildistökudag þessar bókunar,

(iii) afhendingu sérhvers skjals um uppsögn þessarar bókunar ásamt dagsetningu er uppsögnin gengur í gildi,

(iv) sérhverjar breytingar á bókun þessari,

(b) senda öllum ríkjum sem undirritað hafa bókun þessa eða gerst aðilar að henni staðfest rétt eftirrit af henni.

9. gr.

Jafnskjótt og bókun þessi gengur í gildi skal aðalritari senda staðfest rétt eftirrit til skrifstofu Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

10. gr.

Þessi bókun er gerð í einu eintaki á ensku og frönsku og eru báðir textar jafngildir. Lögmætar þýðingar á rússnesku og spænsku skulu gerðar og varðveittar með hinu undirritaða frumriti.

Gjört í Lundúnum 19. nóvember 1976.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Fylgiskjal 2.

BÓKUN

við alþjóðasamning um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, 1971

Aðilar að bókun þessari,

sem hafa íhugað alþjóðasamning um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar sem gerður var í Brussel 18. desember 1971,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Í þessari bókun:

1. merkir „samningur" alþjóðasamning um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, 1971.

2. The Secretary-General shall:

(a) inform all States which have signed the present Protocol or acceded thereto of:

(i) each new signature or deposit of an instrument together with the date thereof;

(ii) the date of entry into force of the present Protocol;

(iii) the deposit of any instrument of denunciation of the present Protocol together with the date on which the denunciation takes effect;

(iv) any amendments to the present Protocol;

(b) transmit certified true copies of the present Protocol to all States which have signed the present Protocol or acceded thereto.

Article IX

As soon as the present Protocol enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Secretary-General to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article X

The present Protocol is established in a single original in the English and French languages, both texts being equally authentic. Official translations in the Russian and Spanish languages shall be prepared and deposited with the signed original.

Done at London this nineteenth day of November one thousand nine hundred and seventy-six.

In witness whereof the undersigned being duly authorized for that purpose have signed the present Protocol.

PROTOCOL

to the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1971

The Parties to the present Protocol,

Having considered the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, done at Brussels on 18 December 1971;

Have agreed as follows:

Article I

For the purpose of the present Protocol:

1. "Convention" means the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1971.

2. hefur „ábyrgðarsamningur" sömu merkingu og í samningnum.
3. hefur „Stofnunin" sömu merkingu og í samningnum.
4. merkir „aðalritari" aðalritara Stofnunarinnar.

2. gr.

Í stað 4. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi texti:

„Mælieining" eða „gjaldeyriseining" merkir mælieiningu eða gjaldeyriseiningu eftir því sem við á og vísað er til í 5. gr. ábyrgðarsamningsins eins og honum var breytt með bókun við hann sem samþykkt var 19. nóvember 1976.

3. gr.

Þær magntölur sem getið er um í samningnum skulu hvar sem þær koma fyrir breytast sem hér segir:

(a) Í 4. gr.:
(i) í stað „450 milljónir franka" kemur „30 milljónir mælieininga eða 450 milljónir gjaldeyriseininga",
(ii) í stað „900 milljónir franka" kemur „60 milljónir mælieininga eða 900 milljónir gjaldeyriseininga".

(b) Í 5. gr.:
(i) í stað „1.500 frankar" kemur „100 mælieiningar eða 1.500 gjaldeyriseiningar",
(ii) í stað „125 milljónir franka" kemur „8.333.000 mælieiningar eða 125 milljónir gjaldeyriseininga",
(iii) í stað „2.000 franka" kemur „133 mælieiningar eða 2.000 gjaldeyriseiningar",
(iv) í stað „210 milljónir franka" kemur „14 milljónir mælieininga eða 210 milljónir gjaldeyriseininga".

(c) Í 11. gr., í stað „75 milljónir franka" kemur „5 milljónir mælieininga eða 75 milljónir gjaldeyriseininga".

(d) Í 12. gr., í stað „15 milljónir franka" kemur „1 milljón mælieininga eða 15 milljónir gjaldeyriseininga".

4. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu hvers þess ríkis sem hefur undirritað samninginn eða gerst aðili að honum og af hálfu hvers þess ríkis sem boðið hefur verið að sækja ráðstefnu til að endurskoða mælieiningarákvæði alþjóðasamningsins um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, 1971, sem haldin var í Lundúnum 17. til 19. nóvember 1976. Bókunin skal liggja frammi til undirritunar frá 1. febrúar 1977 til 31. desember 1977 í aðalbækistöðvum Stofnunarinnar.

2. "Liability Convention" has the same meaning as in the Convention.
3. "Organization" has the same meaning as in the Convention.
4. „Secretary-General" means the Secretary-General of the Organization.

Article II

Article 1, paragraph 4 of the Convention is replaced by the following text:

"Unit of Account" or "Monetary Unit" means the unit of account or monetary unit as the case may be, referred to in Article V of the Liability Convention, as amended by the Protocol thereto adopted on 19 November 1976.

Article III

The amounts referred to in the Convention shall wherever they appear be amended as follows:

(a) Article 4:
(i) "450 million francs" is replaced by "30 million units of account or 450 million monetary units";
(ii) "900 million francs" is replaced by "60 million units of account or 900 million monetary units".

(b) In Article 5:
(i) "1,500 francs" is replaced by "100 units of account or 1,500 monetary units";
(ii) "125 million francs" is replaced by "8,333,000 units of account or 125 million monetary units";
(iii) "2,000 francs" is replaced by "14 million units of account or 210 million monetary units";
(iv) "210 million francs" is replaced by "14 million units of account or 210 million monetary units".

(c) In Article 11, "75 million francs" is replaced by "5 million units of account or 75 million monetary units".

(d) In Article 12, "15 million francs" is replaced by "1 million units of account or 15 million monetary units".

Article IV

1. The present Protocol shall be open for signature by any State which has signed the Convention or acceded thereto and by any State invited to attend the Conference to Revise the Unit of Account Provisions in the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1971, held in London from 17 to 19 November 1976. The Protocol shall be open for signature from 1 February 1977 to 31 December 1977 at the Headquarters of the Organization.

2. Bókun þessi skal háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þeirra ríkja sem hafa undirritað hana, sbr. þó 4. mgr.

3. Ríkjum sem ekki hafa undirritað bókunina er heimilt að gerast aðilar að henni, sbr. þó 4. mgr.

4. Ríkjum sem aðilar eru að samningnum er heimilt að fullgilda, staðfesta eða samþykkja bókun þessa eða gerast aðilar að henni.

5. gr.

1. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal fara fram með því að afhenda aðalritara formlegt skjal þess efnis til varðveislu.

2. Hvert það fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjal, sem afhent er eftir að breyting á bókun þessari tekur gildi að því er varðar alla aðila sem fyrir eru ellegar eftir að lokið er öllum ráðstöfunum sem gera þarf vegna gildistöku breytingarinnar að því er varðar alla aðila sem fyrir eru, skal teljast gilda um bókunina með áorðinni breytingu.

6. gr.

Bókun þessi skal taka gildi gagnvart ríkjum sem hafa fullgilt, staðfest eða samþykkt hana eða gerst aðilar að henni á nítugasta degi frá þeim degi er eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

(a) eigi færri en átta ríki hafa afhent aðalritara fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjöl til varðveislu og

(b) aðalritari hefur fengið upplýsingar í samræmi við 39. gr. samningsins um að þeir aðilar í þeim ríkjum sem yrði skylt að greiða framlög skv. 10. gr. samningsins hafi á almanaksárinu næst á undan tekið á móti heildarmagni sem nemur að minnsta kosti 750 milljónum tonna gjaldskyldrar olíu.

2. Bókun þessi skal þó ekki öðlast gildi áður en samningurinn hefur gengið í gildi.

3. Fyrir hvert það ríki sem síðar fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókun þessa eða gerist aðili að henni skal hún taka gildi á nítugasta degi eftir að það afhendir viðeigandi skjal til varðveislu.

7. gr.

1. Þessari bókun getur sérhver aðili sagt upp hvenær sem er eftir þann dag er hún gengur í gildi fyrir viðkomandi aðila.

2. Uppsögn skal tilkynnt með því að afhenda aðalritara skjal þess efnis til varðveislu.

2. Subject to paragraph 4 of this Article, the present Protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval by States which have signed it.

3. Subject to paragraph 4 of this Article, this Protocol shall be open for accession by States which did not sign it.

4. The present Protocol may be ratified, accepted, approved or acceded to by States Parties to the Convention.

Article V

1. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of a formal instrument to that effect with the Secretary-General.

2. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the entry into force of an amendment to the present Protocol with respect to all existing Parties or after the completion of all measures required for the entry into force of the amendment with respect to all existing Parties shall be deemed to apply to the Protocol as modified by the amendment.

Article VI

1. The present Protocol shall enter into force for the States which have ratified, accepted, approved or acceded to it on the ninetieth day following the date on which the following requirements are fulfilled:

(a) at least eight States have deposited instruments of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General, and

(b) the Secretary-General has received information in accordance with Article 39 of the Convention that those persons in such States who would be liable to contribute pursuant to Article 10 of the Convention have received during the preceding calendar year a total quantity of at least 750 million tons of contributing oil.

2. However, the present Protocol shall not enter into force before the Convention has entered into force.

3. For each State which subsequently ratifies, accepts, approves or accedes to it, the present Protocol shall enter into force on the ninetieth day after deposit by such State of the appropriate instrument.

Article VII

1. The present Protocol may be denounced by any Party at any time after the date on which the Protocol enters into force for that Party.

2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument with the Secretary-General.

3. Uppsögn skal taka gildi einu ári, eða eftir slíkan tíma lengri sem tiltekinn kann að vera í uppsagnarskjalinu, eftir að hún er afhent aðalritara til varðveislu.

8. gr.

1. Stofnunin má boða til ráðstefnu í þeim tilgangi að endurskoða eða breyta bókun þessari.

2. Stofnunin skal boða til ráðstefnu aðila að þessari bókun í því skyni að endurskoða eða breyta henni ef þess er beiðst af eigi færri en einum þriðja hluta aðila.

9. gr.

1. Bókun þessi skal fengin aðalritara til varðveislu.

2. Aðalritari skal:

(a) tilkynna öllum ríkjum sem undirritað hafa bókun þessa eða gerst aðilar að henni um:

(i) hverja nýja undirritun eða afhendingu skjals ásamt dagsetningu hennar,

(ii) gildistökudag þessarar bókunar,

(iii) afhendingu sérhvers skjals um uppsögn þessarar bókunar ásamt dagsetningu er uppsögnin gengur í gildi,

(iv) sérhverjar breytingar á bókun þessari,

(b) senda öllum ríkjum sem undirritað hafa bókun þessa eða gerst aðilar að henni staðfest rétt eftirrit af henni.

10. gr.

Jafnskjótt og bókun þessi gengur í gildi skal aðalritari senda staðfest rétt eftirrit til skrifstofu Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

11. gr.

Þessi bókun er gerð í einu eintaki á ensku og frönsku og eru báðir textar jafngildir. Skrifstofa Stofnunarinnar skal annast lögmætar þýðingar á rússnesku og spænsku og skulu þær varðveittar með hinu undirritaða frumriti.

Gjört í Lundúnum 19. nóvember 1976.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

3. Denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after its deposit with the Secretary-General.

Article VIII

1. A conference for the purpose of revising or amending the present Protocol may be convened by the Organization.

2. The Organization shall convene a Conference of Parties to the present Protocol for the purpose of revising or amending it at the request of not less than one-third of the Parties.

Article IX

1. The present Protocol shall be deposited with the Secretary-General.

2. The Secretary-General shall:

(a) inform all States which have signed the present Protocol of:

(i) each new signature or deposit of an instrument together with the date thereof;

(ii) the date of entry into force of the present Protocol;

(iii) the deposit of any instrument of denunciation of the present Protocol together with the date on which the denunciation takes effect;

(iv) any amendments to the present Protocol;

(b) transmit certified true copies of the present Protocol to all States which have signed the present Protocol or acceded thereto.

Article X

As soon as the present Protocol enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Secretary-General to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article XI

The present Protocol is established in a single original in the English and French languages, both texts being equally authentic. Official translations in the Russian and Spanish languages shall be prepared and deposited with the signed original.

Done at London this nineteenth day of November one thousand nine hundred and seventy-six.

In witness whereof the undersigned being duly authorized for that purpose have signed the present Protocol.

167. Tillaga til þingsályktunar [150. mál]

um fullgildingu breytingar á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd breytingu á Montreal-bókun frá 16. september 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins er gerð var í Kaupmannahöfn 25. nóvember 1992, sbr. Vínarsamning frá 22. mars 1985 um vernd ósonlagsins.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ísland gerðist árið 1989 aðili að Vínarsamningi frá 22. mars 1985 um vernd ósonlagsins og að bókun við samninginn frá 16. september 1987, Montrealbókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1989. Alþingi hafði með ályktun 18. maí 1989 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn og bókunina. Hinn 16. júní 1993 var breyting á Montrealbókuninni frá 29. júní 1990 fullgilt fyrir Íslands hönd samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 21. apríl 1993.

Á fjórða fundi aðila að Montrealbókuninni í Kaupmannahöfn 25. nóvember 1992 var samþykkt breyting á bókuninni. Breytingin öðlast gildi 1. janúar 1994 hafi tuttugu samningsaðilar staðfest hana. Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu breytingarinnar af Íslands hálfu. Hún er birt sem fylgiskjal 1 með þingsályktunartillögu þessari.

Helstu atriði breytingarinnar eru þessi:

1. Ákvæði eru sett um takmörkun á notkun og framleiðslu vetnisklórflúorkolefna á skrá bókunarinnar (flokkur I, viðauki C). Efni þessi voru áður skráð en án tímatakmarkana. Ákvæðin miða að því að minnka notkun þessara efna í áföngum fram til ársins 2030, en þá skal notkun þeirra hætt.

2. Vetnisbrómflúorkolefnum er bætt á skrá bókunarinnar (flokkur II, Viðauki C). Notkun og framleiðsla þessara efna skal hætt frá og með 1. janúar 1996.

3. Efninu metýlbrómíð er bætt á skrá bókunarinnar (Viðauki E). Frá og með 1. janúar 1995 skal notkun og framleiðsla þessa efnis ekki fara fram úr neyslu- og framleiðslumagni ársins 1991.

Á Kaupmannahafnarfundinum voru einnig samþykktar lagfæringar á ákvæðum Montrealbókunarinnar. Lagfæringarnar öðluðust gildi 22. september 1993 í samræmi við 2. gr. bókunarinnar. Þær eru birtar sem fylgiskjöl 2 og 3 með þingsályktunartillögu þessari. Samkvæmt þeim eru hert ákvæði um notkun og framleiðslu þeirra efna sem þegar eru á skrá bókunarinnar.

Meginatriði lagfæringanna eru þessi:

1. Draga skal úr notkun og framleiðslu klórflúorkolefna í flokki I í viðauka A um 75%

fyrir 1. janúar 1994, miðað við notkun og framleiðslu árið 1986, og hætta skal notkun og framleiðslu þessara efna fyrir 1. janúar 1996.

2. Hætta skal notkun og framleiðslu halóna í flokki II í viðauka A fyrir 1. janúar 1994.

3. Draga skal úr notkun og framleiðslu klórflúorkolefna í flokki I í viðauka B um 20% fyrir 1. janúar 1993 og 75% fyrir 1. janúar 1994, miðað við notkun og framleiðslu árið 1989, og hætta skal notkun og framleiðslu þessara efna fyrir 1. janúar 1996.

4. Draga skal úr notkun og framleiðslu koltetraklóríða í flokki II í viðauka B um 85% fyrir 1. janúar 1995, miðað við notkun og framleiðslu árið 1989, og hætta skal notkun og framleiðslu þessara efna fyrir 1. janúar 1996.

5. Notkun og framleiðsla á efninu 1,1,1-tríklóretan í flokki III í Viðauka B skal frá og með 1. janúar 1993 ekki fara fram úr notkun og framleiðslu ársins 1989. Minnka skal notkun og framleiðslu þessa efnis um 50% fyrir 1. janúar 1994, miðað við notkun og framleiðslu ársins 1989. Notkun og framleiðsla þessa efnis skal hætt frá og með 1. janúar 1996.

Árið 1992 hafði notkun klórflúorkolefna hér á landi minnkað um tæp 70% og halóna um 80% miðað við notkun árið 1986. Notkun koltetraklóríðs, 1,1,1-tríklóretans og vetnisbrómflúorkolefna er lítil hér á landi. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum eru ekki vandkvæði á því að finna önnur efni sem komið geta í þeirra stað. Efnið metýlbrómíð er ekki notað hér á landi. Vetnisklórflúorkolefni eru hins vegar töluvert notuð hér á landi, enda hafa þau til bráðabirgða leyst af hólmi klórflúorkolefni sem hafa margfalt skaðlegri áhrif á ósonlagið. Draga skal úr notkun þessara efna í áföngum fram til ársins 2030, en þá skal notkun þeirra hætt. Notkun þeirra skal þó að mestu hætt fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að á þeim tíma muni stór hluti þess tækjabúnaðar sem notar þessi efni úreldast.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 12. maí 1992 var samþykkt að stefna að því að Ísland fylgi áætlunum þeirra þjóða sem ganga hvað lengst í að draga úr notkun ósoneyðandi efna. Haft hefur verið náið samráð við hagsmunaaðila hérlendis um að draga enn frekar úr notkun ósoneyðandi efna í samræmi við þá áætlun sem samþykkt var á Kaupmannahafnarfundinum. Framkvæmd þessarar áætlunar felur ekki í sér neina fyrirsjáanlega örðugleika. Þess ber að geta að ákvæði bókunarinnar taka aðeins til notkunar nýrra efna, þannig að áfram er heimilt að nota endurnýtt og endurunnin efni. Þá gekk í gildi 1. ágúst 1993 reglugerð um varnir gegn mengun af völdum klórflúorkolefna og halóna sem sett var samkvæmt heimild í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr. lög nr. 51/1993.

Íslenskur iðnaður mun hafa einhvern tíma til að laga starfsemi sína að öðrum efnum og/eða nýrri tækni. Jafnframt mun mikið af þeim búnaði sem er í notkun og krefst notkunar þessara efna úreldast á því tímabili sem nýja áætlunin tekur til. Einnig er komin, eða eru að koma á markaðinn, ný efni sem geta gegnt sama hlutverki en hafa ekki ósoneyðandi áhrif.

Með þingsályktunartillögu þessari birtust þrjú fylgiskjöl. Á fskj. 1 var breyting á Montreal-bókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, á fskj. 2 voru lagfæringar á greinum 2A og 2B í Montreal-bókuninni og á fskj. 3 voru lagfæringar á greinum 2C, 2D og 2E í Montreal-bókuninni. Um þessi fylgiskjöl vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Breytingar þessar og lagfæringar verða enn fremur prentaðar í C-deild Stjórnartíðinda.

168. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um flutning verkefna frá stjórnsýslustofnunum ríkisins í Reykjavík til sýslumannsembættanna.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er undirbúi flutning verkefna frá stjórnsýslustofnunum ríkisins í Reykjavík til sýslumannsembættanna á landsbyggðinni og stefna þannig að því að gera embættin að almennum umboðsstofnunum fyrir svæðisbundna stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins í héraði.

Greinargerð.

Komið hafa fram hugmyndir um að fækka sýslumannsembættum og endurskoða staðsetningu þeirra í landinu. Mikilvægt er að ekki verði dregið úr þjónustu við fólkið á landsbyggðinni. Því telja flutningsmenn það forgangsmál að sýslumannsembættin á landsbyggðinni verði efld með flutningi nýrra verkefna til þeirra frá stjórnsýslustöðvum ríkisins í Reykjavík. Það mundi án efa styrkja búsetu og lífskjör á landsbyggðinni. Hlutverk nefndarinnar yrði því m.a. að gera tillögur um flutning ákveðinna verkefna.

Telja má víst að slíkar ráðstafanir feli einnig í sér sparnað og hagræðingu fyrir ríkissjóð og styrki um leið þjónustu ríkisins við fólkið í landinu.

Í skýrslu, sem stjórnskipuð nefnd um flutning ríkisstofnana út á land skilaði sl. sumar, er fjallað m.a. um nauðsyn þess að efla sýslumannsembættin sem stjórnsýslumiðstöð í héraði. Þar segir m.a.:

„Á löngum ferli sýslumannsembætta hefur skipan þeirra og hlutverk tekið margvíslegum breytingum í tímans rás, eftir því sem efni og aðstæður hafa krafist. Síðast kom til grundvallarbreyting með aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Það hefur skapað ný viðhorf í stjórnsýslu. Fyrri skipan var hemill á eðlilega þróun. Dómsvald í héraði var veikt vegna sambýlis við umboðsvaldið og það leiddi til að minni umboðsstörf voru fengin sýslumönnum í hendur en efni stóðu til. Nú er hins vegar brautin rudd svo að efla megi stjórnsýslu ríkisins í héraði með því að fela sýslumönnum aukin umboðsstörf frá því sem verið hefur.

Verkefni sýslumanna greinast annars vegar í lögreglustjórn, ásamt öðrum störfum við að halda uppi lögum og rétti, og hins vegar í almenn umboðsstörf. Þannig hafa sýslumenn með höndum innheimtu á tekjum ríkissjóðs að því leyti sem hún er ekki falin sameiginlegum gjaldheimtum. Þeir fara og með tollstjórn, hver í sínu umdæmi utan Reykjavíkur, og umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins og umsjón sjúkratrygginga. Á sama hátt mælir ekkert gegn því að sýslumenn geti haft umboð fyrir aðrar ríkisstofnanir eftir því sem nauðsyn krefur til að koma á betri þjónustu og nánari samskiptum en verið hefur við fólkið úti á landi.

Í þessum tilgangi má gera sýslumannsembættin að almennum umboðsstofnunum fyrir svæðisbundna stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins í héraði. Þannig gætu stofnanir ríkisins haft aðgang að sýslumönnum með framkvæmd sinna verkefna. Allt færi þetta samt eftir atvikum. Ríkisstofnanir eru eins mismunandi og þær eru margar. Sumar stofnanir kæmu ekki hér til greina, svo sem þar sem fyrir væri að fara sérstökum umboðsstjórnkerfum, eins og í heilbrigðis- og menntamálum. Stofnanir, sem varða eiginlega stjórnsýslu, kæmu hér til, fremur en þær sem fjölluðu um rannsóknir, ráðgjöf og áætlanagerð. Sömuleiðis væri hér frekar um að ræða stofnanir sem veita einstaklingsbundna þjónustu og útheimta tíð samskipti við þegnana heldur en þær stofnanir sem hafa fremur samskipti stórum og sjaldan við einstaka stjórnsýsluaðila, samtök og fyrirtæki. Allt kemur þetta til skoðunar.

Þessi nýja skipan væri rakin leið til að stuðla að jöfnuði á aðstöðu þegnanna til að njóta þeirrar þjónustu sem ríkisvaldið lætur í té. Verkefni hinna almennu umboðsstofnana yrðu ekki síst fólgin í að miðla upplýsingum, veita fyrirgreiðslu, hafa á hendi afgreiðslu tiltekinna málaflokka og sinna svæðisbundnum viðfangsefnum fyrir hinar einstöku ríkisstofnanir. Ef til vill gætu slík viðfangsefni verið leyst af hendi að meira eða minna leyti með samræmingu og hagræðingu á öðrum störfum á sýsluskrifstofum, svo að hvorki kæmi til aukinn mannafli né húsnæði. Þar sem þetta kæmi ekki til gætu aukin umsvif, svo sem í sérhæfðum mannafla og tilheyrandi aðstöðu, haft í för með sér umtalsverðan kostnað. Er þá eðlilegt að hann sé greiddur af þeim stofnunum sem góðs njóta af, hliðstætt því sem gerist um önnur umboðsstörf sem sýslumenn fara nú með. Í þeim tilfellum þar sem stofnanir hafa sértekjur hljóta að gilda sömu reglur um útselda þjónustu, hvort heldur er í höfuðstöðvum eða hjá almennum umboðsstofnunum. En höfuðmáli skiptir að hin nýja skipan felur í sér hagkvæma og sveigjanlega aðferð til úrlausnar, eftir því sem efni og ástæður standa til hjá hverri stofnun. Um framkvæmd alla verður svo að mæla fyrir með almennri lagaheimild og reglugerðum, eftir því sem við á.

Hér er ekki einungis um að ræða að flytja verkefni til umboðsvaldsins í héraði frá stofnunum ríkisins, heldur einnig frá sjálfum ráðuneytunum. Þar kæmu ekki síst til greina leyfisveitingar ýmiss konar, úrskurðarvald í vissum málum, margháttuð eftirlitsstörf og annað sem varðar eiginlega stjórnsýslu og betur á heima hjá svæðisbundnu umboðsvaldi í héraði en í miðstýringu stjórnarráðsins.

Þessi skipan breytir engu um stöðuheiti og hlutverk sýslumanns við lögreglustjórn og meðferð skyldra mála. Sýslumenn heyra stjórnsýslulega undir dómsmálaráðherra, en lúta öðrum ráðherrum að því leyti sem þeir fara með mál sem ekki heyra undir dómsmálaráðherra.“

169. Fyrirspurn [152. mál]

til utanríkisráðherra um ávinning sjávarútvegs af GATT-samkomulagi.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hver yrði helsti ávinningur íslensks sjávarútvegs af fyrirhuguðu GATT-samkomulagi?

170. Fyrirspurn [153. mál]

til utanríkisráðherra um ávinning iðnaðarins af GATT-samkomulagi.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hver yrði helsti ávinningur íslensks iðnaðar af fyrirhuguðu GATT-samkomulagi?

171. Breytingartillaga [105. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við 3. gr. 02-982 Listir, framlög.	Þús. kr.
Fyrir „8.900“ kemur	3.600

172. Fyrirspurn [154. mál]

til forsætisráðherra um afmæli heimastjórnar og fullveldis Íslands.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvernig hyggjast stjórnvöld, skólakerfið og ríkisfjölmiðlar minnast þess að

a. 1. desember nk. verða 75 ár liðin frá því að Ísland varð fullvalda ríki,
b. 1. febrúar nk. verða 90 ár liðin frá því að Íslendingar fengu heimastjórn og Stjórnarráð Íslands var stofnað?

173. Frumvarp til laga [155. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er heimilt að greiða mánaðarkaupsmönnum, að fengnu samþykki þeirra, orlofslaun á sama tíma og reglubundnar launagreiðslur fara fram. Þá getur launþegi ákveðið að orlofslaun hans verði greidd jafnharðan á sérstakan orlofsreikning launþega hjá banka eða sparisjóði, enda sé tryggt að sá aðili, sem tekur að sér vörslu orlofslauna, geri upp áunnin orlofslaun, þ.e. höfuðstól og vexti, við launþega við upphaf orlofstöku.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1994.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting á ákvæði 7. gr. laganna að launþegi geti sjálfur ákveðið hvar og hvernig hann geymir orlofsfé sitt. Hann getur valið milli þess að geyma það í því fyrirtæki sem hann starfar hjá eða ávaxta það hjá þeim banka eða sparisjóði sem hann kýs. Eina skilyrðið í tillögugreininni er að bankinn eða sparisjóðurinn tryggi að áunnin orlofslaun verði gerð upp við upphaf orlofstöku.

Lagt er til að lagabreytingin öðlist gildi við upphaf næsta orlofsárs.

174. Frumvarp til laga [156. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Eggert Haukdal.

1. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir, enda hafi meiri hluti atkvæðisbærra íbúa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögð er til sú grundvallarbreyting á núgildandi ákvæðum 1. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga að meiri hluti þeirra sem afstöðu taka ráði niðurstöðu í almennri atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélags við annað eða önnur sveitarfélög. Samkvæmt tillögugreininni hafa þeir kjósendur ekki áhrif á úrslit í atkvæðagreiðslu sem koma ekki á kjörstað. Þeir sem skila auðu eða ógilda atkvæði sitt hafa ekki heldur áhrif á úrslitin að öðru leyti en því að þeir gætu tryggt nægilega þátttöku í atkvæðagreiðslunni með atkvæði sínu.

Ákvæði núgildandi laga eru þannig að meiri hluti kjósenda á kjörskrá þarf að greiða atkvæði gegn tillögu um sameiningu til þess að hún teljist felld. Þar með er í raun fyrir fram ákveðið að þeir kjósendur styðji sameiningu sem ekki koma á kjörstað og enn fremur að kjósendur, sem koma og greiða atkvæði en gera ógilt atkvæði sitt eða skila auðu, séu stuðningsmenn fyrirliggjandi tillögu.

Kjósendur, sem taka þátt í atkvæðagreiðslu en skila auðu atkvæði eða ógilda það, láta með því aðra ráða úrslitum, en núgildandi ákvæði 109. gr. virða þá afstöðu að vettugi.

Þessi ákvæði laganna brjóta gegn viðurkenndum sjónarmiðum um lýðræðislega afgreiðslu máls. Nægir að nefna ákvæði kosningalaga og laga um þingsköp því til stuðnings og enn fremur 51. gr. sveitarstjórnarlaganna sjálfra, en þar er kveðið á um að afl atkvæða ráði úrslitum. Í skýringum með 51. gr. kemur fram að hjáseta í atkvæðagreiðslu telst þátttaka þar sem afstaða er tekin, þ.e. sú afstaða að láta aðra ráða niðurstöðunni.

Almenna reglan er sú að þeir kjósendur einir, sem koma til atkvæðagreiðslu, hafa tekið afstöðu. Hinir, sem ekki taka þátt í atkvæðagreiðslunni, hafa ekki áhrif á niðurstöðuna þar sem þeir hafa ekki tekið afstöðu. Ákvæði 1. mgr. 109. gr. brjóta þessa meginreglu og í raun gera þeim upp ákveðna afstöðu sem engan þátt tók í atkvæðagreiðslunni. Slík lagasetning er fullkomlega út í hött og engan veginn samboðin lýðræðisríki.

Þessir annmarkar á 1. mgr. 109 gr. eru svo alvarlegir að óhjákvæmilegt er að breyta greininni.

Ákvæði tillögugreinarinnar um lágmarksþátttöku í atkvæðagreiðslunni er hins vegar í fullu samræmi við skilyrði þingskapalaga og 51. gr. sveitarstjórnarlaga fyrir afgreiðslu máls og þarfnast ekki frekari skýringar.

Frumvarpið var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Hins vegar hefur í raun verið fallist á meginefni frumvarpsins með efnisatriði bráðabirgðaákvæðis sem samþykkt var við lögin í maí sl., en sú breyting gildir einungis um kosningar sem fram fara í vetur að tillögu svonefndra umdæmanefnda. Þykir flutningsmönnum rétt að Alþingi stígi skrefið til fulls og lögfesti ákvæði frumvarpsins þannig að sama regla gildi um allar kosningar um sameiningu sveitarfélaga.

175. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um hvatningu til erlendrar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi.

Flm.: Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta kanna forsendur fyrir og undirbúa löggjöf um hvatningu til erlendrar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi.

Greinargerð.

Stöðnun og samdráttur hefur ríkt í atvinnustarfsemi okkar um árabil. Hefur þessa gætt í nær öllum mælikvörðum á afkomu þjóðarbúsins allt frá 1987 og eru orsakir nokkrar.

Ein orsökin er versnandi afkoma þorskstofnsins sem er helsti og verðmætasti nytjastofn okkar í hafinu. Það hefur aftur leitt til minnkandi umsvifa í sjávarútvegi, einkum bolfiskveiðum og vinnslu.

Önnur orsök er breytt stefna í landbúnaði með viðmiðun beingreiðslna fyrir framleiðslu við innlendan markað sem leitt hefur til minni umsvifa við framleiðslu mjólkurafurða og sauðfjárafurða.

Enn má nefna breytingar á mörkuðum Vesturlanda fyrir iðnvarning af ýmsum orsökum, svo sem:

— samdrætti í neyslu og almennri efnahagsstarfsemi,
— auknu framboði málma frá Rússlandi og af birgðum Sovétríkjanna fyrrverandi,
— framboði iðnaðarvöru af varnarbirgðum Vesturlanda sjálfra, t.d. Bandaríkjanna, sem á síðustu árum hafa verulega dregið saman varnarviðbúnað sinn,

en þær breytingar hafa m.a. leitt til minni umsvifa stóriðjufyrirtækja sem hér starfa.

Ein afleiðing stöðnunar og samdráttar er stórum minni fjárfestingar í atvinnulífi, einkum í nýrri atvinnustarfsemi. Ástæða þess er að við þessar aðstæður beinir atvinnulífið sjálft öllum mætti sínum, fjárfestingargetu og þrótti að hagræðingu til að ná sem bestri afkomu við þrengri skilyrði en áður.

Væntingar um vaxtarsprota í atvinnulífi með fjárfestingum okkar í mannvirkjum og starfsemi í nýjum atvinnugreinum hafa brugðist hingað til, a.m.k. í þeim mikla mæli sem væntingar stóðu til, svo sem í loðdýraeldi og fiskeldi.

Vonir um miklar fjárfestingar í orkufrekri og mannfrekri starfsemi með byggingu nýrra virkjana og stóriðjuvera hafa einnig brugðist hingað til.

Eftir því sem liðið hefur á þetta stöðnunar- og samdráttarskeið hefur komið æ betur í ljós að mjög skortir fjölbreytni í atvinnulíf okkar og enn fremur að fábreytni virðist hafa ríkt hvað varðar ráðstafanir þeirra stjórnvalda til úrbóta sem virtust álíta í sínum verkahring að standa beinlínis fyrir nýsköpun og beinni uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi í þjóðfélaginu. Fjölbreytni atvinnulífs er efnahagsstyrkur til langframa, en hún er komin undir hugkvæmni athafnamanna og fyrirtækja á hverjum tíma. Hlutverk stjórnvalda og sveitarstjórna er ekki að standa fyrir nýsköpun né uppbyggingu atvinnustarfsemi heldur að búa atvinnuvegum okkar og fyrirtækjum almenn starfsskilyrði sem standast samjöfnuð við skilyrði keppinauta þeirra erlendis og hvetja til þróunarstarfs, nýsköpunar og fjárfestingar í uppbyggingu aukinnar starfsemi á grundvelli arðsvonar. Verkefni ríkisvaldsins er löggjöf og framkvæmd hennar ásamt almennum aðgerðum í efnahagskerfinu, svo og samningar við önnur ríki og framkvæmd þeirra. Annað verkefni ríkisvaldsins, einkum við þær aðstæður sem nú ríkja, er að skapa með almennum aðgerðum skilyrði sem hvetja til aukinnar fjárfestingar í atvinnulífi okkar, af hálfu erlendra aðila jafnt sem innlendra.

Flestar þjóðir leggja nokkuð á sig, og sumar mikið, til að laða til sín fjármagn og erlenda fjárfesta til að auka umsvif í efnahagslífinu og ná þannig aukinni fjölbreytni og fjölga atvinnutækifærum. Í raun stendur hörð samkeppni milli þjóða á þessu sviði en þar stöndum við Íslendingar ekki framarlega.

Aukin áhersla á að kynna erlendum fjárfestum tiltekna kosti Íslands, svo sem óvirkjaða orku og nú síðast frísvæði á Suðurnesjum sem enn er á undirbúningsstigi, hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að fleiri fjárfestar en þessir kostir henta geta haft vænleg áhrif á framþróun atvinnulífs okkar og fýsilegt sé að laða þá hingað. Þar er fyrst og fremst átt við aukna fjölbreytni almennt og í iðnaðarstarfsemi sérstaklega, fleiri stoðir atvinnulífs og gjaldeyrisöflunar og meiri fjölbreytni atvinnutækifæra. Í þeim tilvikum þar sem hvorki henta kostir mikillar orkunotkunar né kostir staðsetningar á frísvæði sýnist mér skorta á að við bjóðum almenn skilyrði sem gera erlendum aðilum fýsilegt að hefja starfsemi á Íslandi.

Þau skilyrði, sem einkum kunna að koma til álita, munu vera á sviði skatt- og tollheimtu, t.d. má nefna heimildir til að færa arð til heimalands fjárfesta. Enn fremur á sviði ákvæða um fjárfestingar og um fjármögnun. Það er skoðun flutningsmanns að kanna þurfi rækilega hvernig beita megi slíkum aðgerðum þannig að ekki raskist núverandi jafnræði í starfsskilyrðum atvinnuvega okkar en þær verði erlendum fjárfestum hvatning til að fjárfesta í atvinnustarfsemi á Íslandi.

176. Frumvarp til laga [158. mál]

um sérstaka fjáröflun til varna gegn ofanflóðum og um breytingu á kostnaðarhlut sveitarfélaga.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Þuríður Backman,
Steingrímur J. Sigfússon.

I. KAFLI

Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985.

1. gr.

Á eftir 2. tölul. 10. gr. laganna kemur nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi: Sérstakt framlag frá Viðlagatryggingu Íslands skv. 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/1992.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 11. gr. laganna:

a. Í stað „⅘“ í 2. og 3. tölul. kemur: ⁹⁄₁₀.
b. Á eftir 3. tölul. koma þrír nýir töluliðir er orðast svo:
   4. Greiða má allt að ⁹⁄₁₀ hlutum af kostnaði við viðhald á varnarvirkjum.
   5. Greiða má kostnað við rannsóknir sem miða að því að bæta hönnun og auka nýtingu varnarvirkja.
   6. Greiða má kostnað við sérstök verkefni við snjóflóðaeftirlit.

II. KAFLI

Lög um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

3. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: Árin 1994–1998 skal innheimt árlega sérstakt iðgjald af munum tryggðum skv. 1.–3. tölul. Skal það vera 10% álag á iðgjöldin og renna í ofanflóðasjóð. Um innheimtu sérstaks iðgjalds fer skv. 3.–5. mgr.

III. KAFLI

Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt, að fenginni tillögu Almannavarna ríkisins, að láta 2. gr. laga þessara gilda um framkvæmdir sem staðfestingu hlutu fyrir gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi. Það varð ekki útrætt en hlaut almennt góðar undirtektir hjá umsagnaraðilum. 2. gr. frumvarpsins hefur verið breytt til samræmis við ábendingar frá Veðurstofu Íslands.

Tilgangur frumvarpsins er þríþættur. Í fyrsta lagi er lagt til að aukinn verði hlutur svonefnds ofanflóðasjóðs í kostnaði við varnarvirki gegn snjóflóðum og skriðuföllum úr 80% í 90%. Í öðru lagi er opnað fyrir þann möguleika að sjóðurinn taki þátt í kostnaði við viðhald varnarvirkja og í þriðja lagi er gerð tillaga um að styrkja fjárhagslega stöðu sjóðsins með því að innheimta næstu fimm ár sérstakt iðgjald af munum sem tryggðir eru skv. 5. og 6. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Sögulegt yfirlit.

Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum voru sett árið 1985. Með þeim var stigið stórt skref til að vinna að því að verja byggð gegn ofanföllum, en svo nefnast snjóflóð og skriðuföll einu nafni. Sveitarfélögum var gert að hafa frumkvæði að varnargerð, Almannavörnum ríkisins var falið að annast hættumat, ákveðin var kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélaga og stofnaður var sérstakur sjóður, ofanflóðasjóður, til þess að standa undir hlut ríkisins og honum markaðir tekjustofnar.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað við gerð hættumats og allt að ⅘ hlutum af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki og sama hlutfall af kostnaði við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu. Sveitarfélögin greiða það sem eftir stendur eða 20% kostnaðar.

Tekjustofnar ofanflóðasjóðs eru 5% af árlegum heildariðgjöldum Viðlagatryggingar Íslands, framlög úr ríkissjóði og aðrar tekjur, svo sem vaxtatekjur.

Komið að framkvæmdum.

Frá því að lögin voru sett hefur markvisst verið unnið að því að skapa forsendur fyrir vörnum gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Gerð hafa verið hæðarlínukort fyrir þá þéttbýlisstaði sem gætu hugsanlega orðið fyrir ofanföllum. Enn fremur var gert reiknilíkan til að gera hættumat og koma því í tölvuvætt form og úttekt hefur farið fram á snjóflóðasögu allra staðanna.

Á grundvelli framangreindrar vinnu hefur verið unnið að hættumati fyrir snjóflóðabyggðirnar, en það er forsenda þess að hægt sé að hefja gerð varnarvirkja.

Verkinu hefur miðað vel áfram og nú liggur fyrir hættumat á átta þéttbýliskjörnum í sjö sveitarfélögum, en talið er að meta þurfi hættu í fimm sveitarfélögum til viðbótar.

Samþykktar hafa verið tillögur um varnarvirki á tveimur stöðum, á Flateyri þar sem framkvæmdir eru þegar hafnar og um fyrsta áfanga að vörnum á Seyðisfirði, og nú er unnið að tillögugerð á fleiri stöðum, svo sem Ísafirði, Neskaupstað og Siglufirði. Segja má að málið sé komið af undirbúningsstigi og framkvæmdatímabilið sé hafið og muni standa yfir næstu árin.

Kostnaður við framkvæmdir og fjárhagur sjóðsins.

Allt bendir til þess að kostnaður verði allmikill við varnirnar og mun meiri en núverandi tekjur sjóðsins standa undir og jafnframt að mörgum sveitarfélaganna muni reynast örðugt og jafnvel ókleift að standa undir hlut sínum af kostnaði.

Fyrir liggur að kostnaður á Flateyri er rúmar 54 millj. kr., kostnaður við fyrsta áfanga á Seyðisfirði er áætlaður rúmar 41 millj. kr., en það eru aðeins um 20% af varnaþörf staðarins og á Ísafirði er nú talið að nauðsynlegt varnarvirki í Hnífsdal kosti 60–70 millj. kr. Þá er fyrirsjáanlegt að kostnaður verður mikill í Neskaupstað og á Súðavík.

Heildarfjárþörf vegna framkvæmda á öllum stöðunum liggur ekki fyrir en ljóst er að um háar fjárhæðir er að ræða og nauðsynlegt að afla aukinna tekna til þess að standa undir framkvæmdum. Er lagt til að aflað verði tekna með sérstöku iðgjaldi skv. 3. gr. frumvarpsins næstu fimm ár, en að því tímabili loknu munu væntanlega liggja fyrir nokkuð endanlegar tölur um heildarkostnað og þá verður unnt að endurmeta fjárþörf og tekjustofna til ofanflóðasjóðs.

Ofanflóðasjóður.

Um síðustu áramót voru um 111 millj. kr. í ofanflóðasjóði og árlegar tekjur hans frá Viðlagatryggingu Íslands nema um 23–24 millj. kr., auk framlags úr ríkissjóði og vaxtatekna af eignum. Þær framkvæmdir, sem þegar hafa verið samþykktar á Flateyri og Seyðisfirði, munu fara langt með að tæma sjóðinn og er því þörf á frekari tekjum ef framkvæmdir eiga að verða samfelldar. Hið sérstaka iðgjald, sem lagt er til að tekið verði upp, mun samkvæmt áætlun skila um 45 millj. kr. árlega eða samtals um 220 millj. kr. á næstu fimm árum. Að mati flutningsmanna ætti það að nægja til þess að standa undir tillögum um aukinn kostnaðarhlut ofanflóðasjóðs og auk þess styrkja stöðu sjóðsins til að standa undir 80% kostnaðarins sem nú er hlutur hans samkvæmt lögum. Engu að síður má ætla að ríkissjóður þurfi að auka framlög sín á þessu árabili, en hann hefur lagt fram um 6 millj. kr. árlega.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að styrkja fjárhagslega stöðu ofanflóðasjóðs er lagt til að í sjóðinn renni næstu fimm árin sérstakt iðgjald frá Viðlagatryggingu Íslands.

Um 2. gr.

Samkvæmt tillögugreininni hækkar kostnaðarhlutur ofanflóðasjóðs úr 80 í 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir varnarvirkja og enn fremur kostnaði við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði til rannsókna.

Lagt er til að bætt verði í lögin ákvæði sem heimilar ofanflóðasjóði að greiða kostnað vegna viðhalds varnarvirkja allt að 90%.

Nauðsynlegt er að bæta í lögin ákvæði sem heimilar ofanflóðasjóði að kosta rannsóknir á gerð varnarvirkja og hugsanlegri virkni þeirra við mismunandi aðstæður. Slíkar rannsóknir gætu sparað ofanflóðasjóði og sveitarfélögum landsins töluverðar fjárhæðir.

Þá er lagt til að heimilt verði að kosta sérstök verkefni við snjóflóðaeftirlit. Meðan nauðsynleg varnarvirki eru ekki fyrir hendi getur reynst nauðsynlegt að efla snjóaathuganir þar sem fylgst verður með snjóalögum og leitast við að spá fyrir um snjóflóð og þannig reynt eftir mætti að koma í veg fyrir slys af þeirra völdum.

Um 3. gr.

Lagt er til að lagt verði á og innheimt verði sérstakt iðgjald næstu fimm árin, 1994–1998, er verði 10% af iðgjaldi muna, tryggðra skv. 1.–3. tölul. 11. gr. laganna, og renni það í ofanflóðasjóð. Þeir munir, sem um ræðir, eru eignir sem skylt er að vátryggja skv. 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna og munir sem vátryggðir eru skv. 6. gr. Enn fremur er lagt til að sjóðnum verði heimilt að greiða hlut í viðhaldi varnarvirkja allt að 90%.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er lagt til að félagsmálaráðherra geti, að fenginni tillögu Almannavarna ríkisins, beitt 2. gr. frumvarpsins, þ.e. hækkað kostnaðarhlut ofanflóðasjóðs úr 80% í 90% af þeim framkvæmdum sem staðfestingu hafa hlotið fyrir gildistöku laga þessara. Ætlunin er að ákvæðinu verði einkum beitt í kostnaðarsömum verkefnum, svo sem á Flateyri og Seyðisfirði.

Fylgiskjal I.

Almannavarnir ríkisins:

Minnisblað.

(9. desember 1992.)

Hættumati vegna snjóflóða er lokið á eftirtöldum stöðum: Patreksfirði, Flateyri, Ísafirði (og Hnífsdal), Súðavík, Siglufirði, Seyðisfirði og Neskaupstað. Álitið er að rétt sé að hættumeta einnig Ólafsvík, Tálknafjörð, Bíldudal, Súgandafjörð og Ólafsfjörð.

Gert er ráð fyrir að ofangreindir staðir verði endurmetnir með hliðsjón af nýju reiknilíkani sem verið er að ljúka við og byggir á betri eðlisfræðilegum grunni en það líkan sem notað hefur verið. Verða þeir staðir, sem enn eru ómetnir, látnir bíða eftir því.

Búið er að byggja fyrsta hluta varnarvirkja á Flateyri og stefnt að því að halda áfram með verkið og ljúka því á næsta sumri. Á Ísafirði er verið að vinna að tillögum um varnarleiðir, aðallega vegna Hnífdals.

Búið er að samþykkja tillögur bæjarstjórnar Seyðisfjarðar um fyrsta áfanga að vörnum þar og er verið að vinna að málinu af hálfu bæjarstjórnar.

Önnur sveitarfélög hafa ekki lagt fram tillögur að vörnum, en samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum fara þau með frumkvæði í þeim málum.

Guðjón Petersen.

Fylgiskjal II.

Ofanflóðasjóður.

Rekstraryfirlit 1992: *1990*	*1992*	*1991*
Tekjur:		
Framlag frá Viðlagatryggingu	23.609.000	20.768.000
Framlag ríkissjóðs	6.400.000	6.380.000
Vaxtatekjur	8.185.773	8.518.312
Samtals	**38.194.773**	**35.666.312**
27.030.334		
Gjöld:		
Úthlutun bóta	12.386.305	503.000
6.000.000		
Rannsóknir	6.992.857	4.585.702
5.889.507		
Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga	1.448.314	4.742.274
3.349.918		
Samtals	**20.827.476**	**19.830.976**
Tekjuafgangur	**17.367.297**	**15.896.900**

Efnahagsyfirlit 31. desember 1992: *1990*	*1992*	*1991*
Eignir:		
Bankainnstæða	5.355.378	6.009.612
4.870.858		
Ríkisvíxlar	0	35.955.126
39.778.075		
Landsbankavíxlar	82.962.205	30.445.3420
Inneign hjá Viðlagatryggingu	23.609.000	20.768.000
19.063.000		
Eignir samtals	**111.926.583**	**93.178.080**
63.711.933		
Skuldir og eigið fé:		
Skuldir:		
Fyrir fram innborgaðir vextir	507.754	574.863
1.686.326		
Eigið fé:		
Frá fyrra ári	92.603.218	62.025.607
46.884.780		
Tekjuafgangur ársins	17.367.297	15.896.900
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	1.448.314	4.742.274
3.349.918		
Samtals	**111.418.829**	**92.603.217**
62.025.607		
Skuldir og eigið fé samtals	**111.926.583**	**93.178.080**
63.711.933		

Frumvarpinu fylgdu fjögur fylgiskjöl.

Á fskj. III voru birt lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, sjá bls. 49–51 í A-deild Stjtíð. 1985, og á fskj. IV birtust 5., 6. og 11. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, sjá bls. 142–147 í A-deild Stjtíð. 1992.

177. Fyrirspurn [159. mál]

til fjármálaráðherra um atvinnuleysi í röðum opinberra starfsmanna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu mörgum opinberum starfsmönnum hefur verið sagt upp störfum það sem af er árinu 1993 og hvernig skiptast þeir eftir kynjum:
   a. félagar í BSRB,
   b. félagar í BHMR,
   c. félagar í öðrum stéttarfélögum?
2. Hjá hvaða ríkisstofnunum hafa uppsagnir átt sér stað og hvers vegna?
3. Hversu margir fyrrverandi opinberir starfsmenn hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá ríkinu á þessu ári?
4. Hversu mikið fé hefur ríkið greitt fyrrverandi starfsmönnum sínum í atvinnuleysisbætur það sem af er árinu?

Skriflegt svar óskast.

178. Fyrirspurn [160. mál]

til félagsmálaráðherra um húsbréfakerfið.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hver eru þau afföll sem seljendur húsbréfa hafa orðið fyrir frá því húsbréfakerfið tók til starfa?

179. Fyrirspurn [161. mál]

til fjármálaráðherra um biðlaun opinberra starfsmanna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margir fyrrverandi opinberir starfsmenn hafa fengið greidd biðlaun það sem af er árinu:
   a. konur,
   b. karlar?
2. Hve mikið fé hafa ríkissjóður og ríkisstofnanir greitt í biðlaun það sem af er árinu og hver eru meðalbiðlaun?
3. Hjá hvaða ríkisstofnunum hafa verið greidd biðlaun það sem af er árinu og hverjar eru orsakir þess í einstökum tilfellum?

Skriflegt svar óskast.

180. Fyrirspurn [162. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu á skemmtunum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hversu mikill var endurgreiddur kostnaður við löggæslu á skemmtistað samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga nr. 56/1972 og reglugerðar nr. 587/1987 árið 1992 og það sem af er þessu ári, sundurliðað eftir lögregluumdæmum og árum?
2. Hve mikið þurfti að auka löggæslu á hátíðinni „Halló Akureyri“ annars vegar og skemmtun ÚÍA að Eiðum hins vegar sem haldnar voru um síðustu verslunarmannahelgi? Hver var kostnaður ríkissjóðs af aukinni löggæslu, hver var áætlaður fjöldi gesta og hver var endurgreiddur kostnaður í hvoru tilviki fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

181. Fyrirspurn [163. mál]

til dómsmálaráðherra um samræmda framkvæmd á ákvæðum reglugerðar um löggæslu á skemmtunum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hverjar eru tillögur starfshóps sem ráðherra skipaði í upphafi árs til þess að semja nýjar reglur um greiðslu kostnaðar við löggæslu á skemmtunum, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn á þskj. 463 á 116. löggjafarþingi?
2. Hvenær verður þessum tillögum starfshópsins eða öðrum, sem tryggja eiga samræmda framkvæmd um land allt, hrint í framkvæmd?

Skriflegt svar óskast.

182. Fyrirspurn [164. mál]

til félagsmálaráðherra um verkefni reynslusveitarfélaga.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvers vegna eru málefni fatlaðra, rekstur heilsugæslustöðva og öldrunarþjónusta meðal þeirra verkefna sem fela á svonefndum reynslusveitarfélögum þegar fyrir liggur sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að þessi sömu verkefni eiga að færast til sveitarfélaga sem fyrst eða á næstu tveimur til þremur árum?

Greinargerð.

Fyrir liggur sú afstaða að sveitarfélögin séu ekki fær um að taka við ofangreindum verkefnum að óbreyttu og samþykkt ríkisstjórnarinnar byggist á því að úrslit kosninganna 20. nóvember nk. feli í sér „eflingu sveitarstjórnarstigsins og stækkun sveitarfélaga“.

Eftir þessa stefnumörkun ríkisstjórnarinnar verður vart séð að ástæða sé til þess að fela fáeinum sveitarfélögum umrædd verkefni um fjögurra ára skeið, 1995–98, í tilraunaskyni.

Skriflegt svar óskast.

183. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um fréttaflutning og upplýsingaskyldu um slysfarir og harmraunir fólks.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að móta starfsreglur um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. og 116. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd.

Tilgangur þessarar tillögu er að koma á fót samráðsvettvangi þeirra aðila og stofnana sem næst koma upplýsingamiðlun af slysförum og harmraunum fólks. Mikilvægt er að samræmdar viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar geti ríkt við slíkar aðstæður er taki mið af mannhelgi, virðingu og hluttekningu en um leið af nauðsynlegri upplýsingaskyldu svo að ekki verði vegið að fjölmiðlafrelsi í landinu.

Fréttaflutningur af slysförum og harmraunum fólks er vandmeðfarið og viðkvæmt mál. Íslenskir fjölmiðlar hafa í áranna rás leitast við að fjalla um slík mál af tillitssemi og varkárni. Þó má greina þá þróun að ágengni fjölmiðla gagnvart einstaklingum, sem hlut eiga að máli, björgunarsveitum að störfum og öðrum viðkomandi aðilum verði æ meiri og óvægnari. Aukin samkeppni fjölmiðla um fréttaöflun af atburðum og málavöxtum getur orðið til þess að misbjóða mannvirðingu og siðrænum gildum. Hér er hvorki verið að leggja til lagasetningu né opinbera reglugerð heldur að þeir aðilar og stofnanir, sem nærri aðstæðum koma, geti sameinast um samræmdar starfsreglur. Þá er einnig mikilvægt að greina betur upplýsingaskyldu viðkomandi stofnana, samtaka og starfsstétta gagnvart fjölmiðlum.

Í tillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra sjái um skipan slíkrar nefndar er lagt gæti grundvöll að samráðsvettvangi og styrkt og eflt gagnkvæman trúnað og skilning viðkomandi aðila og stofnana. Í starfi nefndarinnar er eðlilegt að hafa náið samráð m.a. við eftirtalda aðila: Slysavarna- og björgunarsveitir, Blaðamannafélag Íslands, Félag fréttamanna, Prestafélag Íslands, Lögreglufélag Íslands, Rannsóknastofnun Háskólans í siðfræði, Samtökin um sorg og sorgarviðbrögð, Læknafélag Íslands og barnaverndarráð.

184. Fyrirspurn [166. mál]

til menntamálaráðherra um framtíðarskipulag á Laugarvatni.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hafa samningar tekist milli menntamálaráðuneytis og héraðsnefndar Árnessýslu um framtíðarskipan mála að Laugarvatni hvað varðar verkaskiptingu ríkis og sveitarfélagsins?
2. Ef svo er, hvernig hljóða þeir samningar?
3. Ef svo er ekki, hvenær má vænta þess að frá þessum samningum verði gengið?

185. Fyrirspurn [167. mál]

til heilbrigðisráðherra um framkvæmd mats vegna umönnunarbóta.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig er varið framkvæmd mats vegna greiðslu umönnunarbóta og umönnunarstyrks eftir að ákvæði um greiðslu þessara bóta voru tekin upp í lög um almannatryggingar?
2. Eru matsreglur samræmdar þannig að ekki sé um misræmi að ræða í greiðslum vegna sömu eða svipaðra aðstæðna?
3. Eru dæmi þess að bótagreiðslur til foreldra hafi lækkað vegna sömu eða svipaðra sjúkdómstilfella eða fötlunar barna eftir að ákvæði um þessar bótagreiðslur var fellt inn í lög um almannatryggingar?

186. Fyrirspurn [168. mál]

til heilbrigðisráðherra um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraða.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig eru greiðslur úr Framkvæmdasjóði aldraða vegna einstakra læknisaðgerða ákveðnar?
2. Hvaða sjúkrastofnanir hafa fengið slíkar greiðslur 1992 og 1993? Hversu háar voru greiðslurnar, sundurliðaðar á hvort ár og stofnun?
3. Hver var aldur þeirra sjúklinga sem hér um ræðir:
   a. meðalaldur,
   b. lægsti aldur?

187. Fyrirspurn [169. mál]

til viðskiptaráðherra um sölu ríkisins á verðbréfum og spariskírteinum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hverju nam heildarsala ríkisins á verðbréfum og spariskírteinum föstudaginn 29. október sl.?
2. Hver ber ábyrgð á því að viðskipti voru leyfð þennan dag?
3. Hvert má ætla að yrði söluverð sömu bréfa ef ríkisstjórnin nær markmiðum sínum í vaxtamálum? Hve háar fjárhæðir verður ríkissjóður að greiða í vexti umfram það sem orðið hefði ef bréfin hefðu selst á lægri vöxtum í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar, þ.e. 5%?
4. Voru bankar eða opinberir sjóðir í hópi kaupenda þennan föstudag og ef svo er, hve mikið keyptu þeir?

188. Fyrirspurn [170. mál]

til forsætisráðherra um einkavæðingu embættis húsameistara ríkisins.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hyggst ríkisstjórnin einkavæða embætti húsameistara ríkisins?

189. Fyrirspurn [171. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um laun lækna á sjúkrahúsum.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

1. Í hve miklum mæli eru læknar á tvöföldum launum við vinnu sína á sjúkrahúsum?
2. Hyggst ráðherra breyta reglum um tvöfaldar launagreiðslur (ferliverkefni)?

190. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um auðlindakönnun í öllum landshlutum.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma auðlindakönnun í öllum landshlutum er taki til allra þeirra þátta er kunna að nýtast til atvinnusköpunar í þágu kvenna jafnt sem karla. Verði könnunin unnin í samstarfi við sérfræðinga, sveitarstjórnir og heimamenn þannig að tryggja megi sem bestan árangur.

Greinargerð.

Flest bendir til þess að atvinnuleysi sé orðið varanlegt hér á landi þótt það sé enn mun minna en víðast hvar í Evrópu. Greining á þeim sem atvinnulausir eru sýnir að atvinnuleysið nær til æ fleiri starfshópa þótt það sé enn mest meðal ófaglærðs verkafólks. Sú staðreynd hve atvinnuleysis gætir víða í starfsgreinum bendir til þess að almennt sé of mikið framboð á vinnuafli miðað við almennt atvinnuástand þótt það sé reyndar misjafnt eftir landshlutum. Margt veldur því að atvinnuleysi eykst, svo sem almennur samdráttur í þjóðfélaginu, minnkandi afli, erfiðleikar og gjaldþrot fjölda fyrirtækja. Þar við bætist sú staðreynd að samhliða samdrættinum fer vinna minnkandi í samfélagi okkar eins og annars staðar vegna tæknibreytinga sem leiða af sér að færri hendur þarf til að vinna verkin. Hér á landi sjást áhrif tækniþróunar í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði auk þess sem tölvuvæðing fyrirtækja er farin að skila sér í minni þörf fyrir vinnuafl. Stjórnvöld og atvinnulífið hafa ekki brugðist við þessum breytingum með auknum framlögum til rannsókna, tilrauna og raunhæfra kannana á þeim möguleikum sem hér er að finna til atvinnusköpunar.

Úti í Evrópu er atvinnuleysið orðið hluti af hagstjórn og stjórnvöld virðast sætta sig við það, trú þeirri hugsjón að markaðurinn eigi að jafna framboð og eftirspurn eftir vinnuafli. Umræður síðustu ára, kröfur verkalýðshreyfingarinnar og aðgerðir stjórnvalda, jafnt hjá ríki sem sveitarfélögum, sýna að hér á landi vilja fæstir sætta sig við varanlegt atvinnuleysi. Gripið hefur verið til átaksverkefna af ýmsu tagi en þau eru tímabundin lausn. Hér þarf stefnumörkun og aðgerðir sem leiða til varanlegs árangurs í atvinnumálum.

Stjórnvöld hafa mjög einblínt á stóriðju sem allsherjarlausn og varið miklum tíma og fé til að lokka stórfyrirtæki hingað til lands án árangurs. Öðrum atvinnugreinum hefur lítt verið sinnt og afleiðingin er sú að þeirri spurningu er ósvarað hvaða vinnu það unga fólk, sem stöðugt streymir út á vinnumarkaðinn, eigi að sinna, hvað þá þeir sem missa vinnuna. Hér er ekkert það til sem kalla má atvinnustefnu.

Út um allt land hefur fólk verið að leita fyrir sér með ýmiss konar framleiðslu, einkum konur, enda atvinnuleysi meira í þeirra röðum en meðal karla. Allt gott er um slíkt frumkvæði að segja, en veita þarf meiri stuðning og ráðgjöf. Það má hins vegar ljóst vera að framtak kvennanna dugar hvergi nærri, ekki síst ef horft er til framtíðar. Því þarf að kanna til hlítar alla möguleika til atvinnusköpunar, safna saman þeim hugmyndum og könnunum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, draga fram það sem nýtilegt er og ýta undir frumkvæði fólks um allt land sem oft þekkir best möguleika síns héraðs. Hér þarf að fara fram allsherjarauðlindakönnun sem síðan verði fylgt eftir með áætlunum, ábendingum og opinberum stuðningi. Við slíka auðlindakönnun í allra víðasta skilningi þess orðs þarf ekki síst að huga að atvinnumöguleikum kvenna í ljósi þess að samdrátturinn og atvinnuleysið bitnar harðast á þeim greinum þar sem konur eru fjölmennar.

Möguleikarnir eru margir. Við þurfum fyrst að spyrja hvernig við getum nýtt betur það sem við eigum og vinnum við í hefðbundnum atvinnugreinum. Ferðaþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein á undanförnum árum. Þar er mikið verk að vinna í skipulagningu og þjónustu við ferðamenn, einkum í byggð og á sögustöðum, auk þess sem kanna þarf nýja möguleika. Minjagripagerð, ullarvinnsla í hágæðaflokki, heilsulindir, ylrækt, ný skoðun á nýtingu orkulinda, smáiðnaður, athugun á nýtingu jarðefna til efnavinnslu, fullnýting sjávarafla, ónýtt sjávarfang, fiskeldi, samvinna við aðrar þjóðir o.s.frv. Allt kemur þetta til greina við athugun á nýjungum í atvinnulífinu. Tækifærin eru mörg ef menn ganga til verks með opnum huga og með það að leiðarljósi að margt smátt gerir eitt stórt. Það má minna á að í Evrópu og Bandaríkjunum hefur verið mestur vöxtur í smáfyrirtækjum þar sem einstaklingar eða samvinnuhópar eru að vinna úr hugmyndum sínum, framleiða varning eða bjóða upp á einhvers konar þjónustu. Fjölbreytnin er hinn mikli kostur.

Öldum saman hefur sjávarútvegurinn staðið undir þörfum okkar fyrir þær lífsnauðsynjar sem við höfum þurft að kaupa af öðrum þjóðum, svo og þeim munaði sem við höfum leyft okkur. Við höfum alltaf getað mætt auknum kröfum með því að sækja meiri fisk í sjávardjúpin. Nú erum við komin að ystu mörkum. Við höfum gengið á höfuðstólinn, auðlindir okkar standa ekki lengur undir sívaxandi kröfum til lífsins. Tími er kominn til að hægja á ferðinni og hugsa sinn gang, enda nauðsynlegt vegna framtíðarinnar. Eigi okkur að takast að halda uppi fullri atvinnu, mannsæmandi launum og jöfnuði þegnanna verður eitthvað nýtt að koma til. Þessi tillaga er til þess flutt að menn hefjist handa þegar í stað, kanni alla hugsanlega möguleika til atvinnusköpunar, komi hugmyndum á framfæri, raði í forgangsröð og ýti undir frumkvæði, jafnt ríkisvalds og sveitarfélaga sem samtaka, fyrirtækja og einstaklinga. Það má engan tíma missa, nú verður að virkja hugvitið.

191. Frumvarp til laga [173. mál]

um stofnun hlutafélags um Þvottahús Ríkisspítalanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti Þvottahús Ríkisspítalanna hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að leggja Þvottahús Ríkisspítalanna, þ.e. þvottahúsið sjálft ásamt öllu fylgifé þess, til hins nýja hlutafélags.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins. Nefnd, sem ráðherra skipar, skal meta eignir og skuldir þvottahússins. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags.

2. gr.

Tilgangur félagsins skal vera að reka þvottahús sem skiptist a.m.k. í þvottadeild og saumastofu í samræmi við samþykktir félagsins.

Þvottadeild skal sjá um þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítala og aðra þá aðila sem um slíka þjónustu semja við félagið. Saumastofa skal sjá um viðgerð, merkingu og endurnýjun á líni sem notað er á Ríkisspítölum og hjá öðrum þeim aðilum sem um þá þjónustu semja við félagið. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

3. gr.

Ríkisspítalar eru eigendur allra hlutabréfa í félaginu við stofnun þess. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með eignarhlut Ríkisspítala í félaginu. Honum er heimilt að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Þvottahúss Ríkisspítalanna skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

5. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundinum.

6. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum. Að öðru leyti greiðir félagið opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þvottahús Ríkisspítalanna hf. yfirtekur eignir og rekstur Þvottahúss Ríkisspítalanna miðað við 1. janúar 1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 116. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frumvarpið er því lagt fram að nýju óbreytt.

Þvottahús Ríkisspítalanna hefur verið starfrækt um árabil. Þvottahúsið skiptist í þvottadeild og saumastofu. Þvottadeildin annast þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítalana, Borgarspítalann og fleiri stofnanir. Árið 1990 voru 1.225 tonn af þvotti þvegin í þvottahúsinu og tekjur liðlega 111 m.kr.

Þvottahús Ríkisspítalanna er til húsa að Tunguhálsi 2, Reykjavík. Hluti hússins var byggður 1967 og er hann notaður af þvottahúsinu. Stærð húshlutans er 2.162 m^2. Brunabótamat húshlutans er 165 m.kr., fasteignamat er 48,6 m.kr. og áætlað söluverð 88 m.kr. Yngri hluti hússins var byggður 1975 og er hann að mestu notaður af birgðastöð og sótthreinsunardeild. Stærð yngri hlutans er 1.505 m^2. Brunabótamat þess húshluta er 105 m.kr., fasteignamat 50,5 m.kr. Ekki liggur fyrir mat á tækjum þvottahússins. Sum eru ný en önnur allt að 25 ára gömul. Lauslega má áætla að verð tækja sé um 100 m.kr.

Ákveðið hefur verið að breyta þvottahúsi Ríkisspítalanna í hlutafélag með það fyrir augum að efla starfsemi þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni falið að stofna hlutafélag um rekstur Þvottahúss Ríkisspítalanna. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilað að leggja hinu nýja hlutafélagi til Þvottahús Ríkisspítalanna, þ.e. þvottahúsið sjálft ásamt öllu fylgifé þess.

Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, enda lúta Ríkisspítalar yfirstjórn hans. Nefnd, sem ráðherra skipar, skal meta eignir og skuldir Þvottahússins. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags.

Um 2. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur og gert ráð fyrir að Þvottahúsið skiptist a.m.k. í tvær deildir eins og nú er, þ.e. þvottadeild og saumastofu. Gert er ráð fyrir að þvottadeild sjái um þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítala og aðra aðila sem við er samið. Saumastofa sjái um viðgerð, merkingu og endurnýjun á líni sem notað er á Ríkisspítölum og hjá öðrum sem semja um þessa þjónustu við félagið. Þá er gert ráð fyrir að nánar megi kveða á um hlutverk félagsins í samþykktum þess og að samþykktum megi breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að Ríkisspítalar skuli eiga öll hlutabréf félagsins við stofnun þess. Er það undantekning frá almennum reglum hlutafélagalaga sem gera ráð fyrir a.m.k. tveimur eigendum hlutafjár í hlutafélagi, sbr. og 5. gr. frumvarpsins. Heilbrigðisráðherra skal fara með eignarhlut Ríkisspítalanna í félaginu og er honum heimilað að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra. Gert er ráð fyrir að yrðu hlutabréf seld í félaginu mundu tekjur af slíkri sölu renna beint til Ríkisspítalanna.

Um 4. gr.

Greininni er ætlað að tryggja fastráðnum starfsmönnum Þvottahúss Ríkisspítalanna rétt til sömu starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir gegndu áður hjá Þvottahúsinu. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 þykja því ekki eiga við. Sambærileg ákvæði um réttindi starfsmanna hafa áður verið sett í lög er ríkisfyrirtækjum hefur verið breytt í hlutafélög, sbr. t.d. lög nr. 45/1989, um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

Í október 1992 starfa 55 manns hjá Þvottahúsi og saumadeild Ríkisspítalanna. Í 32,3 stöðugildum eru 41 einstaklingur í Verkakvennafélaginu Sókn og í 14 stöðugildum eru 14 einstaklingar í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Þeir starfsmenn Þvottahúss Ríkisspítalanna, sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, munu halda þeim réttindum sínum við þá formbreytingu í rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Um 5. gr.

Þar sem Ríkisspítalar verða í upphafi eini hluthafinn í félaginu er nauðsynlegt að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið. Hér er og gert ráð fyrir að stofnfund skuli halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og þar skuli leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að hlutabréf, sem gefin eru út við stofnun félagsins, skuli undanþegin stimpilgjöldum. Að öðru leyti verður hlutafélagið skattskylt eftir almennum reglum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Þvottahús Ríkisspítalanna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin beiti sér fyrir stofnun hlutafélags um rekstur Þvottahúss Ríkisspítalanna er heiti Þvottahús Ríkisspítalanna hf. og leggi til þess allar eigur samnefndrar stofnunar. Tilgangur félagsins skal vera að reka þvottahús sem m.a. skal sjá um þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítala.

Gera má ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs vegna framkvæmdar frumvarpsins sé fyrst og fremst vegna breytinga á reikningshaldi fyrirtækisins til þess forms sem telst góð reikningsskilavenja í einkageiranum, verðmat og almenn úttekt á starfsemi fyrirtækisins. Kostnaður við þetta er á bilinu 0,5–1 m.kr.

Athygli er vakin á þeim ákvæðum frumvarpsins sem bindur nafn félagsins við opinbera stofnun um ókomna tíð og að Þvottahúsið skuli annast þvotta fyrir Ríkisspítalana. Ef ástæða þykir til að hafa þessi ákvæði þá er rétt að takmarka þau við tiltekinn tíma.

Að mati fjármálaráðuneytisins er engin ástæða til að veita félaginu undanþágu frá greiðslu stimpilgjalda. Stimpilgjöld reiknast sem ½% af nafnverði hlutabréfa.

192. Fyrirspurn [174. mál]

til sjávarútvegsráðherra um friðunaraðgerðir á Breiðafirði.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

Hafa friðunaraðgerðir á Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Selskeri í Skorarvita, borið árangur að mati fiskifræðinga?

193. Fyrirspurn [175. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á áhrifum einstakra veiðarfæra.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

Hafa farið fram rannsóknir á áhrifum einstakra veiðarfæra á hrygningarsvæði og fiskstofna? Liggja fyrir upplýsingar um hagkvæmni veiða eftir einstökum veiðarfærum og útgerðarmáta?

194. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um breytta staðsetningu hæstaréttarhúss.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Halldór Ásgrímsson, Svavar Gestsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Finnur Ingólfsson, Guðrún Helgadóttir, Kristín Einarsdóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til endurskoðunar áform um staðsetningu nýs hæstaréttarhúss við Lindargötu 2 í Reykjavík þannig að komið verði í veg fyrir skipulags- og menningarslys í hjarta höfuðborgarinnar. Verði fyrirhuguðu dómhúsi fundinn annar staður.

Greinargerð.

Dómhús það, sem nú stendur við Lindargötu í Reykjavík og hýsir Hæstarétt Íslands, er löngu orðið of lítið auk þess sem ástand þess er afar slæmt. Nú er áformað að reisa nýtt hús yfir Hæstarétt og var óskað eftir lóðinni Lindargötu 2 en hún hefur um árabil verið notuð sem bílastæði fyrir Arnarhvál, Landsbókasafnið og Þjóðleikhúsið. Samkeppni um nýtt hús hefur þegar farið fram og miðaðist hún við að húsið risi á bak við Landsbókasafnið við hlið Þjóðleikhússins og gegnt Arnarhváli.

Það er skoðun flutningsmanna að verði reist nýtt dómhús á þessum ákveðna stað verði mikið skipulags- og þó einkum menningarslys. Eins og skipulagi háttar nú við Lindargötu og Hverfisgötu er mjög þrengt að Þjóðleikhúsinu þannig að sú sérstaka bygging, sem troðið var niður milli Landsbókasafnsins og íbúðarhúss Jóns Magnússonar, fyrrverandi forsætisráðherra, fær engan veginn að njóta sín. Enn meira yrði þrengt að leikhúsinu með nýrri byggingu við Lindargötu. Það væri þó enn alvarlegra ef reist yrði bygging sem skyggði á eitt allra fegursta hús Reykjavíkur, Landsbókasafnið, sem byggt var í upphafi þessarar aldar. Nýbygging við Lindargötu 2 mundi óneitanlega skyggja á bakhlið hússins sem er afar fögur og sérstök í byggingarsögu borgarinnar. Enn er tími til að endurskoða fyrirhuguð áform um nýbyggingu yfir Hæstarétt og ekki skortir lóðirnar eða húsnæði sem hugsanlega mætti nýta fyrir Hæstarétt. Það verður að koma í veg fyrir enn eitt menningarslysið í borginni og það ber ríkisstjórninni að gera.

195. Skýrsla [61. mál]

forsætisráðherra um niðurstöður fundar leiðtoga Evrópuráðsins í Vínarborg, samkvæmt beiðni.

Skýrsla sú sem hér er lögð fram er tekin saman að ósk Kristínar Ástgeirsdóttur, Björns Bjarnasonar, Guðmundar Bjarnasonar, Sigbjörns Gunnarssonar, Ragnars Arnalds, Láru Margrétar Ragnarsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Páls Péturssonar, Rannveigar Guðmundsdóttur og Ólafs Ragnars Grímssonar í samræmi við 46. gr. laga um þingsköp Alþingis. Í skýrslunni er samkvæmt beiðni greint frá umræðum og helstu niðurstöðum nýafstaðins leiðtogafundar Evrópuráðsins, sem haldinn var í Vínarborg 8. og 9. október sl., en auk þess þykir rétt að gefa yfirlit yfir megináherslur í starfsemi ráðsins um þessar mundir. Með skýrslunni fylgir jafnframt ávarp mitt til fundarins og yfirlýsing leiðtoganna um niðurstöður hans svo og sérstök yfirlýsing um málefni Rússlands, í íslenskri þýðingu.

Evrópuráðið

Evrópuráðið var stofnað árið 1949 með það að markmiði að Evrópuríkin gætu með því að bindast fastari böndum staðið vörð um lýðræði, mannréttindi og frið. Í inngangi að stofnskrá ráðsins staðfesta aðildarríki þess trú sína á þau verðmæti, andleg og siðferðileg, sem eru hin sameiginlega arfleifð þessra þjóða og hin sönnu upptök einstaklingsfrelsis, stjórnmálalegs frjálsræðis og skipunar laga og réttar. Öll Evrópuríki geta öðlast aðild að ráðinu, en skilyrði þess er að umsækjandi viðurkenni grundvallarreglur réttarríkisins og að öllum einstaklingum innan umdæmis þess skuli tryggð mannréttindi og grundvallarfrelsi.

Starfsemi Evrópuráðsins á sviði mannréttindaverndar byggist að mestu leyti á mannréttindasáttmála Evrópu, félagsmálasáttmála Evrópu, sem nær yfir félagsleg og efnahagsleg réttindi, og sáttmála til varnar pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Annars vegar skuldbinda þessir sáttmálar aðildarríkin að þjóðarétti til að haga landslögum í samræmi við ákvæði sáttmálans. Hins vegar eru í öllum sáttmálunum ákvæði um eftirlit, eins og íslensk stjórnvöld hafa reyndar kynnst í dómum mannréttindadómstólsins vegna löggjafar og dóm- og stjórnsýslu hér á landi.

Auk ráðherranefndar, sem er æðsta valdastofnun ráðsins og skipuð utanríkisráðherrum aðildarríkjanna, er þing Evrópuráðsins í Strasbourg, sem liðlega tvö hundruð fulltrúar eiga sæti á, allt þingmenn tilnefndir af þjóðþingum aðildarríkjanna. Þingið, sem er ráðgefandi, kemur saman fjórum sinnum á ári og heldur einnig á hverju sumri sérstakan fund í einu aðildarríkjanna. Til aðstoðar við þingstörfin hefur þingið eigin skrifstofu. Á skrifstofu Evrópuráðsins í Strasbourg starfa rúmlega 900 manns undir yfirstjórn aðalframkvæmdastjóra en skrifstofan þjónar ráðherranefndinni, þinginu og sérfræðinganefndum.

Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu árið 1951 og fullgilti mannréttindasáttmála

Evrópu árið 1953. Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um að sáttmálinn verði lögtekinn hér, sem er nú til meðferðar hjá allsherjarnefnd.

Til skamms tíma hefur Evrópuráðið einungis verið skipað Vestur-Evrópuríkjum. Eftir hrun kommúnismans í Evrópu hefur níu Mið- og Austur-Evrópuríkjum verið veitt aðild að ráðinu. Þetta eru Búlgaría, Eistland, Litháen, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Tékkneska lýðveldið og Ungverjaland. Aðildarríkin eru því orðin þrjátíu og tvö. Sjö ríki eiga óafgreiddar umsóknir hjá ráðinu. Þau eru Albanía, Hvíta Rússland, Króatía, Lettland, Moldavía, Rússland og Úkraína. Nefndir þings Evrópuráðsins kanna aðildarhæfi þessara ríkja. Þau eiga öll gestaaðild að þinginu auk Fyrrverandi júgóslavneska lýðveldisins Makedóníu. Rætt hefur verið um að fella úr gildi gestaaðild Króatíu vegna mannréttindabrota. Umsækjendur um gestaaðild að þingi Evrópuráðsins eru Armenía, Aserbæjan, Bosnía-Hersegóvína og Georgía.

Af þessu leiðir að vaxandi þáttur í starfsemi Evrópuráðsins er ýmis konar aðstoð við fyrrum kommúnistaríki í Mið- og Austur-Evrópu við að efla lýðræðisþróun og mannréttindavernd, meðal annars með ráðgjöf, þjálfun og námskeiðum.

Leiðtogafundur Evrópuráðsins 8. og 9. október 1993

Leiðtogafundurinn í Vínarborg var hinn fyrsti í sögu Evrópuráðsins. Til hans var boðað að frumkvæði François Mitterrands Frakklandsforseta til að fjalla um framtíðarhlutverk ráðsins, nú þegar markmið þess um að koma á samvinnu allra Evrópuríkja er í augsýn. Jafnframt var talið nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að efla lýðræði, réttarríkið og virðingu fyrir mannréttindum. Þróun mála í Evrópu eftir lok kalda stríðsins hefur leitt í ljós að brýn þörf er á aðgerðum af því tagi. Um leið veldur hrun kommúnismans í Evrópu því að færi gefst á að knýja á um að grundvallarreglur lýðræðis og réttarríkisins gildi um alla álfuna og stuðli að friði og stöðugleika. Evrópuráðið, sem stofnað var í þessum tilgangi, er eðlilegur og einstakur vettvangur til að vinna að framgangi þessara markmiða. Þá var til þess ætlast að leiðtogafundurinn ákvæði að laga stofnanir og starfsemi Evrópuráðsins að breyttum aðstæðum í Evrópu, þróun annarra samtaka í álfunni og fjölgun aðildarríkjanna.

Evrópuráðið getur augljóslega ekki sinnt öllum þörfum nýrrar Evrópu. Á vettvangi þess verður ekki unnið nema að takmörkuðu leyti að því að efla viðskipta- og efnahagssamvinnu, og í stofnskrá ráðsins er tekið fram að það fjalli ekki um hernaðarlegt öryggi. Önnur samtök starfa á þessum sviðum og eru betur til þess fallin. Þetta eru Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, Evrópubandalagið, Vestur-Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið, en innan þess er nú rætt um nána samvinnu í öryggismálum milli bandalagsríkjanna og annarra Evrópuríkja.

Stækkun Evrópubandalagsins og Atlantshafsbandalagsins austur á bóginn virðist hins vegar ekki vera líkleg í náinni framtíð. Ólíkt þessum samtökum á Evrópuráðið möguleika á að verða fyrstu al-evrópsku samtökin og er þar reyndar vel á veg komið.

Evrópuráðið getur því lagt grunn að nýrri Evrópu, sem óhjákvæmilega verður að hvíla á grundvallarreglum réttarríkisins; á sönnu öryggi sem einungis lýðræðislegir stjórnarhættir geta tryggt. Þetta gerist ekki af sjálfu sér, heldur þarf þrýsting, bindandi skuldbindingar, eftirlit með framfylgd þeirra og skipulagða baráttu fyrir eflingu lýðræðis og mannréttinda.

Auk langrar reynslu og skipulags Evrópuráðsins á þessum sviðum er sérstaða ráðsins í þessum efnum ótvíræð. Á Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu er vissulega fjallað um mannréttindi, reyndar á sérstökum vettvangi innan vébanda ráðstefnunnar. Á leiðtogafundi Evrópuráðsins var ákveðið að halda áfram og auka tæknilega samvinnu um mannréttindamál við Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Ráðstefnan um öryggi og samvinnu hefur verið opin nýjum aðildarríkjum óháð stöðu mannréttindamála í þeim. Í Evrópuráðinu gilda hins vegar ströng skilyrði fyrir aðild. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að tryggja öllum innan umdæmis þess mannréttindi og grundvallarfrelsi. Vegna strangra skilyrða fyrir aðild er Evrópuráðið í vissum skilningi eins konar nálarauga sem ríki verða að komast í gegnum til þess að verða gjaldgeng til fullrar þátttöku í evrópskri samvinnu.

Á leiðtogafundi Evrópuráðsins kom fram að mönnum var ofarlega í sinni hvernig sá óstöðugleiki og þær nýju hættur í Evrópu, sem siglt hafa í kjölfar loka kalda stríðsins sýndu að leiðin til lýðræðis og varanlegs stöðugleika væri vissulega grýtt. Þessir erfiðleikar undirstrikuðu sérstöðu og þýðingu Evrópuráðsins en leiddu jafnframt í ljós að enn væri langt í að markmiðum ráðsins væri náð í álfunni allri. Til þess hafi hrun kommúnismans veitt ráðinu einstætt tækifæri . Evrópuráðið hefði lykilhlutverki að gegna og einstaka möguleika á að koma á samvinnu allra Evrópuríkja. Ströng aðildarskilyrði þess hefðu þegar átt stóran þátt í þeirri eflingu mannréttinda og lýðræðis, sem orðið hefði í álfunni eftir hrun kommúnismans. Um leið þyrfti ráðið að laga sig að þeim kröfum sem fjölgun aðildarríkja og breyttar pólitískar aðstæður fælu í sér.

Í ávarpi mínu á leiðtogafundinum, sem fylgir þessari skýrslu, benti ég meðal annars á sérstöðu Evrópuráðsins meðal samtaka í álfunni og að leggja bæri ríka áherslu á að aðildarríki fullnægðu þeim kröfum sem aðild að ráðinu gerði til þeirra. Í því tilliti væri þýðingarmikið að fylgja eftir þeirri samþykkt þings Evrópuráðsins að fylgst skyldi náið með því að ný aðildarríki virtu skuldbindingar sínar. Eftirlit með framfylgd þeirra er nýtt og mikilvægt verkefni sem þingið hefur tekið að sér.

Ég tiltók í ávarpinu tvö mál, sem fælu í sér alvarlega hættu fyrir mannréttindahugsjón Evrópuráðsins. Hið fyrra var að skilgreina yrði réttindi þjóðernisminnihluta og sjá til þess með virkum hætti að þau væru virt. Þessu markmiði yrði að ná. Átökin í fyrrverandi Júgóslavíu og víðar, sem og hætta á þjóðernisólgu á enn öðrum stöðum í Evrópu, eru skýr áminning um nauðsyn þess að vernda réttindi þjóðernisminnihluta. Við bætist hættan á að stöðugleiki í álfunni bresti við útbreiðslu átaka af þessu tagi.

Hitt málið, sem ég lagði áherslu á, var áætlun um aðgerðir gegn kynþáttahatri, útlendingaandúð, gyðingahatri og vægðarleysi í skoðunum, en allt varpar þetta skugga á viðleitni til að tryggja frið og frelsi í Evrópu. Forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, lagði upphaflega til að Evrópuráðið gerði slíka áætlun og samþykkt hennar er einn mikilvægasti árangur leiðtogafundarins að mínu mati.

Ennfremur lýsti ég stuðningi við nauðsynlega endurskoðun á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans vegna fjölgunar aðildarríkja Evrópuráðsins.

Vínaryfirlýsingin

Í yfirlýsingu leiðtogafundarins, Vínaryfirlýsingunni, er ráðherranefnd ráðsins falið að semja á næstunni drög að rammasamningi, sem fastsetji grundvallarreglur um réttindi þjóðernisminnihluta. Jafnframt var nefndinni falið að hefja undirbúning að gerð viðauka við mannréttindasáttmálann til þess að tryggja réttindi einstaklinga í menningarlegum efnum, einkum réttindi einstaklinga sem tilheyrðu minnihlutahópum. Á leiðtogafundinum tókst þannig að ýta málinu úr vör með málamiðlun, en enn er augljóslega langt í land að samkomulag náist um aðgerðir til að leysa úr vanda þjóðernisminnihluta. Ágreiningur um skilgreingaratriði má ekki standa í veginum eða mótbárur ríkja sem hafa minnihlutahópa innan landamæra sinna.

Eins og áður sagði er með Vínaryfirlýsingunni hrint af stað áætlun um aðgerðir gegn kynþáttahatri, útlendingaandúð, gyðingahatri og vægðarleysi í skoðunum. Til að fylgja málum eftir var ákveðið að stofnuð yrði föst sérfræðinganefnd sem endurskoðaði löggjöf

og stefnu aðildarríkjanna gegn misrétti af þessu tagi og gerði tillögur um úrbætur og aðgerðir. Þá verður hafið átak meðal æskulýðs í samvinnu Evrópuráðsins og evrópskra æskulýðssamtaka til þess að efla umburðarlyndi og virðingu fyrir fólki og berjast gegn kynþáttamisrétti, útlendingaandúð og öðrum fordómum. Til lengri tíma litið kann þetta að verða veigamesti hluti áætlunarinnar.

Endurskoðun á eftirlitskerfi mannréttindasáttmála Evrópu verður háttað þannig að saminn verður viðauki við sáttmálann, sem felur meðal annars í sér að mannréttindanefndin og mannréttindadómstóllinn verða sameinuð í einn dómstól. Markmiðið er að auka skilvirkni eftir fjölgun aðildarríkja Evrópuráðsins og er stefnt að undirritun viðaukans á ráðherranefndarfundi í maí á næsta ári.

Meiri óvissa ríkir nú í Evrópu en verið hefur um langt skeið. Auk átakanna í fyrrverandi Júgóslavíu og hættu á útbreiðslu þeirra er skemmst að minnast valdaránstilraunarinnar í Moskvu í byrjun október síðastliðsins. Leiðtogafundur Evrópuráðsins, sem átti sér stað nokkrum dögum eftir þann atburð, samþykkti sérstaka ályktun um Rússland. Þar var lýst samstöðu með stuðningsmönnum umbótastefnu Borisar Jeltsins, forseta, og látin í ljósi sú ósk að staðið verði áfram af festu að lýðræðisþróun í landinu. Meginhersla var lögð á að haldnar yrðu svo fljótt sem auðið væri frjálsar kosningar, sem gerðu rússnesku þjóðinni kleift að tjá sig um framtíð sína. Ennfremur var staðfest að ríki Evrópuráðsins væru staðráðin í að veita umbótaferlinu í Rússlandi virkan stuðning með því meðal annars að leggja aukna áherslu á það í samvinnuverkefnum ráðsins með Rússlandi að veita aðstoð við mótun lýðræðislegra stofnana og réttarkerfis, þar sem lögð væri áhersla á virðingu fyrir mannréttindum og skipun laga og réttar.

Íslensk stjórnvöld gáfu út yfirlýsingu hinn 4. október síðastliðinn þar sem lýst var alvarlegum áhyggjum vegna þeirra átaka sem þá áttu sér stað í Moskvu. Jafnframt var ítrekaður stuðningur við Boris Jeltsin, forseta Rússlands, sem væri lýðræðislega kjörinn leiðtogi rússnesku þjóðarinnar.

Vissulega á Jeltsin forseti stuðning skilinn og réttilega eru þeir fordæmdir, sem hefja vopnaða aðför að lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum. Þegar upp er staðið snýst þó meginmálið ekki um einstaklinga, heldur grundvallarreglur lýðræðisins. Samkvæmt þessu var ennfremur í yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda hinn 4. október látin í ljós sú von að rússnesku þjóðinni auðnaðist að sameinast um framkvæmd umbóta á grundvelli lýðræðislegra kosninga. Mestu skiptir að málum lykti þannig að ekki sé vikið af braut lýðræðisþróunar í Rússlandi og að mannréttindi, þar á meðal fullt tjáningafrelsi, séu virt. Óhjákvæmilegt er að afstaða til einstakra valdhafa í Rússlandi ráðist af þessu.

Það er augljóslega langt í frá að í nýfrjálsu ríkjunum telji menn sig búa við efnahagslegt og pólitískt öryggi og stöðugleika. Í máli fulltrúa þeirra Mið- og Austur-Evrópuríkja, sem sátu leiðtogafund Evrópuráðsins, mátti heyra gagnrýni á Vestur-Evrópuríki fyrir að sýna tregðu og sérhagsmunahyggju frammi fyrir vandamálum Austurhluta Evrópu og frammi fyrir einstöku tækifæri til að sameina álfuna eftir hrun kommúnismans.

Vaclav Havel forseti Tékkneska lýðveldisins fjallað á tilfinningaþrunginn hátt um þessi mál á fundinum. Ræða hans var ekki síst ákall til Vestur-Evrópuríkja um kjarkmeiri stefnu og áþreifanlegar aðgerðir. Hann sagði meðal annars að Evrópu skorti um þessar mundir siðferðilegan skilning og hugmyndaflug. Hann spurði hvort Evrópumenn væru í raun óbetranlegir, hvort þeir gætu gert aftur sömu mistök og þau sem leiddu til tveggja heimsstyrjalda. Svo að bregðast mætti við vandanum og grípa tækifærið, sem nú gæfist, yrðu vestræn ríki að láta af sérhagsmunahyggju og verndarstefnu. Fyrrum kommúnista-

ríki yrðu fyrir sitt leyti að gera róttækar ráðstafanir til að kveða niður þá drauga sem nýfengið frelsi þessara ríkja hefði sleppt lausum, eins og hann orðaði það.

Havel benti á að Evrópuráðið, sem væri elstu samtökin sem stefndu að samvinnu allra Evrópuríkja, hefði að markmiði að rækta þau gildi sem sameinuð Evrópa gæti sprottið upp úr. Væri fyrir hendi raunverulegur vilji meðal Evrópuríkja til að axla nýja ábyrgð, eins og hann nefndi það, en ekki sýndaráhugi, þá gæti Evrópuráðið lagt af mörkum einstakan og ómetanlegan skerf til lausnar þessa erfiða verkefnis.

Það var greinilegt á leiðtogafundinum að nýfrjálsu ríkin horfa einnig mjög til Atlantshafsbandalagsins og Evrópubandalagsins varðandi öryggi sitt, stöðugleika og almenna velferð í framtíðinni.

Við Íslendingar erum í Atlantshafsbandalaginu, þar sem er til umræðu í samvinnu við bandamennina í Norður-Ameríku hvernig koma megi til móts við óskir og væntingar þessa fólks í bráð og lengd og efla stöðugleika í Evrópu. Íslendingar eru aðilar að EES og aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu, en aðild að Evrópubandalaginu er hins vegar ekki á dagskrá.

Aðild Íslands að Evrópuráðinu og þátttaka íslenskra þingmanna, embættismanna og annarra í störfum þess eru því mikilvægir þættir í hlutdeild þjóðarinnar í evrópskri samvinnu. Í niðurstöðum nefndar á vegum ríkisstjórnarinnar um öryggis- og varnarmál í mars síðastliðnum er bent á að áhersla á lýðræðislega stjórnarhætti, mannréttindi og virðingu fyrir lögum og rétti muni setja æ sterkari svip á friðarviðleitni, einkum í Evrópu. Nefndin taldi ennfremur að Íslendingar gætu verið þátttakendur til jafns við aðra í alþjóðasamstarfi þar sem ekki þyrfti að leggja fram herafla. Af þeim sökum væri eðlilegt að þeir beindu kröftum sínum að stofnunum og samtökum, þar sem þeir gætu lagt sinn skerf af mörkum, þar á meðal Evrópuráðinu, og notuðu þau til virkrar þátttöku í viðleitninni til að tryggja frið og frelsi í Evrópu.

Með þátttöku í störfum Evrópuráðsins gefst Íslendingum aukið færi á að taka þátt í að byggja nýja Evrópu; knýja á um að grundvallargildi lýðræðis og skipunar laga og réttar gildi um álfuna alla og stuðla þannig að stöðugleika á umbrotatímum og friði í framtíðinni.

Fylgiskjal 1.

Ávarp Davíðs Oddssonar, forsætisráðherra, á leiðtogafundi Evrópuráðsins í Vínarborg 8.-9. október 1993

Í vaxandi mæli er litið svo á að virðing fyrir mannréttindum, lýðræði og grundvallarreglum réttarríkisins sé undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í nýrri Evrópu.

Um leið sýnir þróun mála eftir kalda stríðið, einkum hörmulegir atburðir í fyrrverandi Júgóslavíu og fyrrum Sovétríkjum, hve hættulegar afleiðingar skortur á lýðræðishefðum getur haft.

Nýjar hættur í Evrópu krefjast samvinnu ólíkra samtaka í álfunni til að nýta þá reynslu og sérhæfingu sem hver þeirra hafa yfir að ráða. Því er nauðsynlegt nú að skilgreina skýrt hlutverk Evrópuráðsins meðal samtaka í álfunni og efla möguleika þess til að sinna þeim verkefnum, sem það getur innt betur af hendi en önnur samtök.

Því var tímabær tillaga Frakklandsforseta um að halda leiðtogafund um framtíðarhlutverk Evrópuráðsins í nýrri Evrópu, nú þegar ráðið eftir lok kalda stríðsins nálgast það meginmarkmið sitt að koma á samvinnu allra Evrópuríkja. Ég vil einnig þakka ríkisstjórn Austurríkis fyrir að vera gestgjafi fundarins. Í þessu sambandi vil ég ennfremur hrósa þingi Evrópuráðsins fyrir þátt þess í undirbúningi leiðtogafundarins.

Evrópuráðið var upphaflega byggt á þeirri von að Evrópuríkin gætu, með því að bindast fastari böndum, staðið að því að varðveita lýðræði, mannréttindi og frið í heiminum. Evrópuráðið setur jafnframt ströng skilyrði fyrir inngöngu nýrra aðildarríkja. Þetta veitir ráðinu sérstöðu meðal evrópskra samtaka. Sérhvert þátttökuríki verður að viðurkenna grundvallarreglur réttarríkisins og að öllum einstaklingum innan umdæmis þess skuli tryggð mannréttindi og grundvallarfrelsi.

Vegna þessara ströngu skilyrða fyrir aðild að Evrópuráðinu má líta á þátttöku í því sem viðurkenningu á lýðræðislegri stjórnskipun. Evrópuráðið er í þessum skilningi eins konar nálarauga, sem ríki verða að fara í gegnum til þess að verða gjaldgeng til fullrar þátttöku í evrópskri samvinnu.

Annað skilyrði fyrir þátttöku í Evrópuráðinu er að ríki verða að heita því að vinna af heilindum að markmiðum þess. Sérstaklega þarf að leggja áherslu á að þátttökuríki fullnægi þeim kröfum sem aðild að Evrópuráðinu gerir til þeirra. Í því sambandi tel ég afar mikilvæga þá samþykkt þings Evrópuráðsins að fylgst skuli náið með því að ný þátttökuríki virði skuldbindingar sínar. Eftirlit með framfylgd þeirra er nýtt og mikilvægt verkefni, sem þingið hefur tekið að sér. Þar fyrir utan er mikilvægust sú athugun, sem Evrópuráðið lætur framkvæma á stjórnarháttum og lýðréttindum í löndum sem sækja um aðild að ráðinu.

Eftir lok skiptingar Evrópu hafa nýjar hættur komið í ljós. Versnandi efnahagur veldur álagi á evrópsk þjóðfélög, sem hefur leitt til spennu innan þeirra og útlendingaandúðar. Endurvakning öfgafullrar þjóðernishyggju ógnar lýðræðislegum umbótum og friði milli þjóða.

Þrátt fyrir að kalda stríðsinu sé lokið steðja hættur að mannréttindahugsjón Evrópuráðsins. Þess vegna þurfa þátttökuríkin að endurstaðfesta markmið ráðsins og bregðast við nýjum aðstæðum á viðeigandi hátt.

Ég vil einkum nefna tvö mál, sem valda alvarlegum áhyggjum.

Hið fyrra, sem er afar aðkallandi, er verndun þjóðernisminnihluta. Mannréttindahugsjónin hvílir meðal annars á þeirri meginreglu að allir menn njóti sömu virðingar. Ekki má neita neinum einstaklingi eða hópi einstaklinga um að njóta mannréttinda. Samfélagi

þjóðanna ber skylda til að skilgreina réttindi þjóðernisminnihluta og sjá til þess með virkum hætti að þau séu virt. Þessu markmiði verður að ná.

Annað mál, sem hefur mikla þýðingu, er áætlun Evrópuráðsins um aðgerðir gegn kynþáttahatri, útlendingaandúð, gyðingahatri og vægðarleysi, en allt varpar þetta skugga á viðleitni til að tryggja frið og frelsi í Evrópu. Áætlunin er líklega mikilvægasti árangur leiðtogafundarins.

Miklu skiptir að virkja æskuna til að efla umburðarlyndi og virðingu fyrir öllum mönnum.

Ég vil einnig víkja að eftirlitskerfi mannréttindasáttmála Evrópu. Ásamt félagsmálasáttmálanum og sáttmálanum til varnar gegn pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, hefur mannréttindasáttmálinn gegnt lykilhlutverki við að vernda mannréttindi.

Mannréttindi verða að vera skýr og ófrávíkjanleg. Þau verða að vera algild þannig að allar þjóðir leggi sama skilning í hver mannréttindin eru. Sú var niðurstaðan í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Það er einnig kjarninn í mannréttindasáttmála Evrópu, sem þar að auki er einstakur að því leyti að hann bindur þátttökuríki Evrópuráðsins að þjóðarétti.

Ég fagna því þeirri endurskoðun sem fyrirhuguð er á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans. Hún er nauðsynleg vegna þess hve þátttökuríkjum Evrópuráðsins hefur fjölgað, og hún mun gera mannréttindadómstólnum betur kleift að vernda rétt einstaklinga gagnvart stjórnvöldum. Það er afar þýðingarmikið að allir njóti sömu réttinda og tækifæra í krafti grundvallarreglna réttarríkisins.

Fylgiskjal 2.

Evrópuráðið
Leiðtogafundur
Vín 1993

7. október 1993

Vínaryfirlýsingin

Við, þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar aðildarríkja Evrópuráðsins, sem komum saman í fyrsta sinn í sögu samtakanna á þessum leiðtogafundi í Vín, lýsum yfir:

Nú þegar lokið er tímabili skiptingar Evrópu gefst einstakt tækifæri til að efla frið og stöðugleika í álfunni. Öll ríki okkar styðja lýðræði, jöfn, almenn og algild mannréttindi, skipun laga og réttar og sameiginlega menningararfleifð sem fjölbreytnin gerir auðugri. Evrópa getur þannig orðið víðáttumikið svæði lýðræðislegs öryggis.

Evrópa er þannig uppspretta mikilla vona sem mega alls ekki bresta vegna landvinningastefnu, herskárrar þjóðernisstefnu, viðhalds áhrifasvæða, vægðarleysis í skoðunum eða einræðiskenndrar hugmyndafræði.

Við fordæmum allt slíkt afbrigðilegt atferli. Það stuðlar að hatri og stríði meðal þjóða fyrrverandi Júgóslavíu og ógnar öðrum hlutum álfunnar. Við skorum á leiðtoga þessara þjóða að binda enda á deilur sínar. Við bjóðum þessum þjóðum að taka höndum saman við okkur um að efla hina nýju Evrópu.

Við gerum okkur grein fyrir því að verndun þjóðernisminnihluta er nauðsynlegur þáttur stöðugleika og lýðræðislegs öryggis í álfunni.

Evrópuráðið er helstu stjórnmálasamtök Evrópu sem geta innan vébanda varanlegra stofnana sinna boðið velkomin til starfa á jafnréttisgrundvelli þau lýðræðisríki Evrópu sem frelsuð hafa verið undan oki kommúnismans. Af þeirri ástæðu skiptir aðgangur þessara ríkja að Evrópuráðinu meginmáli við uppbyggingu Evrópu í samræmi við grundvallarreglur samtakanna.

Forsenda þess er að ríkin hafi aðlagað stofnanir sínar og réttarkerfi grundvallarreglum lýðræðis, skipun laga og réttar og virðingu fyrir mannréttindum. Kjörnir fulltrúar þessara þjóða verða að vera valdir í frjálsum og heiðarlegum kosningum þar sem almennur kosningarréttur er tryggður. Við teljum að við mat á umsóknum um aðild beri fyrst og fremst að kanna hvort málfrelsi sé tryggt, ekki síst málfrelsi fjölmiðla, hvort tryggður sé réttur þjóðernisminnihluta og hvort meginreglur alþjóðalaga séu í heiðri hafðar. Einnig skiptir meginmáli að viðkomandi ríki sé reiðubúið til að undirrita mannréttindasáttmála Evrópu innan skamms tíma og samþykkja eftirlitskerfi hans í heild. Við erum staðráðin í að tryggja að öll aðildarríki Evrópuráðsins standi að öllu leyti við skuldbindingar þess.

Við staðfestum hér með vilja okkar til að stuðla að aðlögun nýrra aðildarríkja og gera þær umbætur á samtökunum, sem nauðsynlegar eru til að tryggja lýðræðislega tjáningu þjóðanna, að teknu tilliti til tillagna ráðgjafarþingsins og málefna sveitar- og héraðsstjórna.

Við staðfestum stefnu opnunar og samvinnu við öll þau ríki Mið- og Austur-Evrópu sem lýðræði kjósa. Styðja ber við áætlanir, sem Evrópuráðið hefur gert, í því skyni að stuðla að þróun í átt til lýðræðis og aðlaga þær stöðugt þörfum nýrra aðildarríkja.

Þannig hyggjumst við gera Evrópuráðinu kleift að stuðla að lýðræðislegu öryggi og takast á við málefni 21. aldarinnar og skapa þeim gildum lagalegan grunn, sem skilgreina evrópska eigind okkar og vinna að bættum lífsgæðum.

Forsenda þessara markmiða er að betur takist að samhæfa starfsemi Evrópuráðsins

og starfsemi annarra samtaka, sem taka þátt í uppbyggingu lýðræðislegrar og öruggrar Evrópu og stuðla þar með að því að hver aðili bæti annan upp og að fjármunir nýtist betur.

Í þessu sambandi fögnum við þeirri samvinnu sem hefur komist á - fyrst og fremst á grundvelli samkomulags frá 1987 - við Evrópubandalagið, einkum hvað varðar sameiginleg verkefni, sér í lagi þau sem eru til hagsbóta fyrir ríki Mið- og Austur-Evrópu. Við teljum að slík samvinna á æ fleiri sviðum endurspegli hið sérstaka og opna samband milli þessara tveggja samtaka.

Með svipuðum hætti erum við fylgjandi því að auka hagnýta samvinnu á sviði mannréttindamála milli Evrópuráðsins og Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE). Gagnlegt væri að koma á tengslum við stofnanir RÖSE, þ. á m. lýðræðis- og mannréttindaskrifstofuna og framkvæmdastjóra í málefnum þjóðernisminnihluta.

Við erum staðráðin í því að nýta til fulls þann pólitíska vettvang sem ráðherranefndin og þingið veita til að efla lýðræðislegt öryggi í Evrópu eftir því sem Evrópuráðið hefur umboð og getu til. Pólitísk umræða innan Evrópuráðsins er mikilvægt framlag til stöðugleika í álfunni. Og árangurinn verður meiri ef okkur tekst að stuðla að slíkri umræðu við öll ríki Evrópu, sem hafa látið í ljós áhuga á að hlíta grundvallarreglum Evrópuráðsins.

Við erum sannfærðir um að uppbygging viðeigandi lagastofnana og þjálfun stjórnenda eru nauðsynleg forsenda efnahagslegra og pólitískra umbóta í Mið- og Austur-Evrópu og leggjum megináherslu á þróun og samhæfingu hjálparáætlana í þessu skyni í samvinnu við Evrópubandalagið.

Mótun Evrópu, sem einkennist af umburðarlyndi og hagsæld, byggist ekki aðeins á samvinnu ríkjanna, heldur einnig samvinnu héraðs- og sveitarstjórna, að skaðlausu fyrir stjórnarskrá og lögsagnarumdæmi hvers ríkis. Við hvetjum Evrópuráðið til að halda áfram starfi sínu á þessu sviði þannig að nái einnig til samvinnu milli svæða sem liggja ekki saman.

Við erum sannfærðir um að samvinna á sviði menningarmála — hvað snertir menntun, fjölmiðla, menningarstarfsemi, verndun og viðgang menningararfleifðar og þátttöku ungs fólks — skipti meginmáli og sé ómissandi þáttur við mótun samstæðrar en um leið fjölbreyttrar Evrópu. Ríkisstjórnir okkar skuldbinda sig til að hafa í huga forgangsverkefni og grundvallarreglur Evrópuráðsins þegar stofnað skal til tvíhliða eða marghliða samvinnu.

Í því skyni að stuðla að samheldni þjóðfélaga okkar leggjum við áherslu á þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist með félagsmálasáttmála Evrópuráðsins og Evrópusáttmálanum um almannatryggingar, sem hafa að markmiði að veita aðildarríkjunum viðeigandi kerfi til félagslegrar verndar.

Við gerum okkur grein fyrir gildi samvinnu innan Evrópuráðsins í því skyni að vernda vistkerfið og stuðla að endurbótum á byggðum svæðum.

Við hyggjumst halda starfi okkar áfram á þeirri braut að auðvelda félagslega aðlögun útlendinga sem búa um stundarsakir löglega utan heimalands síns, og bæta stjórnun og eftirlit með slíkum búferlaflutningum en vernda jafnframt ferðafrelsi manna innan Evrópu. Við hvetjum því „Vínarhópinn" til að halda áfram starfi sínu og leggja með því móti fram sinn skerf, ásamt öðrum hlutaðeigandi hópum, til samræmdrar afstöðu til slíkra fólksflutninga.

Við erum bundnir vináttuböndum við ríki utan Evrópu, sem hafa sama gildismat og við, og viljum stuðla ásamt þeim að friði og lýðræði.

Við staðfestum einnig að aukin samvinna í samræmi við nýjar aðstæður í Evrópu má ekki með neinum hætti draga úr ábyrgð okkar hvað snertir samstöðu iðnríkja og þróunarríkja.

—

Í því pólitíska samhengi sem að framan greinir höfum við, þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar aðildarríkja Evrópuráðsins, ákveðið:

- að auka virkni mannréttindasáttmála Evrópu með því að stofna einn dómstól til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem þar eru tilgreindar (sbr. ákvörðun sem tilgreind er í Viðauka I).
- að takast á hendur pólitískar og lagalegar skuldbindingar hvað snertir verndun þjóðernisminnihluta í Evrópu og gefa ráðherranefndinni fyrirmæli um að gera viðeigandi milliríkjasamninga í því skyni (sbr. ákvörðun sem tilgreind er í Viðauka II).
- að marka þá stefnu að berjast gegn kynþáttahatri, útlendingahatri, gyðingahatri og vægðarleysi í skoðunum og samþykkja í því skyni yfirlýsingu og framkvæmdaáætlun (sbr. ákvörðun sem tilgreind er í Viðauka III).
- að samþykkja að komið verði á fót samráðsstofnun sem sé í raun fulltrúi bæði sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu.
- að fara þess á leit við Evrópuráðið að það kanni leiðir til að stuðla að þróun menningarmálaviðburða í Evrópu í samvinnu hins opinbera og samfélagsins almennt.
- að gefa ráðherranefndinni þau fyrirmæli að hún aðlagi stofnskrá Evrópuráðsins eftir þörfum miðað við starfsemi þess með hliðsjón af tillögum þingsins.

Viðauki I

Endurbætur á eftirlitskerfi mannréttindasáttmála Evrópu

Við, þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar aðildarríkja Evrópuráðsins höfum ákveðið eftirfarandi hvað snertir endurbætur á eftirlitskerfi mannréttindasáttmála Evrópu:

Með mannréttindasáttmála Evrópu, sem gekk í gildi fyrir 40 árum, kom Evrópuráðið á einstæðu alþjóðlegu kerfi til verndar mannréttindum. Meginatriði þess er að aðildarríkin skuldbinda sig til að vernda með virkum hætti þau mannréttindi, sem tryggð eru með sáttmálanum, og hlíta eftirliti alþjóðlegrar stofnunar í því skyni. Framkvæmd hans hefur til þessa verið í höndum mannréttindanefndar Evrópu og mannréttindadómstóls Evrópu.

Fjöldi aðildarríkja hefur nær þrefaldast síðan sáttmálinn gekk í gildi, 1953, og fleiri ríki munu gerast aðilar að honum eftir að þau hafa fengið aðild að Evrópuráðinu. Við erum þeirrar skoðunar að orðið sé bráðnauðsynlegt að aðlaga núverandi eftirlitskerfi

þessari þróun til þess að unnt sé að viðhalda í framtíðinni öflugri alþjóðlegri vernd á sviði mannréttinda. Markmið endurbótanna er að auka virkni verndaraðgerða, stytta afgreiðslutíma mála og viðhalda núverandi gæðum í starfi sem lýtur að vernd mannréttinda.

Í því skyni höfum við ákveðið að stofna, innan ramma mannréttindasáttmálans, einn mannréttindadómstól Evrópu sem kemur í stað núverandi eftirlitskerfis.

Við veitum hér með ráðherranefndinni umboð til að ganga frá drögum að viðauka til breytingar á mannréttindasáttmála Evrópu, en því verki hefur miðað vel áfram, í því skyni að samþykkja texta hans og leggja hann fram til undirskriftar á fundi ráðherranefndarinnar í maí 1994. Við munum síðan sjá til þess að samningurinn verði sendur út til staðfestingar svo fljótt sem auðið er.

Viðauki II

Þjóðernisminnihlutar

Við, þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar aðildarríkja Evrópuráðsins, höfum samþykkt eftirfarandi ályktun um verndun þjóðernisminnihluta:

Þeir þjóðernisminnihlutar sem umbrot í tímans rás hafa myndað í Evrópu skal vernda og virða svo að þeir geti stuðlað að stöðugleika og friði.

Í þeirri Evrópu sem við viljum byggja upp verðum við að svara þessu kalli: að tryggja verndun réttinda einstaklinga, sem tilheyra þjóðernisminnihlutum, innan ramma skipunar laga og réttar en virða jafnframt lögsagnarumdæmi og fullveldi ríkja. Undir þessum formerkjum munu slíkir þjóðernisminnihlutar leggja fram verðmætan skerf til samfélaga okkar.

Umburðarlyndi og viðræður eru nauðsynleg forsenda fyrir þátttöku allra í stjórnmálum. Í þessu sambandi skiptir miklu að héraðs- og sveitarstjórnir leggi sitt af mörkum.

Í athöfnum sínum ættu ríkin að tryggja að í heiðri séu hafðar þær reglur, sem liggja til grundvallar sameiginlegum hefðum okkar í Evrópu: jafnræði að lögum, bann við mismunun einstaklinga, jafn réttur og félagafrelsi, svo og að taka virkan þátt í opinberu lífi.

Ríkin ættu að skapa þær aðstæður, sem nauðsynlegar eru til þess að einstaklingar sem tilheyra þjóðernisminnihlutum geti viðhaldið menningu sinni, trú, siðum og venjum. Því skal gert kleift að nota tungumál sitt bæði í einkalífinu og opinberlega og í sérstökum tilvikum í samskiptum sínum við stjórnvöld.

Við leggjum áherslu á að tvíhliða samningar milli ríkja, sem hafa þann tilgang að tryggja verndun viðkomandi þjóðernisminnihluta, geta skipt máli hvað snertir stöðugleika og frið í Evrópu.

Við staðfestum að við erum ákveðnir í að hrinda í framkvæmd þeim skuldbindingum um verndun þjóðernisminnihluta, sem er að finna í Kaupmannahafnaryfirlýsingunni og öðrum gögnum RÖSE.

Við teljum að Evrópuráðið ætti, að svo miklu leyti sem unnt er, að leggja áherslu á að breyta þessum pólitísku skuldbindingum í lagaskyldur.

Með tilliti til meginverksviðs síns hefur Evrópuráðið einkar góða aðstöðu til að stuðla að lausn vandamála þjóðernisminnihluta. Í þessu sambandi hyggjumst við stuðla að náinni samvinnu Evrópuráðsins og framkvæmdastjóra RÖSE í málefnum þjóðernisminnihluta.

Við höfum því ákveðið að fela ráðherranefndinni:
- að gera áætlun um ráðstafanir til að auka tiltrú í því skyni að stuðla að umburðarlyndi og skilningi meðal þjóða;
- að bregðast við beiðnum um aðstoð við gerð og framkvæmd samninga um málefni þjóðernisminnihluta og samvinnu yfir landamæri;
- að gera sem fyrst drög að rammasamningi þar sem fram koma þær meginreglur sem aðildarríkin heita að virða í því skyni að vernda þjóðernisminnihluta. Ríkjum utan Evrópuráðsins verður einnig boðið að gerast aðilar að samningnum.
- að hefja vinnu við drög að samningi á sviði menningarmála, til viðbótar við mannréttindasáttmála Evrópu, sem hafi að geyma ákvæði sem tryggja réttindi einstaklinga, einkum fólks sem tilheyrir þjóðernisminnihlutum.

Viðauki III

Yfirlýsing og áætlun
um aðgerðir gegn kynþáttahatri, útlendingahatri,
gyðingahatri og vægðarleysi í skoðunum

Við, þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar aðildarríkja Evrópuráðsins, erum sannfærðir um að fjölbreytileiki hefða og menningarsamfélaga hefur um aldir verið eitt af verðmætum Evrópu og að umburðarlyndi sé nauðsynleg forsenda opins samfélags í Evrópu, þar sem virðing er borin fyrir þeirri menningarlegu fjölbreytni sem við höldum í heiðri;

erum sannfærðir um að eitt helsta markmið í uppbyggingu Evrópu er að stuðla að lýðræðislegu samfélagi þar sem sama virðing er borin fyrir öllum mönnum;

erum uggandi vegna uppgangs kynþáttahaturs, útlendingahaturs og gyðingahaturs, aukins ofbeldis, sem beinist einkum gegn útlendingum sem dvelja um stundarsakir utan heimalands síns, og afkomendum innflytjenda, svo og vegna niðurlægjandi meðferðar og misréttis sem slíku fylgir;

erum einnig uggandi vegna uppgangs ofbeldiskenndrar þjóðernishyggju og þjóðhverfs hugsunarháttar, sem eru nýjar myndir útlendingahaturs;

höfum áhyggjur af versnandi efnahagsástandi, sem ógnar samstöðu evrópskra þjóðfélaga með því að stuðla að útilokun sem er líkleg til að kynda undir félagslegri spennu og útlendingahatri;

erum sannfærðir um að slík dæmi um vægðarleysi eru ógnun við lýðræðisleg þjóðfélög og grundvallargildismat þeirra og grafa undan uppbyggingu evrópsks samfélags;

staðfestum yfirlýsingu ráðherranefndarinnar frá 14. maí 1981 þar sem ráðherrarnir fordæmdu hvers konar vægðarleysi í skoðunum og ofbeldisverk sem af því leiða;

staðfestum enn á ný gildi samstöðu sem nauðsynlegt er að allir þjóðfélagsþegnar sameinist um til að draga úr einangrun og félagslegri útskúfun;

Við erum enn fremur sannfærðir um að framtíð Evrópu er háð því að einstaklingar og hópar sýni ekki aðeins umburðarlyndi, heldur séu reiðubúnir að vinna saman og sameina krafta sína, og
- fordæmum harðlega kynþáttahatur í hvaða mynd sem það birtist, útlendingahatur, gyðingahatur og vægðarleysi í skoðunum og hvers konar trúarlega mismunun;

- hvetjum aðildarríkin til að halda áfram aðgerðum sem þegar eru hafnar til að koma í veg fyrir slík fyrirbæri og heitum því að efla lög hvers ríkis og alþjóðlega samninga og beita okkur fyrir viðeigandi aðgerðum í hverju ríki og á vettvangi Evrópu;
- skuldbindum okkur til að berjast gegn hvers konar hugmyndafræði, stefnum og aðgerðum sem telja má að hvetji til kynþáttahaturs, ofbeldis og misréttis, svo og hvers konar aðgerðum eða málflutningi sem líklegt er að auki á ótta og spennu milli hópa af mismunandi uppruna hvað snertir kynþátt, þjóðarbrot, þjóðerni, trúarbrögð eða stétt;
- beinum þeim eindregnu tilmælum til þjóða Evrópu, hópa og einstakra borgara, og þá einkum ungs fólks, að allir sameinist í öflugri baráttu gegn hvers konar vægðarleysi í skoðunum og taki virkan þátt í uppbyggingu evrópsks samfélags sem grundvallað er á sameiginlegum gildum sem einkennast af lýðræði, umburðarlyndi og samstöðu.

Í því skyni mælum við svo fyrir að ráðherranefndin móti og hrindi í framkvæmd sem fyrst eftirfarandi framkvæmdaáætlun og afli til þess nauðsynlegra fjármuna.

AÐGERÐAÁÆTLUN

1. Hleypt verði af stokkunum víðtækri Evrópskri herferð meðal æskulýðs til að efla áhuga almennings á umburðarlyndu samfélagi, sem byggist á því að allir þjóðfélagsþegnar njóti sömu virðingar og gegn kynþáttahatri, útlendingahatri, gyðingahatri og vægðarleysi.

Þessi herferð, sem farin verður undir yfirumsjón Evrópuráðsins í samvinnu við æskulýðssamtök í Evrópu, fer fram í hverju ríki og hverju byggðarlagi með stofnun landsnefnda.

Meginmarkmiðið verður að örva til tilraunaverkefna sem ná til allra sviða samfélagsins.

2. Þess verði farið á leit við aðildarríkin að þau efli varnir gegn hvers konar misrétti sem byggist á kynþætti, þjóðarbroti, þjóðerni, trúarbrögðum, og í því skyni:

- endurskoði þau án tafar löggjöf sína og reglugerðir í þeim tilgangi að afnema ákvæði sem líklegt er að stuðli að mismunun af þessum ástæðum eða ali á fordómum;
- tryggi þau virka framkvæmd löggjafar sem ætlað er að vinna gegn kynþáttahatri og mismunun;
- styrki þau og hrindi í framkvæmd forvörnum í þeim tilgangi berjast gegn kynþáttahatri, útlendingahatri, gyðingahatri og vægðarleysi, þannig að sérstök áhersla sé lögð á að auka skilning manna í millum.

3. Stofnuð verði nefnd sérfræðinga á vegum hins opinbera sem gegni því hlutverki að:

- endurskoða löggjöf, stefnu og aðgerðir aðildarríkja í því skyni að vinna gegn kynþáttahatri, útlendingahatri, gyðingahatri og vægðarleysi í skoðunum, svo og að kanna hver reynslan hefur verið;
- leggja til frekari aðgerðir í hverju byggðarlagi, hverju ríki og á vettvangi Evrópu;

- gera tillögur til aðildarríkja um almenna stefnumótun;
- kanna hvaða alþjóðasamþykktir eiga við um málefnið og leggja fram tillögur um breytingar á þeim þar sem við á.

Sérfræðinganefndin gefur ráðherranefndinni skýrslu reglulega, en ráðherranefndin leitar álits viðkomandi dagskrárnefnda.

Ráðherranefndin skal ákveða frekari starfshætti þessa nýja stjórnsýslutækis.

4. Efldur verði gagnkvæmur skilningur milli fólks með samvinnu- og hjálparáætlunum Evrópuráðsins. Starf á þessu sviði mundi einkum snúast um:

- að kanna rætur vægðarleysis í skoðunum og ráð til úrbóta, einkum með námskeiðum og rannsóknarverkefnum;
- að stuðla að fræðslu á sviði mannréttinda og virðingu fyrir mismunandi menningarheimum;
- að styðja við áætlanir sem miða að því að eyða fordómum við sögukennslu með því að leggja áherslu á jákvæð og gagnkvæm tengsl milli ríkja, trúarbragða og hugmyndafræði í söguþróun Evrópu;
- að hvetja til samvinnu sveitarstjórna milli landa í því skyni að auka tiltrú;
- að efla samvinnu á jafnréttisgrundvelli milli ólíkra þjóðfélagshópa,
- að móta stefnu sem vinnur gegn útilokun og sárri fátækt.

5. Að hvetja fjölmiðla til að fjalla um dæmi um kynþáttahatur og vægðarleysi á ábyrgan hátt þannig að rétt sé farið með staðreyndir og að stuðla að þróun siðareglna, sem endurspegla þá stefnu.

Við framkvæmd þessarar áætlunar mun Evrópuráðið taka fullt tillit til starfsemi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna á sviði umburðarlyndis, einkum undirbúnings fyrir „Ár umburðarlyndis“ 1995.

Ráðherranefndin fái áfangaskýrslu um framkvæmd framkvæmdaáætlunarinnar á 94. fundi sínum í maí 1994.

Fylgiskjal 3.

Evrópuráðið
Leiðtogafundur
Vín 1993

7. október 1993

Yfirlýsing um Rússland

Við, þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar aðildarríkja Evrópubandalagsins, sem komum saman til fundar í Vín, 8. október 1993, lýsum yfir miklum áhyggjum vegna nýafstaðinna atburða í Rússneska sambandsríkinu. Við hörmum hið mikla mannfall sem stafaði af því að andstæðingar umbótastefnu hvöttu til ofbeldisverka.

Við lýsum yfir samstöðu okkar með stuðningsmönnum umbótastefnu undir forystu Borísar Jeltsíns forseta og látum í ljósi þá ósk að lýðræðisþróun verði haldið áfram af festu.

Í þessu sambandi leggjum við megináherslu á að haldnar verði svo fljótt sem auðið er frjálsar og heiðarlegar kosningar, sem gera rússnesku þjóðinni kleift að tjá sig um framtíð sína og skapa aðstæður fyrir samþykkt nýrrar stjórnarskrár.

Við leggjum áherslu á þörf fyrir lýðræðisþróun og staðfestum á ný að við erum staðráðnir í að veita umbótaferlinu virkan stuðning, með því m.a. að leggja aukna áherslu á það í samvinnuverkefnum okkar með Rússlandi að veita aðstoð við mótun lýðræðislegra stofnana og réttarkerfis þar sem lögð er áhersla á mannréttindi og réttaröryggi.

196. Frumvarp til laga [177. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða VII svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 26. gr. er ráðherra heimilt að fresta skipun í stöðu bankastjóra Seðlabankans sem laus verður 1. janúar 1994. Heimild þessi gildir þó ekki lengur en til ársloka 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til nýrra laga um Seðlabanka Íslands var lagt fram til kynningar á 115. löggjafarþingi. Á 116. löggjafarþingi var frumvarpið lagt fram á nýjan leik en náði ekki fram að ganga. Nú er unnið að breytingum á frumvarpinu og er það til umfjöllunar í ríkisstjórn. Meðal þeirra atriða sem eru til umfjöllunar eru ákvæði VII. kafla frumvarpsins um stjórnskipulag bankans, þar með talið ákvæði um bankastjórn. Eins og fram kemur í fylgiskjali með stefnuræðu forsætisráðherra og í þjóðhagsáætlun sem forsætisráðherra hefur lagt fram á Alþingi er ætlun ríkisstjórnarinnar að leggja frumvarpið fram á ný á yfirstandandi þingi.

Í 1. mgr. 26. gr. laga um Seðlabanka Íslands segir m.a. að í bankastjórn Seðlabankans eigi sæti þrír bankastjórar og skv. 2. mgr. 26. gr. skipar ráðherrra bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Jafnframt segir að bankastjórar skuli eigi skipaðir til lengri tíma en sex ára í senn.

Í lok árs 1993 lætur einn af bankastjórum Seðlabankans af störfum fyrir aldurs sakir. Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðum 1. og 2. mgr. 26. gr. verði í raun vikið tímabundið til hliðar þannig að ráðherra skipi ekki nýjan bankastjóra í Seðlabanka Íslands meðan ný lög hafa ekki verið sett um bankann. Þó gildir þessi heimild ekki lengur en til ársloka 1994.

Á meðan heildarendurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands er ekki lokið þykir nauðsynlegt að gera þá breytingu á gildandi lögum um bankann sem hér er lögð til. Með því að skipa ekki í lausa stöðu bankastjóra næst fram sparnaður í rekstri bankans sem er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aðhald í útgjöldum ríkissjóðs og ríkisstofnana. Gert er ráð fyrir að fyrir árslok 1994 verði heildarendurskoðun á lögum um Seðlabankann lokið og að ákvæði sem þetta verði þar með óþarft.

197. Fyrirspurn [178. mál]

til landbúnaðarráðherra um landgræðslustörf bænda í samvinnu við Landgræðslu ríkisins.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hvernig hefur samstarfi bænda og Landgræðslu ríksins verið háttað á árunum 1992 og 1993 við uppgræðslu heimalanda?
2. Hversu margir bændur hafa tekið þátt í slíkum verkefnum?
3. Um hve stórt svæði lands er að ræða?
4. Hvernig skiptist kostnaður á milli aðila?
5. Hver eru áform ráðuneytisins um samstarf bænda og Landgræðslu ríkisins á sviði uppgræðslustarfa á árinu 1994?

198. Fyrirspurn [179. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar í Faxaflóa.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hve mikið veiddist af eftirtöldum fisktegundum í Faxaflóa síðustu þrjú fiskveiðiár (hvert ár fyrir sig), þorski, ýsu, skarkola, sandkola:

a. í dragnót,
b. í önnur veiðarfæri?

Skriflegt svar óskast.

199. Fyrirspurn [180. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðsluaðlögun.

Frá Sigbirni Gunnarssyni.

Hvað líður athugun ráðuneytisins á setningu laga um greiðsluaðlögun?

200. Fyrirspurn [181. mál]

til menntamálaráðherra um aðstöðu til verknámskennslu í framhaldsskólum.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvaða aðstöðu hafa framhaldsskólar til verknámskennslu?
2. Er um að ræða eigið húsnæði eða leiguhúsnæði?

3. Hvaða breytingar hafa orðið á aðstöðunni frá árinu 1988?
4. Hvaða áform eru uppi til að bæta aðstöðuna þar sem hún er ófullnægjandi?

Svar óskast sundurliðað eftir iðngreinum og skólum.

Skriflegt svar óskast.

201. Fyrirspurn [182. mál]

til viðskiptaráðherra um verðmun á nauðsynjavörum.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hver hefur þróunin verið frá árinu 1991 hvað varðar verðmun á nauðsynjavörum milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar?
2. Hefur eitthvað verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar til að vinna gegn þessum verðmun?
3. Má búast við einhverjum aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar til að jafna þann aðstöðumun sem þessi verðmunur hefur í för með sér?

Skriflegt svar óskast.

202. Svar [93. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Tómasar Inga Olrich um kostnað og umfang rannsókna á vatnaflutningum til Fljótsdals.

1. *Hve umfangsmiklar rannsóknir hafa farið fram á vegum Landsvirkjunar, Orkustofnunar og annarra opinberra aðila vegna hugmynda um að veita Jökulsá á Fjöllum til Fljótsdals og byggja vatnsorkuver austan Arnardals og í Fljótsdal?*

Undanfarna tvo áratugi hefur Orkustofnun stundað rannsóknir á virkjunarmöguleikum í Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum og hefur Landsvirkjun tekið beinan þátt í þeim frá árinu 1990. Yfirlit um þessar rannsóknir er í fskj. I og II. Eins og gildir um virkjunarrannsóknir almennt hefur tilgangur þessara rannsókna frá fyrstu tíð verið sá að afla nauðsynlegrar þekkingar á virkjanavalkostum til að unnt sé að meta og bera saman. Við slíkar rannsóknir koma margar leiðir til greina og fela rannsóknirnar í sér skilgreiningu og samanburð á þeim, svo sem að því er varðar kostnað og umhverfisáhrif. Það sem er sérstætt við rannsóknir á virkjunarmöguleikunum í umræddum vatnsföllum er að sumir þeirra fela í sér að vatni er veitt ofarlega úr Jökulsá á Fjöllum, nálægt Vaðöldu yfir í Jökulsá á Dal og vatnsföllin virkjuð saman, annaðhvort í farvegi þess síðarnefnda eða með því að veita þeim saman eða hvoru í sínu lagi til Fljótsdals. Virkjunarkostum í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal er lýst í fskj. III.

Umræddar rannsóknir hafa, eins og áður segir, beinst í senn að hagkvæmni virkjunarkosta með tilliti til kostnaðar og umhverfisáhrifa eins og á við um virkjunarrannsóknir almennt hvar sem er á landinu. Að jafnaði er hagkvæmnisathugun ódýrust. Er því að jafnaði hafist handa við hagkvæmnismat út frá því sjónarmiði að ekki sé þörf á, eða að a.m.k. liggi ekki á, að rannsaka áhrif virkjunar á umhverfi eða kanna hvort tæknilega er unnt að virkja vatnsfallið ef virkjunin er fyrirsjáanlega svo óhagkvæm að ekki komi til greina að ráðast í hana eða hún er augljóslega svo dýr að ekki verður virkjað þar fyrr en langt á eftir mörgum öðrum hagkvæmari virkjunum. Á hinn bóginn verður heldur ekki tekin skynsamleg ákvörðun um að vatnsfall skuli alls ekki virkjað af umhverfisástæðum nema fyrir liggi vitneskja um hvaða efnahagsleg fórn felst í slíkri ákvörðun. Slík þekking fæst ekki nema með því að meta hagkvæmni hlutaðeigandi virkjunarkosta.

Á níunda áratugnum fóru fram allumfangsmiklar umhverfisrannsóknir á virkjun Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Dal. Þar má nefna almennar náttúrufarsathuganir, rannsóknir á gróðurfari og hreindýrum og athugun á fuglalífi svo það helsta sé nefnt.

Á árinu 1989 tók samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráð um orkumál (SINO) til umfjöllunar hugmyndir um virkjanir á Austurlandi og í framhaldi af því tóku Landsvirkjun og Orkustofnun saman skýrslu um stöðu málsins sem kynnt var nefndinni.

Hér á eftir verður stiklað á stóru í lýsingu á þeim rannsóknarverkefnum sem Landsvirkjun og Orkustofnun hafa unnið að á undanförnum árum og tengjast virkjun Jökulsár á Fjöllum.

Tilhögun miðlunar samfara virkjun Jökulsár á Fjöllum er einn mikilvægasti þáttur þessara rannsókna. Miðlunarlón yrðu svipuð hvort heldur áin er virkjuð til austurs eða eftir eigin farvegi og umhverfisáhrif þeirra því nánast þau sömu. Í báðum tilvikum yrði strandlengjan í Öxarfirði og við Héraðsflóa fyrir vissum áhrifum sem Orkustofnun er að rannsaka. Orkustofnun hefur einnig rannsakað á eigin vegum jarðfræði fjallgarða milli Arnardals og Jökuldals auk rannsókna á sama sviði fyrir Landsvirkjun. Þá hefur verið unnið að gerð grunnvatns- og rennslislíkans af vatnasviði árinnar og er því verki að ljúka um þessar mundir.

Á árinu 1991 var Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. (VST) falið að endurskoða og endurmeta kosti við að virkja Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal. Sú athugun leiddi í ljós að virkjun Jökulsár á Fjöllum til austurs um Arnardal í Jökuldal og til Fljótsdals væri hagkvæmari kostur en virkjun norður til Öxarfjarðar. VST var síðan falið að gera ítarlegri athugun á tilhögun sem felur í sér áðurnefnda veitu Jökulsár á Fjöllum, en Jökulsá á Dal yrði virkjuð sérstaklega með veitu til Fljótsdals. Þessi tilhögun gefur tækifæri á að virkja hvora ána um sig óháð og býður því upp á áfangaskiptingu. Þessar áætlanir benda til að með virkjun ánna megi að öllum líkindum vinna ódýrari raforku en fáanleg yrði annars staðar á Íslandi, orku sem væri sambærileg við ódýrustu vatnsorku sem fáanleg er í heiminum.

Í ársbyrjun 1992 ákvað SINO-nefndin í samvinnu við Landsvirkjun og Orkustofnun að láta gera samanburð á umhverfisáhrifum sex mismunandi virkjunarleiða. Í þeim er Jökulsá á Fjöllum virkjuð á þrjá mismunandi vegu:

a. Með veitu frá Vaðöldu um Fagradalslón og þaðan austur í Jökulsá á Dal,
b. með veitu frá Upptyppingum um Arnardalslón og austur í Jökulsá á Dal,
c. með miðlun og virkjun úr Arnardal, virkjun og miðlun við Lambafjöll og veitu frá Sauðaklifshöfða norður Hólssand að Hólsfjallavirkjun.

Skýrsla um þessar athuganir var gefin út sl. vor. Þar kemur meðal annars fram að æskilegra er talið að veita Jökulsá á Fjöllum um Arnardal fremur en um Fagradal eins og eldri áætlanir gerðu ráð fyrir, þ.e. ef ákveðið verður að veita ánni til austurs.

Sumarið 1993 var gerð ítarleg úttekt á gróðurfari í Arnardal í samræmi við tillögur í áðurnefndri skýrslu. Úrvinnslu lýkur fyrir árslok 1993.

Lauslegar yfirborðsathuganir hafa farið fram undanfarin tvö sumur á jarðfræði svæðisins frá Jökulsá á Fjöllum austur fyrir Arnardalslægðina. Á sama hátt hefur byggingarefni verið kannað, aðallega hugsanlegt fylliefni í stíflur.

Þá hafa rannsóknir og talning á heiðagæs á öræfum Austurlands verið gerðar og er skýrsla þar að lútandi væntanleg fljótlega.

Sumarið 1993 fóru fram mælingar á Lagarfljóti neðan Egilsstaða, en með hugsanlegri veitu frá Jökulsá á Dal til Fljótsdals þrefaldast meðalrennsli í Leginum. Það þyrfti því að gera ráðstafanir til að halda vatnsborðsbreytingum innan núverandi marka.

2. *Hver er kostnaður við þessar athuganir?*

Samanlagður rannsóknarkostnaður Orkustofnunar til þessa á virkjunarmöguleikum í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal nemur alls 160 millj. kr. á núverandi verðlagi. Kostnaður Landsvirkjunar við hliðstæðar rannsóknir nemur alls 40 millj. kr. til dagsins í dag, einnig á núverandi verðlagi. Alls nemur kostnaður því 200 millj. kr. Þar af má ætla að kostnaður, sem sérstaklega er tilkominn vegna hugmyndanna um veitu Jökulsár á Fjöllum til Fljótsdals, nemi nálægt 20 millj. kr.

3. *Hve háðar eru áætlanir um orkuflutninga um sæstreng til Englands eða meginlands Evrópu hugmyndum um að veita Jökulsá á Fjöllum til Fljótsdals?*

Virkjun Jökulsár á Fjöllum með veitu til Fljótsdals er það stór og fjárfrekur áfangi að í hann verður ekki ráðist nema orkusala sé tryggð annaðhvort til stóriðju innan lands eða til útflutnings um sæstreng. Ódýr raforka, sem fáanleg er með stórvirkjununum á Norðausturlandi, er á engan hátt bundin við útflutning. Mikilvægi hennar er ekkert síður fyrir raforkufrekan iðnað í landinu sjálfu svo fremi að uppbygging hans verði nægilega hröð til að ná megi hinu lága kostnaðarverði á orkueiningu sem þessir stóru virkjunaráfangar búa yfir og háð er góðri nýtingu þeirra þegar frá því að hlutaðeigandi virkjanir eru teknar í notkun.

Fylgiskjal I.

Orkustofnun:

Rannsóknir Orkustofnunar á stórvirkjunum á Austurlandi.
Stutt sögulegt yfirlit.
(22. október 1993.)

1. Þróun hugmynda og rannsókna til 1978

Fyrsta stig í þróun virkjunarhugmynda er að koma auga á mögulega rennslisorkustaði. Næsta stig er frumathugun á líklegum kostnaði við virkjun, og afköstum. Fyrstu stig athugana á Austurlandi eru álíka gamlar og athuganir á virkjun vatnsorku, en fyrstu hugmyndir um stórvirkjanir með því að veita saman stóránum þremur voru settar fram í skýrslu frá Orkustofnun 1969. Þar voru sameinaðar flestar af þeim hugmyndum sem nú er unnið með, þó útfærsla þeirra hafi tekið ýmsum breytingum. Gert var ráð fyrir veitu Jökulsár á Fjöllum til Jökulsár á Dal og virkjun þeirra ásamt Jökulsá í Fljótsdal til Fljótsdals. Þar var einnig gert ráð fyrir safngöngum (þakrennu) frá Hraunum til lóns á Eyjabökkum.

Athuganir af þessu tagi eru í fyrstu venjulega gerðar út frá almennri vitneskju um staðhætti; ónákvæmum landakortum og takmörkuðum rennslismælingum. Þær leiða til fremur grófra virkjunarhugmynda. Rétt viðbrögð við slíkum hugmyndum er að meta hvort eftir hagkvæmum möguleikum er að slægjast og gera áætlun um rannsóknir og mælingar sem þarf til að vinna úr þeim nothæfar virkjunaráætlanir.

Næstu skref voru því fólgin í að gera af svæðinu nákvæm landakort með 5 m á milli hæðalínubila og styrkja rennslismælingakerfið. Jafnframt hófust jarðfræðirannsóknir á helstu líklegum mannvirkjasvæðum. Síðar hófust forathuganir á virkjunarmöguleikum og samanburður á mögulegum virkjunarleiðum. Þessum athugunum lauk með 6 binda ritröð um mögulegar virkjanir og samanburð á mismunandi tilhögun þeirra, sem út kom 1978 undir samheitinu Austurlandsvirkjun. Að þessu unnu stærstu verkfræðistofur landsins (Almenna Verkfræðistofan hf, Virkir hf og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf) fyrir Orkustofnun. Virkjun Jökulsár í Fljótsdal, Fljótsdalsvirkjun, hafði áður verið skilin frá, en undirbúningsrannsóknir þar hófust um 1970 með nokkurra ára millispili sem varðaði virkjun Bessastaðaár sérstaklega.

Hagkvæmustu kostir á virkjun hinna stóru Jökulsánna var fólgin í fáum mjög stórum kostum, sem hentuðu illa þeim markaðsáföngum fyrir raforku sem menn töldu þá mögulega. Lagt var til að Jökulsá á Fjöllum yrði veitt um Fagradal til Jökulsár á Dal, og virkjuð með henni í tveimur áföngum; þeim fyrri niður á Jökuldal við Brú og hinum síðari til Fljótsdals. Athuganir á heppilegri áfangaskiptingu gáfu yfirleitt ekki hagkvæmari orku en fá mátti víða annarsstaðar í virkjunum af heppilegri stærð fyrir markaðinn. Því var mjög dregið úr rannsóknum er líða tók á 9. áratuginn, en ýmis atriði voru þó endurskoðuð af og til eftir því sem tilefni var til og síðar greinir. Rannsóknir og gagnaöflun sem varðaði líkleg umhverfisáhrif voru meðal rannsókna sem fram fóru eftir 1978.

2. Umhverfisrannsóknir

2.1 Almennar náttúrufarsrannsóknir

Umhverfisrannsóknir vegna stórvirkjana á Austurlandi hófust 1975 með rannsóknum á Eyjabökkum og Fljótsdalsheiði fyrir Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins. Mat á umhverfisá-

hrifum, verndargildi o.þ.h. byggist æfinlega á samanburði, annars vegar svæðisbundnum og hins vegar á landsvísu. Þess vegna var talið nauðsynlegt að afla gagna um náttúrufar á öðrum gróðursvæðum sem búa við svipuð landfræðileg skilyrði og á Eyjabökkum. Á árunum 1977-'78 voru því umhverfisrannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar endurskipulagðar og látnar spanna yfir Vesturöræfi með árdal Jökulsár á Dal, Kringilsárrana og svæðið allt að Sauðá á Brúaröræfum. Þar með hófust einnig náttúrufarsrannsóknir vegna svonefndrar Austurlandsvirkjunar. Þeim var síðan haldið áfram 1980-'82 með rannsóknum á Brúaröræfum frá Sauðá að Jökulsá á Fjöllum allt frá Fagradal suður í Krepputungu. Náttúrugripasafnið í Neskaupstað sá um þessar rannsóknir fyrir Orkustofnun.

2.2 Hreindýrarannsóknir

Árið 1977/78 hófst undirbúningur að rannsóknum á hreindýrum. Leitað var ráða hjá norskum sérfræðingum varðandi þá þætti sem skiptu máli og um skipulag þeirra. Þótt brýnast væri að kanna hvaða áhrif fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun hefði, var ákveðið að taka einnig mið af hugsanlegri virkjun í Jökulsá á Dal. Hreindýrin nýta þau svæði sem um ræðir frá vori til hausts, en yfir veturinn halda þau til utar á heiðunum og niður undir byggð. Þessar rannsóknir tóku þrjú ár (1979-1981) og þeim lauk með skýrslu 1983. Þessar rannsóknir, sem Náttúrufræðistofnun Íslands sá um, voru á vegum Orkustofnunar, Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins.

3. Virkjunaráætlanir 1978-1987

Rétt framkvæmd forathugunar á virkjunarmöguleikum er gagnvirkt ferli, þar sem reglulega er athugað hvaða áhrif nýjar upplýsingar gætu haft á endanlega tilhögun virkjana. Það var einkum tvennt sem gaf tilefni til nánari skoðunar á fyrirkomulagi virkjana á þessu tímabili: 1) Talið var líklegt að Fagridalur á Brúaröræfum hefði mjög hátt verndargildi. 2) Talið var að há vatnsstaða í Hálslóni gæti haft mikil áhrif á hreindýrastofninn í hörðu árferði. Þetta tvennt gaf öðru fremur tilefni til endurskoðunar virkjunarhugmynda, en einnig viðleitni til að finna ódýrari leiðir, eða möguleika til að bregðast við þeim kröfum sem síðar kæmu í ljós, eins og t.d. þörf á milliáramiðlun vegna mikilla rennslissveiflna í Jökulsá á Dal. Líkt og í fyrri áætlunum virtist hvergi ódýrara að virkja á landinu en í þessum ám ef kaupandi fengist að svo mikilli orku. Samanburður við aðra kosti sem voru til athugunar benti til að þessar virkjanir væru a.m.k. 20% ódýrari en aðrir ódýrir kostir.

Þessar endurskoðanir leiddu annars vegar til þess að kynnt var hugmynd að veitu úr Jökulsá á Fjöllum frá stóru miðlunarlóni í Arnardal í stað Fagradals, og hins vegar til þess að varpað var fram hugmynd að lækkun lóns í Jökulsá á Dal með því að nýta einnig Laugarvalladal og Fiskidal sem lónstæði. Einnig var athugaður möguleiki á að nýta Ánavatn, Sænautavatn og Kollseyrudal eða hluta þeirra til miðlunar, auk þess sem bent var á aðra möguleika á staðsetningu virkjana. Sumarið 1985 var gerð gróf úttekt á gróðurfari þeirra svæða, sem samkvæmt þessum nýju áætlunum gætu komið til greina sem miðlunarlónstæði. Var það hugsað sem undirbúningur frekari rannsókna þegar þar að kæmi.

4. Nýr markaður

Sem fyrr segir lágu athuganir á Austurlandsvirkjun að mestu niðri á síðari hluta níunda áratugnum að öðru leyti en því að haldið var áfram með rannsóknir á jarðfræði og náttúrufari eins og fyrr greinir. Engin ástæða var til að fara geist, og reyndar alltaf umdeilt hvort þarna ætti að gera nokkuð að svo stöddu. Þegar farið var að athuga möguleika á útflutningi raforku um sæstreng seint á liðnum áratug beindist athyglin aftur og í auknum mæli að þessu svæði. Þótt forathugun teldist ekki að fullu lokið, lágu fyrir það miklar upplýsingar um virkjunarleiðir, að virkjunaraðili, þ.e. Landsvirkjun hóf nánari athugun á einstaka útfærslum, og hefur staðið

straum af mestum hluta kostnaðar við undirbúning frá árinu 1990.

Á vegum SINO (Samstarfsnefnd Iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um Orkumál) var farið yfir allar fyrirliggjandi hugmyndir á árunum 1988-'89 og m.a. látið endurmeta miðlunarþörf miðað við líklegan markað. Frekari athuganir lágu að mestu niðri á meðan beðið var eftir niðurstöðum mats á tæknilegum möguleikum og hagkvæmni sæstrengs á vegum Landsvirkjunar. Í byrjun árs 1992 ákvað SINO að láta bera saman helstu kosti til virkjunar með tilliti til líklegra umhverfisáhrifa. Landsvirkjun fékk Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf til að stilla þeim upp, og Kristján Þórarinsson, stofnvistfræðingur, var fengin til að stýra úttektinni, en að henni komu allir helstu sérfræðingar sem höfðu öðlast þekkingu á svæðinu í rannsóknum seinustu 10-15 árin, auk fulltrúa þeirra er nýta svæðið til ferðalaga og útivistar. Þessi úttekt nær aðeins til þeirra áhrifa sem eru breytileg eftir tilhögun, en ekki til áhrifa sem eru sameiginleg öllum tilhögunum. Meðal þeirra má nefna breytingar á rennsli um Dettifoss og fyrirsjáanlegar breytingar á strönd Héraðsflóa og Öxarfjarðar, en þær síðarnefndu yrðu vegna þess að við miðlun ánna mun að mestu taka fyrir aurframburð til sjávar.

5. Samanburður á umhverfisáhrifum

Of langt mál er að rekja niðurstöður þessa náttúrufarslega umhverfismats, eða allar forsendur þeirra. Þó þykir rétt að benda á eitt atriði sem miklu réði um niðurstöðuna, en það var nauðsyn þess að hægt væri að hlífa sem stærstu samfelldu svæði og frekast þar sem gróður ætti almennt í mestri vök að verjast vegna óblíðra skilyrða. Fagridalur hefur verið talin mjög sérstæð gróðurvin, ekki hvað síst vegna legu sinnar í um 600 m hæð, og með mikið verndargildi. Með því að hlífa honum skerðist heldur ekkert af gróðurlendi Krepputungu. Niðurstaðan varð því sú að frekar ætti að velja miðlunarlónstæði í Arnardal og veituleiðir þaðan til Jökuldals. Með því héldist allt gróðurlendi sunnan Arnardals allt að jökli óskert.

Aðeins er um að ræða tvo megin möguleika á stórri miðlun í Jökulsá á Dal; há vatnsstaða í lóni í farvegi árinnar eða lág vatnsstaða þar og viðbótarmiðlun í Laugarvalla- og Fiskidal. Til að skera úr um þessa valkosti þarf annars vegar að gera sér betri grein fyrir þýðingu árdals Jöklu fyrir hreindýr og hvað menn ætla sér með framtíð hreindýrastofnsins, og hins vegar önnur sjónarmið varðandi t.d. Laugarvalladal. Á það var m.a. bent, að ef Arnardalur færi undir vatn væri Laugarvalladalur e.t.v. ákjósanlegasti staðurinn fyrir þjónustu við ferðamenn á svæðinu, m.a. vegna jarðhita og gróins undirlendis. Þau sjónarmið sem nefnd voru í fyrri málsgrein eiga ekki við um árdal Jöklu, því að beggja vegna hans eru mjög kröftug gróðurlendi; Vesturöræfi, Kringilsárrani og Sauðafell.

6. Framhald undirbúnings

Rannsóknir og athuganir vegna Austurlandsvirkjunar munu á þessu og næsta ári beinast aðallega að þeim þáttum sem varða ákvörðun um virkjun þessarra vatnsfalla og tilhögun. Nú þegar er ljóst að ef valin verður sá kostur að veita Jökulsá á Fjöllum til austurs, getur tilhögun virkjana orðið fremur einföld. Tvö stór miðlunarlón nægja og allar veitur yrðu í jarðgöngum þaðan að virkjunarstað. Í árdal Jökulsár á Dal og t.d. veita í jarðgöngum að virkjun í Fljótsdal, og í Arnardal með jarðgangaveitu að virkjun annars vegar í Jökuldal efra nærri Reykjará og hins vegar frá litlu inntakslóni við Hölkná að virkjunarstað í Fljótsdal skammt norðan fyrirhugaðs stöðvarhússtæðis Fljótsdalsvirkjunar í 25-30 m hæð y.s.. Það er talið útséð um að virkjun Jökulsár á Fjöllum í eigin farvegi muni geta keppt við þann kost að veita henni austur hvað orkukostnað varðar. Umhverfisáhrif yrðu meiri, m.a. vegna viðbótarlóna við Möðrudal og Grímsstaði, en það sem mestu ræður er að jarðhræringar á Hólsfjöllum gera það nánast útilokað að virkja fallið í ánni fram hjá Jökulsárgljúfrum niður í Öxarfjörð.

Rannsóknir vegna mannvirkjagerðar munu beinast að líklegum leiðum jarðganga og stíflustæðum við Arnardal og í Jökulsá á Dal. Umhverfisrannsóknir munu m.a. beinast að náttúrufarsúttekt og mati á verndargildi Arnardals, og mikilvægi árdals Jöklu fyrir hreindýr. Lokið verður við mat á rofi sandstrandar Héraðsflóa og Öxarfjarðar, haldið áfram að safna myndum af Dettifossi við mismunandi rennsli, kannað hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til að halda óbreyttu vatnsborði í Lagarfljóti og til að minnka eins og kostur er hættu á landbroti meðfram fljótinu, svo að það helsta sé nefnt.

7. Um tímabærar eða ótímabærar virkjunarrannsóknir

Eins og fyrr segir bentu fyrstu forathuganir á Austurlandsvirkjun til þess að hagkvæmir áfangar væru of stórir fyrir fyrirsjáanlega kaupendur. Þess vegna var dregið mjög úr rannsóknum, en þær voru ekki látnar niður falla, og ennfremur var litið heildstætt á virkjunarsvæðin norðan Vatnajökuls við umhverfisathuganir vegna Fljótsdalsvirkjunar. Þess vegna er nú hægt að tala um að komast megi að niðurstöðu um þessar virkjanir á næstu árum ef það er nauðsynlegt t.d. vegna undirbúnings sölu á raforku um sæstreng. Hér sannast sem endranær að markaðsforsendur eru fljótar að breytast, og það sem virtist ómögulegt í gær er mögulegt og fýsilegt á morgun. Grunnrannsóknir á orkulindum og því sem varðar nýtingarmöguleika þeirra mega því ekki ráðast um of af skammsýnum markaðshorfum eða tímabundnum erfiðleikum þjóðarbúsins. Eftir að grunnrannsóknum lýkur og hægt er að taka ákvörðun um kostnaðarsama hönnun og undirbúa virkjun þarf u.þ.b. 10 ár þar til virkjun getur tekið til starfa. Ef virkjunarrannsóknir eru svo skammt á veg komnar á ákveðnum mikilvægum augnablikum í samningum við kaupendur, að hvorki er hægt að ræða af alvöru um verð á orku eða afhendingartíma, er eins víst að ekkert verði úr viðskiptum. Spurningin er naumast hvort verja eigi fjármunum til að undirbúa virkjanir þótt ákveðinn kaupandi sé ekki við dyrnar, heldur með hvaða hætti eigi að fjármagna þær, þ.e. taka áhættuna af þeim drætti sem getur orðið á að rannsóknarfé skili arði. Rétt er að minna á að ríkissjóður hefur fram til þessa fengið endurgreiddan verulegan hluta þess fjár, sem það hefur lagt í undirbúning vatnsaflsvirkjana, þegar leyfi til virkjunar er gefið. Bein áhætta hans verður því að teljast minni af undirbúningsrannsóknum vegna virkjana en ýmsum öðrum útgjöldum til þróunarrannsókna. Traust vitneskja um orkulindirnar styrkir stórlega stöðu ríkisins sem umráðaaðila þeirra gagnvart erlendum viðsemjendum.

Fylgiskjal II.

Landsvirkjun:

Kostnaður og umfang rannsókna á vatnaflutningum til Fljótsdals.
(21. október 1993.)

Vatnsorka á Íslandi, sem virkja má á hagkvæman hátt til raforkuframleiðslu er talin nema um 30 TWst/ári. Af þessari orku er talið að um 30% megi virkja í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Brú og er orkugeta ánna u.þ.b. jöfn eða um 15% af virkjanlegri vatnsorku landsins. Af þessum sökum hafa augu manna lengi beinst að virkjun þessara vatnsfalla þegar rætt hefur verið um stórvirkjanir hér á landi. Hins vegar hefur lengi verið ljóst, að mesta hagkvæmni virkjana í þessum vatnsföllum væri að verulegu leyti bundin orkusölu til stórnotenda raforku.

Frumáætlanir hafa verið gerðar á síðustu 20 árum um hagnýtingu vatnsorkunnar í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Brú með mismunandi hætti, bæði með virkjunum í eigin farvegi og með veitu til Fljótsdals. Á síðustu fjórum árum hafa fyrri hugmyndir um virkjanatilhaganir í þessum vatnsföllum verið teknar til skoðunar að nýju einkum í ljósi þess, að hér er um að ræða ódýrustu raforku, sem unnt er að framleiða á Íslandi. Þykir orðið tímabært að huga nánar að þessum virkjanamöguleikum til nýtingar við frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu og til útflutnings raforku, en slíkur markaður gæti opnast upp úr næstu aldamótum.

Á síðustu árum hefur Landsvirkjun unnið að athugun á möguleikum á útflutningi raforku um sæstreng til Skotlands, sem benda eindregið til þess að við núverandi tækni séu engin vandkvæði á lagningu sæstrengs og verð á raforku um hann gæti orðið samkeppnisfært innan fárra ára við verð frá öðrum orkugjöfum í Skotlandi eða á meginlandi Evrópu.

Á árinu 1991 fól Landsvirkjun Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf að yfirfara og bera lauslega saman allar fyrri hugmyndir um tilhögun virkjana á vatnasviði Jökulsár á Brú og Jökulsár á Fjöllum. Var það gert til að fá gleggri mynd af hagkvæmni einstakra tilhagana ásamt nauðsynlegri miðlunarstærð virkjana og helstu umhverfisáhrifum.
Í samanburðaráætlun VST hf voru að mismunandi tilhaganir virkjana með veitu og virkjun Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú til Fljótsdals bornar saman og auk þess var greint frá frumhugmyndum um virkjanir í eigin farvegi. Tilhögun virkjana í þessum vatnsföllum má í aðalatriðum skipta í þrennt.

1. Virkjun ánna í eigin farvegi,
2. Virkjun Jökulsár á Fjöllum í eigin farvegi, en Jökulsá á Brú yrði virkjuð til Fljótsdals.
3. Veita og virkjun Jökulsár á Fjöllum til Jökulsdals og Fljótsdals, en Jökulsár á Brú yrði virkjuð til Fljótsdals.

Þessi athugun leiddi í ljós, að afar hagkvæmt væri að virkja jökulsárnar sitt í hvoru lagi yfir til Fljótsdals, sbr. lið 3 hér að ofan. Nokkur óvissa er um virkjanatilhaganir í eigin farvegi ánna vegna skorts á gögnum og rannsóknum, en allt bendir til þess að kostnaður á orkueiningu við slíka tilhögun verði a.m.k. 20% hærri en með veitu og virkjun ánna til Fljótsdals.
Með virkjun þessara vatnsfalla verður óhjákvæmilega mikil breyting á rennsli í farvegi ánna hvort sem þær verða virkjaðar með veitu til Fljótsdals eða í eigin farvegi. Rennslishættir ánna krefjast þess að gerð séu allstór miðlunarlón við virkjun þeirra. Með virkjun Jökulsár á Fjöllum í eigin farvegi yrðu miðlunarlón tvöfalt stærri en með veitu og í báðum tilvikum fellur grófasti hluti aurburðar jökulvatnsins út í lónunum. Þannig er er líklegt að umhverfisáhrif af völdum virkjana í eigin farvegi geti orðið síst minni en með veitu til Fljótsdals. Hafa áætlanir á síðustu tveimur árum því verið lagðar á tilhögun virkjana með veitu til Fljótsdals í stað virkjana í eigin farvegi í ljósi ofangreindra atriða, eins og sést á meðfylgjandi yfirlitskorti af svonefndri tilhögun 4.

Í febrúar 1992 ákvað Samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál í samvinnu við Landsvirkjun og Orkustofnun að láta gera yfirlit og samanburð á umhverfisáhrifum 6 mismunandi virkjanatilhagana Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú þar sem gert var ráð fyrir veitu ánna til Fljótsdals. Þar er fjallað um landslag og jarðfræði, gróðurfar og landgreiningu, fuglalíf, áhrif á hreindýr og ferðamennsku af kunnugum mönnum, sem þekkja vel til þessara málaflokka. Niðurstaða þessarar úttektar liggur fyrir og má í stuttu máli segja að þær séu eftirfarandi:

1. Æskilegra er talið að veita Jökulsá á Fjöllum til Jökuldals um Arnardal fremur en um Fagradal, eins og fyrri áætlanir miðuðust við, ef ákveðið verður að veita Jökulsá á Fjöllum yfir til Fljótsdals.

2. Talið er, að Hálslón kunni að hafa veruleg áhrif á beitarsvæði hreindýranna á burðartíma í hörðum vorum og því kunni að vera nauðsynlegt að halda vatnsborði lónsins eins lágu og mögulegt er, en stór hluti hreindýrastofnsins hér á landi heldur til á svæðinu norðan Vatnajökuls yfir burðartímann.

3. Mikilvægt að friða Dimmugljúfur og stíflustæði Hálslóns verði því að vera við Fremri- Kárahnjúk eða framar.

Í skýrslunni eru gerðar tillögur um rannsóknir á helstu umhverfisþáttum, sem tengjast hugsanlegri veitu jökulánna til Fljótsdals og hefur í meginatriðum verið unnið samkvæmt þeim tillögum.

Þær rannsóknir, sem Landsvirkjun hefur unnið að á síðustu fjórum árum hafa í meginatriðum beinst að eftirfarandi þáttum:

1. **Kortagerð og jarðfræði.**
   Unnið hefur verið að gerð yfirlitskorta af vatnasviði jökulsánna. jafnframt hefur verið unnið við jarðfræðikortlagningu og gerð jarðfræðikorta á virkjanasvæðum. Unnið hefur verið við leit og rannsóknir á líklegum byggingarefnum.

2. **Rennsli og vatnafræði.**
   Unnið hefur verið úr fyrirliggjandi vatnamælingagögnum og unnið hefur verið við gerð rennslislíkans af vatnasviði ánna. Athuganir eru hafnar á því á hvern hátt væri unnt að veita jökulsánum tveimur um Lagarfljót til sjávar án þess að vatnsborðsbreytingar verði meiri þar en náttúrulegar sveiflur eru í dag.

3. **Gróðurfar og umhverfi.**
   Unnið hefur verið við endurskoðun gróðurkorta af öllum hugsanlegum lónstæðum, gróðurfar í Fagradal og Arnardal hefur verið ítarlega skrásett.
   Unnið hefur verið að talningu hreindýra í hugsanlegu lónstæði við Háls og á Vesturöræfum, einnig hefur farið fram talning heiðargæsa á svæðinu.

4. **Áætlanagerð.**
   Eins og fram kemur hér að ofan hefur verið unnið við áætlanagerð fyrir mismunandi virkjanatilhaganir og unnin drög að frumáætlun um veitu og virkjun Jökulsár á Fjöllum með tveimur virkjunum til Fljótsdals. Hugmyndir um virkjun árinnar í eigin farvegi hafa lauslega verið skoðaðar.

Samtals nemur áfallinn kostnaður Landsvirkjunar við hönnun og rannsóknir vegna virkjana Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú um **40 Mkr** á árnum 1990 -1993. Af þessari upphæð er kostnaður, sem tengist hugsanlegri veitu og virkjun Jökulsár á Fjöllum til Fljótsdals um þriðjungur eða um **15 Mkr.**

Þau vatnsföll, sem án vafa er einna hagkvæmast að virkja við frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar og hugsanlega raforkusölu um sæstreng, eru Jökulsá á Brú og Jökulsá á Fjöllum vegna þeirrar miklu og hagkvæmu orku, sem þar er óbeisluð. Leggja ber þó áherslu á að styrkja þarf raforkuflutningskerfi landsins, þegar virkjanir í þessum ám verða reistar, þannig að aðrar virkjanir í öðrum landshlutum munu jafnframt nýtast til þess að fullnægja innlendum markaði, uppbyggingu stóriðju og útflutningi raforku. Eðlilegast er því að líta á raforkukerfið í heild þegar rætt er um áform á orkusölu um sæstreng. Hvort markaður er fyrir slíka orkusölu ræðst hinsvegar að miklu leyti af því á hve hagkvæman hátt okkur tekst að afla hennar og flytja hana til notenda.

VIRKJUN JÖKULSÁR Í FLJÓTSDAL, JÖKULSÁR Á FJÖLLUM OG JÖKULSÁR Á BRÚ

TILHÖGUN 4



27.09.1993

Fylgiskjal III.

Orkustofnun:

Virkjunarkostir í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal.
(22. október 1993.)

1. Inngangur

Hér verður farið nokkrum orðum um þá virkjunarmöguleika í Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum sem hafa verið til athugunar undanfarna tvo áratugi, og þá leit að hagkvæmum kostum, sem um síðir hefur m.a. beint athyglinni að veitu Jökulsár á Fjöllum til austurs í stað virkjunar í eigin farvegi. Gerð verður grein fyrir því hve stór hluti undirbúningsrannsókna er beinlínis vegna hugmynda um veitu Jökulsár á Fjöllum og virkjun hennar á vatnaviði Jökulsár á Dal og Lagarfljóts, en ekki til þess að greina mismunandi möguleika á virkjun.

Umhverfisrannsóknir hófust 1979 og síðan þá hafa verkfræðilegar athuganir og umhverfisrannsóknir verið gagnvirkar, þannig að niðurstöður umhverfisrannsókna hafa verið nýttar til að beina hinum verkfræðilega þætti á nýjar brautir og öfugt. Vegna þessa var mögulegt að gera nokkuð ítarlegan samanburð á virkjunarleiðum með tilliti til áhrifa þeirra á umhverfið.

2. Jökulsá á Dal

Varðandi virkjun Jökulsár á Dal hafa ýmsir kostir verið athugaðir. Sammerkt þeim öllum er aðalmiðlun í árdal árinnar innan við Kárahnúka. Þaðan hafa verið kannaðir þrír möguleikar á virkjun:

- Virkjun beint úr miðlunarlóni með jarðgöngum til Fljótsdals.
- Virkjun úr lóni niður á Jökuldal efra, Hafrahvammavirkjun, og af Jökuldal með göngum undir Fljótsdalsheiði að virkjun í Fljótsdal (Brúarvirkjun).
- Í stað Brúarvirkjunar í þrepavirkjunum niður Jökuldal.

Í þessum virkjunum er hægt að nýta 500-550 m fall í einni, tveimur eða mörgum virkjunum. Samkvæmt samanburðaráætlunum er virkjun árinnar því hagkvæmari sem virkjunarþrepin eru færri, og því beinast rannsóknir nú að fyrsttalda kostinum. Botn Fljótsdals er enn í aðeins 25 m y.s. 75 km frá strönd Héraðsflóa, og ráða þær landfræðilegu aðstæður mestu um hve hagkvæmt er að virkja með veitum til Fljótsdals, en Jökulsá á Dal hallar nokkuð jafnt niður allan Jökuldal.

3. Jökulsá á Fjöllum

3.1 Virkjun í eigin farvegi

Jökulsá á Fjöllum hallar einnig lítið norður að fossunum efst í Jökulsárgljúfrum (Selfoss, Dettifoss og Hafragilsfoss). Í Jökulsá á Fjöllum hafa athuganir á virkjunarmöguleikum aðallega beinst að virkjun frá miðlunarlóni sunnan Lambafjalla (yfirvatn 440 m og undirvatn 395 m y.s.), og annað hvort frá Grímsstöðum með veitu út Hólsfjöll (357 m y.s.) að Austaralandi í Öxarfirði (35 m y.s.), svonefndri Hólsfjallavirkjun, eða virkjun fallsins í fossunum efst í Jökulsásrgljúfrum (yfirvatn 351 m og undirvatn 200 m y.s.), svonefndri Dettifossvirkjun. Ofan Lambafjallalóns er fátt um fýsilega virkjunarkosti, en þar hefur lauslega verið athugað með annars vegar virkjun frá lóni í Arnardal (yfirhæð 546 m og undirhæð 470 m y.s.; og hins vegar

með veitu úr Fagradal (614 m y.s.) um Álftadal og Þríhyrningsdal (612 m y.s.) og virkjun niður í áðurnefnt lón við Lambafjöll.

Um þessa virkjunarmöguleika er það að segja, að til að ná viðlíka falli úr virkjun Jökulsár á Fjöllum í eigin farvegi og með veitu til austurs, þarf margar virkjanir, sumar smáar og óhagkvæmar. Það sem þó skiptir megin máli er, að til þess að virkja megin hluta fallsins, þ.e.a.s. frá Grímsstöðum niður í Öxarfjörð, þarf annað hvort að veita vatni um virkt sprungukerfi (Hólsfjallavirkjun) eða virkja framhjá Dettifossi niður í gljúfrin. Eftir umbrotin í Öxarfirði í kjölfar Kröfluelda hefur komið í ljós að enn er hreyfing á sprungum á veituleið Hólsfjallavirkjunar, og sú virkjun er því talin tæknilega ógerleg, nema kostað sé óheyrilega til að bera í brestina. Jafnvel þótt virkjað yrði framhjá Dettifossi er enn eftir um 150 m fall, sem ekki verður virkjað nema með mikilli röskun í þjóðgarðinum, Jökulsárgljúfrum (hefur lítið verið kannað).

Í farvegi Jökulsár virðist þannig vera um eftirtalda kosti að ræða:

- Arnardalsvirkjun, um 70 m fall, um 700 GWh/ári
- Lambafjallavirkjun, um 50 m fall, um 500 GWh/ári
- Dettifossvirkjun, um 150 m fall, um 1600 GWh/ári[1]

Þetta eru samtals 2800 GWh/ári, og þar af er víst að a.m.k. önnur af minni virkjununum yrði óhagkvæm. Þær eru báðar óhagkvæmar út af fyrir sig, en miðlunarlónið við Lambafjöll nytist einnig fyrir Dettifossvirkjun, sem bæri hluta kostnaðarins.

3.2 Veita Jökulsár á Fjöllum

Í leit að mögulegum virkjunarleiðum með veitu Jökulsár á Fjöllum til austurs hafa verið settar fram nokkrar hugmyndir, og eru þessar helstar:

- Veita frá lóni í Fagradal og Kreppu með yfirfallshæð í 636 m y.s. (610 Gl miðlun) yfir til lóns innan við Kárahnúka og virkjun með Jökulsá á Dal í einni eða tveimur virkjunum.
- Veita frá lóni í Fagradal með yfirfallshæð í 614 m y.s. til lóns Álftadal og Þríhyrningsdal með yfirfallshæð í 612 m y.s. (1225 Gl) og virkjun til Jökuldals efra.
- Veita til miðlunarlóns í Arnardal með yfirfallshæð í um 550 m y.s. (um 1600 Gl), og virkjun niður á Jökuldal (Arnardalsvirkjun) og þaðan til Fljótsdals.

4. Um umhverfisáhrif af virkjun Jökulsár á Fjöllum

Í öllum hagkvæmum leiðum til þess að virkja Jökulsá á Fjöllum þarf að miðla vatni milli árstíða. Til hagkvæmrar nýtingar á rennsli árinnar er miðlunarþörf 1200-1500 Gl hið minnsta, eftir tilhögun.

Virkjunarleiðir sem fullnýta fallið í ánni eða fara næst því af mögulegum leiðum hafa í för með sér að rennsli á Dettifoss mun minnka verulega. Minnst áhrif yrðu af því að virkja einungis niður undir Grímsstaði.

---

[1] Þá er gert ráð fyrir að jafnmikið renni á Dettifoss og yrði ef ánni yrði veitt austur.

Mikill hluti af aurburði árinnar mun falla út í miðlunarlónum. Meira mun falla út þar ef einungis er virkjað í farvegi árinnar, ef miðað er við að veita úr ánni um Arnardal. Gert er ráð fyrir að til þess að veitumannvirki sem leiða ána inn í Arnardalslón þjóni sínum tilgangi, þurfi að gera ráðstafanir til að skola grófum aur framhjá inntaksmannvirkjum veitunnar. Aurinn mun hins vegar setjast til syðst í Lambafjallalóni og verða þar eftir ef virkjað yrði í farvegi árinnar. Áætlað er að í lónum virkjana í ánni falli um 5 milljónir m^3/ári (M m^3/ári) út, en aðeins um 3 M m^3/ári í Arnardalslóni verði ánni veitt austur. Til sjávar mun í því tilfelli berast um 2 M m^3/ári upp í þá 4 M m^3 sem áætlað er að rofni árlega á ströndÖxarfjarðar. Miðað við að ánni verði veitt austur og 2 M m^3/ári skolað út í ána aftur er áætlað að rof í Öxarfirði jafngildi því að ströndin færist inn um 300-400 m á næstu 100 árum, en tvöfalt það verði einungis virkjað í farvegi Jökulsár á Fjöllum.

Ef Jökulsá á Fjöllum yrði veitt austur um Arnardal yrði aðeins eitt miðlunarlón (um 90 km^2), veitan yrði í göngum og sömuleiðis stöðvarhús. Frárennsli virkjuanrinnar kæmi í lón, sem yrði myndað með stíflu í Jökulsá á Dal við ármót Hölknár, en það lón myndi fyrst og fremst fylla farveginn.

Ef áin yrði virkjuð í eigin farvegi, yrði að gera a.m.k. tvö lón til viðbótar við Arnardalslón, þ.e. Lambafjallalón (um 65 km^2) og inntakslón fyrir Dettifossvirkjun (um 20 km^2). Stærð lónanna er ekki sérlega ráðandi varðandi áhrif á gróðurlendi, sem er mest í lægðunum.

Almenn umhverfisáhrif eru þannig meiri ef áin yrði virkjuð í eigin farvegi í stað þess að veita henni austur. Það helsta sem vinnst við það er að allt vatnið skilar sér til Öxarfjarðar, en annars yrði um helmingi þess veitt austur.

5. Undirbúningsrannsóknir Orkustofnunar

Fram til ársins 1989 voru allar undirbúningsrannsóknir unnar á vegum Orkustofnunar, og flokkast undir það sem kalla má yfirlitsrannsóknir til undirbúnings þess að velja ákveðnar virkjunarleiðir til nákvæmari athugunar (hönnunar). Þar með teljast:

1. Rekstur vatnshæðarmælakerfis, samanburðarrennslismælinagar og aurmælingar.
2. Gerð nákvæmra staðfræðikorta í mælikvarða 1:20.000 með 5 m hæðarlínubilum.
3. Yfirlitsjarðfræðikortlagning.
4. Umhverfisrannsóknir.
5. Mynsturáætlanir um virkjunarleiðir og samanburður á þeim.

Það er fyrst 1989 að talið var nauðsynlegt að komast að niðurstöðu um virkjunarleiðir. Þá lét SINO (Samstarfsnefnd Iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um Orkumál) gera úttekt á þeim hugmyndum sem þá höfðu verið settar fram, og í framhaldi af því var gerð skýrsla sem nefnist "Samanburður á umhverfisáhrifum nokkurra tilhagana á stórvirkjun á Austurlandi (Austurlandsvirkjun)". Á grundvelli þessa starfs, og samanburði á hagkvæmni einstakra virkjunarleiða, hafa athuganir seinustu árin beinst annars vegar að virkjun Jökulsár á Dal í einni sjálfstæðri virkjun niður í Fljótsdal, og hins vegar að virkjun Jökulsár á Fjöllum með veitu um miðlunarlón í Arnardal og virkjun í tveimur þrepum, því fyrra niður á Jökuldal efra og hinu síðara þaðan til Fljótsdals. Þessar rannsóknir hafa verið unnar á vegum Landsvirkjunar og á þeirra kostnað.

Eftir 1989 má skipta rannsóknum Orkustofnunar í þrennt:

1. Áframhald grunnrannsókna óháð endanlegu vali virkjunarleiða (rekstur vhm-kerfis, yfirlitsjarðfræðikortlagning og umhverfisrannsóknir)
2. Jarðfræðirannsóknir fyrir Landsvirkjun vegna tiltekinnar virkjunarleiðar í Jökulsá á Dal.
3. Samskonar rannsóknir sem varða Jökulsá á Fjöllum, og auk þess rannsóknir á vegum Orkustofnunar sem eru sérstaklega tilkomnar vegna Arnardalsvirkjunar.

Á þessu tímabili er yfirlitsjarðfræðikortlagning Fjallgarða milli Arnardals og Jökuldals hið eina sem fellur beinlínis undir það að vera **rannsóknir Orkustofnunar vegna veitu Jökulsár á Fjöllum.** Rannsóknir unnar fyrir Landsvirkjun eru taldar með þeirra kostnaði.

203. Fyrirspurn [183. mál]

til sjávarútvegsráðherra um flutning á aflamarki.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hve mikið var flutt af aflamarki milli útgerða á fiskveiðiárinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1993? Í svari óskast tilgreint hvaða útgerðir áttu aðild að flutningi, svo og hvort aflamark var í botnfiski eða sérveiðitegundum.

Skriflegt svar óskast.

204. Fyrirspurn [184. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um reglur um styrki til tannviðgerða.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hvað líður setningu reglna um styrki til aðgerða hjá tannlækni vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa eða sjúkdóma, sbr. 18. gr. laga nr. 1/1992?
2. Eftir hvaða reglum hefur verið farið við mat á þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannréttingar sem hófust eftir 15. mars 1992?

205. Fyrirspurn [185. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslu ferðakostnaðar vegna tannréttinga.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Eftir hvaða reglum er farið um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við ferðir sjúklings til tannréttinga?

206. Fyrirspurn [186. mál]

til dómsmálaráðherra um kaup á björgunarþyrlu.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvað veldur því að ekki hefur enn verið gerður samningur um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna?

Greinargerð.

Þann 25. febrúar 1993 lýsti forsætisráðherra því yfir í umræðum á Alþingi að „innan fárra vikna“ mundi ríkisstjórnin ganga til samninga um kaup á þyrlu. Ljóst er að fáar vikur eru liðnar og gott betur og er því er nauðsynlegt að fá við því skýr svör hvað tefur málið.

Skriflegt svar óskast.

207. Fyrirspurn [187. mál]

til dómsmálaráðherra um kynningu og eftirlit með framkvæmd samnings um réttindi barna.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvernig hefur verið staðið að kynningu á meginreglum og ákvæðum samnings um réttindi barna sem var fullgiltur fyrir Íslands hönd 28. október 1992, sbr. 42. gr. hans?
2. Hver er áætlaður kostnaður við kynningu á samningnum á næsta ári?
3. Hvernig er staðið að eftirliti með framkvæmd samningsins?
4. Hvernig miðar skýrslugerð um framkvæmd samningsins sem láta skal í té eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna innan tveggja ára frá gildistöku samningsins?
   Hverjir vinna að gerð skýrslunnar?

Skriflegt svar óskast.

208. Fyrirspurn [188. mál]

til menntamálaráðherra um starfsþjálfun iðnnema.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hve margir iðnnemar hafa ekki getað gengist undir sveinspróf á árunum 1987–1992 vegna þess að þeir hafa ekki fengið tilskilda starfsþjálfun úti í atvinnulífinu?
2. Hvernig skiptast þessir iðnnemar eftir iðngreinum?
3. Hvenær verður skipaður starfshópur, sem menntamálaráðherra hefur boðað, til að leita lausna á starfsþjálfunarvanda iðnnema?
4. Munu fulltrúar iðnnema eiga sæti í starfshópnum?

Skriflegt svar óskast.

209. Fyrirspurn [189. mál]

til viðskiptaráðherra um stuðningsaðgerðir til dreifbýlisverslunar.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

Hvernig var þeim fjármunum varið sem samkvæmt fjárlögum ársins 1992 áttu að fara í stuðningsaðgerðir til dreifbýlisverslunar?

Skriflegt svar óskast.

210. Fyrirspurn [190. mál]

til menntamálaráðherra um auglýsingu frá Morgunblaðinu í sjónvarpinu.

Frá Páli Péturssyni.

Hvað fékk sjónvarpið greitt fyrir auglýsingu þá frá Morgunblaðinu sem birt var að loknum veðurfréttum og öðrum auglýsingum kvöldið 2. nóvember sl.?

211. Fyrirspurn [191. mál]

til félagsmálaráðherra um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvenær hyggst ráðherra leggja fram greinargerð um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis sem samþykkt var á Alþingi 7. maí sl.?

212. Fyrirspurn [192. mál]

til sjávarútvegsráðherra um flutning útibús Hafrannsóknastofnunar frá Ólafsvík til Stykkishólms.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvers vegna hefur verið tekin ákvörðun um flutning útibús Hafrannsóknastofnunar frá Ólafsvík til Stykkishólms?
2. Á hvaða lagagrunni er sú ákvörðun byggð?

213. Svar [118. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um fasteignir í eigu banka og sparisjóða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve margar fasteignir eru í eigu banka og sparisjóða sem yfirteknar hafa verið til að tryggja fullnustukröfur og hvert er verðmæti þeirra? Óskað er sundurliðunar á fjölda iðnaðar-, verslunar-, skrifstofu- og íbúðarhúsnæðis, svo og þess húsnæðis sem tengist sjávarútvegi.

Ráðuneytið aflaði upplýsinga um þau atriði sem fram koma í fyrirspurninni frá viðskiptabönkunum þremur og tíu stærstu sparisjóðunum.

	Fjöldi	Verðmæti (í millj. kr.)
Íbúðarhúsnæði	189	1.416
Iðnaðarhúsnæði	49	1.095
Skrifstofu- og verslunarhúsnæði	46	1.345
Húsnæði tengt sjávarútvegi	27	542
Annað húsnæði	24	539
Samtals	**325**	**4.937**

Auk þessa er hlutur viðskiptabankanna í verðmæti fasteigna í eigu dótturfélaga eða félaga, sem þeir eiga að hluta til, metinn á 3.096 millj. kr.

214. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn frá Alþýðusambandi Íslands Benedikt Davíðsson og Gylfa Arnbjörnsson, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja Rannveigu Sigurðardóttur og Sjöfn Ingólfsdóttur, Árna Benediktsson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Björn Grétar Sveinsson frá Verkamannasambandi Íslands og Svein Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Einnig komu á fund nefndarinnar frá Vinnuveitendasambandi Íslands Þórarinn V. Þórarinsson, Hannes G. Sigurðsson og Ágúst Elíasson, Sveinn Hannesson frá Félagi íslenskra iðnrekenda og Þórleifur Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. nóv. 1993.

Vilhjálmur Egilsson, frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Guðjón Guðmundsson.

Ingi Björn Albertsson. Sólveig Pétursdóttir.

215. Frumvarp til hafnalaga. [193. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI

Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn hafnamála.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál. Í hafnaráði skulu eiga sæti fimm fulltrúar. Þar af skulu tveir tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Þrír fulltrúar eru skipaðir af samgönguráðherra og skal einn þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytis og er hann jafnframt formaður ráðsins og skipaður til fjögurra ára í senn. Tvo fulltrúa samgönguráðherra skal skipa að nýju við ráðherraskipti.

Þóknun til hafnaráðsmanna greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Hafnaráð skal fjalla um skipulags-, rekstrar-, starfsmanna- og fjárfestingarmál Hafnamálastofnunar ríkisins og fylgjast almennt með starfsemi hennar.

Hafnaráð skal fjalla um framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Hafnamálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir.

4. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt sem ákveðið er í lögum þessum.

5. gr.

Hafnamálastjóri skal að fenginni umsögn hafnaráðs skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu, jafnframt því sem hann gegnir starfi vitamálastjóra og annast framkvæmd laga um leiðsögu skipa.

Hafnamálastjóri ræður starfsfólk Hafnamálastofnunar með ráðningarsamningi.

6. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

II. KAFLI
Um stjórn hafna og rekstur.

7. gr.

Höfn táknar í lögum þessum nánar afmarkað svæði þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum þarf henni að hafa verið sett reglugerð er tilgreini mörk hennar, auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.

8. gr.

Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög eða hlutafélög. Hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Ráðherra skal ákveða með reglugerð að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna að mynduð verði hafnasamlög um rekstur þeirra þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Innan hvers hafnasamlags skal rekinn einn hafnarsjóður. Með reglugerð um hvert hafnasamlag skal fylgja áætlun um framkvæmdir samkvæmt hafnáætlun svo sem við á um hlutaðeigandi hafnir.

9. gr.

Hafnarstjórn, sem kosin er af eigendum hafnar eða hafnasamlaga, skal hafa á hendi stjórn hafnar eða hafnasamlags og hafnarsjóðs í samræmi við reglugerð, sbr. 2. mgr. 7. gr.

Séu eigendur fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt reglugerð og stofnsamningi hafnasamlags. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans.

10. gr.

Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum eigenda hafna reglugerð fyrir hverja höfn. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Kosningu, starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.
3. Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
4. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
5. Hafnsögu.
6. Viðurlög við brotum.

11. gr.

Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn:
   a. Gjöld, miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
   b. Fastagjöld fiskiskips í heimahöfn.
   c. Hafnsögugjöld.
   d. Vigtargjöld af öllum sjávarafla.
   e. Gjöld af ferjum.
   f. Önnur gjöld.

2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
3. Leiga fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 18. gr.
5. Lóðargjöld og lóðarleiga.
6. Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs.
7. Ýmis þjónustugjöld, svo sem fyrir vigtun, móttöku á úrgangi, vatnssölu, rafmagnssölu, festagjöld o.fl.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum er fara um bryggjuna nema hafnarstjórn samþykki.

12. gr.

Öll gjöld skv. 11. gr. má taka fjárnámi hjá þeim aðila sem samkvæmt reglugerð er gert að standa skil á greiðslum til hafnarsjóðs.

Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda. Hafnarstjórn er heimilt að krefjast þess að útflytjandi leggi fram tryggingu fyrir vörugjaldi áður en vara fer úr höfn. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við almenna gjaldskrá skv. 13. gr. og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 10 brúttótonnum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.

Leiga af lóðum hafna skal almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðar. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. skal renna í Hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjald, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Innheimtuaðilar vörugjalds skv. 2. tölul. 1. mgr. 11 gr. skulu innheimta og standa skil á sérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu og ákveða hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Hafnaráð skal að fengnum tillögum Hafnasambands sveitarfélaga gera tillögur til samgönguráðuneytisins, a.m.k. einu sinni á ári, um gjaldskrá skv. 1. tölul. a– b og 2. tölul. 11. gr. Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur hafnarsjóðanna standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga.

Slík gjaldskrá, staðfest af samgönguráðherra, skal gilda fyrir allar hafnir er lög þessi ná til. Önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn. Ráðherra getur heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá hinni almennu gjaldskrá ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

14. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða. Eigendur hafnar eða hafnasamlags bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

15. gr.

Ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana Hafnamálastofnun ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

16. gr.

Halda skal reikning fyrir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, en þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnarstjórn er skylt að senda Hafnamálastofnuninni ársreikninga og þær upplýsingar sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðasta árs fyrir 1. mars ár hvert ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

17. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem best með að ákvæði þessarar greinar séu haldin skal senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar sé þess óskað.

18. gr.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnarinnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn og Hafnamálastofnun við gerð þess.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðinu nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Rísi ágreiningur skal málinu vísað til samgönguráðuneytisins til úrskurðar.

Sé leyfi til mannvirkjagerðar eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

Hafnarstjórn er heimilt, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af eða hafa staðið ónotuð í fimm ár eða lengur.

III. KAFLI

Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerð o.fl.

19. gr.

Frumkvæði um hafnargerð er hjá eiganda hafnar og framkvæmdir á ábyrgð hans.

20. gr.

Áður en hafnarframkvæmdir hefjast skal Hafnamálastofnun fá staðfest að fjármagn verði handbært til viðkomandi verkáfanga.

21. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar skulu þær ákveðnar með

mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim sem hlut á að máli.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati og getur hann þá krafist yfirmats, en það skal gert innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma af þremur dómkvöddum mönnum og greiðist kostnaður vegna þess samkvæmt venju.

22. gr.

Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu unnar undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins og skulu allar áætlanir og uppdrættir sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar.

Hafnamálastofnun annast framkvæmd frumrannsókna í samráði við viðkomandi hafnarstjórn. Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu að jafnaði unnar samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti að útboð telst ekki muni gefa góða raun er heimilt að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar að víkja frá útboði.

Fari hafnarstjórn þess á leit annast Hafnamálastofnun auk frumrannsókna framkvæmdir eftir því sem við verður komið, skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana.

23. gr.

Hafnarframkvæmdir eru kostaðar af sjálfsaflafé hafnarinnar og framlagi frá eigendum. Enn fremur greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

24. gr.

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þar með talið skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.
2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, ferjuaðstöðu, dýpkun og uppfyllingar sem teljast nauðsynlegur hluti viðlegumannvirkja.
3. Dreifikerfi rafmagns, skolps og vatns sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar samkvæmt staðfestingu Hafnamálastofnunar hverju sinni.
4. Umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt staðfestingu Hafnamálastofnunar hverju sinni.
5. Framkvæmdir við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir á hafnarsvæðum við upptökumannvirki fyrir skip.

Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs telst hafnarframkvæmd, enda sé það liður í nýbyggingu, til umhverfisbóta eða mannvirkið í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirki svo illa farið að til álita komi að endurbyggja það skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf að mannvirkið hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi hafnamálastjóra.

Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps, verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

Landa- og lóðakaup hafna, svo og landgerð, njóta ekki ríkisstyrks. Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast. Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

25. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu úr ríkissjóði skv. 24. gr. eru:

1. Að eigendur hafnar eða hafnasamlags hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi sem fram fer við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar sem eigendur hafnar hafa samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og hafnamálastjóra.

26. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum:

1. Ríkissjóður greiðir allt að 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Ríkissjóður greiðir allt að 90% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   hafnargarða (öldubrjóta),
   dýpkun hafnar og innsiglingar,
   siglingamerki,
   sérbúnað fyrir ekjuskip og ferjur.
3. Ríkissjóður greiðir allt að 60% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   bryggjur og viðlegukanta,
   uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði,
   upptökumannvirki fyrir skip,
   mengunar- og slysavarnir,
   vatns-, raf- og holræsalagnir um hafnarmannvirkin,
   skipulag hafna og hafnarsvæða.
   niðurrif hafnarmannvirkja.

27. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar Hafnamálastofnun sem vinnur úr tillögunum og leggur fyrir hafnaráð og samgönguráðuneyti. Ráðherra leggur fyrir Alþingi tillögur sínar að fenginni umsögn hafnaráðs.

Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, þó með þeim takmörkunum um hámark sem kveðið er á um í 26. gr.

Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal ákveðin um leið og verk eru tekin inn á hafnaáætlun og tekin til endurmats á tveggja ára fresti við endurskoðun hafnaáætlunar. Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs.

Skerðing á hámarki framlaga skv. 26. gr. skal miðast við fjárhagslega stöðu hafnarsjóðs og skulu settar um það nánari reglur í reglugerð. Þrátt fyrir slíkar reglur getur ráðherra ákveðið að framkvæmdir í höfnum, sem mynda hafnasamlag, njóti tímabundið hámarksframlags skv. 26. gr.

28. gr.

Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem hafa ekki nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum vegna styrkhæfra hafnarframkvæmda. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðherra skal gera tillögu til fjárlaganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

IV. KAFLI
Um framkvæmdaáætlanir.

29. gr.

Hafnamálastofnun skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára.

Við þessa áætlanagerð ber Hafnamálastofnuninni að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð.

Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild.

Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar. Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmdir í hafnamálum árið áður.

V. KAFLI
Um Hafnabótasjóð.

30. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer hafnaráð með stjórn sjóðsins í umboði samgönguráðherra. Hlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til hafnargerða og bæta tjón á hafnarmannvirkjum.

31. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, sbr. 5. mgr. 12. gr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.
3. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.
4. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis.

32. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

33. gr.

Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt að fengnum tillögum Hafnamálastofnunar og hafnaráðs og með samþykki fjárlaganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.
2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þar með talið tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.
3. Sjóðnum er heimilt að veita lán og/eða styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 30% af heildarframkvæmdakostnaði til staða sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka. Styrkir mega aldrei nema meira en 15% af heildarframkvæmdakostnaði.
4. Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga umfram það sem segir í 3. tölul.
5. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

Samanlagt mega styrkir og lán úr Hafnabótasjóði að viðbættu ríkisframlagi aldrei fara yfir 90% af styrkhæfum framkvæmdakostnaði.

34. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins annast vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Lánasýsla ríkisins veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

35. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána er sjóðurinn veitir með tilliti til þess að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

36. gr.

Hafnabótasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af eigin lántökum.

37. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu sendar til Hafnamálastofnunar ríkisins. Umsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur, þar á meðal reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hennar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

38. gr.

Hvers konar bótakröfum fyrir tjón, sem skip kunna að valda á eignum hafnarsjóða, fylgir lögtaksréttur.

39. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

Til tryggingar greiðslum sektar og vangoldinna gjalda samkvæmt lögum þessum er kyrrsetning heimil.

40. gr.

Ráðherra skal fyrir árslok 1992 setja reglugerð um framkvæmd þessara laga.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld hafnalög, nr. 69 28. maí 1984, svo og 68. og 69. gr. laga nr. 108/1988 og 29.–32. gr. laga nr. 1/1992.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laga þessara skulu ákvæði laga nr. 69/1984, um allt að 40% ríkisframlaga til stofnkostnaðar við hafnarvogir, hafnsögubáta og löndunarkrana, gilda til ársloka 1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir til nýrra hafnalaga, er endurskoðuð útgáfa af gildandi hafnalögum, nr. 69/1984. Frumvarpið var lagt fyrir 116. löggjafarþing 1992–93, en varð þá eigi útrætt, og er nú flutt óbreytt.

Nefnd til þessarar endurskoðunar var skipuð með bréfi samgönguráðherra, Halldórs Blöndals, dags. 28. ágúst 1991. Í nefndinni áttu sæti Árni M. Mathiesen alþingismaður, Guðmundur Einarsson, aðstoðarmaður iðnaðarráðherra, Hermann Guðjónsson hafnamálastjóri, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, Ólafur S. Valdimarsson ráðuneytisstjóri og Sturla Böðvarsson, alþingismaður og formaður Hafnasambands sveitarfélaga, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Sveinn Hj. Hjartarson hagfræðingur, varamaður Kristjáns Ragnarssonar, hefur í forföllum hans setið flesta fundi nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Rúnar Guðjónsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu. Nefndin hélt samtals 16 bókaða fundi og var sammála um tillögur að frumvarpi því til nýrra hafnalaga sem hér er lagt fram.

Aðalbreytingarnar í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir frá gildandi hafnalögum, eru sem hér segir:

1. Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að eigendur hafna geti auk sveitarfélaga einnig verið hlutafélög. Jafnframt er gert ráð fyrir því að hafnir geti orðið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Hafnir gætu t.d. samkvæmt þessu ákvæði orðið hluthafar í fiskmörkuðum.
2. Í 8. gr. er einnig gert ráð fyrir því að mynduð verði hafnasamlög um rekstur hafna þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Í fylgiskjali með frumvarpinu eru hugmyndir nefndarinnar sýndar um það hvernig mætti hugsa sér stofnun þessara hafnasamlaga og hvernig þau hvert fyrir sig mundu koma út fjárhagslega. Með stofnun hafnasamlaganna er stefnt að hagræðingu í nýtingu hafna og framkvæmdum, enda gert ráð fyrir að milli þeirra sé almennt gott vegasamband árið um kring. Þannig er ekki gert ráð fyrir að hafnasamlag á Vestfjörðum verði raunhæft fyrr en lokið er gerð jarðganga milli Ísafjarðar, Suðureyrar og Flateyrar. Nefndin telur eðlilegt að ríkisvaldið stuðli að sínu leyti að því að hafnasamlög verði mynduð, m.a. með gerð sérstakra framkvæmdaáætlana fyrir hvert einstakt hafnasamlag og betri fyrirgreiðslu varðandi ríkisframlög til framkvæmda en einstakar hafnir innan samlaganna gætu annars vænst.
3. Ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs er nú breytt á þann hátt að ýmis ytri mannvirki hljóta 90% ríkisframlag. Ber þar aðallega að nefna hafnargarða (öldubrjóta) og dýpkanir hafna og innsiglinga auk siglingamerkja og sérbúnaðar fyrir ekjuskip og ferjur, en þessar framkvæmdir njóta nú 75% ríkisframlags. Í þessum styrkflokki var áður aðeins dýpkun aðalsiglingaleiðar að höfn. Allar aðrar styrkhæfar hafnarframkvæmdir hljóta 60% ríkisstyrk en 40% styrkflokkurinn er felldur niður. Jafnframt er fellt niður 40% ríkisframlag til hafnarvoga, hafnsögubáta og fastra krana til löndunar úr smábátum en ríkisframlag til upptökumannvirkja fyrir skip hækkar í 60% stofnkostnaðar.

   Nefndin telur að þegar á heildina er litið taki ríkissjóður svipaðan þátt í hafnargerðum og verið hefur þrátt fyrir þessar breytingar.
4. Í frumvarpinu eru ákvæði um 25% álag á vörugjald er renni í Hafnabótasjóð. Þetta er í samræmi við 29.–32. gr. laga nr. 1/1992. Sú breyting er gerð að álagið er látið renna til lán- og styrkveitinga úr sjóðnum en ekki sem framlag ríkisins til almennra hafnarframkvæmda eins og þau lög gerðu ráð fyrir. Miðað við núgildandi gjaldskrá má ætla að tekjur af sérstöku álagi á vörugjald nemi um 125 m. kr. á ári og með hliðsjón af því er framlag ríkisins nú gert háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Aðrar breytingar, sem nefndin hefur gert á gildandi hafnalögum, hafa minni áhrif og oft er aðeins um að ræða að sniðnir hafa verið agnúar af gildandi lögum. Fyrir þessum breytingum verður gerð nánari grein í athugasemdum með einstökum greinum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Orðið „allra“ er fellt út.

Um 2. gr.

Skipun hafnaráðs er nú breytt á þann veg að fjölgað er í hafnaráði um tvo fulltrúa, en tveir varamenn eiga hins vegar ekki lengur rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Í stað eins fulltrúa, sem tilnefndur er af Hafnasambandi sveitarfélaga, verða fulltrúarnir nú tveir. Þrír fulltrúar eru skipaðir af samgönguráðherra og er einn þeirra, eins

og áður, starfsmaður samgönguráðuneytis og jafnframt formaður ráðsins, skipaður til fjögurra ára, en tvo fulltrúa samgönguráðherra skal skipa að nýju við ráðherraskipti. Þetta er í samræmi við þær skoðanir sem hafa verið að ryðja sér til rúms að eðlilegt sé að ráðherra hverju sinni ráði því hverjir eru fulltrúar hans í föstum nefndum og ráðum og hann hafi möguleika á að skipta um þá fulltrúa sem fyrrverandi ráðherra skipaði án tilnefningar, hugsanlega skömmu áður en ráðherraferli lauk.

Um 3. gr.

Minni háttar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar á þessari grein.

Um 4.–5. gr.

Núverandi 4. gr. hafnalaganna hefur í þessu frumvarpi verið skipt upp þannig að hér er gerð tillaga um að einungis 1. mgr. hennar sé í 4. gr., en hinn hlutinn tilheyri 5. gr., enda er svo mikill eðlismunur á efni þessara málsgreina að eðlilegt þykir að skipta þeim milli lagagreina.

Breytingar á greininni að öðru leyti eru fyrst og fremst þær að ekki þykir ástæða til að ráðherra skipi yfirmenn deilda, heldur skuli þeir ráðnir af hafnamálastjóra eins og annað starfsfólk. Óþarfi þykir að hafa ákvæði um heimild til endurráðningar hafnamálastjóra en með niðurfellingunni er ekki verið að breyta núverandi fyrirkomulagi. Jafnframt er felld niður núverandi 5. gr. þar sem segir að Hafnamálastofnun skuli „hafa umráð yfir tækjum sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni sem henni eru falin og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið og sérhæfð tæki. Sérstaklega skal stofnunin búin fullnægjandi rannsóknarbúnaði.“ Þessi niðurfelling er í samræmi við breytt starfssvið og tilgang Hafnamálastofnunar.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Tekin eru út orðin „samkvæmt staðfestu deiliskipulagi“.

Um 8. gr.

Eins og getið er um í athugasemdunum hér að framan eru veigamiklar breytingar frá gildandi lögum í þessari grein. Þannig er gerð tillaga um að eigendur hafna samkvæmt lögunum geti verið sveitarfélög eða hlutafélög. Hér er opnað fyrir þann möguleika að hlutafélög með aðild einkaaðila geti fallið undir hafnalögin og notið fyrirgreiðslu ríkissjóðs við hafnarframkvæmdir á sama hátt og er um hafnir sveitarfélaga í dag. Jafnframt er höfnum heimilað að gerast hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra, svo sem fiskmörkuðum, eins og áður er getið um.

Í þessari grein er einnig gert ráð fyrir því að samgönguráðherra ákveði með reglugerð að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna að mynduð verði hafnasamlög um rekstur þeirra þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Um þetta atriði er nánar fjallað í almennu greinargerðinni.

Um 9. gr.

Á þessari grein eru gerðar smávægilegar orðalagsbreytingar sem ekki er ástæða til að skýra nánar.

Um 10. gr.

Í stað þess að ráðuneytið setji reglugerð samkvæmt þessari grein er nú kveðið á um að ráðherra setji hana.

Um 11. gr.

Við 1. tölul. í þessari grein er hér bætt vigtargjöldum af öllum sjávarafla og gjöldum af ferjum. Í 5. tölul. er bætt lóðarleigu og teknir eru upp nýir liðir, 6. og 7. tölul., þar sem annars vegar er um að ræða sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs, sbr. lög nr. 1/1992, og ýmis þjónustugjöld.

Um 12. gr.

Í þessa grein eru tekin inn ákvæði um innheimtu sérstaks vörugjalds í samræmi við ákvæði í áðurgreindum lögum, nr. 1/1992. Skal gjaldið vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjald. Einnig er skotið inn heimild fyrir hafnarstjórn til að krefjast þess að „útgerðarfélag leggi fram tryggingu fyrir vörugjaldi áður en vara fer úr höfn".

Með ákvæðum þessarar greinar er því breytt að gjöld skv. 11. gr. séu heimtanleg með lögtaki og þarf nú fjárnám til.

Um 13. gr.

Óbreytt frá 13. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að skotið er inn setningunni „önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn" og að kveðið er um að ráðherra veiti nú heimildir til frávika frá hinni almennu gjaldskrá í stað ráðuneytis áður.

Um 14.–17. gr.

Orðalagsbreytingar sem þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 19. gr.

Orðin „við þær" falla brott.

Um 20. gr.

Orðalagsbreytingar sem þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 22. gr.

Meiri áhersla er lögð á það í þessari grein en í gildandi lögum að hafnarframkvæmdir, sem njóta ríkisstyrks, skuli unnar samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs. Sé hins vegar talið að aðstæður séu slíkar að útboð muni ekki gefa góða raun er heimilt að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar að víkja frá útboði.

Um 23. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 24. gr.

Hér er felldur niður 7. tölul. úr gildandi lögum sem er stofnkostnaður við hafnarvogir og fasta krana til löndunar úr smábátum. Enn fremur er tekið fram að landgerð njóti ekki frekar en landa- og lóðakaup hafna ríkisstyrks. Með landgerð er átt við uppfyllingar sem gætu m.a. nýst sem byggingarlóðir. Aðrar breytingar þurfa ekki skýringa við.

Um 25. gr.

Úr 25. gr. gildandi laga er hér felldur niður síðari hluti 1. tölul. sem nefndin lítur svo á að sé óþarfur.

Um 26. gr.

Hér er um veigamiklar breytingar að ræða og vísast um þær til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Um 27. gr.

Hér er um að ræða nokkrar breytingar frá gildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að fjárlaganefnd Alþingis geti skert fjárframlög til hafna að fenginni umsögn hafnamálastjóra og hafnaráðs. Til að tryggja betur framkvæmd skerðingarákvæða er gert ráð fyrir í frumvarpinu að ráðherra setji reglugerð sem kveði á um framkvæmdina.

Í núgildandi lögum eru ákvæði um að mismunur framlaga úr ríkissjóði sem þannig myndast skuli renna sem tekjur í Hafnabótasjóð. Þetta ákvæði hefur aldrei verið framkvæmt og er það fellt niður í frumvarpinu.

Um 28. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 29. gr.

Í greinina er bætt nýrri málsgrein svohljóðandi: „Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild."

Nefndin leggur ríka áherslu á að Alþingi afgreiði fjögurra ára hafnaáætlun á formlegan hátt sem ályktun Alþingis.

Um 30. gr.

Hér er gerð sú breyting frá gildandi lögum að gert er ráð fyrir að hafnaráð fari með stjórn sjóðsins í umboði samgönguráðherra. Jafnframt er hlutverk sjóðsins tilgreint.

Um 31. gr.

Í 3. tölul. er bætt ákvæðum um sérstakt vörugjald sem tekjulið fyrir Hafnabótasjóð. Framlag ríkisins er nú háð ákvörðun Alþingis hverju sinni. Frekari umfjöllun um þessa grein er að finna í almennu athugasemdunum hér að framan.

Um 32. gr.

Í stað þess að veita Hafnabótasjóði heimild til lántöku miðað við ákveðna upphæð er lántakan gerð háð ákvörðun Alþingis.

Um 33. gr.

Hér er skilgreint frekar en í gildandi lögum hverjar lán- og styrkveitingar geti orðið til einstakra hafna. Í 3. tölul. er tekið fram að lán og/eða styrkur umfram ríkisframlag geti ekki numið hærri fjárhæð en 30% af heildarframkvæmdakostnaði og styrkirnir aldrei hærri fjárhæð en 15%. Jafnframt er tekið fram að styrkir og lán úr Hafnabótasjóði geti að viðbættu ríkisframlagi aldrei farið fram úr 90% af framkvæmdakostnaði, en það hefur verið sú óskrifaða regla sem fylgt hefur verið í mörg undanfarin ár. Þá er gert ráð fyrir að samþykki fjárlaganefndar þurfi ekki fyrir ráðstöfun fjár úr sjóðnum.

Um 34. gr.

Í 35. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands annist „í umboði ráðherra vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs“, jafnframt því sem hann veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár. Hér er gert ráð fyrir því að þessi starfsemi færist að hluta yfir til Hafnamálastofnunar og er það m.a. gert vegna innheimtu á sérstaka vörugjaldinu. Þá er gert ráð fyrir að Lánasýsla ríkisins veiti sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

Um 35. gr.

Greinin er samhljóða 34. gr. gildandi laga.

Um 36. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 37. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði séu sendar beint til Hafnamálastofnunar ríkisins í stað þess að senda þær til samgönguráðuneytisins.

Um 38.–39. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 40.–42. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Hugmynd að hafnasamlögum og aðrar hafnir, tekjur þeirra og gjöld árið 1990.

	Tekjur	Gjöld	Fram-legð	Vextir afborg.	Af-gangur
Akranes Grundartangi og Borgarnes	64,3	23,1	41,2	9,2	32,0
Ólafsvík, Rif og Arnarstapi	24,3	17,4	6,9	2,1	4,8
Grundarfjörður	7,5	7,0	0,5	0,5	0
Stykkishólmur	14,0	6,8	7,2	5,1	2,1
Reykhólar	0,7	0,3	0,5	0	0,5
Brjánslækur	0,5	0,2	0,4	0	0,4
Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur	18,7	14,4	4,4	2,2	2,3
Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík, Ísafjörður og Súðavík	73,5	53,2	20,4	11,7	9,8
Norðurfjörður	0,3	0,4	-0,1	0	-0,1
Hólmavík og Drangsnes	4,3	4,0	0,3	0,5	-0,2
Hvammstangi	4,3	1,9	2,5	0,3	2,2
Blönduós og Skagaströnd	17,6	10,5	7,1	4,4	2,7
Sauðárkrókur og Hofsós	15,0	13,2	1,8	2,3	-0,5
Siglufjörður	21,0	11,9	9,2	0,5	8,7
Ólafsfjörður, Dalvík, Hrísey og Árskógshr.	38,2	23,2	14,9	6,3	8,6
Svalbarðseyri og Akureyri	62,0	33,1	28,9	4,7	24,2
Grenivík	1,5	0,8	0,6	0,6	0,1
Grímsey	1,3	0,7	0,6	0,2	0,4
Húsavík	20,2	10,5	9,6	3,6	6,1
Kópasker	0,3	0,6	-0,3	0,2	-0,5
Raufarhöfn	9,2	4,2	5,0	0,5	4,5
Þórshöfn	4,8	2,2	2,6	0,6	2,0
Bakkafjörður og Vopnafjörður	7,7	4,3	3,4	1,2	2,2
Borgarfjörður eystri	0,6	0,7	-0,1	0	-0,1
Seyðisfjörður	5,5	12,2	3,3	3,6	-0,3
Neskaupstaður	21,4	9,5	11,9	0,3	11,6
Eskifjörður og Reyðarfjörður	30,6	13,9	16,8	0	16,8
Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík	16,8	7,5	9,2	1,7	7,5
Djúpivogur	4,8	4,2	0,6	0,6	0
Hornafjörður	28,0	20,7	7,3	3,2	4,1
Vestmannaeyjar	94,5	55,1	39,4	40,0	-0,6
Stokkseyri, Eyrarbakki Þorlákshöfn	31,1	29,3	1,7	0	1,7
Grindavík, Hafnir, Sandgerði, Garður, Keflavík Njarðvík, Vogar og Keilisnes	99,2	70,3	28,5	8,12	0,3
Hafnafjörður, Garðabær og Kópavogur	101,2	51,4	49,8	26,4	23,3
Reykjavík	554,3	361,3	193,0	75,7	117,3

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til hafnalaga.

Með frumvarpinu er sett ný heildarlöggjöf um hafnamál. Aðalkostnaðarþáttur þess er styrkveitingar ríkissjóðs til hafnarmannvirkjagerðar sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu breytist styrkhlutfall ríkissjóðs til einstakra framkvæmda eins og hér segir:

	Gildandi lög	Frumvarp	
Frumrannsóknir	100%	100%	
Náttúruaðstæður			
Hafnargarðar (öldubrjótar	75%	90%	Dýpkanir
hafna og innsiglinga	90%	90%	
Siglingamerki	75%	90%	Sérbúnaður
fyrir ekjuskip og ferjur	—	90%	
Rekstraraðstæður			
Bryggjur og viðlegukanntar	75%	60%	
Uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæðinu	75%	60%	
Upptökumannvirki fyrir skip	40%	60%	
Mengunar- og slysavarnir	75%	60%	
Vatns- raf- og holræsalagnir	75%	60%	
Skipulag hafna og hafnasvæða	—	60%	
Niðurrif hafnamannvirkja	—	60%	
Hafnarvogir	40%	—	
Hafnsögubátar	40%	—	
Fastir kranar til löndunar	40%	—	

*Aðalinnsiglingaleið = 90%, innan hafna = 75%.

Aukin þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum sem mótast af náttúruumhverfi hafna, svo sem gerð hafnargarða og dýpkanir, er rökstudd í greinargerð frumvarpsins með því að verið sé að jafna aðstöðumun einstakra sveitarfélaga til hafnargerða. Engu að síður verður að hafa hugfast að 90% þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum sem þessum mun auka þrýsting á að farið verði út í dýrar framkvæmdir án þess að hagkvæmnisjónarmið fái þar um ráðið.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að heildarframlag ríkissjóðs til hafnarframkvæmda verði að mestu óbreytt frá því sem gildandi löggjöf kveður á um. Sérfræðingar vita- og hafnamálaskrifstofu hafa tekið saman yfirlit yfir hafnarframkvæmdir síðastliðin sex ár og borið saman útgjöld ríkissjóðs samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og ákvæðum gildandi laga. Niðurstaða þeirrar úttektar er eftirfarandi:

	Gildandi lög	Frumvarp
1987	277,9	255,3
1988	381,6	358,3
1989	453,8	458,5
1990	481,0	472,8
1991	821,6	774,2
1992	803,7	779,2

Á heildina litið má sjá að útgjöld samkvæmt frumvarpinu eru ívið lægri en samkvæmt gildandi lögum. Hins vegar ber að hafa í huga að hin breytta kostnaðarhlutdeild í einstökum framkvæmdum gæti vel haft áhrif á val þeirra framkvæmda sem ráðist verður í á næstu árum.

Í frumvarpinu er það nýmæli að heimilt er að stofna hafnasamlög til að koma á virkri verkaskiptingu milli hafna innan ákveðins svæðis. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að slík hafnasamlög geti leitt til mikillar hagræðingar. Tekið er undir það sjónarmið.

Hins vegar er erfitt að sjá hvað muni hvetja einstök sveitarfélög til að sameinast um slík samlög þar sem styrkur ríkissjóðs til stofnkostnaðar þeirra framkvæmda, er snýr að hinu rekstrarlega umhverfi hafna, er enn mjög hár, eða 60%, og Hafnabótasjóði er heimilt að bæta við allt að 30% kostnaðar. Þannig vegur sjálfsaflafé hafna ekki mjög þungt við fjármögnun slíkra framkvæmda.

Þá er vakin athygli á að ríkissjóði er ætlað að greiða 60% í kostnaði vegna upptökumannvirkja fyrir skip, þ.e. stofnkostnað dráttarbrauta. Hér er um að ræða hækkun frá gildandi lögum eins og fram kemur á ofangreindri töflu og verður að skoðast sem hreinn ríkisstyrkur til reksturs dráttarbrauta.

Ákvæðum um starfsemi Hafnabótasjóðs er einnig breytt. Hið sérstaka vörugjaldsálag er lækkað úr 25% í 20% og rennur nú til starfsemi Hafnabótasjóðs, sem ætlað er að létta kostnaðarhluta hafnarsjóða og hafnasamlaga, í stað þess að koma til hækkunar á framlagi ríkisins eins og núverandi lög kveða á um.

Þá er gert ráð fyrir að sjóðnum sé sjálfkrafa heimilt að taka lán að fjárhæð helmings almennra framlaga til hafnarmannvirkja. Fjármálaráðuneytið telur þetta ákvæði stangast á við 13. gr. laga nr. 84/1985, um breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreikningsins og fjárlaga, þar sem segir að nýting lántökuheimilda í sérlögum skuli ávallt vera innan þeirra marka sem kveðið er á um í lánsfjárlögum hverju sinni. Að auki er sjóðurinn ekki það stór að hagkvæmt sé fyrir hann að fara á erlenda lánamarkaði. Loks skal þess getið að það er Lánasýsla ríkisins, ekki Seðlabanki Íslands, sem aðstoðar aðila sem þessa við lánsfjáröflun.

216. Fyrirspurn [194. mál]

til heilbrigðisráðherra um endurbætur gamla sjúkrahússins á Ísafirði.

Frá Bryndísi Friðgeirsdóttur.

Hvernig og hvenær hyggst ráðherra beita sér fyrir því að staðið verði við fyrirheit heilbrigðisráðuneytisins um þátttöku í kostnaði við endurbætur gamla sjúkrahússins á Ísafirði, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 4. október 1989, og áform formanns fjárlaganefndar, sbr. bréf bæjarstjórans á Ísafirði, dags. 11. apríl 1991?

Skriflegt svar óskast.

217. Fyrirspurn [195. mál]

til kirkjumálaráðherra um ráðningu aðstoðarprests á Ísafirði.

Frá Bryndísi Friðgeirsdóttur.

Er það ætlun ráðuneytisins að fallast á ítrekaðar óskir heimamanna um ráðningu aðstoðarprests á Ísafirði?

Skriflegt svar óskast.

218. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna verður svohljóðandi:

Hæstarétt skipa níu dómarar. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ef kærður er úrskurður sem varðar rekstur máls í héraði, kærumálið er skriflega flutt og það varðar ekki mikilvæga hagsmuni getur einn dómari skipað dóm í því. Annars skulu þrír dómarar skipa dóm í kærumáli nema sérstaklega standi á. Þrír dómarar geta enn fremur skipað dóm í einkamáli ef úrslit þess varða ekki mikilvæga hagsmuni að mati dómsins. Þá geta þrír dómarar skipað dóm í opinberu máli ef almenna refsingin, sem liggur við broti, er ekki þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að átta árum.

3. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eins má fara að í einstaka málum ef sérstaklega stendur á vegna anna þótt sæti einskis hæstaréttardómara sé autt af áðurnefndum ástæðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Sú viðbót, sem er gerð við 1. mgr. 4. gr. með 3. gr. þessara laga, fellur úr gildi 31. desember 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra og á vegum réttarfarsnefndar og er það liður í heildarendurskoðun á reglum í réttarfarslögum um áfrýjun héraðsdóma til Hæstaréttar og meðferð áfrýjunarmála þar fyrir dómi. Í þessu frumvarpi eru gerðar fáeinar tillögur um breytingar á lögum um Hæstarétt Íslands. Samhliða því hafa verið samin frumvörp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, en gengið hefur verið út frá að frumvörpin þrjú komi í einu lagi til nánari athugunar og eftir atvikum afgreiðslu. Frumvörpin mynda eins konar samstæðu sem miðar að nýrri heildarskipan varðandi áfrýjun dómsmála þótt hvert þeirra taki til atriða á afmörkuðu sviði. Þannig eru gerðar tillögur í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 19/1991 um nýjar reglur um áfrýjun dóma í opinberum málum og meðferð þeirra fyrir Hæstarétti sem er ætlað að koma í stað núgildandi reglna um sama efni í XVIII. kafla laganna. Í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 91/1991 eru gerðar tillögur um sömu atriði á sviði einkamála. Með því frumvarpi er lagt til annars vegar að breyta reglum um áfrýjun í einkamálum sem eru þegar í XXV. kafla laganna og hins vegar að færa reglur um meðferð slíkra mála fyrir Hæstarétti í nýjum búningi inn í þau lög, en núgildandi reglur um málsmeðferðina eru að nær öllu leyti í III. kafla laga um Hæstarétt Íslands. Nái þau frumvörp fram að ganga stæði aðeins orðið eftir I. kafli laganna um Hæstarétt, en í þessu frumvarpi eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á ákvæðum þess kafla.

Sem kunnugt er tóku gildi 1. júlí 1992 ný lög um dómstólaskipanina og alla þætti málsmeðferðar á lægra dómstigi, en með þeim voru gerðar verulegar breytingar frá eldri lögum. Á þeim tíma, sem frumvörp að þeim lögum voru í undirbúningi, lágu á hinn bóginn ekki fyrir endanlegar tillögur um hugsanlega framtíðarskipan áfrýjunardómstigsins eða meðferð mála á því. Þetta stafaði meðal annars af því að ekki var hægt að ráða nægilega hvaða áhrif breytingarnar á lægra dómstigi kynnu að hafa á æðra dómstigið varðandi atriði eins og fjölda mála sem yrði skotið til æðra dóms. Var því látið bíða um sinn að fylgja eftir endurskoðuninni á reglunum um dómstólaskipan og málsmeðferð í héraði með gerð tillagna um æðra dómstigið og meðferð áfrýjunarmála þar. Með nýju réttarfarslögunum var að vísu lokið endurskoðun á reglum um kæru ákvarðana og úrskurða héraðsdómara til Hæstaréttar og meðferð kærumála þar, en eldri reglum um áfrýjun dóma var lítið breytt nema til að mæta brýnustu þörfum.

Eftir það ár, sem nú er liðið frá gildistöku nýju réttarfarslaganna, þykir á hinn bóginn fært í ljósi fenginnar reynslu að ljúka endurskoðun reglna um áfrýjun dóma og meðferð áfrýjunarmála, enda fara úrbætur í þeim efnum að verða nokkuð aðkallandi. Í þessari endurskoðun hefur verið gengið út frá að ekki sé unnt á þessu stigi að leggja til að dómstigum verði fjölgað í þrjú, heldur verði að miða við að þau verði áfram tvö og leitast við að bæta úr reglum varðandi æðra dómstigið á þeirri forsendu.

Helstu efnisatriði frumvarpsins.

Í endurskoðuninni á reglum um áfrýjun og meðferð áfrýjaðra mála fyrir Hæstarétti hefur verið gengið út frá að helstu markmiðin séu tvenn:

1. Annars vegar að leitast við að létta nokkuð álagi af æðra dómstiginu sem hefur farið stigvaxandi á undanförnum árum og leitt til tafa á afgreiðslu mála sem verður illa unað við.
2. Hins vegar að færa reglur um málsmeðferð í nokkuð annan búning til að auðvelda hana og flýta henni, en núgildandi reglur um hana eru að stofni til áratuga gamlar og hafa ekki fylgt nægilega eftir þróun á þessu sviði varðandi lægra dómstigið.

Um aukna álagið á Hæstarétti og tafir, sem það hefur leitt af sér á afgreiðslu mála, má í meginatriðum láta nægja að vísa hér til upplýsinga um þróun málafjölda og málatíma sem koma fram í almennum athugasemdum við frumvörp til laga um breyting á lögum nr. 19/1991 og 91/1991. Hér má þó benda á að í athugasemdum við frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála kemur meðal annars fram að nokkur aukning hefur orðið á áfrýjun dóma í slíkum málum á síðustu árum, en afgreiðslutími þeirra fyrir Hæstarétti hefur allt að einu verið fremur stuttur, eða að meðaltali um fimm mánuðir frá því þau eru tilbúin til málflutnings þar til dómur er genginn. Eru þau mál yfirleitt látin ganga nokkuð fyrir öðrum. Í athugasemdum við frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála kemur á hinn bóginn fram að gífurleg aukning varð ár frá ári á áfrýjunum á því sviði á tímabilinu frá 1985 til 1992. Strax á árinu 1986 fór að myndast nokkurt bil milli fjölda nýrra mála annars vegar og afgreiddra mála hins vegar og fór það stigvaxandi allt til ársins 1992 þegar afgreiðslur komust aftur nærri fjölda nýrra mála á sama ári. Breytingin á því ári stafaði ekki síst af því að með nýju réttarfarslögunum, sem þá tóku gildi, var dregið talsvert úr þeim tegundum mála sem var hægt að skjóta til Hæstaréttar með áfrýjun, en í staðinn voru auknar heimildir til málskots með kæru. Nýjum málum fækkaði ekki teljandi hvað heildarfjölda varðar á árinu 1992 frá næstu árum á undan, en aukning á afgreiðslum tengdist því hve léttara reyndist að ljúka kærumálum en áfrýjunarmálum. Það sem af er á árinu 1993 virðist þessi stöðugleiki milli nýrra mála og afgreiddra haldast að mestu. Á hinn bóginn söfnuðust upp á árunum á undan óafgreiddar áfrýjanir í einkamálum og var svo komið í lok ársins 1992 að þá biðu tilbúin til málflutnings 275 slík mál. Um þessar mundir virðast að meðaltali líða nærri tvö og hálft ár frá því einkamál er tilbúið til málflutnings fyrir Hæstarétti þar til dómur gengur í því. Til samanburðar við þennan fjölda mála, sem bíða flutnings, má nefna að á árabilinu frá 1985 til 1992 voru afgreidd áfrýjuð einkamál frá 92 upp í 117 árlega.

Með breytingunum á réttarfarslöggjöf, sem tóku gildi 1992, virðist að minnsta kosti um sinn hafa tekist að skapa grundvöll til að jafnvægi geti haldist milli heildarfjölda nýrra mála og afgreiddra fyrir Hæstarétti. Það jafnvægi er þó viðkvæmt eins og reynslan hefur sýnt. Með frumvörpum til laga um breyting á lögum nr. 19/1991 og 91/1991 eru gerðar tillögur sem er ætlað að tryggja stöðugleikann í þeim efnum, m.a. með nokkuð þrengdum áfrýjunarheimildum og nýmælum um einfaldari meðferð minni háttar mála. Með þeim tillögum er hægt að vænta að nokkuð gæti tekist á ári hverju að vinna niður fjölda óafgreiddra mála, en á þeirri braut liðu líklega allmörg ár þar til því yrði lokið.

Um síðarnefnda markmiðið, sem var í upphafi, má aftur fara þá leið að vísa að mestu til athugasemda við frumvörp til laga um breyting á lögum nr. 19/1991 og 91/1991, en þar er greint í einstökum atriðum frá þeim breytingum sem eru lagðar til varðandi meðferð áfrýjunarmála fyrir Hæstarétti. Með reglunum í þeim frumvörpum er ráðgert að málsmeð-

ferðin verði Hæstarétti talsvert auðveldari en eftir núgildandi lögum og ætti hún að geta orðið nokkru hraðari en verið hefur. Í þeim efnum munar ekki síst um það að eftir tillögunum í þeim frumvörpum mundi sá tími styttast talsvert sem mál eru á undirbúningsstigi í höndum málflytjenda fyrir Hæstarétti áður en þau verða tilbúin til flutnings. Eins og sakir standa er sá biðtími yfirleitt milli hálfs og eins árs í einkamálum, en talsvert styttri í opinberum málum. Þessi biðtími í einkamálum gæti hins vegar orðið tveir til fjórir mánuðir ef frumvörpin næðu fram að ganga. Þetta yrði til augljósra bóta með styttingu heildartímans sem tekur að afgreiða mál fyrir Hæstarétti, ekki síst ef einnig tækist að stytta biðina sem fylgir á eftir fram að því að annir dómsins leyfi að mál sé tekið til flutnings. Breyttar reglur samkvæmt frumvörpunum um málsmeðferðina að öðru leyti gætu tryggt að það takist líka ef hægt væri að vinna niður þann fjölda eldri mála sem nú bíða málflutnings. Á hinn bóginn mundi sú stytting, sem samþykkt frumvarpanna gæti leitt af sér á undirbúningstíma málflytjenda á málum fyrir Hæstarétti, valda talsverðum vandræðum þegar til skemmri tíma er litið. Að því gefnu að undirbúningstíminn kynni að styttast um nokkurn fjölda mánaða blasir við að á fyrstu mánuðunum eftir gildistöku nýrra reglna yrðu verulega fleiri mál tilbúin til flutnings en annars hefði orðið, enda væru þá í senn að verða tilbúin ný mál á skömmum tíma og eldri mál sem væru í biðstöðu við gildistöku breytinganna. Má ætla að um nokkurra mánaða skeið gæti þeim málum þannig fjölgað talsvert sem biðu tilbúin til málflutnings, til viðbótar við fyrrnefnda uppsöfnun frá fyrri árum.

Til að draga saman meginatriðin í því sem hér hefur verið sagt virðist allt benda til að með samþykkt frumvarpa til laga um breyting á lögum nr. 19/1991 og 91/1991 tækist tvennt: annars vegar að tryggja að ný mál fyrir Hæstarétti verði ekki fleiri en svo að hann gæti haft undan og hins vegar að stuðla að því að hægt væri að afgreiða mál talsvert hraðar en nú er. Samþykkt frumvarpanna eitt út af fyrir sig mundi á hinn bóginn ekki fyrirsjáanlega geta skilað árangri við að vinna niður þann fjölda mála sem bíður nú afgreiðslu fyrir Hæstarétti nema á talsvert löngum tíma og til skemmri tíma litið mundi þeim málum fjölga nokkuð. Ef ekkert frekar yrði að gert væri vissulega náð þeim áfanga að málatíminn fyrir Hæstarétti mundi ekki lengjast frá því sem nú er og að líkindum mundi hann smám saman styttast í viðunandi horf. Eftir því væri allnokkur bið og að auki yrði álagið í framtíðinni ekki minna en það sem er nú á Hæstarétti og má þó telja verulega of mikið.

Með þessu frumvarpi eru aðeins lagðar til fáeinar breytingar á lögunum um Hæstarétt Íslands, en þær eru nánar tiltekið þessar:

1. Að dómurum við Hæstarétt verði fjölgað úr átta í níu, sbr. 1. gr.
2. Að hægt verði að láta einn dómara afgreiða allra minnstu málin í stað þriggja nú, sbr. 2. gr.
3. Að lítillega verði rýmkaðar heimildir Hæstaréttar til að kveðja varadómendur til setu í einstaka málum þannig að sú leið yrði fær til að mæta verulegum önnum fastra dómara, sbr. 3. gr., en eins og má sjá af 2. mgr. 4. gr. yrði þessi rýmkun tímabundin í þrjú ár.

Ef þessar tillögur næðu fram að ganga, ásamt þeim sem eru gerðar í áðurnefndum frumvörpum um breyting á öðrum lögum, má vænta að raunhæf lausn yrði fengin á þeim tveimur meginvandamálum sem stæðu annars óleyst. Munar þar mestu um að fyrstnefnda tillagan hér að framan mundi skapa grundvöll fyrir breyttum starfsháttum fyrir Hæstarétti, en hinar tillögurnar tvær mundu styrkja þann grundvöll enn frekar. Með þessu móti virðist mega áætla að hægt yrði að vinna niður uppsöfnuð mál fyrir Hæstarétti á talsvert skemmri tíma en annars, en það gæti þá verið unnt á tveimur til þremur árum. Til lengri tíma mundu þess-

ar breytingar einnig draga úr því álagi sem hvílir nú á dómurum við Hæstarétt. Taka verður þó skýrt fram að innri verklagsreglur Hæstaréttar eru ekki lögbundnar, heldur ráðast þær af ákvörðun dómaranna, sbr. einkum 3. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1973, og er ekki lögð hér til nein breyting á því. Yrði því í höndum Hæstaréttar að ákveða hvernig heimildirnar, sem eru lagðar til í þessu frumvarpi, mundu nýtast í nánari útfærslu, en ákvörðun um það mundi þó ekki geta raskað neinu teljandi um að tillögurnar hefðu tilætluð áhrif. Verður þetta nú skýrt nánar í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein eru ekki lagðar til aðrar breytingar á 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1973 en að dómarar við Hæstarétt verði níu í stað átta eins og nú er. Tala fastra dómara hefur verið óbreytt frá því breyting var gerð á þessu ákvæði laganna á árinu 1982.

Í almennum athugasemdum hér að framan er greint frá ástæðunum að baki þessari tillögu um fjölgun dómara. Til að skýra frekar hvernig þessi fjölgun gæti komið að haldi, bæði til að stuðla að lausn á tímabundnum vanda vegna uppsöfnunar mála og til að minnka álag á dómnum til lengri tíma, verður að líta til þess hvernig verkaskiptingu er háttað nú milli dómaranna. Um hana eru reglur í 3. gr. laganna þar sem kemur fram hversu margir dómarar taka þátt í afgreiðslu einstaka mála, en þær fela í sér að eftirfarandi fjöldi dómara skipar dóm hverju sinni:

— Í sérlega mikilvægum málum geta sjö dómarar átt sæti í dómi.
— Almenna reglan um fjölda dómara í hverju máli er sú að þeir séu fimm, en frá því er þó unnt að víkja eins og var getið hér á undan og enn frekari undantekningar eru einnig gerðar sem fylgja hér á eftir.
— Þrír dómarar geta annast einkamál ef úrslit þess varða ekki mikilvæga hagsmuni málsaðila.
— Þrír dómarar geta átt sæti í dómi í opinberu máli ef refsirammi vegna brots fer ekki fram úr fangelsi í átta ár.
— Þrír dómarar eiga að öðru jöfnu sæti í kærumálum, en ef sérstaklega stendur á geta þeir verið fimm eða sjö samkvæmt áðursögðu.
— Þrír dómarar taka afstöðu til umsókna um áfrýjunarleyfi.

Nánari ákvörðun um það í hvern framangreindan flokkinn mál fellur hverju sinni er í höndum Hæstaréttar, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna. Í sama ákvæði kemur fram að almenn regla eigi að gilda um hvaða menn veljist í dóm í hverju máli. Á þeim grundvelli hefur sú almenna regla mótast að Hæstiréttur starfar að öðru jöfnu í tveimur deildum þar sem sitja annars vegar fimm dómarar og hins vegar þrír. Einn dómari flyst í senn úr hvorri deild í hina á tveggja mánaða fresti og eru þær því ekki skipaðar alveg sömu mönnum nema um skamman tíma.

Með fjölgun dómara um einn væri unnt að breyta þessu skipulagi á ýmsa vegu með nýjum almennum reglum sem Hæstiréttur gæti sett sér og gæti það aukið afköst dómsins ólíkt meira hlutfallslega en næmi fjölgun dómara. Skulu nefnd hér nokkur dæmi um hugsanlegar leiðir í þeim efnum:

1. Samkvæmt núgildandi lögum og eins eftir tillögum í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 91/1991 semur einn dómari yfirleitt atkvæði að dómi þegar flutningi máls er lokið og dómarar hafa rætt milli sín um niðurstöður. Ef dómurinn greinist í meiri og minni hluta í máli eru samin sérstök atkvæði fyrir hvorn eða hvern hluta og getur því

hvílt á tveimur eða jafnvel fleiri dómurum að semja þau. Þegar stærri mál eru til afgreiðslu getur þannig mætt mikið á einum eða fleiri dómurum að ljúka við dómsatkvæði, en þetta getur leitt til vandkvæða þegar næsta mál kemur til flutnings í sömu deild, enda getur tíminn milli mála reynst skammur. Er þá ókostur að allir dómararnir með tölu séu bundnir í deild, enda er þá ekki unnt að kveðja til annan til að sitja í næsta máli í annarri þeirra í stað þess sem vinnur að því að ljúka eldra máli. Með fjölgun dómara væri unnt að láta einn þeirra standa utan deilda og gæti hann meðal annars gengið inn í aðra hvora þeirra til að létta undir afgreiðslu mála eftir þörfum.

2. Í því álagi af málum, sem hefur verið búið við í Hæstarétti á undanförnum árum og vegna þess að allir dómararnir hafa verið bundnir störfum í annarri hvorri deildinni við dóminn, er hætt við að lítið svigrúm hafi gefist til að sinna athugun á málum fyrr en þau hafa verið komin nærri munnlegum málflutningi. Getur þetta þýtt að í sumum tilvikum séu liðin meira en þrjú ár frá áfrýjun máls þar til raunhæfur kostur er á að athuga það. Mál geta stundum verið haldin augljósum annmörkum sem varða til dæmis frávísun vegna formgalla og eins getur verið þörf á öflun frekari sönnunargagna, en við núverandi aðstæður er allt eins líklegt að athygli beinist ekki að slíku fyrr en mál hefur beðið sinn tíma eftir flutningi. Með fjölgun dómara gæti sá sem kynni að standa utan deilda við dóminn annast athugun á málum á fyrri stigum þannig að atriða eins og þessara yrði vart fyrr en nú er og hægt væri að afgreiða mál strax vegna galla eða ráða bót á honum.
3. Eins og má ráða af áðurröktu efni 3. gr. laganna fæst sú deild innan Hæstaréttar, sem þrír dómarar eiga sæti í, við nokkuð ólík viðfangsefni. Þannig sinnir hún minni einkamálum og opinberum málum sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og eru munnlega flutt, auk þess að sinna kærumálum sem eru skriflega flutt. Þá sinna þrír dómarar umsóknum um áfrýjunarleyfi. Afgreiðsla kærumála og umsókna um áfrýjunarleyfi tekur tíma sem dregur um leið úr afkastagetu við afgreiðslu munnlega fluttra mála. Með fjölgun dómara um einn væri meðal annars unnt að breyta nokkuð verklagi við afgreiðslu kærumála og umsókna um áfrýjunarleyfi, enda gæti sá dómari, sem stæði utan deilda við dóminn, annast nokkurn hluta af undirbúningi afgreiðslunnar upp á eindæmi sitt. Mundi það geta rýmkað mjög fyrir að þrír dómarar gætu þá sinnt talsvert fleiri munnlega fluttum málum en nú er. Í þessu sambandi er einnig ástæða til að vekja athygli á ákvæði 2. gr. frumvarpsins þar sem er lögð til breyting á 3. gr. laganna sem mundi heimila að einn dómari gæti leyst úr minnstu kærumálunum.

Í stuttu máli mundi sú fjölgun dómara um einn, sem er lögð hér til, geta í senn gefið kost á að hægt væri í fyrsta lagi að vanda enn betur afgreiðslu mikilvægra mála, í öðru lagi að koma málum, sem annmarkar eru á, frá eða í rétt horf þegar á fyrstu stigum í stað þess að bíða með það um lengri tíma og í þriðja lagi að koma á meiri skilvirkni í minni munnlega fluttum málum og afgreiðslu skriflegra mála og erinda. Árétta verður að þetta eru aðeins nokkrir kostir um hvernig mætti greiða mjög fyrir afgreiðslu mála og auka afköst Hæstaréttar með þessari breytingu, en ákvörðun um hvernig þetta yrði gert væri þó í höndum dómsins með setningu almennra reglna um innra starfskipulag sitt. Um leið gæti einnig verið tækifæri til að huga að reglum um hvernig dómarar gangi milli deilda, enda gæti verið ákjósanlegt ef farnar væru leiðir eins og var getið um hér á undan að sömu dómarar sætu um lengri tíma en verið hefur í sömu deild og eftir atvikum utan deilda. Má ætla að slík breyting gæti frekar komið í veg fyrir að ósamræmis gætti í afgreiðslu sambærilegra mála.

Um 2. gr.

Í þessari grein er tillaga um breytingu á 2. mgr. 3. gr. laganna og er hún bæði efnisleg og enn fremur lítils háttar breyting á orðalagi sem raskar þó ekki merkingu ákvæðisins. Tillagan um efnislega breytingu er nánar tiltekið sú að heimilað verði að einn dómari geti afgreitt skriflega flutt kærumál ef það varðar ekki mikilvæga hagsmuni og hefur komið til með kæru á úrskurði dómara um atriði sem varðar rekstur máls fyrir héraðsdómi. Benda verður sérstaklega á að þetta ákvæði fæli aðeins í sér heimild til að fara þessa leið, en háð væri ákvörðun Hæstaréttar hvort hún yrði farin og þá eftir atvikum í hvers konar málum innan ramma ákvæðisins. Miðað við orðalag greinarinnar gæti þessi heimild einkum komið til álita við afgreiðslu mála þar sem væru kærðir úrskurðir héraðsdómara um minni háttar atriði varðandi rekstur máls, svo sem að veita frest í máli, hvort nauðsynlegt sé að setja málskostnaðartryggingu eða hvort spurning verði lögð fyrir vitni. Þess hefur gætt nokkuð í framkvæmd að úrskurðir um slík atriði hafi verið kærðir til Hæstaréttar af litlu sem engu tilefni og án þess að niðurstaðan geti haft neinar afdrifaríkar afleiðingar. Undir slíkum kringumstæðum verður varla séð að teljandi ástæða sé til að þrír dómarar við Hæstarétt standi að afgreiðslu máls.

Um 3. gr.

Með 3. gr. er lögð til lítils háttar rýmkun á heimildum Hæstaréttar skv. 1. mgr. 4. gr. laganna til að kveðja varadómara til að taka sæti í dómi í einstaka máli, en samkvæmt lagaákvæðinu verða varadómarar að koma úr hópi prófessora í lögum við Háskóla Íslands, héraðsdómara og hæstaréttarlögmanna sem fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti dómara við Hæstarétt, auk þess að heimilt er að kveðja til mann sem hefur látið af slíku dómaraembætti vegna aldurs. Samkvæmt núgildandi reglu verður varadómari aðeins kvaddur til ef fastur dómari við Hæstarétt hefur forföll, honum hefur verið veitt leyfi eða sæti hans verður autt af annarri ástæðu, svo sem vegna vanhæfis til að taka þátt í afgreiðslu máls. Rýmkunin á heimildum í þessum efnum, sem er lögð til með 3. gr., felst í því að til viðbótar við þessi tilefni til að mega kveðja varadómara til setu í máli yrði leyft að fara þá leið ef sérstaklega stæði á vegna anna.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. yrði þessi rýmkun á heimildinni til að kveðja varadómendur til setu í dómi aðeins tímabundin því þar er mælt fyrir um að hún falli úr gildi við lok ársins 1996. Eins og þetta ber með sér á óbeinan hátt er markmiðið með rýmkuninni einkum að létta undir að hægt yrði að ná fjölda óafgreiddra mála niður í viðunandi horf á þessu tímaskeiði. Taka verður fram að með reglunni í 3. gr. er ekki ætlast til að breyting yrði á því að varadómendur verði ekki kvaddir til setu í dómi nema nauðsyn krefji, heldur er aðeins ráðgert að einu atriði fleira en nú er gæti réttlætt slíka nauðsyn um sinn. Af þessum sökum yrði að beita rýmkuninni á heimildum til kvaðningar varadómenda af varfærni. Þetta gæti meðal annars átt við undir þeim kringumstæðum sem var vikið að í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins að einn eða jafnvel fleiri dómarar þyrftu að fá ráðrúm til að semja dómsatkvæði í stærri málum með því að þeir yrðu leystir undan setu í dómi í næsta máli. Er þá sérstaklega haft í huga að kveðja mætti t.d. dómara, sem hefði látið af embætti vegna aldurs, til að sitja í dómi í slíku tilviki. Benda verður á að eftir orðalagi 3. gr. yrði heimildin þó ekki bundin við þau tilvik sem er lýst í þessum dæmum.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um gildistöku ef frumvarpið verður að lögum, en miðað er við sömu dagsetningu gildistöku og í frumvörpum til laga um breyting á lögum nr. 19/1991 og 91/1991.

Um ákvæði 2. mgr. 4. gr. er fjallað í athugasemdum við 3. gr. sem má vísa hér til.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1975.

Með frumvarpi þessu er lagt til að möguleikar til áfrýjunar mála til Hæstaréttar verði þrengdir þannig að málum, er bíða meðferðar réttarins, geti fækkað og biðtími mála fyrir réttinum komist aftur í eðlilegt horf. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 91 31. desember 1991, um meðferð einkamála, svo og frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 19 26. mars 1991, um meðferð opinberra mála.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að Hæstarétt skipi níu dómarar og fjölgi þeim þar með um einn. Laun hæstaréttardómara eru nú um 5,4 m.kr. á ári að meðtöldum launatengdum gjöldum. Hæstaréttardómarar halda óskertum grunnlaunum til æviloka þegar þeir láta af störfum fyrir aldurs sakir eftir að hafa náð fullra 65 ára aldri. Til viðbótar má ætla að fjölgun dómara fylgi rekstrargjöld sem áætluð eru um 1 m.kr. Þá er ekki talin með sú aukning rekstrargjalda sem óhjákvæmilega mun hljótast af flutningi Hæstaréttar í nýtt húsnæði.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild Hæstaréttar til að kveðja til varadómara verði lítils háttar rýmkuð. Skuli sú rýmkun gilda tímabundið í þrjú ár, sjá 4. gr. Varadómarar taka sömu laun og hæstaréttardómarar þann tíma er þeir starfa við Hæstarétt. Af greinargerð frumvarpsins má ráða að tilkvaðning varadómara kunni að gerast oftar á næstu þremur árum en verið hefur, m.a. í þeim tilgangi að vinna úr þeim fjölda áfrýjaðra mála sem nú liggja fyrir Hæstarétti.

219. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Einn dómari skipar dóm í hverju máli. Nú neitar ákærði sök og dómari telur sýnt að niðurstaða kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi og getur hann þá með samþykki forstöðumanns dómstólsins kvatt til tvo aðra héraðsdómara til setu í dómi.

2. gr.

Í 2. mgr. 44. gr. laganna fellur niður orðið „ríkissaksóknari“, en í stað þess kemur: Hæstiréttur.

3. gr.

Í 3. mgr. 126. gr. laganna breytist tilvísun til 1. mgr. 153. gr. laganna í 2. mgr. 151. gr.

4. gr.

3. og 4. mgr. 133. gr. laganna verða svohljóðandi:

3. Ákærði skal kvaddur til að vera viðstaddur uppsögu héraðsdóms sé þess kostur. Sæki hann þing telst dómur þá birtur fyrir honum, en annars lætur ákærandi birta dóm skv. 20. gr.

4. Endurrit af dómi skal að öðru jöfnu vera til reiðu við dómsuppsögu, en að öðrum kosti ekki síðar en viku eftir þann tíma.

5. gr.

1. mgr. 135. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Í dómi skal greina dómstól og nafn dómara eða nöfn ef fleiri eru en einn, stað og stund dómsuppkvaðningar, nafn, kennitölu eða fæðingardag og heimili ákærða, sakarefni, lýsingu málsatvika í aðalatriðum og röksemdir dómara um niðurstöðu og viðurlög. Í röksemdum dómara skal koma skýrlega fram hvað hann telji sannað í máli og með hverjum hætti. Niðurstöður skulu loks dregnar saman í dómsorð.

6. gr.

140. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

147. gr. laganna verður svohljóðandi:

Samkvæmt ákvæðum þessa kafla má áfrýja til Hæstaréttar héraðsdómi í opinberu máli í því skyni að fá:

a. endurskoðun á ákvörðun viðurlaga,
b. endurskoðun á niðurstöðum sem eru byggðar á skýringu eða beitingu réttarreglna,
c. endurskoðun á niðurstöðum sem eru byggðar á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi,

d. ómerkingu á héraðsdómi og heimvísun máls,
e. frávísun máls frá héraðsdómi.

8. gr.

148. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ríkissaksóknari getur áfrýjað héraðsdómi ef hann telur ákærða ranglega sýknaðan eða refsingu eða önnur viðurlög að mun of væg, sbr. þó 150. gr. Honum er einnig heimilt að áfrýja dómi ákærða til hagsbóta.

9. gr.

149. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Ákærði, sem hefur verið sakfelldur í héraði, getur áfrýjað héraðsdómi, sbr. þó 150. gr.

2. Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun ef ákærði er ósjálfráða.

3. Nú er ákærði látinn og getur þá maki hans, foreldri, systkin, barn eða sá sem tengist honum þannig vegna ættleiðingar áfrýjað dómi fyrir hans hönd.

10. gr.

150. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Nú hefur ákærði ekki sótt þing í héraði og mál verið dæmt að honum fjarstöddum skv. 1. mgr. 126. gr. og verður þá dómi aðeins áfrýjað um lagaatriði eða viðurlög og að fengnu leyfi Hæstaréttar.

2. Áfellisdómi verður aðeins áfrýjað með leyfi Hæstaréttar ef ákærða er þar hvorki ákveðin frelsissvipting né sekt eða eignaupptaka sem er hærri en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum.

3. Beiðni um leyfi til áfrýjunar skv. 1. eða 2. mgr. skal vera skrifleg og ítarlega rökstudd og berast Hæstarétti innan áfrýjunarfrests. Leiti ákærði eftir áfrýjunarleyfi skal beiðni um það beint til ríkissaksóknara ásamt tilkynningu skv. 2. mgr. 151. gr. Afhending beiðni um leyfi til áfrýjunar rýfur áfrýjunarfrest. Hæstiréttur skal gefa gagnaðila kost á að tjá sig um beiðni innan tiltekins frests. Áfrýjunarleyfi verður ekki veitt nema sérstakar ástæður mæli með því.

11. gr.

151. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Ef ákærði er staddur við uppkvaðningu héraðsdóms skal dómari kynna honum rétt hans til áfrýjunar og frest til að lýsa henni yfir. Að öðrum kosti annast þetta sá sem birtir ákærða dóm. Skal getið að þess hafi verið gætt í bókun í þingbók eða birtingarvottorði.

2. Ákærði skal lýsa yfir áfrýjun dóms innan fjögurra vikna frá birtingu hans í bréflegri tilkynningu til ríkissaksóknara. Í tilkynningunni skal tekið nákvæmlega fram í hverju skyni sé áfrýjað, þar á meðal varðandi kröfur skv. XX. kafla ef því er að skipta. Ríkissaksóknara og öðrum ákærendum er skylt að veita ákærða leiðbeiningar um gerð tilkynningar ef eftir því er leitað.

3. Berist ríkissaksóknara ekki tilkynning ákærða um áfrýjun innan frests skv. 2. mgr. skal líta svo á að ákærði vilji hlíta héraðsdómi.

12. gr.

152. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú hyggst ríkissaksóknari áfrýja héraðsdómi og skal þá áfrýjunarstefna gefin út innan átta vikna frá uppkvaðningu hans. Ef ákærði áfrýjar dómi getur ríkissaksóknari áfrýjað honum af hálfu ákæruvalds þótt sá frestur sé liðinn.

13. gr.

153. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Ríkissaksóknari skal vera sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti, hvort sem hann hefur sjálfur áfrýjað dómi eða ákærði.

2. Nú er áfrýjun dóms ráðin og gefur þá ríkissaksóknari út áfrýjunarstefnu þar sem skal greina:

a. heiti og númer sem málið bar fyrir héraðsdómi, fyrir hverjum héraðsdómstóli var leyst úr málinu og hvenær dómur var kveðinn upp í því,
b. nafn ákærða, kennitölu eða fæðingardag og heimili, svo og hver komi fram fyrir hans hönd við áfrýjun skv. 2. eða 3. mgr. 149. gr. ef því er að skipta,
c. hvort áfrýjað sé af hálfu annars málsaðila eða beggja og nákvæmlega í hverju skyni það sé gert, þar á meðal hvort máli sé áfrýjað varðandi kröfu skv. XX. kafla, hafi hún verið dæmd að efni til í héraðsdómi,
d. að ákærða sé stefnt til Hæstaréttar og málið verði tekið þar fyrir svo fljótt sem verða má án frekara fyrirkalls.

3. Ríkissaksóknari lætur birta áfrýjunarstefnu fyrir ákærða og skal honum þá um leið gefinn kostur á að bera fram ósk um verjanda. Að því búnu sendir ríkissaksóknari Hæstarétti stefnuna með sönnun fyrir birtingu hennar ásamt endurriti héraðsdóms og skipar Hæstiréttur ákærða verjanda nema hann óski eftir að flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati dómsins.

14. gr.

154. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Þegar áfrýjun er ráðin skal héraðsdómstóllinn, þar sem var leyst úr máli, verða við beiðni ríkissaksóknara um að afhenda honum dómsgerðir.

2. Þegar ríkissaksóknara hafa borist gögn skv. 1. mgr. og verjandi hefur verið skipaður skal ríkissaksóknari að höfðu samráði við verjanda búa til málsgögn, en til þeirra teljast samrit af þeim málsskjölum og endurritum sem aðilarnir telja þörf á við úrlausn máls eins og áfrýjun er háttað. Hæstarétti skulu síðan afhent málsgögn í þeim fjölda eintaka sem hann telur þörf á, svo og dómsgerðir.

3. Hæstiréttur setur nánari reglur um frágang málsgagna og dómsgerða.

15. gr.

155. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Þegar málsgögn hafa verið afhent skal hæstaréttarritari veita þeim aðila máls, sem hefur hlutast til um áfrýjun, tiltekinn frest til að skila skriflegri greinargerð og gögnum sem hann kann enn að telja vanta og hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti. Þegar greinargerð og gögn hafa borist veitir hæstaréttarritari gagnaðila frest til að skila greinargerð og gögnum af sinni hálfu. Hvor aðilinn um sig skal senda hinum aðilanum afrit af greinargerð og gögnum sínum um leið og hann afhendir þau Hæstarétti.

2. Í greinargerð málsaðila skal koma fram:
a. hvers hann krefjist fyrir Hæstarétti,
b. hvort hann felli sig við lýsingu málsatvika í héraðsdómi og röksemdir fyrir niðurstöðu, en ef svo er ekki skal getið á stuttan og gagnorðan hátt í hverjum atriðum hann sé ósammála og hvernig hann rökstyðji í meginatriðum kröfur um breytingu á niðurstöðum héraðsdóms,
c. athugasemdir við málatilbúnað gagnaðila ef þeirra er þörf,
d. hvort hann hyggist enn leggja ný gögn fram fyrir Hæstarétti á síðari stigum og hver þau séu þá í meginatriðum.

3. Málsaðilum er heimilt að leggja frekari gögn fyrir Hæstarétt, en þau skulu þá afhent hæstaréttarritara og kynnt gagnaðila ekki síðar en einni viku fyrir flutning máls. Frá þessu getur Hæstiréttur vikið ef sérstaklega stendur á, enda séu aðilar á það sáttir að ný gögn komi fram með skemmri fyrirvara. Ríkissaksóknara er þó jafnan heimilt að leggja fram nýtt sakavottorð ákærða við upphaf málflutnings.

16. gr.

156. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Hæstiréttur getur kveðið upp dóm um frávísun máls frá Hæstarétti vegna galla á málatilbúnaði þar fyrir dómi án þess að málflutningur fari áður fram. Á sama hátt getur Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm ef verulegir gallar hafa verið á meðferð máls í héraði og vísað því frá héraðsdómi ef undirbúningi undir málshöfðun hefur verið áfátt í meginatriðum.

2. Nú er málatilbúnaði áfátt, án þess að nauðsynlegt þyki þó að vísa máli frá eða ómerkja héraðsdóm, og getur þá Hæstiréttur lagt fyrir aðila að afla gagna um tiltekin atriði eða grípa til annarra aðgerða til að ráða bót þar á.

3. Áður en málflutningur fer fram getur Hæstiréttur tekið mál fyrir á dómþingi eftir þörfum til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess. Skulu aðilar kvaddir fyrir dóm með hæfilegum fyrirvara í þessu skyni.

17. gr.

157. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Mál skal að jafnaði flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Hæstiréttur getur þó ákveðið að mál verði skriflega flutt ef sérstakar ástæður mæla með því. Hæstiréttur getur einnig ákveðið að mál verði dómtekið án sérstaks málflutnings ef samhljóða óskir koma fram um það frá aðilum eða dómi er aðeins áfrýjað um ákvörðun viðurlaga.

2. Nú er ákveðinn munnlegur flutningur í máli og skal þá hvor aðili um sig tilkynna Hæstarétti að fram komnum greinargerðum þeirra beggja hve langan tíma þeir áætli hvor fyrir sitt leyti að þurfi til að flytja málflutningsræður. Hæstiréttur ákveður hvenær munnlegur málflutningur fer fram og tilkynnir það aðilum með hæfilegum fyrirvara. Um leið skal aðilum tilkynnt hve langan tíma þeir fái til að flytja málflutningsræður ef ekki er fallist á óskir þeirra í þeim efnum. Hæstiréttur getur við sama tækifæri beint til aðilanna að þeir afhendi hvor um sig með tilteknum fyrirvara stutt yfirlit um atvik máls í tímaröð, helstu röksemdir sínar og tilvísanir í fræðirit og dóma sem þeir hyggjast styðjast við í málflutningi.

3. Hæstiréttur getur ákveðið að munnleg sönnunarfærsla fari þar fram í þeim mæli sem hann telur þörf, enda þyki honum í ljósi atvika ástæða til að ætla að sú sönnunarfærsla geti haft áhrif á úrslit máls.

18. gr.

158. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Áður en munnlegur málflutningur hefst á dómþingi skal gerð grein fyrir dómsorði héraðsdóms og áfrýjunarstefnu að því leyti sem forseti telur þess þörf til skýringar á málflutningi. Verður svo flutt frumræða af hálfu ákæruvalds og síðan af hálfu ákærða nema forseti hafi ákveðið aðra röð og aðilum verið tilkynnt það í boðun til málflutnings. Eftir frumræður eiga aðilar kost á að færa fram stutt andsvör í sömu röð. Flytji verjandi málið af hálfu ákærða getur forseti heimilað ákærða sjálfum að koma að stuttum athugasemdum að loknum andsvörum verjanda.

2. Í málflutningi skal gera grein fyrir þeim atriðum í niðurstöðum héraðsdóms sem er leitað breytinga á, kröfum í þeim efnum og röksemdum fyrir þeim. Skal forðast málalengingar og málflutningi beint að þessum atriðum einum ásamt nauðsynlegri frásögn af öðru sem þarf samhengis vegna.

3. Forseti stýrir þinghaldi. Hann getur krafist að málflytjandi haldi sér við efnið og láti vera að fjalla um þá þætti máls sem eru ekki til endurskoðunar eða ástæðulaust er af öðrum sökum að gera frekari grein fyrir. Forseti getur stöðvað málflutning ef ræður verða langar úr hófi fram eða sett honum tímatakmörk og við þau bundið enda á málflutning.

4. Að loknum málflutningi tekur Hæstiréttur málið til dóms.

19. gr.

159. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Refsing og önnur viðurlög á hendur ákærða verða ekki þyngd með dómi Hæstaréttar nema dómi hafi verið áfrýjað í því skyni af hálfu ákæruvalds.

2. Nú hefur dómi verið áfrýjað af hálfu ákæruvalds en ekki af hálfu ákærða og getur þá Hæstiréttur allt að einu breytt dómi ákærða til hagsbóta.

3. Við áfrýjun til endurskoðunar á dómi að efni til breytir Hæstiréttur ekki viðurlögum samkvæmt honum nema þau séu utan marka viðkomandi refsilagaákvæða eða í verulegu ósamræmi við brot ákærða.

4. Hæstiréttur getur ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu þar fyrir dómi.

5. Nú telur Hæstiréttur líkur fyrir að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi kunni að vera röng svo að einhverju skipti um úrslit máls og vitni eða ákærði sem eiga í hlut hafa ekki gefið munnlega skýrslu fyrir Hæstarétti og getur þá Hæstiréttur fellt úr gildi héraðsdóm og meðferð málsins í héraði í þeim mæli að munnleg sönnunarfærsla geti farið þar fram eftir þörfum og leyst verði úr máli á ný.

20. gr.

163. gr. laganna verður svohljóðandi:

Eftir því sem átt getur við fer að öðru leyti um meðferð og úrlausn opinberra mála fyrir Hæstarétti eftir fyrirmælum laga um meðferð einkamála, svo og ákvæðum þessara laga um meðferð máls í héraði.

21. gr.

Í 2. mgr. 187. gr. laganna breytist tilvísun til 1. mgr. 159. gr. í 2. mgr. 156. gr.

22. gr.

1. Nú hefur ákærði lýst yfir ákvörðun sinni um áfrýjun dóms áður en þessi lög öðlast gildi og fer þá um heimild hans til áfrýjunar eftir reglum eldri laga. Það sama á við um áfrýjun af hálfu ákæruvaldsins ef ríkissaksóknari hefur gefið út áfrýjunarstefnu í máli fyrir gildistöku þessara laga.

2. Reglum þessara laga verður beitt eftir því sem getur átt við um meðferð máls fyrir Hæstarétti þótt dómi hafi verið áfrýjað fyrir gildistöku þeirra.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra og á vegum réttarfarsnefndar og er það liður í heildarendurskoðun á reglum í réttarfarslögum um áfrýjun héraðsdóma til Hæstaréttar og meðferð áfrýjunarmála þar fyrir dómi. Í þessu frumvarpi eru gerðar tillögur um reglur um áfrýjun dóma í opinberum málum og meðferð þeirra á æðra dómstigi og er ráðgert að reglurnar falli inn í lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, ef frumvarpið nær fram að ganga. Samhliða þessu hefur verið samið frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og eru gerðar þar sambærilegar tillögur varðandi þau mál og hér eru. Að auki hefur verið samið sérstakt frumvarp þar sem eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973. Er þá gengið út frá að þessi þrjú frumvörp komi í einu lagi til nánari athugunar og eftir atvikum afgreiðslu enda byggjast tillögur í þeim á sameiginlegum grunni og hafa að markmiði að koma á nýrri heildarskipan varðandi áfrýjun dómsmála.

Endurskoðunin á reglum um áfrýjun og málsmeðferð fyrir Hæstarétti er framhald af vinnu við ný réttarfarslög sem tóku gildi 1. júlí 1992. Í henni var meginhersla lögð á endurskoðun reglna um skipan héraðsdómstóla og meðferð mála fyrir þeim, svo og heimildir til að kæra atriði varðandi rekstur mála fyrir héraðsdómi til Hæstaréttar og meðferð kærumála þar. Þegar nýja réttarfarslöggjöfin var í mótun var beðið um sinn með endanlegar tillögur um reglur um áfrýjun til Hæstaréttar og meðferð áfrýjunarmála, m.a. til að reynsla fengist af því hvort nýjar reglur um meðferð mála fyrir héraðsdómi mundu leiða til breytinga á álagi á æðra dómstiginu. Í lögum um meðferð opinberra mála voru þó gerðar ýmsar breytingar í þessum efnum frá eldri lögum um sama efni, nr. 74/1974. Þær sneru m.a. að reglum um tilgang áfrýjunar því með 147. gr. laga nr. 19/1991 voru settar heimildir til að áfrýja dómi eingöngu varðandi lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga, auk þess að sem fyrr var heimilað að áfrýja dómi í heild og tekur slík áfrýjun þá til sönnunarmats í dómi auk lagaatriða og ákvörðunar viðurlaga. Með lögunum var einnig gerð sú formbreyting að ákærða var beinlínis mæltur réttur til áfrýjunar en eftir eldri lögum áfrýjaði ákæruvaldið í orði kveðnu í öllum tilvikum, eftir atvikum að ósk ákærða. Þá voru einnig nýmæli í lögum nr. 19/1991 um takmarkanir á heimild til að áfrýja dómi í máli þar sem ákærði sótti ekki þing fyrir héraðsdómi. Reglum um meðferð mála fyrir Hæstarétti var á hinn bóginn lítið breytt frá eldri lögum. Á sviði einkamála voru heldur ekki gerðar teljandi breytingar á reglum um áfrýjun dóma með setningu laga nr. 91/1991. Í lögunum voru aðeins settar nýjar reglur um heimildir til áfrýjunar sem leiddu til nokkurra breytinga frá eldri lögum en að öðru leyti voru reglur um meðferð áfrýjaðra einkamála fyrir Hæstarétti látnar haldast lítt breyttar í lögum um Hæstarétt Íslands.

Með þessu frumvarpi eru lagðar til viðameiri breytingar á reglum um heimildir til áfrýjunar í opinberum málum en voru gerðar með XVIII. kafla laga nr. 19/1991. Um leið eru gerðar tillögur um nýjar reglur um meðferð áfrýjaðra opinberra mála fyrir Hæstarétti sem eru í ýmsum atriðum á annan veg en núgildandi reglur. Með þessum reglum er leitast við að einfalda nokkuð málsmeðferð og flýta henni, auk þess að reynt er eftir föngum að samræma meðferðina á þessu sviði og meðferð áfrýjaðra einkamála samkvæmt því frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 91/1991 sem var getið um hér áður.

Helstu efnisatriði frumvarpsins.

I.

Í XVIII. kafla laga nr. 19/1991 eru reglur um heimildir til áfrýjunar í opinberum málum og meðferð áfrýjunarmála fyrir Hæstarétti og miðar þetta frumvarp einkum að breytingum á ákvæðum þess kafla laganna. Einnig eru þó lagðar til breytingar á nokkrum öðrum greinum í lögunum sem tengjast tillögunum um nýjar reglur í XVIII. kafla þeirra, sbr. 1.–6. gr. og 21. gr. frumvarpsins, og er það gert til samræmingar við meginbreytingarnar.

Hér á undan var vikið að helstu breytingunum sem voru gerðar á reglum um áfrýjun við setningu laga nr. 19/1991. Þessar breytingar voru sem fyrr segir takmarkaðar og eru núgildandi reglur um þetta þannig að ýmsu leyti óbreyttar efnislega frá eldri lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974. Að stofni til eru gildandi reglur þó enn eldri því við þeim hefur lítið verið hreyft frá setningu fyrstu heildarlaganna um meðferð opinberra mála, nr. 27/1951, þótt þau hafi verið leyst af hólmi með lögum nr. 82/1961 og síðan lögum nr. 73/1973 og 74/1974.

Meðan þessar reglur um áfrýjun og málsmeðferð á æðra dómstigi hafa staðið með fremur litlum breytingum hafa orðið verulegar breytingar á öðrum atriðum sem tengjast þessu. Þannig hefur til dæmis orðið sú grundvallarbreyting á meðferð opinberra mála að núgildandi lög taka mið af þeirri skipan sem er yfirleitt kennd við ákæruréttarfar og hefur af þeim sökum verið aukið mjög hlutverk ákæruvaldsins við meðferð mála fyrir héraðsdómi og að sama skapi dregið úr því sem dómari hafði með höndum. Þessi breyting hefur að vísu ekki teljandi bein áhrif á meðferð máls fyrir æðra dómi en áherslubreytingar varðandi verksvið ákæruvaldsins hafa samt ekki áður verið teknar til skoðunar í tengslum við rekstur mála fyrir Hæstarétti. Reglur hafa einnig verið settar til að greiða fyrir meðferð mála í héraði, m.a. til að vega á móti fjölgun dómsmála sem hefur aukið álag á dómstólunum og leitt af sér hættu á seinagangi við rekstur mála. Þessu hefur ekki verið fylgt eftir með endurskoðun á reglum um málsmeðferðina fyrir Hæstarétti eða reglum um heimildir til málskots sem hafa takmarkað lítið sem ekkert réttinn til áfrýjunar þótt vissar breytingar hafi verið gerðar á því við setningu núgildandi laga. Síðast en ekki síst verður að hafa í huga að 22. maí 1987 fullgilti íslenska ríkið viðauka nr. 7 frá 22. nóvember 1984 við Evrópusamning um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá árinu 1950 en í 2. gr. þessa viðauka er kveðið á um tiltekin atriði varðandi heimildir sakfellds manns til að leita endurskoðunar á máli sínu fyrir æðra dómi. Gildandi reglur um þetta hafa ekki sætt athugun gagngert af tilliti til þessarar skuldbindingar ríkisins samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu.

Hér í framhaldinu verður litið mun nánar til helstu breytinganna sem er stefnt að með frumvarpinu og gerð grein fyrir röksemdum sem búa þar að baki. Þannig verður hér næst í II. lið hugað að þeim breytingum sem eru lagðar til með frumvarpinu af tilliti til reglna í fyrrnefndum viðauka nr. 7 við mannréttindasáttmála Evrópu. Að því gerðu verður í III. lið greint frá atriðum sem snúa að heimildum til áfrýjunar eftir ákvæðum frumvarpsins en þar verða þær að nokkru bornar saman við núgildandi reglur og verður einnig litið til upplýsinga um málafjölda fyrir Hæstarétti á þessu sviði. Í IV. lið verður loks gefið stutt yfirlit yfir helstu tillögurnar í frumvarpinu varðandi málsmeðferð sem er ætlað að leiða til breytinga frá gildandi reglum.

II.

Í fyrrnefndri 2. gr. viðauka nr. 7 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis segir eftirfarandi:

1. Sérhver sá sem dómstóll finnur sekan um afbrot skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.
2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot eftir því sem fyrir er mælt í lögum eða þegar fjallað er um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.

Þessi samningsviðauki tók fyrst gildi á árinu 1988 þegar nægilegur fjöldi aðildarríkja að Evrópuráðinu hafði fullgilt hann en sem fyrr segir lýsti íslenska ríkið yfir fullgildingu fyrir sitt leyti ári fyrr. Frá því viðaukinn tók gildi hefur lítið reynt á hann í úrlausnum stofnana Evrópuráðsins sem fjalla um kærur vegna brota á mannréttindasáttmála Evrópu. Þetta breytir því þó ekki að óhætt er að draga vissar ályktanir um inntak þessa ákvæðis og hvernig haga verði íslenskri löggjöf ef samræmi á að vera milli hennar og þessarar skuldbindingar ríkisins að þjóðarétti. Þannig má í fyrsta lagi benda á að aðalreglan eftir 1. mgr. þessa ákvæðis er sú að tryggður skuli réttur sakfellds manns til að leita endurskoðunar á áfellisdómi á hendur sér. Gildir það jafnt um endurskoðun á sakfellingunni sem slíkri og viðurlögum þótt orðalagið í ákvæðinu kunni fljótt á litið að gefa til kynna að nægilegt sé að réttur sé tryggður til endurskoðunar á öðru hvoru atriðinu en ekki hvoru tveggja. Þessi aðalregla er þó háð mikilsverðri undantekningu því í 2. mgr. greinarinnar er aðildarríkjum að mannréttindasáttmálanum áskilið svigrúm til að útiloka að mál um minni háttar brot komi til endurskoðunar en þetta verður að ákveða með lögum. Í öðru lagi verður að vekja athygli á að í aðalreglunni í 1. mgr. greinarinnar segir það eitt að sakfelldur maður eigi að njóta réttar til að æðri dómur fjalli á ný um sakfellingu og viðurlög en ekki er áskilið að þessi umfjöllun þurfi að eiga sér stað með einhverjum nánar tilteknum hætti. Þvert á móti kemur fram í ákvæðinu að löggjöf skuli gilda um beitingu þessa réttar eða með öðrum orðum að aðferðin til endurskoðunar fyrir æðra dómi fari eftir lögum hvers aðildarríkis að sáttmálanum. Hefur m.a. verið gengið út frá að þessum áskilnaði um endurskoðun geti verið fullnægt með því að sakfelldum manni sé gefinn kostur á að leita eftir leyfi til að skjóta máli til æðra dóms og að við umsókn um slíkt leyfi verði tekið til athugunar hvort breyting kynni að vera gerð á dómi af lægra dómstigi. Í þriðja lagi verður loks að gefa því gaum að með viðauka nr. 7 voru fyrst tekin upp ákvæði í mannréttindasáttmála Evrópu sem vörðuðu beinlínis réttindi sakfellds manns til að fá mál sitt athugað fyrir æðra dómi. Upphafleg ákvæði samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, einkum í 6. gr. hans, beindust að því að tryggja að meðferð máls lyti ákveðnum lögmálum án tillits til endurskoðunar á úrlausn.

Með nefndri 6. gr. var m.a. leitast við að tryggja að yfirleitt yrði ekki byggt við úrlausn sakamáls á vitnisburði eða munnlegri frásögn annarra en þeirra sem kæmu fyrir dóm af því tilefni. Þegar ákvæði 2. gr. viðauka nr. 7 hafa tekið gildi og tryggja með vissum takmörkunum rétt til að leita endurskoðunar á sakfellingu fyrir æðra dómi má telja ákveðin rök standa orðið til þess að við þá endurskoðun þurfi að virða regluna um að mat verði ekki lagt þar á sönnunargildi munnlegs framburðar sem hefur ekki verið gefinn fyrir æðra dómstóli. Þetta hefur þó ekki verið talið standa því í vegi að unnt sé að takmarka endurmat á sönnunargildi munnlegs framburðar á þann veg að það eigi sér ekki stað fyrir æðra dómi heldur verði þar byggt á niðurstöðunni sem hefur fengist um þetta á lægra dómstigi.

Í frumvarpinu gætir áhrifa af þeim atriðum sem hér hefur verið getið. Þannig má í fyrsta lagi benda á að líkt og í núgildandi lögum er gengið út frá þeirri aðalreglu í 7. gr. frumvarpsins að sakfelldur maður eigi að öðru jöfnu rétt á að leita endurskoðunar á sakfellingu og viðurlögum á hendur sér. Með 10. gr. frumvarpsins eru á hinn bóginn gerðar tillögur um nýmæli sem beinast að því að mál um minni háttar brot geti ekki sætt áfrýjun til Hæstaréttar nema með leyfi dómsins. Þetta eru nánar tiltekið mál þar sem ákærða hefur hvorki verið gert að sæta frelsissviptingu né sekt eða eignaupptöku sem fer fram úr áfrýjunarfjárhæð í einkamálum. Í öðru lagi miða reglurnar í frumvarpinu að því að þótt takmarkanir yrðu gerðar á rétti til áfrýjunar á dómi í minni háttar málum yrði endurskoðun æðra dóms engan veginn útilokuð því skv. 10. gr. þess gæti sakfelldur maður leitað leyfis Hæstaréttar til áfrýjunar þótt viðurlög á hendur honum séu innan þeirra marka sem er áður getið. Á þann hátt gæti endurskoðun á héraðsdómi einnig átt sér stað í minni háttar málum og þá í sambandi við ákvörðun Hæstaréttar um hvort leyfi yrði veitt til áfrýjunar en eftir atvikum yrði leyfið veitt ef breyting á niðurstöðu þætti ekki ósennileg eða málið varðaði mikilsverða hagsmuni. Í þriðja lagi er stefnt að því með frumvarpinu að komið verði í veg fyrir að beint mat verði lagt fyrir Hæstarétt á sönnunargildi munnlegs framburðar sem hefur aðeins verið gefinn fyrir héraðsdómi. Þetta má m.a. sjá af ákvæðum c-liðar 7. gr. frumvarpsins þar sem er ráðgert að dómi verði ekki áfrýjað til að fá endurskoðun á niðurstöðum í dómi um sönnunaratriði sem eru byggðar á mati á trúverðugleika munnlegs framburðar sem hefur aðeins verið gefinn fyrir héraðsdómi. Samkvæmt þessu mundi Hæstiréttur ekki endurmeta niðurstöðu héraðsdómara sem væri byggð á þessari forsendu nema því aðeins að munnleg skýrsla væri gefin fyrir Hæstarétti, sbr. 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins. Þetta er beinlínis áréttað í 4. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Samhliða þessu eru lögð til þau nýmæli í 5. mgr. 19. gr. að ef Hæstiréttur telur líkindi fyrir að mat héraðsdómara á sönnunargildi munnlegs framburðar geti verið rangt svo einhverju skipti og viðkomandi hefur ekki gefið munnlega skýrslu fyrir Hæstarétti þá geti dómurinn ómerkt héraðsdóm og lagt fyrir að sönnunarfærslan verði endurtekin eftir þörfum í héraði og dómur gangi þar á ný. Til samans eiga þessar reglur að tryggja að Hæstiréttur endurmeti ekki trúverðugleika munnlegs framburðar nema í þeim undantekningartilvikum þegar munnleg skýrsla yrði gefin þar fyrir dómi heldur yrði að öðru jöfnu byggt á mati héraðsdómara í þessum efnum með þeim varnagla að Hæstiréttur gæti ómerkt úrlausn hans ef hún þætti ekki byggð á nægilega traustum grunni.

III.

Í núgildandi lögum eru ekki gerðar takmarkanir á heimildum ákæruvaldsins eða sakfellds manns til að áfrýja dómi í opinberu máli nema að því leyti að skv. 150. gr. þeirra er ekki unnt án leyfis Hæstaréttar að áfrýja dómi í máli þar sem ákærði hefur ekki sótt þing í héraði og því hefur verið lokið á grundvelli 126. gr. laganna. Er rétturinn til áfrýjunar þannig ekki takmarkaður af tilliti til brotsins sem mál varðar eða þyngdar viðurlaga samkvæmt héraðsdómi.

Í tengslum við gerð þessa frumvarps hefur farið fram könnun á dómum Hæstaréttar í áfrýjuðum opinberum málum á tímabilinu frá 1988 og fram á árið 1992 og náði þessi könnun til samtals 282 mála. Tegundir brotanna, sem þessi mál snerust um, reyndust vera eftirfarandi:

Tegund brots:	Fjöldi mála:
Brot gegn almennum hegningarlögum:	
Blönduð auðgunarbrot	17
Brenna	4
Brot gegn friðhelgi einkalífs	2
Efnahagsbrot	29
Hylming	3
Kynferðisbrot	23
Líkamsmeiðingar	27
Manndráp	12
Manndráp af gáleysi	6
Misneyting og okur	3
Nytjastuldur	1
Ólögmæt meðferð fundins fjár	1
Rán	5
Skjalafals	15
Þjófnaður	24
Brot gegn áfengislögum	2
Brot gegn ávana- og fíkniefnalögum	7
Brot gegn bókhalds- og skattalögum	6
Brot gegn loftferðalögum	2
Brot gegn tollalögum	2
Brot gegn umferðarlögum	78
Fiskveiðibrot	12
Annars konar brot	1

Í 179 af þessum málum var sök játað, eða í rúmlega 63% tilvika. Í 82 málum, eða rúmlega 29% tilvika, var sök neitað en í 21 máli var sök að nokkru játað og að nokkru neitað og voru það tæplega 8% málanna. Í nokkrum fjölda tilvika voru tveir eða fleiri saksóttir í einu og sama máli en samtals voru ákærðu í þessum málum 328 talsins. Af þeim höfðu 24 verið sýknaðir af kröfum ákæruvaldsins í héraðsdómi en viðurlög, sem ákærðu voru dæmd í héraði í hinum málunum, skiptust á eftirfarandi hátt:

Tegund viðurlaga:	Fjöldi ákærða:
Óskilorðsbundið fangelsi	156
Skilorðsbundið fangelsi	58
Fangelsi og eignaupptaka	7
Fangelsi og sekt	10
Fangelsi og ökuleyfissvipting	16
Öryggisgæsla	2
Eignaupptaka og sekt	9
Sekt	10
Ökuleyfissvipting og sekt	29
Skilorðsbundin frestun refsiákvörðunar	7

Í þeim 58 tilvikum þar sem sektir voru dæmdar, ýmist einar sér eða með öðrum viðurlögum, var upphæð þeirra eftirfarandi í áfrýjuðum héraðsdómum:

Sektarfjárhæð í krónum:	Fjöldi ákærða:
Undir 25.000	18
25.000 til 50.000	11
50.000 til 100.000	10
100.000 til 200.000	7
200.000 til 500.000	6
500.000 til 750.000	0
Yfir 750.000	6

Í almennum athugasemdum við frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, sem er gengið út frá að verði flutt samhliða þessu frumvarpi kemur fram heildaryfirlit yfir mál sem hefur verið skotið til Hæstaréttar á árabilinu frá 1985 fram að þessu ári, og nær það bæði til einkamála og opinberra mála. Áfrýjunum í opinberum málum hefur ekki fjölgað neitt teljandi á þessu árabili í samanburði við aukningu á áfrýjunum í einkamálum en fjöldi opinberu málanna var eftirfarandi á tímabilinu:

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Áfrýjanir	73	62	64	65	82	69	90	81
Dæmd mál	60	62	53	52	57	71	73	69

Mismunurinn milli fjölda áfrýjaðra og dæmdra mála á fyrst og fremst rætur að rekja til þess að mál hafa verið felld niður í nokkrum mæli fyrir Hæstarétti með því að málsaðili hefur fallið frá áfrýjun.

Í athugasemdunum með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 91/1991 er greint frá vandkvæðunum sem fjölgun mála fyrir Hæstarétti hefur leitt af sér. Eins og þar kemur fram hefur þessi fjölgun aðallega lengt þann tíma sem hefur tekið að ljúka áfrýjuðum einkamálum því að opinberu málin hafa að öðru jöfnu verið látin ganga fyrir í afgreiðslu. Málatíminn í opinberum málum hefur þannig ekki lengst að ráði á undanförnum árum en forgangur hefur haft sjálfgefnar afleiðingar til lengingar á afgreiðslutíma einkamála. Í þeim 282 opinberu málum, sem fyrrnefnd könnun á dómum tók til, reyndist afgreiðslutíminn frá útgáfu áfrýjunarstefnu þar til dómur gekk í Hæstarétti vera eftirfarandi:

Afgreiðslutími frá áfrýjun:	Fjöldi mála:
Minna en 1 mánuður	1
1 til 3 mánuðir	18
3 til 4 mánuðir	30
4 til 5 mánuðir	26
5 til 6 mánuðir	50
6 til 9 mánuðir	89
9 til 12 mánuðir	36
12 til 15 mánuðir	25
15 til 18 mánuðir	5
18 til 24 mánuðir	2

Nokkur hluti af afgreiðslutíma fer hverju sinni í undirbúning máls fyrir málflutning fyrir Hæstarétti sem aðilar að því annast. Biðtíminn eftir dómi í máli er þannig ekki að öllu leyti háður afköstum dómsins en eftirfarandi er yfirlit þar sem kemur fram hve langur tími hefur liðið frá því málin hafa verið tilbúin til málflutnings og þar til þeim hefur verið lokið með dómi:

Tími frá því mál er tilbúið til flutnings:	Fjöldi mála:
Minna en 1 mánuður	14
1 til 3 mánuðir	111
3 til 4 mánuðir	45
4 til 5 mánuðir	39
5 til 6 mánuðir	28
6 til 9 mánuðir	33
9 til 12 mánuðir	6
12 til 15 mánuðir	5
15 til 18 mánuðir	1

Eitt helsta markmiðið með endurskoðun á reglum um heimildir til áfrýjunar og meðferð áfrýjunarmála fyrir Hæstarétti hefur verið að leita leiða til að flýta afgreiðslu málanna. Meðal annars er stefnt að þessu með tillögum sem eiga að gera meðferðina skilvirkari og einfaldari. Einnig verður þó að leitast við að draga úr fjölda áfrýjana í tilvikum þar sem tilgangur með málskoti er lítill sem enginn og mikilvægi máls er takmarkað. Viðleitni til að draga úr áfrýjunum er að vísu ekki jafnknýjandi á sviði opinberra mála og í einkamálum en

fjöldi opinberu málanna, sem kann að vera áfrýjað að ófyrirsynju, skiptir allt að einu máli í heildarmyndinni enda valda þau töfum á afgreiðslu annarra mála. Með frumvarpinu eru gerðar ýmsar tillögur sem er ætlað að stuðla að því að þessum markmiðum verði náð en af þeim er öðru fremur ástæða til að geta þriggja atriða.

Í fyrsta lagi er lagt til í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins að áfrýjun í smærri málum verði háð leyfi Hæstaréttar. Í ákvæðinu eru þessi smærri mál nánar tiltekið skilgreind á þann hátt að það séu mál þar sem ákærði hefur verið sakfelldur í héraðsdómi og viðurlög á hendur honum eru hvorki frelsissvipting né sekt eða eignaupptaka sem fer fram úr svokallaðri áfrýjunarfjárhæð í einkamálum en í frumvarpi til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála er lagt til að sú fjárhæð verði 500.000 kr. Af tölulegu upplýsingunum hér að framan má ráða að fjöldi málanna, sem fellur undir þessa skilgreiningu, er ekki teljandi hátt hlutfall af heildinni því af þeim 328 mönnum, sem voru saksóttir í opinberum málum sem fyrrgreind könnun tók til, virðast 48, eða 14,63% þeirra, eingöngu hafa sætt viðurlögum sem falla innan þessara marka. Eins og áður sagði miða reglur frumvarpsins um þetta ekki að því að útiloka endurskoðun dóma í þessum tilvikum heldur að breytingum á hvernig hún fer fram. Þegar mat yrði lagt á umsókn um leyfi til áfrýjunar í málum af þessum toga yrði Hæstiréttur m.a. að líta til þess hvort mál varði mikilvæga hagsmuni þess sakfellda, hvort mál hafi víðtækara gildi sem fordæmi og hvort líkindi séu fyrir að héraðsdómi yrði breytt svo einhverju nemi við áfrýjun. Ef talið yrði að ekkert af þessu þrennu væri fyrir hendi í máli yrði að öðru jöfnu synjað um áfrýjunarleyfi en í þeirri afstöðu fælist um leið mat á því að héraðsdómur yrði staðfestur, a.m.k. í öllu verulegu, þótt mál hlyti ítarlegri athugun. Þessi leið til að endurskoða dóma í opinberum málum getur sem áður segir samrýmst reglum 2. gr. viðauka nr. 7 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Hún mundi ekki leiða af sér neina teljandi fækkun á heildarmálafjöldanum fyrir Hæstarétti en um fækkunina á þessum óþarfa málskotum mundi þó muna til að flýta afgreiðslu mikilvægari mála.

Í öðru lagi verður að vekja athygli á því að í 7. gr. frumvarpsins eru lagðar til ítarlegri reglur en gilda nú um það, í hverjum tilgangi dómi í opinberu máli verði áfrýjað en með 11., 13. og 15. gr. þess er síðan stefnt að því að þessi tilgangur komi skýrlega fram við áfrýjun. Í núgildandi 147. gr. laganna er gert ráð fyrir að áfrýjun geti átt sér þrenns konar markmið eða í fyrsta lagi að dómur verði endurskoðaður af tilliti til lagaatriða, í öðru lagi af tilliti til viðurlaga og í þriðja lagi af tilliti til sönnunaratriða en einnig getur tvennt af þessu eða þetta allt farið saman í máli. Með 7. gr. frumvarpsins er ekki stefnt að teljandi breytingu að þessu leyti. Á hinn bóginn leiða núgildandi reglur til þess að ef annað er ekki tekið fram við áfrýjun verður litið svo á að hún taki til málsins í heild og eigi sér þannig stað af tilliti til allra þessara þriggja atriða. Í framkvæmd hafa áfrýjanir ekki verið takmarkaðar eftir núgildandi 147. gr. í þeim mæli sem má telja eðlilegt. Þegar þetta er sagt er haft í huga að í rúmlega 63% tilvika er áfrýjað dómi þar sem ákærði hefur játað sök en áfrýjun getur þá tæplega haft annað markmið en að leita endurskoðunar á þeim viðurlögum sem hafa verið ákveðin í héraðsdómi. Meðferð máls fyrir Hæstarétti þar sem þarf aðeins að endurskoða viðurlög en ekki sönnunaratriði í máli er af augljósum ástæðum viðurhlutaminni og einfaldari en í öðrum tilvikum. Slíkum málum er unnt að flýta í nokkuð meira mæli en hefur yfirleitt verið gert til þessa en vandkvæðin við að koma því við í framkvæmd hafa aðallega stafað af því að þetta markmið málskots hefur ekki komið nógu skýrt fram við áfrýjun. Með áðurnefndum 11., 13. og 15. gr. frumvarpsins yrði ráðin bót á því.

Í þriðja lagi má ráða af tölulegu upplýsingunum hér á undan um afgreiðslutíma mála fyrir Hæstarétti að nokkur hluti af honum fer í undirbúning máls undir flutning. Unnt er að stytta þennan undirbúningstíma nokkuð með því að einfalda frágang máls í hendur Hæstaréttar og þá einkum skjala í því. Í 14. gr. frumvarpsins eru gerðar tillögur sem hafa þetta markmið.

IV.

Eins og áður kom fram eru gerðar ýmsar tillögur í frumvarpinu um breytingar á áfrýjunarmeðferð opinberra mála fyrir Hæstarétti. Við gerð þessara tillagna hefur verið leitast við að gæta samræmis eins og frekast er kostur milli þeirra og reglna sem eru lagðar til um meðferð áfrýjaðra einkamála í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 91/1991.

Helstu breytingar, sem er stefnt hér að varðandi meðferð opinberra mála fyrir Hæstarétti, eru eftirfarandi:

1. Eins og var getið í niðurlagi III. liðar í þessum almennu athugasemdum er ráðgert með 7., 10. og 13. gr. frumvarpsins að áfrýjandi verði að taka skýrlega fram í hverju skyni hann áfrýi dómi í opinberu máli til Hæstaréttar. Með þessu er stefnt að hagræði við undirbúning og meðferð máls því tilgangur áfrýjunarinnar setur mark sitt m.a. á það hver atriði aðilarnir þurfa að rökstyðja sérstaklega í skriflegum málatilbúnaði fyrir Hæstarétti og munnlegum flutningi máls og hver gögn þarf að leggja þar fram. Sem dæmi um þetta má benda á hversu ólíkt umfangið er yfirleitt á rökstuðningi og gagnaöflun ef litið er annars vegar til máls þar sem dómi um óskilorðsbundið fangelsi er áfrýjað eingöngu til leita eftir skilorðsbindingu refsingarinnar og hins vegar til máls þar sem ákæruvald hefur neitað sök og deilt er um hvort hún sé sönnuð. Eftir núgildandi lögum er unnt að komast hjá því að afmarka tilgang áfrýjunar á þennan hátt en þetta getur kostað að tilgangurinn skýrist fyrst við munnlegan flutning máls af hálfu ákæruvalds fyrir Hæstarétti og leitt er þá í ljós að við undirbúning málsins hafi verið tekið mið af atriðum sem þarf ekki að fjalla um fyrir æðra dómi.
2. Talsverðar breytingar eru lagðar til með 13. og 15. gr. frumvarpsins um hvernig mál verði undirbúið skriflega á fyrstu stigum við og eftir áfrýjun. Í núgildandi 155. gr. laganna er aðeins ráðgert að ríkissaksóknari gefi út mjög stuttorða áfrýjunarstefnu, hvort sem hann áfrýjar af hálfu ákæruvaldsins eða ákærði áfrýjar, og þar þurfi ekki að geta röksemda fyrir áfrýjun. Nánari skýringar á máli koma að öðru jöfnu fyrst fram við munnlegan flutning þess. Í 13. gr. frumvarpsins er á hinn bóginn lagt til að áfrýjunarstefna verði mun ítarlegri en nú er, en veigameiri er þó sú breyting skv. 15. gr. að miðað er við að strax eftir áfrýjun skili ríkissaksóknari og ákærði skriflegum greinargerðum fyrir Hæstarétti. Í greinargerðunum er ætlast til að viðhorf aðilanna til niðurstaðna héraðsdóms og röksemda fyrir þeim komi fram af nákvæmni og að rökstutt verði hvers vegna aðili telji að gera eigi breytingar þar á.
3. Í 14. gr. frumvarpsins eru tillögur um hvernig staðið verði að frágangi málsgagna fyrir Hæstarétti. Eftir núgildandi reglum er ætlast til að í tengslum við áfrýjun afli ríkissaksóknari dómsgerða í máli hjá héraðsdómstólnum þar sem var leyst úr því. Í dómsgerðum þarf að vera eintak af öllum gögnum sem voru lögð fram í héraði og endurrit af framburði málsaðila og vitna fyrir dómi hvort sem byggt verður á þeim gögnum fyrir Hæstarétti eða ekki. Í framkvæmd er mjög seinlegt að gera dómsgerðir í þessum búningi og tefur það oft talsvert fyrir rekstri máls í Hæstarétti. Samkvæmt núgildandi 156. gr. laganna á ríkissaksóknari síðan að búa til í samráði við verjanda ákærða svokallað

ágrip dómsgerða til afnota við rekstur máls fyrir Hæstarétti. Eins og nafnið gefur til kynna er ætlast til að þar verði aðeins tekinn upp hluti af gögnunum úr dómsgerðum, en þetta eiga að vera þau gögn sem aðilarnir hyggjast nota fyrir Hæstarétti. Ágrip á síðan að afhenda Hæstarétti í nokkrum fjölda eintaka ásamt dómsgerðum. Framkvæmd hefur farið nokkuð úr böndum í þessum efnum því stundum virðist ágrip verða óþarflega umfangsmikið og jafnvel kemur fyrir að öll gögn úr héraði séu sett í það án tillits til notagildis við rekstur máls fyrir Hæstarétti. Þetta stafar þó oft af því að tilgangur áfrýjunar er ekki ljós við gerð ágrips eins og var minnst á hér áður, þannig að ýmis gögn í því reynast síðar óþörf. Í 14. gr. frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar frá þessari tilhögun. Þannig er ráðgert að ríkissaksóknari leiti að vísu eftir dómsgerðum frá héraðsdómi þegar dómi hefur verið áfrýjað en lagt er til í lokamálsgrein greinarinnar að Hæstiréttur setji nánari reglur um frágang þeirra. Er allt eins hægt að reikna með að slíkar reglur leiði til þess að hægt verði að ganga frá dómsgerðum með einfaldari hætti en nú er gert. Þá er lagt til í 14. gr. að ágrip verði ekki lengur gerð í núverandi mynd heldur búi ríkissaksóknari til svokölluð málsgögn í samráði við verjanda ákærða þar sem yrðu aðeins tekin upp málsskjöl og endurrit sem þeir telja þörf á eins og áfrýjun er háttað hverju sinni. Nánari reglur yrðu settar af Hæstarétti um frágang þessara málsgagna. Eftir þessu yrði væntanlega hægt að draga nokkuð og jafnvel mikið úr þeim fjölda gagna sem yrðu lögð fyrir Hæstarétt en þetta yrði til að flýta undirbúningi máls, gera það skýrara og aðgengilegra og draga úr kostnaði af rekstri þess.

4. Í 17. og 18. gr. frumvarpsins eru gerðar tillögur um nýjar reglur um flutning máls fyrir Hæstarétti en um þetta eru nú litlar sem engar reglur í lögunum og er þá ætlast til að reglum um flutning máls í héraði og flutning einkamála fyrir Hæstarétti verði beitt eftir því sem þær eiga við. Í 17. og 18. gr. er ráðgert að flutningur opinbers máls fari eftir sambærilegum reglum og mundu gilda um einkamál samkvæmt ákvæðum frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 91/1991. Er stefnt að því að málflutningur verði markvissari en reyndin hefur stundum orðið í framkvæmd samkvæmt núgildandi reglum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 5. gr. laganna, eins og hún stendur nú, kemur sú aðalregla fram í 1. mgr. að einn dómari skipi dóm í opinberu máli í héraði en í 2. mgr. eru gerðar undantekningar þar frá og heimilað að dómari kveðji meðdómsmenn til setu í dómi með sér eftir reglum laga um meðferð einkamála. Er með þessu skírskotað til reglna um meðdómendur í 2. og 3. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Í 3. mgr. 5. gr. laganna um meðferð opinberra mála eru síðan fyrirmæli um störf meðdómsmanna.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til vissar breytingar á þessum reglum því með henni er ráðgert að sú viðbót verði gerð við fyrrnefnda 1. mgr. 5. gr. laganna að héraðsdómara verði heimilað að kveðja til tvo aðra dómara til að sitja með sér í dómi ef ákærði neitar sök í máli og sýnt þykir að niðurstaða kunni í verulegum atriðum að byggjast á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Er miðað við að þessi heimild yrði háð samþykki forstöðumanns viðkomandi héraðsdómstóls. Með þessari tillögu er eingöngu ráðgert að ný heimild verði lögfest til að kveðja til meðdómsmenn í ákveðnum tilvikum því eftir sem áður stæði áðurnefnd 2. mgr. 5. gr. laganna óhögguð og hefði eins og hingað til að geyma almennar heimildir í þessum efnum. Ástæðan fyrir þessari breytingartillögu er sú að eins og var getið í almennum athugasemdum hér á undan er stefnt að því að Hæstiréttur hrófli ekki

við mati héraðsdómara á sönnunargildi munnlegs framburðar nema viðkomandi gæfi munnlega skýrslu fyrir Hæstarétti, sbr. 4. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Af 3. mgr. 17. gr. má ráða að ekki sé ætlast til að munnlegar skýrslur yrðu gefnar fyrir Hæstarétti í ríkum mæli og yrði því oftar en ekki að styðjast við niðurstöðu í héraðsdómi um þetta. Ef mál er umfangsmikið eða vandasamt getur verið ástæða til að styrkja niðurstöðu héraðsdóms um mat á munnlegum framburði og er því ráðgert í 1. gr. að undir þeim kringumstæðum geti komið til álita að dómurinn verði fjölskipaður af tilliti til þess. Þá gæti þessi heimild einnig komið að haldi í tilvikum þar sem héraðsdómur hefði verið ómerktur af Hæstarétti á grundvelli reglunnar sem er í 5. mgr. 19. gr. frumvarpsins og þá með því að þrír dómarar sætu í dómi þegar málið væri tekið aftur til meðferðar í héraði sem yrði vandaðri fyrir vikið.

Um 2. gr.

Í 2. mgr. 44. gr. laganna eru reglur um hvernig fari um þóknun handa verjanda ákærða ef dómi hefur verið áfrýjað og verjandi hefur verið skipaður fyrir Hæstarétti en fallið er síðan frá áfrýjun eða mál fellur niður af öðrum ástæðum fyrir Hæstarétti. Er mælt fyrir um að ríkissaksóknari ákveði þá verjandanum þóknun.

Með 2. gr. frumvarpsins er sú breyting lögð til í þessum efnum að í stað ríkissaksóknara kæmi í hlut Hæstaréttar að ákveða þóknun verjanda. Er þetta gert af tilliti til þess að viss vandkvæði hafa fylgt núverandi skipan í framkvæmd en þetta verk getur átt heima í höndum Hæstaréttar með eðlilegum hætti enda tengist það lokaafgreiðslu máls fyrir dóminum.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lögð til breyting á tilvísun milli ákvæða í lögunum og á hún rætur að rekja til þess að skipan efnis í einstaka greinum í XVIII. kafla laganna tæki breytingum ef frumvarpið yrði að lögum. Þetta ákvæði skýrir sig sjálft að öðru leyti.

Um 4. gr.

Í 4. gr. eru lagðar til tvær minni háttar breytingar á 133. gr. laganna þar sem er fjallað um uppkvaðningu dóms í héraði.

Annars vegar er lagt til að 3. mgr. 133. gr. verði orðuð á þann hátt að tekið verði fram í byrjun að kveðja eigi ákærða ef hægt er á dómþing til uppkvaðningar héraðsdóms en dómur teljist þá birtur fyrir honum ef hann lætur verða af þingsókn. Í núverandi mynd er eingöngu nefnt að dómur teljist birtur við uppkvaðningu ef ákærði er viðstaddur en ekki er minnst á kvaðningu hans til þinghalds eins og hér er gert.

Hins vegar er ráðgerð lítils háttar viðbót við 4. mgr. 133. gr. þar sem nú kemur fram að endurrit af héraðsdómi eigi að öðru jöfnu að vera til reiðu við uppkvaðningu hans. Er lagt til í 4. gr. frumvarpsins að bætt verði við að endurrit eigi að öðrum kosti að vera tilbúið innan viku frá uppkvaðningu dóms ef ekki er þá hægt að fara eftir meginreglu ákvæðisins. Tillagan um þessa breytingu tengist m.a. atriðum sem verður vikið að í athugasemdum við 12. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í 135. gr. laganna eru reglur um þau atriði sem þurfa að koma fram í héraðsdómi. Með 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á þeim reglum sem felst nánar tiltekið í því að bætt yrði við núverandi reglu að héraðsdómari verði að taka skýrlega fram í úrlausn sinni hvað hann telji sannað í máli og hvernig hann komist að þeirri niðurstöðu. Þessi tillaga tengist

því að eins og áður segir er ráðgert í öðrum ákvæðum frumvarpsins að Hæstiréttur endurskoði yfirleitt ekki mat héraðsdómara á sönnunargildi munnlegs framburðar sem hann hefur hlýtt á. Niðurstaða um sönnunaratriði, sem væri eingöngu byggð á slíku mati, mundi því að meginreglu þurfa að standa óhögguð. Önnur sönnunargögn geta á hinn bóginn legið fyrir í máli sem héraðsdómari tæki ríkara tillit til eða beitti í samhengi við munnlegar skýrslur en engar takmarkanir eru lagðar til um heimildir Hæstaréttar til að meta á ný gildi slíkra gagna. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að tryggja að ekki fari milli mála hver sönnunargögn hafi ráðið niðurstöðu í héraðsdómi, svo sem er stefnt að með þessari breytingu.

Um 6. gr.

Í 140. gr. laganna er eingöngu kveðið á um heimild dómsmálaráðherra til að setja nánari reglur um frágang dómsgerða héraðsdóms í reglugerð. Slíkar reglur hafa verið settar og birtust í reglugerð nr. 225/1992.

Í almennum athugasemdum hér að framan var vikið að því að með frumvarpinu sé stefnt að nokkurri breytingu á frágangi gagna í hendur Hæstaréttar, m.a. varðandi dómsgerðir. Í þessu skyni er ráðgert í 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins að Hæstiréttur setji reglur um þessi atriði í heild sinni en í ljósi þess yrði ekki lengur þörf á heimild til að setja reglugerð skv. 140. gr. laganna. Er því lagt til með 6. gr. frumvarpsins að þessi heimild og þar með 140. gr. í heild sinni falli niður.

Um 7. gr.

Í 7. gr. eru tillögur um nýja hljóðan 147. gr. laganna sem er upphafsgrein XVIII. kafla laganna þar sem eru reglur um áfrýjun.

Í 147. gr. í núverandi mynd kemur fram að hægt sé að áfrýja opinberu máli í heild sinni en einnig megi áfrýja í afmörkuðum tilgangi og þá til að leita endurskoðunar á viðurlögum samkvæmt héraðsdómi og lagaatriðum máls. Í síðastnefndu tilvikunum beinist áfrýjun ekki að niðurstöðum um sönnun í máli, svo sem ef sök hefur verið játað, en þetta er þá það sem vantar á að áfrýjun taki til málsins í heild.

Með 7. gr. frumvarpsins eru eldri reglur úr 147. gr. teknar að nokkru upp án efnislegra breytinga. Þar er að vísu ekki minnst á að áfrýjun geti náð til allra atriða máls en eins og upptalningu er háttað í 7. gr. má sjá að ef áfrýjun er beint í senn að þeim atriðum sem koma fram í þremur fyrstu stafliðum greinarinnar verður útkoman sú sama. Um einstaka stafliði í 7. gr. er rétt að benda á að fyrirmælin í a- og b-liðum greinarinnar svara til eldri reglna um áfrýjun varðandi ákvörðun viðurlaga og lagaatriði máls þótt orðalag sé aðeins annað. Í c-lið koma á hinn bóginn fram nýmæli þar sem segir að áfrýjun geti tekið til niðurstaðna í héraðsdómi um sönnunaratriði að undanskildu því að ekki yrði hægt að áfrýja dómi til að fá breytt mati í héraðsdómi á sönnunargildi munnlegs framburðar sem hefur verið gefinn undir rekstri máls á lægra dómstiginu. Að þessari reglu var vikið í almennum athugasemdum hér framar en benda má á að í henni eru engar takmarkanir gerðar á heimildum til að áfrýja til að fá endurmetna úrlausn héraðsdómara um niðurstöðu á grundvelli annarra sönnunargagna. Í reglunni er heldur ekki girt fyrir að hægt yrði að meta sönnunargildi munnlegs framburðar ef hann væri gefinn fyrir Hæstarétti, sbr. 3. mgr. 17. gr., en ekki yrði ætlast til að sú leið yrði farin nema í undantekningartilvikum. Loks er tekið fram í d- og e-liðum 7. gr. að áfrýja

megi til að fá héraðsdóm ómerktan og máli vísað heim í hérað til meðferðar og dóms á ný og til að fá máli vísað frá héraðsdómi. Þetta segir ekki berum orðum í núgildandi 147. gr. en gildir allt að einu í skjóli skírskotunar í núverandi 163. gr. laganna til ákvæða laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, sbr. einkum 18. gr. þeirra.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru gerðar tillögur um nýja 148. gr. laganna og snýr efni hennar að heimildum ríkissaksóknara til að áfrýja dómi líkt og 148. gr. í núverandi mynd. Í fyrri málslið 8. gr. kemur fram sama regla og er nú í 1. mgr. 148. gr., en í síðari málsliðnum er efnislega sama regla og í núgildandi 2. mgr. greinarinnar þótt hún sé mun styttri hér. Líkt og í núgildandi reglu er vísað í 8. gr. til 150. gr. um takmarkanir á áfrýjunarheimild ríkissaksóknara og verður því eins og hingað til að skoða þessa heimild í því ljósi. Að öðru leyti verður ekki séð að greinin gefi tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 9. gr.

Í 9. gr., sem er ráðgert að yrði 149. gr. laganna, eru fyrirmæli um heimild ákærða til áfrýjunar, svo og annarra sem geta komið í hans stað til að taka ákvörðun í þeim efnum. Hér er lagt til að fyrirmæli, sem eru nú í 149. og 151. gr. laganna, verði sameinuð, en efnislega er ekki stefnt að breytingum frá núgildandi reglum. Þannig svara tvær fyrstu málsgreinar 9. gr. til 149. gr. laganna en 3. mgr. greinarinnar geymir sömu fyrirmæli og eru nú í 151. gr. Um efni 9. gr. má vekja athygli á að réttur ákærða til áfrýjunar sætir eins og hingað til takmörkunum sem er ráðgert að komi fram í 150. gr. en að öðru leyti verður ekki séð að greinin þarfnist skýringa.

Um 10. gr.

Í þessari grein, sem verður 150. gr. laganna ef frumvarpið nær fram að ganga, eru reglur um takmörkun á heimildum til áfrýjunar og veitingu undanþágu frá þeim takmörkunum með áfrýjunarleyfi.

Í 1. mgr. 10. gr. er regla sem er efnislega sú sama og er nú í 1. mgr. 150. gr. laganna. Samkvæmt henni yrði óheimilt að áfrýja dómi í máli þar sem ákærði hefur ekki sótt þing í héraði ef leyst hefur verið úr því eftir ákvæðum 126. gr. laganna að honum fjarstöddum. Hæstarétti yrði heimilt að veita undanþágu frá þessu banni með áfrýjunarleyfi en á grundvelli þess yrði þó aðeins heimilt að áfrýja varðandi lagaatriði og ákvörðun viðurlaga. Er þetta sama regla og nú gildir en nefna má að frá því hún var sett með lögum nr. 19/1991 virðist ekki hafa verið leitað eftir áfrýjunarleyfi á þessum grunni. Vekja má athygli á því að eins og hingað til er miðað hér við að þessi takmörkun nái bæði til heimilda ákæruvaldsins og ákærða til áfrýjunar.

Í 2. mgr. 10. gr. eru lögð til nýmæli, sem var fjallað sérstaklega um í almennum athugasemdum við frumvarpið, um takmörkun á heimild til að áfrýja héraðsdómi þar sem ákærði hefur verið sakfelldur ef viðurlög á hendur honum eru hvorki frelsissvipting né sekt eða eignaupptaka sem fer fram úr áfrýjunarfjárhæð í einkamálum. Um einstaka atriði í þessari reglu er rétt í fyrsta lagi að vekja athygli á því að ráðgert er að hún nái aðeins til áfellisdóma en þar með væri heimild ríkissaksóknara til að áfrýja dómi, þar sem ákærði hefur verið sýknaður, ekki takmörkuð af reglunni. Í öðru lagi má benda á að dómur, þar sem ákærða er dæmd frelsissvipting, yrði áfrýjanlegur án tillits til reglunnar en með frelsissviptingu er átt hér við fangelsi eða varðhald, hvort sem sú refsing væri skilorðsbundin eða ekki, svo og

öryggisgæslu. Á hinn bóginn er ekki ætlast til að tilvik, þar sem ákærða er ákveðin frelsissvipting sem vararefsing, verði felld undir regluna enda yrði þá miðað við aðalrefsingu samkvæmt hljóðan dóms í þessu tilliti. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að dómar um annars konar viðurlög en frelsissviptingu falli undir þessa reglu, að undanteknum dómum þar sem ákærði væri dæmdur í sekt sem fer fram úr áfrýjunarfjárhæð í einkamálum eða til að sæta upptöku eigna sem ná þeirri fjárhæð að andvirði. Auk dóma þar sem lægri sekt eða upptaka verðminni eigna væri ákveðin mundu eiga hér undir dómar þar sem ákærði yrði sviptur réttindum, t.d. ökuleyfi, ef frelsissvipting væri ekki dæmd samhliða. Í fjórða lagi má vekja athygli á að sú staða gæti komið upp að til dæmis þrír menn hafi verið saksóttir í einu lagi og sakfelldir með héraðsdómi og tveir þeirra hafi verið dæmdir til frelsissviptingar en þeim þriðja gert að greiða sekt. Í slíku tilviki yrði að meta áfrýjunarheimild hvers ákærða sjálfstætt þannig að þeir tveir fyrstnefndu í þessu dæmi nytu óskilyrts réttar til áfrýjunar meðan sá þriðji gæti ekki áfrýjað án áfrýjunarleyfis. Tengslin milli brota þeirra mundi þannig ekki leiða til sérstöðu að þessu leyti. Vert er að árétta að þessari reglu er ætlað að takmarka jöfnum höndum heimildir ríkissaksóknara og ákærða til áfrýjunar.

Í 3. mgr. 10. gr. eru síðan fyrirmæli um áfrýjunarleyfi en nánar tiltekið kemur þar fram í hvaða formi og hvers efnis umsókn um leyfið þurfi að vera, hvert henni verði beint, að afhending umsóknar rjúfi áfrýjunarfrest og að Hæstiréttur verði að gefa gagnaðila umsækjanda færi á að tjá sig um umsókn. Um það hvenær leyfið yrði veitt segir hins vegar það eitt í ákvæðinu að það verði ekki gert nema sérstakar ástæður mæli með því. Þótt það sé ekki tekið beinlínis fram hér má ætla að slíkar sérstakar ástæður geti einkum verið fyrir hendi undir þeim kringumstæðum sem er getið í 4. mgr. 5. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála sem tilefni til að veita áfrýjunarleyfi í einkamálum. Þetta eru nánar tiltekið tilvik þar sem úrslit máls þykja hafa verulegt almennt gildi eða varða mikilvæga hagsmuni umsækjanda, svo og tilvik þar sem ástæða er til að ætla að héraðsdómi kynni að verða breytt svo einhverju nemi við áfrýjun. Þetta þarf þó ekki að vera tæmandi talning á forsendum sem gætu réttlætt veitingu áfrýjunarleyfis í opinberum málum og ekki er heldur gefið að þeim yrði beitt með alveg sama hætti og á sviði einkamála en einkum er það af þessum ástæðum sem fyrirmæli um þetta eru ekki tekin beinlínis upp í 3. mgr. 10. gr. þessa frumvarps. Að öðru leyti en þessu er rétt að taka fram að fyrirmæli eru nú um umsókn um áfrýjunarleyfi og veitingu þess í 2. mgr. 150. gr. laganna en þau eru ekki jafnítarleg og reglurnar sem eru lagðar hér til.

Um 11. gr.

Í 11. gr., sem er lagt til að verði 151. gr. laganna, eru aðallega reglur um leiðbeiningar við ákærða um rétt hans til áfrýjunar, yfirlýsingu hans um áfrýjun og frest hans til að gefa hana. Að því leyti sem sambærilegar reglur koma fram í núgildandi lögum verða þær fundnar í 153. gr. þeirra.

Í 1. mgr. 11. gr. eru ákvæði um leiðbeiningar við ákærða um rétt hans til áfrýjunar og áfrýjunarfrest. Líkt og nú kemur fram í 2. mgr. 153. gr. laganna er gert ráð fyrir að dómari veiti slíkar leiðbeiningar við uppkvaðningu héraðsdóms ef ákærði er þar viðstaddur en að öðrum kosti yrði sá sem birtir ákærða dóm eftir ákvæðum 20. gr. laganna að veita þessar leiðbeiningar. Er tekið fram að dómari verði að bóka í þingbók að þessar leiðbeiningar hafi verið veittar, hafi það komið í hans hlut, en að öðrum kosti taki birtingarmaður þetta fram í vottorði sínu um birtingu dóms. Fyrir utan leiðbeiningarnar, sem hér er rætt um, verður að hafa í huga að ef ákærða hefur verið skipaður verjandi eða hann hefur ráðið sér talsmann

fyrir héraðsdómi mundi sá að öðru jöfnu veita ákærða leiðsögn um áfrýjunarrétt og áfrýjunarfrest. Tilvist verjanda eða talsmanns mundi þó ekki breyta þeirri skyldu sem er lögð hér á dómara eða eftir atvikum þann sem birtir annars dóm.

Samkvæmt núgildandi 1. mgr. 153. gr. laganna gildir sú regla að ákærði getur lýst yfir áfrýjun munnlega við þann sem birtir honum dóm eða með bréflegri tilkynningu til ríkissaksóknara eða þess sem kom fram sem ákærandi í máli hans í héraði. Í þessari yfirlýsingu ákærða er aðeins ætlast til að fram komi að hann áfrýi dómi og í hverju skyni hann geri það. Með 2. mgr. 11. gr. er stefnt að nokkrum breytingum í þessum efnum. Þannig er í fyrsta lagi aðeins ráðgert að viðtakandi yfirlýsingar ákærða geti orðið ríkissaksóknari og er því stefnt að afnámi annarra heimilda að þessu leyti. Er þetta gert til að tryggja að tilkynning ákærða misfarist ekki eins og hætta getur verið á þegar hugsanlegir viðtakendur hennar eru svo margir sem raun ber vitni. Í öðru lagi er mælt fyrir um að yfirlýsing ákærða þurfi alltaf að vera skrifleg en gert er ráð fyrir að ákærði eigi rétt á að fá leiðbeiningar um gerð hennar hjá ríkissaksóknara eða öðrum ákærendum og þá án tillits til þess hver hafi komið fram af hálfu ákæruvaldsins undir rekstri máls í héraði. Í þriðja lagi er mælt fyrir um að taka verði fram af nákvæmni í yfirlýsingunni hver tilgangurinn sé með áfrýjun, en með þessu er átt við að fram þurfi að koma hver þau atriði séu í upptalningunni í 7. gr. frumvarpsins sem ákærði stefnir að með áfrýjun. Að þessari breytingu hefur verið vikið hér á fyrri stigum en eins og þá kom fram er þetta lagt til svo ljóst verði frá fyrstu stigum til hvers dómi sé áfrýjað. Að öðru leyti skal tekið fram að frestur ákærða til að lýsa yfir áfrýjun er sá sami skv. 2. mgr. 11. frumvarpsins og nú gildir, sbr. 1. mgr. 153. gr. laganna, eða fjórar vikur frá birtingu héraðsdóms.

Í 3. mgr. 11. gr. er tekið fram að ef ríkissaksóknara berst ekki yfirlýsing ákærða um áfrýjun innan áfrýjunarfrests verði litið svo á að hann uni við héraðsdóm. Sama regla kemur nú fram í niðurlagi 1. mgr. 153. gr. laganna, en taka má fram að í frumvarpinu er ekki frekar en í núgildandi lögum gert ráð fyrir að undanþága verði fengin til áfrýjunar eftir lok áfrýjunarfrests með áfrýjunarleyfi eins og er hægt á sviði einkamála.

Um 12. gr.

Í þessari grein, sem er lagt til að verði 152. gr. laganna, er kveðið á um áfrýjunarfrest ákæruvaldsins og hvað þurfi að gerast innan þess frests ef ríkissaksóknari hyggst áfrýja. Reglur um þetta eru nú í 154. gr. laganna en frá þeim eru ráðgerðar vissar breytingar. Veigamesta breytingin, sem er lögð til hér, er sú að áfrýjunarfrestur af hálfu ákæruvaldsins, sem yrði átta vikur eins og hingað til, mundi hefjast við uppkvaðningu héraðsdóms en ekki þegar endurrit af héraðsdómi er til reiðu fyrir ríkissaksóknara eins og nú gildir. Með þessu er upphaf áfrýjunarfrestsins skilgreint með nánari hætti en verið hefur en að því leyti sem breytingar geta orðið af þessum nýmælum yrðu þær til að gera áfrýjunarfrest ákæruvaldsins skemmri en nú er. Skiptir miklu í ljósi þessarar reglu að endurrit sé tiltækt af héraðsdómi til athugunar fyrir ríkissaksóknara í tæka tíð en þetta býr öðru fremur að baki þeirri tillögu sem er gerð um breytingu á 133. gr. laganna í 4. gr. frumvarpsins og var fjallað um hér fyrr. Þá má benda á að í 12. gr. er tekið fram að innan þessa áfrýjunarfrests verði ríkissaksóknari að gefa út áfrýjunarstefnu. Að þessu leyti er orðalag reglunnar nákvæmara en í núgildandi 154. gr. laganna þar sem segir að áfrýja verði innan þessa frests en efnislega felur þetta ekki í sér breytingu. Að öðru leyti er reglan í frumvarpinu óbreytt frá þeirri sem nú gildir, þar á meðal um rýmri frest ríkissaksóknara til að áfrýja dómi af hálfu ákæruvaldsins í kjölfar áfrýjunar af hendi ákærða.

Um 13. gr.

Í 13. gr., sem yrði 153. gr. laganna ef frumvarpið nær fram að ganga, eru reglur um sóknaraðild í máli fyrir Hæstarétti, útgáfu og efni áfrýjunarstefnu, birtingu hennar og skipun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti. Efnislega er fjallað um sömu atriði í 155. gr. og að nokkru í 156. gr. laganna eins og þau standa nú.

Í 1. mgr. er tekið fram að ríkissaksóknari sé alltaf sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti og gildi það jafnt, hvort sem dómi er áfrýjað af ákæruvaldinu eða ákærða. Efnislega er sama regla nú í upphafi 1. mgr. 156. gr. laganna.

Í 2. mgr. eru gerðar tillögur um reglur um efni áfrýjunarstefnu og er eins og hingað til miðað við að ríkissaksóknari gefi hana alltaf út, hvort sem hann áfrýjar sjálfur eða ákærði. Uppsetning ákvæðisins er með nokkuð öðrum hætti en regla um það sama í núgildandi 1. mgr. 155. gr. laganna en efnislega er ekki stefnt að teljandi breytingum. Öðru fremur verður að geta þess að með c-lið 2. mgr. 13. gr. er lögð mun ríkari áhersla en nú er gert á að fram verði að koma af nákvæmni í áfrýjunarstefnu í hverju skyni áfrýjað sé. Þetta tengist atriðum sem komu hér áður til umfjöllunar í almennum athugasemdum varðandi viðleitni í frumvarpinu til að stuðla að skýrri afmörkun á tilgangi áfrýjunar þegar á fyrstu stigum. Hér má að öðru leyti benda á að áfrýjunarstefna eftir reglum frumvarpsins yrði mun efnismeiri en er ætlast til eftir núgildandi lögum en sá munur er ekki verulegur og er ráðgert þess í stað að skriflegur málatilbúnaður verði öllu ítarlegri í greinargerðum aðilanna skv. 15. gr. frumvarpsins. Er að þessu leyti gengið út frá að talsverður munur yrði á umfangi áfrýjunarstefnu í opinberum málum annars vegar og einkamálum hins vegar samkvæmt því sem er lagt til í 8. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála.

Af 3. mgr. 13. gr. má ráða að ekki eru lagðar til breytingar á reglum um birtingu áfrýjunarstefnu, tilnefningu ákærða á verjanda fyrir Hæstarétti og skipun verjanda ef ákærði óskar ekki eftir að flytja mál sitt þar sjálfur en um þessi atriði eru efnislega sams konar ákvæði í núgildandi 2. mgr. 155. gr. laganna.

Um 14. gr.

Í 14. gr., sem er lagt til að verði 154. gr. laganna, eru fyrirmæli um öflun ríkissaksóknara á dómsgerðum í máli hjá hlutaðeigandi héraðsdómstóli og gerð málsgagna til afnota við rekstur máls fyrir Hæstarétti. Í 3. mgr. greinarinnar er ætlast til að Hæstiréttur setji nánari reglur um frágang dómsgerða og málsgagna en lítið er sagt í greininni til að binda efni þeirra reglna annað en það að í málsgögnum eigi aðeins að vera málsskjöl og endurrit sem aðilar telja þörf á fyrir Hæstarétti í ljósi markmiðs áfrýjunarinnar. Í almennum athugasemdum hér að framan var vikið mun nánar að eldri reglum um frágang gagna í hendur Hæstaréttar í núgildandi 156. gr. laganna og samanburði þeirra við ráðagerðir að baki frumvarpinu og má vísa til þess til frekari skýringa.

Um 15. gr.

Í þessari grein, sem verður 155. gr. laganna ef frumvarpið nær fram að ganga, eru reglur um skriflegar greinargerðir aðilanna fyrir Hæstarétti og öflun nýrra gagna. Í greininni eru lagðar til ýmsar breytingar frá reglum um sambærileg atriði í núgildandi 157. gr. laganna.

Helsta breytingin, sem er stefnt að með 15. gr., er sú að gengið er út frá að málsaðilarnir leggi hvor um sig fram nokkuð ítarlegar skriflegar greinargerðir strax í kjölfar áfrýjunar og afhendi að meginreglu um leið ný gögn sem þeir hyggjast byggja á fyrir Hæstarétti. Í 1. mgr. er þannig ráðgert að þegar málsgögn hafa borist Hæstarétti ákveði hæstaréttarritari frest handa aðilanum, sem hefur átt frumkvæði að áfrýjun, til að skila greinargerð og nýjum gögnum, en eftir afhendingu þeirra fái gagnaðilinn frest í sama skyni. Er ætlast til að aðilarnir, eða ríkissaksóknari og verjandi ákærða, afhendi Hæstarétti þessi gögn við lok frests hvors um sig en láti svo hvor öðrum í té eintak af þessum gögnum án atbeina Hæstaréttar. Í 2. mgr. eru síðan reglur um hvað þurfi að koma fram í greinargerðum aðilanna en í meginatriðum er ætlast til að í fyrsta lagi komi þar skýrlega fram kröfugerð aðilans sem hefði þó skilað sér meira eða minna áður í áfrýjunarstefnu vegna fyrirmæla í c-lið 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi yrði aðilinn að greina frá því hvort hann samsinni lýsingu á málsatvikum í héraðsdómi og röksemdum fyrir niðurstöðu og yrði hann þá að afmarka nákvæmlega hvort hann sé ósammála einhverjum þessara atriða og hvernig hann rökstyðji í aðalatriðum að unnt sé að komast að annarri niðurstöðu. Í þriðja lagi yrði aðilinn að koma athugasemdum að í greinargerð við málatilbúnað gagnaðila að því leyti sem það væri tímabært, en loks yrði í fjórða lagi að greina frá gögnum sem aðilinn teldi sig enn þurfa að afla.

Reglurnar, sem hér hefur verið greint frá í stuttu máli, eru talsvert frábrugðnar ákvæðum núgildandi 157. gr. laganna. Munar þar mestu um að eftir núgildandi reglum er aðilunum ekki skylt að skila greinargerðum heldur mega þeir gera það og þá á síðustu stigum fyrir munnlegan flutning máls. Þá er heldur ekki stuðlað að því með núgildandi reglum að aðilar leggi fram ný gögn á fyrstu stigum máls fyrir Hæstarétti. Markmiðið með þessum breytingum er öðru fremur að koma því við að máli verði markaður ákveðinn farvegur eins fljótt og auðið er, svo og að auka nokkuð vægi skriflegs málatilbúnaðar aðilanna til að skýra mál frekar og auðvelda munnlegan flutning máls og úrlausn þess.

Í 3. mgr. 15. gr. eru reglur um hvernig gagnaöflun verður lokið fyrir Hæstarétti og fresti í þeim efnum en þær eru efnislega samhljóða reglum um þetta í núgildandi 3. mgr. 157. gr. laganna.

Um 16. gr.

Með 16. gr., sem er ætlast til að yrði 156. gr. laganna, eru lagðar til mun fyllri reglur en nú gilda um meðferð máls fyrir Hæstarétti frá því að greinargerðir aðilanna hafa komið fram og þar til munnlegur flutningur þess fer fram. Með þessum reglum er ekki stefnt að neinum teljandi breytingum frá því sem nú gildir.

Í 1. mgr. 16. gr. eru fyrirmæli um heimildir Hæstaréttar til að kveða upp dóm um frávísun máls frá Hæstarétti eða héraðsdómi eða um ómerkingu héraðsdóms og heimvísun máls án þess að sérstakur málflutningur hafi áður farið fram. Sambærileg regla er nú í 158. gr. laganna sem hefur ekki verið notuð verulega í framkvæmd en full ástæða þykir þó til að taka hana hér upp án efnislegra breytinga.

Í 2. mgr. 16. gr. er gert ráð fyrir að Hæstiréttur geti lagt fyrir aðilana að afla frekari gagna eða grípa til annarra aðgerða til að ráða bót á málatilbúnaði sínum ef honum er áfátt enda þyki ekki ástæða til að bregðast við annmarka eftir fyrirmælum 1. mgr. 16. gr. með frávísun máls eða ómerkingu héraðsdóms. Um þetta eru ekki beinar reglur í núgildandi lögum en sama leið verður þó farin nú eftir óskráðum reglum.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. er lagt til að regla verði tekin upp um hvernig Hæstiréttur ráði fram úr atriðum varðandi rekstur máls fram að munnlegum flutningi þess en gert er ráð fyrir að það verði þá tekið fyrir ef þörf krefur á dómþingi að tilkvöddum aðilunum. Með sama hætti og var sagt hér á undan varðandi 2. mgr. 16. gr. eru ekki bein fyrirmæli um þetta í núgildandi lögum, en farið verður þó eins að nú eftir óskráðum reglum.

Um 17. og 18. gr.

Í þessum greinum frumvarpsins, sem verða 157. og 158. gr. laganna ef það nær fram að ganga, eru gerðar tillögur um reglur um hvernig mál verði flutt fyrir Hæstarétti, frekari undirbúning máls fyrir munnlegan flutning og framkvæmd málflutningsins. Um þessi atriði eru litlar sem engar efnisreglur í XVIII. kafla laganna í núverandi mynd heldur er ætlast til að þau ráðist af skírskotun í 163. gr. laganna til reglna um meðferð áfrýjaðra mála í lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973. Í frumvarpi til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála er lagt til að reglur um málsmeðferð í lögum nr. 75/1973 verði felldar niður og teknar þess í stað upp í fyrrnefndu lögunum. Með því að þau atriði varðandi meðferð opinberra mála, sem er fjallað um í 17. og 18. gr. frumvarpsins, fara að nokkru eftir öðrum viðhorfum en við rekstur einkamála fyrir Hæstarétti þykir æskilegt að beinar efnisreglur verði teknar upp um þau í lögum um meðferð opinberra mála eins og hér er lagt til.

Í 1. mgr. 17. gr. kemur í byrjun fram sú meginregla að mál verði flutt munnlega fyrir Hæstarétti og er það sama regla og hefur gilt. Undantekningar koma á hinn bóginn fram frá meginreglunni í kjölfarið því bæði er ráðgert að Hæstiréttur geti ákveðið að mál verði flutt skriflega ef sérstakar ástæður mæla með því og að mál verði dómtekið án sérstaks málflutnings við tvenns konar aðstæður. Annars vegar yrði unnt að gera það ef aðilarnir hafa báðir eða allir óskað eftir því sem gæti til dæmis átt við ef mál þætti nægilega skýrt í skriflegum málatilbúnaði. Sambærileg heimild er ekki fyrir hendi nú varðandi meðferð opinberra mála fyrir Hæstarétti. Hins vegar yrði unnt að láta hjá líða að mál yrði flutt sérstaklega ef dómi er aðeins áfrýjað um ákvörðun viðurlaga. Þessi regla er lögð til í ljósi þess að ekki er alltaf þörf á sérstakri munnlegri röksemdafærslu um ákvörðun viðurlaga því til grundvallar henni yrðu að öðru jöfnu nægilegar upplýsingar í héraðsdómi og greinargerðum aðilanna. Í 1. mgr. 17. gr. er gengið út frá að Hæstiréttur gæti ákveðið að dómtaka mál án sérstaks flutnings undir þessum síðarnefndu kringumstæðum án beinna óska frá aðilunum, en þetta gæti orðið til að flýta mjög fyrir afgreiðslu mála af þessum toga.

Í 2. mgr. 17. gr. eru sérreglur um undirbúning munnlegs flutnings og er byggt þar á sama grunni og í tillögum um hliðstæð atriði í frumvarpi til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála. Þannig er ráðgert að aðilarnir verði að tilkynna Hæstarétti að fram komnum greinargerðum beggja hve langan tíma þeir telji sig þurfa til að flytja málið munnlega en í kjölfarið ákveði Hæstiréttur tíma til munnlegs flutnings og tilkynni aðilunum um hann. Í slíkri tilkynningu gæti Hæstiréttur ákveðið skemmri tíma handa aðilunum til munnlegs flutnings en þeir hafa óskað eftir en ef til þess kæmi yrði það væntanlega að öðru jöfnu gert með hliðsjón af héraðsdómi og reifun máls í greinargerðum aðilanna. Hæstarétti er enn fremur heimilað hér að beina til aðilanna að þeir leggi fram skriflega samantekt um meginatriðin sem þeir ætla að fjalla um í munnlegum flutningi máls en með þessu er stefnt að því að gera málflutninginn markvissari og gleggri.

Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. gæti Hæstiréttur ákveðið að munnleg sönnunarfærsla fari fram þar fyrir dómi í þeim mæli sem hann teldi þörf á ef ástæða væri til að ætla að slík skýrslugjöf fyrir dómi geti breytt einhverju um niðurstöðu máls. Svipuð regla er nú í 2. mgr. 159. gr. laganna, en heimildinni í henni hefur ekki verið beitt í framkvæmd svo vitað sé. Ekki er vænst að mikið reyni á þessa reglu ef frumvarpið verður að lögum enda væri að öðru jöfnu ekki teljandi ástæða til að fara þessa leið. Í því sambandi má aftur benda á að í ljósi c-liðar 7. gr. frumvarpsins yrði yfirleitt að láta sitja við mat héraðsdómara á sönnunargildi munnlegs framburðar við úrlausn máls. Ef annmarkar þættu vera á því mati gæti Hæstiréttur að vísu neytt heimildarinnar í 3. mgr. 17. gr. til að láta skýrslugjafa koma þar fyrir dóm enda gæti hann að öðrum kosti ekki breytt niðurstöðu héraðsdómara á grundvelli mats á framburðinum, sbr. 4. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Undir þeim kringumstæðum stæði á hinn bóginn öllu nær sú leið sem er ráðgerð í 5. mgr. 19. gr. að Hæstiréttur ómerki héraðsdóm og meðferð máls í héraði að því leyti sem væri þörf á til að munnleg sönnunarfærsla gæti farið þar fram á ný og leyst yrði þar aftur úr máli. Má þannig ætla að notkun á heimildinni í 3. mgr. 17. gr. heyrði til undantekninga í framkvæmd.

Í 18. gr. eru síðan gerðar tillögur um reglur um framkvæmd munnlegs málflutnings fyrir Hæstarétti. Þær styðjast um margt við venjur á þessum vettvangi en miða þó að markvissari og væntanlega mun styttri málflutningi en hefur yfirleitt tíðkast til þessa. Reglurnar í 18. gr. svara að mestu til tillagna um sama efni í frumvarpi til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála og má ætla að þær skýri sig nægilega sjálfar.

Um 19. gr.

Í 19. gr., sem er lagt til að verði 159. gr. laganna, eru reglur sem snúa að grundvelli fyrir dómum Hæstaréttar.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að viðurlög á hendur ákærða verði aldrei þyngd frá héraðsdómi með dómi Hæstaréttar nema ríkissaksóknari hafi áfrýjað héraðsdómi í því skyni. Þessi regla er tekin hér upp efnislega óbreytt úr núgildandi 152. gr. laganna.

Samkvæmt 2. mgr. gæti Hæstiréttur alltaf breytt dómi til hagsbóta fyrir ákærða án tillits til þess hvort honum hafi verið áfrýjað í þessu skyni. Regla um þetta kemur ekki fram í núgildandi lögum en hún hefur verið talin gilda ótvírætt án beinna fyrirmæla. Þykir fara betur á að taka hana hér beinlínis upp í samhengi við ákvæðið í 1. mgr. greinarinnar.

Í 3. mgr. er gerð tillaga um vissa leiðbeiningarreglu varðandi breytingu á viðurlögum frá héraðsdómi með dómi Hæstaréttar. Er þar nánar tiltekið miðað við að viðurlögum verði yfirleitt ekki breytt, hvorki til þyngingar né ákærða í hag, nema þau standi utan marka viðeigandi refsiákvæða eða þyki í verulegu ósamræmi við brot ákærða. Þessi regla á sér ekki samsvörun í núgildandi lögum en er lögð hér til eftir erlendri fyrirmynd. Sem áður segir er þetta leiðbeiningarregla og yrði að móta hana nánar í framkvæmd. Fyrst og fremst þjónar hún þeim tilgangi að síður yrði hróflað við niðurstöðu héraðsdóms með minni háttar breytingum á viðurlögum, t.d. með lengingu fangelsisdóms úr nítján mánuðum í tuttugu nema sérstök rök stæðu til þess. Á þennan hátt væri síður fyrir hendi hvatning til áfrýjunar á dómi sem byggir til dæmis á játningu ákærða á broti ef viðurlög eru innan eða nærri mörkum viðtekinnar venju varðandi viðkomandi brot.

Um reglurnar í 4. og 5. mgr. 19. gr. hefur verið fjallað nægilega hér áður í almennum athugasemdum, svo og í athugasemdum við einstaka greinar framar í frumvarpinu.

Um 20. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á hljóðan núgildandi 163. gr. laganna, en miðað er þá við að greinarnar, sem standa milli hennar og 159. gr. laganna, sbr. 19. gr. frumvarpsins, verði óbreyttar. Er fjallað í 160.–162. gr. laganna um heimildir til að kveða á um viðurlög á hendur héraðsdómara, sækjanda máls og verjanda fyrir framferði þeirra í tengslum við rekstur þess og þykir ekki ástæða til að leggja til breytingar á þeim þessu sinni.

Í 20. gr. er gert ráð fyrir að í lokagrein XVIII. kafla laganna verði almenn skírskotun til reglna í lögum um meðferð einkamála varðandi málsmeðferð fyrir Hæstarétti, svo og til reglna laganna sjálfra um meðferð máls í héraði varðandi atriði sem er ekki kveðið sérstaklega á um í kaflanum. Þessi regla er sambærileg núgildandi 163. gr. en breytinga er þó þörf á henni vegna þess að í henni er vísað til reglna um meðferð áfrýjunarmála í lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, sem er ráðgert að falli niður ef frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála nær fram að ganga.

Um inntak þeirrar tilvísunar, sem felst í 20. gr., er ekki þörf á sérstökum athugasemdum hér í ljósi forsögu ákvæðisins. Þó má benda á að mun nánari reglur eru ráðgerðar í þessu frumvarpi um meðferð áfrýjaðra opinberra mála fyrir Hæstarétti en nú gilda, t.d. varðandi flutning þeirra, sbr. 17. og 18. gr. Hefur tilvísun af þessum toga því mun minna gildi en hingað til ef frumvarpið verður að lögum. Allt að einu mundu viss mikilvæg atriði ráðast af ákvæðum annarra laga, t.d. hvers efnis dómar Hæstaréttar yrðu í opinberum málum og hvernig yrði staðið að samningu dóma en um þetta yrði aðallega farið eftir reglum um dóma Hæstaréttar í einkamálum.

Um 21. gr.

Með þessari grein er lagt til að breyting verði gerð á tilvísun í 187. gr. laganna til tiltekinnar reglu í XVIII. kafla þeirra sem er ráðgert að flytjist milli greina með þessu frumvarpi. Verður ekki séð að greinin þarfnist frekari skýringa.

Um 22. gr.

Í 22. gr. eru fyrirmæli um tengsl eldri laga og yngri. Um efni þessara reglna, sem er aðeins ætlast til að hafi gildi til bráðabirgða, er ekki þörf að fjalla hér frekar.

Um 23. gr.

Í þessari lokagrein frumvarpsins eru fyrirmæli um gildistöku ef frumvarpið nær fram að ganga. Rétt er að vekja athygli á að ekki er kveðið á um brottfall lagaákvæða á þessum stað í frumvarpinu enda rúmast allar reglur frumvarpsins innan ramma núgildandi laga og kæmu að öllu leyti í stað ákvæða sem féllu niður.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á meðferð opinberra mála sem liður í heildarendurskoðun á reglum um áfrýjun til Hæstaréttar. Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1975, um Hæstarétt Íslands, og frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 91 31. desember 1991, um meðferð einkamála.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir þeirri breytingu á núgildandi lögum að héraðsdómari geti með samþykki forstöðumanns dómstólsins kvatt til tvo aðra héraðsdómara til setu í dómi í þeim tilfellum þegar ákærði neitar sök og dómari telur sýnt að niðurstaða kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Hér er um nokkra rýmkun frá núgildandi lögum að ræða og má telja líklegt að ákvæði þetta geti leitt til nokkurs álags hjá dómstólum með tímanum þótt ekki sé hægt að meta það til kostnaðar.

Að öðru leyti er ekki sýnilegt að samþykkt þessa frumvarps leiði til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Samþykkt þess er ekki sérstaklega talin hafa áhrif á fjölda mála sem áfrýjað verður til Hæstaréttar, svo sem yrði með einkamál, en málsmeðferð í héraði yrði styrkt og líkurnar minnkaðar á því að vísa verði málum til baka í hérað. Með því má ætla að meðferð dómstóla á opinberum málum verði liðlegri og geti þannig hvatt til óbeins sparnaðar.

220. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Í 1. mgr. 14. gr. laganna falla niður orðin „þar á meðal dómsgerðir í heild sinni“.

Í fyrri málslið 2. mgr. 14. gr. laganna falla burt orðin „eftirrit af því sem hefur verið hljóðritað eða tekið á myndband“ en í stað þeirra kemur: eftirgerð af hljóðupptöku eða myndbandsupptöku.

2. gr.

Í 15. gr. laganna fellur niður e-liður. Eldri f-liður verður þá e-liður.

3. gr.

2. málsl. 5. mgr. 124. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

151. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum þessara laga er aðila heimilt að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar. Við áfrýjun má leita endurskoðunar á úrskurðum og ákvörðunum sem hafa gengið undir rekstri máls í héraði.

2. Hafi sakarefni verið skipt í máli skv. 31. gr. verður að áfrýja hverjum dómi fyrir sig áður en lengra er haldið við rekstur þess.

3. Áfrýja má dómi í því skyni að honum verði breytt að efni til eða hann staðfestur, hann verði ómerktur og máli vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar eða máli verði vísað frá héraðsdómi.

4. Heimilt er báðum eða öllum aðilum að áfrýja dómi. Skal málið þá flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

5. Afsal á rétti til málskots, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður ekki gefið fyrr en dómur er genginn í máli í héraði.

5. gr.

152. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Nú varðar mál fjárkröfu og er það þá skilyrði áfrýjunar að fjárhæð hennar nemi 500.000 krónum. Þessari fjárhæð skal breyta um hver áramót miðað við breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí 1992, en dómsmálaráðherra auglýsir í Lögbirtingablaði nýja fjárhæð ekki síðar en 10. desember ár hvert.

2. Áfrýjunarfjárhæð skal ákveða eftir höfuðstól kröfu í áfrýjunarstefnu. Ef fleiri kröfur en ein eru sóttar saman í máli skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Hafi gagnkrafa verið höfð uppi til skuldajafnaðar skal ekki litið til hennar við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar.

3. Ef mál varðar annars konar kröfu en fjárkröfu ákveður Hæstiréttur hvort hagsmunirnir svari til áfrýjunarfjárhæðar. Áður en ákvörðun er tekin getur Hæstiréttur leitað umsagnar málsaðila.

4. Nú nær krafa ekki áfrýjunarfjárhæð eða Hæstiréttur telur hagsmuni ekki nægja til áfrýjunar skv. 3. mgr. og getur hann þá orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja máli ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

a. úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi,
b. úrslit málsins varða mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis,
c. málstaður þess sem leitar áfrýjunarleyfis gefur tilefni til að ætla að dómi kunni að verða breytt svo einhverju nemi.

6. gr.

153. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Dómi verður áfrýjað til Hæstaréttar innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu hans.

2. Hæstiréttur getur orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja dómi sem berst næstu þrjá mánuði eftir lok frests skv. 1. mgr. ef skilyrðum 4. mgr. 152. gr. er fullnægt, enda sé dráttur á áfrýjun nægilega réttlættur.

3. Nú áfrýjar aðili dómi og er gagnaðila þá heimilt að gagnáfrýja án tillits til áfrýjunarfrests, en stefnu til gagnáfrýjunar verður að gefa út meðan hann nýtur enn frests til að leggja fram greinargerð fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 158. gr.

4. Ef mál, sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar innan frests skv. 1.–3. mgr., verður ekki þingfest, það fellur þar niður eða því er vísað þaðan frá dómi er aðila heimilt að skjóta því þangað aftur þótt áfrýjunarfrestur sé þá liðinn. Ber þá að fá áfrýjunarstefnu gefna út á ný innan fjögurra vikna frá því málið átti að þingfesta eða uppkvaðningu dóms um niðurfellingu þess eða frávísun. Þessari heimild verður ekki beitt oftar en einu sinni í máli.

7. gr.

154. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Sá sem leitar áfrýjunarleyfis skv. 152. eða 153. gr. skal senda Hæstarétti skriflega umsókn um það ásamt áfrýjunarstefnu sem hann vill fá gefna út og endurriti héraðsdóms. Í umsókninni skal rökstutt ítarlega hvernig umsækjandi telur skilyrðum fyrir áfrýjunarleyfi fullnægt.

2. Hæstiréttur getur gefið öðrum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn áður en ákvörðun er tekin.

3. Synji Hæstiréttur um áfrýjunarleyfi getur sami aðili ekki sótt um það öðru sinni.

4. Nú er áfrýjunarleyfi veitt og skal þá gefa út áfrýjunarstefnuna sem fylgdi umsókn og árita hana um leyfisveitinguna. Hæstiréttur verður ekki krafinn um rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun.

5. Ef synjað er um áfrýjunarleyfi skal þeim sem sótti um það tilkynnt bréflega um þá niðurstöðu. Í tilkynningunni skal greint stuttlega frá ástæðum fyrir synjuninni.

8. gr.

155. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Nú vill aðili áfrýja dómi og leggur hann þá fyrir hæstaréttarritara áfrýjunarstefnu ásamt endurriti af dóminum. Í áfrýjunarstefnu skal greina:

a. heiti og númer sem málið bar fyrir héraðsdómi, fyrir hverjum héraðsdómstóli var leyst úr málinu og hvenær dómur var kveðinn upp í því,
b. nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað, svo og nöfn fyrirsvarsmanna þeirra, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða dvalarstað,
c. hver eða hverjir flytji málið fyrir áfrýjanda,
d. í hverju skyni sé áfrýjað og hvers áfrýjandi krefjist nákvæmlega fyrir Hæstarétti, en í þessum efnum skal skýrlega tekið fram við hver atriði í niðurstöðum héraðsdóms áfrýjandi uni og hverjum atriðum hann leitist við að fá breytt og hvernig, svo og hvort einnig sé áfrýjað til að fá hnekkt tilteknum úrskurði eða ákvörðun héraðsdómara,
e. málsástæður sem áfrýjandi ber fyrir sig fyrir Hæstarétti, en lýsing þeirra skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála á hverju áfrýjun sé byggð; felli áfrýjandi sig ekki við lýsingu annarra atvika í héraðsdómi skal hann geta á sama hátt hvernig hann telji þeim réttilega lýst,
f. tilvísun til helstu réttarreglna sem áfrýjandi byggir málatilbúnað sinn á fyrir Hæstarétti,
g. gögn sem áfrýjandi hyggst afhenda Hæstarétti með áfrýjunarstefnunni eftir birtingu hennar, svo og gögn sem áfrýjandi telur sig þurfa að afla eftir þann tíma,
h. hvenær stefndi verði í síðasta lagi að tilkynna Hæstarétti að hann hafi í hyggju að halda uppi vörnum í málinu, en hæstaréttarritari ákveður dagsetningu í þessu skyni við útgáfu stefnu,
i. hverju það varði að stefndi komi ekki fram tilkynningu skv. h-lið.

2. Afhenda skal hæstaréttarritara tvö eintök af áfrýjunarstefnu sem Hæstiréttur fær haldið eftir.

3. Hæstaréttarritari synjar um útgáfu áfrýjunarstefnu ef hann telur hana ekki vera í réttu horfi. Sé áfrýjunarfrestur að renna út getur hann ákveðið skamman frest handa áfrýjanda til að bæta úr áfrýjunarstefnu og má þá gefa hana út án áfrýjunarleyfis ef henni er framvísað til útgáfu á ný í réttu horfi innan þess tíma þótt áfrýjunarfrestur sé þá liðinn. Frestur í þessu skyni skal ekki vera lengri en ein vika og verður aðeins veittur í eitt skipti. Áfrýjandi getur krafist ákvörðunar Hæstaréttar um synjun hæstaréttarritara um útgáfu áfrýjunarstefnu.

4. Hæstaréttarritari gefur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins.

5. Áfrýjunarstefnu verður að birta ekki síðar en viku áður en frestur handa stefnda skv. h-lið 1. mgr. er á enda. Að öðru leyti gilda ákvæði XIII. kafla um birtingu áfrýjunarstefnu.

9. gr.

156. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Eftir birtingu áfrýjunarstefnu en áður en fresti stefnda skv. h-lið 1. mgr. 155. gr. lýkur skal áfrýjandi afhenda Hæstarétti stefnuna ásamt sönnun fyrir birtingu hennar. Einnig skal hann þá skila málsgögnum í þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur ákveður, en til þeirra teljast þau málsskjöl og endurrit sem áfrýjandi hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir. Mál er þá þingfest fyrir Hæstarétti.

2. Þegar mál hefur verið þingfest beinir hæstaréttarritari því til héraðsdómstólsins, þar sem var leyst úr máli, að afhenda Hæstarétti dómsgerðir.

3. Hæstiréttur setur nánari reglur um frágang málsgagna og dómsgerða.

10. gr.

Ný grein, sem verður 157. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Nú lætur áfrýjandi undir höfuð leggjast að afhenda Hæstarétti áfrýjunarstefnu og málsgögn samkvæmt fyrirmælum 156. gr. og verður þá ekki frekar af máli.

2. Ef ekki er sótt þing af hálfu áfrýjanda á síðara stigi verður málið fellt niður með dómi. Hafi stefndi skilað greinargerð í málinu má dæma honum málskostnað úr hendi áfrýjanda.

11. gr.

Ný grein, sem verður 158. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Nú hyggst stefndi skila greinargerð í máli, og skal þá bréfleg tilkynning hans um það berast Hæstarétti innan frests sem honum var settur í þessu skyni í áfrýjunarstefnu. Þegar mál er þingfest ákveður hæstaréttarritari stefnda frest í tvær til sex vikur til að skila greinargerð og sendir honum eintak af málsgögnum áfrýjanda. Áfrýjanda skal tilkynnt um þann frest sem stefnda er veittur.

2. Gagnáfrýjun veitir ekki stefnda rétt til sjálfstæðs frests.

3. Berist Hæstarétti ekki tilkynning skv. 1. mgr. eða skili stefndi ekki greinargerð innan þess frests sem honum hefur verið settur skal litið svo á að hann krefjist staðfestingar héraðsdóms. Skal málið þá dómtekið, en fyrst má þó veita áfrýjanda skamman frest til að ljúka gagnaöflun sem hann hefur boðað í áfrýjunarstefnu. Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna án munnlegs flutnings.

4. Hafi stefndi skilað greinargerð en þingsókn fellur niður af hans hálfu á síðara stigi máls má gefa áfrýjanda kost á að svara vörnum hans í skriflegri sókn og ljúka gagnaöflun. Skal málið síðan dómtekið og dómur lagður á það eftir framkomnum kröfum, gögnum og sókn áfrýjanda með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefnda.

5. Nú hefur stefndi ekki skilað greinargerð og getur þá Hæstiréttur allt að einu heimilað honum að taka til varna í máli með eða án samþykkis áfrýjanda, enda séu miklir hagsmunir í húfi fyrir hann og vanræksla hans þyki afsakanleg. Eins má fara að ef þingsókn stefnda fellur niður á síðara stigi máls.

12. gr.

Ný grein, sem verður 159. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Í greinargerð stefnda skal koma fram:

a. hver eða hverjir flytji málið fyrir stefnda,
b. kröfugerð stefnda, en í þeim efnum skal skýrlega tekið fram hvort og þá hvers vegna hann breyti kröfum frá þeim sem hann gerði í héraði, svo og hvort hann samþykki kröfur áfrýjanda í einhverjum atriðum og þá nákvæmlega hverjum,
c. málsástæður sem stefndi ber fyrir sig fyrir Hæstarétti, en lýsing þeirra skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála á hverju hann byggi. Felli stefndi sig ekki við lýsingu annarra atvika máls í héraðsdómi eða eftir atvikum áfrýjunarstefnu skal hann geta á sama hátt hvernig hann telji atvikum réttilega lýst,
d. tilvísun til helstu réttarreglna sem stefndi byggir málatilbúnað sinn á fyrir Hæstarétti,
e. athugasemdir við málatilbúnað áfrýjanda ef þeirra er þörf,
f. gögn sem stefndi telur sig þurfa að afla síðar.

2. Með greinargerð skal stefndi afhenda málsgögn í þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur ákveður, en til þeirra teljast þau málsskjöl og endurrit sem hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir, enda hafi áfrýjandi ekki þegar afhent þau.

3. Ákvæði 3. mgr. 156. gr. gilda um málsgögn stefnda.

13. gr.

Ný grein, sem verður 160. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Áfrýjanda skal tilkynnt þegar Hæstarétti hafa borist greinargerð og málsgögn stefnda og sent eintak af þeim. Hafi aðilar ekki þegar lýst gagnaöflun lokið skal þeim um leið veittur sameiginlegur frestur til frekari gagnaöflunar. Sá frestur skal að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður. Hvor aðili um sig skal afhenda í einu lagi ný gögn sín í frumriti og ljósrit eða eftirrit þeirra í sama búningi og segir í 156. og 159. gr. Hæstiréttur tilkynnir aðilum um gögn sem berast innan þessa frests, en að honum liðnum telst gagnaöflun sjálfkrafa lokið nema áður hafi verið fallist á skriflega ósk aðila um lengri frest eða dómurinn beinir því síðar til aðila að hann megi afla tiltekinna gagna.

2. Strax og gagnaöflun er lokið skal hvor aðili um sig tilkynna Hæstarétti hve langan tíma hann áætli að hann þurfi til að flytja munnlega málflutningsræðu í málinu.

3. Ef þörf krefur tekur Hæstiréttur mál fyrir á dómþingi til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess. Skulu aðilar kvaddir fyrir dóm með hæfilegum fyrirvara í þessu skyni.

14. gr.

Ný grein, sem verður 161. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Þegar gagnaöflun er lokið í máli þar sem stefndi skilar greinargerð ákveður Hæstiréttur hvenær það verði flutt og tilkynnir aðilum um það með hæfilegum fyrirvara.

2. Að jafnaði skal flytja mál um formsatriði þess áður en það verður tekið til frekari meðferðar að efni til. Hæstiréttur getur þó ákveðið að mál verði flutt í einu lagi um formsatriði og efni eða að taka formsatriði máls til úrlausnar án sérstaks málflutnings, enda hafi aðilar þá áður átt kost á að tjá sig um það.

3. Ef stefndi hefur skilað greinargerð í máli verður það flutt munnlega. Hæstiréttur getur þó ákveðið að mál verði skriflega flutt ef sérstakar ástæður mæla með því. Hæstiréttur getur einnig tekið til greina samhljóða óskir aðila um að málið verði dómtekið án sérstaks málflutnings.

4. Um leið og boðað er til málflutnings getur Hæstiréttur beint til aðila að þeir afhendi hvor um sig með tilteknum fyrirvara stutt yfirlit um atvik máls í tímaröð, málsástæður sínar og tilvísanir til réttarreglna, svo og um tilvitnanir í fræðirit og dóma sem þeir hyggjast styðjast við í málflutningi.

5. Hæstiréttur getur takmarkað ræðutíma aðila við munnlegan flutning máls. Þegar boðað er til málflutnings má taka fram hve langan tíma aðilar fá hvor um sig til umráða.

15. gr.

Ný grein, sem verður 162. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Áður en munnlegur málflutningur hefst á dómþingi skal gerð grein fyrir dómsorði héraðsdóms og áfrýjunarstefnu að því leyti sem forseti telur þess þörf til skýringar á málflutningi. Að því loknu verða málflutningsræður fluttar.

2. Frumræða verður fyrst flutt af hálfu áfrýjanda og síðan af hálfu stefnda nema forseti hafi ákveðið aðra röð og aðilum verið það tilkynnt við boðun til málflutnings. Eftir frumræður skal gefinn kostur á að fram komi stutt andsvör af hálfu hvors aðila í sömu röð. Flytji málflutningsumboðsmaður málið af hálfu aðila getur forseti heimilað aðilanum sjálfum að koma að stuttum athugasemdum að loknum andsvörum umboðsmanns hans.

3. Í málflutningi skal gera grein fyrir kröfum, í hverju ágreiningsefni aðilanna felast, málsástæðum og öðrum röksemdum fyrir kröfum. Skal forðast málalengingar og málflutningi beint að þeim atriðum sem ágreiningur er um eða nauðsynlegt er að fjalla um til að varpa ljósi á ágreiningsefni.

4. Forseti stýrir þinghaldi. Hann getur krafist að málflytjandi haldi sig við efnið og láti vera að fjalla um þá þætti máls sem ágreiningur er ekki um eða ástæðulaust er af öðrum sökum að gera frekari grein fyrir. Forseti getur stöðvað málflutning ef ræður verða langar úr hófi fram eða sett honum tímatakmörk og við þau bundið enda á málflutning.

5. Að loknum málflutningi tekur Hæstiréttur málið til dóms.

16. gr.

Ný grein, sem verður 163. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Dómar Hæstaréttar skulu byggðir á því sem hefur komið fram í máli og er sannað eða viðurkennt. Ákvæði 111. gr. gilda um dóma Hæstaréttar.

2. Nú hefur aðili borið fram kröfur eða málsástæður sem hann hafði ekki uppi í héraði og getur þá Hæstiréttur byggt á þeim við úrlausn máls ef þær hafa komið fram í áfrýjunarstefnu eða greinargerð stefnda, grundvelli máls er ekki raskað á þann hátt, afsakanlegt er að þær voru ekki hafðar uppi í héraði og það yrði aðilanum til réttarspjalla að ekki yrði tekið tillit til þeirra.

17. gr.

Ný grein, sem verður 164. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Að því leyti sem þarf að taka afstöðu til atriða varðandi rekstur máls fyrir Hæstarétti ræður hann þeim til lykta með ákvörðun, hvort sem ágreiningur er um þau milli aðila eða ekki, enda leiði ákvörðunin ekki til loka máls fyrir dóminum. Ákvörðun verður ekki rökstudd sérstaklega, en um efni hennar skal getið í þingbók eftir þörfum.

2. Úr öðrum atriðum máls leysir Hæstiréttur með dómi. Ef mál er fellt niður eða því er vísað frá Hæstarétti skal aðeins getið um ástæður þess í dómi, svo og um málskostnað ef því er að skipta. Sama gildir ef héraðsdómur er ómerktur og máli vísað heim eða því er vísað frá héraðsdómi.

3. Sé kveðið á í dómi um önnur málalok en getur í 2. mgr. skal greina þar frá kröfum aðila eftir því sem þörf er á svo að niðurstaða verði skýr. Að því leyti sem greinargerð um málsatvik er ábótavant í héraðsdómi skal bætt úr því í dómi Hæstaréttar. Ef og að því leyti sem niðurstöðu héraðsdóms er breytt skal það rökstutt í dómi Hæstaréttar. Fallist Hæstiréttur á niðurstöðu héraðsdóms en ekki á röksemdir fyrir henni getur hann greint frá rökum sínum eftir því sem þykir þörf.

4. Um dóma Hæstaréttar gilda að öðru leyti ákvæði 114. gr. eftir því sem getur átt við.

18. gr.

Ný grein, sem verður 165. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Dóm skal kveða upp svo fljótt sem er unnt eftir að mál er dómtekið og aldrei síðar en þegar fjórar vikur eru liðnar frá því. Verði því ekki komið við og hafi mál verið munnlega flutt skal endurtaka málflutning að því leyti sem Hæstarétti þykir nauðsynlegt.

2. Strax eftir dómtöku máls skulu dómarar ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Fyrir málflutning felur forseti einum dómara að vera frummælandi á þeim fundi, en forseti stýrir þar ráðagerðum, ber fram spurningar, stuðlar að því að álit hvers dómara komi þar sem skýrast fram og telur atkvæði þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum. Að lokinni umræðu felur forseti frummælandanum að semja atkvæði að dómi. Greinist dómarar í meiri og minni hluta semur frummælandinn atkvæði fyrir þann hluta sem hann heyrir til, en hinir dómararnir ákveða hver þeirra semji atkvæði þeirra. Dómari, sem greiðir atkvæði með ómerkingu héraðsdóms eða frávísun máls og verður í minni hluta, verður einnig að greiða atkvæði um efni máls. Dómarar ganga í sameiningu frá dómi, með eða án sératkvæða.

3. Við uppkvaðningu dóms skal lesa upp dómsorð í heyranda hljóði á dómþingi eftir því sem þörf þykir. Ef sératkvæði er í dómi skal þess einnig getið.

4. Í dómasafni Hæstaréttar skal birta alla dóma hans ásamt rökstuðningi fyrir héraðsdómum í sömu málum og öðru því úr héraðsdómum sem er þörf á svo að dómar Hæstaréttar verði nægilega ljósir. Einnig skal birta sératkvæði í dómum Hæstaréttar ef þar er komist að annarri niðurstöðu en í atkvæði meiri hluta, en annars nægir að geta að ágreiningur hafi orðið um rökstuðning fyrir niðurstöðu. Birta má útdrátt úr dómi ef það telst nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Hæstiréttur setur nánari reglur um dómasafn.

19. gr.

Ný grein, sem verður 166. gr. laganna, verður svohljóðandi:

Um meðferð áfrýjunarmála fer að öðru leyti eftir reglum þessara laga um meðferð mála í héraði eftir því sem á við.

20. gr.

157. og 158. gr. laganna verða 167. og 168. gr.

21. gr.

Á eftir 168. gr. laganna kemur nýr kafli, sem verður XXVII. kafli, en fyrirsögn hans verður: **Endurupptaka máls sem hefur verið dæmt í Hæstarétti.** Í þeim kafla verður ein grein, sem verður 169. gr., svohljóðandi:

1. Hæstiréttur getur leyft samkvæmt umsókn aðila að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu á ný ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. sterkar líkur eru leiddar að því að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós í Hæstarétti þegar málið var þar til meðferðar fyrra skiptið og aðilanum verður ekki kennt um það,
b. sterkar líkur eru leiddar að því að ný gögn muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum,
c. önnur atvik mæla með því að leyfið verði veitt, þar á meðal að stórfelldir hagsmunir aðilans séu í húfi.

2. Aðili getur ekki sótt um endurupptöku máls skv. 1. mgr. nema einu sinni. Að öðru leyti getur aðili ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku.

3. Ákvæði 1.–3. mgr. 168. gr. gilda um umsókn um endurupptöku, meðferð umsóknar, ákvörðun um hana og áhrif endurupptöku.

4. Nú hefur endurupptaka verið ákveðin en útivist verður við nýja meðferð málsins fyrir Hæstarétti af hendi þess sem beiddist hennar og fellur þá frekari meðferð málsins niður þannig að fyrri dómur stendur óhaggaður. Dómur skal hins vegar felldur á málið þótt gagnaðili sæki ekki þing.

5. Að öðru leyti fer meðferð málsins fram á ný fyrir Hæstarétti samkvæmt reglum XXIV. eða XXV. kafla þessara laga eftir því sem á við.

22. gr.

159.–169. gr. laganna verða 170.–180. gr. Þá verða XXVII. og XXVIII. kafli laganna XXVIII. og XIX. kafli.

23. gr.

1. Nú hefur dómi verið áfrýjað fyrir gildistöku þessara laga og hagsmunir í málinu hefðu ekki nægt til að áfrýjað yrði skv. 152. gr., og getur þá Hæstiréttur ákveðið að málið verði skriflega flutt þar fyrir dómi.

2. Hafi dómi verið áfrýjað fyrir gildistöku þessara laga en málið ekki verið þingfest fyrir Hæstarétti skal þingfesting fara fram eftir fyrirmælum eldri laga á áður ákveðnum tíma, en upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, sbr. einnig 3. mgr.

3. Hafi mál verið þingfest fyrir Hæstarétti fyrir gildistöku þessara laga en greinargerð áfrýjanda ekki verið lögð fram þar fyrir dómi eða ágrip dómsgerða verið afhent skal Hæstiréttur setja áfrýjanda frest til að afhenda sérstaka greinargerð, þar sem skal greint frá því sem ætti annars að vera gert í áfrýjunarstefnu skv. 1. mgr. 155. gr., og málsgögn skv. 156. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.

4. Hafi áfrýjandi lagt fram greinargerð fyrir Hæstarétti og afhent ágrip dómsgerða fyrir gildistöku þessara laga en stefndi ekki lagt fram greinargerð fyrir sitt leyti skal Hæstiréttur setja honum frest til að afhenda greinargerð og málsgögn fyrir sitt leyti skv. 159. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.

5. Hafi greinargerðir aðila verið lagðar fram í máli fyrir Hæstarétti fyrir gildistöku þessara laga og því hefur verið frestað til frekari gagnaöflunar skal Hæstiréttur setja aðilunum frest til að ljúka henni skv. 160. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.

6. Nú er mál tilbúið til munnlegs málflutnings eða málflutningur hefur þegar farið fram en máli er þó ekki lokið fyrir Hæstarétti við gildistöku þessara laga og gilda þá reglur þessara laga um frekari meðferð þess eftir því sem getur átt við.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi 39.–59. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, með áorðnum breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra og á vegum réttarfarsnefndar og er það liður í heildarendurskoðun á reglum í réttarfarslögum um áfrýjun héraðsdóma til Hæstaréttar og meðferð áfrýjunarmála þar fyrir dómi. Í þessu frumvarpi eru gerðar tillögur um reglur um áfrýjun dóma í einkamálum og meðferð þeirra mála á æðra dómstigi og er ráðgert að reglurnar falli inn í lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, ef frumvarpið nær fram að ganga. Samhliða þessu hefur verið samið frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og eru gerðar þar svipaðar tillögur varðandi opinber mál og hér eru. Að auki hefur verið samið sérstakt frumvarp þar sem eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973. Er þá gengið út frá að þessi þrjú frumvörp komi í einu lagi til nánari athugunar og eftir atvikum afgreiðslu, enda byggjast tillögur í þeim á sameiginlegum grunni og hafa að markmiði að koma á nýrri heildarskipan varðandi áfrýjun dómsmála.

Endurskoðunin á reglum um áfrýjun og málsmeðferð fyrir Hæstarétti er framhald af vinnu við ný réttarfarslög sem tóku gildi 1. júlí 1992, en í henni var meginhersla lögð á endurskoðun reglna um skipan héraðsdómstóla og meðferð mála fyrir þeim, svo og heimildir til að kæra atriði varðandi rekstur mála fyrir héraðsdómi til Hæstaréttar og meðferð kærumála þar. Þegar nýja réttarfarslöggjöfin var í mótun var beðið um sinn með að gera endanlegar tillögur um reglur varðandi áfrýjun til Hæstaréttar og meðferð áfrýjunarmála, m.a. til að hægt yrði að fá lítils háttar reynslu af áhrifum nýrra reglna um meðferð máls í héraði á annir og starfshætti Hæstaréttar. Í lögum um meðferð einkamála voru þannig aðeins settar nýjar reglur um heimildir til áfrýjunar sem leiddu til nokkurra breytinga frá eldri lögum, en að öðru leyti voru reglur um meðferð áfrýjaðra einkamála fyrir Hæstarétti látnar haldast lítt breyttar í lögum um Hæstarétt Íslands. Þá voru eldri reglur um áfrýjun í opinberum málum og meðferð þeirra fyrir Hæstarétti teknar upp með nokkrum breytingum í lög nr. 19/1991. Með þessu frumvarpi eru lagðar til frekari breytingar á reglum um heimildir til áfrýjunar í einkamálum en voru gerðar með XXV. kafla laga um meðferð einkamála, en jafnframt miða ákvæði frumvarpsins að því að flytja nýjar reglur um meðferð einkamála fyrir Hæstarétti úr lögum nr. 75/1973 í umræddan XXV. kafla sem lengist þar með nokkuð. Er það gert til samræmis við þá stefnu sem var mótuð með setningu nýju réttarfarslaganna sem tóku gildi 1. júlí 1992 því með þeim voru reglur um málskot og meðferð mála fyrir æðra dómi fluttar að verulegu leyti úr lögunum um Hæstarétt. Verði þetta frumvarp að lögum mundu aðeins standa eftir fyrstu ellefu greinar laganna um Hæstarétt Íslands frá 1973 þar sem er fjallað um skipan dómstólsins og fáein almenn atriði varðandi starfsskipulag þar, en reglur um málskot og meðferð mála væru þá horfnar með öllu úr lögunum. Er stefnt að því að á komandi ári líti síðan dagsins ljós frumvarp til nýrra laga um skipan dómstóla þar sem reglur yrðu bæði um skipan héraðsdómstóla og Hæstaréttar, auk almennra reglna um dómara á báðum dómstigum. Með því frumvarpi yrði stefnt að endanlegu brottfalli laganna um Hæstarétt Íslands, auk þess að það ætti að leysa af hólmi reglur um skipan héraðsdómstóla sem eru nú í I. kafla laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Með því frumvarpi væri þá endanlega lokið þeirri heildarendurskoðun á réttarfarslöggjöf sem hófst á árinu 1987.

Helstu efnisatriði frumvarpsins.

I.

Í núgildandi löggjöf er reglum um áfrýjunarheimildir í einkamálum og meðferð áfrýjaðra einkamála eins og áður segir skipt milli tvennra laga því í XXV. kafla laga um meðferð einkamála er mælt fyrir um heimildir til áfrýjunar og fyrstu stig áfrýjunarmeðferðar sem felast í útgáfu áfrýjunarstefnu, en um meðferð mála er að öðru leyti fjallað í lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973. Reglurnar, sem voru teknar upp í XXV. kafla laga um meðferð einkamála, voru áður í lögunum um Hæstarétt Íslands. Við það tækifæri voru gerðar vissar breytingar á reglunum sem færðust á þennan hátt milli laga, en breytingarnar sneru einkum að skilyrðum fyrir áfrýjun og veitingu undanþágu frá þeim með áfrýjunarleyfi. Að öðru leyti eru núgildandi reglur að stofni til miklum mun eldri en lög nr. 75/1973, enda hafa þær staðið með tiltölulega litlum breytingum allt frá fyrstu lögunum um Hæstarétt Íslands, nr. 22/1919, og gegnum yngri lög um hann, nr. 112/1935 og síðan nr. 57/1962, þar til núgildandi lög voru sett.

Þótt reglur um áfrýjun og meðferð áfrýjunarmála hafi þannig tekið litlum breytingum á þeim áratugum sem þær hafa staðið í lögum hafa aðstæður á þessum vettvangi breyst talsvert að öðru leyti. Þannig hafa til dæmis smám saman orðið verulegar breytingar á reglum um meðferð einkamála fyrir héraðsdómi sem hafa meðal annars leitt af sér auknar kröfur til málsaðila eða lögmanna þeirra um undirbúning mála í hendur dómstóla. Reglur hafa einnig verið settar til að stuðla að greiðari málsmeðferð í héraði með því meðal annars að létta verklagið og draga úr óþarfa formsatriðum, auk þess að tillit hefur verið tekið í nýrri reglum til tækniframfara varðandi fjölföldun gagna og fleiri sambærileg atriði. Þessum breytingum á reglum um málsmeðferð í héraði hefur lítið verið fylgt eftir með endurskoðun á reglum um meðferðina fyrir æðra dómi. Þá hefur verið leitast við að gera nauðsynlegar breytingar á reglum, sem varða málsmeðferð á lægra dómstigi, til að vega á móti stórfelldri fjölgun dómsmála sem hefur aukið álag á dómstólunum verulega og leitt af sér hættu á seinagangi við rekstur mála. Þessu hefur ekki að öllu leyti verið fylgt eftir með endurskoðun á reglum um málsmeðferðina fyrir Hæstarétti eða reglum um heimildir til málskots þar sem hafa löngum verið mjög væg skilyrði fyrir málskoti þótt vissar breytingar hafi orðið í þeim efnum á síðustu árum.

Með þessu frumvarpi er ekki aðeins lagt til að það skref verði stigið að sameina reglur um áfrýjunarheimildir í einkamálum og meðferð áfrýjaðra einkamála fyrir Hæstarétti í ein lög, heldur eru um leið gerðar ýmsar tillögur um breytingar á reglunum. Þær helstu eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi að herða skilyrði fyrir rétti til að áfrýja smærri málum og gera þá réttinn til málskots háðan leyfi Hæstaréttar í þeim tilvikum. Er vikið nánar að þessu í III. lið hér á eftir.
2. Í öðru lagi byggja tillögur í frumvarpinu á því að þótt rétturinn til áfrýjunar yrði að nokkru leyti skilyrtur verði hvergi nærri girt fyrir endurskoðun á þeim úrlausnum héraðsdómstóla sem slík skilyrði mundu ná til. Koma þá bæði til heimildir Hæstaréttar samkvæmt reglum frumvarpsins til að veita leyfi til áfrýjunar, m.a. á þeirri forsendu að tilefni geti verið til að ætla að niðurstöðum héraðsdóms yrði breytt við áfrýjun til Hæstaréttar og að Hæstiréttur mundi þannig meta hvort annmarkar séu á úrlausn héraðsdóms í smærri málum og veita leyfi til að áfrýja þeim ef svo væri. Meðferð Hæstaréttar á beiðnum um leyfi til að áfrýja smærri málum fæli þannig í sér að úrlausnir í þeim kæmu til vissrar endurskoðunar fyrir æðra dómi, en samkvæmt reglum frumvarpsins yrði sú endurskoðun framkvæmd með tiltölulega einföldum og skjótvirkum hætti í stað þess að málin sættu áfrýjun til Hæstaréttar eins og nú er. Um tillögur í frumvarpinu um þetta er einnig fjallað nánar í III. lið hér á eftir.
3. Þá er í þriðja lagi ráðgert í frumvarpinu að breytingar verði á meðferð áfrýjaðra einkamála fyrir Hæstarétti, en með tillögum um þetta er stefnt að því að einfalda meðferðina og flýta henni. Að helstu atriðunum í því sambandi verður vikið nánar í IV. lið hér á eftir.

II.

Helstu tillögurnar í frumvarpinu taka meðal annars mið af því að á undangengnum áratug hefur málum, sem skotið er til Hæstaréttar, fjölgað mikið, en þetta hefur aftur valdið því að afgreiðslutími mála hefur lengst þar stig af stigi. Með þessu frumvarpi er leitast við að ráða bót á þessu, bæði með því að draga úr málafjöldanum og flýta afgreiðslu mála.

Svipuð staða hefur komið upp fyrr hér á landi og má í því sambandi minnast þess að gripið var til sérstakra úrræða af þessum sökum með tímabundinni fjölgun dómara við Hæstarétt á árunum 1982 og 1983, á grundvelli laga nr. 67/1982. Fyrir þann tíma höfðu óafgreidd mál safnast fyrir í þeim mæli vegna aukinna áfrýjana að annað þótti ekki verjandi en að ráðast gegn því með fjölgun dómara. Þetta bar þann árangur að um og upp úr miðjum síðasta áratug hafði tekist að draga verulega úr fjölda óafgreiddra mála og var málatíminn fyrir Hæstarétti orðinn fremur stuttur, bæði í samanburði við undangengin ár hér á landi og málatíma í öðrum löndum. Á árinu 1986 fór hins vegar að gæta nýrrar öldu í fjölgun mála fyrir Hæstarétti sem reis hærra en dæmi höfðu sést um fyrr, en málafjöldinn steig frá ári til árs allt fram að árinu 1992 eins og hér sést nánar:

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Áfrýjuð einkamál	133	182	222	253	278	318	320	240
Áfrýjuð opinber mál	73	62	64	65	82	69	90	81
Kærur í einkamálum	23	26	33	41	47	39	46	75
Kærur í opinberum málum	30	46	29	39	54	39	33	37
Samtals	259	316	348	398	461	465	489	433

Á árinu 1993 hefur málafjöldinn þróast þannig fram til 1. september að áfrýjanir í einkamálum voru 172, áfrýjanir í opinberum málum voru 71, kærur í einkamálum voru 77 og kærur í þeim opinberu 30, en alls voru ný mál á tímabilinu þannig 350. Eru þau um tuttugu fleiri en á sama tíma á árinu 1992.

Ekki verður séð að hægt sé að benda á neinar algildar skýringar á þeirri fjölgun sem varð á málum fyrir Hæstarétti á þessu tímabili. Að hluta kann þetta þó að skýrast af því að svokölluð áfrýjunarfjárhæð, þ.e. lágmarksfjárhæðin sem hagsmunir í máli þurftu að ná til að áfrýjun væri heimil, var ákveðin með breytingu sem var gerð á lögum nr. 75/1973 á árinu 1982, en hún stóð síðan í stað allt til ársins 1992 þrátt fyrir verulegar verðlagsbreytingar. Eins fór þess að gæta í auknum mæli að einkamálum væri áfrýjað að því er virðist gagngert til að tefja fyrir að fullnusta yrði fengin á kröfum. Eins og má ráða af ofangreindum tölum dróst fjöldi nýrra mála hins vegar nokkuð saman á árinu 1992, auk þess að innbyrðis vægi milli málategunda breyttist með fjölgun á kærum í einkamálum og samdrætti á áfrýjunum á sama sviði. Þessi þróun á árinu 1992 á meira eða minna rætur að rekja til breytinga sem urðu með gildistöku nýrra réttarfarslaga á miðju árinu, en þar kom bæði til að ýmsar tegundir mála, sem sættu áður áfrýjun til Hæstaréttar, breyttust í kærumál og vissar breytingar komu þá til framkvæmdar á skilyrðum fyrir áfrýjun í einkamálum, auk þess að mjög var dregið úr að hægt væri að beita áfrýjun til að ná aðeins fram töfum á fullnustu á kröfu.

Á tímabilinu frá 1988 til 1992 leiddi þessi aukni fjöldi mála fyrir Hæstarétti til þess að smám saman lengdist afgreiðslutími mála þar. Tímabundin fjölgun dómara á árunum 1982 og 1983 leysti um sinn sambærilegan vanda á sínum tíma, enda var afgreiðslutími mála eins og áður sagði orðinn skammur á árabilinu 1985 til 1987. Í tengslum við þær aðgerðir var hins vegar ekki gripið til neinna ráðstafana til að draga úr hættu á að aftur mundi sækja í sama far, t.d. með breytingu á reglum um málskotsheimildir eða málsmeðferð, þannig að skömmu eftir að málafjöldinn jókst frá fyrra horfi tókst ekki að hafa undan nýjum málum. Eftirfarandi eru upplýsingar um mál sem hefur verið lokið fyrir Hæstarétti á því árabili:

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Dómar í áfrýjuðum málum:								
Einkamál	92	103	109	109	94	92	117	107
Opinber mál	60	62	53	52	57	71	73	69
Dómar í kærumálum:								
Einkamál	26	24	32	38	46	46	44	155
Opinber mál	26	40	30	36	52	33	30	35
Önnur málalok	59	22	38	34	56	45	67	46
Samtals	263	251	262	269	305	275	331	412

Af þessu er ljóst að fjöldi afgreiddra mála fyrir Hæstarétti hefur aukist verulega frá ári til árs eftir 1988 ef frá er talið árið 1990, en mesta breytingin varð þó á árinu 1992 sem stafaði öðrum þræði af því hve miklu fleiri mál voru afgreidd þá sem kærumál í skjóli breytinga á réttarfarslöggjöf sem tóku gildi á árinu. Taka verður fram með nýju lögunum varð sjálfkrafa sú breyting á málum varðandi fullnustugerðir sem hafði verið áfrýjað fyrir gildistöku þeirra samkvæmt reglum eldri laga að þau sættu kærumeðferð upp frá því. Skýrir það hvers vegna dómar á árinu 1992 í kærðum einkamálum urðu svo margir sem raun ber vitni þótt málskotum með kæru hafi ekki fjölgað jafnmikið á því ári. Þrátt fyrir þessa verulegu aukningu á afgreiddum málum má sjá af samanburði á þessum upplýsingum við yfirlitið hér á undan um fjölda nýrra mála að á árinu 1992 hefur tekist í fyrsta sinn frá árinu 1985 að nálgast að ná jöfnuði milli nýrra mála og afgreiddra á sama ári, en umtalsvert bil var þar á milli á næstu árum á undan. Á þessu heildartímabili hefur tekist meira eða minna að afgreiða nærri jafnharðan kærumál, bæði í einkamálum og opinberum málum, og opinber mál sem hefur verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjun, en slík mál hafa yfirleitt verið látin ganga að einhverju leyti fyrir öðrum málum. Áfrýjuð einkamál hafa á hinn bóginn þurft að bíða nokkuð afgreiðslu og var svo komið við lok ársins 1992 að 275 slík mál biðu tilbúin til málflutnings og dóms fyrir Hæstarétti. Biðtíminn frá því slík mál eru tilbúin til málflutnings og þar til málflutningur fer fram hefur lengst stig af stigi á þessu tímabili og er nú um tvö og hálft ár.

Aukið álag á dómstólum á málskotsstigi og lenging á afgreiðslutíma þar eru engan veginn einsdæmi hér á landi, enda er sambærileg staða uppi í mörgum nágrannalöndum. Sá munur er þó á aðstæðum að meðan þetta leiðir til vandkvæða hér á landi fyrir Hæstarétti beinast vandkvæðin fremur að álagi á millidómstigi í öðrum löndum þar sem dómstigin eru þrjú en ekki tvö eins og hér. Annars staðar hefur víða verið reynt að bregðast við þessu með því að styrkja fyrsta dómstigið og takmarka síðan heimildir til málskots þaðan á millidómstig, en á æðsta dómstig komast sums staðar engin mál án leyfis. Hér á landi mætti vissulega bregðast við auknu álagi á Hæstarétti með því að koma á fót millidómstigi sem mætti áfrýja úrlausnum héraðsdómstóla til og þrengja síðan mjög heimildir til að skjóta málum þaðan til æðsta dómstólsins sem fengist þá einkum við stefnumarkandi mál. Þessu mundi á hinn bóginn fylgja umtalsverður kostnaður og er jafnvel hætta á að vandinn færðist aðeins milli dómstiga, þannig að heildartíminn, sem tæki að fá mál endanlega afgreidd, yrði sá sami og nú er eða ef til vill lengri, ekki síst ef mál færi um þrjú dómstig. Þrátt fyrir að ýmsir kostir gætu fylgt fjölgun dómstiga hér á landi er ekki ráðgert í þessu frumvarpi að það verði gert, heldur er tekið mið af óbreyttri dómstólaskipan og reynt þess í stað með tillögum í

frumvarpinu að draga úr fjölda þeirra mála sem verður skotið til Hæstaréttar og auðvelda meðferð þeirra. Er þá meðal annars tekið tillit til leiða sem hafa verið farnar erlendis í þessu skyni eða eru þar til umræðu. Á þennan hátt þykir raunhæft að vænta að það takist að treysta í sessi að jafnvægi haldist milli nýrra mála og afgreiddra fyrir Hæstarétti. Eftir sem áður stæði þá óleystur sá vandi sem stafar af fyrrnefndri uppsöfnun óafgreiddra mála frá síðustu árum, en lausn á honum fengist varla nema á lengri tíma en viðunandi væri með þeim úrræðum einum sem eru lögð til í þessu frumvarpi. Er því lagt til með sérstöku frumvarpi að dómurum verði fjölgað um einn við Hæstarétt og að nokkrar minni háttar breytingar verði um leið gerðar á reglum í lögum nr. 75/1973 sem hafa áhrif á verklag við málsmeðferð, en með þeim væri hægt að liðka nokkuð fyrir afgreiðslu mála. Með því væri fyrirsjáanlega hægt að ljúka eldri málum sem bíða nú afgreiðslu fyrir Hæstarétti um leið og nýrri málum yrði sinnt jafnharðan.

III.

Takmarkanir hafa löngum verið hér á landi, líkt og í öðrum löndum, á heimildum til að áfrýja dómum í einkamálum, en breytilegt hefur verið hér frá einum tíma til annars hversu miklar þær hafa verið. Helsta takmörkunin í þessum efnum hér á landi hefur tengst áskilnaði um að hagsmunir í máli verði að ná tilteknu lágmarki. Frá því á árinu 1983 og fram að gildistöku laga um meðferð einkamála 1. júlí 1992 mátti áfrýja dómum í einkamálum án frekari skilyrða um hagsmuni ef höfuðstóll peningakröfu, sem mál varðaði, náði 7.000 krónum. Undanþágu mátti fá frá þessu skilyrði með áfrýjunarleyfi sem dómsmálaráðherra veitti. Skilyrði fyrir áfrýjun voru hert talsvert að þessu leyti með lögunum um meðferð einkamála því áfrýjunarfjárhæð var hækkuð þar í 150.000 krónur, en á móti því komu sem fyrr heimildir til að veita áfrýjunarleyfi sem Hæstarétti var falið að annast. Þá voru áfrýjunarheimildir einnig takmarkaðar með lögunum á þann hátt að girt var fyrir að stefndi í máli gæti áfrýjað dómi á hendur sér ef hann hafði ekki mætt til að halda uppi vörnum fyrir héraðsdómi, en í stað málskots opnuðust heimildir til að leita eftir endurupptöku slíkra mála í héraði. Bæði eftir eldri og yngri lögum hefur heimildin til að áfrýja dómum í málum, sem varða annað en peningakröfu, verið háð því skilyrði að hagsmunir af úrslitum máls teljist svara til áfrýjunarfjárhæðar að mati Hæstaréttar.

Ástæðan fyrir takmörkunum af þessum toga á skilyrðislausri heimild til áfrýjunar er öðru fremur þörfin á að koma í veg fyrir að mál, sem litlu eða engu skipta, auki álag á æðra dómstigi. Í því sambandi er haft í huga að tekið getur jafnlangan tíma og sömu erfiðismuni að reka og leysa úr máli þar sem hagsmunir eru hverfandi litlir og máli þar sem aðilarnir eiga mikið í húfi. Dómsmál, sem þjóna litlum eða engum tilgangi, geta um leið tafið fyrir framgangi mála sem einhverju skipta. Þá ræðst kostnaður af rekstri dómstóla ekki af hagsmunum sem eru til úrlausnar í einstaka málum, heldur af fjölda og umfangi málanna sem eru þar til meðferðar. Enn fremur hefur verið tekið tillit til þess að við áfrýjun er leitað eftir endurskoðun á dómsúrlausn sem hefur verið fengin fyrir dómstóli á lægra dómstigi, en þar starfa löglærðir dómarar sem verða að fullnægja ýmsum almennum hæfisskilyrðum. Hafa má í huga að endurskoðun dómstólakerfisins og breytingar á réttarfarslögum hafa þegar styrkt fyrsta dómstigið mikið og gefa einnig kost á að gera það enn frekar. Meðal annars af tilliti til þessara atriða hefur þannig þótt nauðsynlegt og óhætt að búa við reglur sem geta leitt til þess að úrlausn, sem er fengin á fyrsta dómstigi, geti orðið endanleg.

Notkun á kröfufjárhæð sem viðmiði fyrir skilyrðislausri heimild til áfrýjunar helgast bæði hér á landi og erlendis af því að hún gefur yfirleitt ákveðnar vísbendingar um mikilvægi dómsmáls þótt hún geti alls ekki talist vera einhlítur mælikvarði í þeim efnum. Tvö mál geta þannig snúist um sömu fjárhæð sem í einu tilviki skiptir verulega miklu fyrir einstakling sem á hlut að máli en skiptir mjög litlu í öðru máli sem stórfyrirtæki á aðild að. Fjárhæð segir heldur ekki alla söguna um almennt gildi dóms, enda getur mikilvægt fordæmi fengist um lagaatriði í máli þar sem kröfufjárhæð er mjög lág. Í núgildandi reglum um heimildir til að veita undanþágu frá áskilnaði um áfrýjunarfjárhæð, í 154. gr. laga um meðferð einkamála, er einmitt tekið tillit til atriða af þessum meiði, enda eru skilyrðin þar fyrir veitingu leyfis til að áfrýja dómi í máli, þar sem áfrýjunarfjárhæð er ekki náð, þess efnis að úrslit máls verði annaðhvort að vera mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða að varða mikilvæga hagsmuni málsaðilanna.

Athugun á dómum Hæstaréttar frá undanförnum árum í einkamálum, sem hafa sætt áfrýjun, leiðir í ljós að fjárhæðir, sem málin varða, eru oft og tíðum lágar og er þar með líklegt að hagsmunir af málunum hafi ekki alltaf verið teljandi. Í tengslum við gerð þessa frumvarps hefur verið gerð könnun á slíkum dómum sem gengu frá ársbyrjun 1988 fram á árið 1992, en með því að framreikna með lánskjaravísitölu fjárhæð höfuðstóls peningakröfunnar í hverju máli frá gjalddaga hennar til septembermánaðar 1993 kemur fram að miðað við núverandi verðlag greinast málin með eftirfarandi hætti:

Kröfufjárhæð í þúsundum króna	Fjöldi mála	Hlutfall af heild	Uppsafnað hlutfall
Minna en 150	48	16.22%	16.22%
150 til 300	40	13.51%	29.73%
300 til 400	27	9.12%	38.85%
400 til 500	17	5.74%	44.59%
500 til 600	7	2.37%	46.96%
600 til 700	8	2.70%	49.66%
700 til 800	8	2.70%	52.36%
800 til 900	8	2.70%	55.06%
900 til 1.000	12	4.06%	59.12%
1.000 til 1.500	29	9.80%	68.92%
1.500 til 2.000	8	2.70%	71.62%
2.000 til 3.000	21	7.09%	78.72%
3.000 til 4.000	11	3.72%	82.43%
4.000 til 5.000	5	1.69%	84.12%
5.000 til 10.000	20	6.76%	90.88%
10.000 til 50.000	21	7.09%	97.97%
Yfir 50.000	6	2.03%	100.00%
Samtals	296	100.00%	

Benda verður sérstaklega á að kröfufjárhæðir hafa verið framreiknaðar hér eingöngu til að leiða í ljós umfang þeirra á núverandi verðlagi og gera um leið kleift að draga saman upplýsingar yfir lengra tímabil án hættu á að verðlagsbreytingar skekki myndina. Athygli verður að vekja á því að þegar metið er hvort krafa nái áfrýjunarhæð er aðeins litið til höf-

uðstóls hennar án vaxta eða framreiknings vegna verðlagsbreytinga frá því hún féll í gjalddaga, sbr. 2. mgr. 152. gr. laga um meðferð einkamála. Þetta verður að hafa í huga þegar litið er til þessara upplýsinga, enda geta oft liðið nokkur ár frá því krafa féll í gjalddaga þar til reynir á hvort hún nái þeirri áfrýjunarfjárhæð sem gildir þegar til kemur.

Til viðbótar við ofangreindar tölulegar upplýsingar er rétt að taka fram að á eins árs tímabili frá því að lög um meðferð einkamála tóku gildi 1. júlí 1992 og leiddu til hækkunar áfrýjunarfjárhæðar í 150.000 krónur bárust Hæstarétti tólf umsóknir um leyfi til undanþágu frá því skilyrði fyrir áfrýjun. Áfrýjunarleyfi var veitt í þremur tilvikum.

Af þessum upplýsingum má ráða að nokkur hluti af þeim einkamálum, sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar á liðnum árum, hefur varðað fremur takmarkaða hagsmuni. Þau mál hafa þó eins og önnur leitt til aukins fjölda mála fyrir dóminum og tafa á afgreiðslu þeirra. Þeim mun frekar má draga í efa að öll þessi mál hafi átt knýjandi erindi til æðra dóms þegar tekið er tillit til þess að í verulegum meiri hluta tilvika hafa niðurstöður í héraðsdómum verið staðfestar með dómum Hæstaréttar, a.m.k. í aðalatriðum, en þetta virðist gilda almennt án tillits til hagsmunanna sem hafa verið í húfi hverju sinni.

Tilgangurinn að baki þeirri skipan að til sé æðra dómstig, þar sem er gefinn kostur á að leita endurskoðunar á úrlausn af lægra dómstigi, er þó ekki aðeins að tryggja að mál, sem varða mikla hagsmuni, geti fengið athugun á tveimur stigum áður en þeim verður lokið endanlega, heldur einnig að hægt sé að fá leiðréttingu á rangri niðurstöðu í héraðsdómi og að æðri dómur geti stuðlað að samræmi í lagaframkvæmd. Þessi síðastnefndu atriði standa ekki endilega í neinum tengslum við mikilvægi hvers og eins máls. Þannig eru yfirleitt sömu rök fyrir heimild til málskots til að leita leiðréttingar á rangri niðurstöðu, hvort sem hagsmunirnir, sem eru í húfi, eru miklir eða litlir. Þar með er þó ekki sagt að öll mál, sem gæti komið til álita að sækjast eftir að fá endurskoðuð á þessari forsendu, þurfi að fá sams konar meðferð fyrir æðra dómi. Eftir því sem hagsmunir í máli eru minni er einmitt frekar ástæða til að mál fái einfalda og ódýra meðferð ef unnt er að tryggja að réttaröryggi sé borgið með henni.

Þegar reynt er að ráða bót á þeirri stöðu, sem hefur skapast á síðustu árum vegna aukins málafjölda og tafa á meðferð mála fyrir Hæstarétti, er meðal annars nauðsynlegt að leita leiða til að draga úr fjölda þeirra mála sem verður komið þar að með áfrýjun og einfalda jafnframt afgreiðslu minni mála. Af fenginni reynslu virðist óhætt að fullyrða að nokkur fjöldi þeirra einkamála, sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar á undanförnum árum, varði svo litla hagsmuni að til undantekninga heyri að þau eigi þangað erindi, ekki síst þegar tekinn er með í reikninginn sá kostnaður sem áfrýjandi getur sjálfur þurft að bera af málskoti sínu. Verulega var dregið úr kosti á áfrýjun slíkra mála með hækkun áfrýjunarfjárhæðar í núgildandi lögum, en í þeim efnum hefði að líkindum verið réttlætanlegt að ganga að mun lengra, einkum þegar tekið er tillit til gildandi heimilda til að veita áfrýjunarleyfi. Af tilliti til réttaröryggis er eins og áður sagði nauðsynlegt að kostur sé á að fá leiðréttingu á röngum héraðsdómi með málskoti, en þetta þarf á hinn bóginn ekki að kosta að öll mál fái þá ræki-legu umfjöllun sem leiðir af áfrýjun. Í því sambandi má benda á að við athugun á dómum Hæstaréttar á árabilinu frá 1988 til 1992 kemur í ljós að í um 43,5% tilvika voru héraðsdómar staðfestir án neinna breytinga, í um 10% tilvika voru þeir staðfestir með minni háttar breytingum, en í um 46,5% tilvika var niðurstöðu héraðsdóms breytt meira eða málsmeðferðin í héraði felld úr gildi vegna formgalla. Er því unnt að segja að í um helmingi mála leiddi áfrýjun til lítilla sem engra breytinga. Oft og tíðum er einmitt unnt að ráða með fyrirhafnarlítilli athugun á héraðsdómi, málsgögnum og röksemdum málsaðila hvort nokkur lík-

indi séu fyrir að héraðsdómi yrði breytt að undangenginni rækilegri athugun. Ef þau líkindi þykja engin er til einskis að verja tíma og fjármunum í rekstur tilgangslauss máls fyrir æðra dómi, einkum ef hagsmunir af því eru litlir.

Með tilliti til þessara atriða er gerð tillaga í 5. gr. frumvarpsins um þá breytingu á áfrýjunarfjárhæð að hún nemi 500.000 krónum, en heimilt yrði að leita áfrýjunarleyfis ef kröfufjárhæð í máli næði ekki þeirri fjárhæð. Með sama hætti og eftir núgildandi reglum kæmi í hlut Hæstaréttar að ákveða hvort leyfi yrði veitt og væri hægt að veita það eins og hingað til ef úrslit máls hafa mikið almennt gildi eða varða mikilvæga hagsmuni málsaðila. Mestu skiptir þó í þessu sambandi að ráðgert er í c-lið 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins að þriðja kostinum verði bætt við sem forsendu fyrir að veita áfrýjunarleyfi, en hann er sá að málstaður þess sem leitar leyfisins gefi tilefni til að ætla að héraðsdómi kunni að verða breytt svo einhverju nemi. Með þessari reglu væri opnuð leið til að veita áfrýjunarleyfi án tillits til hagsmuna í máli með hliðsjón af því að ekki sé víst að héraðsdómur yrði staðfestur fyrir Hæstarétti ef málið fengi áfrýjunarmeðferð. Leggja verður áherslu á að hér er gengið út frá að meðferð umsóknar um áfrýjunarleyfi, sem væri studd við þessa forsendu, fæli í raun í sér að Hæstiréttur tæki afstöðu til efnisatriða í máli og endurskoðaði þar með niðurstöðu héraðsdóms. Þannig má benda á að skv. 7. gr. frumvarpsins yrði umsókn um áfrýjunarleyfi að vera ítarlega rökstudd og bæri Hæstarétti að gefa gagnaðila umsækjandans kost á að tjá sig um hana, en þar með kæmu fram röksemdir beggja eða allra málsaðila varðandi hugsanlegar breytingar á niðurstöðu í héraðsdómi. Þá ber að nefna að skv. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1973 eru það dómarar við Hæstarétt sem taka afstöðu til umsóknar um áfrýjunarleyfi. Loks verður að vekja athygli á að eins og orðalagi er hagað í c-lið 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins ætti ekki að synja um áfrýjunarleyfi nema næsta víst þyki að engar eða aðeins mjög óverulegar breytingar yrðu gerðar á niðurstöðu í héraðsdómi ef áfrýjun yrði leyfð. Er þannig ráðgert að Hæstiréttur tæki eingöngu endanlega afstöðu til efnisatriða í máli í tengslum við höfnun umsóknar um áfrýjunarleyfi og þá aðeins á þeim grunni að málið varði ekki mikilvæga hagsmuni og ekki sé annars að vænta en að héraðsdómur í því yrði staðfestur að undangenginni áfrýjun. Slík höfnun yrði að vera rökstudd, sbr. 5. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Ef vafi væri hins vegar um hugsanleg málalok yrði að veita áfrýjunarleyfið og þá án þess að neinu væri slegið föstu um hvernig endanlegar lyktir málsins gætu síðan orðið.

Með þeim tillögum, sem nú hefur verið lýst, er ekki beinlínis verið að stefna að frekari takmörkunum á heimildum til að leita endurskoðunar á héraðsdómum í einkamálum en eru gildandi nú, heldur er fremur opnuð einföld og skjótvirk leið til að ljúka þeirri endurskoðun fyrir Hæstarétti ef mál varðar aðeins takmarkaða hagsmuni og ljóst þykir að héraðsdómi yrði ekki breytt þótt málið fengi umfangsmeiri meðferð. Sérstaklega verður að benda á að þótt frumvarpið yrði að lögum væri ekki búið að útiloka neitt teljandi hlutfall mála frá áfrýjun með hækkun áfrýjunarfjárhæðarinnar frá því sem nú gildir því eftir sem áður yrði að veita áfrýjunarleyfi í málum þar sem niðurstaðan skiptir miklu fyrir málsaðila eða almennt séð og eins bæri að veita slíkt leyfi ef ekki þætti ljóst að máli um takmarkaða hagsmuni lyki með staðfestingu héraðsdóms. Um þá fækkun áfrýjunarmála, sem fengist með þessum hætti, mundi á hinn bóginn muna fyrir starfsemi Hæstaréttar og gera hann betur settan til að sinna vandasamari og mikilvægari málum á skemmri tíma en nú er kleift. Fyrir því má hæglega færa rök að þegar á heildina er litið vegi slík breyting þyngra á metum fyrir réttaröryggi en óheftar heimildir til áfrýjunar.

IV.

Þess var getið hér áður að með frumvarpinu eru gerðar tillögur um ýmsar breytingar á reglum um meðferð áfrýjaðra einkamála fyrir Hæstarétti. Þær helstu eru eftirfarandi:

1. Í 8. gr. frumvarpsins eru tillögur um breytingar á ákvæðum 155. gr. laga um meðferð einkamála þar sem er fjallað um áfrýjunarstefnur. Helsta breytingartillagan snýr að því að gera áfrýjunarstefnu verulega ítarlegri en nú er áskilið, en að nokkru er þá leitað fyrirmynda í 80. gr. laganna þar sem er fjallað um stefnu í héraði. Með þessu er leitast við að gera tilgang áfrýjunar og grundvöll máls fyrir Hæstarétti skýrari, m.a. með því að áskilja að greint sé af nákvæmni frá kröfum áfrýjanda um úrslit máls fyrir Hæstarétti og röksemdum fyrir þeim, en um sum þessara atriða skortir oft viðunandi upplýsingar allt fram að munnlegum flutningi máls fyrir Hæstarétti í framkvæmd eftir núgildandi reglum. Þessi breyting hefði augljós áhrif í þá átt að gera rekstur máls fyrir Hæstarétti markvissari frá byrjun.
2. Í 44. gr. laga nr. 75/1973 eru reglur um skriflegar greinargerðir sem er ætlast til að málsaðilar leggi fram hvor eða hver fyrir sitt leyti í Hæstarétti. Í þeim reglum er gengið út frá að greinargerðir séu stuttorðar og aðeins greint frá kröfugerð aðila, svo og upplýsingum um atvik máls og sönnunargögnum sem aðilinn byggði ekki á fyrir héraðsdómi. Í frumvarpinu er stefnt að umtalsverðum breytingum frá þessum reglum og þá einkum að þrennu leyti. Í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir að áfrýjandi skili skriflegri greinargerð fyrir sitt leyti, heldur er ætlast til að hann geri nægilega grein fyrir málinu í áfrýjunarstefnu, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi eru lagðar til reglur í 12. gr. frumvarpsins um miklu ítarlegri greinargerð af hálfu stefnda en eftir núgildandi reglum ef hann hyggst halda uppi vörnum fyrir Hæstarétti. Reglur frumvarpsins um efni greinargerðar stefnda svara meira eða minna til fyrrnefndra reglna um efni áfrýjunarstefnu. Í þriðja lagi er loks ætlast til í 11. gr. frumvarpsins að stefndi fái miklu styttri frest til að skila greinargerð sinni fyrir Hæstarétti en nú tíðkast á grundvelli 44., sbr. 41. og 42. gr. laga nr. 75/1973. Með þeirri tillögu er stefnt að því að mál taki á sig skýra mynd strax á fyrstu stigum.
3. Samkvæmt núgildandi reglum í lögum nr. 75/1973 eru háð regluleg þinghöld í Hæstarétti þar sem áfrýjuð einkamál eru þingfest, en eftir þingfestingu eru mál að öðru jöfnu tekin fyrir oftar en einu sinni í reglulegum þinghöldum til að aðilum gefist kostur á leggja fram gögn. Málsaðili verður að láta sækja öll slík þinghöld í máli sínu ef hann ætlar að halda málstað sínum fram, en í þeim er þó fátt annað gert en að leggja fram skjöl í máli og taka ákvörðun um næstu fyrirtöku þess. Með frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar í þessum efnum. Í 9. gr. frumvarpsins er þannig ráðgert að mál verði þingfest fyrir Hæstarétti með því að áfrýjandi afhendi á skrifstofu dómsins áfrýjunarstefnu með sönnun fyrir birtingu hennar, ásamt þeim gögnum sem hann byggir á í málinu, en þetta yrði þá ekki gert á dómþingi. Samkvæmt h-lið 1. mgr. 8. gr. og 11. gr. frumvarpsins yrði ekki ætlast til eins og nú að stefndi mæti til þingfestingar máls í þinghaldi til að tjá sig um hvort hann ætli að halda uppi vörnum fyrir Hæstarétti, heldur mundi hæstaréttarritari ákveða frest handa stefnda við útgáfu áfrýjunarstefnu til að tilkynna dóminum bréflega um þetta. Stefnan yrði árituð af hæstaréttarritara um lengd þessa frests sem mundi þó ekki aðeins marka þann tíma sem stefndi nyti til að tilkynna dóminum hvort hann vilji taka þar til varna, heldur einnig þann tíma sem áfrýjandinn hefði til að þingfesta málið, sbr. einnig 9. gr. frumvarpsins. Í kjölfarið er ráðgert að aðilar fái aðeins takmarkaða fresti og skili gögnum á skrifstofu Hæstaréttar,

en mál yrði ekki tekið fyrir á dómþingi fyrr en við munnlegan flutning þess nema upp komi ágreiningsatriði um rekstur þess, sbr. einkum 13. og 14. gr. frumvarpsins.

4. Eftir núgildandi reglum er ætlast til að í tengslum við áfrýjun afli áfrýjandi sér dómsgerða í máli hjá héraðsdómstólnum þar sem var leyst úr því. Í dómsgerðum þarf að vera eintak af öllum gögnum sem voru lögð fram í héraði og endurrit af framburði málsaðila og vitna fyrir dómi, hvort sem byggt verður á þeim gögnum fyrir Hæstarétti eða ekki. Í framkvæmd er mjög seinlegt að gera dómsgerðir í þessum búningi og tefur það oft talsvert fyrir rekstri máls í Hæstarétti. Samkvæmt 41. og 42. gr. laga nr. 75/1973 eiga málsaðilar síðan að búa sameiginlega til svokallað ágrip dómsgerða til afnota við rekstur máls fyrir Hæstarétti. Eins og nafnið gefur til kynna er ætlast til að þar verði aðeins tekinn upp hluti af gögnunum úr dómsgerðum, en þetta eiga að vera þau gögn sem aðilarnir hyggjast nota fyrir Hæstarétti. Ágripi eiga aðilarnir að skila í nokkrum fjölda eintaka á skrifstofu Hæstaréttar ásamt dómsgerðum og greinargerðum sínum í máli innan frests sem er að öðru jöfnu ekki skemmri en fjórir mánuðir frá þingfestingu máls fyrir Hæstarétti. Framkvæmd hefur farið nokkuð úr böndum í þessum efnum. Reyndin er yfirleitt sú að áfrýjandi gerir ágrip dómsgerða í litlu eða engu samráði við gagnaðila sinn sem getur þá þurft gera viðbótarágrip til að koma að frekari gögnum. Á síðari árum hefur þetta safn skjala yfirleitt ekki staðið undir nafni því algengt er að öll gögn úr héraði séu sett í það án tillits til notagildis við rekstur máls fyrir Hæstarétti og er það þannig ekki lengur réttnefnt ágrip dómsgerða, heldur samrit þeirra. Frágangur skjala í þessum búningi missir þannig marks auk þess að leiða til tafa og kostnaðar við rekstur máls. Í 9. og 12. gr. frumvarpsins eru lagðar til verulegar breytingar frá þeirri tilhögun sem hér var lýst í stuttu máli. Þannig er ráðgert í fyrrnefnda ákvæðinu að Hæstiréttur kalli sjálfur eftir dómsgerðum frá héraðsdómi þegar mál hefur verið þingfest fyrir Hæstarétti, en aðilar afli sér ekki dómsgerða eins og hingað til. Er reiknað með að gengið verði frá dómsgerðum með miklu einfaldari hætti en nú er gert og Hæstiréttur hafi þær aðeins undir höndum til athugana sem sérstakt tilefni kynni að gefast til við rekstur máls. Í sama ákvæði er einnig ráðgert að áfrýjandi afhendi málsgögn fyrir sitt leyti við þingfestingu máls, en í þeim eiga að vera eintök af skjölum og endurrit af munnlegum framburði sem hann byggir á fyrir Hæstarétti og á það jöfnum höndum við um gögn sem áfrýjandi lagði sjálfur fram í héraði og gögn sem gagnaðilinn lagði þar fram. Er þá lagt á vald áfrýjanda að velja nauðsynleg sönnunargögn til afnota við rekstur máls fyrir Hæstarétti. Hafi áfrýjandi í hyggju að styðjast við munnlegan framburð, sem var gefinn fyrir héraðsdómi, er miðað við að hann geti aflað sér eftirgerðar af hljóðupptöku af framburðinum hjá dómstólnum og látið sjálfur rita framburðinn upp eftir þörfum til að leggja fram í málsgögnum sínum. Slíka endurritun á hljóðupptökum fengi hann hins vegar ekki framkvæmda hjá héraðsdómstólnum, eins og má ráða af 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Eftir að áfrýjandi hefði afhent málsgögn sín kæmi í hlut Hæstaréttar að senda stefnda eintak af þeim, ef hann hefur tilkynnt dóminum að hann hyggist taka til varna í málinu. Samkvæmt 12. gr. frumvarpsins gæfist stefnda síðan kostur á að bæta við gögnum, sem væru ekki í málsgögnum áfrýjanda, með því að afhenda málsgögn fyrir sitt leyti. Þetta yrði að gerast um leið og hann afhendir Hæstarétti greinargerð sína sem hann hefði frest til eftir ákvörðun dómsins í tvær til sex vikur frá þingfestingu máls. Eftir þetta ættu aðilar að vísu kost á að leggja fram frekari gögn skv. 13. gr. þegar málsgögn stefnda væru komin fram. Þetta mundi gerast á miklu skemmri tíma en eftir núgildandi reglum, auk þess að með reglum frum-

varpsins yrði dregið mjög úr því að óþörf gögn yrðu lögð fram. Til samans yrði þetta til að flýta talsvert undirbúningi máls fyrir málflutning og mundi það einnig leiða til sparnaðar.

5. Í 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins er lagt til að Hæstarétti verði heimilað að beina til málsaðila að þeir afhendi yfirlit yfir helstu atriði máls, röksemdir sínar og málflutningsatriði með fyrirvara áður en mál kæmi til munnlegs flutnings. Um þetta hafa ekki gilt ákveðnar reglur, en í framkvæmd hefur tíðkast nokkuð að lögmenn aðila afhendi slík yfirlit í einhverri mynd við munnlegan flutning máls. Með því að Hæstiréttur fengi nokkuð ítarlegt yfirlit um þessi atriði með fyrirvara má ætla að hægt yrði að gera munnlegan málflutning skipulegri og fljótlegri.
6. Í 14. og 15. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir mun ítarlegri og markvissari reglum en eru nú í lögum um flutning máls fyrir Hæstarétti. Í þeim er meðal annars tekið mið af reglum um málflutning fyrir héraðsdómi sem koma fram í 101. og 103. gr. laga um meðferð einkamála, svo og venjum í þessum efnum, en í ýmsum atriðum fela reglurnar í sér nýmæli.
7. Í 17. og 18. gr. frumvarpsins eru lagðar til mun fyllri reglur en gilda nú um dóma Hæstaréttar og aðrar úrlausnir. Vekja má athygli á að samkvæmt núgildandi lögum getur Hæstiréttur þurft að taka afstöðu til atriða, sem koma upp undir rekstri máls, með rökstuddum úrskurði. Í 17. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir að leyst verði úr slíkum atriðum með úrskurðum, heldur með ákvörðunum sem væri ekki þörf á að rökstyðja sérstaklega. Er þetta meðal annars gert til samræmis við reglur um afgreiðslu samsvarandi atriða fyrir héraðsdómi skv. 112. gr. laga um meðferð einkamála.

Þess má loks geta að í 21. gr. frumvarpsins eru reglur um heimildir málsaðila til að leita eftir endurupptöku máls sem hefur áður verið dæmt í Hæstarétti. Reglur um þetta eru nú í 59. gr. laga nr. 75/1973 og eru ekki lagðar hér til teljandi breytingar frá þeim.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. eru lagðar til breytingar á 14. gr. laga um meðferð einkamála þar sem eru reglur um afhendingu héraðsdómstóla á málsgögnum og eftirritum af þeim, þar á meðal dómsgerðum. Í 14. gr. laganna er tekið mið af þeirri tilhögun sem nú er ríkjandi varðandi frágang dómsgerða og var lýst hér á undan, en meðal annars eru hljóðbandsupptökur af munnlegum framburði, sem vitni eða málsaðilar hafa gefið undir rekstri máls fyrir héraðsdómi, endurritaðar frá orði til orðs og felldar inn í dómsgerðir. Oft er þetta algerlega þarflaust, en veldur yfirleitt verulegum töfum og kostnaði.

Í almennum athugasemdum hér á undan var greint frá helstu atriðunum varðandi reglur frumvarpsins um nýjar aðferðir við frágang gagna í tengslum við áfrýjun máls. Samkvæmt þeim ætti Hæstiréttur að fá dómsgerðir afhentar beint frá viðkomandi héraðsdómstóli og þá án þess að hljóðupptökur af munnlegum framburði verði endurritaðar, en þess í stað mundi eftirgerð af hljóðupptökum fylgja skjölum málsins. Aðilunum er síðan ætlað að fjölfalda þau málsgögn sem þeir ætla að byggja á fyrir Hæstarétti og afhenda þau þangað, en sú fjölföldun yrði þá yfirleitt gerð eftir eintökum af gögnunum sem aðilarnir hefðu sjálfir undir höndum eftir meðferð máls í héraði. Í þessu ljósi er lagt til með 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins að niður falli ummæli í 1. mgr. 14. gr. laganna um meðferð einkamála þar sem er ráðgert að aðili leiti eftir því við héraðsdómstól að fá afhentar dómsgerðir úr máli í heild sinni, enda væri þeirri reglu ofaukið miðað við þá nýju tilhögun sem er stefnt að.

Með frumvarpinu er ráðgert að sú leið verði farin ef aðili telur sig þurfa að leggja fram einhvern hluta af munnlegum framburði til sönnunar fyrir Hæstarétti að hann fái eftirgerð af hljóðbandsupptöku frá hlutaðeigandi héraðsdómstóli og annist síðan sjálfur gerð endurrits eftir hljóðupptökunni. Í 2. mgr. 14. gr. laga um meðferð einkamála er meðal annars mælt fyrir um skyldu héraðsdómstóls til að gera slík endurrit samkvæmt beiðni, en eftir umræddum ráðagerðum í frumvarpinu ætti þetta verk að hverfa úr höndum dómstólanna. Er því lagt til í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins að 2. mgr. 14. gr. laganna verði breytt þessu til samræmis.

Um 2. gr.

Í 15. gr. laga um meðferð einkamála er kveðið á um heimildir dómsmálaráðherra til að setja nánari fyrirmæli í reglugerð um ýmis atriði varðandi skrár, bækur og skjalavörslu við héraðsdómstóla, en þar á meðal er heimilað að setja nánari reglur um dómsgerðir. Reglugerð um þessi efni hefur verið sett og er hún nr. 225/1992.

Eins og var meðal annars getið hér á undan í athugasemdum við 1. gr. er ætlast til að talsverðum breytingum yrði komið á til einföldunar og flýtis varðandi afhendingu málsgagna við áfrýjun einkamála ef þetta frumvarp verður að lögum. Er þá miðað við að dómsgerðir gangi beint frá héraðsdómstólum til Hæstaréttar við áfrýjun mála í stað þess að fara um hendur málsaðila og þær verði ekki endilega í jafnformlegum búningi og nú er. Til að greiða fyrir að reglur um þetta verði sveigjanlegar og lagaðar að þörfum í framkvæmd á hverjum tíma er lagt til með 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins að Hæstiréttur setji reglur um frágang dómsgerða. Í því ljósi yrði ekki lengur þörf á fyrirmælum um þetta í reglugerð og er því lagt til í 2. gr. frumvarpsins að umrædd reglugerðarheimild verði felld úr 15. gr. laganna.

Um 3. gr.

Í almennum athugasemdum hér að framan var minnst á að reglur frumvarpsins taki mið af því að ekki yrði lengur gert ágrip dómsgerða til afnota við rekstur máls fyrir Hæstarétti, heldur búi aðilarnir hvor um sig til málsgögn, sem svo eru nefnd í 9. og 12. gr. frumvarpsins, í þessu skyni. Í 124. gr. laga um meðferð einkamála er sérstök heimild handa málsaðila til að leita eftir heimild Hæstaréttar til að látið verði ógert að gera ágrip dómsgerða ef mál sætir flýtimeðferð eftir reglum XIX. kafla laganna, en þessi undantekningarregla var sett á sínum tíma til að greiða fyrir málum sem sæta flýtimeðferð. Nái þetta frumvarp fram að ganga verður þessi sérregla óþörf í ljósi þess sem áður segir og er því lagt til með 3. gr. að hún verði felld niður.

Um 4. gr.

Í þessari grein er texti núverandi 151. gr. laga um meðferð einkamála tekinn upp lítt breyttur og gert ráð fyrir að greinarnúmerið haldist óbreytt á þessu upphafsákvæði í kafla laganna um áfrýjun þar sem koma fram nokkrar almennar reglur um hverju verði áfrýjað í einkamáli og afsal á rétti til áfrýjunar.

Í þessu ákvæði frumvarpsins eru lagðar til fáeinar minni háttar orðalagsbreytingar frá núgildandi reglu sem fela þó ekki í sér merkingarmun. Að tvennu leyti eru þó einnig lagðar til efnislegar breytingar. Annars vegar er tekið upp nýtt ákvæði í 2. mgr. þar sem er mælt fyrir um hvernig verði staðið að áfrýjun í tilvikum þegar sakarefni í einkamáli er skipt skv. 31. gr. laganna og tveir eða fleiri dómar ganga í málinu, hver um afmarkaðan hluta þess.

Slík skipting á sakarefninu hefur verið fremur sjaldgæf í framkvæmd á síðari árum, en regla um áfrýjunarheimildir í þeim tilvikum getur þó haft raunhæft gildi. Til að koma í veg fyrir óvissu um þetta er ráðgert að í 2. mgr. verði tekið fram að áfrýja verði sjálfstætt hverjum dómi fyrir sig sem kann að ganga um afmarkaðan hluta máls undir þessum kringumstæðum, en með þessu eru tekin af tvímæli um að málinu yrði ekki áfrýjað í einu lagi þegar allir dómar hefðu gengið í því. Rétt er að benda á að önnur afbrigði eru ekki lögð til um áfrýjun í þessum tilvikum og mundu því gilda almennar reglur að öðru leyti, m.a. um áfrýjunarfrest. Taka má fram í þessu sambandi að sérstök regla var áður um þetta í 71. gr. laga nr. 85/1936 sem féllu niður við gildistöku laga um meðferð einkamála, og var hún nokkuð á annan veg en hér. Hins vegar er lagt til með 4. gr. frumvarpsins að núgildandi 4. mgr. 151. gr. laga um meðferð einkamála falli niður, en í henni er tekið fram að ekki þurfi að stefna héraðsdómara við áfrýjun máls nema krafa sé gerð á hendur honum um refsingu eða skaðabætur. Telja verður alveg ástæðulaust að taka fram með þessum hætti að ekki þurfi að stefna dómara við áfrýjun, en um tilvik, þar sem krafa er gerð á hendur héraðsdómara um refsingu eða skaðabætur, eru nú sérreglur í 8. gr. A laga nr. 92/1989 þar sem er meðal annars kveðið á um hvenær héraðsdómara verði stefnt fyrir Hæstarétt í þessu skyni. Af þessum ástæðum er litið svo á að þetta ákvæði þjóni engum tilgangi í núverandi mynd.

Um 5. gr.

Í 5. gr. eru tillögur um reglur varðandi skilyrði fyrir áfrýjun sem snúa að hagsmunum sem þurfa að vera í húfi í máli til að héraðsdómi í því verði áfrýjað án sérstaks leyfis. Í greininni eru einnig tillögur um reglur um veitingu áfrýjunarleyfis ef þeim skilyrðum er ekki fullnægt. Að mörgu leyti er þetta ákvæði sama efnis og núverandi 152. gr. laga um meðferð einkamála sem það á að leysa af hólmi, en um nokkur mikilvæg atriði eru þó lagðar til breytingar. Í almennum athugasemdum hér áður var fjallað sérstaklega um röksemdir að baki helstu breytingartillögunum í þessari grein, sem varða hækkun svokallaðrar áfrýjunarfjárhæðar skv. 1. mgr., nýmæli um skilyrði fyrir undanþágu frá henni með áfrýjunarleyfi skv. c-lið 4. mgr. og þann nýja tilgang meðferðar á umsókn um áfrýjunarleyfi skv. c-lið 4. mgr. að með henni yrði í reynd unnt í sumum tilvikum að ljúka endurskoðun héraðsdóms án áfrýjunarmeðferðar máls. Er því unnt að vísa til þeirrar umfjöllunar og láta ógert að huga frekar að þeim atriðum á þessum stað, en að öðru leyti eru fáein atriði í þessari grein sem er ástæða til að víkja að.

Í 1. mgr. er eins og áður var getið kveðið á um nýja áfrýjunarfjárhæð, en tekið er fram að henni skuli breytt við hver áramót miðað við breytingar sem hafa orðið á lánskjaravísitölu frá 1. júlí 1992 og auglýsi dómsmálaráðherra árlega fyrir 10. desember hver fjárhæðin verði á komandi ári. Reglan um uppfærslu áfrýjunarfjárhæðar vegna verðlagsbreytinga er sama efnis og núgildandi fyrirmæli í 1. mgr. 152. gr. laganna. Rétt er að taka fram að miðað er hér við að grunnvísitalan, sem framreikningur á áfrýjunarfjárhæðinni ætti að styðjast við, verði sú sem var í gildi þegar lögin um meðferð einkamála tóku gildi 1. júlí 1992, eða 3230 stig. Er þetta gert til að forðast að texti laganna verði óskýr eða tvíræður um þá grunnvísitölu sem er ætlast til að verði beitt ef frumvarpið nær fram að ganga, en í þeim efnum er haft í huga að ef mælt væri fyrir um að stuðst yrði við gildandi vísitölu þegar lögin öðluðust

gildi gæti orkað tvímælis hvort átt væri við grunnvísitöluna þegar upphaflegu lögin öðluðust gildi eða breytingalögin. Vekja verður athygli á að í septembermánuði 1993 er lánskjaravísitalan 3330 stig, eða 3,09% hærri en sú grunnvísitala sem yrði tekið mið af hér. Verður því að hafa í huga að áfrýjunarfjárhæðin, sem er lögð til í 1. mgr. 5. gr., hefur þegar hækkað sem þessu nemur.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um hvað verði miðað nákvæmlega við þegar metið er hvort skilyrðum 1. mgr. um áfrýjunarfjárhæð sé fullnægt hverju sinni, en aðalreglan í þessum efnum er sú að þetta ráðist af höfuðstól peningakröfunnar sem er höfð uppi í áfrýjunarstefnu. Sérreglur koma síðan fram til áréttingar um hvernig verði farið að ef tvær eða fleiri kröfur eru sóttar í einu lagi í máli, eins og er heimilt skv. 27. gr. laganna, eða gagnkrafa hefur verið höfð uppi til skuldajafnaðar skv. 28. gr. laganna. Reglurnar í 2. mgr. eru efnislega þær sömu og nú koma fram í 2. mgr. 152. gr. laganna, en eru þó orðaðar mun skýrar en áður.

Í 3. mgr. eru fyrirmæli um hvernig verði metið hvort hagsmunir nægi til áfrýjunar án leyfis ef mál er rekið um kröfu sem er um annað en peningagreiðslu, t.d. kröfu um afhendingu hlutar, riftun samnings eða viðurkenningu á réttindum. Í slíkum tilvikum er ráðgert að Hæstiréttur verði að meta hvort hagsmunirnir, sem eru í húfi, samsvari áfrýjunarfjárhæð skv. 1. mgr. greinarinnar. Er boðið að Hæstiréttur geti leitað umsagnar annarra málsaðila áður en ákvörðun yrði tekin um þetta.

Telji Hæstiréttur hagsmunina nægilega eftir þessum mælikvarða yrði áfrýjun heimil án sérstaks leyfis, en að öðrum kosti yrði áfrýjandi að sækjast eftir áfrýjunarleyfi samkvæmt reglum 4. mgr. greinarinnar. Þessar reglur í 3. mgr. eru meira eða minna sama efnis og núverandi 3. mgr. 152. gr. laganna. Sá munur er þó á að í núgildandi reglu er ráðgert að Hæstiréttur eigi alltaf að leita umsagnar annarra málsaðila áður en ákvörðun er tekin um heimild til áfrýjunar undir þessum kringumstæðum, meðan í reglu frumvarpsins er miðað við að Hæstiréttur geti leitað slíkrar umsagnar, en honum sé það ekki skylt. Tillaga er gerð um þessa breytingu til samræmis við framkvæmd, enda mun ekki tíðkast að leita í öllum tilvikum eftir umsögn, eins og núgildandi regla býður ef niðurstaða er augljós.

Um ákvæði 4. mgr., þar sem er fjallað um heimildir til að fá áfrýjunarleyfi til að víkja frá skilyrðum um áfrýjunarfjárhæð, hefur verið fjallað nægilega hér áður í almennum athugasemdum, en þess má geta að núgildandi reglur um hvenær áfrýjunarleyfi verður veitt eru í 2. mgr. 154. gr. laga um meðferð einkamála.

Um 6. gr.

Í 6. gr. eru reglur um áfrýjunarfrest og heimild til að víkja frá þeim með áfrýjunarleyfi, en í núgildandi lögum eru fyrirmæli um þessi atriði í 153. gr. og yrði því greinarnúmer að þessu leyti óbreytt ef frumvarpið nær fram að ganga. Með 6. gr. eru ekki gerðar tillögur um teljandi breytingar, en til nánari athugunar skal litið hér til hverrar málsgreinar um sig í samanburði við núgildandi reglur.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um almennan áfrýjunarfrest sem er þrír mánuðir frá uppkvaðningu héraðsdóms, en innan þess frests verður áfrýjandi með öðrum orðum að fá áfrýjunarstefnu gefna út, sbr. þó 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Þessi regla er óbreytt frá núgildandi 1. mgr. 153. gr. laganna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Hæstiréttur geti veitt leyfi til áfrýjunar ef ekki hefur verið áfrýjað innan almenna áfrýjunarfrestsins og umsókn um það berst á næstu þremur mánuðum eftir lok hans. Er áskilið að áfrýjandinn verði þá að réttlæta drátt á áfrýjun sérstaklega í umsókn um áfrýjunarleyfi og að einhverju einu eða fleiri af skilyrðunum þremur í 4. mgr. 5.

gr. frumvarpsins þurfi að vera fullnægt til að leyfið verði veitt. Með þessu eru lagðar til vissar breytingar frá núgildandi reglu um sama efni í 2. mgr. 153. gr. laganna. Í því sambandi verður í fyrsta lagi að vekja athygli á að í núgildandi reglu er heimilað að veita áfrýjunarleyfi í allt að níu mánuði frá lokum almenns áfrýjunarfrests eða með öðrum orðum þar til ár er liðið frá uppkvaðningu héraðsdóms. Þessi frestur er óþarflega langur, enda hefur þess gætt í framkvæmd að dregist hafi að taka ákvörðun um áfrýjun í lengri tíma í skjóli reglunnar þótt engar knýjandi ástæður hafi verið fyrir þeim töfum. Óvissan, sem reglan leiðir af sér um hvort dómi verði áfrýjað, veldur jafnframt óhagræði og tefur í allt of langan tíma fyrir að málsaðili geti treyst að hann megi haga gerðum sínum í samræmi við niðurstöðu héraðsdóms. Þess má geta að í samanburði við erlendar reglur í þessum efnum yrði frestur samkvæmt tillögunni í frumvarpinu enn með lengra móti. Í öðru lagi er ráðgert í frumvarpinu að umsækjandi um áfrýjunarleyfi verði að greina frá réttlætanlegum ástæðum fyrir drætti á áfrýjun ef unnt á að vera að taka málaleitan hans til greina. Um þetta eru ekki bein fyrirmæli í núgildandi reglu, en í framkvæmd mun allt að einu vera ætlast til að skýringar af þessum toga komi fram. Í þriðja lagi má benda á að samkvæmt núgildandi reglum verður áfrýjunarleyfi ekki veitt undir þessum kringumstæðum nema úrslit málsins séu annaðhvort mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði mikilvæga hagsmuni aðila, sbr. 2. mgr. 154. gr. laganna. Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins eru þessi skilyrði rýmkuð nokkuð því gert er ráð fyrir að sömu skilyrði gildi hér eins og um áfrýjunarleyfi til að víkja frá áskilnaði um áfrýjunarfjárhæð. Auk þeirra atriða, sem geta orðið forsenda fyrir áfrýjunarleyfi eftir núgildandi reglu, mundi þannig einnig vera unnt að veita þetta leyfi ef vænta mætti að niðurstöðu héraðsdóms yrði breytt svo einhverju nemi við áfrýjun, sbr. c-lið 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er rétt að taka fram að í frumvarpinu eru ekki tekin upp fyrirmæli, sem eru nú í síðari málslið 2. mgr. 153. gr. laganna, um að áfrýjandi verði að fá áfrýjunarstefnu gefna út innan fjögurra vikna frá því að áfrýjunarleyfi er veitt. Stafar þetta af því að í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að fullbúin áfrýjunarstefna verði hverju sinni að fylgja umsókn um áfrýjunarleyfi, en leyfið sem slíkt yrði í raun veitt með því að stefnan yrði gefin út af hæstaréttarritara á grundvelli ákvörðunar dómsins.

Í 3. mgr. eru fyrirmæli um frest til gagnáfrýjunar. Í núgildandi reglu 3. mgr. 153. gr. laganna um sama efni segir að gagnaðila áfrýjanda sé heimilt að gagnáfrýja þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn ef það gerist innan fjögurra vikna frá því áfrýjunarstefna er birt fyrir honum. Regla frumvarpsins um þetta er í meginatriðum sú sama. Í henni er þó vikið frá núgildandi reglu á þann hátt að í stað þess að binda frest til gagnáfrýjunar við fjórar vikur frá birtingu áfrýjunarstefnu er miðað við að stefndi geti gagnáfrýjað eins lengi og hann nýtur frests til að leggja fram greinargerð í málinu fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins væri sá frestur tvær til sex vikur og ekki unnt að lengja hann umfram þau mörk. Með þessu er hugsanlegt að frestur til gagnáfrýjunar geti orðið lítillega lengri en eftir núgildandi reglu, en þetta gæti varla valdið þyngslum, enda er þá miðað við að stefndi geti undirbúið málið fyrir sitt leyti í einu lagi með samningu greinargerðar sinnar og stefnu til gagnáfrýjunar í stað þess að greina þessi tvö atriði að.

Í 4. mgr. eru loks reglur um heimild til að áfrýja dómi á ný ef áfrýjun fellur niður eða máli er vísað frá Hæstarétti. Gert er ráð fyrir að þetta megi gera í eitt skipti án tillits til almennra reglna um áfrýjunarfrest ef skemmri tími en fjórar vikur líður frá fyrri málalokum þar til áfrýjunarstefna er gefin út á ný. Þessi regla er efnislega sú sama og núgildandi 4. mgr. 153. gr. laganna.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru reglur um umsókn um áfrýjunarleyfi, meðferð Hæstaréttar á henni og afgreiðslu hennar. Þessum reglum er ætlað að taka í einu lagi til beggja afbrigða áfrýjunarleyfis, eða nánar tiltekið leyfis til undanþágu frá skilyrðum um áfrýjunarfjárhæð og leyfis til að víkja frá almennum áfrýjunarfresti, en að því leyti svarar 7. gr. frumvarpsins til 154. gr. núgildandi laga sem er ráðgert að hún leysi af hólmi.

Reglur frumvarpsins um þetta eru mun ítarlegri en ákvæðin í núgildandi lögum. Þannig er í 1. mgr. 7. gr. kveðið nánar á um efni umsóknar um áfrýjunarleyfi en nú er gert í lögum, auk þess að nýmæli eru um að umsókninni verði að fylgja áfrýjunarstefna og endurrit af héraðsdómi. Eru þessi nýmæli lögð til svo að gleggri upplýsingar liggi fyrir um málið sem slíkt, markmið umsækjandans með áfrýjun og röksemdir hans fyrir kröfum þegar Hæstiréttur metur hvort leyfið verði veitt. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að Hæstiréttur geti gefið öðrum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn áður en ákvörðun verður tekin um hana, en í sambærilegri reglu í 1. mgr. 154. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir að slíkrar umsagnar sé alltaf leitað sem má telja óþarfa ef málalok þykja augljós. Í 3. mgr. eru nýmæli sem er ætlað að girða fyrir að málsaðili leiti oftar en einu sinni eftir áfrýjunarleyfi í sama máli ef fyrri umsókn hans um það hefur þegar verið hafnað. Sambærileg regla er ekki í núgildandi lögum, en hún er lögð til hér til að koma í veg fyrir endurtekna málaleitan og til að skapa um leið aðhald um að vandað verði til umsóknar um áfrýjunarleyfi í byrjun. Í 4. mgr. eru einnig nýmæli þar sem kemur fram að áfrýjunarleyfi verði í raun veitt með útgáfu áfrýjunarstefnunnar sem fylgdi umsókn um það og hún verði um leið árituð um leyfisveitinguna. Með þessu er leitast við að einfalda meðferð umsóknar og gert óþarft að gera sérstakt leyfisbréf þegar umsókn yrði tekin til greina. Tekið er fram í reglunni að Hæstiréttur yrði ekki krafinn um rökstuðning fyrir veitingu áfrýjunarleyfis, en regla gildir nú þótt þetta sé ekki tekið fram í lögum. Í 5. mgr. 7. gr. frumvarpsins er ráðgert að Hæstiréttur verði að tilkynna umsækjanda um áfrýjunarleyfi ef umsókn hans er hafnað og um leið verði látin uppi stuttorð skýring á ástæðum fyrir höfnuninni. Um þetta eru engin fyrirmæli í núgildandi lögum og hefur ekki tíðkast að rökstyðja sérstaklega ástæður fyrir synjun umsóknar. Breyting í þessum efnum er lögð hér til vegna þess aukna vægis sem meðferð umsóknar um áfrýjunarleyfi hefði til að ljúka máli endanlega, enda verður að telja eðlilegt að umsækjandi fái einhverjar skýringar ef mál væri leitt til lykta fyrir Hæstarétti með höfnun umsóknar. Leggja verður þó áherslu á að eftir orðalagi þessa ákvæðis yrði umfang rökstuðnings engan veginn sambærilegt því sem þarf að vera í dómi, heldur yrði aðeins greint frá meginástæðunum fyrir niðurstöðunni í mjög stuttu máli. Taka verður sérstaklega fram að ef dómarar við Hæstarétt, sem tækju þátt í slíkri afgreiðslu máls, væru ekki sammála um niðurstöðuna eða rökin fyrir henni væri ekki ætlast til að greint yrði frá því í svari til umsækjandans.

Um 8. gr.

Í 8. gr. eru gerðar tillögur um nýjar reglur um efni áfrýjunarstefnu, útgáfu hennar og birtingu. Er ráðgert að þessar reglur komi í stað núgildandi 155. gr. laga um meðferð einkamála og að greinarnúmer ákvæðisins verði þá óbreytt.

Eins og vikið var að hér áður í almennum athugasemdum miða tillögur í 1. mgr. 8. gr. að því að áfrýjunarstefna verði verulega ítarlegri en nú er boðið í 1. mgr. 155. gr. laganna. Ástæðurnar fyrir þessu hafa verið nefndar fyrr, en þær eru einkum að með þessu yrði lagður traustari grunnur að meðferð málsins fyrir Hæstarétti og báðum málsaðilum og dóminum yrði ljóst frá fyrstu stigum til hvers áfrýjað væri og um hvað deilan snúist. Misbrestur er

á þessu í framkvæmd eftir núgildandi reglum, en þetta hefur valdið erfiðleikum við undirbúning mála og skipulagningu á störfum dómsins. Með 1. mgr. 8. gr. er leitast við að færa reglur um efni áfrýjunarstefnu í það horf að þær svari eftir því sem er unnt til reglna um stefnu á héraðsdómsstigi í 1. mgr. 80. gr. laganna. Með samanburði á þessu ákvæði frumvarpsins við síðastnefnda reglu verða þessi tengsl auðséð, en af augljósum ástæðum getur þessi samsvörun þó ekki náð til allra atriða, enda er sá eðlismunur á þessum tvenns konar stefnum að fyrir héraðsdómi verður stefnandinn að greina ítarlega frá málinu sem er að koma fyrir dóm í fyrsta sinn, en við áfrýjun er unnt að byggja á því sem hefur þegar verið gert á lægra dómstigi og beina umfjöllun í stefnu fremur að því sem áfrýjandinn getur ekki samsinnt í héraðsdómi. Þessi eðlismunur setur öðru fremur mark sitt á ákvæðin í a-, d-, e- og h-liðum 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins sem eru með nokkuð öðrum hætti en reglur um sambærileg atriði í 80. gr. laganna. Um a-lið 1. mgr. 8. gr. er ástæðulaust að fjalla hér frekar, enda má telja ákvæðið skýra sig sjálft og ástæðurnar fyrir því ljósar. Hin ákvæðin þrjú, sem voru hér nefnd, þarfnast hins vegar frekari skýringa.

Í fyrsta lagi verður að vekja athygli á að í d-lið málsgreinarinnar er gert ráð fyrir að áfrýjandi verði að greina með miklu nákvæmari hætti frá kröfugerð sinni fyrir Hæstarétti en er áskilið í núgildandi reglum. Þannig er mælt þar fyrir um að áfrýjandinn verði að taka skýrlega fram við hvaða atriði hann uni í niðurstöðum héraðsdóms um kröfur sínar á þeim vettvangi, en greina verði nákvæmlega frá því til hvers sé áfrýjað og hverra breytinga sé krafist á niðurstöðum í héraði. Við fyrstu sýn getur virst eins og tillögur séu ekki gerðar hér um jafnmiklar breytingar og gefið hefur verið til kynna því í d-lið 1. mgr. 155. gr. núgildandi laga er ætlast til að í áfrýjunarstefnu verði greint frá því í hverju skyni sé áfrýjað og hverjar dómkröfur áfrýjandi geri. Framkvæmd eftir þessari eldri reglu hefur hins vegar verið losaraleg, enda er yfirleitt látið við það sitja að fullnægja áskilnaði þeirrar reglu með þeim orðum einum í áfrýjunarstefnu að krafist sé að allar kröfur áfrýjanda fyrir héraðsdómi, sem er þó ekki getið nánar um, verði teknar til greina, með eða án heimvísunar eða frávísunar máls. Er að vonum örðugt fyrir gagnaðila áfrýjanda og dómstólinn að ráða af slíku orðalagi að hverju kröfur áfrýjanda beinast eða aðfinnslur hans um niðurstöðu í héraðsdómi, en stundum kemur það ekki fram í gleggri mynd fyrr en við munnlegan flutning máls.

Í öðru lagi er stefnt að því með e-lið 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins að áfrýjunarstefna gefi skýrlega til kynna hvort og þá að hverju leyti áfrýjandinn uni við mat héraðsdómara á sönnunaratriðum í máli og röksemdir fyrir niðurstöðum í héraðsdómi. Þannig er ráðgert að áfrýjandinn verði að taka af skarið um hvort hann fallist á að atvik að baki máli, þar á meðal þau sem aðilarnir kunna að hafa deilt um hvort hafi gerst og sönnunargögn hafa verið færð fram um, séu með þeim hætti sem héraðsdómari hefur lagt til grundvallar. Að því leyti, sem áfrýjandinn samsinnir ekki því mati, yrði hann að taka fram hvað hann telji rétt. Að því leyti, sem áfrýjandinn væri ósammála niðurstöðum í héraðsdómi um málsástæður eða röksemdir, yrði hann jafnframt að greina frá því og tíunda röksemdir sínar, eftir atvikum á nýjan leik. Því verður ekki neitað að þessi regla mundi leggja öllu meiri vinnu á þann sem semur áfrýjunarstefnu, enda er ekki ætlast til að nein atriði af þessum toga komi þar til umfjöllunar eftir núgildandi reglum. Með þessu yrði á hinn bóginn stuðlað að því að mál yrðu betur

undirbúin fyrir Hæstarétti, enda yrði áfrýjandinn knúinn til að skipuleggja málatilbúnað sinn á markvissan hátt frá byrjun. Þetta mundi einnig auðvelda gagnaðila hans að undirbúa málið fyrir sitt leyti því hann gæti beint málatilbúnaði sínum gagngert að þeim atriðum sem væri ljóst að aðilarnir deili um. Síðast en ekki síst mundi þetta auðvelda störf Hæstaréttar því ágreiningsatriði máls yrðu afmörkuð skýrlega með áfrýjunarstefnu og greinargerð stefnda, og einnig yrði munnlegur málflutningur þá markvissari.

Í þriðja lagi má vekja athygli á því að skv. h-lið 1. mgr. 8. gr. yrði ekki tekið fram í áfrýjunarstefnu að gagnaðila áfrýjanda sé stefnt til að mæta á dómþingi Hæstaréttar á tilteknum tíma til að láta ljós hvort hann vilji halda þar uppi vörnum gegn kröfum áfrýjandans, líkt og nú er gert í áfrýjunarstefnu. Þess í stað eru þau nýmæli lögð til í þessu ákvæði að í áfrýjunarstefnu verði greint frá því að stefndi eigi kost á að tilkynna Hæstarétti bréflega innan tiltekins tíma ef hann vill halda uppi vörnum, en við útgáfu stefnunnar er hæstaréttarritara ætlað að ákveða frest stefnda í þessu skyni með því að færa dagsetningu þegar fresti lýkur inn í texta stefnunnar sem væri að öðru leyti fullbúinn. Í ljósi fyrirmæla í i-lið 1. mgr. 8. gr. yrði að taka fram í stefnunni að ef slík tilkynning berst ekki frá stefnda innan frestsins verði litið svo á að hann krefjist staðfestingar héraðsdóms, sbr. 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Þessi atriði tengjast því að í ákvæðum frumvarpsins er miðað við að þingfesting máls fari ekki fram á dómþingi, heldur með afhendingu áfrýjanda á tilteknum gögnum, sbr. 9. gr., og mál verði yfirleitt ekki tekið fyrir að öðru leyti á dómþingi fyrr en munnlegur málflutningur fer fram. Um þetta var fjallað hér fyrr í almennum athugasemdum sem má vísa til að öðru leyti.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. yrði ætlast til að áfrýjandi afhendi hæstaréttarritara áfrýjunarstefnu í tilteknum fjölda eintaka þegar hann legði hana fyrir til útgáfu, en um þetta er ekki mælt í núgildandi lögum. Í ákvæðinu er tekið mið af þörfum Hæstaréttar í þessum efnum, en að öðru leyti yrði áfrýjandi að hafa undir höndum nægilega mörg eintök af stefnunni fyrir eigin þarfir og gagnaðila sinna sem afstaða er ekki tekin til í þessari reglu.

Í 3. mgr. 8. gr. er kveðið á um heimild hæstaréttarritara til að synja um útgáfu áfrýjunarstefnu vegna annmarka á henni, en um þá synjun gæti áfrýjandi krafist ákvörðunar Hæstaréttar. Standi þannig á að almennur áfrýjunarfrestur sé að renna út er gert ráð fyrir að afhending stefnu, sem hefur þó ekki fengist gefin út, geti rofið frestinn og áfrýjandi fái tækifæri í allt að viku til að ráða bót á annmörkunum og leggja stefnu fyrir á ný án þess að þurfa að afla áfrýjunarleyfis. Sambærilegar reglur eru ekki í núgildandi lögum, en með þeim yrði stuðlað að því að unnt væri að beina máli inn á réttan farveg á fyrstu stigum í stað þess að gallar á áfrýjunarstefnu komi fyrst til athugunar síðar undir rekstri máls.

Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins kæmi í hlut hæstaréttarritara að gefa út áfrýjunarstefnu, en sama regla gildir nú skv. 4. mgr. 155. gr. laga um meðferð einkamála.

Í 5. mgr. 155. gr. núgildandi laga er mælt fyrir um að almennar reglur XIII. kafla laganna gildi um birtingu áfrýjunarstefnu og stefnufrest. Gengið er út frá sömu reglu varðandi birtingu áfrýjunarstefnu í 5. mgr. 8. gr. frumvarpsins, en um stefnufrest eru lagðar til breytingar. Tilvísunin í núgildandi ákvæði til XIII. kafla laganna veldur því að stefnufrestur er breytilegur, eða frá þremur sólarhringum upp í einn mánuð, sbr. 91. gr. þeirra, en lengd frestsins ræðst hverju sinni öðru fremur af búsetustað eða aðsetri stefnda. Í 5. mgr. 8. gr. er lagt til að þessi frestur verði alltaf sá sami, eða ein vika, en sá tími yrði þá að lágmarki að líða frá því stefna væri birt og þar til fresti handa stefnda til að tilkynna Hæstarétti um að hann hyggist halda þar uppi vörnum væri lokið. Í þeim efnum verður að telja að þriggja sólarhringa frestur yrði í skemmra lagi, en mánuði væri hins vegar ofaukið. Benda má á að

stefnufrestur er lágmarksfrestur sem verður að birta stefnu með, en birting getur að sjálfsögðu átt sér stað með rýmri fyrirvara og er það algengt í framkvæmd.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru lagðar til reglur um þingfestingu máls fyrir Hæstarétti eftir birtingu áfrýjunarstefnu og þau gögn sem yrði ætlast til að áfrýjandi afhenti á því stigi. Verður þetta 156. gr. laganna ef frumvarpið nær fram að ganga.

Í 1. mgr. eru nýmæli um hvernig mál yrði þingfest sem hefur verið vikið að hér áður í öðru samhengi. Miðað er við að þingfesting eigi sér stað með þeim einfalda hætti að áfrýjandi afhendi á skrifstofu Hæstaréttar áfrýjunarstefnu, með sönnun fyrir að hún hafi verið birt eftir reglum XIII. kafla laganna, og málsgögn sem hann byggir á þar fyrir dómi. Áfrýjandi yrði þó að gera þetta innan afmarkaðs tíma. Eins og minnst var á hér áður í athugasemdum við 1. mgr. 8. gr. er gengið út frá því að við útgáfu áfrýjunarstefnu ætti hæstaréttarritari að ákveða tiltekinn dag þegar fresti lýkur fyrir stefnda til að tilkynna dóminum um hvort hann ætli að halda þar uppi vörnum. Eftir lokamálsgrein 8. gr. yrði að birta áfrýjunarstefnu fyrir stefnda að minnsta kosti viku áður en þeim fresti lýkur. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. ræður þessi dagsetning því til viðbótar hvenær áfrýjandi verði í síðasta lagi að gefa sig fram á skrifstofu Hæstaréttar til að þingfesta mál. Áfrýjandi hefði með öðrum orðum svigrúm til að þingfesta mál hvenær sem er á því tímabili sem mundi líða frá birtingu stefnu fram að lokum umræddrs frests, en það stæði yfir í að minnsta kosti eina viku. Áfrýjandi gæti þingfest málið án tillits til þess hvort stefndi hafi áður komið á framfæri áðurnefndri tilkynningu af sinni hálfu. Þessum reglum er ætlað að koma í stað reglna um þingfestingu einkamála fyrir Hæstarétti sem eru nú í 39. gr. laga nr. 75/1973. Áður hefur verið greint frá ástæðunum fyrir því að lagt sé til að hætt verði að þingfesta mál á dómþingi sem aðilarnir verða að sækja í því skyni á tilteknum tíma og skal vísað til þess hér.

Að öðru leyti snúa ákvæði 9. gr. að því hvernig gögn yrðu afhent eða bærust Hæstarétti á fyrstu stigum máls við þingfestingu eða í kjölfarið á henni. Hér á undan hefur verið lýst aðeins hvernig staðið er að þessu eftir núgildandi reglum, en í stuttu máli er ferillinn sá að fyrst í stað verður áfrýjandi að afla dómsgerða í málinu hjá viðkomandi héraðsdómstóli um sömu mundir og hann áfrýjar. Við þingfestingu máls leggur hann eingöngu fram áfrýjunarstefnu, sbr. 39. gr. laga nr. 75/1973, en fær þá frest í allt að fjóra mánuði til að gera ágrip úr dómsgerðunum sem á að gerast í samráði við gagnaðila, sbr. 41. og 42. gr. laganna. Ef þörf krefur verður sá frestur framlengdur, en þegar gerð ágrips hefur verið lokið er það afhent á skrifstofu Hæstaréttar ásamt skriflegri greinargerð áfrýjanda, sbr. 42. og 44. gr. laganna. Að öðru jöfnu tekur þetta til samans um sex mánuði frá þingfestingu máls fyrir Hæstarétti, en stundum skemmri tíma og stundum lengri. Um ókosti þessara aðferða við frágang gagna í hendur Hæstarétti hefur áður verið fjallað hér. Með 9. gr. frumvarpsins eru ráðgerðar verulegar breytingar á þessu því með 2. mgr. greinarinnar er stefnt að því að Hæstiréttur kalli sjálfur eftir dómsgerðum frá héraðsdómstólnum í kjölfarið á þingfestingu máls og skv. 3. mgr. ætti Hæstiréttur að setja reglur um frágang dómsgerða sem mætti vænta að yrðu til að einfalda það verk og flýta því. Í 1. mgr. 9. gr. er gengið út frá að málsaðilar geri ekki lengur ágrip til að styðjast við í rekstri máls fyrir Hæstarétti, heldur leggi þeir hvor um sig til málsgögn sem svo eru nefnd í ákvæðinu. Í frumvarpinu er ekki mælt fyrir um hvernig þessi málsgögn yrðu úr garði gerð, heldur ætti Hæstiréttur að setja reglur um það, sbr. 3. mgr. 9. gr. Ætlast er þó til að áfrýjandi taki saman þau skjöl sem eintök voru lögð fram af við meðferð máls í héraði og endurrit úr þingbók héraðsdómstólsins sem hann

telur hafa gildi við meðferð málsins fyrir Hæstarétti í ljósi þeirra krafna og röksemda sem hann hefur þar uppi. Þessi skjöl hefði áfrýjandinn yfirleitt undir höndum í ljósriti en gæti að öðrum kosti fengið eintök af þeim hjá héraðsdómstólnum. Þessi gögn, svo og ný gögn ef því væri að skipta, þyrfti áfrýjandinn að fjölfalda í nægilegum fjölda eintaka, raða þeim upp og hefta saman með efnisyfirliti, en þetta væru þá málsgögnin sem honum væri ætlað að afhenda við þingfestingu máls skv. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Málsgögn í þeim búningi, sem hér var lýst, yrði að búa til með nægilegum fyrirvara til að hægt yrði að afhenda þau við þingfestingu málsins, enda er ekki ráðgert í 9. gr. að áfrýjandi gæti fengið frest til að skila þeim. Þetta mundi yfirleitt kosta að áfrýjandinn yrði að hefja undirbúning að gerð málsgagna um líkt leyti og áfrýjunarstefna yrði samin eða jafnvel fyrir þann tíma. Í því sambandi má benda á að skv. g-lið 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins þyrfti hvort sem er að gera grein fyrir þeim skjölum, sem áfrýjandinn hyggst setja í málsgögn sín, í áfrýjunarstefnu. Yrði hann því að hafa gert upp hug sinn í þessum efnum áður en lokið væri við að semja áfrýjunarstefnu og stæði þá aðeins eftir að fjölfalda þessi gögn og búa endanlega um þau til afhendingar.

Þessar reglur mundu valda að málatími fyrir Hæstarétti gæti styst sem næmi mörgum mánuðum frá því sem nú er. Að auki má benda á að ef frumvarpið yrði að lögum mundi áfrýjandi spara útgjöld af því að afla dómsgerða, og einnig má ætla að frágangur málsgagna í þeirri mynd, sem hér var lýst, yrði ódýrari en gerð ágrips eftir núgildandi reglum.

Um 10. gr.

Með 10. gr. er lagt til að nýtt ákvæði komi í 157. gr. laganna. Í 1. mgr. 10. gr. koma fram reglur um afleiðingarnar af því að áfrýjandi þingfesti ekki mál innan þess frests sem hann nyti skv. 9. gr. frumvarpsins eða afhenti ekki málsgögn við það tækifæri. Samkvæmt ákvæðinu hefði þetta í för með sér að ekki yrði frekar af málinu, en sama regla gildir nú samkvæmt 39. gr. laga nr. 75/1973 um tilvik þar sem áfrýjandi sækir ekki dómþing til að þingfesta mál sitt.

Samkvæmt 2. mgr. yrði mál fellt niður ef áfrýjandi vanrækti að sækja þinghald þar sem það yrði tekið fyrir eftir þingfestingu, og er þetta sama regla og gildir nú samkvæmt fyrrnefndri 39. gr. laga nr. 75/1973. Með sama hætti og hingað til mætti gera áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað við þessar aðstæður, en í 2. mgr. 10. gr. er þó tekið fram að þetta sé háð því að stefndi hafi skilað greinargerð fyrir sitt leyti. Eins og áður var getið er stefnt að því með frumvarpinu að þinghöld til fyrirtöku á málum verði yfirleitt ekki háð nema til munnlegs málflutnings, en eftir atvikum gæti þó einnig komið til þess að mál yrði tekið sérstaklega fyrir áður en komið væri að málflutningi vegna atriða sem varða rekstur þess, sbr. 3. mgr. 13. gr. Yrðu tilefni til að máli lyki á þennan veg því ekki mörg eftir reglum frumvarpsins.

Rétt er að vekja athygli á að ef máli lyki með niðurfellingu eftir reglum 10. gr. ætti áfrýjandi kost á að áfrýja málinu í eitt skipti enn skv. 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í þessari grein frumvarpsins, sem er lagt til að verði 158. gr. laganna, koma fram reglur um framvindu máls eftir þingfestingu þess, en þær snúa nánar tiltekið að atriðum sem varða afstöðu stefnda til máls og viðbrögð hans við áfrýjunarstefnu.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. yrði stefndi sem áður segir að tilkynna Hæstarétti bréflega ef hann hefði hug á að taka til varna gegn kröfum áfrýjanda í máli. Slík tilkynning yrði að berast á skrifstofu Hæstaréttar innan frests sem var ákveðinn í þessu skyni við útgáfu áfrýjunarstefnu, og væri það eitt því ekki nægilegt að tilkynningin yrði send innan frestsins. Eftir þingfestingu máls eftir reglum 9. gr. frumvarpsins og að fram kominni tilkynningu stefnda er ætlast til að hæstaréttarritari ákveði frest handa stefnda til að skila greinargerð um varnir sínar og yrði sá frestur frá tveimur upp í sex vikur sem má ætla að réðist öðru fremur af umfangi máls. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. yrði hæstaréttarritari að tilkynna stefnda eða lögmanni hans um þennan frest og senda honum um leið eintak af málsgögnum áfrýjanda, en áfrýjanda yrði jafnframt tilkynnt um lengd frestsins. Tilkynningar af þessum toga yrði að senda með sannanlegum hætti, sbr. 92. gr. laga um meðferð einkamála, og væri dóminum lagt á vald hvernig það yrði gert hverju sinni, til dæmis með símbréfi eða póstsendri tilkynningu, en taka má fram að það sama mundi gilda um aðrar tilkynningar sem þyrfti að beina til aðilanna eða lögmanna þeirra samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þessum reglum í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er ætlað að leiða til talsverðra breytinga frá núgildandi lögum, enda er máli nú frestað við þingfestingu fyrir aðilana sameiginlega til að þeir geti gert ágrip dómsgerða og skriflegar greinargerðir og aflað frekari gagna, sbr. 41. gr. laga nr. 75/1973. Sá frestur er sem áður segir að öðru jöfnu fjórir mánuðir og er þannig stefnt að verulegri styttingu á þeim biðtíma með frumvarpinu.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. ætti stefndi ekki rétt til lengri frests en áður var getið þótt hann hefði hug á að gagnáfrýja dómi. Eins og var nefnt í athugasemdum við 3. mgr. 6. gr. hefði stefndi ráðrúm til að gagnáfrýja dómi meðan hann nyti enn frests til að skila greinargerð í málinu og færi því fresturinn saman í öllu tilliti til þessara þarfa. Sama regla og hér um ræðir gildir nú samkvæmt síðari málslið 41. gr. laga nr. 75/1973.

Í 1. og 2. mgr. 11. gr. er ekki minnst sérstaklega á hvernig færi um frekari meðferð máls ef stefndi léti verða af því að gagnáfrýja dómi. Í því sambandi verður að hafa í huga að gagnáfrýjun er í raun sjálfstætt málskot á fyrstu stigum og yrði því stefndi að fá áfrýjunarstefnu gefna út í þessu skyni með sama hætti og er lýst í 1.–3. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Stefnu til gagnáfrýjunar yrði að birta eftir fyrirmælum 4. mgr. sömu greinar og yrði aðaláfrýjanda settur frestur til að tilkynna hvort hann tæki til varna í gagnsök. Stefndi, sem nú væri orðinn gagnáfrýjandi, þyrfti að þingfesta gagnsökina eftir reglum 9. gr. frumvarpsins og gæti aðaláfrýjandanum síðan verið veittur frestur til að skila greinargerð skv. 1. mgr. 11. gr. í gagnsök. Þótt það sé þannig ekki tekið sérstaklega fram í reglum frumvarpsins yrði ferill gagnáfrýjunar í raun sá sami og við upphaflega áfrýjun þar til komið væri á síðari stig málsmeðferðar og áfrýjanirnar rynnu meira eða minna saman í einu máli.

Í 3. mgr. 11. gr. koma fram reglur um afdrif máls ef stefndi tilkynnir ekki Hæstarétti um að hann vilji halda þar uppi vörnum gegn kröfu áfrýjanda eða hann skilar ekki greinargerð innan frests sem honum hefur verið veittur til þess í kjölfarið á slíkri tilkynningu. Er kveðið á um að litið verði svo á að stefndi krefjist þá staðfestingar héraðsdóms. Um þetta eru ekki bein fyrirmæli í núgildandi lögum, en allt að einu hefur verið byggt á hliðstæðri reglu í framkvæmd. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að mál verði tekið til dóms eins og það lá fyrir við þingfestingu, nema áfrýjandi hafi tekið fram í áfrýjunarstefnu að hann ætti enn eftir að afla frekari gagna, sbr. g-lið 1. mgr. 8. gr., sem honum yrði þá veittur skammur frestur til að ljúka. Úr málinu yrði síðan leyst á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Með þessum reglum er ekki stefnt að breytingum frá því sem nú gildir því að nokkru eru sambærileg ákvæði í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 um tilvik þar sem stefndi sækir ekki dómþing við þingfest-

ingu máls, en að öðru leyti er framkvæmd í þeim tilvikum á sama veg og er lýst beinlínis í 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. 11. gr. eru síðan fyrirmæli um afleiðingar af því að dómþing sé ekki sótt af hálfu stefnda þegar mál yrði tekið fyrir eftir að greinargerð væri komin fram af hans hálfu. Er þá ráðgert að málið yrði dómtekið að því undangengnu að áfrýjanda væri gefinn kostur á fresti til að ljúka gagnaöflun og leggja fyrir skrifleg svör sín við greinargerð stefnda, en málið yrði síðan dæmt á grundvelli framkominna gagna. Þessi regla svarar efnislega til ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 og framkvæmdar samkvæmt þeim.

Samkvæmt 5. mgr. 11. gr. frumvarpsins væri ekki með öllu útilokað að stefndi gæti tekið til varna þótt hann hefði ekki skilað greinargerð í máli eða tilkynnt að hann óskaði eftir að gera það því Hæstarétti væri heimilað að gefa honum kost á því á síðari stigum eftir nánari reglum í ákvæðinu. Með sambærilegum hætti væri unnt að gefa stefnda kost á að taka aftur upp varnir ef þingsókn hefði fallið niður af hans hálfu eftir að greinargerð hans var komin fram í máli. Ætlast er til að þessum heimildum yrði aðeins beitt í undantekningartilvikum, enda hefur sambærileg regla, sem er nú í 2. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973, sjaldan verið notuð í framkvæmd.

Um 12. gr.

Í 12. gr. eru fyrirmæli um greinargerð stefnda sem varða efni og afhendingu hennar, svo og um málsgögn af hans hálfu, en miðað er við að þetta verði 159. gr. laganna ef frumvarpið nær fram að ganga.

Í 1. mgr. er kveðið á um hvað sé ætlast til að komi fram í greinargerð stefnda og er í öllum meginatriðum gengið út frá að hún svari að breyttu breytanda til umfjöllunar af hálfu áfrýjanda í áfrýjunarstefnu. Er því unnt að vísa hér um einstaka atriði til athugasemda við 1. mgr. 8. gr. þar sem var fjallað um ýmis efnisatriði sem er ráðgert að komi fram í stefnunni. Að öðru leyti verður að benda á að með 1. mgr. 12. gr. er stefnt að því að greinargerð stefnda um varnir hans verði ítarlegri en sams konar skjal á að vera skv. 44. gr. laga nr. 75/1973. Er þetta lagt til af sömu ástæðum og áður var getið í sambandi við ráðagerðir í frumvarpinu um aukið efni áfrýjunarstefnu í samanburði við núgildandi lög.

Samkvæmt 2. og 3. mgr. 12. gr. yrði stefndi að afhenda málsgögn af sinni hálfu á sama tíma og hann afhendir greinargerð á skrifstofu Hæstaréttar ef hann telur ástæðu til að leggja fram frekari gögn á því stigi en hafa þegar komið fram af hálfu áfrýjanda. Um málsgögn stefnda gildir meira eða minna það sama og áður var sagt í sambandi við ákvæði 9. gr. frumvarpsins. Taka má þó fram að ætlunin með því að stefnda sé gefinn kostur á að skila sérstökum málsgögnum er að tryggja að hann geti komið á framfæri gögnum sem hann telur skipta máli en áfrýjandi hefur ekki tekið með í málsgögnum sem hann afhenti við þingfestingu máls. Er því aðeins ráðgert að stefndi bæti á þennan hátt við gögnum sem hann telur nauðsynleg, en alls ekki að hann leggi fram gögn sem væru áður komin fram frá áfrýjanda.

Um 13. gr.

Í þessari grein, sem yrði 160. gr. laganna, eru gerðar tillögur um reglur varðandi meðferð máls frá því Hæstarétti bærist greinargerð stefnda og þar til komið væri að munnlegum flutningi þess. Í lögum nr. 75/1973 eru aðeins óveruleg fyrirmæli um atriði í þessu sambandi.

Samkvæmt 1. mgr. er ætlast til að Hæstiréttur tilkynni áfrýjanda þegar greinargerð og málsgögn berast frá stefnda og sendi honum eintak af þeim. Um leið mundi hefjast sameiginlegur frestur handa aðilunum til að ljúka gagnaöflun ef þeir hafa þá ekki báðir eða allir áður lýst yfir að henni væri lokið af sinni hendi. Yrði sá frestur ákveðinn af Hæstarétti og yfirleitt ekki lengri en einn mánuður, en frá lengd frestsins yrði væntanlega greint í tilkynningum til aðilanna. Gert er ráð fyrir að aðilarnir afhendi síðan hvor fyrir sig viðbótargögn á skrifstofu Hæstaréttar og búi um þau eins og upphafleg málsgögn sín. Hvort sem frekari gögn kæmu fram innan frestsins eða ekki yrði gagnaöflun talið lokið þegar hann væri liðinn, en tekið er þó fram í 1. mgr. 13. gr. að Hæstiréttur gæti fallist á skriflega ósk aðila um lengri frest til þessara þarfa. Við lok gagnaöflunar yrði aðilum tilkynnt um gögn, sem hefðu borist frá gagnaðila, og sent eintak af þeim. Eftir þetta væri ekki unnt að koma að frekari gögnum fyrir Hæstarétti nema hann beindi því til aðila að þeim væri það heimilt.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að aðilar tilkynni Hæstarétti þegar eftir lok gagnaöflunar hvað þeir telji, hvor eða hver fyrir sitt leyti, að þeir þurfi langan tíma til að flytja mál munnlega. Í 5. tölul. 44. gr. laga nr. 75/1973 er mælt fyrir um að sams konar upplýsingar þurfi að koma fram frá aðilum, en ætlast er þó til að þær séu veittar í greinargerðum þeirra. Með frumvarpinu er þannig stefnt að því að þetta gerist á síðari stigum málsmeðferðar en hefur verið. Þessi tillaga er byggð á því að óttast má að aðilarnir séu ekki færir um að gera raunhæfa áætlun í þessum efnum á fyrstu stigum máls meðan ekki liggur fyrir um hvað ágreiningur í því snýst nákvæmlega. Ættu þeir að vera betur settir til að áætla lengd málflutnings síns eftir að hafa getað kynnt sér málatilbúnað hvors annars. Í sambandi við 2. mgr. 13. gr. er að öðru leyti rétt að benda á að ef aðili veitti ekki þessar upplýsingar mætti vænta að Hæstiréttur tæki ákvörðun án þeirra um þann tíma, sem aðilinn hefði til að flytja málflutningsræðu, á grundvelli 5. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 13. gr. kemur fram að Hæstiréttur geti kvatt aðilanna á dómþing til að taka mál þeirra fyrir áður en komið verði að málflutningi til að taka afstöðu til atriða varðandi rekstur þess. Ætla má að sjaldan yrði þörf á slíkri aðgerð, en til hennar gæti þó komið varðandi til dæmis álitaefni um gagnaöflun í máli.

Um 14. gr.

Í þessari grein frumvarpsins, sem yrði 161. laganna, eru gerðar tillögur um atriði sem varða aðdragandann að flutningi máls fyrir Hæstarétti.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að Hæstiréttur ákveði þegar gagnaöflun hefur verið lokið í máli, sem vörnum er haldið uppi í, hvenær það verði flutt og tilkynni það aðilum með hæfilegum fyrirvara. Þetta ákvæði svarar efnislega til 1. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973. Vekja má athygli á að því að í tilkynningu til aðila um dómþing til málflutnings gætu um leið komið fram boð til þeirra um atriði sem er fjallað um í 4. og 5. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 14. gr. er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að mál verði flutt sérstaklega um formhlið áður en efnisatriði þess koma til frekari umfjöllunar, en slíkur málflutningur gæti einkum varðað kröfu sem væri gerð um frávísun máls frá Hæstarétti eða héraðsdómi eða um ómerkingu héraðsdóms. Í ákvæðinu er þó miðað við að Hæstiréttur gæti einnig ákveðið að mál verði flutt um formhlið og efni í einu lagi, sem gæti átt við þegar þessi atriði málsins tengjast mjög innbyrðis, eða að leyst verði úr atriðum varðandi formhlið þess án sérstaks málflutnings, en áður yrðu þó aðilar að hafa átt kost á að tjá sig. Að öðru leyti en þessu síðastnefnda svara þessar reglur efnislega til ákvæða 48. gr. laga nr. 75/1973. Nýmælin um

heimild til að leysa úr um formsatriði án sérstaks málflutnings eru lögð hér til af tilliti til tilvika þar sem aðilar teldu sig til dæmis hafa tjáð sig til fullnaðar um viðkomandi atriði í skriflegum málatilbúnaði.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. yrði aðalreglan eins og hingað til að mál verði munnlega flutt fyrir Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973. Í því ákvæði núgildandi laga er þó einnig heimilað að Hæstiréttur ákveði að mál verði skriflega flutt og er sú regla tekin upp í 3. mgr. 14. gr. með þeirri viðbót að sérstakar ástæður þurfi að mæla með því. Þau nýmæli eru síðan lögð til í niðurlagi málsgreinarinnar að Hæstiréttur geti að auki ákveðið að mál verði dómtekið án sérstaks málflutnings ef samhljóða óskir koma fram um það frá aðilunum. Þessi regla á sér fyrirmynd í 1. mgr. 101. gr. laga um meðferð einkamála þar sem héraðsdómara er heimilað að fara þessa leið á lægra dómstigi. Ætla má að lítið mundi reyna á þessa heimild, en ástæða gæti þó verið til að beita henni ef deila aðilanna varðar til dæmis afmarkað álitaefni um skýringu lagaákvæðis og þeir telja fyrirliggjandi gögn og skriflegan málatilbúnað sinn varpa nægu ljósi á það.

Í 4. mgr. 14. gr. er gerð tillaga um reglu sem á sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, en áður var vikið að henni í almennum athugasemdum sem má vísa til hér.

Samkvæmt 5. mgr. 14. gr. er ráðgert að Hæstarétti verði heimilað að takmarka þann tíma sem aðilarnir fengju til umráða við munnlegan flutning máls, en í niðurlagi málsgreinarinnar er tekið fram að gera yrði aðilunum viðvart um þetta í tilkynningunni til þeirra þar sem væri boðað til þinghalds til að flytja málið. Þessi regla á sér ekki hliðstæðu í núgildandi reglum um málflutning fyrir Hæstarétti, en fyrir héraðsdómi er unnt fara þessa leið á grundvelli niðurlagsorða 1. mgr. 102. gr. laga um meðferð einkamála. Rökin fyrir þessum nýmælum eru öðru fremur þau að eftir reglum frumvarpsins ættu aðilar kost á að leggja vandaðan grundvöll að máli í áfrýjunarstefnu og greinargerð og að öðru jöfnu yrði ætlast til að þeir létu í té yfirlit um röksemdir sínar og tilvísanir áður en mál yrði flutt, sbr. 4. mgr. 14. gr. Væri því yfirleitt búið að einangra deiluatriði í máli og skýra þau talsvert í skriflegum gögnum. Með sæmilega vönduðum undirbúningi fyrir málflutning ætti jafnframt að vera unnt að greina frá því sem nauðsyn krefur á hóflegum tíma og væri ástæðulaust að orðlengja þar um atriði sem væru nægilega skýrð í fyrirliggjandi gögnum. Ætla má að Hæstiréttur tæki að öðru jöfnu tillit til þeirra óska sem aðilar settu fram um tíma til málflutnings í tilkynningu skv. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Tillaga um nýmælin í 5. mgr. 14. gr. er því einkum gerð til að tryggja að unnt yrði að bregðast á þennan hátt við óskum frá aðila um óhæfilega langan tíma til málflutnings miðað við umfang máls, svo og til aðhalds að öðru leyti varðandi slíkar óskir.

Um 15. gr.

Í 15. gr. eru tillögur um reglur varðandi framkvæmd munnlegs málflutnings fyrir Hæstarétti og yrði þetta 162. gr. laganna ef frumvarpið nær fram að ganga.

Í 1. mgr. er lýst upphafinu á þinghaldi þar sem mál yrði flutt munnlega, en þar er ætlast til að í byrjun verði gerð grein fyrir dómsorði áfrýjaða héraðsdómsins og áfrýjunarstefnu eftir því sem dómaranum í forsæti þætti þörf á til skýringar á málflutningi. Með þessu yrði lagt á vald dómsins að ákveða hverju sinni hvort slíks upplestrar væri þörf og er að þessu leyti lögð til breyting frá 1. mgr. 49. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt niðurlagsorðum 1. mgr. hæfist málflutningur að loknum upplestri úr dómsorði og áfrýjunarstefnu og er kveðið á um það í 2. mgr. í hverri röð aðilar eða umboðsmenn þeirra fengju að taka til máls. Líkt og í 49. gr. laga nr. 75/1973 er gert ráð fyrir að fyrst yrði talað af hálfu áfrýjanda og svo af hálfu stefnda, nema önnur röð hafi áður verið ákveðin og aðilum tilkynnt um það. Að því gerðu yrði gefinn kostur á stuttum tilsvörum af hálfu hvors um sig.

Í 3. mgr. 15. gr. kemur fram um hvað eigi að fjalla í munnlegum málflutningi, en þar er getið kröfugerðar aðila, lýsingar á ágreiningsatriðum máls, málsástæðna og annarra röksemda. Er síðan tekið fram að forðast eigi málalengingar og beina málflutningi að ágreiningsatriðum og nauðsynlegum upplýsingum um þau. Þessar reglur fela í sér tillögur um vissar breytingar frá núgildandi reglum um málflutning í 1. mgr. 49. gr. laga nr. 75/1973 því þar er ætlast til að munnlegur málflutningur felist að verulegu leyti í upplestri úr skjölum í ágripi dómsgerða. Þessa breytingu verður að telja eðlilega, enda yrði þá lesið upp úr skjölum með því markmiði sem er lýst í þessu ákvæði frumvarpsins, að því óverulega leyti sem það gæti þjónað tilgangi.

Í 4. mgr. 15. gr. eru reglur um stjórn þess dómara, sem situr í forsæti hverju sinni, á þinghaldi og flutningi máls. Þessar reglur eiga sér að nokkru hliðstæðu í 50. gr. laga nr. 75/1973 en eru þó öllu ítarlegri um heimildir forsetans í þessum efnum.

Ákvæði 5. mgr. 15. gr. um dómtöku máls við lok munnlegs flutnings þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Í 16. gr., sem yrði 163. gr. laganna, eru fyrirmæli um á hverju dómar Hæstaréttar verði byggðir. Þannig er í 1. mgr. tekið fram að dómur verði byggður á því sem hefur komið fram í máli og er sannað eða viðurkennt, en að öðru leyti er vísað þar til 111. gr. laganna þar sem koma fram grundvallarreglur um að ekki verði vikið frá kröfum eða málsástæðum aðilanna við úrlausn máls nema í undantekningartilvikum. Að nokkru kemur sambærileg regla nú fram í 56. gr. laga nr. 75/1973.

Í 2. mgr. 16. gr. eru tekin upp óbreytt ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 varðandi heimildir til að byggja úrlausn máls í Hæstarétti á kröfu eða málsástæðu sem aðili hefur ekki haft uppi fyrir héraðsdómi. Er miðað við að heimildir í þessum efnum yrðu mjög þröngar, líkt og hefur verið ætlast til með orðalagi núgildandi reglu.

Um 17. gr.

Í þessari grein, sem yrði 164. gr. laganna, eru ákvæði um form úrlausna Hæstaréttar og efni þeirra sem eiga sér ekki teljandi hliðstæður í núgildandi lögum.

Í 1. og 2. mgr. 17. gr. eru tillögur um reglur um tegundir úrlausna Hæstaréttar í einkamálum og hvenær þær geti átt við. Þannig kemur fram í 1. mgr. að afstaða yrði tekin til atriða, sem þarf að ráða til lykta undir rekstri máls, með ákvörðun dómsins sem yrði ekki rökstudd en yrði færð til bókar eftir þörfum. Ætlast er til að þessi sama aðferð verði notuð hvort sem ágreiningur stæði milli aðilanna um viðkomandi atriði eða ekki. Með þessu er gert ráð fyrir breytingu frá núgildandi reglum sem eru þó ekki lögfestar að neinu teljandi leyti því samkvæmt þeim yrði rökstuddur úrskurður yfirleitt að ganga um atriði af þessum toga. Lagt er til að sú regla verði afnumin, en í því sambandi er tekið tillit til þess að skv. 1. mgr. 112. gr. laga um meðferð einkamála getur héraðsdómari ráðið atriðum sem þessum til lykta með órökstuddri ákvörðun nema í tilvikum þar sem yrði unnt að kæra niðurstöðu

hans til Hæstaréttar skv. 143. gr. laganna. Verða ekki séð rök fyrir að leggja frekar á Hæstirétt að kveða upp rökstudda úrskurði um atriði sem þessi. Í 2. mgr. 17. gr. er síðan tekið fram að Hæstiréttur leysi í dómi úr öðrum atriðum en þeim sem niðurstaða fengist um með ákvörðun. Af þessu má sjá að gengið er út frá því í frumvarpinu að aðeins verði til tvenns konar úrlausnir Hæstaréttar sem yrðu ákvarðanir og dómar.

Í 2. og 3. mgr. 17. gr. koma fram tillögur um reglur um efni dóma Hæstaréttar og er þar gerður nokkur greinarmunur á tilvikum. Þannig er lagt til í 2. mgr. að í tilvikum, þar sem mál væri fellt niður eða vísað frá Hæstarétti eða héraðsdómi, svo og í tilvikum þar sem héraðsdómur væri ómerktur, yrði ekki getið um annað en ástæður fyrir þeim málalokum og niðurstöðu um málskostnað í dómi Hæstaréttar. Þyrfti því ekki að tíunda kröfur aðila í dómi eða röksemdir þeirra nema að því leyti sem þær tengdust slíkum málalokum. Í öðrum tilvikum er hins vegar ráðgert í 3. mgr. að dómar verði öllu efnismeiri en þó breytilegir eftir aðstæðum. Alltaf yrði þó að greina frá kröfum aðila í dómi, en eftir þörfum yrði síðan fjallað um málavexti og röksemdir fyrir niðurstöðu. Þessar reglur eru öllu ítarlegri en núgildandi fyrirmæli í 54. gr. laga nr. 75/1973 og gefa svigrúm til að stytta nokkuð dóma Hæstaréttar eftir því sem tilefni þætti til í framkvæmd.

Í lokamálsgrein 17. gr. er vísað að öðru leyti til 114. gr. laganna um efnisatriði í dómum. Með hliðsjón af því að ákvæði 2. og 3. mgr. 17. gr. tæma meira eða minna þau atriði, sem er fjallað um í 1. mgr. 114. gr. laganna, beinist þessi tilvísun einkum að 2.–5. mgr. þeirrar greinar.

Um 18. gr.

Í 18. gr. eru tillögur um reglur varðandi samningu, uppkvaðningu og útgáfu dóma Hæstaréttar og er gert ráð fyrir að þetta yrði 165. gr. laganna ef frumvarpið verður að lögum.

Í 1. mgr. eru ákvæði um fjögurra vikna frest til að kveða upp dóm eftir dómtöku máls, svo og að mál verði munnlega flutt á ný eftir þörfum ef ekki tekst að ljúka því á þeim tíma. Í 51. gr. laga nr. 75/1973 segir það eitt að dómar skuli kveðnir upp svo fljótt sem unnt er eftir lok málflutnings, og eiga þannig reglurnar í 1. mgr. sér ekki hliðstæðu að öllu leyti í núgildandi lögum. Í tillögunni, sem er gerð hér, er tekið mið af fresti til að kveða upp dóm í héraði skv. 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð einkamála og er þá gengið út frá að sama regla yrði látin gilda á báðum dómstigum.

Í 2. mgr. eru reglur um hvernig dómarar greiði atkvæði um niðurstöðu og um samningu dóms, en þær svara efnislega til 52. gr. og 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. yrði dómsorð lesið eftir þörfum í heyranda hljóði á dómþingi við uppkvaðningu dóms, auk þess að greint yrði frá því ef sératkvæði væri í dómi. Með þessu er gengið út frá að staðið yrði á sambærilegan hátt að verki við uppkvaðningu dóms og nú er gert á grundvelli 1. mgr. 55. gr. laga nr. 75/1973 að öðru leyti en því að í reglu frumvarpsins er ekki ráðgert að upplestrar gæti í jafnríkum mæli við uppkvaðningu dóms og eftir núgildandi reglu.

Í 4. mgr. 18. gr. eru ákvæði um útgáfu dóma Hæstaréttar í dómasafni, en að flestu leyti eru svipaðar reglur nú í 2. mgr. 55. gr. laga nr. 75/1973.

Um 19. gr.

Í þessari grein, sem yrði 166. gr. laganna og um leið lokaákvæði kaflans um áfrýjun, er eingöngu vísað til þess að ákvæðum laganna um meðferð máls í héraði verði beitt til fyllingar eftir því sem þörf krefur. Sambærileg tilvísunarregla kemur nú fram í 58. gr. laga nr. 75/1973.

Um 20. gr.

Eins og áður kom fram er miðað að því með þessu frumvarpi að reglur um áfrýjun einkamála og meðferð þeirra fyrir Hæstarétti komi fram á tæmandi hátt í XXV. kafla laga um meðferð einkamála.

Í núverandi mynd hefur kaflinn að geyma sex greinar, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að greinunum fjölgi um tíu. Veldur þetta því að greinarnúmer í XXVI. kafla laganna yrðu að taka breytingum með þeim hætti sem er mælt fyrir um í 20. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er lagt til að nýjum kafla verði bætt í lögin og yrði hann sá XXVII. ef frumvarpið verður að lögum. Í honum yrði aðeins ein grein sem yrði 169. gr. laganna. Í greininni er fjallað um endurupptöku mála sem hafa verið dæmd í Hæstarétti og er kaflanum gefin fyrirsögn því til samræmis.

Ákvæði 21. gr. eru tekin upp úr 59. gr. laga nr. 75/1973 með óverulegum breytingum. Uppsetningu greinarinnar og orðalagi er breytt nokkuð til samræmis við náskyld ákvæði um endurupptöku óáfrýjaðs máls fyrir héraðsdómi í núverandi 157. og 158. gr. laga um meðferð einkamála sem yrðu 167. og 168. gr. samkvæmt fyrrnefndri 20. gr. frumvarpsins. Benda verður á að í fyrri málslið 2. mgr. og 5. mgr. 21. gr. eru að nokkru leyti nýmæli, en af tilliti til mjög takmarkaðs raunhæfs gildis þessara reglna þykir ástæðulaust að fjalla hér nánar um efni þeirra.

Um 22. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingar á númerum á greinum og köflum í lögunum sem standa aftan við þau ákvæði sem hefur verið fjallað um hér á undan. Telja verður að þessi grein skýri sig sjálf.

Um 23. gr.

Í 23. gr. eru fyrirmæli um tengsl eldri laga og yngri um þau atriði sem frumvarpið tekur til. Verður ekki séð að tilefni sé til að fjalla hér um einstaka atriði í þessari grein.

Um 24. gr.

Í þessari lokagrein frumvarpsins eru fyrirmæli um gildistöku og brottfall lagaákvæða sem þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til ákveðnar breytingar á áfrýjunarmeðferð einkamála í samræmi við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1975, um Hæstarétt Íslands, svo og frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 19 26. mars 1991, um meðferð opinberra mála.

Með frumvarpinu er lagt til að skilyrði til áfrýjunar á málum til Hæstaréttar verði þrengd, einkum í smærri málum. Þá verði réttur til áfrýjunar skilyrtur og í þriðja lagi verði meðferð áfrýjaðra einkamála einfölduð.

Enginn beinn kostnaður mun hljótast af samþykkt þessa frumvarps. Það er til þess fallið að gera alla áfrýjunarmeðferð einfaldari og liðlegri, en um leið verður réttur til áfrýjunar takmarkaður frá því sem nú er. Ekki er sjáanlegt að af þessum breytingum hljótist beinn sparnaður fyrir ríkissjóð. Málsaðilar í einkamálum eru hins vegar líklegir til að ná fram sparnaði þar sem meðferð mála þeirra yrði gerð liðlegri.

221. Frumvarp til laga [199. mál]

um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti Áburðarverksmiðjan hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að leggja Áburðarverksmiðju ríkisins, þ.e. verksmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja hlutafélags.

Landbúnaðarráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins. Nefnd, sem ráðherra skipar, skal meta eignir og skuldir verksmiðjunnar. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags.

2. gr.

Tilgangur félagsins skal vera að framleiða og selja áburðarefni, svo og önnur starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

3. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa í félaginu við stofnun þess. Landbúnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu. Honum er heimilt að selja öll hlutabréf í félaginu eða hluta þeirra.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

5. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum. Að öðru leyti greiðir félagið opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

6. gr.

Fastráðnum starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins skal boðið sambærilegt starf hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir gegndu áður hjá Áburðarverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Áburðarverksmiðjan hf. yfirtekur eignir og rekstur Áburðarverksmiðju ríkisins 1. janúar 1994 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 43/1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Áburðarverksmiðjan hf. skal hafa á hendi einkasölu á tilbúnum áburði og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða né flytja hingað til landsins tilbúinn áburð. Þetta ákvæði fellur úr gildi þegar ríkissjóður hefur selt meiri hluta hlutafjár í félaginu, þó eigi síðar en 1. janúar 1995.

II.

Ábyrgð ríkissjóðs á lánssamningum Áburðarverksmiðju ríkisins, sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laga þessara, helst til loka samningstíma umræddra skuldbindinga. Áburðarverksmiðjan hf. skal yfirtaka skuldbindingar Áburðarverksmiðju ríkisins samkvæmt þessum lánssamningum við stofnun og jafnframt veita ríkissjóði fullnægjandi veð í eignum sínum sem tryggingu fyrir skaðleysi ríkissjóðs vegna ábyrgðarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur markað almenna stefnu um einkavæðingu ýmislegrar starfsemi sem opinberir aðilar hafa með höndum. Þessi stefnumörkun á sér rætur m.a. í því að nauðsynlegt er talið að endurskoða fyrirkomulag og rekstrarumhverfi ýmissa fyrirtækja og stofnana hins opinbera.

Hin almennu rök, sem hníga að því að breyta ríkisfyrirtæki á borð við Áburðarverksmiðjuna í hlutafélag, hafa flest komið fram. Hér á landi jafnt og annars staðar á Vesturlöndum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að eðlilegt sé að ríkið dragi sig sem mest út úr atvinnustarfsemi sem keppir við almennan atvinnurekstur. Jafnframt er talið við hæfi að opinber fyrirtæki, sem þannig háttar um, séu rekin í formi hlutafélaga. Ríkisfyrirtæki á Norður-

löndum eru yfirleitt rekin sem hlutafélög og mun óhætt að fullyrða að annað rekstrarform heyri til undantekninga.

Hér á landi, eins og í flestum löndum hins vestræna heims, hefur löggjafinn skilgreint starfsemi hlutafélaga vandlega og sett ítarlegar reglur þar að lútandi. Í lögum um hlutafélög er kveðið nákvæmlega á um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Þar eru og ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur hentar hlutafélagaformið því ákaflega vel.

Önnur veigamikil rök fyrir því að nýta hlutafélagaformið fyrir ríkisfyrirtæki felast m.a. í því að rekstur fyrirtækisins verður hagfelldari og sveigjanlegri á ýmsa lund. Stjórn og framkvæmdastjórn gera grein fyrir gerðum sínum og áformum um málefni fyrirtækisins á aðalfundi eða hluthafafundi og eru í þeim efnum ábyrgar gagnvart eigendum verksmiðjunnar. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis veldur því að æskilegt er að reka það í formi hlutafélags. Vilji fyrirtæki takast á hendur nýjar fjárfestingar, ráðast í nýjungar eða leitast á annan hátt við að treysta stöðu sína á markaði gefur hlutafélagaformið færi á að leita eftir framkvæmdafé með hlutafjáraukningu og laða með henni til samstarfs nýja hluthafa sem kæmu inn með nýtt hlutafé.

Verði frumvarp þetta að lögum breytist Áburðarverksmiðja ríkisins í hlutafélag sem í upphafi verður í eigu ríkisins. Almenn lög um hlutafélög gilda um fyrirtækið. Stjórn félagsins verður kosin á aðalfundi. Ábyrgð stjórnenda á fyrirtækinu og tengsl við eigendur fellur í farveg sem lög um hlutafélög mæla fyrir um.

Meðan engin breyting verður á eignaraðild Áburðarverksmiðjunnar þykir ekki ástæða til að leggja til að breyting verði á rétti verksmiðjunnar til einkasölu sem henni er tryggður samkvæmt gildandi lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins. Samkvæmt bókun 8 um ríkiseinkarétt í EES-samningi stendur aðlögunartími vegna ríkiseinkaréttar til sölu á tilbúnum áburði eigi lengur en til 1. janúar 1995. Verði á hinn bóginn meiri hluti hlutabréfa í verksmiðjunni seldur fyrir þann tíma þykir rétt að einkarétturinn falli sjálfkrafa niður við eigendaskipti að verksmiðjunni.

Þrátt fyrir að fjárhagur Áburðarverksmiðju ríkisins standi traustum fótum ríkir óneitanlega óvissa um framtíð fyrirtækisins. Verksmiðjan hefur frá því um miðjan síðasta áratug staðið frammi fyrir samdrætti í notkun tilbúins áburðar hér á landi samfara samdrætti í framleiðslu sauðfjárafurða og mjólkurvara. Fyrirsjáanlegur er frekari samdráttur í notkun tilbúins áburðar af þessum sökum, en um þessar mundir er unnið kerfisbundið að því að laga framleiðslu þessara afurða að sölumagni á innlendum markaði. Verði samþykktar nýjar reglur sem nú er fjallað um á vettvangi GATT má vænta enn frekari samdráttar í framleiðslu búvöru hér á landi sem búast má við að dragi úr notkun tilbúins áburðar. Loks ber að nefna að samkvæmt fyrrgreindum samningi um Evrópskt efnahagssvæði fellur niður ríkiseinkaréttur til sölu á tilbúnum áburði hér á landi frá og með 1. janúar 1995. Telja verður líkur á því að þessi atriði, sem hér hefur verið drepið á, kunni að leiða til umtalsverðs samdráttar í sölu á tilbúnum áburði hér á landi. Sú hætta blasir við að sala Áburðarverksmiðjunnar dragist verulega saman og að verksmiðjunni reynist ókleift að ná viðunandi rekstrarhagkvæmni miðað við framleiðslumagn.

Horfur á að afla megi erlendra markaða fyrir framleiðslu Áburðarverksmiðjunnar hljóta að verða að metast m.a. í ljósi þess að í Vestur-Evrópu standa áburðarverksmiðjur með mikla ónýtta framleiðslugetu. Jafnframt verður að gera ráð fyrir að búvörumarkaðir Vestur-Evrópu einkennist mjög á komandi árum af innflutningi landbúnaðarafurða frá nýfrjálsum Austur-Evrópuríkjum.

Áburðarverksmiðja ríkisins er langstærsta og þýðingarmesta fyrirtækið á sviði efnaiðnaðar hér á landi. Um er að ræða fyrirtæki sem býr yfir víðtækri reynslu og sérhæfingu á ýmsum sviðum efnaiðnaðar, svo sem í framleiðslu á vetni með rafgreiningu og meðhöndlun þess. Brýnt er að búa þannig um hnúta að verksmiðjunni verið sköpuð skilyrði til að takast á við óvissa framtíð. Sem stofnun í eigu ríkisins hlýtur hún að teljast vanbúin til þessa verkefnis. Þess vegna er hér lagt til að rekstrarformi verksmiðjunnar verði breytt í hlutafélag. Tilgangurinn er að skapa henni nauðsynlegan sveigjanleika, aðlögunarhæfni og viðbragðsflýti til að málum hennar megi ráða farsællega til lykta og tryggja hagsmuni ríkisins sem eiganda verksmiðjunnar. M.a. þarf að ákvarða fyrirtækinu nýjan starfsvettvang reynist ekki fjárhagslega hagkvæmt að halda áfram framleiðslu tilbúins áburðar á Íslandi. Jafnframt er nauðsynlegt að skapa betri færi á að ráðast í nýmæli og nýsköpun í starfseminni. Í þessu sambandi er mikilvægt að nýta megi þá tækniþekkingu sem fyrirtækið og starfsmenn þess búa yfir, svo og fjárfestingar sem í eignum þess eru fólgnar. Í þessu skyni verður verksmiðjunni sett stjórn sem starfar eftir reglum hlutafélagalaga um ábyrgð gagnvart eiganda eða eigendum. Þetta fyrirkomulag virðist best fallið til að ráða fram úr álitaefnum um rekstur fyrirtækisins í framtíðinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni falið að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilað að leggja hinu nýja hlutafélagi til allar eignir Áburðarverksmiðju ríkisins.

Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, enda lýtur Áburðarverksmiðja ríkisins yfirstjórn hans. Nefnd, sem ráðherra skipar, skal meta eignir og skuldir verksmiðjunnar. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags. Við það að breyta Áburðarverksmiðjunni í hlutafélag fellur niður álagning landsútsvars og þar með skerðast tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Er það til sérstakrar skoðunar hversu við skuli bregðast.

Um 2. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur. Jafnframt er gert ráð fyrir að nánar megi kveða á um hlutverk félagsins í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum. Með því skapast svigrúm, m.a. til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að ríkissjóður skuli vera einn eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess. Er það undantekning frá almennum reglum hlutafélagalaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Landbúnaðarráðherra, sem fer með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu, er heimilað að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra.

Um 4. gr.

Þar sem ríkissjóður verður í upphafi eini hluthafinn í félaginu er nauðsynlegt að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að hlutabréf, sem gefin eru út við stofnun félagsins, skuli undanþegin stimpilgjöldum. Að öðru leyti verður hlutafélagið skattskylt eftir almennum reglum.

Um 6. gr.

Greininni er ætlað að tryggja fastráðnum starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins rétt til sömu starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir gegndu áður hjá Áburðarverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 þykja því ekki eiga við. Sambærileg ákvæði um réttindi starfsmanna er t.d. að finna í lögum nr. 45/1989, um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

Þess má geta að af starfsmönnum Áburðarverksmiðjunnar eru átta manns nú í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og haldast réttindi þeirra óbreytt við þá formbreytingu í rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Kveðið er á um að Áburðarverksmiðjan hf. skuli, meðan hún er í eigu ríkisins, hafa sama einkarétt til sölu, framleiðslu og innflutnings á tilbúnum áburði og Áburðarverksmiðja ríkisins hefur haft samkvæmt gildandi lögum nr. 43/1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins, og er fylgt orðalagi þeirra laga. Meðan breyting verður ekki á eignaraðild Áburðarverksmiðjunnar þykja ekki efni til að breyta þessum einkarétti hennar. Umræddur einkaréttur helst þó aldrei lengur en til loka aðlögunartíma sem kveðið er á um í EES-samningi. Samkvæmt bókun 8 um ríkiseinkarétt í samningnum stendur aðlögunartími vegna ríkiseinkaréttar til sölu á tilbúnum áburði eigi lengur en til 1. janúar 1995. Hverfi meiri hluti hlutabréfa í verksmiðjunni úr eigu ríkisins fyrir þennan tíma þykir eðlilegt að einkarétturinn falli niður við eigendaskipti.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Erlendar skuldbindingar Áburðarverksmiðju ríkisins eru tvö lán. Annars vegar er um að ræða stofnlán hjá Mitsui Trust & Banking Co. í London frá árinu 1987 með eftirstöðvum miðað við 1. október 1992 að fjárhæð 1.750 þúsund bandarískir dalir. Fer lokagreiðsla samkvæmt lánssamningi fram 22. desember 1993. Á hinn bóginn er um að ræða lánssamning við Mitsubishi Trust and Banking Co. í London sem undirritaður var 13. desember 1991. Lánið er veltilán og má draga á það eftir þörfum allt að 9 milljónum bandaríkra dala. Lánstími er til 13. desember 1996. Eðlilegt er að erlendum kröfuhöfum sé tryggð sama ábyrgð á þessum skuldbindingum til loka samningstíma og samið var um í upphafi. Þetta er jafnframt nauðsynlegt því að breyting á rekstrarfyrirkomulagi verksmiðjunnar, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, gæti leitt til þess að erlendir kröfuhafar nýttu heimildir í lánssamning

um til að gjaldfella lán. Gert er ráð fyrir að Áburðarverksmiðjan hf. yfirtaki skuldbindingar Áburðarverksmiðju ríkisins samkvæmt þessum lánssamningum við stofnun hins nýja félags og brottfall laga um Áburðarverksmiðju ríkisins. Eðlilegt þykir að félagið veiti ríkissjóði fullnægjandi veð í eignum sínum sem tryggingu fyrir skaðleysi ríkissjóðs vegna ábyrgðarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um rekstur Áburðarverksmiðju ríkisins. Hlutafélagið taki að sér það hlutverk sem Áburðarverksmiðjan nú hefur og að ríkið leggi til þess allar eigur stofnunarinnar. Tilgangur félagsins skal vera að framleiða og selja áburðarefni.

Gera má ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs vegna framkvæmdar frumvarpsins sé fyrst og fremst vegna breytinga á reikningshaldi fyrirtækisins til þess forms sem telst góð reikningsskilavenja í einkageiranum, verðmat og almenn úttekt á starfsemi fyrirtækisins. Kostnaður við þetta er á bilinu 0,5–1 m.kr.

Að mati fjármálaráðherra er engin ástæða til að veita félaginu undanþágu frá greiðslu stimpilgjalda. Stimpilgjöld reiknast sem 0,5% af nafnverði hlutabréfa.

222. Frumvarp til laga [200. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI

Jarðalög nr. 65/1976, sbr. breytingar með lögum nr. 71/1978, lögum nr. 37/1982, lögum nr. 90/1984, lögum nr. 108/1988 og lögum nr. 34/1992.

1. gr.

2. og 5. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna verða svohljóðandi:

2. Þegar ríkissjóður eða ríkisstofnanir kaupa eða selja.
5. Þegar leigð eru eða heimiluð með öðrum hætti afnot af slægjum, beit, námum, veiðiréttindum, vatnsréttindum, einstökum húsum og íbúðum, þar með töldum sumarbústöðum, og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri.

2. gr.

Við 4. mgr. 6. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 6. og 7. tölul., sem verða svohljóðandi:

6. Þegar landið (fasteign) hefur verið tekin úr landbúnaðarnotum með leyfi skv. 1. mgr. 12. gr., enda hafi slíku leyfi verið þinglýst.
7. Þegar aðilaskipti verða að sumarbústað í sumarbústaðahverfi, enda sé bústaðurinn reistur í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum. Það telst vera sumarbústaðahverfi þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 6. og 7. mgr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn og jarðanefnd er heimilt að binda samþykki sitt samkvæmt þessari grein því skilyrði að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign hafi í allt að fimm árum fasta búsetu á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni til að nýta hana. Með sama hætti er heimilt að binda samþykki skilyrðum um að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki. Slíkum skilyrðum skal þinglýst sem kvöð á eignina.

Nú fullnægir aðili ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið skv. 6. mgr. og getur sveitarstjórn þá með samþykki ráðherra sett honum frest til að fullnægja skilyrðunum eða afsala fasteigninni til aðila sem fullnægir skilyrðunum. Hafi skilyrðunum ekki verið fullnægt innan þess frests getur sveitarstjórn að fengu samþykki jarðanefndar og ráðherra leyst eignina til sín. Náist ekki samkomulag um verð skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að reisa sumarbústað á landi sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. nema jarðanefnd samþykki.

Sumarbústaður samkvæmt lögum þessum er bygging sem reist er til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs. Ákvæði greinar þessarar taka einnig til veiðihúsa.

5. gr.

11. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ef það er ætlun þess sem fá þarf samþykki til að öðlast réttindi yfir fasteign skv. 6. gr. að nýta hana til landbúnaðar, þar með taldrar nýtingar og/eða útleigu á veiði og öðrum hlunnindum sem fylgja landi, svo og húsum sem ætluð eru til dvalar um takmarkaðan tíma án lóðarréttinda, skal samþykki ekki veitt nema viðkomandi hafi starfað við landbúnað í fjögur ár og þar af tvö ár hér á landi. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sveitarstjórnar og jarðanefndar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða starfsemi telst til landbúnaðar skv. 1. mgr., til hvaða fasteigna ákvæðið tekur og hvaða aðili/aðilar þurfa að uppfylla skilyrði 1. mgr. þegar félög og aðrir lögaðilar eða einstaklingar fleiri saman öðlast réttindi yfir fasteign.

6. gr.

Aftan við 1. mgr. 12. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi:

Með notkun til landbúnaðar í merkingu þessa ákvæðis er einnig átt við land sem nýtanlegt var til landbúnaðar við gildistöku laga nr. 65/1976, þar með taldar eyðijarðir og einstakar landspildur ef því hafði ekki með staðfestu skipulagi eða heimild í öðrum lögum verið ráðstafað til annarra nota.

7. gr.

17. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ákvörðunum sveitarstjórna eða jarðanefnda samkvæmt lögum þessum er heimilt að skjóta innan eins mánaðar til landbúnaðarráðuneytisins og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan sex vikna frá því er kæra barst.

8. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn, sem á forkaupsrétt skv. 1. mgr., er heimilt að framselja rétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins, enda sé það gert innan 30 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst sveitarstjórn. Sveitarstjórn skal þegar senda tilkynningu um slíka ákvörðun til landbúnaðarráðherra f.h. Jarðasjóðs ríkisins og kaupanda og seljanda þeirrar eignar sem forkaupsrétturinn tekur til. Jarðasjóður hefur þá 60 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst sveitarstjórn til að svara forkaupsréttartilboði skriflega. Hafi Jarðasjóður ekki svarað innan þess tíma hefur hann í það sinn glatað rétti sínum til að kaupa eignina. Að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla um forkaupsrétt Jarðasjóðs ríkisins.

9. gr.

Í stað orðanna „innan fjögurra vikna“ í 3. málsl. 32. gr. laganna kemur: innan 30 daga.

10. gr.

Við 1. mgr. 35. gr. laganna bætist nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi:

3. Þegar ráðstafað er eignum sem falla undir 6. og 7. tölul. 6. gr.

11. gr.

Niður fellur 2. tölul. 1. mgr. 38. gr. laganna og 3. tölul. verður 2. tölul. og 4. tölul. verður 3. tölul.

12. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Með sama hætti er eiganda ættaróðals heimilt að stofna til félagsbús með erfingja sem ákveðið hefur verið að erfi óðalið, enda séu uppfyllt skilyrði 25.–28. gr.

13. gr.

61. gr. laganna verður svohljóðandi:

Óðalsbóndi getur með leyfi landbúnaðarráðherra fengið óðalið leyst frá óðalsákvæðum, enda mæli jarðanefnd með því og þeir ættingjar, sem rétt hafa til óðalsins, hafa lýst því yfir skriflega að þeir óski ekki eftir að taka við því til ábúðar. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda er hann kýs, enda hafi þeir sem forkaupsrétt eiga að lögum hafnað honum.

II. KAFLI
Lög nr. 34/1992, um Jarðasjóð.

14. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Jarðasjóði er jafnframt heimilt að kaupa eignir þegar sveitarstjórn hefur framselt sjóðnum forkaupsrétt sinn skv. 3. mgr. 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. og 3. gr. gilda ekki um kaup sjóðsins á slíkum eignum.

III. KAFLI
Gildistaka.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Haustið 1991 var á vegum landbúnaðarráðuneytisins hafist handa við að kanna hvaða áhrif fyrirhugaður samningur um Evrópska efnahagssvæðið hefði á löggjöf um eignarhald og nýtingu jarða og annars lands og landsréttinda sem jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og önnur lög, sem ráðuneytið annast framkvæmd á, taka til. Frumvarp þetta er samið á vegum ráðuneytisins að lokinni þeirri athugun og er eitt af svonefndum fylgifrumvörpum EES-samningsins.

Að lokinni frumathugun þessara mála var ákveðið í mars 1992 að landbúnaðarráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sem fer með framkvæmd laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, með síðari breytingum, létu sameiginlega taka saman álitsgerð um áhrif EES-samningsins á íslenska löggjöf um eignarhald á fasteignum og fasteignaréttindum. Til verksins voru ráðnir Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Stefán Már Stefánsson prófessor og Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður. Álitsgerð þeirra lá fyrir í júní 1992. Kaflar úr niðurstöðum álitsgerðarinnar varðandi jarða- og ábúðarlög og skylda löggjöf fylgja með frumvarpi þessu sem fskj. I.

Um athugasemdir við lagafrumvarp þetta og fylgiskjöl vísast til athugasemda og fylgiskjala á þskj. 315, 246. mál 116. löggjafarþings, bls. 2282–2296 í A-deild Alþt. 1992–93. Athugasemdir í þessu máli eru samhljóða á 116. og 117. þingi nema í athugasemdum um 15. gr. Þar breytast tvö ártöl, „1992“ verður: 1993 og „1993“ verður: 1994.

223. Frumvarp til laga [201. mál]

um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Orðskýringar.
1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Vernd: að veiðum eða öðrum aðgerðum, sem geta haft áhrif á viðkomu eða vanhöld dýra af tiltekinni tegund, sé hagað á þann hátt að henni sé ekki stefnt í útrýmingarhættu.

Friðun: bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu dýra af tiltekinni tegund.

Veiðar: að handsama eða drepa villt dýr. Þegar um er að ræða fuglaveiðar er einnig átt við eggjatöku.

Villt dýr: allir fuglar og spendýr, önnur en hvalir, gæludýr og bústofn. Dýr, sem er handsamað og haft í haldi, telst villt dýr.

Stýring á stofnum villtra dýra: aðgerðir af opinberri hálfu er miða að því að hafa áhrif á útbreiðslu eða stærð tiltekins stofns villtra dýra.

Tjón af völdum villtra dýra: fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar og tjón á náttúru landsins.

Lífsvæði: landsvæði sem dýr nota sér til framfærslu og viðkomu eða sem farleið.

Grenjatími: tímabilið 1. maí til 31. júlí.

Netlög: hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hólmum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.

Landareign: jörð eða annað landsvæði sem er háð beinum eignarrétti einstaklings eða lögaðila, þar með talið sveitarfélag eða ríki.

II. KAFLI
Markmið og gildissvið.
2. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra, svo og skipulag á aðgerðum til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda.

Lögin ná til efnahagslögsögu Íslands.

III. KAFLI
Umsjón.
3. gr.

Umhverfisráðherra hefur yfirumsjón með öllum málum er varða villt dýr.

Ráðherra til ráðgjafar við umsjón þessara mála er villidýranefnd. Umhverfisráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn og skal hún skipuð sjö mönnum, einum tilnefndum af Náttúruverndarráði, einum af Búnaðarfélagi Íslands, einum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum af Náttúrufræðistofnun Íslands, einum af Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands, einum af Skotveiðifélagi Íslands og einum af veiðistjóraembættinu. Varamenn

skulu skipaðir með sama hætti. Umhverfisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi fulltrúa frá stofnunum umhverfisráðuneytis.

Tillagna eða umsagnar villidýranefndar skal leitað við setningu reglugerða, leyfisveitingar, veitingar undanþágna og við önnur stjórnvaldsfyrirmæli um villt dýr.

4. gr.

Umhverfisráðherra skipar veiðistjóra að fengnum tillögum villidýranefndar. Veiðistjóri skal vera líffræðingur með sérþekkingu er nýtist honum í starfi.

Veiðistjóraembættið hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla.

Á vegum veiðistjóraembættisins skulu stundaðar hagnýtar rannsóknir á villtum dýrum í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands eftir því sem um semst milli þessara stofnana. Einnig skal höfð samvinna um rannsóknir við aðrar stofnanir og einstaklinga eftir því sem þörf krefur.

Veiðistjóraembættið leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Veiðistjóraembættinu skal heimilt að reka hundabú til ræktunar og þjálfunar minkaveiðihunda.

Veiðistjóraembættið skal vera umhverfisráðuneyti og villidýranefnd til ráðuneytis og gera tillögur um hvaðeina er varðar starfssvið embættisins.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til merkinga samkvæmt reglum sem hún setur og samþykktar eru af umhverfisráðherra. Reglur þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

Hverjum þeim sem finnur eða handsamar merktan fugl ber að senda merkið, hvort sem það er íslenskt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

5. gr.

Ísland er aðili að Alþjóðafuglaverndarráðinu (The International Council for Bird Protection). Fulltrúaráð skipað fulltrúum nefnda, samtaka og stofnana, sem hafa fuglavernd á stefnuskrá sinni, kemur fram fyrir Íslands hönd í Alþjóðafuglaverndarráðinu. Umhverfisráðherra ákveður í reglugerð hvaða aðilar eigi rétt á að tilnefna í fulltrúaráðið og setur því starfsreglur.

IV. KAFLI
Friðun, vernd og veiðar.

6. gr.

Villt dýr, önnur en mýs, rottur og minkar, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim. Um innflutning dýra gilda lög nr. 54/1990.

Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag byggðar og aðra landnýtingu skal tekið tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra, sbr. lög nr. 47/1971 og lög nr. 19/1964.

7. gr.

Ákvörðun um að aflétta friðun skv. VI. kafla skal fyrst og fremst byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða og að með veiðum sé verið að nytja verðmæti í kjöti, skinnum eða öðrum afurðum. Einnig er heimilt að taka tillit til þess hvort viðkomandi dýr valdi tjóni.

Umhverfisráðherra setur reglugerðir um friðun, vernd og veiðar villtra dýra, að fengnum tillögum villidýranefndar. Reglugerðir skulu m.a. kveða á um hvaða tegundir eru alfriðaðar, hverjar er heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, gerð vopna, aðrar veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, umgengni við hreiður fágætra fugla og annað sem máli skiptir.

Þar sem talið er að villt dýr valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru ella friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur umhverfisráðherra veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón að fenginni umsögn villidýranefndar. Í reglugerð skal kveðið á um hvaða tegundir skuli ávallt undanskildar þessu ákvæði.

Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um sölu, inn- og útflutning villtra dýra og hluta þeirra, svo og egg. Þar skulu einnig vera reglur um ham- og skinnatöku og uppsetningu villtra dýra og kveðið nánar á um starfsemi hamskera.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar í rannsóknarskyni, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis.

Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að láta veiða friðaða sem ófriðaða fugla og safna eggjum handa stofnuninni hvar sem er og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrir fram og sýni skilríki sín verði því við komið. Ráðherra ákveður að fenginni tillögu villidýranefndar hvaða tegundir séu undanskildar þessu ákvæði.

Umhverfisráðherra getur ákveðið að stefnt skuli að útrýmingu stofns eða tegundar sem flust hefur til Íslands af mannavöldum, enda telji villidýranefnd það bæði æskilegt og gerlegt.

8. gr.

Öllum íslenskum ríkisborgurum og mönnum með lögheimili hér á landi eru dýraveiðar heimilar í almenningum, á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, og í íslenskri landhelgi utan netlaga landareigna. Skulu þeir hafa aflað sér leyfis til þess samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Landeigendum einum eru heimilar dýraveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni nema lög mæli öðruvísi fyrir.

Eigi má skilja rétt til veiða að nokkru eða öllu leyti frá landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til veiða við landareign um tiltekið tímabil er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

Nú er landareign í sameign en er skipt eftir merkjum og afnota- eða eignarskiptingu og á þá hver sameigandi rétt til dýraveiða á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

Þar sem stöðuvötn, firðir, vogar eða sund, sem ekki eru 230 m á breidd, skipta landareignum eiga landeigendur veiðirétt út að miðlínu, svo og í ám og lækjum. Í stöðuvötnum, sem eru breiðari en 230 m, eru landeigendum, sem land eiga að vatninu, einum heimilar veiðar í almenningi þess og eru þær þeim öllum jafnheimilar.

Umhverfisráðherra getur sett reglugerð um veiðar erlendra ferðamanna, enda fullnægi þeir sambærilegum skilyrðum um kunnáttu í veiðum og meðferð skotvopna og kröfur eru gerðar um hér á landi.

9. gr.

Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl með þeim undantekningum sem upp eru taldar í liðum 3, 4, 7 og 16 hér á eftir og nánar er kveðið á um í reglugerðum. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12. Við veiðar er m.a. óheimilt að nota:

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða þvíumlíkt. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls- og skarfsungum og kópum.
4. Net, nema til kópaveiða, og háf til lunda-, álku-, stuttnefju- og langvíuveiða. Fugla, er drepast í netum sem lögð eru til fisk- eða kópaveiða, má ekki nýta á nokkurn hátt nema að fengnu leyfi umhverfisráðuneytis. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótboga eða gildrur, nema til músaveiða, rottuveiða, minkaveiða og til að ná tófuyrðlingum við greni. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hlotið samþykki villidýranefndar.
8. Rafbúnað sem getur drepið eða rotað.
9. Segulbandstæki og aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Tilbúna ljósgjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Hálfsjálfvirk eða sjálfvirk skotvopn, svo og „pumpur“, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð, nema við minkaveiðar.
17. Vélknúin farartæki, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 50 metra.

Óheimilt er að veiða fugla í sárum.

Umhverfisráðherra getur heimilað notkun ofangreindra veiðiaðferða í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

10. gr.

Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Umhverfisráðherra getur aflétt tímabundið eða rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund ef villidýranefnd mælir með því og Náttúruverndarráð samþykkir.

Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína. Særi veiðimaður dýr ber honum að elta það strax

uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þótt sært dýr fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og er þá bráð eign landeiganda nema annað sé tekið fram í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

V. KAFLI
Veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.

11. gr.

Umhverfisráðherra ákveður með reglugerð að allir þeir, sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, skuli afla sér veiðikorts, gegn gjaldi sem umhverfisráðherra ákveður. Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, gildistímabils og þeirra tegunda sem viðkomandi hefur heimild til að veiða. Þar skal þess einnig getið ef handhafi veiðikorts hefur leyfi til að nýta hefðbundin hlunnindi á tilteknu svæði eða til að verjast tjóni af völdum villtra dýra á bújörð. Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum. Hann skal framvísa því ef þess er óskað. Korthafi skal árlega skila skýrslu um veiðar sínar á gildistíma korts áður en nýtt kort er útgefið. Gjald þetta skal renna í sjóð er notaður verði til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra.

Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð um veiðikort að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða.

VI. KAFLI
Sérákvæði um veiðar.

12. gr.

Refir.

Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjatímanum. Varast skal einnig að hafa þar óþarfa umgang. Stjórnir sveitarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veiðistjóraembættinu.

Á svæðum, þar sem friðun refa hefur verið aflétt, sbr. 7. gr., eru refaveiðar utan grenjatíma öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum eftir þeim.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að refaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum refa er sveitarstjórn skylt að ráða skotmenn til grenjavinnslu árlega og er þeim einum heimilt að veiða refi á grenjatíma. Skylt er skotmanni að hafa aðstoðarmann við grenjavinnslu. Þar sem veiðistjóraembætti og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiði að vetrarlagi í stað grenjavinnslu. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt málsgrein þessari.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og verðlauna fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. og 3. mgr. Stjórnir viðkomandi sveitarfélaga skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. geta sauðfjárbændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem sauðfé eða æðarvarpi stafar bein hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum ráðnum skv. 3. mgr. um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

13. gr.
Minkar.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða menn til minkaveiða árlega.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og verðlauna fyrir unna minka sem veiddir eru skv. 1. mgr. Stjórnir viðkomandi sveitarfélaga skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um minkaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum. Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd veiðanna og um framkvæmd endurgreiðslna á hlut ríkissjóðs í kostnaði við þær.

Umhverfisráðherra er heimilt að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma að fenginni umsögn villidýranefndar.

14. gr.
Hreindýr.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar úr hreindýrastofninum enda telji veiðistjóraembættið að stofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum. Ráðherra ákveður árlega fjölda þeirra dýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum, í samræmi við tillögur hreindýraráðs og veiðistjóraembættisins og birtir auglýsingu þar að lútandi í Lögbirtingablaði. Eignarréttur á landi, þar sem hreindýr halda sig, veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum.

Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Af hverju felldu hreindýri skal greiða sérstakt leyfisgjald til hreindýraráðs sem ráðherra ákveður árlega og skal gjaldinu varið til reksturs ráðsins, framkvæmda á þess vegum og rannsókna á hreindýrum. Hreindýraráði er heimilt að selja veiðiheimildir sem hlutaðeigandi sveitarfélögum hefur verið úthlutað.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í hreindýraráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en aðrir nefndarmenn skulu skipaðir með eftirfarandi hætti: Búnaðarsamband Austurlands tilnefnir tvo menn, Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu einn og Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi einn. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Veiðistjóri situr fundi hreindýraráðs og hefur málfrelsi og tillögurétt.

Að fengnum tillögum hreindýraráðs og veiðistjóra setur ráðherra reglugerð um nánari framkvæmd á hreindýraveiðum, m.a. um skiptingu veiðiheimilda á milli viðkomandi sveitarfélaga, veiðieftirlitsmenn, hlutverk og starfssvið hreindýraráðs, svo og skiptingu arðs af leyfisgjaldi og veiðiheimildum sem framseldar eru ráðinu.

15. gr.
Mýs og rottur.

Heilbrigðisnefndir hafa umsjón með fækkun á músum og rottum eftir því sem nánar er kveðið á um í heilbrigðisreglugerð sem sett er í samráði við umhverfisráðherra.

16. gr.

Selir og rostungar.

Umhverfisráðherra getur í reglugerð aflétt friðun landsels, útsels, blöðrusels og vöðusels á tilteknum svæðum og árstímum samkvæmt tillögum sjávarútvegsráðherra. Sjávarútvegsráðherra stjórnar nýtingu selastofna og hefur umsjón með þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum.

Skotveiði skal ætíð bönnuð í látrum. Öll skot eru bönnuð nær friðlýstum látrum en 2 km nema brýna nauðsyn beri til. Eigi má án leyfis eiganda láturs leggja net í sjó nær friðlýstu látri samkvæmt lögum þessum en ½ km frá stórstraumsfjörumáli.

17. gr.

Hvítabirnir.

Fella má hvítabjörn sem gengið hefur á land og fólki eða búfénaði er talin stafa hætta af. Sé þess nokkur kostur skal nota til þess riffil af stærðinni cal. 243 eða stærri.

Þegar hvítabjörn hefur verið felldur skv. 1. mgr. skal það tilkynnt umhverfisráðherra án tafar og getur hann þá krafist þess að björninn verði afhentur Náttúrufræðistofnun Íslands til athugunar og ráðstöfunar, enda greiði ríkissjóður áfallinn kostnað.

Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfénaði er ekki talin stafa bráð hætta af er umhverfisráðherra heimilt að fela veiðistjóraembættinu að fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar af honum hætta.

Ekki má veiða hvítabirni á hafís eða á sundi.

18. gr.

Fuglar.

Umhverfisráðherra getur í reglugerð aflétt friðun eftirtalinna fuglategunda innan þeirra tímamarka er hér segir, sbr. 7. gr.:

1. Allt árið: svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, kjói, hrafn.
2. Frá 20. ágúst til 31. mars: fýll, dílaskarfur, toppskarfur, súla, grágæs, heiðagæs, blesgæs, helsingi, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, hvítmáfur, bjartmáfur, hettumáfur, rita, skúmur.
3. Frá 1. september til 19. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.
4. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.

Óheimilt er að þeyta flautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum.

VII. KAFLI

Nýting hlunninda.

19. gr.

Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um hvernig staðið skuli að skilgreiningu og friðlýsingu æðarvarps og selaláturs samkvæmt lögum þessum.

Í varpi kríu, silfurmáfs, hvítmáfs og hettumáfs skal heimilt að taka egg þessara fugla en þó aldrei eftir 15. júní ár hvert.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem kópaveiði og eggja- eða ungataka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Veiðar þessar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið, skal veiðirétthafa heimilt að taka andaregg en við eggjatökuna skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri. Undanþága þessi tekur ekki til gargandar, skeiðandar, skutulandar, hrafnsandar, straumandar eða gulandar. Þá skal og taka grágæsar- og heiðagæsareggja heimil en þó skal ávallt skilja eftir í hreiðri eigi færri en tvö egg. Andaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

Telji eigandi veiðiréttar sig hafa heimild til nýtingar hlunninda skv. 4. eða 5. mgr. skal hann afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum. Neiti þessir aðilar að staðfesta heimild veiðirétthafa sker umhverfisráðherra úr þeim ágreiningi.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði og réttarfar.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis. Virða skal það refsingu til þyngingar ef um sjaldgæfar eða fágætar fuglategundir er að ræða, sbr. 7. gr. Sama gildir um æðarfugl og æðaregg, svo og stórfelldar ólögmætar fuglaveiðar og spjöll á friðlýstum varpstöðvum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, sæta refsingu sem fullframið brot eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, egg eða eggjaskurn, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framangreindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur reynst um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. laga nr. 19/1940.

21. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði, gildistaka og brottfallin lög.

22. gr.

Reglugerðir og aðrar stjórnvaldsaðgerðir um spendýrastofna og fugla, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við þau uns nýjar reglur hafa verið settar.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Frá sama tíma eru numin úr gildi:

1. Ákvæði í Jónsbók er fjalla um seli, rostunga og hvítabirni.
2. Ákvæði í tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 sem fjalla um veiðar á fuglum og spendýrum öðrum en hvölum.
3. Lög um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, nr. 30/1925.
4. Lög um útrýmingu sels í Húnaósi, nr. 29/1937.
5. Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, nr. 28/1940, með áorðnum breytingum.
6. Lög um eyðing á rottum, nr. 27/1945, með áorðnum breytingum.
7. Lög um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, með áorðnum breytingum.
8. Lög um eyðingu svartbaks, nr. 50/1965, með áorðnum breytingum.
9. Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, með áorðnum breytingum.
10. XII. kafli, um ófriðun sels, í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.
11. Ákvæði í öðrum lögum sem brjóta í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 115. og 116. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Er það nú endurflutt með örfáum breytingum sem fæstar eru þó efnislegar.

Með bréfi, dags. 13. september 1990, skipaði umhverfisráðherra þriggja manna nefnd til þess að undirbúa frumvarp til laga um stýringu á stofnstærðum villtra dýra. Í nefndinni áttu sæti Páll Hersteinsson veiðistjóri, formaður, Sigurður H. Richter dýrafræðingur og Ævar Petersen dýrafræðingur. Ritari nefndarinnar var Arnór Þ. Sigfússon dýrafræðingur.

Í skipunarbréfi ráðuneytisins segir m.a.:

„Umhverfisráðherra fyrirhugar að samræma löggjöf á þessu sviði og leggja fram frumvarp/frumvörp til laga um stjórn á stofnstærð villtra dýra á 113. löggjafarþingi sem kemur saman 10. október nk. Eðlilegt virðist að í slíkri löggjöf verði fjallað um öll villt dýr saman og ýmis sérlög, svo sem fyrir refi og minka og svartbak, svo dæmi séu tekin, verði felld úr gildi. Einnig þarf að huga að hvernig lög um fuglaveiðar og fuglafriðun falla inn í slíka löggjöf. Um er því að ræða að setja rammalög um vernd og eftirlit með villtum dýrum og veiðar þeirra. Hins vegar er gert ráð fyrir að með reglugerðum verði settar nánari reglur um einstakar dýrategundir."

Með tilliti til þess að tími var naumur og frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun hafði áður verið samið af nefnd skipaðri af menntamálaráðuneyti ákvað nefndin að mest væri aðkallandi að semja frumvarp til laga um friðun og veiðar á landspendýrum. Taldi nefndin að síðar væri hægt að laga lög um fuglaveiðar og fuglafriðun að frumvarpi um landspendýr ef tími ynnist til og ráðuneytið teldi það æskilegt. Með samþykki umhverfisráðherra var sú leið valin.

Er nefndin hafði lokið við drög að frumvarpi til laga um landspendýr var ljóst að ekki þyrfti að breyta því í grundvallaratriðum til þess að lög um fuglaveiðar og fuglafriðun gætu rúmast innan sama ramma. Að beiðni umhverfisráðherra var því ráðist í það verk að láta frumvarpsdrögin ná einnig yfir fugla.

Nefndin skrifaði eftir upplýsingum um sambærilega löggjöf í Danmörku (Skov- og Naturstyrelsen, Miljøministeriet), Noregi (Direktoratet for Naturforvaltning) og Svíþjóð (Statens Naturvårdsverk). Svör bárust frá Danmörku og Noregi. Þótt gagnlegt væri fyrir nefndina að hafa lög þessara þjóða til hliðsjónar reyndist ekki unnt að byggja mikið á þeim því að þau eru ekki rammalög, heldur geyma mjög svo ítarleg ákvæði um alla framkvæmd.

Frumvarp, sem byggt var á fyrstu tillögum nefndarinnar um vernd landspendýra, var lagt fram á Alþingi skömmu fyrir þinglok á 113. löggjafarþingi 1990–91, en kom ekki til meðferðar þingsins.

Með bréfi, dags. 4. júlí 1991, fór umhverfisráðherra fram á það við nefndina sem unnið hafði að málinu að hún tæki málið að nýju til meðferðar og skilaði „sem fyrst heildarfrumvarpi um verndun landspendýra, fuglaveiðar og fuglafriðun". Á síðari stigum nefndarvinnu voru drögin send Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Náttúruverndarráði, Fuglafriðunarnefnd, Dýraverndarnefnd ríkisins og Skotveiðifélagi Íslands til umsagnar. Margar gagnlegar ábendingar bárust frá þessum aðilum.

Ráðherra fól Jóni Gunnari Ottóssyni að vera tengiliður milli ráðuneytisins og nefndarinnar. Starfaði hann náið með nefndinni á síðari stigum starfsins og hefur frumvarpið verið fært til betri vegar í ljósi ýmissa ábendinga sem fram hafa komið í umsögnum.

Nefndin hélt alls 30 fundi, þar af 15 eftir endurnýjun umboðs ráðherra. Samkomulag varð í nefndinni um það frumvarp sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi. Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, eru hins vegar nokkrar breytingar sem gerðar hafa verið frá því það var síðast lagt fram á Alþingi.

Helsta breytingin er að 14. gr. frumvarpsins hefur verið umskrifuð með tilliti til athugasemda sem fram hafa komið. Þá hefur nýrri málsgrein verið bætt við 4. gr. um skilaskyldu á fuglamerkjum og í 8. gr. er nú kveðið sérstaklega á um rétt til dýraveiða þar sem landi í sameign hefur verið skipt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir töluverðum breytingum á skipan þessara mála frá því sem verið hefur. Hvað frumvarpið í heild varðar er fyrst og fremst áberandi breyting á almennri afstöðu til villtra spendýra. Fyrri lög hafa byggt á nokkru virðingarleysi gagnvart tilverurétti þeirra og miðað að eyðingu þeirra eða útrýmingu að hreindýrum og selum undanskildum. Hér er sú grundvallarafstaða tekin að öll villt dýr, önnur en mýs, rottur og minkar, skuli njóta verndar og að veiðar séu í raun aðeins heimilar til nytja ef viðkomandi stofn er talinn þola veiðar eða til þess að koma í veg fyrir tjón.

Í frumvarpinu er mikil áhersla lögð á reglugerðir. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við þá staðreynd að í tímans rás breytist staða einstakra stofna í vistkerfinu, þekking og afstaða manna til villtra dýra og nytja af þeim. Setning rammalaga og reglugerða leyfir meiri sveigjanleika við stýringu einstakra stofna og stjórn veiða en verið hefur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra skuli setja eða geti sett reglugerðir um eftirtalin atriði:

1. Aðild að Alþjóðafuglaverndarráðinu (5. gr.).
2. Friðun, vernd, veiðar og hefðbundnar nytjar villtra spendýra og fugla (7. gr.).
3. Víðtækari friðun fágætra tegunda (7. gr.).
4. Sölu, inn- og útflutning villtra dýra, hluta þeirra, egg og starfsemi hamskera (7. gr.).
5. Veiðar erlendra ferðamanna á Íslandi (8. gr.).
6. Veiðikort, veiðigjald og hæfnispróf veiðimanna (11. gr.).
7. Refaveiðar (12. gr.).
8. Minkaveiðar (13. gr.).
9. Hreindýraveiðar (14. gr.).
10. Selveiðar (16. gr.).
11. Fuglaveiðar (18. gr.).
12. Friðlýsingu æðarvarpa og selalátra (19. gr.).

Sum ofantalinna atriða má sameina við setningu reglugerða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru gefnar skýringar á nokkrum orðum sem notuð eru í frumvarpinu en mörg þeirra hafa óljósa merkingu í hugum fólks. Ekki á það síst við um orðið vernd sem margir rugla saman við friðun.

Um 2. gr.

Markmið laganna er að skapa grundvöll þess að maðurinn geti lifað í landinu í sátt við villt dýralíf þess. Auk þess að vera friðunarlög taka lögin til atriða sem valdið geta árekstrum við hagsmuni mannsins, sem og nytja af villtum dýrum.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er staðfesting þess að umhverfisráðherra hafi umsjón allra mála er varða villta fugla og spendýr, að hvölum undanskildum. Fyrir stofnun umhverfisráðuneytis var umsjón með málum þessum komið fyrir í þrem ráðuneytum, þ.e. landbúnaðarráðuneyti (refur, minkur, svartbakur), menntamálaráðuneyti (fuglar, hreindýr) og heilbrigðisráðuneyti (rottur, mýs). Segja má að málefni sela hafi verið utan ráðuneyta þótt bæði landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti hafi talið málið sér skylt vegna hlunninda bænda og meints tjóns af völdum sela við laxveiðiár annars vegar og vegna hringorma í sjávarafla hins vegar. Með færslu þessara málaflokka undir umhverfisráðuneyti má ætla að meira samræmi myndist í afstöðu hins opinbera gagnvart hinum ýmsu og ólíku tegundum.

Nauðsynlegt er talið að setja ákvæði í frumvarpið um ráðgjafarnefnd fyrir umhverfisráðherra sem ynni að ýmsum málum er tengjast stefnumörkun og stýringu villtra dýrastofna, sérstaklega hvað varðar setningu reglugerða, leyfisveitingar og undanþágur frá lögunum. Svokallaðri villidýranefnd er ætlað að koma í stað fuglafriðunarnefndar sem lögð yrði niður en starfssviðið yrði víðtækara þar eð hún fjallaði bæði um fugla og spendýr. Þar sem ákvarðanir og stefnumið (önnur en þau sem eru skilgreind í 2. gr. frumvarpsins) eru oft hagsmunalegs fremur en faglegs eðlis er gert ráð fyrir að auk fagmanna fái hagsmunaaðilar fulltrúa í ráðgjafarnefndinni. Skýrt er kveðið á um það í frumvarpinu að ætíð skuli leita tillagna og umsagnar villidýranefndar við setningu reglugerða, leyfisveitingar, veitingar undanþágna og við önnur stjórnvaldsfyrirmæli um villt dýr.

Villidýranefnd mun taka að sér þau verkefni sem fuglafriðunarnefnd hefur nú að frátalinni beinni þátttöku Íslands í Alþjóðafuglaverndarráðinu.

Um 4. gr.

Þessi grein kemur í stað þess hluta laga um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, sem fjallar um hlutverk veiðistjóra. Veiðistjóraembættið er fagleg stofnun og því er gert ráð fyrir að veiðistjóri hafi sérmenntun á sínu sviði. Veiðistjóra er ætlað að annast fyrir hönd umhverfisráðherra stýringu á stofnum villtra dýra sem valdið geta tjóni og aflétta má friðun á skv. VI. kafla frumvarpsins. Veiðistjóraembættið á einnig að stjórna öðrum aðgerðum sem komið geta í stað veiða til þess að forða tjóni.

Áhersla er lögð á að bæta þurfi þekkingu á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra sem tjóni geta valdið, sem og eðli og umfangi tjóns og leiðum til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Þetta verður aðeins gert með auknum rannsóknum. Eðlilegt er að þessi rannsóknastarfsemi sé stunduð af veiðistjóraembættinu í nánu samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Mikilvægt er að sem styst boðleið sé frá þeim sem rannsóknirnar

stunda til þeirra sem nýta niðurstöður þeirra til þess að koma í veg fyrir tjón. Á sama hátt er mikilvægt að boðleiðin sé stutt í hina áttina, þ.e. frá þeim sem skilgreina tjónið til þeirra sem skipuleggja og stunda rannsóknir á tjóni og dýrunum sem valda því. Til þess að ávallt sé leitað til færustu sérfræðinga vegna mismunandi rannsóknarþátta er tekið sérstaklega fram að samvinna skuli höfð við aðrar rannsóknastofnanir og aðra sérfróða aðila eftir því sem þörf krefur og um semst milli þessara aðila. Í gildandi lögum og reglugerðum er engum opinberum aðila ætlað að stunda rannsóknir á tjóni af völdum villtra dýra og hvernig koma megi í veg fyrir tjón af þeirra völdum. Lögin eiga að bæta úr því.

Mikilvægt er að boðleið sé stutt milli rannsóknaraðila og þeirra sem leiðbeina um veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón. Af þessum sökum er veiðistjóraembættinu falin umsjón með leiðbeiningum handa þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón. Við minkaveiðar er fátt mikilvægara en góðir veiðihundar og því er kveðið á um að veiðistjóraembættinu skuli heimilt að reka hundabú eins og það hefur reyndar gert undanfarna áratugi.

Þá er eðlilegt að veiðistjóri sem framkvæmdaraðili sé í nánu sambandi við bæði villidýranefnd og ráðuneyti og því er kveðið á um það í 5. mgr. þessarar greinar.

Fuglamerkingar hafa um áratuga skeið verið ein mikilvægasta aðferðin við rannsóknir á villtum fuglum. Gert er ráð fyrir að þær verði eins og áður í höndum Náttúrufræðistofnunar Íslands einnar og að skilaskylda á fuglamerkjum verði með sama hætti og kveðið er á um í gildandi lögum.

Um 5. gr.

Með tilliti til þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fuglafriðunarnefnd verði lögð niður en í hennar stað komi villidýranefnd með aukin umsvif þykir rétt að kveðið sé á um fulltrúaráð sem komi fram fyrir Íslands hönd gagnvart Alþjóðafuglaverndarráðinu, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 5. maí 1948. Villidýranefnd er ekki talin fullnægja þeim skilyrðum sem gera verður til þeirra fulltrúa sem koma fram fyrir hönd Íslands í Alþjóðafuglaverndarráðinu, heldur þykir rétt að slíkt fulltrúaráð verði skipað fulltrúum nefnda, samtaka og stofnana sem hafa fuglavernd á stefnuskrá sinni.

Um 6. gr.

Hér er sett sú grundvallarregla að öll villt spendýr, önnur en mýs, rottur og minkar, og allir villtir fuglar á Íslandi og innan íslenskrar landhelgi njóti verndar. Þetta á einnig við um þá fugla og spendýr sem hingað kunna að berast af sjálfsdáðum. Um vísvitandi innflutning dýra gilda lög um innflutning dýra, nr. 54/1990.

Önnur grundvallarregla, sem kemur fram í þessari grein, er sú að menn skuli sýna villtum dýrum og lífsvæðum þeirra nærgætni og forðast óþarfa truflanir. Tekið skuli tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra við gerð aðalskipulags, svæðaskipulags og aðra landnýtingu.

Um 7. gr.

Tvennt skal liggja til grundvallar því að heimilt sé að veiða villt dýr. Í fyrsta lagi skal gæta þess að viðkoma stofns vegi upp á móti veiðum að því marki að ekki sé hætta á útrýmingu. Í öðru lagi skal vera gild ástæða til veiðanna, annaðhvort að verið sé að nytja afurðir dýranna eða að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum. Auk þess getur umhverfisráðherra heimilað takmarkaðar veiðar í rannsóknarskyni, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis, sbr. 5. og 6. mgr.

Hægt er að setja eina eða fleiri reglugerðir um friðun, vernd eða heimildir til veiða á villtum dýrum. Í VI. kafla eru talin upp öll þau dýr sem heimilt er að aflétta friðun á með reglugerð. Þar skal koma fram til hvaða tegunda reglugerðin nær, á hvaða tímabili, hvar megi veiða þær og hvaða veiðiaðferðum megi beita. Einnig skal í reglugerðum kveðið á um hefðbundnar nytjar, svo sem æðarrækt, kópaveiði, lunda- og fýlaveiðar, eggnytjar á bjargfugli o.s.frv., og eru þær tegundir, sem þetta ákvæði á við, taldar upp í VII. kafla frumvarpsins.

Reglugerðir kveði á um aukna friðun fágætra tegunda, t.d. varðandi dvöl manna og myndatökur við hreiður, sbr. gildandi reglugerð nr. 97/1968, skrá yfir fágætar tegundir sem unnt er að vísa til þegar refsing er metin, sbr. 20. gr., skráningu og merkingu á sjaldgæfum dýrum sem eru til uppsett frá því fyrir gildistöku nýrra laga, skylduskil til opinberra náttúrugripasafna á dýrum sem finnast dauð eða ósjálfbjarga og skilgreiningu á hvað teljist opinber náttúrugripasöfn.

Umhverfisráðuneytið hefur samkvæmt grein þessari umsjón með útflutningi á villtum dýrum, enda var útflutningur villtra fugla undir stjórn menntamálaráðuneytis fyrir stofnun umhverfisráðuneytis. Sjálfsagt er að umhverfisráðuneyti hafi einnig umsjón með innflutningi í samráði við landbúnaðarráðuneyti, sbr. lög um innflutning dýra, nr. 54/1990, ef um er að ræða dýr sem gætu sest hér að eða dýr sem eru í útrýmingarhættu annars staðar í heiminum. Því er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglugerð um inn- og útflutning villtra fugla og villtra spendýra eða afurða þeirra, sem og um ham- og skinnatöku og uppsetningu dýra.

Eðlilegt er að í reglugerð verði tiltekið hvaða kröfur séu gerðar til þeirra sem hafa heimild til skinnatöku, hamtöku og uppsetningar villtra dýra. Í reglugerð verði einnig kveðið á um hvaða tegundir má setja upp, skráningu og auðkenningu skinna og hama villtra dýra, hamtöku og uppsetningu fágætra tegunda, skylduskil til safna og annað sem við á.

Mikilvægt er að umhverfisráðherra hafi heimild til þess að veita undanþágu frá friðunarákvæðum vegna vísindalegra rannsókna og þarfnast það ekki frekari skýringa. Þótt vitað sé að dýragarðar eða önnur söfn lifandi dýra hafi í mörgum tilvikum leitt hörmungar yfir þau dýr sem þar dvelja vegur þungt að dýragarðar geta haft mikið fræðslugildi, enda sé framfylgt ströngum reglum um starfsemi þeirra. Þá eru þess og allmörg dæmi erlendis frá að dýragarðar hafi orðið til þess að bjarga tegundum frá útrýmingu.

Vegna eðlis þess starfs við söfnun, skráningu og öflun almennra upplýsinga um dýralíf á Íslandi sem fram fer við Náttúrufræðistofnun Íslands er nauðsynlegt að stofnunin hafi heimild til þess að veiða fugla, friðaða sem ófriðaða, án sérstakra heimilda líkt og nú er skv. 2. mgr. 12. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966. Reynslan sýnir að þær aðstæður koma upp annað slagið að ekki er ráðrúm til að afla slíkra heimilda.

Víða um heim eru þekkt dæmi þess að dýrategundir, sem menn hafa flutt til nýrra heimkynna, hafi valdið miklum usla á náttúrunni þar sem lífríki var ekki lagað að tilvist þeirra. Þrátt fyrir grundvallarsjónarmið frumvarpsins um vernd villtra fugla og villtra spendýra getur sú staða komið upp að rétt þyki að útrýma tegund eða stofni dýra á Íslandi, sem ekki teljist til íslenska dýraríkisins, vegna tjóns sem hún valdi á náttúru landsins eða heilsu manna og dýra. Síðasta málsgrein 7. gr. heimilar umhverfisráðherra að taka ákvörðun um að stefnt skuli að útrýmingu tegundar sem flust hefur til Íslands af mannavöldum, enda telji villidýranefnd það bæði æskilegt og gerlegt. Hugsanlegt er t.d. að villiminkur fylli þennan flokk síðar ef tekst að finna aðferð til þess að útrýma honum.

Um 8. gr.

Ekki er talin ástæða til þess að breyta núgildandi reglum um aðgang almennings að veiðilendum eða veiðirétt landeigenda. Eignarréttarmál í almenningum og afréttum taka til mun fleiri þátta en nytjaréttar á dýrum. Taka þarf á þeim málum í heild, en til þess að nytjaréttarþátturinn verði ekki til þess að tefja framgang þessa frumvarps eru ákvæði greinarinnar efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

Í greininni er einnig heimild fyrir umhverfisráðherra að setja reglugerð um veiðar erlendra ferðamanna. Það hefur færst í vöxt að útlendingar komi til Íslands í því skyni að stunda hér skotveiðar og því er tæplega verjandi annað en að settar verði skýrar reglur í þessum efnum.

Um 9. gr.

Hér eru taldar upp þær veiðiaðferðir sem óheimilar eru og byggist upptalningin að mestu á ákvæðum *Alþjóðasamþykktar um fuglaverndun* (Parísarsáttmálans) sem Íslendingar hafa verið aðilar að síðan árið 1956 og *Samnings Evrópuráðsins um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu* (Bernarsáttmálans) sem Ísland er aðili að. Gert er ráð fyrir að undanþágur megi veita vegna veiða í vísindaskyni eða ef dýr valda tjóni og er það í samræmi við þessa sáttmála.

Um 10. gr.

Sú grundvallarregla er sett fram í þessari grein að veiðar á villtum fuglum og landspendýrum séu óheimilar á svæðum sem hafa verið friðlýst vegna dýralífs, sbr. lög um náttúruvernd, nr. 47/1971. Þó má aflétta tímabundið eða rifta þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund ef ráðgjafarnefnd ráðherra, villidýranefnd, mælir með því og Náttúruverndarráð samþykkir.

Sú regla skal og gilda að veiðimenn hirði bráð sína hvort sem dýr hefur verið veitt vegna afurðanna eða til þess að koma í veg fyrir tjón. Það mannúðarsjónarmið skal einnig gilda að veiðimaður geri allt sem í hans valdi standi til þess að aflífa særð dýr, jafnvel þótt hann þurfi að fara af því tilefni inn á landareign þar sem hann hefur ekki heimild til þess að veiða. Til þess að ákvæði þetta verði ekki notað sem skálkaskjól til veiðiþjófnaðar er talið rétt að veiðiréttareigandi verði eigandi bráðarinnar í þeim tilvikum.

Um 11. gr.

Íslendingar eru langt á eftir nágrannaþjóðum hvað varðar eftirlit með stofnum dýra sem veiðar eru stundaðar á. Hér á landi ætti að nægja að nefna dæmi af rjúpunni sem um árabil hefur verið tilefni deilna um áhrif veiða á stofnstærð. Vandinn er m.a. sá að engar upplýsingar eru fyrir hendi um árlega veiði eða fjölda þeirra veiðimanna sem stunda rjúpnaveiðar.

Erlendis er eftirlit m.a. fólgið í því að þeir sem vilja stunda veiðar skuli árlega afla sér veiðikorts sem er sönnun þess að þeir hafi skilað skýrslu um veiðar síðasta árs og greitt gjald í veiðisjóð. Veiðiskýrslur veita upplýsingar um heildarveiði og breytingar á veiði milli ára. Veiðigjald yrði notað til þess að standa straum af kostnaði við rannsóknir á villtum dýrum og til stýringar stofnum villtra dýra.

Rétt er að minna á að veiðidagbækur eru skylda við alla aðra veiði og ekki að ástæðulausu, sbr. lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og lög og reglur um fiskveiðar í sjó.

Brýnt er að útgáfu veiðikorta og veiðiskráningu verði komið á hér á landi hið allra fyrsta og því er ákvæði í þessari grein um að umhverfisráðherra skuli setja reglur þar að lútandi. Í reglugerð verði m.a. ákvæði um að veiðigjald geti verið mishátt eftir því hve víðtækt veiðikortið er, t.d. hvaða tegundir veiðimaður hyggst veiða á gildistímabili veiðikorts. Gert er ráð fyrir að hægt verði að gefa út takmarkaðri veiðikort til landeigenda sem nýta vilja hlunnindi á eigin landi eða þurfa að verjast tjóni af völdum villtra dýra með veiðum.

Íslendingar hafa einnig dregist aftur úr að því er varðar kröfur til hæfni veiðimanna. Hér á landi hefur löngum verið litið svo á að menn séu fæddir veiðimenn og þurfi eingöngu lágmarkstilsögn í meðhöndlun skotvopna, en hæfni veiðimanna er fólgin í fleiri atriðum en því að kunna að skjóta af byssu.

Árin 1990 og 1991 voru haldin í Reykjavík námskeið að tilstuðlan dómsmálaráðuneytisins þar sem tilsögn var m.a. veitt í vistfræði og náttúruvernd. Einnig hefur kennsla í meðferð skotvopna verið aukin. Hér hafa verið stigin skref í framfaraátt og námskeið af þessu tagi ber að efla enn frekar. Því er gert ráð fyrir heimild til handa umhverfisráðherra að gera kröfu um að allir þeir, sem heimild fái til að stunda veiðar, hafi sótt námskeið og lokið prófi er lýtur að þekkingu á villtum dýrum og umhverfi þeirra, sem og í hæfni til veiða.

Um VI. kafla.

Vegna ólíkra lífsháttа íslenskra spendýra og mismunandi hagsmuna mannsins gagnvart þeim er nauðsynlegt að hafa sérákvæði um einstakar tegundir. Gert er ráð fyrir að hægt sé að setja reglugerðir fyrir hverja tegund eða eina reglugerð fyrir tvær eða fleiri tegundir, sbr. ákvæði 7. gr. Einnig eru taldar upp þær fuglategundir sem heimilt er að aflétta friðun á.

Um 12. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er óheimilt að eyðileggja greni. Ástæðan er tvíþætt. Í fyrsta lagi má líta á eyðileggingu grenja sem náttúruspjöll, enda hafa mörg þeirra sennilega verið í notkun öldum eða jafnvel árþúsundum saman. Í öðru lagi gerir það grenjaskyttum erfitt um vik ef þekkt greni eru eyðilögð því að þá aukast líkur á að tófan notfæri sér óþekkt greni. Truflun af öllu tagi, sérstaklega með hundum, er einnig á allan hátt óæskileg og því er bann við truflun á grenjum sérstaklega áréttað hér. Þá er gert ráð fyrir að stjórnir sveitarfélaga haldi skrár um þekkt greni líkt og núgildandi lög um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, mæla fyrir um.

Samkvæmt 2. mgr. er það grundvallarregla að refir skuli friðaðir á grenjatíma þótt friðun hafi verið aflétt.

Í 3. mgr. er fjallað um þau svæði þar sem hætta á tjóni af völdum refa er slík, að mati umhverfisráðherra, að refaveiðar eru taldar nauðsynlegar. Þar skal grenjavinnsla stunduð á líkan hátt og gert er samkvæmt gildandi lögum og endurgreiðir þá ríkissjóður helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum. Sums staðar háttar svo til að hægt er að ná sama árangri með miklu minni tilkostnaði með veiðum að vetrarlagi. Þetta á einkum við um heiðalönd og önnur svæði fjarri byggð þar sem refir hafa ekki aðgang að smálömbum og því tiltölulega lítil hætta á að refir bíti. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir að sveitarstjórn og veiðistjóri geti komið sér saman um að innan tiltekinnar fjarlægðar frá byggð verði stunduð grenjaleit og grenjavinnsla en fjær byggð verði skipulagðar vetrarveiðar.

Þá er gert ráð fyrir að aðrir en veiðimenn, sem til þess séu ráðnir, fái ekki að veiða refi á grenjatíma. Ástæðan er m.a. sú að oft hefur orðið mikill kostnaður af því er menn skjóta dýr af grenjum án vitundar grenjaskyttna. Þó telur nefndin nauðsynlegt að sauðfjárbændur og æðarræktendur geti veitt hlauparefi sem þeir telja að stofni sauðfé eða æðarvarpi í hættu.

Um 13. gr.

Ákvæði um minkaveiðar eru að mestu í samræmi við gildandi lög en þó sveigjanlegri. Þannig verður ekki lengur skylt að leita minka um allt land. Með því móti verður væntanlega hægt að beina mestu fjármagni þangað sem tjón af völdum minka er mest.

Ákvæðum um ýmis framkvæmdaratriði er sleppt frá fyrri lögum og gert ráð fyrir að þau verði í reglugerð.

Um 14. gr.

Hreindýr hafa nokkra sérstöðu í lífríki Íslands þar eð í upphafi voru þau gjöf til Íslendinga. Samkvæmt áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands, dags. 12. apríl 1991, sem unnið var að frumkvæði umhverfisráðuneytis, er hreindýrastofninn á Íslandi „ekki háður beinum eignarrétti í einkaréttarlegum skilningi, hvorki ríkisins né annarra". Þá hefur löggjafinn „víðtækar heimildir til að setja reglur um meðferð og nýtingu hreindýrastofnsins, þar á meðal að kveða á um skipulag á veiðum. Réttur, sem sveitarfélög á Austurlandi hafa haft til nýtingar stofnsins í skjóli reglna sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 28/1940, sbr. lög nr. 75/1954, setur löggjafanum ekki skorður í því efni." Loks segir í ályktunum Lagastofnunar að samkvæmt íslenskum rétti verði „bótaskylda ríkisins af völdum hreindýra ekki reist á víðtækari eða strangari bótareglum en leiða má af sakarreglunni".

Sérstakar reglur þurfa að gilda um veiðar og rannsóknir á hreindýrum, sem og um tjón og arð af hreindýrum. Nauðsynlegt er talið að lögfesta ákvæði um sérstaka nefnd, hreindýraráð, sem hafi umsjón með hreindýraveiðum fyrir hönd umhverfisráðherra og verði honum til ráðgjafar við hvaðeina sem lýtur að friðun, vernd og nýtingu á hreindýrastofninum. Gert er ráð fyrir að rekstur ráðsins og rannsóknir á hreindýrastofninum verði fjármagnaðar með sérstöku gjaldi sem greiða skal af hverju felldu hreindýri og umhverfisráðherra ákveður.

Í 1. mgr. er nytjaréttur á hreindýrum og eignarréttur lands aðskilinn og er það frávik frá meginreglu þeirri sem gildir um nytjarétt, sbr. 8. gr. Þetta er nauðsynlegt að gera m.a. í ljósi þess að tjón af völdum hreindýra er fyrst og fremst að vetrarlagi, en hreindýrin halda sig oft á öðrum svæðum þá en á haustin þegar æskilegt er að veiða þau.

Um 15. gr.

Veiðar á rottum og músum með gildrum verða öllum heimilar eins og áður, en þó er gert ráð fyrir að villidýranefnd þurfi að samþykkja hvaða gerðir af gildrum sé heimilt að nota, sbr. 9. gr.

Einnig er gert ráð fyrir að heilbrigðisnefnd sjái um skipulega fækkun á rottum og músum eins og áður en sú breyting gerð á að samráð verði haft við umhverfisráðherra um þau ákvæði heilbrigðisreglugerða er fjalla um notkun eiturs til þeirra verka.

Um 16. gr.

Engin heildarlöggjöf er í gildi um seli og rostunga eða veiðar á þeim við Ísland. Samkvæmt frumvarpinu eru rostungar alfriðaðir en ráðherra getur samkvæmt tillögum sjávarútvegsráðherra sett reglugerð sem heimilar skotveiðar á fjórum tegundum sela. Ætlast er til að í reglugerð verði tilgreind þau svæði og árstímar þegar veiði er heimiluð á hverri tegund fyrir sig, að teknu tilliti til hefða og staða þar sem selur getur valdið tjóni í og við laxveiðiár. Um hefðbundna kópaveiði er fjallað í 19. gr.

Sjávarútvegsráðherra er ætlað að hafa umsjón með og stjórna þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum. Veiðistjóraembættið annast fyrir hönd umhverfisráðherra stýringu á stofnum annarra villtra dýra sem valdið geta tjóni og aflétta má friðun á skv. VI. kafla frumvarpsins.

Um 17. gr.

Eftirlit með veiðum á ísbjörnum í þeim löndum, þar sem þeir eiga heimkynni, er mjög strangt og gerðu Norðmenn, Danir (fyrir hönd Grænlendinga), Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Sovétmenn með sér samkomulag um vernd þeirra árið 1973. Ísbirnir slæðast stundum með hafís til Íslands þótt þeir gangi ekki alltaf á land. Rétt þykir að styrkja viðleitni fyrrgreindra þjóða með því að banna veiðar á ísbjörnum á hafís eða á sundi með tilliti til þess að í flestum tilvikum má gera ráð fyrir að þeir hverfi á braut án þess að valda hættu hér á landi.

Gangi ísbirnir á land gegnir öðru máli. Þá er eðlilegt að heimilt sé að fella þá en áhersla er á það lögð að til veiðanna séu notuð heppileg vopn eftir því sem hægt er.

Með tilliti til þess að þær aðstæður geta skapast að umhverfisráðherra telji heppilegra að fanga ísbjörn sem gengið hefur á land og flytja þangað sem mönnum og búfénaði stafar ekki hætta af honum er nauðsynlegt að hafa í frumvarpinu ákvæði um heimild til slíkra aðgerða.

Ólíkt því sem gilt hefur til þessa er felldur ísbjörn eign þjóðarinnar og skal samkvæmt því færður Náttúrufræðistofnun til rannsóknar, enda beri ríkissjóður kostnað við veiðarnar og flutning dýrsins. Stofnunin getur hins vegar ráðstafað honum að rannsókn lokinni, t.d. til safns eða skóla í því byggðarlagi þar sem hann veiddist.

Um 18. gr.

Tilgreindar eru þær fuglategundir sem aflétta má friðun á og setja allstranga ramma um þann tíma árs sem umhverfisráðherra er heimilt að aflétta friðun. Rammi þessi er að mestu sniðinn eftir gildandi lögum um veiðitíma fugla. Gert er ráð fyrir því að um þetta verði sett reglugerð þar sem í ýmsum tilvikum verði leyfður styttri veiðitími en heimilaður er samkvæmt frumvarpinu.

Þá þykir rétt að ítreka að sýnd skuli varúð og nærgætni í grennd við fuglabjörg.

Um 19. gr.

Hlunnindi ýmiss konar hafa frá alda öðli verið mikilvægur þáttur í lífsafkomu Íslendinga og skipt sköpum fyrir sum byggðarlög. Flest þessara hlunninda skipta litlu máli fyrir afkomu manna nú á tímum. Þrátt fyrir það er ekki ástæða til að afnema rétt veiðirétthafa til þeirra, enda er ekkert sem bendir til þess að hefðbundin nýting hafi stefnt umræddum stofnum í hættu sé litið til landsins í heild þótt staðbundin vandamál vegna ofnýtingar kunni að vera til staðar.

Í 1. mgr. er fjallað um friðlýst æðarvarp. Áður var gert ráð fyrir þeirri breytingu frá 9. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, að bannað væri, án leyfis varpeiganda, að leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ½ km frá stórstraumsfjörumáli en í lögunum er miðað við ¼ km. Í þessu frumvarpi er miðað við 250 m eins og áður. Í ljósi þeirra athugasemda, sem fram hafa komið, þykir rétt að láta ákvæði gildandi laga gilda áfram. Þá er ætlunin að í reglugerð verði ákvæði um framkvæmd friðlýsingar og skilgreiningu æðarvarps.

Kveðið er skýrt á um að þar sem veiði fullvaxinna svartfugla í háf telst til hefðbundinna hlunninda, eins og í Vestmannaeyjum og Grímsey, skuli friðunarákvæði ekki vera þessari veiði til fyrirstöðu.

Um töku andar- og gæsareggja gilda þau ákvæði að minnst skuli skilin eftir fjögur egg í andarhreiðri og tvö í gæsarhreiðri. Auk skeiðandar, skutulandar og straumandar, sem eru undanskildar þessu ákvæði samkvæmt gildandi lögum, eru samkvæmt frumvarpinu gargönd, hrafnsönd og gulönd einnig undanskildar þessu heimildarákvæði. Þá er heimilt að taka heiðagæsaregg samkvæmt þessari grein, en það er ekki heimilt samkvæmt lögum nr. 33/1966.

Bann er lagt við því að veiðirétthafi dreifi andareggjum til annarra hvort sem er með sölu eða gjöfum. Þetta er breyting frá gildandi lögum en til þessa hefur fáeinum aðilum verið heimilt að flytja út andaregg en þó ekki æðaregg.

Gert er ráð fyrir óbreyttum heimildum til hefðbundinnar nýtingar ýmissa fuglategunda, sem og til hefðbundinnar veiði landsels- og útselskópa, en eigandi veiðiréttar skal afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að dómarar líti til skilgreininga í reglugerðum á því hvað teljist vera sjaldgæf eða fágæt tegund við ákvörðun refsingar fyrir brot á lögunum, en ákvæðið er nýtt.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Æskilegt er að lögin taki gildi í ársbyrjun 1994. Þannig verður hjá því komist að ný lög taki gildi á helstu veiðitímum fugla eða á grenja- og hreindýraveiðitíma.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

Helstu breytingar frá gildandi lögum samkvæmt frumvarpinu felast í því að hér er á ferðinni heildarlöggjöf um stýringu á veiðum og eftirliti með villtum spendýrum og fuglum á Íslandi og að þannig falli niður ákvæði fjölmargra laga er varða ofangreint málefni.

Kostnaðaráhrif frumvarpsins fyrir ríkissjóð eru af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða breytingar á skuldbindingum um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs vegna veiða á refum og minkum, aukin umsvif embættis veiðistjóra vegna aukinna rannsókna á villtum dýrum í samráði og samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og stofnun sjö manna nefndar, villidýranefndar, sem verði umhverfisráðherra til ráðuneytis um málefni er snerta framkvæmd laganna. Hins vegar er um að ræða tekjuöflun með sölu veiðileyfakorta og gjaldtöku fyrir veiðar á hreindýrum.

Ákvæði 12. og 13. gr. frumvarpsins, sem fjalla um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við veiðar á refum og minkum, breytast þannig frá lögum nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, að hlutur ríkissjóðs í kostnaðinum lækkar úr 75% í 50%. Þá er gert ráð fyrir meiri stýringu á þessum veiðum í framtíðinni sem gæti leitt til frekari lækkunar á kostnaði. Með lögum nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, voru sett sambærileg ákvæði, nema hlutdeild ríkissjóðs var áfram 75% hjá sveitarfélögum þar sem kostnaðurinn varð umfram 3.000 kr. á íbúa. Sú ráðstöfun lækkaði kostnað ríkissjóðs við veiðarnar úr um 40 m.kr. í um 30 m.kr. Ákvæðunum var breytt lítillega í lánsfjárlögum fyrir árið 1993 þannig að mörkin fyrir 75% hlutdeild ríkissjóðs voru dregin við sveitarfélög með kostnað umfram 4.000 kr. á íbúa, auk þess sem endurgreiðslur falla niður í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000. Áætlað er að sú breyting lækki kostnaðinn um 2 m.kr. til viðbótar í ár.

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins um auknar rannsóknir á villtum dýrum og fuglum fela í sér að kostnaður við rekstur embættis veiðistjóra mun hækka á næstu árum.

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins um skipun sjö manna villidýranefndar hefur að líkindum allt að 0,5 m.kr. kostnað í för með sér, en á móti verður fuglafriðunarnefnd lögð niður.

Ákvæði 11. gr. frumvarpsins um að allir sem ætli að stunda veiðar þurfi til þess tilskilið leyfi gegn greiðslu fyrir veiðikort felur í sér nýja tekjuöflun. Ef t.d. gert er ráð fyrir að 15.000 manns kaupi kort og að kortið kosti 1.000 kr. verða tekjur 15 m.kr. Á móti hlýst nokkur kostnaður við eftirlit með veiðum og skráningu og úrvinnslu upplýsinga sem skilað er inn vegna kvaða þar að lútandi við endurnýjun veiðikorts. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins skal verja tekjunum til að standa undir rannsóknum og stýringu á veiðum. Að mati fjármálaráðuneytisins er óráðlegt að marka tekjustofna með þessum hætti, fremur skuli ákvarða í fjárlögum hverju sinni framlag til tiltekinna verkefna.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta má ætla að skuldbindingar ríkissjóðs vegna þessa málaflokks lækki um rúmlega 10 m.kr. miðað við þá löggjöf sem gilti á árinu 1991. Lækkunin skýrist að mestu af minni kostnaði ríkissjóðs vegna veiða á refum og minkum, en sú lækkun hefur raunar þegar átt sér stað með tímabundnum breytingum á gildandi lögum um veiðarnar.

224. Fyrirspurn [202. mál]

til iðnaðarráðherra um endurskoðun orkuöflunar- og orkudreifingarkerfa landsmanna.

Frá Sveini Þór Elinbergssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir úttekt og endurmati á orkuöflunar- og orkudreifingarkerfum landsmanna, hvað snertir skipulag, eignarhald og rekstrarfyrirkomulag þessara fyrirtækja með sérstöku tilliti til þess ójafnaðar er ríkir í húshitunarkostnaði eftir búsetu í landinu?

Skriflegt svar óskast.

225. Fyrirspurn [203. mál]

til sjávarútvegsráðherra um kvótaviðskipti og eignarhald kvóta.

Frá Sveini Þór Elinbergssyni.

1. Hverjir voru 20 stærstu eignarhaldsaðilar aflaheimilda við lok fiskveiðiáranna 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 og 1. september 1992 til 31. ágúst 1993 og hversu mikið var í eigu hvers og eins, sundurliðað í tonnum og þorskígildum hvort ár fyrir sig?
2. Hvert er áætlað núvirði þessara aflaheimilda hjá hverjum eignarhaldsaðila fyrir sig?
3. Hvert var umfang kvótaviðskipta þessi sömu ár, þ.e. samanlagt söluverð annars vegar og aflamagn í tonnum og þorskígildum hins vegar?

Skriflegt svar óskast.

226. Frumvarp til laga [204. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, er verður 5. tölul., sem orðast svo: Að veita aðstandendum fanga sérhæfða þjónustu, svo sem félagsráðgjöf og sálfræðiaðstoð.
b. 5. tölul., er verður 6. tölul., orðast svo: Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta, svo sem heilbrigðisþjónusta, prestþjónusta og sálfræðiþjónusta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er gert ráð fyrir að meðal lögbundinna verkefna Fangelsismálastofnunar verði að veita aðstandendum fanga sérhæfða þjónustu, svo sem félagsráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Ákvæði þar að lútandi bætist við sem nýr 5. tölul. 2. gr. laganna. Þá er orðalagi núverandi 5. tölul. breytt til samræmis og verður hann 6. tölul.

Starfsmenn Fangelsismálastofnunar hafa fram til þessa reynt eftir mætti að veita aðstandendum fanga þá sérhæfðu þjónustu sem hér er lagt til að verði eitt af lögbundnum verkefnum stofnunarinnar. Aðstandendur fanga eiga oft við svipuð andleg og félagsleg vandamál að glíma og fangarnir sjálfir og leita aðstoðar sérfræðinga Fangelsismálastofnunar. Nú starfar einn sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun. Hlutverk hans samkvæmt lögum er að veita föngum sérfræðiaðstoð. Jafnframt hefur það komið í hans hlut, sem og annarra starfsmanna stofnunarinnar, að sinna aðstandendum fanga. Það segir sig sjálft að einn sálfræðingur nær engan veginn að anna þeirri þörf sem fyrir hendi er í fangelsunum sjálfum fyrir þessa sérhæfðu þjónustu, hvað þá að sinna öllum þeim aðstandendum fanga sem til stofnunarinnar leita.

Með samþykkt þessa frumvarps yrði það eitt af lögbundnum verkefnum Fangelsismálastofnunar að veita þessum aðstandendum sérhæfða þjónustu, félagsráðgjöf og/eða sálfræðiþjónustu. Samþykkt þess felur í sér að heimila þarf stöðugildi starfsmanns, félagsráðgjafa eða sálfræðings, til viðbótar þeim stöðugildum sem nú er heimild fyrir. Kostnaður við það mun vera um það bil 2 millj. kr. á ári.

227. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur maður lokið samfelldri afplánun refsivistar sem staðið hefur a.m.k. síðustu 12 mánuði, að meðtalinni gæsluvarðhaldsvist, og skal hann þá hafa rétt til atvinnuleysisbóta þó að hann uppfylli ekki skilyrði 3. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, enda uppfylli hann önnur skilyrði til greiðslu bótanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, sem samþykkt voru á síðasta vori, er gert ráð fyrir að hafi einstaklingur verið sviptur frelsi sínu með dómi geti hann geymt áunninn rétt til atvinnuleysisbóta í allt að tvö ár á meðan á afplánun dóms stendur. Hins vegar er ljóst að fæstir þeirra sem afplána dóm um lengri eða skemmri tíma hafa stundað vinnu reglubundið. Í þeim tilvikum er því ekki um neinn áunninn rétt að ræða sem

þessir einstaklingar geta nýtt sér að aflokinni fangelsisvist. Því er hér lagt til að lögum um atvinnuleysistryggingar verði breytt til hagsbóta fyrir þá sem koma atvinnulausir úr fangelsi.

Eins og lögum um atvinnuleysistryggingar er nú háttað verða menn að uppfylla lágmarksvinnustundafjölda á síðustu 12 mánuðum til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Ekki er að finna í lögum neina undanþágu frá því ákvæði sem um ræðir, þ.e. 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna, til hagsbóta fyrir þá sem er ókleift að uppfylla þetta skilyrði vegna þess að þeir hafa verið sviptir frelsi sínu með refsidómi á umræddu tímabili. Ekki er þó nein ástæða til að ætla að fyrir löggjafanum hafi vakað að gera rétt manna minni fyrir það að þeir hafi setið af sér refsidóm.

Ekki er eðlilegt að láta menn uppfylla skilyrði ákvæðisins með þeirri vinnu sem stendur til boða í fangelsum, enda er sjaldnast um að ræða fullan vinnudag. Þá er, vegna aðstæðna í fangelsunum, ekki vinnu að hafa í þeim öllum. Fangar geta að auki ekki ráðið sjálfir í hvaða fangelsi þeir afplána refsingu sína heldur er sú ákvörðun tekin af Fangelsismálastofnun ríkisins.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að þeir sem hafa afplánað skemmri dóm en eitt ár geti unnið sér inn rétt til atvinnuleysisbóta á þann hátt. Gert er ráð fyrir að undanfarandi gæsluvarðhald teljist til afplánunar í þessu sambandi ef afplánun kemur í beinu framhaldi og viðkomandi hefur ekki verið frjáls maður á milli gæsluvarðhalds og afplánunar. Einnig er gert ráð fyrir að einungis með samfelldri afplánun geti maður aflað sér réttarins á þennan hátt.

228. Fyrirspurn [206. mál]

til sjávarútvegsráðherra um störf hringormanefndar.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Starfar hringormanefnd, sem skipuð var í ágúst 1979, enn í umboði sjávarútvegsráðherra?
2. Ef svo er, hver er kostnaður við störf nefndarinnar og eftir hvaða forsendum eru upphæðir „verðlaunaveitingar“ fyrir selveiðar ákveðnar?
3. Ef svo er ekki, hver ber ábyrgð á störfum nefndarinnar og hvaða heimildir, lagalegar eða aðrar, hefur nefndin til þess að hvetja til selveiða með „verðlaunaveitingum“?
4. Hver er niðurstaða og árangur af störfum þeirrar nefndar sem skipuð var 1979 og hringormanefndar sem starfar nú samkvæmt skipunarbréfi nefndarmanna frá 1979:
   a. af rannsóknum og tilraunum til þess að leita lausnar á þeim vanda sem hringormar í fiski valda íslenskum fiskiðnaði og hvar hafa niðurstöður af þeim rannsóknum og tilraunum birst;
   b. af rannsóknum á selastofnum við Ísland og hvar hafa niðurstöður þessara rannsókna birst?
5. Eru störf hringormanefndar tengd fjölstofnaverkefni Hafrannsóknastofnunar? Ef svo er, hvert er hlutverk hringormanefndar í því samstarfi?
6. Hve oft hafa stofnstærðir sela verið áætlaðar eða selir taldir frá því að hringormanefndin var skipuð 1979? Hverjir hafa staðið fyrir þeim áætlunum og talningu í hvert skipti og hvaða breytingar hafa orðið á stærð selastofna og dreifingu þeirra á þessum tíma?

7. Hve margir selir hafa verið veiddir síðan 1979 fyrir tilstuðlan hringormanefndar, skipt niður á ár og fjölda í hverjum landshluta?
8. Hvernig er háttað stjórn og eftirliti með selveiðum?
9. Hefur sá vandi, sem hringormar í fiski valda íslenskum fiskiðnaði, minnkað frá því að hringormanefnd var skipuð 1979? Ef svo er, hversu mikið hefur hann minnkað og hvernig fer sú mæling fram?

Skriflegt svar óskast.

229. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í tengslum við kjarasamninga 21. maí sl. gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í þeim tilgangi að ná víðtækri samstöðu um kjarasamninga til ársloka 1994. Minni hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að ríkisvaldið sé í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins í efnahags- og kjaramálum og leggst því ekki gegn efnisatriðum frumvarpsins sem ganga út á að uppfylla skyldur ríkisins í þessu sambandi. Minni hlutinn telur hins vegar að rétt hefði verið að kalla Alþingi saman til að afgreiða löggjöf hér að lútandi. Ekkert samráð var haft við fjárlaganefnd eða efnahags- og viðskiptanefnd við afgreiðslu málsins. Það er á allan hátt óeðlilegt að framkvæmdarvaldið skipti fjárveitingum án samráðs við Alþingi og það jafnvel milljörðum króna eins og gerst hefur hvað eftir annað í tíð núverandi ríkisstjórnar. Óþarfi ætti að vera að minna á í þessu sambandi að nú situr Alþingi allt árið og kalla má nefndir þess, sem og þingið sjálft, saman til fundar með litlum fyrirvara. Meðferð núverandi stjórnarflokka á bráðabirgðalagavaldinu er ámælisverð, en því hefur verið beitt við aðstæður þegar nægur tími var til að kveðja þing saman og engin knýjandi nauðsyn var á tafarlausri lagasetningu.

Af þessum ástæðum mun minni hlutinn sitja hjá við afgreiðslu málsins. Einnig hafa verið uppi efasemdir um að ríkisstjórnin hafi staðið við þær yfirlýsingar sem gefnar voru í tengslum við kjarasamninga.

Í tengslum við endurskoðunarákvæði samninganna hefur verkalýðshreyfingunni að vísu tekist að knýja fram efndir á ýmsum ákvæðum og lítill vafi er á því að hótun um uppsögn kjarasamninga leiddi til þess að loksins var gripið til aðgerða gagnvart vaxtaokrinu. Verkalýðshreyfingin fékk því einnig áorkað að ríkisstjórnin hætti við eða breytti a.m.k. áformum sínum um nýjar álögur, svo sem hinn nýja atvinnuleysisskatt og heilsukortin, en með þeim átti að selja mönnum aðgang að heilbrigðiskerfinu.

Þetta leiddi til þess að ekki varð af þeirri uppsögn samninganna sem áður lá í loftinu en það breytir ekki því að framganga ríkisstjórnarinnar og öll málsmeðferð er ámælisverð.

Allt frá miðju sumri 1992 til vors 1993 hélt stjórnarandstaðan því ítrekað fram að nauðsynlegt væri að koma til móts við þá aðila sem urðu fyrir mestum aflabresti á fiskveiðiárinu 1992–93 með því að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs án endurgjalds. Þessu var neitað af fulltrúum stjórnarflokkanna á Alþingi og meiri hluti sjávarútvegsnefndar kom í veg fyrir að frumvörp um þetta efni væru afgreidd frá nefndinni í þinglok. Það er því mjög óeðlilegt að gefin séu út bráðabirgðalög um sama efni fáeinum vikum síðar þegar fyrir lá

að nauðsynlegt var að afgreiða málið við þinglok. Afgreiðslu var fyrst og fremst neitað vegna þess að tillögur um þetta efni komu frá stjórnarandstöðunni.

Aflaheimildir á árinu 1993–94 eru enn minni en árið áður og því er meiri ástæða en fyrr til að jafna það áfall sem fiskveiðiflotinn og sjávarbyggðirnar hafa orðið og munu verða fyrir. Ríkisstjórnin lofaði að leggja fram frumvarp strax í þingbyrjun um svokallaðan Þróunarsjóð og hafði skuldbundið sig til að afgreiða málið svo fljótt sem mögulegt yrði. Frumvarp hefur enn ekki komið fram, enda málið í miklu uppnámi hjá stjórnarflokkunum. Nú er senn kominn miður nóvember og því tveir og hálfur mánuður síðan stjórn Hagræðingarsjóðs átti samkvæmt gildandi lögum að hefja sölu á veiðiheimildum.

Í því sambandi má benda á að stjórn sjóðsins taldi sig ekki geta orðið við þeim tilmælum haustið 1992 að víkja frá lagaskyldum og fresta sölu veiðiheimilda meðan gengið væri endanlega úr skugga um hvort vilji væri til að úthluta þeim til jöfnunar án endurgjalds. Það er því algjörlega nauðsynlegt að veita nú þegar heimild til að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs til þeirra sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu.

Í breytingartillögu á þskj. 230 leggur minni hlutinn til að heimilt verði að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs á yfirstandandi fiskveiðiári með sambærilegum hætti og stjórnarandstaðan lagði til fyrir fiskveiðiárið 1992–93.

Alþingi, 9. nóv. 1993.

Halldór Ásgrímsson, form. Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

230. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til l. um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (HÁ, SJS, JGS, KÁ).

Á eftir 8. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (9. gr.)

Aflaheimildum Hagræðingarsjóðs vegna fiskveiðiársins 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 skv. 5. gr. laga nr. 65/1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, skal, að frádregnum þeim aflaheimildum sem sveitarstjórnir kunna að neyta forkaupsréttar á skv. 7. gr. sömu laga, úthlutað án endurgjalds til þeirra fiskiskipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári.

Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum meðan þær endast til þeirra skipa sem verða fyrir mestri skerðingu á milli fiskveiðiáranna þannig að skerðing umfram tiltekin mörk verði að fullu bætt, sbr. 10. gr. Skal aflaheimildum skipt milli tegunda í hlutfalli við samsetningu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og úthlutað þannig til einstakra skipa.

b. (10. gr.)

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir fiskveiðiárið er hófst 1. september 1992 og hins vegar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips af hverri tegund 1. september

1993. Skal miðað við úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki fiskveiðiársins 1. september 1992 til 31. ágúst 1993. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs, sbr. bráðabirgðalög nr. 86/1993. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla, sbr. 5. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 274/1993. Sú hlutfallslega breyting, sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III.

231. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um græn símanúmer hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Egill Jónsson, Vilhjálmur Egilsson,
Matthías Bjarnason, Tómas Ingi Olrich,
Sturla Böðvarsson, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að sett verði upp græn símanúmer í öllum ráðuneytum Stjórnarráðsins og helstu stofnunum ríkisins svo að auðveldara og hagkvæmara verði fyrir þá landsmenn sem búa utan höfuðborgarsvæðisins að ná til æðstu starfsmanna stjórnsýslunnar með sín mál.

Greinargerð.

Mikil breyting hefur orðið á uppbyggingu gjaldskrár fyrir símtöl innan lands. Taxti fyrir langlínusamtöl hefur lækkað mikið, en taxti fyrir staðarsímtöl hækkað lítillega. Af þessum sökum lækkaði símakostnaður innan lands að raungildi um 13% frá meðaltali 1987 til ársins 1992 ef miðað er við framfærsluvísitölu. Þegar verst lét var hlutfall innanbæjarsamtala og hinna dýrustu langlínusamtala allt að einum á móti ellefu en er nú komið niður í einn á móti fjórum. Jafnframt hefur gjaldflokkssvæðum verið breytt til þess að jafna símakostnað notenda.

Engu að síður er það svo að símakostnaður er almennt hærri úti á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Eðli málsins samkvæmt þurfa landsbyggðarbúar meira að nota langlínusamtöl sem eru dýrari en staðarsímtölin. Verulegur hluti allrar almennrar þjónustu, jafnt opinberrar sem annarrar þjónustu, er staðsettur á höfuðborgarsvæðinu og þangað þarf landsbyggðarfólk tíðum að leita, margvíslegra erinda. Af því hlýst töluverður kostnaður sem um munar í pyngju fólks og fyrirtækja á landsbyggðinni.

Þetta á ekki síst við um erindi sem menn reka gagnvart opinberum stofnunum og ráðuneytum. Ekki er óalgengt að fólk þurfi að hringja mörg símtöl áður en niðurstaða fæst af málaleitan þess. Algengt er að fólk þurfi að bíða eftir viðtali með ærnum tilkostnaði.

Fyrir allnokkrum árum tók Póstur og sími að bjóða upp á svokölluð „græn símanúmer“. Þegar fólk hringir í slík númer greiðir það aðeins fyrir samtölin sem þau færu fram innan bæjar eða á taxta staðarsímtala. Mismuninn greiða eigendur viðkomandi númera. Í upphafi varð vart við nokkurn áhuga á þessu fyrirkomulagi, en því miður hefur allt of hægt gengið að útbreiða það.

Samkvæmt upplýsingum frá Pósti og síma eru 73 slík græn símanúmer í notkun hér á landi og eru þau öll staðsett á höfuðborgarsvæðinu, allflest í Reykjavík. Þá eru dæmi um að erlendir aðilar hafi boðið upp á slíka þjónustu hér á landi.

Því miður er það svo að almenningur nýtir þessa möguleika ótrúlega lítið. Á því eru augljósar skýringar. Þessi kostur hefur almennt ekki verið nægjanlega kynntur og fyrirtæki og stofnanir vekja sjaldnast mikla athygli á því að upp á hann sé boðið. Öðru máli gegnir í þeim takmörkuðu tilvikum þar sem rækileg athygli hefur verið vakin á hinum „grænu símanúmerum“. Þar er notkunin mun meiri.

Með því að fara yfir meðfylgjandi lista um úthlutun grænna númera kemur í ljós að sárafáar ríkisstofnanir bjóða upp á þessa símaþjónustu. Af honum má sjá að aðeins sex stofnanir ríkisins gefa viðskiptavinum sínum kost á að nota græn númer. Nokkrar stofnanir skera sig þó úr og bjóða fram þessa þjónustu (sjá fylgiskjal). Hvað varðar Stjórnarráðið sérstaklega hafa eingöngu ráðuneyti samgöngumála og landbúnaðar yfir grænum símanúmerum að ráða. Alþingi, sjálf löggjafarsamkoman, hefur ekki grænt símanúmer upp á að bjóða. Þá vekur það athygli að hvorugur ríkisbankanna og enginn sparisjóður býður viðskiptavinum sínum þessa þjónustu, en skylt er að geta þess að menn eiga þess kost að hringja í grænt símanúmer vilji þeir nota sér þjónustusíma banka og sparisjóða er veitir upplýsingar um stöðu innlánsreikninga.

Það ætti og að vera metnaðarmál þeirra einkafyrirtækja, sem eiga viðskipti út um landsbyggðina, að gefa viðskiptavinum sínum kost á að hringja í græn símanúmer. Er það vel að ýmis þeirra hafa sýnt þessu skilning og það jafnvel meiri skilning en ríkisstofnanir almennt.

Því er tvímælalaust ástæða til að hvatt sé til þess að ríkisstofnanir og ráðuneyti komi sér undantekningarlaust upp grænum símanúmerum svo að auðveldara verði og hagkvæmara fyrir landsmenn sem búa utan höfuðborgarsvæðisins að ná til æðstu starfsmanna stjórnsýslunnar með sín mál. Ástæða er líka til þess að undirstrika að slíkt fyrirkomulag á vitaskuld að ríkja á útibúum og skrifstofum þessara stofnana sem aðsetur hafa utan höfuðstöðva þeirra, svo sem hjá Ríkisútvarpinu og Vegagerð ríkisins svo dæmi séu nefnd.

Fylgiskjal.

UPPLÝSINGAR FRÁ PÓSTI OG SÍMA

Yfirlit yfir úthlutun á grænum númerum.
(1. nóvember 1993.)

Rétthafar	Græn númer
Íslenskur hugbúnaður, Sigluvogi 14	996000
Ísól hf., Ármúla 17	996123
Söludeild sérbúnaðar, Ármúla 27	996360
Söludeild, Kringlunni 8–12	996690
Reiknistofa bankanna, Kalkofnsvegi 1	996444
Rekstrarvörur, Réttarhálsi 2	996554
Byggðastofnun, Rauðarárstíg 25	996600
Lánasjóður íslenskra námsmanna, Laugavegi 77	996665
Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa, Hverfisgötu 6	996699
Íslandsbanki, Kringlunni 7	996786
Landbúnaðarráðuneytið, Rauðarárstíg 25	996800
Samgönguráðuneytið, Tryggvagötu	996900
Skipulag ríkisins, Laugavegi 166	996100
Ístækni hf., Ármúla 34	996891
Húsnæðisstofnun ríkisins, Suðurlandsbraut 24	996969
Johan Rönning hf., Sundaborg 15	996400
Álnabær, Síðumúla 32	996770
Goði hf., Kirkjusandi við Laugarnesveg	996366
Sindra-Stál hf., Borgartúni 31	996222
Bjarni Þ. Halldórsson, umboðs- og heildverslun, Skútuvogi 11	996277
Byggingavöruverslun Kópavogs, Nýbýlavegi 6	996410
Græna bókalínan sf., Hafnarstræti 5	996633
Nýherji hf., Skaftahlíð 24	996977
Vinalínan, Tjarnargötu 35	996464
Vegagerð ríkisins, Borgartúni 5–7	996314
Vegagerð ríkisins, vegaeftirlit, Borgartúni 5–7	996315
Vegagerð ríkisins, vegaeftirlit, símsvari, Borgartúni 5–7	996316
Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn, Lágmúla 4	996300
Póstur og sími, umdæmi V, Kirkjustræti	996363
G.J. Fossberg hf., vélaverslun, Skúlagötu 63	996560
Íslensk getspá, Íþróttamiðstöðinni Laugardal	996511
Hjálpartækjabanki RKÍ og Sjálfsbjargar, Hátúni 12	996233
Kvennaráðgjöfin, Vesturgötu 3	996215
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan, Borgartúni 18	996660
Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Suðurlandsbraut 30	996665
Málning hf., Funahöfða 7	996577
Hagkaup, póstverslun, Kringlunni 8–12	996680
Íslenskar getraunir, Íþróttamiðstöðinni Laugardal	996888
Brunamálastofnun ríkisins, Laugavegi 59	996350
Heilbrigðisráðgjöf í fyrirtækjum, Skipholti 50b	996500
Umboðsmaður Alþingis, Rauðarárstíg 27	996450
K. Richter hf., umboðs- og heildverslun, Smiðsbúð 5, Garðabæ	996999
Strengur hf., Stórhöfða 15	996130
Skeljungur hf., Suðurlandsbraut 4	996036
Íslenska útvarpsfélagið, upplýsingar og áskrift, Lynghálsi 5	996777
Rafiðnaðarsamband Íslands, Háaleitisbraut 68	996433
Neytendasamtökin, Skúlagötu 26	996250
Póstur og sími, upplýsingasími	997000
Íslenska verkfærasalan hf., Engihjalla 11, Kópavogi	996799
Morgunblaðið, Kringlunni 3	996122
Þjóðleikhúsið, Hverfisgötu 19	996160
Blómaheildsalan hf., Réttarhálsi 2	996860
Frjáls fjölmiðlun hf., Þverholti 11	996270

Rétthafar	Græn númer
Frjáls fjölmiðlun hf., Þverholti 11	996272
Ísboltar hf., Strandgötu 75, Hafnarfirði	996965
Miðlun hf., Ægisgötu 7	996262
Egill Guttormsson, Fjölval hf., Mörkinni 1	996650
Vélstjórafélag Íslands, Borgartúni 18	996933
O. Ellingsen hf., Grandagarði 2	996288
Húsasmiðjan hf., Súðavogi 3	996688
Löggildingarstofan, Síðumúla 13	996811
Mjólkursamsalan, Emmess-ísgerð, Brautarholti 16	996200
Hótel Saga, Hagatorgi	996099
Rauðakrosshúsið, Tjarnargötu 35	996622
Hótel Loftleiðir, Reykjavíkurflugvelli	996322
Hótel Esja, Suðurlandsbraut 2	996220
Mál og menning, bókaklúbbar, Síðumúla 7–9	996655
Ríkisskattstjóri, Laugavegi 166	996311
Bifreiðaskoðun Íslands hf., Hesthálsi 6–8	996333
Samtök um Kvennaathvarf	996205
Skandia Ísland hf., Laugavegi 170	996290
ÍM Gallup á Íslandi, Skeifunni 11b	996979
Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5	996692

ÞRÓUN SÍMAKOSTNAÐAR OG BURÐARGJALDS INNANLANDS OG FRAMFÆRSLUVÍSITÖLU



NÓV. 1981=100
MEÐALTÖL ÁRANNA

SAMANBURÐUR Á ÞRIGGJA MÍNÚTNA SÍMTALI Á DAGTAXTA OG FRAMFÆRSLUVÍSIALA



JAN. 1982 = 100

VERÐ Á ÞRIGGJA MÍNÚTNA SÍMTALI
INNANLANDS Á DAGTAXTA



Á VERÐLAGI Í FEBRÚAR 1992
SÖLUSKATTUR/VIRÐISAUKASKATTUR INNIFALINN
M.V. FRAMFÆRSLUVÍSITÖLU

232. Fyrirspurn [208. mál]

til menntamálaráðherra um biðlaunarétt.

Frá Ragnari Arnalds.

Hver var biðlaunaréttur starfsmanna ríkisins við eftirtaldar ríkisstofnanir 1. október sl. í mánuðum og krónum talið? Svarið óskast sundurliðað á eftirfarandi hátt:

1. Sérskólar ríkisins á grunnskólastigi:
   a. stjórnendur,
   b. deildarstjórar,
   c. sérkennarar,
   d. annað starfsfólk.
2. Námsgagnastofnun:
   a. forstjóri,
   b. deildarstjórar,
   c. annað starfsfólk.
3. Fræðsluskrifstofur:
   a. fræðslustjórar,
   b. deildarstjórar,
   c. fulltrúar,
   d. annað starfsfólk.
4. Grunnskólar:
   a. skólastjórar og aðstoðarskólastjórar,
   b. skipaðir grunnskólakennarar,
   c. ráðnir grunnskólakennarar,
   d. leiðbeinendur.

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrirspurnin er lögð fram í tilefni af áformuðum flutningi á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga.

233. Lög [9. mál]

um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga.

(Afgreidd frá Alþingi 11. nóv.)

Samhljóða þskj. 9.

234. Fyrirspurn [209. mál]

til viðskiptaráðherra um erindi til samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mörg erindi hafa borist samkeppnisráði og Samkeppnisstofnun til úrlausnar frá því að stofnunin tók til starfa?
2. Er um fjölgun að ræða í samanburði við þann fjölda erinda sem bárust verðlagsráði og Verðlagsstofnun?

235. Fyrirspurn [210. mál]

til viðskiptaráðherra um samkeppnisstöðu einkarekinna garðplöntustöðva.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur erindi Félags garðplöntuframleiðenda til Samkeppnisstofnunar frá því í mars sl. varðandi samkeppnisstöðu einkarekinna garðplöntustöðva gagnvart ríkisreknum og ríkisstyrktum gróðarstöðvum verið afgreitt?
2. Ef svo er, hver var niðurstaða Samkeppnisstofnunar varðandi þetta erindi?

236. Fyrirspurn [211. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleysi fatlaðra.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvert er hlutfall atvinnuleysis meðal fatlaðra það sem af er árinu 1993, sundurliðað eftir eðli fötlunar, og um hversu marga einstaklinga er að ræða?
2. Hvert var þetta hlutfall árin 1990, 1991 og 1992, sundurliðað eftir eðli fötlunar? Hversu margir einstaklingar skipa hvern hóp?
3. Hversu margir þessara einstaklinga hafa fengið
   a. atvinnuleysisbætur,
   b. aðrar bótagreiðslur?
4. Var einhverjum þessara einstaklinga sagt upp störfum hjá opinberri stofnun eða stofnun sem á þessum tíma naut einhverra framlaga frá ríki? Ef svo er, um hvaða stofnanir er að ræða og hver var ástæðan fyrir uppsögnunum?
5. Eru fyrirhugaðar einhverjar sérstakar aðgerðir af hálfu ráðuneytisins í atvinnumálum fatlaðra? Ef svo er, hverjar eru þær aðgerðir?

6. Hvert var framlag ríkisins til atvinnumála fatlaðra á árunum 1990, 1991, 1992 og 1993, á verðlagi ársins 1993, og til hvaða atvinnustarfsemi voru þessi framlög greidd?

Skriflegt svar óskast.

237. Fyrirspurn [212. mál]

til sjávarútvegsráðherra um svæðalokanir.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvers vegna var ákveðið að loka með reglugerð stórum veiðisvæðum fyrir vestan, austan og norðan land frá og með 23. júlí sl.?
2. Hyggst ráðherra endurskoða þessa ákvörðun?

238. Fyrirspurn [213. mál]

til sjávarútvegsráðherra um friðunaraðgerðir á karfa.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Til hvaða ráðstafana verður gripið til þess að tryggja vöxt og viðgang karfastofnsins hér við land?
2. Kemur til greina að banna eða takmarka flottrollsveiðar á karfa á miðunum sunnan og suðvestan við landið?

239. Fyrirspurn [214. mál]

til samgönguráðherra um útboð í landpóstaþjónustu.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

Hvers vegna var ekki tekið lægsta tilboði í landpóstaþjónustu við Barðastrandar- og Rauðasandshreppa?

240. Frumvarp til laga [215. mál]

um samningsveð.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Skilgreiningar.

1. Með *veðrétti* er í lögum þessum átt við forgangsrétt til þess að leita fullnustu fyrir kröfu (veðkröfu) í tilteknu fjárverðmæti eða fjárverðmætum (veðinu).

2. Með *sjálfsvörsluveði* er í lögum þessum átt við veðrétt þar sem veðsali heldur umráðum hins veðsetta þrátt fyrir veðsetninguna.

3. Með *handveði* er í lögum þessum átt við veðrétt þar sem veðsali er sviptur umráðum hins veðsetta.

2. gr.
Gildissvið.

1. Víkja má frá ákvæðum laga þessara með samningi nema annað sé tekið fram eða megi leiða af atvikum.

2. Með samningi verður veðréttur einungis stofnaður þannig að gildi hafi að lögum að slík veðstofnun sé heimiluð í lögum þessum eða öðrum lögum.

3. Ákvæði laga þessara víkja fyrir sérákvæðum um samningsveðsetningar í öðrum lögum.

3. gr.
Heimild til veðsetningar. Sérgreining hins veðsetta.

1. Veðréttur verður eigi stofnaður í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða eignast kann.

2. Þegar réttindi eru háð þeim takmörkunum að þau eru ekki framseljanleg, eða einungis framseljanleg með vissum skilyrðum, gilda sömu takmarkanir hvað varðar heimild til þess að veðsetja réttindin.

3. Umfram það sem lög þessi eða önnur lög leyfa er eigi heimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og eru einkenndir einu almennu nafni.

4. gr.
Tilgreining veðkröfunnar.

1. Þegar samningsveð öðlast réttarvernd við þinglýsingu er það skilyrði réttarverndar að fjárhæð veðkröfu eða hámark þeirrar kröfu, sem veðið skal tryggja, sé tilgreint í skjali því sem stofnar til veðréttarins.

2. Fjárhæð veðkröfu skv. 1. mgr. skal tilgreind í íslenskum krónum, erlendri mynt eða reiknieiningu sem hefur skráð gengi í íslenskum bönkum og sparisjóðum eða reiknieiningu sem tekur mið af skráðu gengi erlendra gjaldmiðla.

3. Heimilt er í veðbréfi að binda fjárhæðir við hækkun samkvæmt vísitölu eða gengi, enda sé það tilgreint í bréfinu sjálfu og þar komi fram tegund og grunntala verðtryggingar.

5. gr.

Sérreglur um kröfur varðandi kostnað, vexti o.fl.

Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með aðalkröfunni nema annað leiði af samningi þeim sem til veðréttarins stofnaði:

a. kostnaður sem veðhafi hefur af innheimtu veðkröfu,
b. vextir af skuld sem fallið hafa í gjalddaga á einu ári áður en beiðni um nauðungarsölu veðsettrar eignar var sett fram,
c. krafa sem er þannig til komin að veðhafi hefur samkvæmt heimild í veðbréfi greitt iðgjöld brunatryggingar eða annarrar skaðatryggingar af hinni veðsettu eign og um er að ræða iðgjald sem fallið hefur í gjalddaga á því tímamarki sem um ræðir í b-lið hér að framan.

6. gr.

Um töku arðs af veði.

1. Þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða á veðsali rétt til þess að hirða arð af veðinu.

2. Sá sem á veðrétt í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum eða almennum fjárkröfum getur krafið um og móttekið vexti, arð og afborganir sem falla til á gildistíma veðsetningarinnar. Fjárhæðum þeim, sem veðhafi þannig veitir viðtöku, getur hann ráðstafað til fullnustu gjaldfallinna vaxta af veðkröfunni og gjaldfallinna hluta höfuðstóls kröfunnar. Það sem umfram er getur eigandi (veðsali) krafist að fá greitt hjá veðhafa. Ef innleysa þarf veðsett skjal eða kröfu má veðhafi veita viðtöku og halda hjá sér innlausnarfjárhæðinni, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt, þar með talið til tryggingar ógjaldföllnum hlutum veðkröfunnar. Ef hlutafé í hlutafélagi er hækkað með útgáfu jöfnunarhlutabréfa nær veðréttur í hlutabréfum einnig til hins hækkaða hlutafjár, enda sé um það samið í veðbréfi.

7. gr.

Afnotaréttur, viðhalds- og vátryggingarskylda.

1. Þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða hefur veðsali heimild til þess að hagnýta sér veðið með venjubundnum hætti nema um annað hafi verið samið, aðfararreglur leiði til annarrar niðurstöðu eða takmarkanir séu á því gerðar í öðrum lögum.

2. Sjálfsvörsluveðhafi er skyldur til þess að annast um veðið og halda því við á þann hátt að tryggingarréttindi veðhafa skerðist ekki.

3. Ef handveðsett lausafé er afhent veðhafa er hann skyldur til þess að annast um veðið og hafa eftirlit með því á þann hátt sem nauðsyn krefur hverju sinni. Hann hefur ekki heimild til þess að hagnýta sér veðið í eigin þágu nema um slík afnot hafi verið samið sérstaklega eða slík afnot eru heimil á öðrum grundvelli.

4. Þegar um er að ræða samningsveð í fasteignum, skipum og loftförum, rekstrartækjum eða vörubirgðum er veðsali skyldur til að vátryggja veðið vegna brunatjóns og annars skaða á þann hátt sem lög áskilja eða venja er til.

8. gr.

Áhætta og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta.

1. Ef veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun ber eigandinn sitt tjón og veðtrygging veðhafa skerðist að sama skapi.

2. Eigandi og veðhafi eru skaðabótaskyldir hvor gagnvart öðrum samkvæmt almennum skaðabótareglum eða á sérstökum grundvelli.

9. gr.

Um eindögun veðkröfu.

1. Þótt eigi sé kominn gjalddagi kröfu getur veðhafi krafist eindögunar kröfu sinnar í eftirgreindum tilvikum:

a. þegar skylda til greiðslu vaxta og afborgana hefur verið vanefnd verulega,
b. þegar ákveðin hefur verið nauðungarsala á hinu veðsetta,
c. þegar bú skuldara eða eiganda veðs er tekið til gjaldþrotaskipta,
d. þegar eigandi eða veðsali misnotar í verulegum atriðum umráðarétt sinn yfir veðinu eða vanefnir með öðrum hætti verulega skyldur sínar skv. 7. gr. laga þessara,
e. þegar veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun og það leiðir til þess að veðtryggingin skerðist verulega,
f. þegar veðið er selt, enda hafi veðhafi áskilið sér heimild til eindögunar í veðbréfi.

2. Áður en eindögunar verður krafist skv. d-lið 1. mgr. skal veðhafi með hæfilegum fresti gera eiganda eða veðsala viðvart og gefa þeim kost á að efna skyldur sínar réttilega, nema því aðeins að frestur geti leitt til tjóns.

3. Ef ákvæði í veðsamningi heimilar eindögun veðskuldar í öðrum tilvikum en þeim sem greind eru í 1. mgr. er heimilt að víkja slíku ákvæði til hliðar í heild eða að hluta eða breyta því ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera það fyrir sig.

10. gr.

Framsal og veðsetning á veðrétti.

1. Gagnvart eiganda (veðsala) getur veðhafi framselt veðrétt sinn og sett hann að veði, framveðsett, nema um annað hafi verið samið eða slíkar takmarkanir megi leiða af atvikum.

2. Ef krafa sú, sem tryggja skal, verður ekki framseld gildir hið sama um veðréttinn til tryggingar kröfunni.

3. Framsalshafi eða framveðhafi öðlast ekki meiri rétt gagnvart veðsala en veðhafi sjálfur átti nema annað leiði af traustfangsreglum.

11. gr.

Framsal á veðinu.

1. Veðréttur er því eigi til fyrirstöðu að hinu veðsetta (veðandlaginu) sé afsalað nema annað leiði af samningi eða ákvæðum laga. Sérstakt afsal á hlutum veðandlagsins eða á fylgifé þess er aðeins heimilt með samþykki veðhafa nema slíkt afsal skerði ekki tryggingarréttindi veðhafa.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um aðrar ráðstafanir með löggerningi en afsal.

12. gr.

Sameiginlegt veð.

1. Þegar tvö eða fleiri sjálfstæð fjárverðmæti í eigu sama eiganda eða fleiri eigenda standa til fullnustu sömu veðkröfu á veðhafi rétt til þess að leita fullnustu í því veðandlagi eða þeim veðandlögum, sem hann sjálfur kýs, til fullnustu allrar kröfunnar nema um annað hafi verið samið eða takmarkanir séu á því gerðar í lögum.

2. Ef veðhafi hefur fengið fullnustu í einu veðandlaginu fyrir stærri hluta veðkröfunnar en þeim sem samkvæmt réttarsambandinu milli aðila skyldi falla á það veðandlag eiga aðrir veðhafar í því veðandlagi, og eftir atvikum eigandinn sjálfur, rétt til þess að ganga inn í veðréttinn í öðrum veðandlögum fyrir því sem umfram er.

13. gr.

Um sambandið milli fleiri veðrétta.

Þegar tveir eða fleiri eiga veðrétt í sama fjárverðmæti gengur eldri réttur fyrir yngri rétti nema annað leiði af samningi eða reglum er áskilja tilteknar tryggingaráðstafanir til verndar rétti.

14. gr.

Útlausn.

1. Þegar veðhafi hefur sett fram beiðni um nauðungarsölu geta aðrir veðhafar krafist þess að fá að leysa til sín veðrétt hans gegn greiðslu veðkröfunnar allrar í reiðufé.

2. Ef fleiri veðhafar en einn vilja neyta útlausnarréttar gengur sá fyrir sem fremstur er í forgangsröð. Síðari veðhafi getur ekki krafist þess að fá að leysa til sín veðrétt fyrri veðhafa ef fyrri veðhafi vill beita útlausnarrétti gagnvart síðari veðhafa.

II. KAFLI
Um samningsveð í fasteignum.

15. gr.

Það sem veðsett verður.

1. Eignarréttur yfir fasteign, sérstök réttindi yfir fasteign og eignarhlutdeild í fasteign verða veðsett eftir reglum þessa kafla.

2. Nú er skipting fasteignar háð samþykki tiltekins stjórnvalds og verður afmarkaður hluti fasteignarinnar þá ekki veðsettur sérstaklega fyrr en viðkomandi stjórnvald hefur veitt samþykki til skiptingar eignarinnar.

16. gr.

Afmörkun veðréttar í fasteign.

1. Ef annað leiðir ekki af samningi nær veðréttur í fasteign til:

a. lands eða lóðar,
b. húsa og annarra bygginga og mannvirkja sem reist hafa verið eða verða á landi eða lóð,
c. lausafjár sem við kaup og sölu telst venjulegt fylgifé þeirrar fasteignar sem veðsetningin nær til og
d. sameignarréttinda, afnotaréttinda, félagsréttinda og annarra réttinda sem heyra til hinni veðsettu eign.

2. Um veðsetningu rekstrartækja ásamt fasteign í atvinnurekstri gilda ákvæði III. kafla laga þessara.

17. gr.

Afmörkun veðréttar í varanlegum afnotarétti lands og húsa o.fl. sem á landi eru.

1. Veðsetning á varanlegum afnotarétti til lands og húsa o.fl., sem á landinu eru, nær til allra þeirra réttinda sem veðsali nýtur samkvæmt afnotasamningi.

2. Reglur b- og c-liða 1. mgr. 16. gr. og 2. mgr. 16. gr. eiga hér einnig við.

18. gr.

Veðsetning aðgreindra eignarhluta.

1. Veðréttur í eignarhluta í fjölbýlishúsi nær til:

a. þeirrar einingar sem veðsali á eignarrétt að, þ.e. séreignar hans, og

b. tilheyrandi hlutdeildar í sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um annað húsnæði en íbúðarhúsnæði, svo sem atvinnu- og verslunarhúsnæði, eftir því sem við getur átt.

19. gr.

Réttarvernd.

Veðréttur samkvæmt kafla þessum öðlast réttarvernd við þinglýsingu í fasteignabók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga. Hið veðsetta verður áfram í umráðum veðsala nema um annað hafi verið samið.

20. gr.

Yfirtaka veðskuldar.

1. Nú tekur kaupandi fasteignar í samningi við seljanda að sér greiðslu veðskuldar sem hvílir á hinni seldu eign. Verður kaupandi þá við þinglýsingu afsals skuldbundinn gagnvart veðhafa og seljandi þá jafnframt laus undan skuldbindingu sinni ef ákvæði er þess efnis í veðbréfinu að skuldin gjaldfalli ekki þrátt fyrir eigendaskipti að veðinu. Þó er veðhafa heimilt að krefja fyrri eiganda um allar greiðslur samkvæmt veðbréfinu meðan veðhafi hefur ekki fengið tilkynningu um skuldskeytinguna og þinglýsingu afsals kaupanda ásamt nauðsynlegum gögnum þessu til sönnunar. Seljandi á rétt til þess að veðhafi áriti veðbréfið um skuldskeytinguna.

2. Í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 1. mgr. verða skuldaraskipti því aðeins skuldbindandi fyrir veðhafa að hann samþykki skuldaraskiptin í samningi við hinn nýja eiganda veðsins.

III. KAFLI
Um samningsveð í lausafé.
A. Almenn ákvæði.

21. gr.

Meginregla um réttarvernd.

Um stofnun og réttarvernd samningsveðs í lausafé fer eftir ákvæðum laga þessara og eftir því sem ákveðið er í öðrum lögum.

22. gr.

Handveð.

1. Heimilt er að stofna til handveðréttar í lausafé.

2. Handveðréttur öðlast réttarvernd við afhendingu veðsins til veðhafa eða aðila sem tekið hefur að sér að hafa umráð veðsins fyrir veðhafa þannig að eigandinn sé sviptur möguleikanum á því að hafa veðið undir höndum. Það jafngildir afhendingu í þessu sambandi þegar afhentur hefur verið lykill að húsnæði þar sem veðið er geymt eða gerðar hafa verið aðrar sambærilegar ráðstafanir sem leiða til þess að eigandinn glatar möguleikanum til þess að geta ráðið yfir veðinu.

3. Ef veðið er í umráðum annars en eiganda á gildistíma veðsetningarinnar öðlast handveðréttur einnig réttarvernd þegar umráðamaður hefur fengið tilkynningu um veðsetninguna og um það að eigandinn ráði ekki yfir veðinu. Ef umráðamaður neitar að hafa umráð hins veðsetta fyrir veðhafa öðlast veðrétturinn ekki réttarvernd við tilkynninguna.

4. Veðsetning á handveðrétti öðlast réttarvernd við það að hið veðsetta lausafé er afhent framveðhafa. Reglur 2. og 3. mgr. eiga hér einnig við.

23. gr.

Sjálfsvörsluveð í lausafé.

1. Heimilt er að stofna til sjálfsvörsluveðréttar í einstökum lausafjármunum.

2. Um stofnun sjálfsvörsluveðréttar í lausafé skal gera bréflegan gerning. Um réttarvernd slíks veðréttar gilda ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd sjálfsvörsluveðs í lausafé.

3. Reglur 20. gr. um yfirtöku veðskuldar eiga við með sama hætti þegar skráningarskyldu lausafé er afsalað.

B. Veð í rekstrartækjum, rekstrarveð.

24. gr.

Afmörkun veðréttarins.

1. Þegar rekstraraðili veðsetur fasteign sem er varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga nær veðréttur í fasteigninni, ef um það hefur verið samið, einnig til rekstrartækja sem heyra rekstrinum til. Veðsetningin gerist samtímis veðsetningu þeirrar eða þeirra fasteigna þar sem reksturinn fer fram.

2. Með rekstrartækjum er átt við vélar, tæki, áhöld, innréttingar, innbú og annan útbúnað.

3. Veðréttur í rekstrartækjum, sem á hvílir söluveð, nær til þess réttar sem veðsali á hverju sinni í viðkomandi hlut.

4. Veðréttur í rekstrartækjum samkvæmt þessari grein nær hvorki til skráningarskylds lausafjár né heldur þeirra verðmæta sem verða veðsett samkvæmt ákvæðum 28., 29., 30., 31. og 32. gr.

5. Veðrétturinn nær til rekstrartækjanna í heild eins og þau eru á hverjum tíma. Ef rekstur veðsala skiptist í fleiri einingar sem rekstrarlega séð eru aðskildar og þar sem atvinnureksturinn fer fram í fleiri fasteignum en einni er heimilt að veðsetja rekstrartæki hverrar einingar sérstaklega.

6. Eftir að fasteign hefur verið veðsett með rekstrartækjum verður ekki stofnað til veðréttar í rekstrartækjunum einum meðan rekstrarveðsamningur er í gildi.

25. gr.

Rekstraraðili.

Með rekstraraðila er átt við:

a. sérhvern þann aðila sem hefur með höndum einhvers konar atvinnurekstur, svo sem hlutafélag, samvinnufélag, sameignarfélag, samlagsfélag eða firma einstaks manns,
b. aðra aðila sem hafa atvinnurekstur með höndum þótt eigi sé reksturinn í hagnaðarskyni, svo sem sjúkrahús, barnaheimili, skóla, söfn, íþrótta- og afþreyingarstofnanir, félagsmála-, mannúðarstofnanir og aðrar álíka stofnanir.

26. gr.

Réttarvernd.

Rekstrarveð öðlast réttarvernd þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi fasteign eða fasteignum.

27. gr.

Framsal veðsettra rekstrartækja.

1. Veðsali getur skipt út eða framselt veðsett rekstrartæki svo lengi sem slíkt er í samræmi við eðli rekstrarins eða skerðir ekki að mun tryggingu veðhafa.

2. Eftir að veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun til undirbúnings fullnustugerðar til innheimtu veðkröfu hefur veðsali ekki lengur rétt til þess að skipta út eða framselja rekstrartækin nema fyrir liggi samþykki veðhafa.

3. Þegar rekstrartæki hafa verið seld í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar og seljandinn hefur ekki lengur umráð þeirra fellur veðrétturinn í tækjunum brott.

4. Ef eigandi veðsettra rekstrartækja hefur umfram þá heimild, sem greinir í 1. og 2. mgr., framselt öðrum hið veðsetta öðlast veðhafinn veðrétt, sams konar og hann átti í veðandlaginu, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim sem við hinu veðsetta tók um endurgjald af hans hálfu fyrir það sem af hendi var látið. Sá sem við hinu veðsetta tók bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari ef hann hefur greitt hana veðsala áður en veðréttur í henni var niður fallinn, enda hafi hann vitað eða mátt vita að veðsali hafi farið út fyrir heimild skv. 1. mgr. með ráðstöfun sinni.

5. Um fjárnám í fasteign og rekstrartækjum skv. 24. gr. laga þessara gilda ákvæði 42. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

C. Veð í færanlegum vélbúnaði í verktakastarfsemi.

28. gr.

1. Rekstraraðila, sem stundar verktakastarfsemi, er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni færanlegan vélbúnað sem heyrir atvinnurekstri hans til og ekki er skráningarskyldur sem ökutæki samkvæmt umferðarlögum.

2. Veðréttur í vélbúnaði skv. 1. mgr. öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað eiganda í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

3. Ákvæði 3. og 5. mgr. 24. gr., 25. gr., 26. gr. og ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. um framsal eiga hér við, eftir því sem við getur átt.

D. Veð í rekstrartækjum landbúnaðar, búfé og afurðum.

29. gr.

Rekstrartæki og greiðslumark.

1. Við veðsetningu jarðar er heimilt að semja svo um að jörðinni skuli fylgja rekstrartæki þau sem notuð eru við atvinnurekstur í landbúnaði. Veðsetning rekstrartækjanna gerist þá samtímis veðsetningu jarðarinnar.

2. Með rekstrartækjum samkvæmt framansögðu er átt við áhöld, vélar og tæki, önnur en ökutæki sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum.

3. Veðréttur í rekstrartækjum landbúnaðar öðlast réttarvernd þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi jörð.

4. Þegar jörð er sett að veði er heimilt að semja í veðbréfi að veðrétturinn nái einnig til greiðslumarks jarðar.

5. Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 24. gr. og 1.–5. mgr. 27. gr. eiga hér við með sama hætti þegar veðsett eru rekstrartæki landbúnaðar.

30. gr.

Bústofn, rekstrarvörur, afurðir og uppskera.

1. Þeim sem stunda atvinnurekstur í landbúnaði er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni tiltekna flokka bústofns síns. Með bústofni í þessu sambandi er t.d. átt við sauðfé, hross og nautgripi; alifugla, svín og loðdýr; seiði, eldisfisk og hafbeitarfisk.

2. Framleiðendum landbúnaðarvara og öðrum, sem eignast vörur þessar til vinnslu eða endursölu til annarra en neytenda, er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni rekstrarvörur, afurðir og uppskeru sem veðsali á eða eignast kann.

3. Við veðsetningu skv. 1. og 2. mgr. skiptir verkunar- eða framleiðslustig ekki máli.

4. Veðréttur í afurðum og bústofni öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

5. Um framsal á bústofni, rekstrarvörum, afurðum og uppskeru, sem veðsett hefur verið samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., gilda einnig, eftir því sem við geta átt, ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. laga þessara.

E. Veð í búnaði skipa, afla, sjávarafurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs.

31. gr.

Búnaður skipa og veiðiheimildir.

1. Þeim er veðsetur skip er rétt að semja svo um að skipinu skuli fylgja, auk venjulegs fylgifjár, annað lausafé sem ætlað er til nota á skipinu, svo sem olíubirgðir þær sem í skipinu eru hverju sinni, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

2. Veðsetningin gerist samtímis veðsetningu viðkomandi skips. Veðrétturinn öðlast réttarvernd með skráningu á blað veðsala í skipabók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

3. Þegar skip er sett að veði er heimilt að semja í veðbréfi að veðrétturinn nái einnig til veiðiheimilda skips.

4. Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 24. gr. og 1.–4. mgr. 27. gr. eiga hér við, eftir því sem við getur átt.

32. gr.

Afli, afurðir og rekstrarvörur.

1. Útgerðarmönnum, framleiðendum sjávarafurða og þeim sem eignast vörur þessar til vinnslu eða endursölu til annarra en neytenda er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni afla, tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölumeðferðar.

2. Við veðsetningu skv. 1. mgr. skiptir verkunar- eða framleiðslustig ekki máli.

3. Veðréttur í afla, rekstrarvörum og afurðum öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað réttsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

4. Við veðsetningu skv. 1. mgr. gilda um framsal ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. laga þessara.

F. Veð í vörubirgðum.

33. gr.

Afmörkun veðréttarins.

1. Rekstraraðilum er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði vörubirgðir atvinnurekstrar síns.

2. Með vörubirgðum er átt við það sem rekstraraðilinn á eða eignast kann af:

a. hráefni, vörum í vinnslu, fullunnum vörum og verslunarvörum,
b. rekstrarvörum og öðrum vörum sem notaðar eru í atvinnurekstrinum,
c. búnað utan um framleiðsluvörur rekstrarins.

3. Veðrétturinn má ná til vörubirgða veðsala í heild eða til nánar tilgreinds hluta birgðanna sem rekstrarlega séð er aðskilinn frá öðrum hlutum þeirra og telja má sjálfstæða heild. Nær veðrétturinn þá til vörubirgðanna eða hluta þeirra eins og þær eru á hverjum tíma.

4. Veðréttur í vörubirgðum nær ekki til þeirra verðmæta sem ákvæði 28.–32. gr. taka til.

34. gr.

Réttarvernd.

1. Veðréttur í vörubirgðum skv. 33. gr. öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

2. Um veðrétt í vörubirgðum gilda ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr.

G. Söluveð.

35. gr.

Hverjar kröfur unnt er að tryggja.

Í tengslum við sölu lausafjár er heimilt að semja um veðrétt í hinu selda (söluveð) til tryggingar:

a. kröfu seljanda til endurgjaldsins ásamt vöxtum og kostnaði eða
b. láni sem þriðji maður hefur veitt kaupanda til greiðslu kröfu þeirrar sem nefnd er í staflið a, í heild eða að hluta, enda hafi lánveitandi greitt lánsfjárhæðina beint til seljanda.

36. gr.

Hver verðmæti verða ekki sett að söluveði.

Söluveð verður ekki stofnað í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu þótt kaupverðið hafi ekki verið greitt. Þetta tekur þó ekki til þeirra tilvika þar sem heimilt er að selja hlut eftir að á honum hafa verið gerðar endurbætur eða þar sem um er að ræða fylgifé eða hluta aðalhlutarins.

37. gr.

Bann við framsali og veðsetningu.

Hlut, sem á hvílir söluveð, má hvorki selja né veðsetja án samþykkis þess veðhafa sem söluveð á, sbr. þó 36. gr.

38. gr.

Réttarvernd og fullnusta.

1. Það er skilyrði fyrir réttarvernd samnings um söluveð að samningurinn sé gerður skriflega og í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutarins til kaupanda.

2. Til þess að söluveð í skráningarskyldum lausafjármunum öðlist réttarvernd verður að auki að þinglýsa veðinu á blað veðsala í þinglýsingabók, sbr. ákvæði 2. mgr. 23. gr. laga þessara. Þetta gildir þó ekki um fylgifé slíks lausafjár.

3. Í samningi verður að greina sérstaklega þau verðmæti sem veðrétturinn skal ná til og það kaupverð eða þá lánsfjárhæð sem tryggja skal. Ef fleiri hlutir en einn eru keyptir með söluveði í einu lagi nær veðrétturinn til allra hlutanna til tryggingar allri þeirri fjárhæð sem kaupandinn skuldar.

4. Ef samið er um söluveð bæði til tryggingar kröfu seljanda og til tryggingar láni sem þriðji maður hefur veitt skal líta svo á að veðréttir þessir séu jafnstæðir nema annað leiði af samningi.

5. Þegar vanskil verða á greiðslu krafna þeirra sem greinir í 35. gr. getur veðhafi leitað fullnustu kröfu sinnar með því að krefjast nauðungarsölu, enda hafi hann áskilið sér þá heimild í söluveðssamningi. Rifti veðhafi söluveðssamningi samkvæmt heimild í veðsamningnum eða á grundvelli almennra reglna getur hann krafist afhendingar hins veðsetta úr hendi veðsala.

39. gr.

Viðskeyting.

Söluveð fellur brott ef söluhlutur er skeyttur við fasteign eða annan aðalhlut á þann hátt að aðskilnaður mundi leiða til óhóflega mikils kostnaðar eða ósanngjarnrar verðmætisrýrnunar.

40. gr.

Umbætur.

Söluveð fellur brott ef endurbætur eða tilkostnaður hafa í verulegum atriðum breytt eðli söluhlutarins eða verðmæti eftir að hann var afhentur kaupanda.

41. gr.

Fyrning.

Krafa sú, sem tryggð er með söluveði, fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er hún varð gjaldkræf. Óþinglýst söluveð til tryggingar slíkri kröfu fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist.

42. gr.

Um rétt sem jafna má til söluveðs.

1. Ef seljandi eða sá sem veitt hefur lán til kaupa á hlut hefur áskilið sér eignarrétt í hinu selda þar til kaupverðið eða lánið er að fullu greitt eða hann hefur áskilið sér rétt til þess að taka hlutinn við greiðslufall skal með slíkan samning farið sem þar sé um söluveðssamning að ræða.

2. Leigusamninga eða svipaða samninga, sem í raun hafa það að markmiði að tryggja greiðslu endurgjalds, ber að skoða sem samninga um sölu og söluveð ef það er ætlunin að leigjandinn verði eigandi hlutarins eftir að hafa greitt ákveðinn fjölda leigugreiðslna.

3. Þótt eigi sé það ætlunin að leigjandinn verði eigandi eða hafi rétt til þess að verða eigandi gilda með sama hætti ákvæði 35. og 37.–40. gr. Hvað varðar skilyrði 3. mgr. 38. gr. er nægjanlegt að tilgreindur sé leiguhlutur, leigutími og einstakar leigugreiðslur.

IV. KAFLI
Samningsveð í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum og almennum fjárkröfum.

A. Viðskiptabréf.

43. gr.

Viðskiptabréf má setja að handveði eða sjálfsvörsluveði. Ef viðskiptabréf er sett að handveði gilda um réttarvernd veðsetningarinnar, eftir því sem við geta átt, ákvæði 2.–4. mgr. 22. gr. Til þess að sjálfsvörsluveðréttur í viðskiptabréfi öðlist réttarvernd verður að árita bréfið sjálft um veðsetninguna.

B. Innlausnarbréf.

44. gr.

1. Heimilt er að veðsetja kröfur eða réttindi samkvæmt innlausnarbréfi þótt eigi sé það viðskiptabréf.

2. Veðréttur skv. 1. mgr. öðlast réttarvernd í samræmi við reglur um handveð, sbr. ákvæði 2.–4. mgr. 22. gr. Veðsetning veðréttar öðlast réttarvernd með sama hætti.

C. Almennar fjárkröfur.

45. gr.

Hverjar almennar fjárkröfur verða veðsettar.

1. Almenna fjárkröfu, sem maður á á hendur nafngreindum skuldara, er heimilt að veðsetja. Hið sama á við um almenna fjárkröfu sem tiltekinn aðili kemur til með að eignast á hendur nafngreindum skuldara í sérstöku réttarsambandi.

2. Með almennri fjárkröfu er átt við fjárkröfu sem hvorki er viðskiptabréfskrafa né krafa samkvæmt innlausnarbréfi.

46. gr.

Réttarvernd.

1. Veðréttur í almennum kröfum öðlast réttarvernd við það að skuldarinn fær tilkynningu um veðsetninguna, annaðhvort frá veðsala eða veðhafa.

2. Veðsetning slíks veðréttar öðlast réttarvernd með sama hætti.

D. Vörureikningsveð.

47. gr.

1. Rekstraraðila er heimilt að veðsetja þær almennu kröfur sem hann á eða fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta rekstrarins. Er þá eigi nauðsynlegt að skuldari sé nafngreindur.

2. Skuldari samkvæmt vörureikningi leysist undan greiðsluskyldu sinni með greiðslu til kröfuhafa ef hann hefur ekki fengið tilkynningu um annan viðtakanda greiðslu.

3. Samningur sá, sem nefndur er í 1. mgr., öðlast réttarvernd gagnvart þriðja manni við þinglýsingu á blað rekstraraðila í lausafjárbók.

4. Ákvæði 25. gr. eiga við um samninga samkvæmt þessari grein. Ákvæði 4. gr. eiga hér ekki við.

V. KAFLI

Um gildistöku, brottfallin lög o.fl.

48. gr.

1. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994 og eiga við um þá veðsamninga sem til er stofnað eftir gildistöku laganna.

2. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um veð, nr. 18 4. nóvember 1887, lög um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, nr. 23 13. september 1901, og lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána, nr. 47 26. maí 1972.

3. Framkvæmd laga þessara heyrir undir dómsmálaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Frumvarp þetta, sem flutt er af dómsmálaráðherra, var lagt fram á 116. löggjafarþingi en hlaut þá eigi afgreiðslu og er það nú endurflutt óbreytt. Upphafleg drög að frumvarpinu voru samin af Þorgeiri Örlygssyni prófessor. Af hálfu dómsmálaráðuneytisins var leitað umsagnar m.a. eftirtalinna aðila: Lögmannafélags Íslands, sýslumannsins í Reykjavík, sjávarútvegsráðuneytisins, landbúnaðarráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, réttarfarsnefndar, Verslunarráðs Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Stéttarsambands bænda, Verktakasambands Íslands og Félags íslenskra iðnrekenda. Síðan var frumvarpið yfirfarið af þeim prófessor Þorgeiri og Markúsi Sigurbjörnssyni prófessor, m.a. með hliðsjón af athugasemdum sem fram hafa komið.

Við samningu frumvarpsins var nokkur hliðsjón höfð af þeirri endurskoðun sem Norðmenn gerðu á sínum veðlögum árið 1980, bæði hvað varðar efni réttarreglnanna og framsetningu þeirra. Þá hefur og verið litið til þeirra breytinga sem Danir hafa á undanförnum árum gert á réttarreglum þeim um veðsetningar sem fram koma í dönsku þinglýsingalögunum. Að öðru leyti er frumvarpið sniðið að íslenskum aðstæðum og er nánari grein gerð fyrir því í skýringum við einstakar frumvarpsgreinar.

Um athugasemdir við lagafrumvarp þetta vísast til athugasemda á þskj. 812, 470. mál 116. löggjafarþings, bls. 4492–4560 í A-deild Alþt. 1992–93. Athugasemdir í þessu máli eru samhljóða á 116. og 117. þingi nema á tveimur stöðum í textanum. Athugasemdir við 1. gr. styttast um tvær málsgreinar og síðasta málsgrein í athugasemdunum við 1. gr. hljóðar svo:

Ef frumvarp þetta verður að lögum aukast að miklum mun möguleikar manna til þess að setja lausafjárverðmæti að sjálfsvörsluveði og á það sérstaklega við um sjálfsvörsluveð í hinum svokölluðu heildarsöfnum muna, sbr. 28., 30., 32. og 33. gr. frumvarpsins. Þar sem ýmsar hættur geta verið slíkum veðsetningum samfara, er nauðsynlegt að búa svo um hnútana að lánardrottnar eigi auðvelt með að ganga úr skugga um áhvílandi lausafjárveðsetningar væntanlegra viðsemjenda sinna. Þegar frumvarp þetta var lagt fram fyrra sinni var samhliða lagt fram frumvarp til breytinga á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum, og var meginefni þess að við embætti sýslumannsins í Reykjavík verði haldin sérstök

landsskrá yfir þinglýstar sjálfsvörsluveðsetningar og aðfarargerðir í lausafé, hvort sem umrætt lausafé er skráningarskylt eða ekki. Er það frumvarp ekki flutt nú þar sem þær hugmyndir, sem í því fólust, eru til frekari skoðunar.

Niðurlag athugasemdanna og fylgiskjal styttast og hljóða svo:

Almennt um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um gildistöku, brottfallin lög og framkvæmd laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. er við það miðað að lögin öðlist gildi 1. júlí 1994. Eiga lögin þá við um þá veðsamninga sem til er stofnað eftir gildistöku laganna. Um samninga þá, sem til er stofnað fyrir gildisöku laganna, gilda hins vegar ákvæði eldri laga.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi veðlögin frá 1887. Einnig falla úr gildi lög nr. 23/1901, um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, en regla b-liðar 5. gr. frumvarpsins kemur í stað þeirra laga. Þá falla og úr gildi lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

Í 3. mgr. 48. gr. er tekið af skarið um það að framkvæmd laga þessara heyri undir dómsmálaráðherra. Til þess liggja þau rök að almennar efnisreglur um samningsveðréttindi tengjast þinglýsingarreglum og réttarfarsreglum um aðför og nauðungarsölu, en framkvæmd hinna þriggja síðastnefndu laga heyrir undir dómsmálaráðherra. Er því eðlilegt að framkvæmd allra þessara laga sé á einni og sömu hendi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um samningsveð.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að sameina ýmis ákvæði íslenskrar löggjafar um samningsveð og að aðlaga íslensk veðlög nútímaatvinnu- og viðskiptaháttum. Ekki verður séð að frumvarpið leiði til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

241. Frumvarp til laga [216. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alfreðsson, Cathleen Josephine, verkakona á Þórshöfn, f. 21. október 1960 á Írlandi.

2. Andersen, Björgvin Richard, nemi í Reykjavík, f. 8. apríl 1959 í Reykjavík.
3. Berner, Loryane Daria, nemi á Selfossi, f. 8. ágúst 1962 í Sviss.
4. Biard, Jean-Pierre Robert, kortagerðamaður í Reykjavík, f. 17. desember 1946 í Frakklandi.
5. Buenaventura, Estelita Perez, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. janúar 1959 á Filippseyjum.
6. Carmen Jósefsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 7. nóvember 1978 í Reykjavík.
7. Goethe, Friðrik Þór, vélstjóri í Reykjavík, f. 6. desember 1965 í Reykjavík.
8. Goethe, Ragnhildur Mosel, búfræðingur í Reykjavík, f. 3. desember 1961 í Reykjavík.
9. Halliwell, Clive Barrie, hjúkrunarfræðingur á Akranesi, f. 17. júní 1946 á Englandi.
10. Hansen, Knud Óskar, forstjóri í Reykjavík, f. 20. apríl 1939 í Reykjavík.
11. Hartranft, Lisa Ann, læknaritari í Reykjavík, f. 11. júlí 1963 í Bandaríkjunum.
12. Hearn, Jo Ann, þroskaþjálfi í Kópavogi, f. 25. september 1953 í Bandaríkjunum.
13. Kolbrún Magnhildur Gunnlaugsdóttir, verkakona á Eskifirði, f. 14. nóvember 1949 í Innri-Njarðvík.
14. Lima, Carlos Silva Sousa, verkamaður í Reykjavík, f. 11. júlí 1963 á Grænhöfðaeyjum.
15. Lutley, Erik Davíð, nemi í Vestmannaeyjum, f. 4. mars 1974 í Reykjavík.
16. Matthews, Lisa Bryndís, lagermaður í Reykjavík, f. 10. október 1971 á Englandi.
17. McEvoy, Bridget, hjúkrunarfræðingur í Hveragerði, f. 28. september 1953 á Írlandi.
18. McKee, David Thomas, afgreiðslustjóri í Reykjavík, f. 10. febrúar 1950 á Nýja-Sjálandi.
19. Shackelford, Debbie, verkakona í Keflavík, f. 15. janúar 1976 í Keflavík.
20. Sicat Schade, Marisa, húsmóðir í Grindavík, f. 7. maí 1958 á Filippseyjum.
21. Soon, Nilma, verkakona á Flateyri, f. 17. febrúar 1962 á Filippseyjum.
22. Strizova, Eva, verkakona í Hafnarfirði, f. 9. desember 1957 í Slóvakíu.
23. Torres, Violeta Tolo, verkakona í Kópavogi, f. 30. apríl 1967 á Filippseyjum.
24. Tómasína Einarsdóttir, ritari í Reykjavík, f. 12. febrúar 1948 í Garði, Gullbringusýslu.
25. Unnar Miguel Jósefsson, nemi í Reykjavík, f. 15. desember 1975 í Hafnarfirði.
26. Walker, Kristján Michael, nemi í Sandgerði, f. 16. júní 1981 í Keflavík.
27. Wheeler, Adam David, nemi í Reykjavík, f. 23. janúar 1980 á Englandi.
28. Wootita, Nongkran, verkakona í Reykjavík, f. 1. janúar 1961 á Tælandi.
29. Þorvarður Davíð Ólafsson, nemi í Reykjavík, f. 30. apríl 1979 í Reykjavík.
30. Þórður Daníel Ólafsson, nemi í Reykjavík, f. 30. apríl 1979 í Reykjavík.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefnd Alþingis.

Frumvarp þetta er fyrsta frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á yfirstandandi 117. löggjafarþingi.

242. Frumvarp til laga [217. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1992 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1992
A-HLUTI

	Reikningur 1992
Tekjur	
Beinir skattar	20.570.222
Óbeinir skattar	77.079.644
Aðrar tekjur	1.270.352
Tekjur samtals	**98.920.218**
Fjármunatekjur	**7.118.433**
Tekjur alls	**106.038.651**
Gjöld	
Launagjöld	34.690.182
Ýmis rekstrargjöld	22.764.480
Eignakaup	2.270.700
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé	54.038.829
Rekstrargjöld, ósundurliðuð í fjáraukalögum	-
Sértekjur stofnana	-10.124.421
Gjöld samtals	**103.639.770**
Fjármagnskostnaður	**12.991.723**
Gjöld alls	**116.631.493**
TEKJUR UMFRAM GJÖLD	**-10.592.842**

	Reikningur 1992
Sundurliðun gjalda á ráðuneyti	
00 Æðsta stjórn ríkisins	1.024.336
01 Forsætisráðuneyti	357.172
02 Menntamálaráðuneyti	16.266.638
03 Utanríkisráðuneyti	1.470.909
04 Landbúnaðarráðuneyti	5.969.798
05 Sjávarútvegsráðuneyti	996.914
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.187.958
07 Félagsmálaráðuneyti	5.254.380
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	46.241.054
09 Fjármálaráðuneyti	18.946.506
10 Samgönguráðuneyti	7.505.797
11 Iðnaðarráðuneyti	1.895.414
12 Viðskiptaráðuneyti	4.777.976
13 Hagstofa Íslands	142.565
14 Umhverfisráðuneyti	594.076
Samtals	**116.631.491**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1992
A-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1992
Veltufjármunir	
Sjóður	**166.525**
Ríkisféhirðir	4.292
Aðrir ríkisaðilar	162.233
Bankainnstæður	**4.825.485**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur	1.943.434
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	729.892
Innlendar innlánsstofnanir	1.256.473
Erlendar innlánsstofnanir	895.686
Skammtímakröfur	
Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé	**28.370.626**
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður	25.860.576
Markaðar ríkistekjur	2.214.993
Innheimtufé fyrir aðra	200.461
Fyrirfram greiddar geymdar markaðar tekjur	94.596
Skammtímakröfur, aðrar	**9.157.180**
Fyrirfram greidd gjöld	36.785
Áfallnar, ógreiddar vaxtatekjur	2.823.132
Viðskiptareikningur, bráðabirgðalán	6.031.989
Veitt stutt lán	265.274
Sjóður og skammtímakröfur samtals	**42.519.816**
Vöru- og efnisbirgðir	**262.066**
Veltufjármunir samtals	**42.781.882**

	Reikningur 1992
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Langtímakröfur	
Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	**22.508.524**
Stofnanir í A-hluta	14.160
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	15.407.475
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.504.129
Sveitarfélög	126.962
Lánastofnanir	482.777
Aðrir	2.973.021
Veitt löng lán, innlend gengisbundin	**18.862.846**
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	9.948.499
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.081.679
Sveitarfélög	3.079.332
Lánastofnanir	162.088
Aðrir	2.557.934
Gengisauki lána	33.314
Veitt löng lán, til erlendra aðila	**16.796**
Langtímakröfur samtals	**41.388.166**
Áhættufjármunir	**2.555.869**
Innlend hlutabréf og stofnfjárframlög	888.621
Erlend hlutabréf og stofnfjárframlög	1.667.248
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**43.944.035**
EIGNIR ALLS	**86.725.917**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1992
A-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1992
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**875.901**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur	-
Seðlabanki íslands, aðrir hlaupareikningar	830.201
Innlánsstofnanir	45.700
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimt fé o.fl.	**418.799**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	218.338
Innheimtufé fyrir aðra	200.461
Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé	**343.726**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	310.977
Innheimtufé fyrir aðra	32.749
Skammtímaskuldir, aðrar	**25.827.259**
Ógreidd gjöld	1.421.927
Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar	4.554.986
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	4.476.847
Tekin stutt lán, Seðlabanki	-
Tekin stutt lán, ríkisvíxlar	15.031.919
Tekin stutt lán, innlend önnur	341.580
Skammtímaskuldir samtals	**27.465.685**

	Reikningur 1992
Langtímaskuldir	
Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	**48.647.987**
Stofnanir í A-hluta	862
Seðlabanki Íslands	13.272
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	29.509
Innlánsstofnanir	5.197.933
Lánastofnanir, innlendar	1.529.806
Sveitarfélög	1.053.390
Aðrir	40.823.215
Tekin löng lán, innlend gengisbundin	**2.117.956**
Seðlabanki Íslands	8
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	10.023
Innlánsstofnanir	18.312
Lánastofnanir	2.084.085
Aðrir	5.528
Tekin löng lán, erlend	**87.272.765**
Tekin löng lán samtals	**138.038.708**
Ýmsar langtímaskuldbindingar	**13.338.720**
Langtímaskuldir samtals	**151.377.428**
Lífeyrissjóðsskuldbindingar	**57.770.966**
Skuldir alls	**236.614.079**
Höfuðstóll	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-131.409.018
Endurmat veltufjármuna/skammtímaskulda	644.810
Endurmat langtímakrafna/langtímaskulda	-8.531.112
Tekjur umfram gjöld	-10.592.842
Höfuðstóll í árslok samtals	**-149.888.162**
SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS	**86.725.917**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1992 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1992
B-HLUTI

	Reikningur 1992
Rekstrartekjur:	
Seldar vörur og þjónusta	36.814.262
Seldir happdrættismiðar	1.488.698
Aðrar rekstrartekjur	853.606
Samtals	**39.156.566**
Rekstrargjöld:	
Hráefni og vörur til endursölu	9.119.213
Laun og launatengd gjöld	8.826.041
Happdrættisvinningar	969.995
Önnur rekstrargjöld	10.696.498
Afskriftir	2.775.728
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag	-884.268
Samtals	**31.503.207**
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	**7.653.359**
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:	
Vaxtatekjur	9.570.751
Vaxtagjöld	-11.042.332
Arður af hlutabréfum	1.429
Endurmat, tekjufært	4.023.303
Endurmat, gjaldfært	-4.298.166
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga	91.123
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-767.963
Samtals	**-2.421.855**
Hagnaður af reglulegri starfsemi	**5.231.504**
Óreglulegar tekjur	321.689
Óregluleg gjöld	-1.603.268
Framlög (tekjur) og tilfærslur (gjöld):	3.942.447
Hagnaður til ráðstöfunar	**7.892.372**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1992
B-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1992
Veltufjármunir	
Sjóður og bankainnstæður	**6.377.892**
Sjóður	195.913
Banki	6.181.979
Skammtímakröfur	**18.646.790**
Fyrirframgreiddur kostnaður	340.143
Viðskiptareikningur	8.174.296
Veitt stutt lán	8.504.972
Áfallnar ógjaldfallnar tekjur	1.627.379
Vöru- og efnisbirgðir	**2.670.864**
Veltufjármunir samtals	**27.695.546**
Fastafjármunir	
Langtímakröfur og áhættufjármunir	**167.414.856**
Langtímakröfur/veitt löng lán	175.596.489
Hlutafé og stofnfjárframlög	380.251
Afskriftarreikningur útlána	-8.561.884
Varanlegir rekstrarfjármunir	**44.427.966**
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	1.297.243
Rannsóknartæki	7.204
Farartæki og vélar	9.601.886
Fasteignir	23.575.221
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir	9.720.517
Aðrar eignir	225.895
Fastafjármunir samtals	**211.842.822**
EIGNIR ALLS	**239.538.368**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1992
B-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1992
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**295.222**
Aðrar skammtímaskuldir	**11.202.194**
Ógreidd gjöld	3.578.495
Viðskiptareikningar	5.088.925
Tekin stutt lán	2.534.774
Skammtímaskuldir samtals	**11.497.416**
Langtímaskuldir	
Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals	**140.976.672**
Skuldir samtals	**152.474.088**
Eigið fé	
Ýmsir eiginfjárreikningar	**1.012.996**
Endurmatsreikningar	**55.955.680**
Höfuðstóll	**30.095.604**
Eigið fé alls	**87.064.280**
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	**239.538.368**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1992 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta Alþingis í september 1993.

1. Helstu niðurstöður.

Niðurstöður ríkisreiknings sýna að rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu er neikvæð um 10.592 m.kr., en var árið á undan neikvæð um 13.450 m.kr. Heildartekjur námu 106.039 m.kr. og er það hækkun frá fyrra ári um 59 m.kr. eða innan við 0,1%. Heildargjöld ríkissjóðs urðu 116.631 m.kr. á árinu en voru árið áður 119.430 m.kr. Lækkun milli ára er 2.799 m.kr. eða 2,3%. Meðalhækkun verðlags milli áranna 1991 og 1992 á mælikvarða landsframleiðslu er 3,4% þannig að raunlækkun gjalda nemur 5,6%.

	Ríkis-reikningur 1991 m.kr.	Ríkis-reikningur 1992 m.kr.	Greiðslu-uppgjör 1992 m.kr.	Mismunur[1] m.kr.
Tekjur	105.980	106.039	103.447	2.592
Gjöld	119.430	116.631	110.608	6.023
Gjöld umfram tekjur	13.450	10.592	7.161	3.431

1) Í ríkisreikningi er tekið tillit til skuldbreytinga og krafna sem ekki hafa komið til greiðslu eða innheimtu.

Ef niðurstöður ríkisreiknings eru bornar saman við uppgjör ríkissjóðs á greiðslum ársins, þá er afkoman betri samkvæmt greiðsluuppgjöri eins og taflan hér að ofan sýnir.

Tekjur eru alls 2.592 m.kr. hærri í reikningsuppgjöri þar sem álagðar tekjur ársins verða hærri en það sem innheimtist á árinu. Af þeirri fjárhæð eru 1.671 m.kr. aukning á eftirstöðvum virðisaukaskatts og 565 m.kr. vegna áfallina vaxtatekna.

	Sundurliðun mismunar m.kr.
Tekjur	**2.592**
Virðisaukaskattur	1.671
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	565
Tekjuskattur einstaklinga	348
Annað	8
Gjöld	**6.023**
Ógjaldfallnir vextir	3.947
Lífeyrisskuldbindingar	1.766
Niðurfærsla hlutafjáreignar í Íslenska Járnblendifélaginu h.f.	770
Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	360
Gjöld vegna uppkaupa ríkissjóðs á fullvirðisrétti bænda	306
Lækkun á niðurgreiðslum landbúnaðarafurða	-407
Lækkun á skuld ríkissjóðs við sveitarfélög v/ skólabygginga o.fl.	-397
Lækkun á ýmsum stofnkostnaðarliðum í mennta- félags- og heilbrigðismálum	-384
Lækkun á gjöldum Vegagerðar ríkisins	-258
Annað	320

Frávik frá gjöldum eru 6.023 m.kr. Munar þar mest um áfallna vexti, umfram greidda, eða 3.947 m.kr. Þar af eru 3.236 m.kr. vegna hækkunar á vöxtum spariskírteina ríkissjóðs. Í meðfylgjandi töflu kemur fram frekari sundurliðun á mismun greiðsluuppgjörs og ríkisreiknings. Varðandi frekari greinargerð um niðurstöðu og framvindu ríkisfjármála á árinu vísast til skýrslu fjármálaráðherra frá því í febrúar s.l. um ríkisfjármál 1992 og endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1992.

2. Reikningsfærsla ábyrgða og skuldbindinga.

Með ríkisreikningi ársins 1989 var stigið veigamikið skref í þá átt að færa uppgjör ríkissjóðs nær almennum reikningsskilavenjum í atvinnurekstri. Breytingin felur fyrst og fremst í sér að í ríkisreikning eru færðar allar skuldbindingar og kröfur A-hluta ríkissjóðs, óháð því hvort þær eru gjaldfallnar eða ekki. Ákvæði laga um gerð ríkisreiknings nr. 52/1966 með síðari breytingum, gera ráð fyrir að ríkisreikningur sé gerður upp á rekstrargrunni.

Breytingin tekur einnig til þess að ábyrgðir ríkissjóðs á rekstri og skuldbindingum séu metnar og færðar í ríkisreikning eftir því sem þær eru best þekktar. Þeim er hins vegar hagað með ýmsum hætti í uppgjörum. Ábyrgðir vegna rekstrar stofnana í A-hluta ríkissjóðs eru tiltölulega skýrar og auðmetnar, en málið er flóknara þegar tekur til ábyrgða á fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign svo og ýmsum öðrum aðilum sem ríkissjóður veitir ábyrgð. Einnig þarf að ákveða færslur á eignarhluta ríkisins í fyrirtækjum og sjóðum í efnahag A-hluta ríkisreiknings svo og með hvaða hætti rekstrarniðurstaða ársins og breytingar á eigin fé þeirra er sett þar fram.

Þannig koma ýmis álitamál upp þegar ákvarða skal reikningsfærslu slíkra ábyrgða og skuldbindinga. Mikilvægt er að um þær gildi samræmdar og skýrar vinnureglur. Þetta er eitt af þeim viðfangsefnum sem ríkisreikningsnefnd hefur nú til úrlausnar. Undir þessa málsmeðferð fellur m.a. ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Með lögum nr. 3/1992 breyttist hlutverk og staða sjóðsins þar sem útlánastarfsemi hans var m.a. lögð af. Samkvæmt endurskoðuðu uppgjöri sjóðsins er eigið fé hans neikvætt um 830 m.kr. í lok árs 1993. Um það er ekki deilt að ríkissjóður ber fulla ábyrgð á þessum skuldbindingum. Það sama má einnig segja um neikvæðan höfuðstól Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar í árslok 1992 og e.t.v. fleiri aðila.

Þar til ríkisreikningsnefnd hefur gert tillögu um samræmdar reglur um bókhaldsmeðferð skuldbindinga og ábyrgða ríkissjóðs hafa hlutaðeigandi orðið ásáttir um að færa neikvætt eigið fé umræddra sjóða ekki í ríkisreikning.

243. Fyrirspurn [218. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um flokkun stera.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

Hefur ráðherra í hyggju að breyta flokkun steralyfja þannig að þau teljist eiturefni?

244. Fyrirspurn [219. mál]

til dómsmálaráðherra um skilyrði fyrir veitingu ótakmarkaðs dvalarleyfis.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

Hvaða skilyrði þurfa umsækjendur að uppfylla til þess að fá ótakmarkað dvalarleyfi hér á landi?

245. Fyrirspurn [220. mál]

til félagsmálaráðherra um félagslegar aðstæður nýbúa.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

Hvernig hefur ráðherra hugsað sér að bæta félagslegar aðstæður nýbúa hér á landi?

246. Fyrirspurn [221. mál]

til menntamálaráðherra um aðstæður fatlaðra í skólum.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

Hvernig er ætlunin að bæta aðstæður fatlaðra í grunn- og framhaldsskólum landsins til þess að þeir geti stundað nám til jafns við ófatlaða?

247. Fyrirspurn [222. mál]

til menntamálaráðherra um forvarnir í skólum.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

Hefur ráðherra hugsað sér að auka forvarnir í skólum til þess að hamla gegn neyslu vímugjafa og vinna móti auknu ofbeldi unglinga?

248. Fyrirspurn [223. mál]

til menntamálaráðherra um aðgerðir fyrir ungmenni sem hafa flosnað upp úr skóla.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

Hverjar voru tillögur starfshóps um samræmdar aðgerðir fyrir ungmenni sem flosnað hafa upp úr skóla, sbr. ályktun Alþingis 12. mars 1991? Til hvaða aðgerða hefur verið gripið í framhaldi af tillögum hópsins?

249. Svar [159. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um atvinnuleysi í röðum opinberra starfsmanna.

1. *Hversu mörgum opinberum starfsmönnum hefur verið sagt upp störfum það sem af er árinu 1993 og hvernig skiptast þeir eftir kynjum:*
   a. *félagar í BSRB,*
   b. *félagar í BHMR,*
   c. *félagar í öðrum stéttarfélögum?*

2. *Hjá hvaða ríkisstofnunum hafa uppsagnir átt sér stað og hvers vegna?*

Þar sem svör við 1. og 2. tölul. fyrirspurnarinnar eru ekki til í tölvukerfi fjármálaráðuneytis og langan tíma tæki að afla þeirra á annan hátt hefur orðið að samkomulagi við fyrirspyrjanda að láta þau bíða en bæta þess í stað við upplýsingum um greiðslu atvinnuleysisbóta til fyrrverandi opinberra starfsmanna.

3. *Hversu margir fyrrverandi opinberir starfsmenn hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá ríkinu á þessu ári?*

575 starfsmenn á tímabilinu 1. janúar til 15. nóvember 1993.

4. *Hversu mikið fé hefur ríkið greitt fyrrverandi starfsmönnum sínum í atvinnuleysisbætur það sem af er árinu?*

Heildarfjárhæð er 96,5 millj. kr. ofannefnt tímabil.

Til samanburðar skal þess getið að árið 1992 fengu 625 fyrrverandi ríkisstarfsmenn greiddar atvinnuleysisbætur frá ríkinu í samtals 42.330 bótadaga en það samsvarar 162,8 ársverkum. Heildarfjárhæð 1992 nam 70 millj. kr.

Ef sama áframhald verður á greiðslum 1993 gæti heildargreiðsla ársins 1993 orðið 110 millj. kr. eða um 56% aukning milli ára. Bótagreiðslur 1992 urðu þrefalt hærri en árið 1991 en það ár voru þær 23,5 millj. kr.

Sundurliðun á bótagreiðslum 1992 eftir stéttarfélögum fylgir hér með til frekari glöggvunar.

Yfirlit um greiðslu atvinnuleysisbóta til fyrrverandi opinberra starfsmanna úr ríkissjóði árið 1992.

Stéttarfélag	Einstaklingar	Dagafjöldi	Ársverk	Fjárhæð í kr.
Heildargreiðslur 1992	**625**	**42.330**	**162,8**	**70.716.814**
Aðildarfélög BSRB, 73,2% af heildargreiðslu:				
Starfsmannafélag ríkisstofnana	293	20.578	79,1	34.256.070
Póstmannafélag Íslands	67	4.376	16,8	5.442.525
Landssamband lögreglumanna	30	1.678	6,5	2.455.517
Félag íslenskra símamanna	22	1.816	7,0	3.094.426
Félag starfsmanna Stjórnarráðs	12	797	3,1	1.132.775
Starfsmannafélag Akureyrarbæjar	12	506	1,9	481.495
Sjúkraliðafélag Íslands	9	421	1,6	779.751
Starfsmannafélag Akraness	6	432	1,7	674.672
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins	6	400	1,5	627.024
Starfsmannafélag Keflavíkurbæjar	6	225	0,9	364.098
Starfsmannafélag Suðurnesjabyggða	5	247	1,0	481.108
Ýmis félög, 1–4 einstaklingar	21	1.268	4,9	1.982.118
BSRB alls	**489**	**32.744**	**125,9**	**51.771.579**
Kennarasamband Íslands, 14,1% af heildargreiðslu:				
Kennarasamband Íslands	79	5.145	19,8	10.003.012
Aðildarfélög BHMR, 11,3% af heildargreiðslu:				
Hið íslenska kennarafélag	23	1.731	6,7	3.470.550
Félag viðskipta- og hagfræðinga	5	237	0,9	527.844
Ýmis félög, 1–4 einstaklingar	23	1.937	7,5	3.981.252
BHMR alls	**51**	**3.905**	**15,0**	**7.979.646**
Ýmis félög utan bandalaga, 1,4% af heildargreiðslu:				
Ýmis félög, 1–2 einstaklingar	6	536	2,1	962.577

250. Svar [161. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um biðlaun opinberra starfsmanna.

1. *Hversu margir fyrrverandi opinberir starfsmenn hafa fengið greidd biðlaun það sem af er árinu:*
   a. *konur,*
   b. *karlar?*

   Það sem af er þessu ári hafa 99 einstaklingar fengið greidd biðlaun og eru konur í þeim hópi 37 talsins en karlar 62.

2. *Hve mikið fé hafa ríkissjóður og ríkisstofnanir greitt í biðlaun það sem af er árinu og hver eru meðalbiðlaun?*

   Alls hafa verið greiddar 48.636.378 kr. í biðlaun það sem af er þessu ári og eru meðalbiðlaun 100.472 kr.

3. *Hjá hvaða ríkisstofnunum hafa verið greidd biðlaun það sem af er árinu og hverjar eru orsakir þess í einstökum tilfellum?*

Svar við því hjá hvaða ríkisstofnunum greidd hafa verið biðlaun kemur fram á meðfylgjandi lista. Í 14. gr. laga nr. 38/1954 eru sett fram skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að greiðsla biðlauna komi til. Fjármálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um hvaða orsakir liggja til þess að störf eru lögð niður hjá einstökum ráðuneytum og stofnunum sem undir þau heyra.

Skipting biðlaunagreiðslna ársins 1993 á kyn og stofnanir.
(8. nóvember 1993.)

Stofnun	*Heiti stofnunar*	*Kyn*	*Fjöldi einstakl.*	*Eininga-fjöldi*	*Heildar greiðslur*	*Meðal-laun*
00-301	Ríkisstjórn	Karlar	2	4,40	567.354	128.944
00-301	Ríkisstjórn	Samtals	2	4,40	567.354	128.944
02-206	Orðabók Háskólans	Karlar	1	1,60	164.104	102.565
02-206	Orðabók Háskólans	Konur	3	6,30	560.668	88.995
02-206	Orðabók Háskólans	Samtals	4	7,90	724.772	91.743
01-101	Forsætisráðuneyti aðalskrifstofa	Karlar	1	1,00	135.108	135.108
01-101	Forsætisráðuneyti aðalskrifstofa	Samtals	1	1,00	135.108	135.108
02-602	Héraðsskólinn Núpi	Karlar	1	7,00	761.593	108.799
02-602	Héraðsskólinn Núpi	Samtals	1	7,00	761.593	108.799
02-706	Grunnskólar Norðurlandi eystra	Karlar	1	8,00	828.392	103.549
02-706	Grunnskólar Norðurlandi eystra	Konur	1	8,00	828.392	103.549
02-706	Grunnskólar Norðurlandi eystra	Samtals	2	16,00	1.656.784	103.549
02-707	Grunnskólar Austurlandi	Karlar	1	3,00	310.647	103.549
02-707	Grunnskólar Austurlandi	Samtals	1	3,00	310.647	103.549
02-950	Vegna Menningasjóðs	Karlar	2	4,19	271.186	64.722
02-950	Vegna Menningasjóðs	Konur	6	4,09	385.373	94.223
02-950	Vegna Menningasjóðs	Samtals	8	8,28	656.559	79.295

Stofnun	Heiti stofnunar	Kyn	Fjöldi einstakl.	Einninga-fjöldi	Heildar greiðslur	Meðal-laun
03-102	Utanríkisráðuneyti varnarmálaskrifstofa	Karlar	1	5,00	493.045	98.609
03-102	Utanríkisráðuneyti varnarmálaskrifstofa	Samtals	1	5,00	493.045	98.609
04-231	Skógrækt ríkisins	Karlar	1	3,00	168.285	56.095
04-231	Skógrækt ríkisins	Samtals	1	3,00	168.285	56.095
04-235	Landgræðsla ríkisins	Konur	1	5,00	311.600	62.320
04-235	Landgræðsla ríkisins	Samtals	1	5,00	311.600	62.320
05-216	Ríkismat sjávarafurða	Karlar	12	72,00	6.623.569	91.994
05-216	Ríkismat sjávarafurða	Konur	5	37,25	3.446.685	92.528
05-216	Ríkismat sjávarafurða	Samtals	17	109,25	10.070.254	92.176
06-512	Fangelsið Litla-Hrauni	Karlar	1	4,00	346.516	86.629
06-512	Fangelsið Litla-Hrauni	Samtals	1	4,00	346.516	86.629
06-290	Dómsmál ýmis kostnaður	Karlar	2	12,00	1.220.822	101.735
06-290	Dómsmál ýmis kostnaður	Konur	3	10,00	738.503	73.850
06-290	Dómsmál ýmis kostnaður	Samtals	5	22,00	1.959.325	89.060
08-101	Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuneyti aðalskr	Karlar	1	11,00	1.442.903	131.173
08-101	Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuneyti aðalskr	Samtals	1	11,00	1.442.903	131.173

Stofnun	Heiti stofnunar	Kyn	Fjöldi einstakl.	Eininga-fjöldi	Heildar greiðslur	Meðal-laun
09-214	Yfirskattanefnd	Karlar	2	12,00	2.036.490	169.708
09-214	Yfirskattanefnd	Samtals	2	12,00	2.036.490	169.708
10-332	Vitastofnun Íslands	Karlar	1	11,00	1.173.216	106.656
10-332	Vitastofnun Íslands	Samtals	1	11,00	1.173.216	106.656
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	Karlar	7	40,00	3.755.368	93.884
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	Konur	2	3,60	238.998	66.388
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins	Samtals	9	43,60	3.994.366	91.614
22-973	Þjóðleikhúsið	Karlar	2	4,75	365.596	76.968
22-973	Þjóðleikhúsið	Samtals	2	4,75	365.596	76.968
27-271	Byggingasjóður ríkisins	Kariar	8	49,00	5.315.094	108.471
27-271	Byggingasjóður ríkisins	Konur	4	31,00	2.601.361	83.915
27-271	Byggingasjóður ríkisins	Samtals	12	80,00	7.916.455	98.956
30-101	Póstur og sími	Konur	1	2,80	219.711	78.468
30-101	Póstur og sími	Samtals	1	2,80	219.711	78.468
30-321	Skipaútgerð ríkisins	Karlar	6	20,00	2.148.585	107.429
30-321	Skipaútgerð ríkisins	Konur	2	6,68	579.386	86.734
30-321	Skipaútgerð ríkisins	Samtals	8	26,68	2.727.971	102.248

Stofnun	Heiti stofnunar	Kyn	Fjöldi einstakl.	Eininga-fjöldi	Heildar greiðslur	Meðal-laun
30-331	Vita- og hafnamál þjónustumiðstöð	Karlar	1	5,00	398.555	79.711
30-331	Vita- og hafnamál þjónustumiðstöð	Samtals	1	5,00	398.555	79.711
88-003	Ríkisspítalar legudeildir endurhæfingardeild	Karlar	1	10,00	1.909.990	190.999
88-003	Ríkisspítalar legudeildir endurhæfingardeild	Samtals	1	10,00	1.909.990	190.999
88-006	Ríkisspítalar legudeildir Kristnes	Karlar	6	23,00	3.125.048	135.872
88-006	Ríkisspítalar legudeildir Kristnes	Konur	6	38,52	2.946.719	76.498
88-006	Ríkisspítalar legudeildir Kristnes	Samtals	12	61,52	6.071.767	98.696
88-012	Ríkisspítalar Vífilsstaðaspítali	Konur	1	1,50	113.145	75.430
88-012	Ríkisspítalar Vífilsstaðaspítali	Samtals	1	1,50	113.145	75.430
88-031	Ríkisspítalar stofnanir öryrkja og þroskah	Karlar	1	10,00	1.345.884	134.588
88-031	Ríkisspítalar stofnanir öryrkja og þroskah	Konur	1	3,00	393.519	131.173
88-031	Ríkisspítalar stofnanir öryrkja og þroskah	Samtals	2	13,00	1.739.403	133.800
88-048	Ríkisspítalar rannsóknastofa	Konur	1	5,40	364.968	67.587
88-048	Ríkisspítalar rannsóknastofa	Samtals	1	5,40	364.968	67.587
	Samtals	Karlar	62	320,94	34.907.350	108.766
	Samtals	Konur	37	163,14	13.729.028	84.155
	Samtals		99	484,08	48.636.378	100.472

251. Fyrirspurn [224. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferð Rannsóknarlögreglu ríkisins á málum er varða kynferðisbrot.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hversu margar kærur bárust til Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) um kynferðisbrot árin 1982–1992? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Hvers eðlis voru þau brot sem kærð voru árin 1989, 1990, 1991 og 1992? Í svari óskast tilgreindir helstu brotaflokkar og einnig hvort hinn grunaði var kæranda ókunnur eða var í fjölskyldu eða vinahópi hans.
3. Hve margar kærur um slík brot, sem bárust RLR árin 1989, 1990, 1991 og 1992, voru sendar til ríkissaksóknara og hve margar voru ekki sendar þangað:
   a. í heild,
   b. í þeim tilvikum þegar grunur féll á ákveðinn mann?
4. Hvaða ástæður voru tilgreindar í þeim tilvikum sem RLR ákvað að senda kærur ekki áfram til ríkissaksóknara sömu ár?
5. Hve lengi voru mál, er varða kynferðisbrot, að jafnaði í meðferð hjá RLR árin 1989, 1990, 1991 og 1992?

Óskað er upplýsinga um öll kynferðisbrot, jafnt utan heimilis sem innan.

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Kynferðisbrot eru ein alvarlegustu brot sem Rannsóknarlögregla ríkisins (RLR) fær til umfjöllunar. Í þessari fyrirspurn er leitað upplýsinga um fjölda þessara brota og hvers eðlis þau eru. Í sumum tilvikum sendir RLR ekki kæru áfram til ríkissaksóknara þótt grunur um brotið falli á ákveðinn mann. Því er ástæða til að fá upplýsingar um hvort slíkt gerist oft og hvaða ástæður liggja fyrir því að svo alvarlegum brotum er ekki fylgt eftir til ríkissaksóknara.

252. Fyrirspurn [225. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferð ríkissaksóknara á málum er varða kynferðisbrot.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hve mörg mál er varða kynferðisbrot bárust ríkissaksóknara á árunum 1982– 1992? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Hve mörgum þessara mála lauk með dómi og hve mörg þeirra voru felld niður?
3. Hvaða ástæður voru tilgreindar ef ríkissaksóknari felldi slík mál niður? Svar óskast sundurliðað eftir helstu ástæðum fyrir niðurfellingu og kæruefnum og nái til áranna 1989, 1990, 1991 og 1992.

4. Hverjar voru dómsniðurstöður í þeim málum er lauk með dómi, sbr. 2. lið? Svar óskast sundurliðað eftir helstu kæruefnum og niðurstöðum dóma og taki til áranna 1989, 1990, 1991 og 1992.
5. Hve lengi voru mál er varða kynferðisbrot að jafnaði til umfjöllunar hjá ríkissaksóknara árin 1989, 1990, 1991 og 1992?

Óskað er upplýsinga um öll kynferðisbrot, jafnt utan heimilis sem innan.

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Kynferðisbrot koma til kasta ríkissaksóknara ef Rannsóknarlögregla ríkisins (RLR) sendir kærur um slík brot þangað. Í framhaldi af fyrirspurn um meðferð RLR á málum af þessu tagi er hér beðið um upplýsingar um meðferð mála hjá ríkissaksóknara, úrslit þeirra, dóma og þau tilvik þegar kæra er felld niður.

253. Svar [129. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur um starfsemi héraðsskóla.

1. *Hve margir héraðsskólar starfa í landinu? Hver er nemendafjöldi einstakra skóla skólaárið 1993–1994 og hvaða kennsla fer þar fram í einstökum greinum?*

Nú starfa þrír héraðskólar í landinu, þ.e. Alþýðuskólinn á Eiðum, Héraðsskólinn í Reykholti og Héraðskólinn í Skógum. Skólaárið 1993–1994 er nemendafjöldi þessara skóla sem hér segir:

Í Alþýðuskólanum á Eiðum eru 30 nemendur í 10. bekk grunnskóla, 39 nemendur á fyrsta ári í framhaldsskóla og 25 nemendur á öðru ári í framhaldsskóla, alls 94 nemendur.

Í Héraðsskólanum í Reykholti eru 25 nemendur í fornámi, 40 nemendur á fyrsta ári í framhaldsskóla, 35 nemendur á öðru ári í framhaldsskóla, alls 100 nemendur.

Í Héraðsskólanum í Skógum eru 7 nemendur í 9. bekk grunnskóla, 12 nemendur í 10. bekk grunnskóla og 32 nemendur á fyrsta ári í framhaldsskóla, alls 51 nemandi.

Námsframboð skólanna er tilgreint í meðfylgjandi töflum.

2. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfi héraðsskólanna í stórum dráttum frá árinu 1985?*

Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á stöðu héraðsskólanna vegna breyttrar skólaskipunar í landinu. Efstu gekkir grunnskóla eru nú starfræktir á mun fleiri stöðum en áður auk þess sem framhaldsskólum hefur fjölgað að mun. Þetta hefur leitt til þess að óhjákvæmilegt hefur verið að taka starfsemi héraðsskólanna til endurskoðunar og hafa sumir þeirra þegar fengið nýtt hlutverk. Í stuttu máli hafa breytingar orðið á starfsemi héraðsskólanna sem hér greinir að því er varðar einstaka skóla:

Héraðsskólinn á Reykjum í Hrútafirði: Skólanum var breytt í skólabúðir árið 1988 og hefur sú starfsemi gefið góða raun.

Héraðsskólinn á Laugum: Skólanum var breytt í framhaldsskóla árið 1988 og er þar nú

þriggja ára framhaldsnám. Nafni skólans var breytt og heitir hann Framhaldsskólinn á Laugum.

Héraðsskólinn á Laugavatni: Í skólanum var starfræktur 9. og 10. bekkur grunnskóla. Starfsemin var sameinuð Menntaskólanum á Laugarvatni árið 1991 og héraðsskólinn starfar því ekki lengur sem sjálfstæð stofnun.

Héraðsskólinn á Núpi: Við skólann var starfræktur 10. bekkur grunnskóla og 1. bekkur framhaldsnáms. Starfsemi skólans var hætt árið 1992 vegna dræmrar aðsóknar.

Héraðsskólinn í Reykjanesi: Skólinn hefur ekki verið starfræktur frá árinu 1991 vegna nemendafæðar. Menntamálaráðherra skipaði nefnd árið 1992 til þess að gera tilllögur um starfsemi í Reykjanesi sem gæti orðið byggðarlaginu til hagsbóta. Nefndin hefur skilað tillögum sínum til menntamálaráðherra.

Alþýðuskólinn á Eiðum: Við skólann er starfræktur 10. bekkur grunnskóla og 1. og 2. bekkur framhaldsnáms.

Héraðsskólinn í Reykholti: Við skólann eru nú 1. og 2. bekkur framhaldsnáms.

Héraðsskólinn í Skógum: Við skólann eru nú efstu bekkir grunnskóla og eins árs framhaldsnám. Framhaldsnámið er tengt Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Alþýðuskólinn á Eiðum.

Nemendafjöldi — skipting á námsár:	
10. bekkur	30 nemendur
1. bekkur	37 nemendur á 1. önn 2 nemendur á 2. önn
2. bekkur	25 nemendur á 3. önn
Skipting nemenda á námsbrautir:	
Almennt nám	44 nemendur
Verslunarbraut	5 nemendur
Uppeldisbraut	5 nemendur
Félagsfræðibraut	4 nemendur
Náttúrfræðibraut	3 nemendur
Íþróttabraut	1 nemandi

Námsgreinar í framhaldsdeild:					
Námsgreinar	Fjöldi nemenda	Námsgreinar	Fjöldi nemenda	Námsgreinar	Fjöldi nemenda
DAN 100-6	9	ENS 100-6	6	ÍSL 100-6	4
DAN 102-6	15	ENS 102-6	15	ÍSL 102-6	17
DAN 103-6	16	ENS 103-6	18	ÍSL 103-6	18
DAN 212-6	10	ENS 212-6	10	ÍSL 212-6	11
		ENS 303-6	15	ÍSL 313-6	14
STÆ 100-6	11	ÍÞR 101-2A	12	SAG 103-6E	20
STÆ 102-6	19	ÍÞR 101-2B	14	SAG 103-6S	21

STÆ 103-6	8	ÍÞR 101-2C	6		
STÆ 122-6	8	ÍÞR 101-2D	14	BÓK 103-6	12
STÆ 202-6	9	ÍÞR 101-2E	14		
STÆ 303-6	8			TÖL 103-6	20
FÉL 103-6	22	REK 103-6	8	GRT 103-6	10
TRÉ 103-6	12				

Auk þessa er einn nemandi úr Menntaskólanum á Egilsstöðum skráður í REK 103 (er ekki með í tölunum hér að ofan), síðan sækja tveir nemendur Alþýðuskólans nám í verslunarrétti, VRR 103, í Menntaskólanum á Egilsstöðum og einnig eru tveir í eðlisfræði, EÐL 103, í ME. Fjórtán nemar taka uppeldisfræði, UPP 103, utan skóla við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu.

Héraðsskólinn í Skógum.

Nemendafjöldi — skipting á námsár:	
9. bekkur	7 nemendur
10. bekkur	12 nemendur
1. bekkur	32 nemendur í dagskóla 3 nemendur utan skóla
Skipting nemenda á námsbrautir:	
Almennt nám	26 nemendur
Fornám	6 nemendur
Samkennsla er í valgreinum og sérgreinum en sérkennsla í kjarnagreinum.	

Námsgreinar í framhaldsdeild:					
Námsgreinar	Fjöldi nemenda	Námsgreinar	Fjöldi nemenda	Námsgreinar	Fjöldi nemenda
ÍSL 100	7	STÆ 100	8	ENS 100	5
ÍSL 103	14	STÆ 103	12	ENS 103	15
ÍSL 313	8	STÆ 122	7	ENS 303	6
		STÆ 313	11		
DAN 103	11			SAM 106	21
		ÍÞR 101	21		
SAG 202	10	ÍÞR 201	12	JAR 103	10
TÖL 103	12				

Héraðsskólinn í Reykholti.

Við skólann er nú starfræktir 1., 2. og 3. bekkur framhaldsnáms (allt almenn fög).

Nemendafjöldi — skipting á námsár:	
Fornám	25 nemendur í fullu námi
1. bekkur	40 nemendur
2. bekkur	27 nemendur
3. bekkur	8 nemendur

Áfangatilboð í Héraðsskólanum í Reykholti haustið 1993:			
STÆ 100 (2 hópar)	ÍSL 100 (2 hópar)	ENS 100	DAN 100 (2 hópar)
STÆ 102	ÍSL 102	ENS 102	DAN 102
STÆ 202	ÍSL 103	ENS 103	DAN 103
STÆ 103	ÍSL 202	ENS 202	DAN 202
STÆ 313	ÍSL 313	ENS 303	
LÍF 103	FÉL 103	FJÖL 223	MOH 102
FÉS 100 (félagssálfr.)	HES 102	HAN 102	LEIKL 102
HEIL 102	MYN 103 MYN 203	ÖRV 101	VÖN 103
BÓK 103		TÖL 103	ÍÞR 102
	ÞÝS 103		ÍÞR 103
RIT 103			

254. Fyrirspurn [226. mál]

til iðnaðarráðherra um nýsmíði fiskiskipa.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hver hefur verið heildarfjárfesting í nýsmíði fiskiskipa sl. fimm ár á núgildandi verðlagi?
2. Hversu stór hluti þessarar fjárfestingar hefur verið fjármagnaður með lánum frá opinberum lánasjóðum?
3. Hve stór hluti þessara verkefna hefur verið unninn erlendis?
4. Hvað má áætla að mörg ársverk hafi verið unnin erlendis við nýsmíðar á íslenskum skipum á ári sl. fimm ár?

Skriflegt svar óskast.

255. Tillaga til þingsályktunar [227. mál]

um könnun á lagningu varanlegs vegar yfir Öxi.

Flm.: Jónas Hallgrímsson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna möguleika á lagningu varanlegs heilsársvegar yfir Öxi sem skilur að Skriðdal og Berufjörð í Suður-Múlasýslu.

Greinargerð.

Fornar sagnir eru um fjölfarna þjóðleið milli Skriðdals og Berufjarðar um fjallveginn Öxi. Þessi leið er í rúmlega 500 metra hæð yfir sjávarmáli. Núverandi vegur liggur af Breiðdalsheiði neðanverðri um heiðaland sem er tiltölulega slétt allt að drögum Berufjarðarbotns, en nokkuð bratt er víða ofan í hann.

Það var upphaf þess vegslóða sem nú liggur um Öxi að áhugamenn í Berufirði og af Berufjarðarströnd hófu framkvæmdir við gerð vegar þar árið 1961. Þessi vinna var fyrst og fremst fjármögnuð með frjálsum framlögum og þættu undarlegar aðferðir í dag að afrakstur rófusölu og happdrættis rynni til samgöngubóta, en til þessara aðgerða var meðal annars gripið af ungmennafélaginu Djörfung til að afla fjár. Síðar fékkst fé úr fjallvegasjóði, en fyrst og fremst var hér um að ræða hugsjóna- og sjálfboðastarf í upphafi.

Árið 1963 var fyrst bílfært yfir Öxi, og framkvæmdum var haldið áfram til ársins 1965 á vegum áhugaaðila, en eftir það tók Vegagerð ríkisins við. Lítillega var unnið að vegabótum til ársins 1976, en síðan hefur sáralítið verið gert. Árið 1981 lögðu Rafmagnsveitur ríkisins háspennulínu yfir Öxi og varð það til þess að vegurinn varð nánast ófær. Að eindreginni ósk heimamanna var hann þó lagfærður og sáu Rarik og Vegagerð ríkisins um það verk. Árið 1988 var sett brú á Yxnagilsá, en árið 1992 kemur enn til skjalanna áhugahópur frá Egilsstöðum sem setti hólka í þrjú minni háttar vatnsföll norðanvert á heiðinni.

Þar sem viðhaldi á þessum vegi hefur nánast ekkert verið sinnt er varla nokkur ofaníburður í honum lengur á stórum köflum og víða er hann nánast ófær.

Eins og fyrr greinir liggur vegurinn um sléttlendi mestan hluta leiðarinnar, lága ása og melöldur, og telja kunnugir vegagerð fremur ódýra um sjálfa heiðina og að uppbyggður vegur ætti að haldast opinn alla jafna um vetur. Þetta þyrfti þó að kanna með snjómælingum og athugunum á svæðinu.

Þar sem hallar til Berufjarðar er víða mjög bratt og illt yfirferðar í núverandi vegarstæði en jafnframt ógleymanleg náttúrufegurð.

Núverandi vegur milli Skriðdals og Berufjarðar er rúmlega 18 km og er um 60 km styttíng milli Egilsstaða og Hafnar ef þessi samgöngubót yrði að veruleika. Ástand vegarins um þessar mundir leiðir ekki af sér styttingu á ökutíma. Með tilkomu þessa varanlega vegarsambands opnuðust auk þess ný tækifæri til útivistar og náttúruskoðunar. Ótvírætt hefði bætt vegarsamband um Öxi mikla þýðingu fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Þá væri hægt að velja um fjórar hringleiðir út frá nýjum varaflugvelli á Egilsstöðum, í fyrsta lagi umhverfis Lagarfljót, í öðru lagi um Hellisheiði og Möðrudalsöræfi, í þriðja lagi um Breiðdalsheiði og Reyðarfjörð til Egilsstaða og í fjórða lagi um Öxi með fjörðum.

Fylgiskjal.

Vegagerð ríkisins:



256. Tillaga til þingsályktunar [228. mál]

um vegagerð milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar.

Flm.: Jónas Hallgrímsson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna möguleika á gerð sumarvegar frá Borgarfirði eystri um Loðmundarfjörð til Seyðisfjarðar.

Greinargerð.

Strandlengjan milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar var fyrr á tímum byggð, Álftavík — Húsavík — Litlavík — Breiðavík — Kjólsvík — Glettinganes — Brúnavík — Loðmundarfjörður. Nú er þar allt komið í eyði utan að tvær jarðir eru setnar að sumarlagi í Loðmundarfirði.

Illa akfær sumarvegur er frá Borgarfirði eystri til Loðmundarfjarðar um Nesháls og Húsavíkurheiði. Þessi vegur er fær fjórhjóladrifsbílum alla jafna 2–3 mánuði að sumrinu í venjulegu árferði.

Norðanvert í Seyðisfirði er sýsluvegur til bæjarins Selsstaða en þaðan er ruddur vegur út að eyðibýlinu Sléttanesi. Eru u.þ.b. 10 km frá Sléttanesi til Sævarenda í Loðmundarfirði sem er önnur jarðanna sem setin er að sumrinu, hin er Stakkahlíð, og milli þeirra er eina vatnsfallið sem brúa þyrfti á leiðinni, Fjarðará í Loðmundarfirði.

Sú leið, sem enn er vegalaus, er landsvæðið með ströndinni fyrir Brimnesfjall og inn svonefnda Hjálmaströnd.

Mikil náttúrufegurð er rómuð í Loðmundarfirði og ógleymanleg þeim sem séð hafa. Gróðurfar er mjög fjölbreytt og gróðursæld með eindæmum. Snjóþyngsli á vetrum geta hins vegar verið mikil á þessum slóðum svo að ekki þarf að gera ráð fyrir að hér verði um vetrarnotkun vegarins að ræða nema með miklum kostnaðarauka. Því er hér einungis átt við að komast megi um svæðið að sumar- og haustlagi. Mundi þessi vegur, ef af yrði, bæta mjög aðstæður vegna fjallskila og smalamennsku auk þess sem ferðaþjónusta á svæðinu mundi njóta góðs af. Borgarfjörður eystri er ört vaxandi ferðaþjónustusvæði hin síðari ár. Veldur þar einstök náttúrufegurð og sinna heimamanna á að laða ferðafólk á staðinn, m.a. með framleiðslu og sölu Álfasteins hf. á margs konar minjagripum úr steinum af svæðinu. Á síðasta ári komu t.d. í fyrirtækið 8.553 manns og sl. sumar 6.434 manns, en geta má þess að veðurfar var þá afar óhagstætt.

Í Stakkahlíð í Loðmundarfirði hefur á undanförnum árum verið unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu enda margt forvitnilegt á að líta á þessum slóðum, t.d. biksteinsnáma í fjallinu Skúmhetti.

Um Seyðisfjörð, sem er önnur stærsta innflutningsleið ferðafólks til landsins, koma árlega 7–8 þúsund manns með farþega- og bílaferjunni Norrænu.

Ítrekað hefur verið bent á af heimamönnum hve erfitt er að halda ferðafólkinu á austurströndinni vegna fábreytni í afþreyingu. Þessi nýja hringleið, Seyðisfjörður — Loðmundarfjörður — Borgarfjörður eystri — Egilsstaðir, mundi tvímælalaust stórauka möguleika ferðaþjónustu á svæðinu og verða til þess að treysta og festa þá viðkvæmu byggð sem nú er reynt að viðhalda á þessum slóðum.

Fylgiskjal.

Vegagerð ríkisins:



VEGUR MILLI SEYÐISFJARÐAR OG BORGARFJARÐAR EYSTRA

257. Fyrirspurn [229. mál]

til félagsmálaráðherra um reglugerð um vistun barna í sveit.

Frá Drífu Hjartardóttur.

Hvað líður setningu reglugerðar um vistun barna í sveit?

258. Fyrirspurn [230. mál]

til félagsmálaráðherra um barnaverndarráð.

Frá Drífu Hjartardóttur.

Stendur til að leggja barnaverndarráð Íslands niður? Ef svo er, hvers vegna?

259. Tillaga til þingsályktunar [231. mál]

um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Sigbjörn Gunnarsson, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, og miði sú endurskoðun m.a. að því að gefa fleiri aðilum kost á því að vinna að markaðsöflun og útflutningi á saltsíld.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. og 116. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd.

Í lögum um síldarútvegsnefnd segir að hún skuli hafa eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar. Í 4. gr. laganna er kveðið á um að enginn megi „bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld sem íslensk skip veiða eða verkuð er hér á landi eða lögð á land verkuð, nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til“. Enn fremur segir í 8. gr.: „Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum síldarútvegsnefndar, að veita heildarsamtökum síldarsaltenda eða síldarútvegsnefnd einkarétt til útflutnings á saltaðri síld eða einkarétt til útflutnings á saltaðri síld sem verkuð er með tilteknum verkunaraðferðum eða seld til ákveðinna landa.“

Ljóst má vera að heimild er í lögum um að aðrir flytji út saltaða síld en síldarútvegsnefnd. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin, heldur hefur síldarútvegsnefnd alfarið séð um útflutning saltaðrar síldar í krafti einkaréttar er lögin kveða á um.

Enginn efast um að síldarútvegsnefnd hefur unnið gott starf bæði við stjórnun síldarsöltunar og við útflutning á síldarafurðum. Þótt einkaréttur á útflutningi saltsíldar verði afnuminn mun síldarútvegsnefnd hafa mikilvægu hlutverki að gegna, en með því að gefa fleiri útflytjendum kost á að flytja út saltaða síld hlýtur það að efla markaðsleit, tryggja betur sölu og verð og nýtingu markaða. Lagaákvæðin eru hins vegar úrelt orðin og tímabært að endurskoða þau.

Vaxandi erfiðleikar við útflutning og sölu saltsíldar á erlendum mörkuðum hljóta að kalla á endurskoðun laga er kveða á um þessi mál. Miklir hagsmunir eru í húfi. Síldarsöltun er stór þáttur í atvinnulífi landsbyggðarinnar og í þjóðartekjum. Brýnt er að leitað verði allra leiða til þess að tryggja hámarksafrakstur atvinnugreinarinnar. Efling útflutningsstarfseminnar er löngu brýn og gæfi fleiri útflytjendum kost á að spreyta sig. Að veita fullt frelsi í útflutningi saltsíldar er tímabær aðgerð sem nú verður að framkvæma eins fljótt og auðið er.

260. Frumvarp til laga [232. mál]

um breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

4. tölul. 17. gr. laganna orðast svo:

Sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir fyrir aldraða, ætlaðar öldruðum sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Þar skal vera völ á sömu þjónustu og um getur í 1. tölul. 18. gr.

2. gr.

Á undan 30. gr. laganna kemur ný grein er verður 30. gr. og orðast svo:

Óheimilt er í auglýsingum, sölumennsku eða kynningu að nota heiti úr lögum þessum yfir þá þjónustu sem ætlunin er að veita nema að fengnu samþykki samstarfsnefndar um málefni aldraðra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikið hefur verið byggt af húsnæði í þágu aldraðra á síðustu árum eða frá því að lögin um Framkvæmdasjóð aldraðra voru sett á sínum tíma. Hafa orðið straumhvörf í byggingu hjúkrunarrýmis fyrir gamalt fólk á þessum tíma. Enn skortir þó mikið á að nægilegt hjúkrunarrými sé til og enn vantar sárlega um 150 pláss fyrir gamalt fólk í Reykjavík einni.

Á sama tíma og reist hafa verið og opnuð hjúkrunarheimili fyrir aldraða um allt land hafa einnig verið byggðar íbúðir „fyrir aldraða“. Þessar íbúðir eru þó ekki fyrir aldraða nema að nafninu til. Að vísu er þó nokkuð um íbúðir sem beint tengjast þjónustu við aldraða, t.d. á Reykjavíkursvæðinu. En þess eru einnig mörg dæmi að fólk kaupi sér íbúðir fyrir aldraða sem í raun tengjast þjónustukerfi við aldraða aðeins lauslega en eru ekki sérstakur hluti af því. Hafa byggingameistarar notað aðstöðu sína í Reykjavík sérstaklega til að

byggja svokallaðar íbúðir fyrir aldraða. Kveður svo rammt að þessu að ríkisstjórnin hefur neyðst til að horfast í augu við vandann og hefur félagsmálaráðherra lagt fram skýrslu um málið. Er hún birt sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Á síðasta þingi komu fram tillögur um breytingar á lögum um málefni aldraðra í því skyni að koma í veg fyrir að byggingaraðilar misnotuðu aðstöðu sína á þennan hátt. Þáverandi heilbrigðisráðherra tók þeim hugmyndum vel í orði. Á lista ríkisstjórnarinnar yfir forgangsmál kemur hins vegar ekki fram að breyta eigi þessum lögum. Þess vegna er frumvarp þetta flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir breytingu á 4. tölul. 17. gr. laganna. Markmiðið með breytingunni er að skýrt verði kveðið á um hvaða íbúðir teljist sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir fyrir aldraða samkvæmt lögunum. Þannig verði tryggt að þær tengist ekki einungis þeirri opinberu þjónustu sem öldruðum býðst, heldur séu hluti af þjónustukerfinu.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að ný grein bætist við lögin sem felur í sér nýmæli. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að þeir sem hyggjast auglýsa þjónustu, sem kveðið er á um í lögunum, sæki um sérstaka heimild í því skyni til samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Með því á að girða fyrir hvers kyns misnotkun.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpi þessu birtist sem fylgiskjal skýrsla starfshóps á vegum félagsmálaráðuneytis um byggingarkostnað og söluverð þjónustuíbúða fyrir aldraða. Starfshópurinn lauk störfum og skilaði skýrslu í júlí 1993. Í skýrslunni er gerður samanburður á byggingarkostnaði nærri 300 íbúða fyrir aldraða sem byggðar voru á vegum níu framkvæmdaraðila víðs vegar um landið og einnig var gerður samanburður við byggingarkostnað félagslegra íbúða. Í skýrslunni er einnig fjallað um eignafyrirkomulag og rekstur íbúðanna.

Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

261. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

D-liður 1. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Í stað „1%“ í b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: 1,12%.

3. gr.

B-liður 8. gr. laganna orðast svo:

Árlegt framlag úr ríkissjóði sem verði 0,227% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs og skal greiðast Jöfnunarsjóði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

4. gr.

9. og 10. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna sem verður 9. gr. þeirra:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Tekjum Jöfnunarsjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

6. gr.

Í stað „7,5%“ í 1. mgr. 25. gr. laganna, er verður 23. gr., kemur: 9,2%.

7. gr.

V. kafli laganna, **Um aðstöðugjald**, 34.–40. gr., fellur brott og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því.

8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna, er verður 32. gr., orðast svo: Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr. og 3. og 5. mgr. 27. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 27. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning.

9. gr.

Eftirtaldar greinar laganna breytast þannig:

a. Í 11. gr., er verður 9. gr., kemur: 10. gr. í stað „12. gr.“ í a-lið 2. mgr., 11. gr. í stað „13. gr.“ í b-lið 2. mgr. og 12. gr. í stað „14. gr.“ í c-lið 2. mgr.
b. Í 13. gr., er verður 11. gr., kemur: 13. gr. í stað „15. gr.“ í c-lið og 14. gr. í stað „16. gr.“ í d-lið.
c. Í stað „12. og 13. gr.“ í 2. mgr. 14. gr., er verður 12. gr., kemur: 10. og 11. gr.
d. Í stað „13. gr.“ í 1. mgr. 15. gr., er verður 13. gr., kemur: 11. gr.
e. Í stað „13. gr.“ í 1. mgr. 16. gr., er verður 14. gr., kemur: 11. gr.
f. Í stað „13. gr. og skv. 14. gr.“ í 17. gr., er verður 15. gr., kemur: 11. gr. og skv. 12. gr.
g. Í stað „25. gr.“ í 1. mgr. 26. gr., er verður 24. gr., kemur: 23. gr.
h. Í 30. gr., er verður 28. gr., kemur: 27. gr. í stað „29. gr.“ í 2. mgr. og 32. gr. í stað „41. gr.“ í 7. mgr.
i. Í stað „21. gr.“ í 2. mgr. 43. gr., er verður 34. gr., kemur: 19. gr.

10. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Sérstakan fasteignaskatt, sem nema skal 1,25% að hámarki af álagningarstofni, er á árinu 1994 heimilt að leggja á fasteignir sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða. Skattskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Skattskyldan nær til sömu aðila og samkvæmt fyrri lögum um sama efni. Álagningarstofn skal vera fasteignamatsverð í árslok 1993. Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð. Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til skatts samkvæmt þessu ákvæði skal miða við raunverulega notkun fasteignar í árslok 1993. Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

Fyrir árslok 1993 skulu eigendur fasteigna senda Fasteignamati ríkisins eða því sveitarfélagi sem eign er í skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þetta ásamt upplýsingum um síðasta heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem einnig eru notaðar til annars en verslunarreksturs og skrifstofuhalds. Fasteignamat ríkisins skal útbúa viðeigandi eyðublöð í þessu sambandi. Vanræki húseigandi að senda skrá yfir eignir sem ákvæði þetta tekur til er sveitarstjórn heimilt að láta fylla út slíka skrá og nota til viðmiðunar við álagningu þar til húseigandi bætir úr.

Ákvæði II. kafla laga þessara sem taka til fasteignaskatts skulu jafnframt gilda um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði samkvæmt þessu ákvæði eftir því sem við getur átt.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæðis þessa.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 og ákvörðun staðgreiðslu á því ári.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 90/1990, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 113 29. desember 1992, um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, var ákveðin niðurfelling aðstöðugjalds á árinu 1993. Sveitarfélögum var bætt upp tekjutapið til bráðabirgða á því ári með hlutdeild í tekjuskatti ríkisins árið 1993. Var þetta gert í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. nóvember 1992 um aðgerðir til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs og sporna við auknu atvinnuleysi. Þá var jafnframt reiknað með að niðurfelling aðstöðugjaldsins yrði til frambúðar og að á árinu 1993 kæmu lög um tekjustofna sveitarfélaga til endurskoðunar með það að markmiði að finna sveitarfélögunum nýjan tekjustofn í stað aðstöðugjaldsins. Þetta var í fullu samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Með bréfi dagsettu 11. febrúar 1993 skipaði félagsmálaráðherra nefnd „til að gera tillögur um tekjur handa sveitarfélögunum í stað aðstöðugjaldsins". Nefndinni var „jafnframt ætlað að gera tillögur um hvort fella eigi niður landsútsvarið og hvaða tekjustofn eigi þá að koma í staðinn". Í nefndina voru skipuð: Gunnar Svavarsson, formaður stjórnar Félags íslenskra iðnrekenda, Sigríður Stefánsdóttir, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, Sigurður E. Arnórsson framkvæmdastjóri, Sturla Böðvarsson alþingismaður, Valgarður Hilmarsson, oddviti Engihlíðarhrepps, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri sem skipaður var formaður nefndarinnar. Maríanna Jónasdóttir deildarstjóri var ritari nefndarinnar. Nefndin hélt allmarga fundi þar sem farið var yfir margvísleg gögn, málin rædd og ýmsir kostir skoðaðir. Hinn 30. júlí 1993 skilaði nefndin sameiginlegum tillögum sínum ásamt greinargerð til félagsmálaráðherra. Fylgir hvort tveggja frumvarpi þessu í heild sinni í sérstöku fylgiskjali. Varð nefndin í aðalatriðum sammála um niðurstöður en þær eru þessar helstar:

1. Útsvar sveitarfélaga verði að hámarki 9,2%.
2. Álagning fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði verði í tveimur þrepum. Lagt er til að í lægra þrepinu verði skatturinn 1,12% af álagningarstofni, þó þannig að sveitarstjórnum sé heimilt að hækka það hlutfall um 25 hundraðshluta, sjá b-lið 3. gr. í lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga. Miðað er við að heildarbreytingin skili sveitarfélögunum um 600 milljónum króna. Efra þrepið verði í formi álags á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Miðað við nýttan álagningarstofn er lagt til að álagningarhlutfallið verði að hámarki 1,25%. Þá er lagt til að álagning í efra þrepi verði í samræmi við núgildandi lög um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Samhliða því vinni félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að skatturinn falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga.
3. Landsútsvarið falli niður. Lagt er til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái framlag úr ríkissjóði sem verði 0,227% af álagningarstofni útsvars, en hluti Jöfnunarsjóðs í landsútsvari nam 511 milljónum króna árið 1992. Afgangurinn, eða 117 milljónir króna, skilar sér í hækkun útsvars og fasteignaskatta.
4. Þá er lagt til að í framhaldi af tillögum nefndarinnar verði ákvæði um úthlutun jöfnunarframlaga í tekjustofnalögunum og reglugerðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga endurskoðuð, einkum með hliðsjón af breyttri tekjumyndun sveitarfélaga.

Tillögur nefndarinnar eru við það miðaðar að sveitarfélögin í heild verði fjárhagslega jafnsett eftir breytingarnar eins og þau eru nú og sama á við um ríkissjóð. Í þessu sambandi er rétt að benda á að tekjur Jöfnunarsjóðs af landsútsvari námu 511 m.kr. 1992. Þar af var landsútsvar ÁTVR um 328 m.kr., en í tillögunum er gert ráð fyrir að þær tekjur renni í ríkissjóð eftir breytinguna. Jafnframt er gert ráð fyrir að ríkið hækki skatta á olíur og bensín á móti niðurfellingu landsútsvars olíufélaga, en það nam 143 m.kr. á árinu 1992. Sú hækkun á því ekki að þurfa að leiða til hækkunar á vörum eða þjónustu hjá olíufélögunum.

Niðurfelling aðstöðugjaldsins á að sjálfsögðu að leiða til verulegrar lækkunar á verði vöru og þjónustu og sama á við um niðurfellingu landsútsvars banka og sparisjóða.

Frumvarpið byggist á niðurstöðum og tillögum framangreindrar nefndar og er samið í félagsmálaráðuneytinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að niður falli d-liður, Aðstöðugjöld, í upptalningu tekjustofna sveitarfélaga í 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga. Fellur aðstöðugjaldið sem tekjustofn með því niður til frambúðar.

Um 2. gr.

Í samræmi við tillögur framangreindrar nefndar er með þessari grein lagt til að skattur á atvinnuhúsnæði verði 1,12% í stað 1% samkvæmt gildandi lögum. Er það neðra (lægra) þrepið samkvæmt tillögum nefndarinnar. Þrátt fyrir þessa hækkun verður áfram heimilt skv. 4. mgr. 3. gr. gildandi laga að hækka það hlutfall um allt að 25 hundraðshluta.

Um 3. gr.

Samkvæmt frumvarpinu fellur landsútsvarið niður. Þess í stað fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlag úr ríkissjóði sem verður 0,227% af álagningarstofni útsvars. Áætlað er að sú upphæð nemi 511 milljónum króna sem er sama upphæð og hluti Jöfnunarsjóðs í landsútsvari samkvæmt gildandi lögum. Framlagið greiðist Jöfnunarsjóði sveitarfélaga mánaðarlega.

Um 4. gr.

Þar sem byggt er á því að landsútsvar verði aflagt er nauðsynlegt að 9. og 10. gr. gildandi laga, sem um landsútsvar fjalla, falli niður.

Um 5. gr.

Með greininni er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að í 11. gr., sem verður 9. gr., falli niður 1. mgr., en sú málsgrein fjallar um landsútsvar á sama hátt og 9. og 10. gr. gildandi laga. Með tilliti til framangreindrar breytingar er í öðru lagi lögð til orðalagsbreyting í upphafi 2. mgr. gildandi laga sem verður 1. mgr., en um efnisbreytingu er ekki að ræða.

Um 6. gr.

Breytingin felur í sér að útsvar sveitarfélaga verður að hámarki 9,2% í stað 7,5% nú. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að í nefnd þeirri sem vitnað er til hér að framan kom fram það álit fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga að tekjuskattur ríkisins verði að lækka sem þessu nemur þannig að álagningarhlutfall í staðgreiðslu í heild hækki ekki. Aðrir fulltrúar gerðu hins vegar ráð fyrir að hlutur ríkisins í staðgreiðslu tekjuskatts lækki en töldu ekki rétt að tilgreina nákvæma tölu í því sambandi.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er byggt á því að aðstöðugjaldið falli að fullu niður. Af þeirri ástæðu fellur V. kafli gildandi laga, sem fjallar um aðstöðugjald, allur niður.

Um 8. gr.

Til samræmis við breytingar, sem gerðar eru með frumvarpi þessu og tilvísun í einstakar greinar, er óhjákvæmilegt að breyta tilvísunum í 2. málsl. 1. mgr. 41. gr. gildandi laga er verður 32. gr. laganna.

Um 9. gr.

Í 9. gr. eru lagðar til nauðsynlegar breytingar vegna niðurfellingar einstakra greina og kafla laganna. Um efnisbreytingar er ekki að ræða.

Um 10. gr.

Í þessu ákvæði til bráðabirgða er sveitarfélögum veitt heimild til að leggja á sérstakan viðbótarfasteignaskatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á árinu 1994. Má skatturinn skv. 1. mgr. nema allt að 1,25% af álagningarstofni. Er hér í raun um annað skattþrep að ræða á þess háttar húsnæði þar sem heimilt verður skv. 2. gr. frumvarps þessa að leggja 1,12% fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði að viðbættu álagi. Álagningarstofninn skal vera fasteignamatsverð í árslok 1993, þ.e. bæði húsnæðis og tilheyrandi lóðar. Ef það er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð. Að öðru leyti er 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við meginreglur laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, nú V. kafli laga nr. 111 29. desember 1992. Reiknað er með að þessi skattur skili sveitarfélögunum 335 milljónum króna í tekjur ef hann verður lagður á samkvæmt þessu ákvæði.

Á móti fellur skattur ríkisins á skrifstofu- og verslunarhúsnæði niður en hann er á þessu ári samkvæmt gildandi lögum heldur hærri eða 1,5% af skattstofni. Þarna er því um verulega lækkun að ræða.

Í 2. mgr., sem er ný, er gert ráð fyrir því að húseigandi sendi Fasteignamati ríkisins eða því sveitarfélagi, sem fasteign er í, skrá yfir eignir sem teljast til skrifstofu- og verslunarhúsnæðis ásamt ýmsum upplýsingum, svo sem síðasta heildarfasteignamatsverði þeirra eða kostnaðarverði, notkun og rúmmáli. Lögð er sú skylda á Fasteignamat ríkisins að útbúa samræmd eyðublöð í þessu sambandi. Loks er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn sé heimilt, ef húseigandi vanrækir að senda skrá yfir eignir, að láta fylla út þess háttar skrá og nota til viðmiðunar við álagningu þar til hann bætir úr.

Tekið er fram í 3. mgr. ákvæðisins svo að ekki valdi vafa að önnur ákvæði II. kafla laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, og um fasteignaskatt fjalla, gildi jafnframt um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði eftir því sem við getur átt, t.d. um gjalddaga, innheimtu, lögveð o.fl.

Loks er í 4. mgr. tekið fram að ráðherra sé heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skattlagningar á verslunar- og skrifstofuhúsnæði ef þurfa þykir.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Tillögur og greinargerð tekjustofnanefndar.
(Júlí 1993.)

Inngangur.

Með bréfi dagsettu 11. febrúar 1993 skipaði félagsmálaráðherra nefnd „til að gera tillögur um tekjur til handa sveitarfélögum í stað aðstöðugjaldsins". Nefndinni var „jafnframt ætlað að gera tillögur um hvort fella eigi niður landsútsvarið og hvaða tekjustofn eigi þá að koma í staðinn".

Í nefndina voru skipuð: Gunnar Svavarsson, formaður stjórnar Félags íslenskra iðnrekenda, Sigríður Stefánsdóttir, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, Sigurður E. Arnórsson framkvæmdastjóri, Sturla Böðvarsson alþingismaður, Valgarður Hilmarsson, oddviti Engihlíðarhrepps, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri sem skipaður var formaður nefndarinnar. Maríanna Jónasdóttir deildarstjóri hefur verið ritari nefndarinnar.

Haldnir voru níu fundir í nefndinni þar sem farið var yfir margvísleg gögn, málin rædd og ýmsir kostir skoðaðir. Hér á eftir er í stuttu máli lýst því efni sem nefndin studdist við og nokkrum þeim leiðum sem skoðaðar voru. Fyrst verður þó fjallað lítillega um forsögu málsins og verkefni nefndarinnar en í lok þessarar greinargerðar eru tillögur hennar dregnar saman.

1. Verkefni nefndarinnar.

Eins og fram kemur í skipunarbréfi nefndarinnar á hún að gera tillögur um tekjur til handa sveitarfélögum í stað aðstöðugjaldsins sem afnumið var í ársbyrjun 1993, en afnám þess átti sér nokkurn aðdraganda.

Aðstöðugjaldið var tekið upp árið 1962 í stað veltuútsvars. Tilgangurinn með álagningu þess var meðal annars sá að fyrirtæki greiddu með þessum hætti fyrir þá þjónustu eða aðstöðu sem þau nytu í viðkomandi sveitarfélagi. Á undanförnum árum hefur álagning aðstöðugjaldsins hins vegar verið gagnrýnd, einkum á þeirri forsendu að þessi skattlagning sé óréttlát þar sem hún taki ekki mið af afkomu fyrirtækja, en aðstöðugjaldið er lagt á rekstrarkostnað þeirra. Þá hefur sú röksemd að aðstöðugjaldið veiki samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum einnig vegið þungt. Á móti kemur að aðstöðugjaldið hefur verið sjálfstæður tekjustofn sveitarfélaga án beinna tengsla við tekjuöflun ríkisins auk þess að skapa ákveðin tengsl milli fyrirtækja og sveitarfélaga.

Í júní 1990 skipaði fjármálaráðherra nefnd, *fyrirtækjaskattanefnd*, til þess að endurskoða lög um skattlagningu fyrirtækja með það að markmiði að jafna samkeppnisstöðu atvinnugreina. Í áfangaskýrslu þeirrar nefndar sem lögð var fram haustið 1990 kom meðal annars fram sú skoðun að forsendur fyrir álagningu aðstöðugjaldsins væru breyttar og því nauðsynlegt að fella gjaldið niður. Jafnframt þyrfti að finna sveitarfélögunum nýja tekjustofna.

Í kjölfarið fylgdi umræða milli aðila um hugsanlegar breytingar á álagningu aðstöðugjalds. Í ársbyrjun 1991 skipaði félagsmálaráðherra sérstaka nefnd, *nefnd um endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga*, til að fjalla um málið. Eins og nafnið bendir til var henni ætlað að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga með tilliti til nýrra hugmynda um skattlagningu atvinnulífsins. Nefndin skilaði skýrslu í febrúar 1992. Í bréfi til félagsmálaráðherra kemur fram sú skoðun fulltrúa félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra að fella beri

aðstöðugjaldið niður. Jafnframt lögðu þeir áherslu á að sveitarfélögin fái jafngildan tekjustofn í staðinn. Í skýrslunni var stillt upp nokkrum valkostum um breytta eða nýja tekjuöflun sveitarfélaga í stað aðstöðugjaldsins án þess að tekin væri afstaða til eins kosts umfram annan né heldur hugsanlegra breytinga á tekjuöflun ríkisins. Meðal þess sem talið var að gæti komið í stað aðstöðugjaldsins var tryggingagjald, tekjuskattur fyrirtækja, fasteignaskattar á atvinnurekstur, hækkun útsvars, bein framlög frá ríki o.fl. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni stóðu ekki að þessum tillögum, sbr. bókun sem fram kemur í skýrslu nefndarinnar. Þar var meðal annars bent á fyrirhugaðar viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um stækkun og eflingu sveitarfélaga. Töldu fulltrúar Sambandsins eðlilegast að nefndin, sem vinna mundi að því máli, tæki við verkefnum fyrrgreindrar nefndar.

Í mars 1992 skipaði félagsmálaráðherra sérstakan starfshóp til að fjalla um breytta tekjuöflun sveitarfélaga við niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Niðurstöður hópsins lágu fyrir í ágúst 1992. Tillaga meiri hluta hópsins var sú að í stað aðstöðugjaldsins yrði hlutdeild hvers sveitarfélags í útsvari hækkuð um 1% óháð stærð og tekjuþörf. Auk þess skyldi tryggingagjaldið hækkað um 1,1% og kæmi sú hækkun í hlut sveitarfélaga. Einnig skyldi ríkissjóður greiða beint framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í stað landsútsvars. Til að mæta tekjutapi ríkissjóðs var lagt til að tryggingagjaldið hækkaði um 2,1%. Samanlagt átti tryggingagjaldið því að hækka um 3,2%. Í tillögunni fólst því breytt form á skattlagningu fyrirtækja. Einn nefndarmanna, en þeir voru fjórir, stóð ekki að þessari tillögu og skilaði séráliti.

Einn liður í sérstökum aðgerðum stjórnvalda í atvinnumálum sl. haust var afnám aðstöðugjaldsins, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. nóvember 1992 um eflingu atvinnulífs. Þar segir meðal annars „að veigamikill þáttur í þeim aðgerðum sem hér er fjallað um er afnám aðstöðugjaldsins. Eftir því sem alþjóðaviðskipti verða frjálsari og samkeppni harðnar verður mikilvægara að skapa íslensku atvinnulífi a.m.k. ekki lakari skattakjör en helstu keppinautum. Þess vegna sé orðið brýnt að afnema aðstöðugjaldið.“ Jafnframt segir í yfirlýsingunni: „Afnám aðstöðugjaldsins hefur veigamikil áhrif á fjárhag sveitarfélaga og breytingin er meiri en svo að unnt sé að ákveða fyrirvaralítið hvernig henni verður mætt til frambúðar. Þess vegna er ákveðið að sveitarfélögin fái á árinu 1993 tekjur úr ríkissjóði sem nemi 80% af aðstöðugjaldi af stofni ársins 1992.“ Þessar breytingar tóku gildi í byrjun árs 1993.

Eins og fram kemur í yfirlýsingunni gerðu ríki og sveitarfélög samkomulag um að sveitarfélögin fengju greitt úr ríkissjóði jafngildi 80% af álögðu aðstöðugjaldi ársins 1993 að teknu tilliti til breytinga á frumálagningu þess, sbr. lög nr. 113/1992. Þetta fyrirkomulag er einnig staðfest í 23. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, þar sem sveitarfélögum er tryggð þessi fjárhæð með sérstakri hlutdeild í innheimtum tekjuskatti á yfirstandandi ári. Samkvæmt fjárlögum ársins 1993 er þessi fjárhæð talin vera um 4 milljarðar króna. Þessi áætlun er hins vegar nokkurri óvissu háð, en frumálagning aðstöðugjalds fyrir árið 1993 liggur væntanlega fyrir í lok júlí. Jafnframt skyldi skipaður vinnuhópur til að leita varanlegri lausna um tekjuöflun sveitarfélaga.

Í framhaldi af því skipaði félagsmálaráðherra þá nefnd sem hér skilar greinargerð.

2. Aðstöðugjald og landsútsvar.

Álagning aðstöðugjalds 1992. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra nam frumálagning aðstöðugjalds 5.330 m.kr. á árinu 1992, en gjaldstofninn er rekstrarkostnaður ársins 1991. Þá hefur ekki verið tekið tillit til kærna og endurúrskurða sem alla jafna lækkar frumálagninguna nokkuð. Þær breytingar eru þó nokkuð misjafnar frá ári til árs, eða 3½ til 4½% árin 1989–1991.

Í eftirfarandi yfirliti kemur fram frumálagning aðstöðugjalds 1992 eftir skattumdæmum ásamt álagningu útsvars á tekjur ársins 1991 til samanburðar, en þessir skattar ásamt fasteignasköttunum hafa verið veigamestu tekjustofnar sveitarfélaga.

Álagning aðstöðugjalds árið 1992 — skipt eftir skattumdæmum.

	Álagning aðst.gjalds m.kr.1)	Hlutfalls-skipting %	Álagning útsvars m.kr.	Hlutfalls-skipting %
Reykjavík	2.814	52,8	6.028	38,5
Reykjanes	869	16,3	3.994	25,5
Vesturland	223	4,2	849	5,4
Vestfirðir	205	3,8	661	4,2
Norðurland vestra	202	3,8	581	3,7
Norðurland eystra	484	9,1	1.583	10,1
Austurland	233	4,4	791	5,1
Suðurland	219	4,1	851	5,4
Vestmannaeyjar	83	1,6	322	2,1
Landið allt	**5.331**	**100,0**	**15.661**	**100,0**

1) Frumálagning án tillits til breytinga vegna kæra og endurúrskurða.

Fram kemur að meira en helmingur aðstöðugjaldsins er lagður á í Reykjavík og um 70% í Reykjavík og Reykjanesi. Hlutdeild þessara umdæma í útsvari er hins vegar nokkru lægri eða um 64%, en á því svæði býr svipað hlutfall landsmanna. Þá er skipting útsvars milli Reykjavíkur og Reykjaness talsvert frábrugðin skiptingu aðstöðugjaldsins, eða 38½% og 25½% í fyrrgreindri röð, sem er í takt við íbúafjöldann. Munurinn á milli aðstöðugjalds og útsvars er hins vegar mun minni í öðrum umdæmum.

Til fróðleiks er frumálagningu aðstöðugjalds 1992 skipt eftir atvinnugreinum stillt upp í eftirfarandi töflu:

Álagning aðstöðugjalds 1992 skipt eftir atvinnugreinum.

	Frum-álagning m.kr.[1]	Hlutfalls-skipting %
Landbúnaður	133	2,5
Sjávarútvegur	750	14,1
Fiskveiðar	323	6,1
Fiskiðnaður	427	8,0
Iðnaður	705	13,2
Byggingariðnaður	494	9,3
Verslun	2.064	38,7
Hótel- og veitingastarfsemi	158	3,0
Samgöngur	297	5,6
Tryggingafélög	163	3,1
Önnur starfsemi	566	10,5
Samtals	**5.331**	**100,0**

1) Án tillits til breytinga vegna kæra og endurúrskurða.

Innheimta aðstöðugjalds. Sem fyrr segir nam frumálagning aðstöðugjalds 5.331 m.kr. á árinu 1992. Um það bil 84% af þeirri fjárhæð er til innheimtu hjá innheimtumönnum ríkissjóðs eða sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga ásamt öðrum þinggjöldum. Upplýsingar um innheimtu þess hluta liggur fyrir hjá Ríkisbókhaldi. Afgangurinn, eða kringum 16%, er innheimtur af sveitarfélögunum sjálfum. Af einstökum sveitarfélögum í þeim hópi má nefna Akranes, Ólafsvík, Borgarnes, Akureyri, Húsavík og Dalvík.

Í meðfylgjandi töflu er stillt upp yfirliti um innheimtu aðstöðugjalds árin 1990–1992 samkvæmt gögnum frá Ríkisbókhaldi og upplýsingum frá fyrrgreindum sveitarfélögum. Innheimtunni er skipt í tvennt. Annars vegar er innheimta af álagningu ársins eingöngu en hins vegar innheimta á eftirstöðvum fyrri ára.

Álagning og innheimta aðstöðugjalds.

	1990	1991	1992
I. Innheimta af álagningu ársins:			
A. Upplýsingar frá Ríkisbókhaldi:			
Álagning til innheimtu, m.kr.	3.630	4.139	4.466
Hlutfall af heild, %	80,8	83,6	83,8
Leiðréttingar á álagningu, m.kr.	-40	-202	4
Til innheimtu af álagningu ársins, m.kr.	3.590	3.937	4.470
Innheimta, m.kr.	2.473	2.955	3.297
Innheimtuárangur, %	**68,9**	**75,1**	**73,8**
Eftirstöðvar í lok árs, m.kr.	1.117	982	1.173
B. Ýmis sveitarfélög:			
Innheimta aðila utan RB, m.kr.	335	324	429
Innheimtuárangur aðila utan RB, %	79,5	72,3	74,1
C. Innheimta alls af álagningu ársins, m.kr.	**2.808**	**3.279**	**3.726**
D. Áætlaður innheimtuárangur á landinu öllu, %	**70,9**	**74,6**	**74,1**
II. Innheimta á eftirstöðvum fyrri ára:			
Eftirstöðvar 1/1 skv. RB, m.kr.	1.591	2.048	2.139
Þar af vegna fyrra árs, m.kr.	...	1.117	982
Þar af vegna eldri ára, m.kr.	...	931	1.157
Breytingar, m.kr.	-189	-426	-426
Til innheimtu, m.kr.	**1.402**	**1.622**	**1.713**
Innheimt, m.kr.	471	468	472
Innheimtuárangur, %	**33,6**	**28,9**	**27,6**

Eins og fram kemur er innheimtan nokkuð misjöfn milli ára. Árið 1990 innheimtust um 71% af álagningu ársins og um þriðjungur útistandandi skulda að teknu tilliti til leiðréttinga og afskrifta. Samsvarandi tölur fyrir árið 1992 eru 74% og tæp 28%.

Ekki liggur fyrir nákvæm skipting á því hjá Ríkisbókhaldi frá hvaða ári eða árum innheimta eftirstöðva er. Af þeim sökum er ekki unnt að meta innheimtuárangur einstakra ára með nákvæmum hætti. Þó benda fyrrgreindar tölur til þess að þegar á heildina er litið sé innheimtan um og yfir 80%.

Álagning landsútsvars. Í grófum dráttum má skipta álagningu landsútsvars, sem er tekjustofn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, í þrennt, þ.e. álagningu á opinber fyrirtæki, olíufélög og fjármálastofnanir.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu nam álagning landsútsvars 616 m.kr. á árinu 1992. Þar af skilaði Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 328 m.kr., eða 5% af hagnaði sínum.

Álagning landsútsvars 1992.

	Landsútsvar 1992 m.kr.
1. Áburðarverksmiðja ríkisins	13,3
2. ÁTVR	328,0
3. Íslenska járnblendifélagið	10,1
4. Sala varnarliðseigna	1,4
5. Sementsverksmiðja ríkisins	10,6
6. Olíufélögin	143,5
7. Bankar og sparisjóðir	121,1
Þar af Seðlabanki Íslands	22,5
Samtals	**628,0**

3. Tekjuöflun í stað aðstöðugjalds og landsútsvars.

Aðstöðugjald. Síðustu árin hefur vægi aðstöðugjalds í heildarskatttekjum sveitarfélaga verið kringum 20%. Í kaupstöðum landsins er þetta hlutfall heldur hærra, eða 21½%, en rúmlega 17% í öðrum sveitarfélögum. Einnig er vægi þess mjög misjafnt eftir kaupstöðum. Árið 1992 var hlutur aðstöðugjalds af álögðum sköttum 26% í Reykjavík en innan við 7% á Seltjarnarnesi og um 8½% í Garðabæ. Á Akureyri var þetta hlutfall kringum 20%. Rétt er að nefna að hér er miðað við frumálagningu aðstöðugjalds af heildarálagningu, þ.e. áður en tekið hefur verið tillit til leiðréttinga vegna kærna og endurúrskurða. Þar sem afföll aðstöðugjaldsálagningar eru alla jafna meiri en annarra gjalda eru þessi hlutföll í hærri kantinum. Af þessu má ráða að tekjuþörf einstakra sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins er mjög misjöfn.

Hverra kosta er völ? Í starfi sínu hafa nefndarmenn skoðað ýmsar tekjuöflunarleiðir fyrir sveitarfélögin í stað aðstöðugjaldsins. Þar hefur spurningin hvort og þá hvernig skipta eigi tekjuöfluninni milli einstaklinga og fyrirtækja skipað veigamikinn sess. Þar hefur meðal annars verið bent á nauðsynleg tengsl sveitarfélaga við atvinnulífið sem eins og fyrr segir var eitt af markmiðunum með álagningu aðstöðugjaldsins. Á móti hafa verið færð þau rök að þessi tengsl séu þegar fyrir hendi með álagningu fasteignaskatta og ýmiss konar þjónustugjalda. Eðlilegra sé að sveitarfélögin afli meginhluta tekna sinna með skattlagningu á einstaklinga eins og gert er í nágrannalöndunum. Árið 1989 var hlutur einstaklinga í skatttekjum sveitarfélaga um og yfir 90% annars staðar á Norðurlöndum saman borið við rúmlega 70% hérlendis.

Hér á eftir verður fjallað nánar um einstaka tekjustofna sem nefndarmenn hafa rætt um sem hugsanlega kosti í stað aðstöðugjaldsins.

1. Útsvar. Í lok síðasta árs ákváðu stjórnvöld að hækka tekjuskattshlutfall ríkisins um 1½% til þess að mæta aukinni hlutdeild sveitarfélaga í tekjuskatti einstaklinga vegna afnáms aðstöðugjaldsins. Í starfi sínu hefur nefndin miðað við að sú hækkun yrði hluti af nýrri tekjuöflun sveitarfélaga. Ræddar voru ýmsar leiðir og mismunandi útfærslur í því sambandi, m.a. sú að leggja á jafnhátt útsvar á landinu öllu. Niðurstaðan varð hins vegar sú að leggja til hækkun á hámarksálagningarhlutfalli útsvars frá því sem nú er og einnig tiltekið lágmark.

Samkvæmt gildandi lögum er hámarksálagning útsvars 7,5%, en á árinu 1992 var álagning þess 7,04% að meðaltali, eða um 15½ milljarður króna. Útsvarið er langstærsti tekjustofn sveitarfélaga, en það skilar meira en helmingi skatttekna þeirra. Þess má geta að hvert 1% í hækkuðu útsvari skilar sveitarfélögum um 2,2 milljörðum króna en ríkissjóði réttum 2 milljörðum króna þar sem á móti vegur aukin nýting á persónuafslætti.

2. Fasteignaskattar. Ein af þeim leiðum sem nefndin hefur athugað er að hluti af nýrri tekjuöflun verði í formi hærri fasteignaskatta á atvinnurekstur. Samkvæmt gildandi lögum er þessi skattur 1%, þó þannig að sveitarfélögum er heimilt að hækka það hlutfall um allt að fjórðung. Á árinu 1992 nam álagning fasteignaskatta á atvinnurekstur rúmlega 2 milljörðum króna. Jafnframt hefur verið rædd sú leið að ríkið afnemi skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og skapi þannig svigrúm til frekari hækkunar á fasteignasköttum sveitarfélaga. Í því sambandi hefur verið nefnd sú hugmynd að álagning fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði verði í tveimur þrepum þannig að verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði í efra þrepinu. Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði nemur nú 1,5% af fasteignamatsverði. Á árinu 1992 nam álagning hans tæpum 500 m. kr. Rétt er að geta þess að skatturinn er ekki lagður á húsnæði sem stendur autt þó að það sé ætlað fyrir skrifstofur eða verslunarrekstur. Það gildir hins vegar ekki um fasteignaskatta sveitarfélaga.

Með þessari leið væri komið til móts við rök um nauðsynleg tengsl sveitarfélaga við atvinnulífið. Af þessu hlýst einnig visst hagræði þar sem fasteignaskattar yrðu á hendi eins opinbers aðila.

3. Tryggingagjald. Í tillögum fyrri nefnda var sérstakt tryggingagjald nefnt sem hugsanlegur tekjustofn fyrir sveitarfélög í stað aðstöðugjalds. Í þessari nefnd var hins vegar rætt um að sveitarfélögin fengju hlutdeild í tryggingagjaldi og þannig yrði þeim bættur að hluta sá tekjumissir sem þau verða fyrir vegna afnáms aðstöðugjaldsins. Meginröksemd með þeirri leið er eins og áður tengslin við atvinnulífið, en einnig sú að tekjutapi sveitarfélaga vegna afnáms aðstöðugjaldsins verði ekki eingöngu mætt með álögum á einstaklinga. Á móti hafa verið nefnd þau rök að tryggingagjaldið sé tekjustofn ríkissjóðs sem þrengi svigrúm sveitarfélaganna. Í því sambandi hefur verið bent á nauðsyn þess að sveitarfélögin hafi sjálfstæðan tekjustofn, sbr. aðstöðugjaldið, en ekki stofn sem sé nýttur sameiginlega með ríkinu. Einnig hefur verið bent á að með álagningu tryggingagjalds er fyrst og fremst verið að brúa fjárþörf tryggingakerfisins sem fara mun vaxandi á næstu árum. Sú staðreynd þrengir svigrúm sveitarfélaga enn frekar hvað varðar álagningu sérstaks tryggingagjalds.

Á árinu 1992 nam álagning tryggingagjalds rúmlega 9 milljörðum króna. Álagningarstofninn er heildarlaunagreiðslur og eru skatthlutföllin tvö. Í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði er gjaldhlutfallið 2,5% en 6% í öðrum greinum. Þá má geta þess að um næstu áramót mun tryggingagjald í ferðaþjónustu lækka úr 6% í 2,5%, auk þess sem tryggingagjald á útflutningsgreinar hefur verið fellt niður tímabundið, eða frá 1. júní 1993 til áramóta 1993-94.

4. Aðrar tekjuöflunarleiðir. Af öðrum leiðum, sem ræddar voru í nefndinni, ber helst að nefna skatta af umferð eða umhverfisskatta í einhverju formi. Kannaður var hugsanlegur tilflutningur á bifreiðagjaldi frá ríki til sveitarfélaga, en það er lagt á eftir þyngd bifreiða og talið skila ríkissjóði rúmlega 1.300 m.kr. á árinu 1993. Bensínskattar voru einnig nefndir o.fl. Þessir kostir hlutu hins vegar dræmar undirtektir meðal nefndarmanna, m.a. vegna þess að ríkissjóður hefur nú þegar umtalsverðar tekjur af þessum gjöldum sem skapað gæti togstreitu milli aðila um sömu tekjustofna.

Landsútsvar. Niðurstaða nefndarinnar hefur orðið sú að afnám landsútsvarsins sé í rökréttu samhengi við niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Í því felst að finna þarf nýjan tekjustofn eða fjármögnun fyrir Jöfnunarsjóðinn, en í hans hlut hafa komið um það bil 80% af heildarálagningu landsútsvars, eða rúmlega 500 m.kr. Nokkrar leiðir hafa verið ræddar í því sambandi. Ein er að hækka hlutdeild sjóðsins í skatttekjum ríkisins, eða úr 1,4% í tæp 2%. Önnur er að fjármögnunin verði fast framlag úr ríkissjóði sem verði verðtryggt. Þriðja leiðin, sem rædd hefur verið, er að Jöfnunarsjóðurinn fái ákveðið hlutfall af staðgreiðslustofni, eða rúmlega 0,2%, auk þess sem nefnd hefur verið tenging við tekjur ÁTVR.

4. Tillögur nefndarinnar.

Almennt. Eins og fram hefur komið skoðaði nefndin ýmsa kosti um nýja tekjuöflun til handa sveitarfélögum í stað aðstöðugjaldsins. Skipst var á skoðunum um einstaka þætti þeirra, svo sem áhrif þeirra á tekjuskiptingu sveitarfélaga sem og á skattbyrði einstaklinga og fyrirtækja. Reynt var að draga fram kosti og galla í hverju tilviki með það fyrir augum að samræma sem best mismunandi sjónarmið nefndarmanna og raska sem minnst afkomu einstakra sveitarfélaga. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir tillögu nefndarinnar. Þess ber að geta að við mat á tillögunni og áætlun hlutfalla hefur verið miðað við álagningartölur ársins 1992. Reikna má með að þessi hlutföll breytist eitthvað þegar tekið hefur verið mið af álagningu ársins 1993. Frumálagningartölur liggja nú þegar fyrir, en endanlegar tölur sjá ekki dagsins ljós fyrr en síðar á árinu.

Tillaga nefndarinnar. Eins og fram kemur má skipta tillögu nefndarinnar í fjóra meginþætti sem hér segir:

1. Útsvar sveitarfélaga verði að hámarki 9,2%.
2. Álagning fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði verði í tveimur þrepum. Lagt er til að í lægra þrepinu verði skatturinn allt að 1,12% af álagningarstofni, þó þannig að sveitarstjórnum sé heimilt að hækka það hlutfall um 25 hundraðshluta, sjá b-lið 3. gr. í lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga. Miðað er við að heildarbreytingin skili sveitarfélögunum um 600 m.kr. í viðbótartekjur. Þar af skili almenna breytingin, þ.e. lægra þrepið, um 265 m.kr. Efra þrepið yrði í formi álags á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Miðað við nýttan álagningarstofn er lagt til að álagningarhlutfallið verði að hámarki 1,25%. Þá er lagt til að álagning í efra þrepi verði í samræmi við núgildandi lög um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Samhliða því vinni félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að skatturinn falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga.
3. Landsútsvar falli niður. Lagt er til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái framlag úr ríkissjóði sem verði 0,227% af álagningarstofni útsvars, en hluti Jöfnunarsjóðs í landsútsvari nam 511 m.kr. árið 1992. Afgangurinn, eða 117 m.kr., skilar sér í hækkun útsvars og fasteignaskatta.

4. Þá er lagt til að í framhaldi af tillögum nefndarinnar verði ákvæði um úthlutun jöfnunarframlaga í tekjustofnalögunum og reglugerðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga endurskoðuð, einkum með hliðsjón af breyttri tekjumyndun sveitarfélaga.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir einstökum þáttum tillagnanna.

1. Útsvar. Í tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir að hámarksálagning útsvars hækki um 1,7 prósentustig, úr 7,5% í 9,2%. Það er álit fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni að tekjuskattur ríkisins verði að lækka að sama skapi þannig að álagningarhlutfall í staðgreiðslu í heild hækki ekki. Aðrir fulltrúar gera ráð fyrir að hlutur ríkisins í staðgreiðslu tekjuskatts lækki en telja ekki rétt að tilgreina nákvæma tölu í því sambandi.

Eins og áður er komið fram skilar hvert prósent í hækkuðu útsvari sveitarfélögum um 2,2 milljörðum króna sem þýðir að möguleikar sveitarfélaga til tekjuöflunar á móti niðurfellingu aðstöðugjalds aukast um 3,8 milljarða króna samkvæmt tillögunni.

2. Fasteignaskattar. Í þessari tillögu er miðað við að fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði hækki almennt um 0,12 prósentustig, eða um 265 m.kr. Auk þess er reiknað með sérstöku álagi á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem skila á sveitarfélögunum 335 m.kr. í tekjur. Á móti er gert ráð fyrir að skattur ríkisins á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði felldur niður. Þegar á heildina er litið ættu fasteignaskattar á skrifstofu- og verslunarhúsnæði því að lækka við þessa breytingu og það dregur úr mismunun í skattlagningu atvinnuhúsnæðis.

3. Landsútsvar. Áður var komið fram að nefndarmenn ræddu nokkrar leiðir varðandi nýja tekjuöflun fyrir Jöfnunarsjóðinn. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni lögðu áherslu á þá leið að hækka hlutdeild sjóðsins í skatttekjum ríkisins, eða úr 1,4% í tæp 2%, en einstakir fulltrúar, m.a. fulltrúi fjármálaráðherra, voru henni andvígir. Þeir töldu þá sjálfvirkni sem er í gildandi kerfi óeðlilega og lögðu til að fjármögnunin yrði fast verðtryggt framlag úr ríkissjóði. Sem málamiðlun samþykktu nefndarmenn að undanskildum fulltrúa fjármálaráðherra að framlagið yrði ákveðið hlutfall af álagningarstofni útsvars.

Tekjur Jöfnunarsjóðs af landsútsvari námu um 511 m.kr. á síðasta ári. Þar af var landsútsvar ÁTVR um 328 m.kr., en í tillögunni er gert ráð fyrir að þær tekjur renni í ríkissjóð eftir breytinguna. Jafnframt gerir nefndin ráð fyrir að ríkið hækki bensíngjaldið á móti niðurfellingu landsútsvars olíufélaga, en það nam 143 m.kr. á árinu 1992.

262. Fyrirspurn [234. mál]

til fjármálaráðherra um heildarendurskoðun laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

Er fyrirhugað að láta fara fram heildarendurskoðun á lögum um tekjuskatt og eignarskatt?

263. Svar [179. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um veiðar í Faxaflóa.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hve mikið veiddist af eftirtöldum fisktegundum í Faxaflóa síðustu þrjú fiskveiðiár (hvert ár fyrir sig), þorski, ýsu, skarkola, sandkola:

a. í dragnót,

b. í önnur veiðarfæri?

Hér verður miðað við eftirgreind tímabil: Fiskveiðitímabilið 1991–91, frá 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991, fiskveiðiárið 1991–92, frá 1. september 1991 til 31. ágúst 1992, og fiskveiðiárið 1992–93, frá 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

a. Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu var afli dragnótabáta þessi:

	1991–91	1991–92	1992–93
Þorskur	56	93	61
Ýsa	62	74	60
Skarkoli	669	1.297	996
Sandkoli	245	824	1.225

Aflatölur dragnótabátanna eru nákvæmar. Dragnótaveiðar í Faxaflóa eru háðar sérstökum leyfum. Skilað er um veiðarnar sérstökum skýrslum og eru veiðarnar undir sérstöku eftirliti. Á þessum árum höfðu 13 til 14 bátar leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa.

b. Ekki eru tiltækar með sama hætti nákvæmar tölur um afla báta sem veiðar stunduðu í Faxaflóa með öðrum veiðarfærum á sama tímabili. Fiskistofa skráir aftur á móti upplýsingar úr afladagbókum fyrir Hafrannsóknastofnun, en öllum bátum yfir 10 lestum er gert að skila slíkum afladagbókum. Samkvæmt þeim tölum, sem Fiskistofa hefur tiltækar úr afladagbókum þessara skipa, er þorsk- og ýsuafli sýndur á töflu hér á eftir, en skarkola- og sandkolaafli er óverulegur. Hér er um að ræða áætlanir skipstjórnarmanna og er miðað við afla sem fenginn er á svæði austan 22°45'V.

	1991–91	1991–92	1992–93
Þorskur	799	1.903	988
Ýsa	193	362	170

Bátum undir 10 lestum er ekki skylt að skila afladagbókum til Fiskistofu. Hins vegar skilar 10% úrtak afladagbókum til Fiskistofu samkvæmt sérstöku samkomulagi. Er vart hægt að draga neinar ályktanir um veiðar smábáta í Faxaflóa af afladagbókum þessa úrtaks en afli þeirra sem skýrslum skiluðu er sýndur á töflu hér á eftir. Hér er einnig miðað við svæðið austan 22°45'V í Faxaflóa.

	1991–91	1991–92	1992–93
Þorskur	1.523	1.014	548
Ýsa	355	608	178

Til viðmiðunar við framangreindar tölur um afla smábáta skal þess getið að samkvæmt nýju aflaupplýsingakerfi Fiskistofu, sem tekið var í notkun 1. september 1992, var þorsk- og ýsuafli smábáta, sem lönduðu í Keflavík, Njarðvík, Vogum, Hafnarfirði, Reykjavík og á Akranesi á síðasta fiskveiðiári, þessi: Þorskur 4.450 lestir og ýsa 1.680 lestir. Hins vegar er ekki vitað nákvæmlega hvar sá afli var fenginn þótt ætla megi að stærsti hluti aflans, a.m.k. þess sem landað var í Hafnarfirði, Reykjavík og á Akranesi, hafi verið fenginn í Faxaflóa.

Varðandi afladagbækurnar er rétt að fram komi að töluvert vantar á að skráðar hafi verið allar aflatölur úr afladagbókum fyrir síðasta fiskveiðiár.

264. Frumvarp til laga [235. mál]

um slysavarnaráð.

Flm.: Lára Margrét Ragnarsdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Gísli S. Einarsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Jóhann Ársælsson, Jón Kristjánsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

Stofna skal slysavarnaráð sem heyrir undir heilbrigðisráðherra. Landlæknisembættið skal hafa með hendi daglega framkvæmdastjórn ráðsins.

2. gr.

Tilgangur slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa. Þeim tilgangi skal ráðið ná með því að:

a. móta reglur sem miða að því að slys séu skilmerkilega skráð og sú skráning sé samræmd, jafnframt því sem séð verði um úrvinnslu þeirra upplýsinga og útgáfu á slysatölum,
b. vera ríkisstjórn, ráðherra og öðrum aðilum til ráðuneytis um allt er lýtur að slysavörnum,
c. gera tillögur til heilbrigðisyfirvalda um áhersluatriði í slysavörnum á hverjum tíma,
d. stuðla að rannsóknum á orsökum og afleiðingum slysa,
e. hvetja til samræmingar á störfum þeirra aðila sem vinna að slysavörnum,
f. fylgjast með nýjungum og reynslu annarra þjóða í slysavörnum,
g. halda landsþing um slysavarnir annað hvert ár.

3. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar sjö fulltrúa í slysavarnaráð, tilnefnda af eftirtöldum aðilum: landlæknisembættinu, og skal sá vera formaður, læknadeild Háskóla Íslands, dómsmálaráðherra, Vinnueftirliti ríkisins, Slysavarnafélagi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Tryggingastofnun ríkisins.

Slysavarnaráð skal skipað til fjögurra ára í senn.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Samræmd slysaskrá, sbr. a-lið 2. gr., skal varðveitt hjá landlækni. Ráðið mótar reglur um framkvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni.

5. gr.

Slysavarnaráði skal úthlutað fjármunum til reksturs í sérstökum lið sem fellur undir embætti landlæknis á fjárlögum.

6. gr.

Slysavarnaráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun á því fé sem til þess er veitt.

7. gr.

Slysavarnaráð sendir ráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf þess.

8. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um störf slysavarnaráðs í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í áætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um heilbrigði fyrir alla árið 2000 segir m.a. (11. markmið) að átak þurfi að gera gegn slysum, þ.e. að fækka dauðsföllum af þeirra völdum um 25% fyrir árið 2000.

Áætlað er að einn af hverjum fimm Íslendingum verði fyrir slysi á ári hverju og er talið að kostnaður vegna þessara slysa fyrir þjóðfélagið sé í kringum 10 milljarðar króna á ári. Ætla má að um helmingur af þessum kostnaði sé af völdum umferðarslysa. Þannig má benda á að samkvæmt könnun, sem gerð var 1991, var heildarkostnaður vegna umferðarslysa á árinu 1989 metinn á sjötta milljarð króna á verðlagi ársins 1991. Þessi upphæð nam á þeim tíma nánast sömu upphæð og rekstrarkostnaður ríkisspítalanna það ár.

27. febrúar 1987 skipaði þáverandi heilbrigðismálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, nefnd um varnir gegn slysum. Nefnd þessi, undir forsæti Salome Þorkelsdóttur, taldi að með samstilltu átaki þjóðarinnar væri hægt að gera 11. markmið í áætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, um 25% fækkun dauðsfalla vegna slysa fyrir árið 2000, að veruleika hér á landi. Nefndin taldi nauðsynlegt að vinna markvisst að slysavörnum í hverju byggðarlagi fyrir sig. Nefndin lagði fram ákveðnar tillögur, og var þar efst á lista brýn þörf á samræmdri slysaskráningu á landinu öllu. Nefndin taldi slíka skráningu vera grundvöll fyrir að hægt væri að vinna markvisst að slysavörnum almennt. Þá lagði nefndin til að lögfest yrði sérstakt slysavarnaráð.

Þrátt fyrir yfirlýstan vilja og áhuga ráðherra reyndist af ýmsum ástæðum torsótt að koma fram forgangstillögu nefndarinnar um samræmda slysaskráningu á landinu. Það verkefni er því enn óleyst en afar brýnt er að koma slíkri skráningu á. Er það megintilgangur þessa frumvarps.

Veturinn 1990–91 lagði Salome Þorkelsdóttir fram frumvarp um stofnun sérstaks slysavarnaráðs sem ekki náði fram að ganga. Þáverandi heilbrigðisráðherra, Guðmundur Bjarnason, hafði þá þegar með bréfi sem hann gaf út árið 1991 stofnað slíkt ráð og hefur það starfað síðan samkvæmt reglum sem hann setti. Frumvarpið var lagt fram til að tryggja ráðinu lagastoð.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er að langmestu leyti byggt á framangreindu frumvarpi. Eðlilegt er að slíkt ráð byggist á settum lögum og geti þannig sett sér langtímaáætlanir í stað þess að vera sett undir hæl framkvæmdarvaldsins. Löggjafinn hefur í sambærilegum tilfellum séð ástæðu til að lögfesta slík ráð og er í því sambandi nærtækt að benda á áfengisvarnaráð sem lögfest er með VII. kafla áfengislaga, nr. 82/1969. Þá má vísa til þess að í íslensku heilbrigðisáætluninni frá 1990 er gert ráð fyrir, í markmiði 17, að lögfest verði sérstakt slysavarnaráð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ákveðnum breytingum á skipan slysavarnaráðs frá því sem gildir í dag. Þannig er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins fái fulltrúa í ráðinu í stað fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hafa allmargir umsagnaraðilar talið þetta eðlilegt þar sem Tryggingastofnun hefur þegar umfangsmikla skráningu með höndum og hefur mikla reynslu á þessu sviði. Þá er gert ráð fyrir, miðað við núverandi verkaskiptingu í slysaþjónustu á Reykjavíkursvæðinu, að starfandi forstöðulæknir slysadeildar Borgarspítalans hverju sinni skuli tilnefndur sem fulltrúi læknadeildar Háskóla Íslands í ráðinu.

Þrátt fyrir að flutningsmenn leggi ríka áherslu á að renna styrkari stoðum undir starfsemi slysavarnaráðs er þess jafnframt gætt að kostnaður verði í lágmarki. Þetta er gert með því að nýta starfsfólk landlæknisembættisins til starfa í þágu ráðsins. Þá er jafnframt talið að nauðsynleg og lögfest leynd persónulegra upplýsinga sé best tryggð með því að upplýsingarnar séu varðveittar hjá landlæknisembættinu. Nauðsynlegt er að tryggt verði í reglugerð eða með öðrum hætti að þeir aðilar, sem sjá um að skrá niður upplýsingar um slys, skili þeim upplýsingum til landlæknisembættisins. Eðlilegt er að stefnt verði að því að slík skráning verði í tölvutæku formi í nánustu framtíð. Slíkt mun tryggja skilvirkni allrar úrvinnslu og stuðla að hagkvæmni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að slysavarnaráði sé úthlutað fjármunum til rekstursins í sérstökum lið sem fellur undir embætti landlæknis í fjárlögum. Þannig verða ráðinu best tryggðir fjármunir vegna launakostnaðar og ýmiss konar rekstrarkostnaðar, svo sem af útgáfu bæklinga og dreifingu upplýsinga.

Það skal að lokum áréttað að áfram er gert ráð fyrir slysaskráningu þeirra félagasamtaka og stofnana sem fram að þessu hafa annast slíkt í þágu sinnar starfsemi. Hin samræmda slysaskráning, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mun að sjálfsögðu byggjast á þeirri skráningu sem fyrir er þótt hún verði með öðru móti. Víst er að samræmd skráning mun ekki síst nýtast þeim sem fram að þessu hafa annast slysaskráningu á afmörkuðum sviðum eða landsvæðum.

265. Svar [13. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

1. *Munu þau verkefni, sem ákveðið hefur verið að færa frá ríki til sveitarfélaga í tengslum við tillögur um sameiningu sveitarfélaga, verða færð yfir á sveitarfélögin í óbreyttri mynd ef fyrirliggjandi tillögur um sameiningu sveitarfélaga verða felldar?*

Ríkisstjórnin hefur fallist á þá tillögu félagsmálaráðherra að feli niðurstöður kosninga um sameiningu sveitarfélaga í sér eflingu sveitarstjórnarstigsins og stækkun sveitarfélaga mun ríkisstjórnin beita sér fyrir samningum við sveitarfélögin um að þau yfirtaki rekstur heilsugæslu, öldrunarþjónustu og málefni fatlaðra. Við það verði miðað að hin nýja verkaskipting ríkis og sveitarfélaga taki gildi sem fyrst eða á næstu tveimur til þremur árum. Samhliða verði skoðað hvort um frekari tilflutning verkefna geti orðið. Unnið er að undirbúningi þess að sveitarfélögin yfirtaki að fullu rekstur grunnskóla 1. ágúst 1995.

Þetta er í samræmi við ályktanir fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga og tillögur sveitarfélaganefndar sem koma fram í lokaskýrslu hennar frá í mars sl. Það er mat félagsmálaráðherra að forsenda fyrir svo umfangsmiklum verkefnaflutningi til sveitarfélaganna sé veruleg stækkun þeirra og efling sveitarstjórnarstigsins. Þó er unnið að undirbúningi á flutningi verkefna á sviði grunnskólans óháð sameiningu sveitarfélaga.

2. *Hver voru útgjöld ríkisins til þessara verkefna á árunum 1990, 1991 og 1992 og fyrstu sex mánuði ársins 1993, skipt niður á einstök verkefni?*

Meðfylgjandi eru yfirlit viðkomandi ráðuneyta um útgjöld ríkisins til þessara málaflokka 1990, 1991 og 1992 og fyrstu sex mánuði ársins 1993, skipt niður á einstök verkefni. Rétt er að benda á að ekki er líklegt að öll verkefni á sviði þessara málaflokka verði flutt til sveitarfélaganna.

3. *Er áformað að flytja önnur verkefni frá ríki til sveitarfélaga en þau sem nefnd hafa verið í tengslum við tillögur um sameiningu sveitarfélaga? Ef svo er, hver eru þau verkefni og hver voru útgjöld ríkisins til þeirra árin 1990, 1991 og 1992 og fyrstu sex mánuði ársins 1993, skipt niður á einstök verkefni?*

Ekki liggur fyrir nein ákvörðun um frekari verkefnaflutning til sveitarfélaganna en eins og kemur fram í svari við fyrstu spurningu er stefnt að því að það verði skoðað og þá í samráði við sveitarfélögin.

4. *Hvaða tekjustofna munu sveitarfélögin fá til þess að mæta auknum útgjöldum til verkefna sem áformað er að færa frá ríki til sveitarfélaga*
   a. í tengslum við tillögur um sameiningu sveietarfélaga,
   b. til annarra verkefna?

Stefnt er að því að flytja tekjur til sveitarfélaganna með tvennum hætti, annars vegar með flutningi á almennum tekjustofni eða tekjustofnum og með sérstökum jöfnunaraðgerðum sem væntanlega yrði beint í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

5. *Munu verkefni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga breytast ef fyrirliggjandi tillögur um sameiningu sveitarfélaga verða samþykktar?*

Verkefni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga munu breytast ef um verulega sameiningu sveitarfélaga verður að ræða og verkefnaflutning til þeirra frá ríkinu. Fyrirhugaðar breytingar á tekjustofnakerfi sveitarfélaganna í kjölfar niðurfellingar aðstöðugjaldsins kalla einnig á einhverjar breytingar á starfsemi sjóðsins.

6. *Ef svo er, hver verður sú breyting?*

Í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í september sl. um stefnumörkun vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga 1993–1994 segir:

„Reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru miðaðar við núverandi skiptingu landsins í sveitarfélög og núverandi verkefni sveitarfélaga. Reglurnar virka mjög hvetjandi á sameiningu fámennra hreppa, t.d. með innan við 300 íbúa, en eru ekki sniðnar með sameiningu fjölmennari sveitarfélaga í huga, t.d. með 1.000–2.000 íbúa.

Nauðsynlegt er að gjörbreyta reglunum þannig að þær virki hvetjandi á sameiningu stærri sveitarfélaga og þær breytist síðan í takt við færslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Til þess að ná árangri í sameiningu sveitarfélaga er nauðsynlegt að styrkja sjóðinn tímabundið svo að hann geti m.a. tekið þátt í að jafna skuldastöðu sveitarfélaga, greitt kostnað við sameiningu sveitarfélaga og aðrar aðgerðir sem því tengjast. Rétt er að sveitarfélögin í landinu taki sameiginlega þátt í slíkum kostnaði að hálfu á móti ríkinu.“

Enn fremur segir í samþykkt ríkisstjórnarinnar:

„Ríkisstjórnin mun sérstaklega fjalla um auknar fjárveitingar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 1995–1998 vegna aðgerða sem greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga og vegna breyttrar verkaskiptingar. Reglugerð Jöfnunarsjóðs verði breytt svo hún verði enn frekar hvetjandi fyrir sameiningu sveitarfélaga, t.d. þannig að þau tapi ekki fjárhagslega á því að sameinast. Stefnt verði að því að auka þjónustuframlög úr sjóðnum svo að sveitarfélögin geti veitt íbúum sínum góða þjónustu. Ríkisstjórnin mun leita eftir því með samkomulagi við Samband íslenskra sveitarfélaga að fjármunum verði varið úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga enda gefi úrslit fyrirhugaðrar atkvæðagreiðslu tilefni til þess.“

Það liggur ljóst fyrir að fyrirhugaðar breytingar á tekjustofnakerfi sveitarfélaganna í kjölfar niðurfellingar aðstöðugjaldsins munu minnka þörfina fyrir tekjujöfnunarframlög og sömu áhrif mun það hafa ef um verulega sameiningu sveitarfélaga verður að ræða í kjölfar kosninganna 20. nóvember.

Það er mat ráðuneytisins að meginbreytingin á sjóðnum eigi að vera sú að vægi tekjujöfnunarframlaganna minnki en vægi þjónustuframlaganna aukist. Jafnframt þarf að tengja framlögin útgjaldaþörf sveitarfélaga með markvissari hætti en nú er.

Nánari útfærsla á þessari stefnumörkun verður að sjálfsögðu unnin í nánu samráði við sveitarfélögin.

7. *Munu tekjustofnar Jöfnunarsjóðs breytast? Ef svo er, í hverju verður sú breyting fólgin?*

Vísað er að hluta til svars við sjöttu spurningu. Aðalbreytingin sem stefnt er að er sú að ef um verkefnatilfærslur frá ríki til sveitarfélaga verður að ræða hækki framlög ríkissjóðs til sjóðsins þannig að hann geti sinnt jöfnunarhlutverki sínu vegna þessa verkefnaflutnings. Einnig er stefnt að því að styrkja sjóðinn tímabundið á næstu árum svo að hann geti m.a. tekið þátt í að jafna skuldastöðu sveitarfélaga, greitt kostnað við sameiningu sveitarfélaga og aðrar aðgerðir sem því tengjast. Rétt er að sveitarfélögin taki sameiginlega þátt í slíkum kostnaði að hálfu á móti ríkinu.

Útgjöld ríkisins vegna heilsugæslu, hjúkrunarheimila og dagvistunar.

	1990	1991	1992	1993 1/1-30/6
Heilsugæsla	1.242.960	1.617.539	1.507.196	793.200
Vistgjöld, langlegustofnanir	1.528.046	1.760.260	1.668.530	797.350
Föst fjárlög, hjúkrunarheimili	662.585	724.688	721.213	392.900
Dagvistun, sjúkrastofnanir	108.970	118.289	110.808	72.750
Samtals í þús. kr:	**3.542.561**	**4.220.776**	**4.007.747**	**2.056.200**

Kostnaður sjúkrahúsa vegna reksturs barnaheimila og niðurgreiðslur dagvistargjalda hjá dagmæðrum, sem í raun er í verkahring sveitarfélaganna.

	1992
Ríkisspítalar	88
Borgarspítalinn	64
St. Jósefsspítali, Landakoti	20
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	8,5
F.S. Akureyri	12
Sunnuhlíð	2,7
Akranes	3,5
Vestmannaeyjar	0,5
DAS, Hafnarfirði	3,4
DAS, Reykjavík	6,5
Samtals í milljónum kr:	**209,1**

Heilsugæslustöðvar

	* Skv. ríkisreikningi ** Skv. fjárlögum	*1990	*1991	*1992	**1993 1/1 - 30/6
500	Almennt	18.731	54.707	55.024	82.900
510	Heilsuverndarstöðin	183.953	282.006	273.209	136.100
511	Reykjavík	109.655	176.656	210.895	100.750
	Álftamýri				
	Árbær				
	Efra Breiðholt				
	Fossvogur				
	Grafarvogur				
	Hlíðar				
	Miðbær				
	Mjódd				
521	Akranes	22.076	30.449	27.032	13.950
522	Borgarnes	24.017	24.028	19.529	10.150
523	Stykkishólmur	10.306	13.606	11.908	6.700
524	Ólafsvík	17.008	17.904	15.190	7.400
525	Grundarfjörður	7.210	9.161	7.346	4.350
526	Búðardalur	16.033	19.095	15.727	8.150
531	Patreksfjörður	17.608	21.314	21.718	7.950
532	Ísafjörður	35.823	45.033	35.160	18.650
533	Þingeyri	5.372	10.283	8.268	3.550
534	Flateyri	7.474	12.514	10.857	4.050
535	Bolungarvík	10.992	9.843	7.997	4.350
536	Hólmavík	8.943	11.242	9.123	4.600
541	Hvammstangi	10.646	10.379	9.319	4.450
542	Blönduós	18.914	18.391	20.329	8.350
543	Sauðárkrókur	23.471	27.819	25.329	11.450
544	Siglufjörður	9.955	11.340	10.424	6.000
551	Ólafsfjörður	10.706	11.280	9.058	4.950
552	Dalvík	12.578	16.258	12.095	6.650
553	Akureyri	108.154	120.454	108.061	53.500
554	Húsavík	23.634	27.222	26.508	12.900
555	Kópasker	8.042	11.901	12.420	3.750
556	Raufarhöfn	7.039	11.250	11.979	4.350
557	Þórshöfn	10.050	13.400	13.853	5.200
561	Vopnafjörður	12.390	14.120	14.450	6.300
562	Egilsstaðir	28.518	30.274	21.948	12.200
563	Seyðisfjörður	11.553	11.149	9.722	4.400
564	Neskaupstaður	7.882	12.064	9.303	5.300
565	Eskifjörður	18.958	18.780	17.948	8.600
566	Fáskrúðsfjörður	9.454	10.941	9.886	5.000
567	Djúpivogur	12.038	14.265	14.949	6.400
568	Höfn	16.961	23.711	19.771	8.900
571	Kirkjub.klaustur	8.797	9.211	9.085	4.350
572	Vík	7.329	11.161	10.314	4.100
573	Vestmannaeyjar	23.499	25.784	18.893	9.500
574	Hvolsvöllur	7.515	9.581	8.394	4.200
575	Hella	9.915	9.773	9.211	4.250
576	Laugarás	13.862	15.759	12.014	6.750
577	Selfoss	28.241	31.153	24.003	12.450
578	Hveragerði	7.760	9.520	7.660	4.150
579	Þorlákshöfn	9.448	10.078	8.544	4.500
581	Suðurnes	63.800	96.654	79.957	41.500
582	Hafnarfjörður	76.163	81.946	71.847	37.450
583	Garðabær	23.336	26.098	21.574	12.250
584	Kópavogur	51.167	59.289	48.556	24.600
585	Seltjarnarnes	35.483	45.078	48.480	21.550
586	Reykjalundur	20.501	23.614	22.330	9.350
	Samtals í þús. kr:	1.242.960	1.617.538	1.507.197	793.200

VISTGJÖLD, LANGLEGUSTOFNANIR

	*1990	*1991	*1992	**1993 1/1 - 30/6
Ás	67.592	73.306	77.667	39.850
Barmahlíð	10.061	12.924	13.198	5.200
Borgarnes	14.724	17.123	19.983	8.950
Dalbær	32.048	39.417	39.621	18.550
DAS,H.	296.640	329.544	310.032	158.100
DAS,RVK	334.820	357.131	362.023	184.550
Dropl.st.	82.008	89.686	92.735	33.400
Dvalarh.aldr.Vesturhlíð	0	0	0	3.050
Fellaskjól	4.841	8.523	6.424	3.000
Fellsendi	18.887	19.825	18.547	8.350
Grund	210.636	235.121	226.545	120.750
Heiðarbær	8.761	11.180	12.908	6.700
Hjallatún	1.759	7.471	12.836	6.500
Hlíð	117.466	139.881	141.908	60.300
Hornbrekka	26.246	27.506	30.369	12.050
Hraunbúðir	26.340	31.673	30.354	12.700
Hulduhlíð	4.403	21.691	30.992	11.150
Höfði	0	0	16.573	11.150
Jaðar	4.801	5.658	5.834	3.000
Kumbaravogur	56.009	67.158	70.222	37.100
Naust, Þórshöfn	0	7.130	9.528	3.750
Seljahlíð	0	17.520	33.439	12.050
Sjálfsbjörg***	146.152	161.899	26.000	0
Skjólgarður	52.143	64.567	67.804	29.700
Stykkishólmur	11.709	14.326	12.988	7.450
Samtals í þús. kr:	1.528.046	1.760.260	1.668.530	797.350

* Skv. ársreikningi TR

**Skv. fjárlagafrumvarpi

*** Spurning um skilgreiningu á verkskiptingu.

FÖST FJÁRLÖG, HJÚKRUNARHEIMILI

	1990	1991	1992	**1993 1/1 - 30/6
1 Eir	0	0	0	35.000
2 Garðvangur(f.f. '92) **	86.815	98.841	98.925	47.950
3 Skjól (föst fjárl. '92) **	249.605	272.898	267.581	132.200
4 Sólvangur *	204.436	210.853	211.456	107.750
5 Sundabúð II, Vopnaf. *	22.341	26.277	26.752	13.100
6 Sunnuhlíð, Kóp. *	99.388	115.819	116.499	56.900
Samtals í þús. kr:	662.585	724.688	721.213	392.900

* Skv. ríkisreikningi

**Skv.fjárlögum + reikn. TR

VISTGJÖLD, DAGVISTUN. *

	**1990	**1991	**1992	***1993 1/1 - 30/6
Dalbraut	10.665	10.552	9.936	
Dalbær	4.292	4.637	4.761	
DAS,H.	4.659	5.163	6.448	
Hlíð	3.587	2.932	3.024	
Hlíðabær	14.141	17.033	17.384	9.000
Hlíf	2.764	2.046	2.267	
Hornbrekka	1.553	1.057	560	
Hvammur	2.788	2.925	3.236	
Höfði	2.660	3.294	3.975	
Keflavíkurkaupst.	0	0	623	
M.S. félag Íslands	17.724	19.523	19.765	10.400
Múlabær	16.980	18.665	24.764	13.700
Raufarhafn.hreppur	0	0	1.555	
Sjálfsbjörg	19.412	20.427	0	
Sjúkrah. Seyðisfirði	460	708	1.097	
Suðureyrarhreppur	1.534	1.455	1.509	
Sunnuhlíð	3.386	5.302	6.733	
Vestmannaeyjakaupst.	1.123	936	1.477	
Öxafjarðarhreppur	1.242	1.634	1.694	
Aðrar, ósundurliðað				39.650
Samtals í þús. kr:	**108.970**	**118.289**	**110.808**	**72.750**

* Spurning hvort dagvistun flyst öll eða aðeins að hluta yfir til sveitarfélaganna.
** Skv. reikn. TR
*** Skv.fjárlagafrumvarpi

Útgjöld ríkissjóðs vegna málefna fatlaðra:

Verðlag hvers árs. (upphæðir í þús. kr.)

		1990	1991	1992	Janúar- júní 1993
07-700	Málefni fatlaðra almennt.	156.255	182.213	56.114 **	22.294
07-701	Málefni fatlaðra Reykjavík	275.644 *	165.280	199.234	94.618
07-702	Málefni fatlaðra Reykjanesi	113.300	129.538	147.625	70.161
07-703	Málefni fatlaðra Vesturlandi	31.984	38.787	46.365	20.782
07-704	Málefni fatlaðra Vestfjörðum	32.396	39.142	39.168	18.498
07-705	Málefni fatlaðra N-land vestra	29.016	40.387	47.048	23.544
07-706	Málefni fatlaðra N-land eystra	205.092	223.793	232.760	102.951
07-707	Málefni fatlaðra Austurlandi	51.428	55.656	59.730	25.871
07-708	Málefni fatlaðra Suðurlandi	78.031	98.213	102.193	47.861
07-710	Heimili fyrir einhverfa	38.415	44.989	46.804	20.720
07-711	Styrktarfélag vangefinna Rvk.		187.242	188.688	87.124
07-719	Vistheimilið Tjaldanes	31.843	32.449	38.636	12.875
07-720	Vistheimilið Skálatún	99.015	103.125	106.949	48.039
07-722	Vistheimilið Sólheimar	73.374	82.647	85.500	47.910
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð	60.460	64.927	61.140	31.229
07-750	Framkvæmdasjóður fatlaðra	220.548	235.776	326.055	105.555
	Samt. málaflokkur	**1.496.801**	**1.724.164**	**1.784.009**	**780.032**

* Inn í þessari tölu er kostnaður vegna stofnana Styrktarfélags vangefinna í Reykjavík.

** Umönnunarbætur til framfærenda fatlaðra barna fluttust frá ráðuneytinu til Tryggingastofnunar á árinu

Kostnaður við grunnskóla samkvæmt ríkisbókhaldi.

Tölur á verðlagi hvers árs.

		1990	1991	1992	1993 (6 mán.)
02- 222	Æfingaskóli KHÍ	59.905	63.698	62.914	25.050
02- 700	Grunnskólar, Reykjavík	1.161.251	1.307.559	1.339.104	665.766
02- 701	Grunnskólar, Reykjanesi	901.979	1.027.729	1.084.140	538.814
02- 703	Grunnskólar, Vesturlandi	307.361	334.143	330.642	156.841
02- 704	Grunnskólar, Vestfjörðum	186.875	204.556	214.316	110.529
02- 705	Grunnskólar, N-vestra	230.991	241.797	237.115	114.811
02- 706	Grunnskólar, N-eystra	471.824	491.321	496.089	247.144
02- 707	Grunnskólar, Austurlandi	251.499	282.218	283.808	140.157
02- 708	Grunnskólar, Suðurlandi	378.704	405.549	407.930	203.966
02- 710	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur	41.343	45.784	49.998	22.821
02- 711	Fræðsluskrifstofa Reykjaness	26.255	28.584	29.828	14.971
02- 713	Fræðsluskrifstofa Vesturlands	18.087	18.333	18.380	8.452
02- 714	Fræðsluskrifstofa Vestfjarða	11.633	12.561	14.282	6.844
02- 715	Fræðsluskrifstofa N-vestra	15.417	15.805	17.325	7.694
02- 716	Fræðsluskrifstofa N-eystra	28.269	28.451	25.733	13.406
02- 717	Fræðsluskrifstofa Austurlands	12.155	13.105	13.921	6.748
02- 718	Fræðsluskrifstofa, Suðurlands	15.629	18.491	19.344	9.148
02- 719	Fræðsluskrfistofur óskipt	0	0	0	1.900
02- 720	Grunnskólar almennt	90.625	93.246	94.253	34.109
02- 750	Sérskólar almennt	2.509	-7.841 *	122.637	30.436
02- 752	Öskjuhlíðarskóli	98.835	109.905	111.837	53.890
02- 753	Brautarskóli	17.257	17.912	11.982	0 ***
02- 754	Safamýrarskóli	49.108	54.504	62.716	31.702
02- 755	Dalbrautarskóli	17.013	17.534	16.858	9.729
02- 756	Kópav.br.sk./Fullorðinsfræ.fatl.	29.168	31.452	39.642	29.013 ***
02- 757	Skólinn að Tjaldanesi	2.646	3.411	2.678	0 ***
02- 758	Hvammshlíðarskóli	22.857	25.161	29.696	15.227
02- 759	Skólinn að Sólheimum	3.002	3.389	1.900	0 ***
02- 760	Dagvist fatlaðra forskólabarna	68.303	76.851	0 **	0 **
02- 761	Sameigninlega þjónusta	42.851	46.036	0 **	0 **
02- 766	Sérdeild einhverfra	8.076	10.931	11.239	5.366
02- 798	Einholtsskóli	10.318	13.904	13.642	7.531
02- 799	Heyrnleysingjaskólinn	53.025	49.772	42.451	18.466
		4.634.770	5.085.851	5.206.400	2.530.531

* hér hefur framlag úr framkv.sj.fatl. verið fært sem sértekjur en kostnaður bókast á viðk.skóla

** Færist á 02-750

*** Kostn.bókast á nýtt heiti Fullorðinsfræðsla fatlaðra (ath. '92 bókaðst hluti kostn. á gömlu nr. og hluti á Fullorðinsfræðslu fatl.)

266. Svar [164. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um verkefni reynslusveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvers vegna eru málefni fatlaðra, rekstur heilsugæslustöðva og öldrunarþjónusta meðal þeirra verkefna sem fela á svonefndum reynslusveitarfélögum þegar fyrir liggur sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að þessi sömu verkefni eiga að færast til sveitarfélaga sem fyrst eða á næstu tveimur til þremur árum?

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um heimild til að hefja undirbúning að stofnun reynslusveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi síðasta vor er gert ráð fyrir að þau sveitarfélög, sem gerast reynslusveitarfélög, fái heimild í tiltekinn tíma (1995–1998) og í tilraunaskyni til að

— taka að sér framkvæmd nýrra verkefna,
— vera undanþegin tilteknum ákvæðum laga og reglugerða sem kveða á um skyldur sveitarstjórna og takmarka ákvörðunarvald þeirra,
— reyna nýtt rekstrar- og fjármögnunarfyrirkomulag í tilteknum málaflokkum,
— þróa nýjungar í stjórnsýslu.

Í greinargerðinni segir m.a.:

„Hugmyndir um verkefni, undanþáguákvæði o.fl. verði þróuð í samvinnu verkefnisstjórnar, reynslusveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyta.

Unnið verði að gerð samnings um verkefni, tekjustofna, undanþáguákvæði o.fl. milli reynslusveitarfélaga annars vegar og félagsmálaráðuneytis hins vegar að höfðu samráði við hlutaðeigandi fagráðuneyti. Samningsdrög liggi fyrir eigi síðar en 1. febrúar 1994. Í þeim þarf að koma fram hvernig skuli staðið að tilraunaverkefninu í heild sinni, þ.e. hvaða tiltekin verkefni verði færð frá ríki til sveitarfélags, frá hvaða laga- og reglugerðaskyldu sveitarfélagið skal vera undanþegið og hvernig framkvæmdinni skuli nákvæmlega hagað."

Enn fremur segir svo í greinargerðinni:

„Samningar verði lagðir fyrir sveitarstjórn reynslusveitarfélaga til samþykktar og skulu fara fram tvær umræður um málið í sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Að því loknu verði samningarnir lagðir formlega fyrir félagsmálaráðherra og aðra ráðherra sem hlut eiga að máli til undirritunar. Gert verði ráð fyrir því að lög um reynslusveitarfélög verði sett á árinu 1994 þegar drög að samningum milli ríkisins og reynslusveitarfélaganna liggja fyrir. Í lögunum komi m.a. fram hvaða verkefni verði flutt frá ríki til reynslusveitarfélaga og undan hvaða lagaskyldum megi víkja með vísan til hlutaðeigandi laga og einstakra lagaákvæða."

Með tilvísun til þess sem hér hefur verið rakið væri það með öllu óeðlilegt og ekki í samræmi við þingsályktunina ef fyrir fram væri ákveðið að einhver tiltekin verkefni megi alls ekki fela svonefndum reynslusveitarfélögum. Að sjálfsögðu hefur ekki verið tekin nein ákvörðun fyrir fram um val á þessum verkefnum og þau geta orðið mismunandi eftir samningum við einstök sveitarfélög.

Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga 1993–1994 segir:

„Feli niðurstöður kosninga um sameiningu sveitarfélaga í sér eflingu sveitarstjórnarstigsins og stækkun sveitarfélaga mun ríkisstjórnin beita sér fyrir samningum við sveitarfélögin um að þau yfirtaki rekstur heilsugæslu, öldrunarþjónustu og málefni fatlaðra. Við það verði miðað að hin nýja verkaskipting ríkis og sveitarfélaga taki gildi sem fyrst eða á næstu tveimur til þremur árum. Samhliða verði skoðað hvort um frekari tilflutning verkefna geti orðið. Unnið er að undirbúningi þess að sveitarfélögin yfirtaki að fullu rekstur grunnskóla 1. ágúst 1995."

Á þessu stigi málsins liggur að sjálfsögðu ekkert fyrir um niðurstöður kosninganna um sameiningu sveitarfélaga og hvort þær verða með þeim hætti að talið verði framkvæmanlegt að flytja öll þessi verkefni til sveitarfélaganna. Það er hins vegar augljóst mál að verði niðurstöður kosninganna með þeim hætti að Alþingi treysti sér til að taka ákvörðun um flutning þessara tilteknu verkefna til sveitarfélaganna á næstu tveimur til þremur árum verða þau ekki meðal þeirra verkefna sem sérstaklega verða falin reynslufélögunum.

267. Svar [162. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um löggæslu á skemmtunum.

1. Hversu mikill var endurgreiddur kostnaður við löggæslu á skemmtistað samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga nr. 56/1972 og reglugerðar nr. 587/1987 árið 1992 og það sem af er þessu ári, sundurliðað eftir lögregluumdæmum og árum?

Sýslumannsembætti	1992	1. jan. – 30. okt. 1993
Akranesi	83.067	3.726
Borgarnesi	133.801	163.904
Stykkishólmi	4.336.709	2.095.233
Búðardal	170.550	185.972
Patreksfirði	1.557.165	642.740
Bolungarvík	572.554	498.298
Ísafirði	3.074.559	2.574.670
Hólmavík	304.334	298.080
Blönduósi	401.400	323.311
Sauðárkróki	576.455	469.222
Siglufirði	0	176.212
Ólafsfirði	458.000	149.000
Akureyri	0	0
Húsavík	899.208	752.976
Seyðisfirði	391.191	541.502
Neskaupstað	527.050	350.000
Eskifirði	389.687	292.595
Höfn	166.088	153.654
Vík	531.000	526.000

Sýslumannsembætti	1992	1. jan. – 30. okt. 1993
Vestmannaeyjum	1.050.000	1.133.000
Hvolsvelli	919.895	1.094.584
Selfossi	0	556.163
Keflavík	446.310	27.324
Keflavíkurflugvelli	0	0
Hafnarfirði	0	49.369
Kópavogi	0	0
Reykjavík	0	0
Samtals	**16.989.023**	**13.057.535**

2. *Hve mikið þurfti að auka löggæslu á hátíðinni „Halló Akureyri" annars vegar og skemmtun ÚÍA að Eiðum hins vegar sem haldnar voru um síðustu verslunarmannahelgi? Hver var kostnaður ríkissjóðs af aukinni löggæslu, hver var áætlaður fjöldi gesta og hver var endurgreiddur kostnaður í hvoru tilviki fyrir sig?*

Svar sýslumannsins á Akureyri.

Spurt er um „Halló Akureyri" eða „Fjölskylduhátíðina Halló Akureyri", eins og þetta mun hafa verið kallað, er haldin var um síðustu verslunarmannahelgi. Þar var ekki um hefðbundna útihátíð að ræða. Auglýsingastofu var falið að auglýsa eða minna á skemmtistaðina hér á Akureyri og annað það sem stendur til boða fyrir almenning. Illa gekk að fá upplýsingar og því erfitt að skipuleggja löggæslu fyrir fram. Enginn var í fyrirsvari eða taldi sig bera ábyrgð á svokallaðri „hátíð". Einu leyfin, sem embættið þurfti að veita í þessu sambandi, voru annars vegar til körfuknattleiksdeildar íþróttafélags fyrir skemmtanahaldi í samkomutjaldi, svo og hins vegar fyrir erlendu tívolíi er kom að sunnan.

Yfir verslunarmannahelgina var bætt við einum manni á laugardags- og sunnudagskvöld umfram hefðbundna vakt slíka daga og auk þess alls fjórum mönnum á dagvakt þessa helgi vegna mikilla anna hjá lögreglunni.

Alls voru því keyptar um það bil 90 klukkustundir í yfirvinnu þessa helgi umfram venjulega helgi. Ekki kom til endurgreiðslu löggæslukostnaðar í þessu sambandi.

Ekki er vitað um fjölda þess fólks sem var á Akureyri þessa helgi, en þrátt fyrir illa skipulögð hátíðahöld komu fleiri en búist hafði verið við.

Svar sýslumannsins á Seyðisfirði.

Í fyrsta lagi er spurt hversu mikið hafi þurft að auka löggæslu á skemmtun ÚÍA að Eiðum og hlýtur að verða að skilja fyrirspurnina þannig að átt sé við aukningu umfram það ef hátíðin hefði ekki verið haldin. Er því til að svara að á Egilsstöðum eru tveir fastir lögreglumenn og hefur leyfi fyrir hátíðinni því alfarið verið bundið því skilyrði að mótshaldari greiddi allan löggæslukostnað. Í ár var notast við vaktakerfi frá 1992, enda var af mótshaldara hálfu gert ráð fyrir að aðsókn yrði ekki minni en árið á undan. Var reiknað með að gestir yrðu um 2.500 en eitthvað urðu þeir innan við 1.000. Rétt þykir að taka fram að þegar sýnt þótti að aðsókn yrði ekki eins og ráð var fyrir gert var lögreglumönnum á vakt fækkað um tvo.

Um aukinn kostnað ríkissjóðs er það að segja að ríkið mun hafa hagnast á útseldri löggæslu ef eitthvað er. Samkvænt tímaskýrslum voru unnar 558 klukkustundir af lögreglunni á hátíðinni og voru samkvæmt því innheimtar 681.876 kr. sem runnu sem sértekjur í ríkissjóð.

Allar líkur eru á því að kostnaður ríkisins hafi ekki verið meiri en sem þessu nemur, enda er hér miðað við fyrirmæli ráðuneytisins um útselda vinnu lögreglunnar.

Það er augljóst að miðað við þær fjárveitingar sem embættið hefur úr að vinna verða engar slíkar stórhátíðir heimilaðar, nema mótshaldari borgi allan kostnað við löggæslu. Breytist það í engu þótt niðurstaðan verði sú að tap verði á slíkri hátíð. Ef menn blása til orrustu verða þeir að greiða stríðskostnaðinn.

268. Fyrirspurn [236. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um ofbeldi í myndmiðlum.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Á hvern hátt hefur ályktun Alþingis frá 26. apríl 1990 um að draga úr ofbeldi í myndmiðlum verið framfylgt?

269. Svar [91. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um aðgerðir á grundvelli 1. gr. laga um Evrópskt efnahagssvæði.

1. *Hvað hefur verið aðhafst af íslenskum stjórnvöldum á grundvelli 1. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og laga nr. 66/1993, um breytingar á þeim lögum?*

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og laga nr. 66/1993, um breytingar á þeim lögum, er veitt heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd EES-samninginn, samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna. Þessir samningar hafa nú verið fullgiltir.

2. *Til hvaða kostnaðar hefur verið stofnað hingað til af þessu tilefni, sundurliðað eftir einstökum þáttum?*

Á fjárlögum ársins 1993 er gert ráð fyrir eftirfarandi fjárveitingum sem beinlínis eru tengdar EES-samningnum (í millj. kr.):

03-401-171 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	16,0
03-401-172 EFTA-dómstóllinn	5,3
03-401-173 Þróunarsjóður EFTA	62,1

Af þessum fjárlagaliðum er þegar búið að greiða 18.712 þús. kr. vegna eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, 4.241 þús. kr. til EFTA-dómstóls en ekkert til Þróunarsjóðs EFTA, enda hefur stofnun hans ekki komið til framkvæmda.

Þessu til viðbótar var einu stöðugildi bætt við skrifstofu sendiráðs Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu en það var millifært af viðskiptaskrifstofu ráðuneytisins hér heima. Viðbótarkostnaður við þennan tilflutning nemur 3 millj. kr. Þá er sérstök fjárveiting til húsnæðiskostnaðar í Brussel, 10 millj. kr., vegna aukins umfangs starfseminnar. Þá var stofnað sérstakt embætti fulltrúa menntamálaráðuneytis í Brussel sem mjög óbeint má tengja EES-samningi. Kostnaður við það embætti er um 6 millj. kr. Fyrir var fulltrúi sjávarútvegsráðuneytis í Brussel, fulltrúi fjármálaráðuneytis og fulltrúi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í hálfu starfi.

3. *Til hvaða mannaráðninga hefur verið stofnað hjá utanríkisráðuneytinu og íslensku utanríkisþjónustunni vegna EES-samningsins, m.a. í tengslum við EFTA og sendiráð Íslands í Brussel?*

Ekki hefur verið ráðið nýtt fólk til starfa hjá utanríkisráðuneytinu eftir samþykkt EES-samningsins á Alþingi og engar nýjar ráðningar eru í aðsigi. Ekki hefur verið bætt við starfslið fastanefndar Íslands hjá EFTA í Genf undanfarin ár en á þessu ári var starfsmaður fluttur úr ráðuneytinu í sendiráð Íslands í Brussel eins og fram kemur hér að ofan.

4. *Hver eru ráðningarkjör þeirra sem Ísland hefur skipað sem eftirlitsfulltrúa í Eftirlitsstofnun EFTA og dómara í EFTA-dómstólinn að skattfríðindum meðtöldum?*

Eftirlitsfulltrúar í eftirlitsstofnun EFTA og dómarar í EFTA-dómstólnum eru ekki skipaðir af einstökum aðildarlöndum EFTA heldur á grundvelli samhljóða samþykktar ráðherra þeirra EFTA-ríkja sem aðild eiga að EES. Réttindi og skyldur eftirlitsfulltrúa og dómara eru byggð á samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, þar á meðal ráðningartími sem er þrjú ár fyrir eftirlitsfulltrúa og ýmist þrjú eða sex ár fyrir dómara, sbr. 30. gr. framangreinds samnings. Launakjör og húsaleigustyrkur þeirra eru hliðstæð við kjör aðstoðarframkvæmdastjóra EFTA sem ákvörðuð eru á grundvelli launakerfis EFTA, þó þannig að fyrir starfsvettvang utan Genfar (Brussel) eru laun 10% lægri. Að öðru leyti gilda sömu reglur um starfskjör eftirlitsfulltrúa og dómara og um embættismenn EFTA, þar á meðal reglur um skattfrelsi starfsmanna alþjóðastofnana í viðkomandi löndum.

270. Svar [182. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um verðmun á nauðsynjavörum.

1. *Hver hefur þróunin verið frá árinu 1991 hvað varðar verðmun á nauðsynjavörum milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar?*

Um árabil kannaði Verðlagsstofnun verðmun í matvöruverslunum á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Þessar kannanir sýndu að verðmunur hefur aukist á undanförnum árum.

Í október 1989 var verðlag á landsbyggðinni 3,8% hærra en á höfuðborgarsvæðinu. Í júní 1990 var það 4,5% hærra en á höfuðborgarsvæðinu og í október 1991 var verðlag á landsbyggðinni 4,9% hærra en á höfuðborgarsvæðinu.

Þessar kannanir voru samanburðarhæfar, þ.e. sömu matvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu voru teknar með þegar þessi samanburður var gerður við matvöruverslanir á landsbyggðinni.

Á undanförnum missirum hefur hins vegar orðið mikil breyting á samsetningu matvöruverslana á höfuðborgarsvæðinu m.a. með tilkomu fleiri Bónusverslana, stórmarkaða og svokallaðra klukkubúða. Í ljósi þessa þótti rétt að breyta þeirri samsetningu verslana sem áður höfðu legið til grundvallar því meðalverði sem notað var til viðmiðunar.

Í október 1992 var verðlag í matvöruverslunum á landsbyggðinni 7,1% hærra en á höfuðborgarsvæðinu en ekki er hægt að bera könnunina frá 1992 saman við könnunina frá 1991 af framangreindum ástæðum. Verðlag á landsbyggðinni var hins vegar 5,6% hærra en á höfuðborgarsvæðinu ef teknar eru með sambærilegar verslanir og árið áður. Þá ber einnig að geta þess að mikið verðstríð geisaði á matvörumarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu á þessu tímabili sem eykur enn verðmuninn á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.

2. *Hefur eitthvað verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar til að vinna gegn þessum verðmun?*

Það hlýtur alltaf að vera nokkur verðmunur á milli landsbyggðar og þéttbýlis og byggist sá munur m.a. á flutningskostnaði, uppskipunarkostnaði, minni veltuhraða og minni samkeppni. Skilja ber því spurninguna svo hvort verðmunur milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar sé meiri en hægt sé að skýra með eðlilegum hætti. Heyrst hafa þær raddir að þessi verðmunur sé óeðlilega mikill og fyrir u.þ.b. tveimur árum töldu kaupmenn á landsbyggðinni að stórmarkaðir á höfuðborgarsvæðinu nytu óeðlilega hagstæðra kjara hjá heildsölum og innlendum framleiðendum. Þeim fannst það skiljanlega vera undrunarefni að kaupmenn gætu gert betri kaup í stórmörkuðum fremur en að kaupa beint frá innlendum framleiðanda eða heildsala og ásökuðu þeir því þessa aðila um að þeir drægju taum stórmarkaða. Af þessu tilefni ákvað Verðlagsstofnun að gera athugun á viðskiptakjörum í dagvöruverslun. Í athugun Verðlagsstofnunar kom ekki fram að heildsalar og framleiðendur mismunuðu óeðlilega mikið þegar tekið var tillit til magnviðskipta, greiðslukjara o.fl.

Skýringanna á hinum mikla verðmun var hins vegar að leita í þeirri heiftúðugu samkeppni og undirboðum sem viðgengust á höfuðborgarsvæðinu. Eftir þetta færðist verðlagning á ný í eðlilegra horf og að sama skapi dró úr þeirri gagnrýni sem kaupmenn á landsbyggðinni höfðu haft í frammi.

Nú eru hins vegar blikur á lofti um að samkeppnin sé á ný að ganga út í öfgar með undirboðum og nú er það ekki vegna aðstæðna á höfuðborgarsvæðinu heldur á Norðurlandi. Það er of snemmt að leggja mat á það hvort hér sé um skammvinnt fyrirbæri að ræða eða hvort þetta verði varanlegra og hafi skaðleg áhrif á samkeppnina í landinu. Kunnugt er að ýmsir aðilar í viðskiptum bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni hafa snúið sér til Samkeppnisstofnunar og lýst áhyggjum sínum yfir þróun mála og að það sama geti gerst nú og fyrir tveimur árum en það endaði með því að ákveðin fyrirtæki náðu yfirburðastöðu á markaðnum.

Virk samkeppni tryggir best hag neytenda. Tímabundið verðstríð, sem getur leitt af samkeppni, gefur ekki tilefni til sérstakra aðgerða af hálfu stjórnvalda. Það er hins vegar deginum ljósara að leiði verðstríð til gjaldþrota eins og raunin hefur orðið á og neytendur hafa á endanum þurft að borga herkostnaðinn af geta stjórnvöld þurft að grípa inn í og koma í veg fyrir að stór fyrirtæki misnoti aðstöðu sína á markaðnum.

3. *Má búast við einhverjum aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar til að jafna þann aðstöðumun sem þessi verðmunur hefur í för með sér?*

Starfandi er nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins sem á að kanna möguleika á aukinni hagræðingu dagvöruverslunar í strjálbýli og þéttbýli og hugsanlegan þátt ríkis og sveitarfélaga í slíkri hagræðingu, t.d. með breyttum starfsreglum, skipulagsaðgerðum og samgöngubótum. Þessi nefnd mun skila ráðherra skýrslu á næsta ári og þar mun umræddur verðmunur á milli höfuðborgarsvæðisins og dreifbýlis verða tekinn til umfjöllunar.

Samkeppnisyfirvöld munu fylgjast náið með hvernig þessi mál þróast og munu grípa til ráðstafana verði vart við óeðlilega verðþróun sem rekja má til misbeitingar á markaðsyfirráðum einstakra stórverslana eða verslanakeðja.

Þess er vænst að til þess komi ekki að grípa þurfi til styrkja til að tryggja eðlilegan verðmun á nauðsynjavörum á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Stórmarkaðir í Reykjavík hafa haslað sér völl á Norðurlandi og er vitað að þeir hafa í athugun að gera það víðar. Æskilegt væri að leysa þessi mál með því að draga úr verðmun á þennan hátt fremur en að veita opinbera styrki.

271. Svar [189. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um stuðningsaðgerðir til dreifbýlisverslunar.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvernig var þeim fjármunum varið sem samkvæmt fjárlögum ársins 1992 áttu að fara í stuðningsaðgerðir til dreifbýlisverslunar?

Á fjárlögum ársins 1992 voru 2 millj. kr. ætlaðar til styrktar dreifbýlisversluninni. Stofnað var til nokkurs kostnaðar árið 1992 vegna sérfræðiþjónustu sem ekki kom til greiðslu fyrr en á þessu ári. Því var ákveðið að flytja þessa upphæð milli ára.

Starfandi er nefnd sem kanna á möguleika á aukinni hagræðingu dagvöruverslunar í strjálbýli og þéttbýli og hugsanlegan þátt ríkis og sveitarfélaga í slíkri hagræðingu t.d. með breyttum starfsreglum, skipulagsaðgerðum og samgöngubótum. Umræddir fjármunir munu væntanlega verða nýttir þegar tillögur nefndarinnar koma til framkvæmda.

272. Frumvarp til laga [237. mál]

um skipun nefndar til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og Byggðastofnunar.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson.

1. gr.

Skipuð verði fimm manna nefnd sem kanni útlánatöp helstu innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og Byggðastofnunar, sbr. 2. gr. laga þessara. Viðskipta- og

hagfræðideild Háskóla Íslands tilnefni einn mann í nefndina, Ríkisendurskoðun tvo og Hæstiréttur tvo og verði annar þeirra jafnframt formaður nefndarinnar.

Nefndarmenn mega ekki vera verulega fjárhagslega tengdir þeim félögum, sjóðum og stofnunum sem lögin taka til, né sitja í stjórn þeirra.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort útlánatöp helstu innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóðanna og Byggðastofnunar á undanförnum árum megi að einhverju leyti rekja til þess að um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum þeirra og helstu skuldunauta sem ekki geta staðið í skilum með lán sín. Í því skyni skal nefndin m.a. athuga hvort lánafyrirgreiðsla þessara lánveitenda á hverjum tíma hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang lántakenda, eiginfjárstöðu fyrirtækja og tryggingar fyrir skuldum. Þá kanni nefndin hvort stjórnvöld eða aðrir aðilar hafi í einhverjum tilvikum beitt óeðlilegum pólitískum þrýstingi eða hagsmunatengslum til að greiða fyrir lánveitingum.

3. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er henni heimilt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af opinberum aðilum og starfsmönnum og endurskoðendum þeirra aðila sem lögin ná til. Ákvæði sérlaga um bankaleynd víkja fyrir þessu ákvæði.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun eftir því sem þörf er á.

Nefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að við rannsókn sína. Hið sama gildir um þá er veita nefndarmönnum aðstoð við starf þeirra. Þagnarskyldan helst eftir að nefndin lýkur störfum.

4. gr.

Rannsóknarnefndin skal hraða störfum sínum og skila skýrslu um málið til viðskiptaráðherra sem geri Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar.

5. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með auknu frjálsræði á íslenskum lánamarkaði og afnámi hafta um miðjan síðasta áratug varð aðgangur fyrirtækja og heimila að lánsfé mun greiðari en áður hafði verið. Heildarútlán lánakerfisins jukust jafnt og þétt og á þessu ári nema þau 190% af vergri landsframleiðslu en námu 120% árið 1984. Á síðustu tíu árum hafa skuldir atvinnuveganna aukist um 40% að raungildi og skuldir heimilanna tæplega fjórfaldast. Þessi skuldsetning gerðist þrátt fyrir þá staðreynd að aukið frelsi banka og sparisjóða til að ákveða útlánsvexti árið 1984 leiddi þá þegar til verulegrar hækkunar vaxta. Enn frekari hækkun varð svo þegar vextir

voru gefnir frjálsir árið 1987. Það ár hækkuðu vextir verðtryggðra bankalána úr 6% í upphafi árs í 9,5% undir lok ársins og hafa í grófum dráttum haldist þar síðan.

Fram til ársins 1990 virðast útlánatöp íslenskra innlánsstofnana hafa verið heldur lítil borið saman við önnur lönd (sjá töflu 1 í fylgiskjali). Síðan hefur sigið verulega á ógæfuhliðina og mikil útlánatöp og rekstrarerfiðleikar hafa verið hjá innlánsstofnunum og fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna. Á síðustu fimm árum hafa innlánsstofnanir lagt samtals 18,9 milljarða kr. á afskriftareikning og fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna 16,3 milljarða kr. (sjá töflu 2 í fylgiskjali). Þá lagði Byggðastofnun og Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina (nú atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar) 5,5 milljarða kr. inn á afskriftareikning útlána á árunum 1988–92 en tölur fyrir árið 1993 liggja ekki fyrir (sjá töflu 3 í fylgiskjali). Alls er því um að ræða rúmlega 40 milljarða kr. á síðasta fimm árum sem að stærstum hluta er tapað fé.

Kostnaðinn af þessum útlánatöpum greiðir fólkið í landinu nú þegar í formi vaxtamunar á inn- og útlánum sem á sinn þátt í því að halda uppi háum raunvöxtum. Þarf varla að tíunda hvaða áhrif heljargreipar hárra vaxta hafa almennt haft á stöðu fyrirtækja og heimila í landinu og þar með þjóðarbúsins í heild sinni.

Kostnaður vegna tapaðra útlána hefur jafnframt verið greiddur með beinum fjárframlögum úr sameiginlegum sjóði allra landsmanna — ríkissjóði. Þannig samþykkti Alþingi síðasta vor lög sem heimiluðu ríkisstjórninni að veita Landsbankanum stuðning, allt að 4,25 milljarða kr., til að tryggja eiginfjárstöðu bankans. Ríkissjóður lagði bankanum til 2 milljarða kr. sem eigið fé, Seðlabankinn veitti 1,25 milljarða kr. víkjandi lán og Tryggingasjóði viðskiptabanka er heimilt að veita allt að 1 milljarðs kr. lán. Þá hefur tryggingasjóðum banka og sparisjóða verið veitt ríkisábyrgð fyrir 3 milljarða kr. láni og heimilað að veita bönkum og sparisjóðum víkjandi lán í því skyni að styrkja eiginfjárstöðu þeirra. Þá er skemmst að minnast þess að árið 1991 létti ríkissjóður af Byggðastofnun skuldum að fjárhæð 1,2 milljarða kr. samkvæmt heimild í lánsfjárlögum 1991.

Þá má geta þess að það er sameiginlegt öllum fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, ef frá er talinn Verslunarlánasjóður og erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs, að ríkissjóður ábyrgist sjálfkrafa skuldbindingar þeirra. Það gildir því sama um þá og viðskiptabankana — fari allt á versta veg verður reikningurinn lagður fram á Alþingi til greiðslu úr ríkissjóði.

Án efa eru ýmsar samverkandi ástæður fyrir miklum útlánatöpum. Greinar hafa verið skrifaðar um þetta efni í blöð og tímarit og bent á ýmsa orsakavalda. Þá skilaði nefnd, sem skipuð var af ríkisstjórninni til að gera úttekt á svokölluðum fortíðarvanda, áfangaskýrslu um fjárhagsvanda Byggðastofnunar, Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Að mati flutningsmanna þessa frumvarps eru þessi skrif og skýrslugerð þó ekki fullnægjandi. Til þess eru vítin að varast þau og þess vegna nauðsynlegt að skoða þessi mál ofan í kjölinn, ekki síst þegar haft er í huga hvað útlánatöpin hafa verið mikil og íþyngjandi fyrir þjóðarbúið. Er tæplega hægt að láta hjá líða að rannsaka hvort þessi útlánatöp megi að einhverju leyti rekja til þess að um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða milli lánveitenda annars vegar og helstu skuldunauta þeirra hins vegar. Má í því sambandi geta þess að sambærilegar rannsóknir hafa verið gerðar bæði í Svíþjóð og Noregi í kjölfar bankakreppunnar þar.

Í umræðum um útlánatöp hér á landi hafa einstakir ráðherrar og þingmenn látið að því liggja að innlánsstofnanir, fjárfestingarlánasjóðir og Byggðastofnun hafi sýnt gáleysi í útlánum og í mörgum tilfellum veitt lán vegna þrýstings frá stjórnvöldum. Slíkar ásakanir eru mjög alvarlegar en um leið algerlega óábyrgar ef rétt stjórnvöld láta þær sem vind um eyru þjóta. Flutningsmenn frumvarpsins vilja ekki una því og leggja því til að þessi þáttur málsins verði skoðaður sérstaklega.

Flutningsmenn leggja til að sett verði á fót nefnd fimm manna til að kanna útlánatöp helstu innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og Byggðastofnunar á undangengnum árum. Nefndin kanni bæði viðskiptalega og pólitíska þætti málsins, þar á meðal hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða. Í frumvarpinu er það lagt í hendur nefndarinnar að ákveða hversu langt árabil hún skoðar og hún metur þar af leiðandi sjálf lengd þess tímabils sem mestu skiptir í þessu sambandi.

Gert er ráð fyrir að nefndin hraði störfum og skili skýrslu um málið til viðskiptaráðherra sem geri Alþingi grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni skal viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands tilnefna einn mann en Ríkisendurskoðun og Hæstiréttur Íslands tvo menn hvor í nefnd til að kanna útlánatöp bankanna. Annar fulltrúi Hæstaréttar verði jafnframt formaður nefndarinnar. Með helstu innlánsstofnunum er átt við alla viðskiptabankana og stærstu sparisjóðina, svo sem SPRON, Sparisjóð Hafnarfjarðar, Sparisjóð Kópavogs, Sparisjóð Keflavíkur og Sparisjóð Mýrasýslu.

Sett eru skilyrði um sérstakt hæfi sem nefndarmenn þurfa að fullnægja til að geta tekið sæti í nefndinni. Það er viðskiptaráðherra að meta hvenær menn eru verulega fjárhagslega tengdir þeim aðilum sem lögin ná til.

Um 2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er afmarkað í þessari grein. Er það að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum þeirra lánveitenda sem lögin taka til við helstu skuldunauta sem ekki hafa getað staðið í skilum með lán sín. Þá verði jafnframt skoðað hvort töpuð útlán megi í einhverjum tilvikum rekja til þess að beitt hafi verið óeðlilegum pólitískum þrýstingi eða hagsmunatengslum til að greiða fyrir útlánum. Í hlutverki nefndarinnar felst að henni ber jafnframt að leggja mat á þau atriði sem undir verksvið hennar falla.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru heimildir nefndarinnar afmarkaðar og jafnframt kveðið á um að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skuli veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun eftir því sem þörf er á. Þagnarskylda nefndarmanna tekur til þeirra upplýsinga sem þeir komast yfir við störf sín og ekki eru settar inn í skýrsluna, en gildir, eðli máls samkvæmt, ekki gagnvart þeirri skýrslu sem nefndin skilar til viðskiptaráðherra.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Seðlabanki Íslands:

Tafla 1.

ÚR HAGTÖLUM MÁNAÐARINS
(Maí 1993.)

Framlög í afskriftareikning útlána innlánsstofnana í hlutfalli af útlánum og ábyrgðum.

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991[1]
Noregur[2]	0,5	0,6	1,4	2,1	1,9	2,3	4,2
Danmörk	1,2	0,5	0,9	1,5	1,3	1,9	2,3
Finnland[3]	0,1	0,2	0,3	0,4	0,5	0,6	1,7
Svíþjóð	0,4	0,5	0,4	0,3	0,3	0,7	3,8
Ísland	**1,1**	**0,4**	**0,4**	**0,7**	**0,9**	**1,5**	**1,3**
Viðskiptabankar	1,2	0,4	0,4	0,8	0,9	1,4	1,3
Sparisjóðir	0,5	0,0	0,6	0,1	1,0	1,7	1,4

[1] Tölur fyrir önnur Norðurlönd eru birtar með fyrirvara.
[2] Aðeins fyrir viðskiptabanka sem hlutfall af útlánum.
[3] Aðeins sem hlutfall af útlánum.

Tafla 2.

PENINGAR, GENGI OG GREIÐSLUJÖFNUÐUR
Úr greinargerð um þróun og horfur í peningamálum og greiðslujafnaðar- og gengismálum skv. 4. gr. laga nr. 36/1986.
(11. nóvember 1993.)

Afskriftareikningar útlána innlánsstofnana og fjárfestingarlánasjóða.
(Milljarðar kr.)

	Innlánsstofnanir			Fjárfestingarlánasjóðir			Samtals		
	Lagt á afskrr.	Töpuð útlán	Staða í árslok	Lagt á afskrr.	Töpuð útlán	Staða í árslok	Lagt á afskrr.	Töpuð útlán	Staða í árslok
1989	1,9	1,1	3,1	2,0	0,9	2,0	3,9	2,0	5,1
1990	2,6	0,4	5,3	2,6	1,2	3,4	5,2	1,7	8,6
1991	2,5	2,1	5,7	6,9	3,5	6,8	9,4	5,6	12,5
1992	7,2	3,0	9,8	2,3	3,7	5,4	9,5	6,8	15,3
1993[1)]	4,7	–	–	2,5	1,6	6,4	7,3	–	–

[1)] Hlutfallsáætlun út frá tveimur þriðju árs hjá innlánsstofnunum og hálfu ári hjá fjárfestingarlánasjóðum.

Tafla 3.

Afskriftir Byggðastofnunar 1988–1992.

	Staða í ársbyrjun	Framlag á árinu	Afskrifað
1988	64	200	33
1989	231	250	231
1990	250	500	244
1991	506	1.930	898
1992	1.538	140	939
1993	739		
	Samtals	**3.020**	**2.345**

Afskriftir Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, nú atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar, 1989–1992.

	Staða í ársbyrjun	Framlag á árinu	Afskrifað
1989		284	
1990	284	216	89
1991	411	1.775	505
1992	1.681	264	722
1993	1.223		
	Samtals	**2.539**	**1.316**

273. Tillaga til þingsályktunar [238. mál]

um úrbætur í málum ungmenna sem flutt hafa til Íslands frá framandi málsvæðum.

Flm.: Guðrún J. Halldórsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að beina því til menntamálaráðherra að:

a. Standa fyrir gerð kennsluefnis fyrir ungmenni af erlendu bergi um sögu, landafræði, náttúrufræði og félagsfræði. Kennsluefnið verði á einföldu en góðu íslensku máli og til þess ætlað að byggja brú yfir í efni almennra kennslubóka í íslenskum skólum.
b. Beita sér fyrir því að tekin verði upp í grunnskólum íslenska sem annað mál fyrir þá nemendur sem eru nýkomnir til landsins eða aðfluttir frá framandi málsvæðum.

Greinargerð.

Meðal hins mikla fjölda nýbúa, sem sest hafa hér að á undanförnum árum, er allstór hópur ungmenna á aldrinum 10 til 20 ára. Mörg koma þau frá framandi málsvæðum Asíu og Austur-Evrópu. Ungmenni frá Austur-Evrópu eiga tiltölulega auðvelt með að tileinka sér málfræði því yfirleitt tala þau tungu sem byggir á beygingafræði. Hins vegar er orðaforðinn allur nýr. Þau ungmenni sem koma frá Asíu tala yfirleitt tónamál og beygingafræði er þeim algjörlega framandi.

Fyrstu skólaár þessara ungmenna fara því nær alfarið í að ná tökum á daglegum orðaforða og einföldustu beygingafræði. Innihald greina eins og þeirra sem að framan getur fer hreinlega fyrir ofan garð og neðan hjá mörgum þeirra. Þess vegna flosna mörg þeirra upp úr skóla strax í 10. bekk og eiga oft ekki möguleika á að ná sér aftur á strik í námi. Þessi vandi var fáum ljós í upphafi innflytjendastraumsins hingað en er nú að koma betur og betur fram. Þannig glatast ár hvert út úr skólakerfinu nokkrir greindir og vel gerðir unglingar og er fyrirsjáanlegt að verði ekki gripið til ráða sem duga hið fyrsta mun þessi hópur fara sístækkandi og íslensk þjóð hefur ekki efni á að kasta þannig hæfileikum þeirra á glæ.

Mörg ungmenni sem koma frá málsvæðum sem liggja nærri íslensku, svo sem germönskum, engilsaxneskum og norrænum málsvæðum, eiga við skamman vanda að stríða en þó þarf að veita þeim úrlausn. Því er lagt til að íslenska standi þeim til boða á námsskrá grunnskólanna sem annað mál áður en þau hefja venjulegt nám í íslensku móðurmáli.

Ungmenni frá framandi málsvæðum þurfa að njóta sams konar fræðslu en mun lengur en aðrir. Þannig ber nauðsyn til að nýbúar geti tekið grunnskólapróf í íslensku sem öðru máli svo að þeir hafi möguleika á að komast áfram í skólakerfinu.

Nauðsynlegt kennsluefni er:

a. Einföld íslensk málfræði og stafsetning, reglur samdar með þarfir þessa tvískipta hóps í huga.
b. Einfalt efni í framangreindum kennslugreinum sem einnig gæti nýst fleiri nemendum, þ.e. þeim sem ættu við lesvanda að stríða.

Menntamálaráðuneytið hefur nú þegar gert allmikið átak í málum þessara ungmenna en betur má ef duga skal og því er þessi tillaga flutt.

274. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins. Samkeppnisráð setur sér reglur um málsmeðferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir 2. mgr. 6. gr. lýkur skipunartíma starfandi samkeppnisráðs við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 25. febrúar 1993 voru samþykkt ný lög, samkeppnislög, nr. 8/1993, sem leystu af hólmi lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978.

Í áliti frá 30. ágúst 1993 (mál nr. 806/1993) komst umboðsmaður Alþingis að þeirri niðurstöðu að þrír af fimm aðalmönnum samkeppnisráðs uppfylltu ekki það almenna hæfisskilyrði til setu í samkeppnisráði að vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem samkeppnislögin taka til. Í álitinu beindi umboðsmaður því til viðskiptaráðherra að taka það til athugunar hvort leggja bæri til við Alþingi að endurskoða orðalag þessarar hæfisreglu. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til á 1. mgr. 6. gr. hefur viðskiptaráðherra ákveðið að verða við þessum tilmælum.

Í tilvitnuðu áliti umboðsmanns Alþingis segir m.a.:

„Almennar hæfisreglur, sem settar eru til að draga úr líkum á hagsmunaárekstrum, geta verið mjög áhrifaríkar og stuðlað að auknu réttaröryggi. Hins vegar verður að gæta þess að sú hætta getur fylgt mjög ströngum hæfisskilyrðum að þeir sem mesta þekkingu og reynslu hafa á hlutaðeigandi sviði verði útilokaðir frá því að gegna opinberu starfi."

Ljóst þykir að hið stranga hæfisskilyrði 1. mgr. 6. gr. útilokar fjölmarga hæfa og reynslumikla menn frá setu í samkeppnisráði. Því er lagt til að orðalagið „að vera óháður fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til" falli niður.

Hvað varðar þá sem ráðherra skipar í samkeppnisráð eru tilgreindir þeir kostir sem þeir verða að hafa til að bera, þ.e. sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Með þessu er átt við alhliða þekkingu á grundvelli menntunar eða reynslu. Gert er ráð fyrir að þeir ráði yfir fjölbreyttri þekkingu á ýmsum sviðum atvinnulífsins, m.a. á sviði lögfræði, hagfræði, fjármála og neytendamála. Að sjálfsögðu er þess ekki krafist að hver og einn uppfylli öll þessi skilyrði.

Samkvæmt þeim breytingum sem hér eru lagðar til eru almennar hæfiskröfur samkeppnisráðsmanna gerðar mun skýrari án þess þó að hæfisskilyrðin séu það ströng að þau útiloki menn með reynslu og þekkingu á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins.

Áréttað skal að hér er eingöngu fjallað um almennt hæfi manna til setu í samkeppnisráði. Ekki verða því breytingar á öðrum ákvæðum laganna um almennt hæfi, svo sem 2. mgr. 9. gr. þar sem almenn hæfisskilyrði fyrir setu í áfrýjunarnefnd samkeppnismála koma fram, né heldur ákvæðum um sérstakt hæfi.

Í 2. mgr. 50. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, og í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er fjallað um sérstakt hæfi, þ.e. hæfi til meðferðar einstaks máls og kunna ráðsmenn í einstökum tilvikum að vera vanhæfir á grundvelli þessara ákvæða.

Lagt er til að tekið verði upp það nýmæli í lokamálslið 1. mgr. 6. gr. að samkepnisráð setji sér reglur um málsmeðferð. Þó verður að gera ráð fyrir ákveðnum umþóttunartíma í þessu sambandi á meðan venjur skapast í afgreiðslu mála fyrir ráðinu. Verður að telja aukið réttaröryggi felast í ákvæði sem þessu enda afar mikilvægt fyrir einstaklinga eða lögaðila sem samkeppnisráð fjallar um að fyrir liggi reglur um málsmeðferð. Með tilliti til sjálfstæðis samkeppnisráðs, sem fer ásamt Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd með daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til, þykir eðlilegt að samkeppnisráðið sjálft setji sér málsmeðferðarreglurnar.

275. Tillaga til þingsályktunar [240. mál]

um skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar.

Flm.: Guðrún J. Halldórsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að setja reglur um að:

a. lágmarkskunnátta í íslensku sé fyrir hendi hjá umsækjanda um ríkisborgararétt þannig að annaðhvort sé lagt fram gilt vottorð um íslenskukunnáttu eða umsækjandi sýni fram á að hann hafi sótt nám í íslensku máli,
b. hinu opinbera sé skylt að sjá til þess að í boði sé nám í íslensku fyrir þá sem ætla sér að setjast hér að,
c. undanþiggja megi fólk vegna aldurs eða sjúkdóma.

Greinargerð.

Það er alkunna að á undanförnum 13 árum hefur nýbúum á Íslandi fjölgað mjög mikið og tala þeirra hartnær tvöfaldast. Mest hefur fjölgun þeirra orðið sem koma frá framandi málsvæðum. Um áramótin 1992–93 voru nýbúar án íslensks ríkisfangs allmargir eða 640 frá Austur-Evrópu, 164 frá Suður-Ameríku, 160 frá Suður-Evrópu, 207 frá Afríku og 927 frá Asíu.

Líklegt má telja að þessar tölur hafi hækkað nokkuð en að meðaltali hefur útlendingum, sem setjast hér að án íslensks ríkisfangs, fjölgað um 190 á ári undanfarin ár. Flestir þeir sem setjast hér að sækja um íslenskan ríkisborgararétt. Til þess að fá hann þurfa umsækjendur að uppfylla ýmis skilyrði.

Þessi þingsályktunartillaga lýtur að einum þætti þessara skilyrða, þ.e. íslenskukunnáttu umsækjenda og skyldu hins opinbera til að veita fræðslu í íslenskri tungu og þar með þekkingu á íslensku samfélagi. Þeir sem búa langa ævi meðal þjóðar sem þeir geta ekki átt orðastað við hljóta oft að finna til einsemdar og hjálparleysis. Það getur haft alvarlegar afleiðingar þegar tjáskiptagetan er svo léleg að fólk skilur ekki starfsfólk heilbrigðisþjónustu, félagsmálaþjónustu eða aðra starfsmenn hins opinbera.

Í daglegu lífi getur einsemd sú, sem málfátæktin veldur, orðið til þess að illleysanleg sálræn vandamál og slæm samskiptavandamál skapist. Það ber því bráða nauðsyn til að þau ákvæði um veitingu ríkisborgararéttar, sem lúta að þekkingu á íslensku, séu skýr og beini umsækjendum inn á brautir sem bæta réttmæta og eðlilega félagslega stöðu umsækjanda.

276. Svar [183. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um flutning á aflamarki.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hve mikið var flutt af aflamarki milli útgerða á fiskveiðiárinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1993? Í svari óskast tilgreint hvaða útgerðir áttu aðild að flutningi, svo og hvort aflamark var í botnfiski eða sérveiðitegundum.

Svar við fyrirspurninni er sett fram í meðfylgjandi töflum og er það gert í samráði við fyrirspyrjanda. Í töflu I má sjá upplýsingar um hreinan (nettó) tilflutning aflamarks milli útgerða og er miðað við slægðan fisk nema karfa sem er óslægður. Í töflu II eru upplýsingar um hreinan tilflutning aflamarks á sérveiðitegundum. Þar sem reiknað er til þorskígilda er miðað við þá verðmætastuðla sem ákveðnir voru og birtir í 10. gr. reglugerðar nr. 290/1992, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993. Ef mínus er fyrir framan tölur táknar það að viðkomandi útgerð hafi framselt meira frá sér en til sín sem því nemur.

Við skoðun þessara talna verður að hafa í huga að aflaheimildir eru skráðar á skip en ekki eigendur þeirra. Þær upplýsingar, sem hér koma fram, eiga því við aðila sem skráðir eru sem eigendur að fiskiskipum með aflaheimildir. Því getur verið að skip séu skráð á mismunandi eignarhaldsaðila þótt segja megi að þau tilheyri sömu útgerð í raun. Við vinnslu á þessum töflum er miðað við skipaskrá eins og hún var 31. ágúst 1993. Hafi aðili keypt skip seinni hluta fiskveiðiársins og aflamark verið flutt til eða frá því skipi áður en sala skipsins átti sér stað er flutningurinn skráður á hinn nýja eiganda. Enn fremur er ástæða til að benda á að hluti af þessum færslum getur verið í tengslum við varanlegan flutning aflaheimilda en ekki eingöngu færslur innan fiskveiðiárs.

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Aðalbjörg sf	Reykjavík	108.234	-6.865	6.184	514	-4.514	-16.622	88.762
Aðalbjörn Haraldsson	Seyðisfjörður	-11.800	0	0	-800	-200	0	-12.268
Aðalbjörn Sigurlaugsson	Ólafsfjörður	7.159	0	1.244	-1.893	-395	-195	6.638
Aðalsteinn G. Þ. Gíslason	Patreksfjörður	12.314	0	0	-1.620	-421	0	11.355
Aðalsteinn Haraldsson	Akranes	79.447	-24.340	-881	-1.922	-504	-99	49.768
Aðalsteinn Ómar Ásgeirsson	Ísafjörður	0	0	0	-135	0	0	-55
Adolf Magnússon	Vestmannaeyjar	-3.100	0	-2.700	-1.000	-166	-82	-5.143
Agnar Smári Einarsson	Reykjavík	53.050	3.990	28.326	1.309	0	2.659	75.386
Agnar Vilhjálmsson	Þórshöfn	-1.200	0	0	-232	-60	-34	-1.362
Agnar Þórisson	Akureyri	395	0	0	-577	-150	-74	0
Ágúst Bjöm Hinriksson	Hafnarfjörður	-15.135	-2.027	-330	0	0	-127	-17.736
Ágúst Bogason	Djúpivogur	16.684	6.309	0	33	0	0	23.953
Áki Hermann Guðmundsson	Bakkafjörður	18.283	-2.868	8.034	-6.110	-1.587	2	15.709
Akkur H.F.	Fáskrúðsfjörður	-7.241	16.299	5.490	1.673	4.896	21.208	33.850
Albert Ómar Geirsson	Stöðvarfjörður	-16.000	0	-1.900	-2.400	-681	-336	-18.729
Álfgeir E Marinósson	Stykkishólmur	0	0	-50	-703	-7	-8	-326
Álftfirðingur h.f.	Súðavík	604.873	-4.372	113.052	156.464	429.675	-15.547	1.014.622
Andrés Friðrik Ármarsson	Reyðarfjörður	-12.610	-720	-370	-470	-142	-1.800	-15.226
Andvaraútgerðin sf	Ísafjörður	-55.301	0	0	0	0	-6.823	-60.214
Anton Sigmarsson	Húsavík	-40.383	-2.135	-34	0	0	-2	-42.858
Ármann D. Ámason	Neskaupstaður	7.000	0	0	0	0	0	7.000
Ármann Eydal Albertsson	Garður	-3.526	0	-312	-460	-127	-62	-4.017
Ármann Herbertsson	Neskaupstaður	2.500	0	-1.200	0	0	-29.000	-19.028
Amar Barðason	Suðureyri	-37.597	-4.138	-48	0	0	0	-42.382
Amarnúpur h.f.	Þingeyri	395.000	-49.000	271.600	115.000	-100.000	-1.250	461.564
Ambjörn Gunnarsson	Grindavík	9	254	0	0	0	0	301
Ámes h/f	Þorlákshöfn	-138.555	390.669	-884.371	339.100	231	-226.349	-190.625
Amey hf	Sandgerði	790.156	59.625	401.332	11.419	4.439	-1.103	1.082.439
Amgrímur Jónsson	Dalvík	3.537	168	0	0	0	0	3.730
Árni Ámason	Sandgerði	-8.770	11.780	0	-1.619	-420	0	3.819
Árni Eyfjörð Halldórsson	Akureyri	8.000	0	0	0	0	0	8.000
Árni Gunnarsson	Mosfellsbær	-3.234	-135	-189	-514	-58	-29	-3.764
Árni h/f,fiskverkun	Ólafsfjörður	-108.080	-998	-960	-1.214	-2.689	-1.419	-113.148
Árni Heimir Jónsson	Reykjavík	-4.000	0	0	0	0	0	-4.000
Árni Ingibjömsson	Keflavík	9.963	-4.200	0	-2.400	0	0	4.149
Árni Jóhannesson	Reykjavík	-5.000	-451	-500	-550	-194	-96	-6.219
Árni Jón Sigurðsson	Seyðisfjörður	-23.362	-5.000	0	-2.156	-560	0	-30.388
Árni Magnússon	Patreksfjörður	-6.400	0	0	0	0	0	-6.400
Árni Pétursson	Raufarhöfn	2.460	400	0	-561	-172	-85	2.508
Árni Sigurðsson	Húsavík	-5.179	-1.889	-1.890	-2.436	-514	-253	-9.913
Árni Sveinbjömsson	Neskaupstaður	-1.000	-640	-500	-978	-254	0	-2.585
Árni Sæmundsson	Ólafsfjörður	-10.470	0	0	-749	-175	-86	-10.962
Árni Þór Ámason	Reykjavík	17.554	-17.047	14	0	0	0	-2.042
Ársæll Egilsson	Tálknafjörður	16.895	-2.758	-3.753	-976	-235	-181	11.002
Ásbjörg Albertsdóttir	Reykjavík	0	-1.265	0	0	0	0	-1.455
Ásbjörn Magnússon	Drangsnes	6.155	0	-6.393	-6.267	-1.612	-794	-1.567
Ásbjörn Þorgilsson	Gjögur	-13.989	-5.054	-3.044	-848	-220	-108	-22.024
Ásgeir Ásgeirsson	Ólafsfjörður	9.145	-32	2.291	-1.127	-817	0	9.311
Ásgeir Gunnar Jónsson	Stykkishólmur	-1.128	-69	-96	-114	-30	-15	-1.338
Ásgeir Samúelsson	Akranes	19.382	0	0	0	0	0	19.382
Ásgeir Valdemarsson	Grundarfjörður	-11.996	2.500	-2.061	-2.693	-655	-352	-12.050
Ástvaldur Pétursson	Hvammstangi	-3.545	-800	0	0	0	-3.466	-6.961
Ásver h/f	Blönduós	-15.445	-5.763	-8.057	-9.158	0	-1.221	-31.057
Ásþór Sigurðsson	Húsavík	-34.733	-145	10.620	-633	0	0	-29.424

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Atli Ámason	Seyðisfjörður	-17.615	-600	-6.500	-983	-245	-121	-22.477
Atli Wilson	Neskaupstaður	-17.200	4.000	0	-1.681	-437	-390	-13.876
Auðbjörg h.f.	Þorlákshöfn	-365.295	-18.380	-463.526	-8.596	0	-38.000	-667.620
Auðbjörg s.f.	Akureyri	-117.371	-45.388	-163.763	-17.964	18	-3.000	-267.512
Auðunn Benediktsson	Kópasker	-42.000	-3.500	-3.800	-4.700	-800	1.500	-49.484
Auðunn h.f.	Vestmannaeyjar	78.784	223.882	215.336	569.884	0	8.913	692.600
Bakki h/f	Ólafsvík	-68.100	-9.080	-10.600	-24.000	-6.500	-24.878	-116.568
Baldur h.f.	Bolungavík	-325.754	-138.559	-288.200	-248.280	-497.680	89.890	-1.026.175
Baldur h.f.	Vestmannaeyjar	-8.000	-100.000	-21.000	5.000	0	-60.800	-176.066
Baldur Hjörleifsson	Hrísey	2.809	-756	-5.149	-1.803	-443	-36	-1.916
Baldur Hólmsteinsson	Raufarhöfn	-30.396	-3.000	-3.000	-2.000	-500	0	-36.636
Baldur Sigurðsson	Djúpivogur	29.079	591	-3.648	-4.319	-1.122	-553	24.834
Bára hf,útgerðarfélag	Vestmannaeyjar	-7.193	-13.453	19	-1.842	-349	-381	-23.928
Barðsrendingur hf.	Patreksfjörður	-13.418	853	0	0	0	0	-12.437
Bassi hf,útgerðarfélag	Hólmavík	-35.768	-23.827	-30.728	-21.366	-4.622	-39.806	-120.418
Benedikt Ágústsson	Reykjavík	-3.242	5.200	0	-881	-318	0	2.154
Bergey h/f	Hofsós	122.505	4.476	0	-3.149	-818	-14.000	115.709
Bergmundur Ögmundsson	Ólafsvík	51.545	0	-3.969	-5.380	-1.397	37.765	73.409
Bergsteinn Garðarsson	Akureyri	-7.500	500	-903	-1.000	-278	-137	-8.116
Bergsveinn Gestsson	Stykkishólmur	0	0	0	0	0	0	0
Bergsveinn Jóhannesson	Ólafsvík	11.304	-2.100	-3.360	0	0	5.500	11.035
Bergur h.f.	Vestmannaeyjar	-38.734	-45.940	62.683	0	886	-36.024	-83.033
Bergur-Huginn hf	Vestmannaeyjar	-384.883	-367.773	-110.501	686.810	337.235	-56.557	-390.557
Bergþór Guðjónsson	Akranes	4.210	1.260	-752	-964	-250	0	4.683
Berni sf.	Garðabær	106.138	-9.485	1.800	-310	-245	0	95.904
Birgir Albertsson	Stöðvarfjörður	-25.000	2.023	-2.001	-2.369	-615	-303	-25.374
Birgir Guðmundsson	Djúpivogur	-8.732	-513	-717	-850	-221	-109	-10.291
Birgir Jónsson	Akranes	37.969	10.012	1.755	0	0	0	50.431
Birgir Karl Guðmundsson	Drangsnes	-11.329	0	-4.781	-5.661	-1.470	-724	-17.782
Birgir Löðvíksson	Húsavík	9.500	0	0	-500	-162	-80	9.124
Bima Hjaltalín Pálsdóttir	Bolungavík	-9.000	4.375	-2.194	-2.392	-630	-2.273	-8.212
Bimir h/f	Bolungavík	-23.651	3.400	-3.358	1.344	1.291	96.308	49.242
Birtingur h/f	Neskaupstaður	-28.958	48.710	50.917	-11.730	971	3.268	52.777
Bit sf	Akureyri	-15.984	-359	-502	-595	-154	-76	-17.074
Bjarg h/f	Patreksfjörður	-7.000	-1.500	-16.311	-15.028	-2.627	22.700	-9.189
Bjamfinnur Jónsson	Selfoss	-8.574	925	6.259	77	-193	0	-4.234
Bjarni Garðarsson	Höfn	8.053	-6.265	658	-801	-329	-163	528
Bjarni Guðmundsson	Neskaupstaður	-3.907	-41	-376	-472	-123	-60	-4.480
Bjarni Gústafsson	Akranes	-9.771	-1.770	0	0	0	0	-11.807
Bjarni Jónsson h.f	Reykjavík	10.500	0	0	0	0	0	10.500
Bjarni Ólafsson	Ólafsvík	5.684	0	2.000	-901	-234	0	6.231
Bjarni Pétursson	Hafnarfjörður	-4.981	-566	-847	-294	-76	-38	-6.290
Bjarni Þ. Bergmann	Keflavík	0	-313	-12.017	3.770	-134	-66	-5.445
Björgólfur Björnsson	Ólafsvík	-16.572	-4.219	-1.746	-965	-246	0	-22.935
Björgvin Ó.Eyþórsson	Akranes	0	-1.266	0	-113	0	0	-1.502
Björgvin Sveinsson	Neskaupstaður	-8.693	-329	-691	-545	-141	-70	-9.817
Björn Einar Gíslason	Mjóifjörður	-2.400	0	0	-692	-102	-50	-2.791
Björn Elías Ingimarsson	Ísafjörður	-43.734	-11.076	-1.504	-1.781	-463	-228	-58.502
Björn Jónatan Björnsson	Patreksfjörður	-6.059	0	0	0	0	0	-6.059
Björn Löðvíksson	Raufarhöfn	-4.219	0	30.188	-652	-163	0	11.701
Björn Sigurður Ólafsson	Siglufjörður	8.743	10.395	1.900	-2.080	-456	0	20.551
Bliki h.f.	Dalvík	375.457	184.999	448.408	31.262	40.365	-8.658	865.185
Borg h.f.	Hrísey	-347.093	-61.424	-85.706	-22.187	0	-18.509	-486.435
Borgarey h.f.	Þorlákshöfn	20.000	0	0	-4.778	0	0	18.041

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Borgey h.f.	Höfn	-260.890	236.011	-14.259	-660.494	-228.661	79.990	-370.450
Bragi Sigurðsson	Húsavík	1.768	84	-3.520	-97	-19	314	137
Breiðfirðingur hf	Króksfjarðarnes	-331	0	-516	0	0	0	-610
Brimnes h/f	Flateyri	126.110	39.400	0	-13.350	-1.310	1.700	166.254
Brynjar Baldvinsson	Akureyri	0	-348	-1.436	-910	-210	-104	-1.771
Brynjólfur V Júlíusson	Borgarnes	-8.500	0	0	0	0	0	-8.500
Búlandstindur h.f.	Djúpivogur	175.970	9.710	362.778	134.169	-15.711	759	427.595
Byggðastofnun	Reykjavík	-31.209	-4.707	-3.086	-1.652	-429	-246	-39.443
Byr hf,útgerðarfélag	Vestmannaeyjar	119.131	24.020	0	-3.066	-1.482	0	144.460
Böðvar Ingvason	Akranes	10.886	0	0	0	0	0	10.886
Börkur Jónsson	Akranes	-1.500	0	0	0	0	0	-1.500
Dagur Brynjólfsson	Hafnarfjörður	11.564	4.000	-24.774	-650	0	2.000	3.960
Daníel Gunnarsson	Egilsstaðir	10.264	0	0	0	0	0	10.264
Daníel Pétursson	Hvammstangi	-30.777	-345	0	-6.673	-1.730	-8.948	-41.563
Davíð Kristjánsson	Þingeyri	-334	0	0	0	0	0	-334
Db.Haraldar Traustasonar	Vestmannaeyjar	95.137	-29.387	0	-14.225	0	0	55.510
Drafnir h.f.	Reykjavík	27.000	8.891	0	0	0	0	37.225
Dröfn h.f.	Patreksfjörður	4.000	14.000	0	-3.300	-870	9.302	24.835
Dvergur h.f.	Ólafsvík	40.240	0	-4.600	-3.800	-1.563	7.000	40.144
Dynjandi hf,útgerð	Hnífsdalur	393	0	-1.660	-590	-153	0	-852
Dyrhólaey h.f.	Vestmannaeyjar	172.503	-16.200	175.347	-1.574	-465	-292	247.379
Eggert Bergm. Halldórsson	Stykkishólmur	-6.850	-16	-497	-589	-153	-75	-7.539
Egill Kristjánsson	Suðureyri	-2.504	-915	-1.279	-1.514	-393	-194	-5.282
Eldi hf	Njarðvík	21.604	889	0	0	0	0	22.626
Eiður hf útg.félag	Reyðarfjörður	610	720	0	0	0	0	1.438
Eiður Marinósson	Vestmannaeyjar	-14.000	-3.720	-3.215	-526	-193	-108	-20.443
Einar G. Þórðarson	Vogar	-7.000	2.500	-2.800	-848	-220	-108	-6.216
Einar Guðjón Kristjánsson	Höfn	-116.017	-58.626	-69.150	-44.193	-2.523	-38.232	-268.190
Einar Gylfason	Akureyri	-2.920	0	0	0	0	0	-2.920
Einar Hálfdánarson	Neskaupstaður	6.980	-8.630	18.300	-1.948	-506	5.813	9.970
Einar Halldórsson	Reykjavík	-660	-606	133	0	0	0	-1.285
Einar Halldórsson	Ísafjörður	-16.457	-4.292	-2.268	0	0	0	-22.618
Einar Haraldsson	Grindavík	214	0	0	0	0	0	214
Einar Jónsson	Njarðvík	10.044	3.452	7.453	2.577	-368	-611	18.397
Einar Jónsson	Patreksfjörður	-13.500	-1.500	-3.900	-4.600	-1.200	-2.302	-21.714
Einar Kristjánsson	Akranes	29.282	8.019	0	-2.802	-731	0	36.843
Einar Þórarinn Magnússon	Keflavík	207.370	2.986	7.238	-17.338	-891	193	207.119
Eiríkur Guðmundsson ofl.	Raufarhöfn	-4.059	-371	-14.888	-150	-39	-19	-12.628
Eiríkur Marteinsson	Húsavík	826	0	0	-659	-159	-85	383
Eiríkur Ólafsson	Hafnarfjörður	1.830	-3.000	9.000	-7.216	0	-1.429	-747
Eiríkur Snæbjörnsson	Króksfjarðarnes	-583	0	0	0	0	0	-583
Eiríkur Þorleifsson	Höfn	-642	-1.621	-2.777	57	0	0	-3.982
Eiríkur Ö. Hólmsteinsson	Patreksfjörður	1.581	1.500	0	-2.483	-542	-272	1.713
Eimý Súsanna Valsdóttir	Akranes	-39.094	6.150	-264	0	0	0	-32.164
Eldey hf útgerðarfélag	Keflavík	1.078.385	225.868	344.896	45.495	-21.442	-42.665	1.497.302
Eldhamar h/f	Grindavík	52.874	27.639	18.869	0	-308	-825	94.039
Elfar Þór Tryggvason	Borgarfjörður	-42.000	-1.600	0	-3.837	-997	-491	-46.465
Elías Ketilsson	Bolungavík	-12.000	1.000	-1.151	-1.363	-354	-174	-12.403
Elías Oddsson	Ísafjörður	334	0	-122	0	0	0	268
Elín Þóra Guðmundsdóttir	Akranes	188	22	0	0	0	0	213
Emil M. Andersen	Vestmannaeyjar	83.170	78.732	-63.185	526	193	-9.892	132.820
Emil Þórðarson	Keflavík	1.005	700	0	0	-205	0	1.667
Enni h.f.	Ólafsvík	415.000	-30.000	-19.700	-18.300	-4.450	175.260	485.431
Erlendur Jóhannesson	Fáskrúðsfjörður	-2.000	-900	-1.270	-1.479	-384	-218	-4.753

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Erling O. Guðmundsson	Drangsnes	-22.797	-3.000	-7.130	-4.972	-1.291	0	-33.039
Erlingur Ævar Jónsson	Þorlákshöfn	-24.209	2.000	-9.200	-500	0	-3.300	-29.458
Eskey h.f.	Höfn	182.765	-25.479	-28.919	-27.943	-112	-1.978	124.889
Eyfreyjunes hf	Djúpivogur	-89.078	-7.621	-1.309	0	0	49.798	-62.694
Eyjavík h.f.	Vestmannaeyjar	42.217	-17.663	-6.756	-68.021	-896	-89.607	-74.777
Eymar Einarsson	Akranes	83.192	-1.005	0	0	0	0	82.036
Eyrún S.Óskarsdóttir	Reykjavík	26.500	0	0	-1.966	-533	-186	25.187
Eysteinn Gunnarsson	Neskaupstaður	-10.000	0	0	-2.021	-519	0	-11.192
Eyþór Margeirsson	Kópasker	14.472	35	2.074	0	0	0	15.632
Fáfnir h.f.	Þingeyri	-600.202	-276.517	-263.808	-313.030	-48.092	1.316	-1.221.712
Fagranes hf	Þórshöfn	30.561	339	14.468	0	0	335	39.005
Farsæll h.f.	Grindavík	36.278	-8.800	-2.500	650	0	-35.900	-774
Farsæll h.f.	Grundarfjörður	176.121	-32.000	-25.840	-30.638	-2.205	-3.544	108.711
Fax h.f.	Kópavogur	13.503	26.100	-3.483	-1.622	-421	-207	40.528
Faxaberg s/f	Hafnarfjörður	115.291	-9.798	-8.067	-2.134	-337	13	98.566
Faxamjöl h/f	Reykjavík	-55.321	0	0	0	0	0	-55.321
Féfang h.f.	Reykjavík	18.960	-1.755	-12.506	-13.594	-3.127	-1.431	1.396
Fengur h.f.	Ólafsvík	190.329	7.198	-3.316	-9.039	-2.347	341.548	437.382
Ferskur fiskur h/f	Reykjavík	-526	0	0	0	0	0	-526
Festi h.f.	Grindavík	-82.952	-53.750	-30.492	-28.576	-3.585	-634	-175.912
Finnbogi Jakobsson	Bolungavík	-17.000	-950	-1.589	-1.380	-358	-177	-19.894
Finnbogi Jónsson	Fáskrúðsfjörður	-5.000	-461	-823	-975	-253	-189	-6.688
Finnur Gærdbo	Ólafsvík	168.190	14.406	-906	-4.485	-1.165	-574	181.200
Finnur Þórðarson	Neskaupstaður	26	700	10.000	-2.274	-591	0	4.885
Fiskanes h.f.	Grindavík	512.542	-81.749	267.961	-58.143	-9.138	-6.071	528.623
Fiskiðja Sauðárkróks h/f	Sauðárkrókur	-398.305	-93.832	-169.163	-12.276	-351	44.025	-571.141
Fiskiðjan Bjarg h.f.	Bakkafjörður	17.991	-15.507	45.225	-5.803	-956	-14.337	11.208
Fiskiðjan Freyja h.f.	Suðureyri	51.824	-2.675	-6.957	-7.949	-117.520	75.091	13.533
Fiskiver s.f.	Eyrarbakki	19.000	-8.000	17.000	-15.000	0	-6.500	8.150
Fiskmark hf	Reykjavík	2	787	0	0	0	483	1.255
Fiskveiðasjóður Íslands	Reykjavík	-89.300	-35.000	-45.000	-90.000	-700	0	-191.240
Fiskverkun Jóhanesar og Helga	Dalvík	-162.864	26.425	-7.830	-2.314	-607	-363	-138.338
Fiskverkun Kristj/Guðbergs s	Keflavík	4.583	0	-3.100	-3.100	-209	-180	1.362
Fjólmundur Fjólmundsson	Hofsós	18.134	119	4.296	-974	-253	-125	19.924
Fjölnir Torfason	Höfn	-22.460	-5.532	-3.376	-848	-220	-108	-31.224
Flói h.f	Patreksfjörður	163.153	39.500	-12.656	-14.155	-6.485	22.000	207.241
Flosi Bjarnason	Neskaupstaður	-8.232	-427	-315	-500	-130	-121	-9.276
Flosi Jakobsson	Bolungavík	12.542	14.671	-12.377	-6.444	-1.674	672	19.400
Freymundur s.f.	Vestmannaeyjar	2.355	-2.854	27.899	1.626	-672	-4.044	11.423
Friðberg Emandelsson	Bolungavík	-23.000	3.790	-3.307	-2.966	-760	0	-22.175
Friðgeir Höskuldsson	Drangsnes	16.522	2.000	6.000	0	-3.000	0	19.962
Friðjón Árnason	Reykjavík	-1.434	0	0	0	0	0	-1.434
Friðrik Eyfjörð Jónsson	Grenivík	4.920	1.000	-800	-900	-255	-126	5.000
Friðrik Pétur Guðmundsson	Þórshöfn	-27.705	-9.551	-992	-737	-140	-69	-39.674
Friðrik Pétursson	Kópavogur	-10.681	-356	-1.512	-589	-153	-75	-12.309
Friðrik Rósmundsson	Eskifjörður	-31.899	0	-5.441	-3.617	-938	-408	-37.270
Friðrik Þórir Magnússon	Akranes	114.271	1.980	1.005	-5.095	-1.323	0	114.076
Friðþjófur h.f.	Eskifjörður	-50.111	-43.000	-89.263	-343	-1.755	-4.488	-152.364
Frímann Jóhannsson	Akureyri	-5.469	-1.200	0	-1.391	-395	-163	-7.813
Frosti h.f.	Grenivík	210.794	-103.580	82.227	107.575	-52.935	38.212	170.643
Frosti h.f.	Súðavík	-313.583	-84.240	-76.971	-86.360	-82.472	-314	-545.387
G. Ben. s.f.	Dalvík	72.800	-43.056	72.562	-16.999	1.368	-800	55.881
Garðar Brynjólfsson	Keflavík	-11.200	-1.370	-1.900	-3.449	-896	0	-15.843
Garðar Garðarsson	Keflavík	-26.270	-10.000	-5.060	-5.300	-1.490	-1.835	-45.040

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Garðar Guðmundsson h.f.	Ólafsfjörður	-152.810	0	-10.105	0	5.888	0	-154.145
Garðar H. Steingrímsson	Sauðárkrókur	106	55	0	0	0	0	169
Garðar Sigurpálsson	Hrísey	5.665	-651	-1.500	-1.063	-280	-138	3.375
Garðaskjól h.f.	Reykjavík	-9.135	-1.243	-61	0	0	-130	-10.691
Garðey h.f.	Höfn	699.555	319.449	103.816	96.465	-31.725	-45.636	1.107.467
Geir Gíslason	Hafnarfjörður	-3.899	1.157	-606	-298	-77	-38	-3.099
Geir hf	Þórshöfn	116.176	-6.000	111.137	-2.901	-897	27.160	187.028
Georg Ragnarsson	Hvammstangi	-1.638	-52	-73	-209	-22	-114	-1.920
Gígja Jónatansdóttir	Garðabær	-11.300	0	0	0	0	0	-11.300
Gísli Garðarsson	Neskaupstaður	-18.085	-4.170	-547	-252	-34	27.116	-3.779
Gísli Gíslason	Hellissandur	24	-62	-4	-419	-109	0	-298
Gísli Gunnarsson hf	Stykkishólmur	-17.000	0	0	0	0	0	-17.000
Gísli Jóhannesson	Reykjavík	-44.447	0	0	0	15.000	0	-33.947
Gísli Jón Kristjánsson	Ísafjörður	89.456	-38.379	-1.612	0	0	58.391	86.491
Gísli Sigmarsson	Vestmannaeyjar	32.656	15.333	-3.421	103.000	-681	13.870	100.181
Gísli Valur Einarsson	Vestmannaeyjar	0	-50.000	76.000	40.400	0	-60.190	-43.233
Gísli Þorvaldsson	Höfn	3.873	410	31	0	0	0	4.361
Gjögur h.f.	Grindavík	77.296	145.832	389.939	103.284	-62.534	-11.129	446.130
Grandi h.f.	Reykjavík	-2.168.775	-141.574	300.501	2.737.681	-272.733	-20.169	-1.252.300
Grétar Sv. Pétursson	Ísafjörður	-9.449	-565	-2.267	-936	-243	-120	-11.963
Grímur Ársælsson	Hafnarfjörður	-9.000	5.799	-679	-796	-207	-171	-3.292
Grímur M. Steindórsson	Kópavogur	-4.513	-1.186	-2.783	-1.087	-274	-135	-8.114
Grunnvíkingur hf,Reykjavík	Kópavogur	-10.000	18.000	-2.436	-4.792	-1.245	-500	6.188
Græðir h.f.	Bolungavík	-109.160	-7.953	-4.748	-4.530	-23.333	-424	-139.366
Guðbergur Ólafsson	Keflavík	-20.106	0	-1.268	-1.501	-390	-192	-21.817
Guðbergur Sigursteinsson	Vogar	-7.162	1.211	-1.629	-980	-255	-125	-7.319
Guðbjörn Ingvarsson	Garður	-850	0	-3.732	0	0	0	-2.865
Guðbjörn Sigurpálsson	Fáskrúðsfjörður	-10.990	0	-1.120	-1.264	-329	-203	-12.490
Guðfinnur Birgisson	Akranes	105.404	-14.000	5.062	-4.750	-1.234	-608	88.788
Guðjón Atli Steingrímsson	Akureyri	-20.300	-1.180	-2.204	0	0	0	-22.847
Guðjón Guðjónsson	Vopnafjörður	1.448	-1.721	-529	-859	-223	-117	-1.409
Guðjón Jónsson	Garðabær	-24.912	-2.736	0	0	0	0	-28.058
Guðjón Sigurður Sveinsson	Vopnafjörður	-9.975	-691	-577	-673	-175	-86	-11.542
Guðjón Theódórsson	Akranes	80.443	-32.778	-7.207	-5.777	-1.167	0	35.671
Guðlaugur Hákon Þórðarson	Bíldudalur	-28.505	-10.942	-2.949	0	0	-1.236	-43.571
Guðlaugur Óli Þorláksson	Akureyri	24.466	-556	3.630	285	-598	-294	25.273
Guðm. Rósmundsson o.fl.	Bolungavík	53.681	0	0	-3.721	-994	0	51.460
Guðmundur Ásgeirsson	Bíldudalur	-2.000	0	0	0	0	0	-2.000
Guðmundur Benediktsson	Reykjavík	1.000	1.000	0	0	0	0	2.150
Guðmundur Björgvinsson	Reyðarfjörður	4.154	200	200	0	0	0	4.492
Guðmundur E. Magnússon	Ólafsvík	35.145	5.000	5.000	-2.650	-688	0	42.027
Guðmundur Eiríksson	Höfn	-14.895	-13.050	-4.294	-875	-236	-100	-32.817
Guðmundur Elíasson	Akranes	0	0	0	-1.027	0	-383	-697
Guðmundur Gísli Egilsson	*Stykkishólmur*	*0*	*0*	*0*	-2.268	-580	-290	-1.545
Guðmundur Guðmundsson h.f.	Hólmavík	-8.952	3.761	-5.754	-5.174	-6.000	-924	-14.721
Guðmundur Guðnason	Suðureyri	-1.711	-105	-557	-447	-116	-57	-2.438
Guðmundur Gunnarsson	Reykjavík	-63.617	61.000	10.000	5.234	0	7.740	19.652
Guðmundur Ingi Guðmundsson	Vestmannaeyjar	80.844	-19.355	147.406	-10.340	0	-9.635	127.008
Guðmundur Jakobsson o. fl.	Bolungavík	-10.295	1.276	0	-1.194	-310	2.050	-8.058
Guðmundur Jónsson	Hafnarfjörður	4.357	-1.400	400	0	0	0	2.963
Guðmundur Karl Tómasson	Grindavík	23.866	-1.000	21.850	-8.500	-1.185	0	30.201
Guðmundur Kristjánsson	Stykkishólmur	2.153	442	0	0	0	0	2.661
Guðmundur Lúðvíksson	Raufarhöfn	-12.000	-1.541	-866	-747	-194	-35	-14.707
Guðmundur Magnússon	Raufarhöfn	816	0	-4.969	0	0	0	-1.867

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Guðmundur R Guðmundsson	Drangsnes	-20.381	-8.319	-6.149	-6.216	-1.614	-825	-37.541
Guðmundur R. Hallgrímsson	Keflavík	451.547	-10.500	-23.800	0	-43.000	0	396.520
Guðmundur Ragnarsson	Vopnafjörður	-9.973	-3.000	-1.000	0	0	-192	-14.101
Guðmundur Runólfsson h.f.	Grundarfjörður	56.796	310.000	113.995	518.693	-188.102	352	556.099
Guðmundur Sölvason	Hellissandur	-4.000	0	0	0	0	0	-4.000
Guðmundur V. Hallbjörnsson	Suðureyri	13.875	2.300	-3.345	-3.800	-1.029	70	12.486
Guðmundur Þorleifsson	Neskaupstaður	6.050	5.626	27.161	-103	-27	-6.700	22.302
Guðmundur Þorsteinsson	Grindavík	392.236	-4.453	117.607	13.119	-54.708	78	417.762
Guðni Kristján Ásgrímsson	Vopnafjörður	-23.521	1.000	-2.616	-3.109	-800	-394	-25.902
Guðni Olafsson	Ólafsfjörður	-1.930	116	-3.136	-9	-2	-132	-3.590
Guðni Rúnar Pálsson	Keflavík	-27.658	-4.399	-660	0	0	0	-33.073
Guðni S. Sumarliðason	Ólafsvík	-6.117	-1.581	-479	-301	-78	-38	-8.399
Guðni Þórarinn Sigurðsson	Vopnafjörður	-15.400	-4.400	-800	-1.041	-270	-58	-21.550
Guðrún Helga ÞH 20 Útg.f.	Reykjavík	-516	0	-1.335	0	0	0	-1.237
Guðrún sf.	Ólafsfjörður	75.500	10.000	-9.438	-3.050	-3.100	14.394	88.847
Gullberg h.f.	Seyðisfjörður	-456.722	69.898	194.154	366.024	-204.000	-2.396	-265.951
Gulltindur hf	Garður	5.842	0	0	0	0	0	5.842
Gunnar Ágústsson	Ólafsfjörður	-3.887	-787	-2.477	-1.608	-338	-167	-7.146
Gunnar Árnason	Vestmannaeyjar	-4.197	10.000	-2.940	-1.061	-217	-180	4.999
Gunnar Ásgeirsson	Höfn	-29.875	-3.977	-1.772	-2.200	-577	50	-36.675
Gunnar Berg Ólafsson	Grindavík	-1.340	0	-1.224	-1.100	0	0	-2.452
Gunnar G Bergmann	Keflavík	-155.013	-43.977	-5.913	2	0	30.878	-186.547
Gunnar Guðmundsson	Hafnarfjörður	-8.987	-12.433	-1.378	0	0	-13	-24.038
Gunnar Guðmundsson	Patreksfjörður	-58	0	0	0	0	0	-58
Gunnar Gunnarsson	Húsavík	-3.983	82	-280	-296	-102	-50	-4.269
Gunnar Hámundarson h.f.	Garður	334.469	4.359	7.665	-5.711	-1.483	-1.000	339.521
Gunnar Hörður Garðarsson	Garður	-2.100	5.000	-1.400	0	0	0	2.894
Gunnar I. Hafsteinsson	Reykjavík	502.210	122.154	16.000	-59.000	0	-64.579	580.640
Gunnar Jónsson	Keflavík	-6.760	-366	-4.854	-352	-155	-77	-10.110
Gunnar Karl Garðarsson	Bíldudalur	-18.062	0	0	0	0	-2.208	-19.652
Gunnar Svavarsson	Keflavík	22.300	9.200	500	0	0	0	33.150
Gunnar Sveinsson	Skagaströnd	-16.398	0	0	-4.522	-1.174	1.806	-17.774
Gunnar Þór Guðmundsson	Höfn	-20.686	-1.944	-6.863	-2.117	-366	-187	-27.886
Gunnar Örn Ólafsson	Garðabær	99.849	73.567	67.692	337.606	-2.614	5.929	361.862
Gunnarstindur hf.	Stöðvarfjörður	17.008	-55.148	16.752	-7.557	-69.035	303	-88.571
Gunnlaugur Friðbjarnarson	Djúpivogur	8.419	813	0	0	0	0	9.354
Gunnlaugur Ólafsson	Vestmannaeyjar	296.030	-45.711	101.405	121	-377	-87.747	234.829
Gunnlaugur Sigurðsson	Neskaupstaður	-22.000	0	-1.515	-1.856	-482	-237	-24.087
Gunnlaugur Sveinbjörnsson	Sandgerði	-446	0	-120	-1.791	0	0	-1.245
Gunnvör h.f.	Ísafjörður	-172.364	0	-51.390	325.542	128.213	-7.551	17.670
Gylfi Sigurðsson	Skagaströnd	-6.100	0	0	0	0	4.000	-3.220
Gylfi Þór Eiðsson	Eskifjörður	0	8.100	-2.900	-1.622	-421	-207	6.640
Háanes h/f	Patreksfjörður	390.014	-10.000	-27.900	-21.600	-12.300	0	345.982
Hafald hf	Garður	14.900	24.000	-10.457	-2.551	-466	-230	35.316
Hafboði h/f	Hafnarfjörður	-4.064	153.552	24.486	271.466	-175.819	104	174.046
Hafnames h.f.	Þorlákshöfn	479.679	37.312	58.960	-2.022	-1.040	-50.000	516.869
Hafnartangi hf	Höfn	29.664	-3.109	4.466	-1.795	-765	-193	27.090
Hafnfirðingur h.f.	Hafnarfjörður	101.988	-25.409	137.649	-3.055	-2.221	0	144.291
Hafsteinn Esjar Stefánsson	Höfn	-9.608	-1.814	-18.974	-266	-73	-36	-22.126
Hafsteinn Ingólfsson	Keflavík	29.214	4.000	-4.400	-1.839	-1.019	0	29.971
Hafsteinn Ingólfsson	Ísafjörður	-1.366	0	0	0	0	0	-1.366
Hafsúlan h.f.	Hvammstangi	-23.355	-11.461	-7.652	-6.969	-1.810	-892	-45.434
Haförninn h/f	Akranes	25.508	-42.706	-179.500	-313.000	-21.000	26.820	-244.254
Hákon Erlendsson	Hellissandur	-902	0	0	-64	-17	-8	-946

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Hald h.f.útgerð	Selfoss	180.270	5.114	33.920	82.457	0	0	238.275
Halldór A. Halldórsson	Seyðisfjörður	9.900	8.500	0	-1.769	-459	-392	18.346
Halldór Árnason	Patrekasfjörður	-23.200	-1.000	-2.424	-3.188	-828	-357	-27.803
Halldór G. Guðmundsson	Reykjavík	0	8000	-562	-856	-238	-119	8.293
Halldór Ingi Dagsson	Garður	-14000	0	0	0	0	0	-14.000
Halldór J. Egilsson	Þingeyri	-22140	1900	-3743	-3502	-909	-448	-24.371
Halldór S. Þórðarson	Keflavík	123996	-19869	101456	-1600	-1142	0	154.477
Halldór Þorsteinsson	Neskaupstaður	-25058	-2500	-1700	-1898	-493	-243	-30.149
Hallgrímur Arason	Eskifjörður	-37064	-11177	-1464	-1762	-450	-235	-51.915
Hallgrímur Guðfinnsson	Reykjavík	-5000	2359	0	-1161	-301	0	-2.974
Hallgrímur Steinarsson	Þorlákshöfn	-11.883	0	0	0	0	0	-11.883
Hannes Guðbj. Sigurðsson	Reykjavík	-412	0	-622	0	0	-122	-836
Hannes Sigurðsson	Þorlákshöfn	-250.392	-64.056	-209.650	-18.584	0	-49.069	-480.217
Hans Alfreð Kristjánsson	Kópasker	-3.500	0	0	0	0	0	-3.500
Haraldur Böðvarsson h.f.	Akranes	-863.714	-321.453	567.485	102.234	297.129	-69.386	-726.995
Haraldur Gíslason	Vestmannaeyjar	59.782	-7.777	95.657	-3.000	0	-31.500	78.583
Haraldur Guðmundsson o.fl.	Ólafsvík	98.975	0	-12.607	-7.339	-1.906	-8.000	82.064
Haraldur h.f.	Dalvík	431.000	28.700	-47.349	-17.994	-3.394	485	429.032
Haraldur Jóhannsson	Grímsey	-8.631	-911	166	90	0	0	-9.552
Haraldur Sigmarsson	Seyðisfjörður	-37.000	-7.000	-3.500	-4.290	-1.114	-870	-50.105
Haraldur Þorgeirsson	Hafnarfjörður	20.418	10.500	3.330	0	0	127	34.383
Hari S.F.	Bessastaðahreppur	8.526	-4.122	-1.572	-163	0	0	2.870
Hartmann Kristjánsson	Dalvík	8.094	0	-368	-459	-6	-3	7.701
Haukafell s.f.	Höfn	107.550	174.559	282	132.228	0	33.506	386.783
Haukur Jónsson	Eyrarbakki	2.883	0	0	0	0	0	2.883
Haukur Runólfsson h.f.	Höfn	-24.382	-39.964	-19.840	-2.969	-361	-5.000	-86.124
Héðinn Emilsson	Reykjavík	0	0	0	-1.608	0	0	-659
Héðinn Sverrisson	Reykjahlíð	53.033	15.109	5	-2.986	-646	-314	68.509
Heiðar Rafn Baldvinsson	Grenivík	108.591	25.339	-1.440	-2.265	-588	-40.177	106.686
Heiðar Runólfsson	Vopnafjörður	-42.442	1.508	-607	-725	-188	-104	-41.539
Heiðar V.Sveinsson	Neskaupstaður	0	0	329	0	0	0	178
Heimir Bessason	Húsavík	-10.394	-19	-15.832	-425	-107	-53	-19.252
Helga Jónsdóttir	Akureyri	12.886	-1.037	-1.385	-1.521	-446	-218	9.853
Helgi Hallsson	Akureyri	-1.804	1.280	-2.000	-3.700	-411	0	-3.217
Helgi Héðinsson	Húsavík	668	783	1	7	0	0	1.572
Helgi Sigurður Jónasson	Reykjavík	-5.400	-552	-1.269	0	0	0	-6.720
Henning Friðriksson	Stokkseyri	101.108	0	-4.942	0	0	13.823	108.392
Henning Jóhannesson	Grímsey	30.256	-2.834	2.143	-78	-996	-560	27.022
Hermann Guðmundsson	Hella	-2.950	-120	-168	-199	-52	-25	-3.315
Hermann M. Sigurðsson	Ólafsvík	-8.658	-1.633	-970	-678	-176	-87	-11.524
Hermann Skúlason	Ísafjörður	-5.704	709	-706	0	0	14.941	5.488
Hermann Æ. Aðalsteinsson	Bakkafjörður	-3.360	-1.760	-300	-1.053	-262	84	-6.101
Hilmar Ágústsson	Raufarhöfn	-661	0	-6.178	-464	-121	-60	-4.315
Hilmar Jónsson	Djúpivogur	9.557	0	-3.857	-4.557	-1.186	-584	4.355
Hilmar Sigurbjörnsson	Vestmannaeyjar	4.000	0	0	0	0	0	4.000
Hilmir h.f.	Reykjavík	0	0	0	0	-79.254	0	-55.478
Hjálmar Gunnarsson	Grundarfjörður	54.800	-12.400	-24.300	-11.800	-162	-8.500	16.347
Hjálmar Randversson	Dalvík	13.420	-712	-2.495	-1.319	-306	-151	10.390
Hjálmur hf	Flateyri	20.179	-88.668	-5.363	-34.004	-4.422	13.984	-91.654
Hjördís h/f	Keflavík	13.354	-11.144	3.340	-2.820	-1.002	-9.871	-6.623
Hjörtur Árnason	Neskaupstaður	-12.133	4.000	0	-1.800	-467	-230	-8.764
Hjörtur Arnfinnsson	Neskaupstaður	-26.800	14.000	45.000	-3.263	-848	-2.600	9.797
Hjörtur Bjarnason	Ísafjörður	-847	-35	-49	-58	-15	-7	-953
Hjörtur Sigurðsson	Stykkishólmur	-9.083	1.015	-3.300	-1.622	-421	-207	-10.807

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Hlaðir hf,útgerð	Grenivík	5.305	-34.365	-15.535	-14.592	-5.758	4.734	-49.208
Hlaðsvík h.f.	Suðureyri	-895.119	-220.664	-244.914	-539.829	-311.210	-25.873	-1.738.942
Hleðra h/f	Hafnarfjörður	-3.363	26.621	-3.610	-8.915	-2.066	-1.615	19.038
Hlein s/f	Akureyri	0	0	-130	0	0	0	-70
Hlynur Þór Ingólfsson	Raufarhöfn	-5.138	0	-1.500	-363	-94	-46	-6.196
Hlöðver Sigurðsson	Akranes	58.049	24.466	0	70	0	0	86.214
Hnífsdælingur hf	Ísafjörður	-1.771	-853	0	0	0	0	-2.752
Hnúkanaust hf	Búðardalur	-9.167	360	-7.344	-1.842	-93	-57	-13.580
Hólmaborg h/f	Eskifjörður	-28.675	0	0	0	-50.164	0	-63.790
Hólmadrangur h.f.	Hólmavík	-646.526	-77.488	23.370	-78.893	65.062	1.027	-709.081
Hólmgrímur Jóhannsson	Raufarhöfn	-2.701	830	278	-360	-93	-45	-1.841
Hólmgrímur Sigvaldason	Grindavík	37.696	-8.945	-4.448	-2.679	-696	-26.012	4.693
Hólmi h.f.	Eskifjörður	-242.134	35.853	112.802	-121.817	8.004	-3.121	-186.579
Hólmsteinn h.f.	Garður	35.514	400	-12.000	-8.995	-2.114	-1.629	23.153
Hólmsteinn Helgason h.f.	Raufarhöfn	29.804	-2.294	8.604	-7.063	-1.279	-633	27.565
Hólmur h.f.	Stykkishólmur	-46.177	16.631	0	3.641	-2.689	-19.942	-41.799
Hóp h.f.	Grindavík	124.522	34.237	105.511	-2.867	-2.651	592	218.266
Hópsnes h.f.	Grindavík	201.074	134.566	-133.000	-50.530	2.000	12.000	273.328
Hraðfr.h. Eskifjarðar h.f.	Eskifjörður	-114.450	-73.879	148.389	-39.516	-100.975	-1.277	-207.084
Hraðfr.h. Norðurtangi h.f.	Ísafjörður	266.287	52.751	291.362	102.036	96.064	105.443	669.285
Hraðfr.hús Fáskrúðsfjarðar	Fáskrúðsfjörður	514.220	50.158	41.428	29.561	46.661	27.656	658.968
Hraðfr.hús Tálknafj. h.f.	Tálknafjörður	-95.373	12.858	12.668	4.419	-121.192	30.502	-134.807
Hraðfrystih.Grundafjarðar h/f	Grundarfjörður	-567.967	-281.841	-207.536	-330.569	-313.725	-61.191	-1.403.352
Hraðfrystihús Hellissands	Hellissandur	77.800	-2.800	-60.349	4.638	-1.142	-12.326	34.219
Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf	Tálknafjörður	-25.000	0	0	0	0	0	-25.000
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf	Þórshöfn	-352.007	-105.124	-81.911	-189.883	-73.651	-9.796	-653.592
Hrafn Oddsson og fl.	Vestmannaeyjar	66.873	-62.527	172.248	450	0	-36.144	62.142
Hrafn Ragnarsson	Ólafsfjörður	125.752	1.242	-5.324	-4.743	-952	-11.927	113.107
Hrannar hf	Keflavík	261.069	52.500	-22.000	0	0	0	309.564
Hreinn Björgvinsson	Vopnafjörður	-6.655	-4.300	-950	-1.155	-300	0	-12.797
Hreinn Hreinsson	Reykjavík	1.023	-294	336	-478	-124	0	584
Hreinn Sverrisson	Akureyri	1.651	-9	-365	-489	-127	-63	1.109
Hreinn Þórðarson	Bíldudalur	1.600	0	-60	-71	-18	-9	1.519
Hrísey h.f.	Höfn	95.050	-29.811	48.858	-30.000	-8.200	-69.000	19.431
Hrói h.f.	Ólafsvík	303.760	17.395	31.165	-6.645	-3.000	-1.278	334.849
Hrólfur Gunnarsson	Reykjavík	16.426	23.140	1.126	1.924	0	4.426	47.621
Hrólfur Sigurðsson	Sauðárkrókur	111	0	0	0	0	1.029	852
Hrönn h.f.	Ísafjörður	-777.649	-333.871	-300.874	-37.720	348.303	66.427	-1.047.898
Huginn h.f.	Vestmannaeyjar	-64.000	-144.000	-115.000	-37.500	12.000	-3.500	-301.195
Húnaröst h.f.	Reykjavík	-37.000	21.000	-31.300	-12.303	0	40.000	-5.996
Hvalur h.f.	Hafnarfjörður	-53.297	0	-110.000	187.000	-24.839	1.700	-52.190
Hvammsfell h.f.	Garðabær	143.938	-13.600	0	-1.700	0	58.728	169.885
Hælsvík hf	Grindavík	112.704	10.150	83.000	18.095	9.422	85	183.272
Höfðavík h/f	Hólmavík	-67.624	-9.083	-6.513	-8.113	-3.787	829	-86.967
Höfði h.f.	Húsavík	-614.139	-611.022	-259.136	-59.268	-34.400	-88.710	-1.568.999
Hörður Einarsson	Reykjavík	0	1.200	0	0	0	0	1.380
Hörður I. Þorgeirsson	Raufarhöfn	-11.592	-14	-319	0	0	0	-11.780
Hörður Þorsteinsson	Reykjavík	-9.120	5.262	-3.000	-925	-190	-96	-5.270
Hörgeyri hf	Vestmannaeyjar	608.773	15.519	385.398	0	0	0	834.735
Höskuldur H Bjarnason	Akranes	175	770	0	0	0	0	1.061
Höskuldur Skarphéðinsson	Garðabær	-3.000	-928	-1.779	-1.483	-385	-190	-6.042
Iðunn hf,útgerðarfélag	Ísafjörður	872	-40.928	-130.056	-10.944	0	-331	-121.151
Inger B. Backström	Reykjavík	-8.284	-11	-64	0	0	0	-8.331
Ingi Magnfreðsson	Ísafjörður	-4.137	568	-301	-481	-75	-37	-3.923

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Ingimundur h/f	Reykjavík	-301.577	-77.706	-253.055	3.908	395.866	-11.957	-257.489
Ingimundur Ingimundarson	Reykjavík	-48.000	0	0	0	0	0	-48.000
Ingimundur Sigurðsson	Ólafsfjörður	-8.000	-1.685	0	-678	-176	-87	-10.402
Ingólfur Hilmar Árnason	Húsavík	20.699	4.128	1.602	-616	-183	-90	25.866
Ingólfur Þorleifsson	Bolungavík	1.000	-238	-2.990	-394	-102	-50	-1.157
Ingunn Sigurðardóttir	Keflavík	77.035	3.083	218	55	3	2	80.724
Ingvar Guðmundsson o.fl.	Eskifjörður	-15.000	5.500	-1.720	-2.037	-529	-250	-10.989
Ingvar Jónasson	Bakkafjörður	6.000	522	-346	-772	-193	-95	5.893
Ingvar Matthíasson	Akranes	-6.681	0	-819	-1.017	-264	-130	-7.819
Ingvi Árnason	Akureyri	-4.630	500	0	-380	-99	1.000	-3.560
Ísfélag Vestmannaeyja hf	Vestmannaeyjar	-782.503	-12.888	-752.406	200.091	-5.816	-27.450	-1.145.421
Íshaf h.f.	Húsavík	-186.429	-74.218	151.351	89.987	-81.951	-41.092	-240.107
Ísleifur hf	Vestmannaeyjar	-51.598	-31.000	-11.800	0	25.071	0	-76.070
Ísnes h.f.	Keflavík	292.516	8.350	2.350	6.850	0	-1.600	305.044
Ívar Björgvinsson	Djúpivogur	-10.712	0	-1.778	-2.116	-549	-271	-13.119
Jakob Kristinsson	Bíldudalur	-8.026	3.138	-786	-70	-18	-9	-4.890
Jakob Þorsteinsson	Reykjavík	0	0	0	-1.255	0	-5	-518
Jens Guðbjörnsson	Bessastaðahreppur	-2.800	0	0	0	0	0	-2.800
Jens Kristjánsson	Fáskrúðsfjörður	-5.500	0	-333	-434	-113	0	-5.937
Jens Óskarsson o.fl.	Grindavík	105.637	-19.726	25.169	6.560	0	-4.000	96.353
Jóhann Egilsson	Mjóifjörður	-40.000	-2.000	-1.000	-2.124	-553	5.500	-40.138
Jóhann Guðbrandsson	Hofsós	21.411	-1.501	-2.122	-2.256	-586	-289	16.996
Jóhann Guðfinnsson	Grindavík	-6.965	0	0	-4.000	-359	-243	-9.031
Jóhann Halldórsson	Vestmannaeyjar	66.921	20.990	27.765	101.538	0	-5.601	143.650
Jóhann Jónsson	Siglufjörður	891	-776	-2.494	-1.412	-333	-164	-2.278
Jóhann Pétursson	Keflavík	-20.793	-1.143	-4.751	-559	-114	-56	-25.022
Jóhann Sigurbjörnsson	Hrísey	-3.792	-5.362	-3.100	-1.200	0	71.075	39.050
Jóhann Stefánsson	Grenivík	-2.000	-125	-326	-225	-59	-29	-2.474
Jóhanna S. Emilsdóttir	Hellissandur	53.051	1.083	1.153	28	0	0	54.931
Jóhannes Eyleifsson	Akranes	5.679	2.900	0	0	0	0	9.014
Jóhannes Jóhannesson	Fáskrúðsfjörður	-21.200	2.000	-2.216	-2.623	-681	0	-21.649
Jóhannes Jóhannesson	Ólafsvík	-8.962	-3.068	0	-2.224	-577	0	-13.806
Jóhannes Magnússon	Grímsey	-7.017	-682	-2.400	-2.289	-595	-293	-10.663
Jóhannes Ólafsson	Akranes	57.839	8.749	0	-831	-216	0	67.408
Jón Á Stefánsson	Mjóifjörður	2.000	2.000	1.000	0	0	0	4.840
Jón Aðalsteinn Kjartanson	Borgarfjörður	0	0	0	0	0	0	0
Jón Árni Sigurðsson	Króksfjarðarnes	-4.041	0	0	0	0	0	-4.041
Jón B. Gunnarsson	Húsavík	-2.140	202	-3.585	-396	-45	-22	-4.053
Jón Bergkvistsson	Fáskrúðsfjörður	-12.000	0	0	-1.813	-476	0	-13.077
Jón Björnsson	Reykjavík	-4.893	0	0	0	0	0	-4.893
Jón Elías Vagnsson	Hnífsdalur	-13.000	0	-2.088	-875	-227	0	-14.645
Jón Finnbogason	Fáskrúðsfjörður	4.000	0	0	0	0	0	4.000
Jón G.Helgason o.fl.	Höfn	394.662	207.214	-154.192	-15.778	777	135.163	641.087
Jón Guðmann Guðmundsson	Ísafjörður	945	0	0	0	0	0	945
Jón Guðmundsson	Grindavík	4.310	0	-18.000	-2.800	0	0	-6.558
Jón Guðmundsson	Vestmannaeyjar	-3.094	-384	-550	-270	0	0	-3.943
Jón Halldórsson	Bíldudalur	-13.478	-1.374	-958	0	0	-1.813	-16.881
Jón Jónsson	Djúpivogur	-23.538	-3.286	-120	0	0	0	-27.382
Jón K. Ólafsson	Fljót	-3.000	0	0	0	0	0	-3.000
Jón Kristinn Antonísusson	Djúpivogur	2.886	676	-1.072	-1.278	-332	-163	2.211
Jón Kristján Hilmarsson	Ísafjörður	-6.032	-151	1.171	5	0	0	-5.571
Jón Kristjánsson	Stöðvarfjörður	-10.000	0	-966	-1.163	-302	0	-11.210
Jón Magnússon	Keflavík	-9	-3	-5	-6	-1	-1	-19
Jón Magnússon	Patreksfjörður	-14.516	-900	-2.700	-1.855	-482	-237	-18.278

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Jón Ólafsson	Hólmavík	-7.617	0	-1.335	-1.543	-397	-195	-9.389
Jón Ómar Finnsson	Raufarhöfn	-88.298	-26.720	-1.551	-1.620	-421	-207	-120.971
Jón Rafn Oddsson	Ísafjörður	-26.000	0	-915	-1.084	-281	-139	-27.235
Jón S. Halldórsson	Akureyri	-7.000	-427	-617	-731	-190	-94	-8.325
Jón Sigurðsson	Akureyri	-1.600	-408	-570	-675	-175	-86	-2.838
Jón Sigurðsson	Reykjavík	-23.071	13.150	-70	-1.691	-439	-110	-9.066
Jón Sigurðsson	Ólafsfjörður	-3.974	0	-1.994	-526	-137	-67	-5.411
Jón Sigurður Eiríksson	Sauðárkrókur	-4.592	-236	-685	-279	-72	-36	-5.424
Jón Sveinbjörnsson	Neskaupstaður	-13.987	-1.181	-996	-1.527	-397	-332	-17.026
Jón Sveinsson	Höfn	8.655	-1.445	-3.581	-2.600	-584	-288	3.377
Jón Traustason	Akranes	39.690	0	-3.000	-7.000	-2.000	51.000	70.520
Jón Trausti Jónsson	Reykjavík	-2.775	8.900	-469	-556	-144	516	7.250
Jón Úlfarsson	Fáskrúðsfjörður	-8.982	-404	-565	-669	-174	-86	-10.210
Jónas Ágústsson	Hafnarfjörður	4.000	4.870	0	-3.795	0	80	8.102
Jónas Benediktsson	Fáskrúðsfjörður	-5.339	-588	-406	-444	-117	0	-6.498
Jónas Pálsson	Raufarhöfn	-48	630	8.387	-214	-39	43	5.121
Jónas Þór Guðmundsson	Eskifjörður	-212	-729	-233	0	0	-4	-1.179
Jónatan Sigtryggsson	Stykkishólmur	-273	0	0	0	0	0	-273
Jósef Valgeirsson	Njarðvík	12.595	799	0	0	0	0	13.514
Jósef Vemharðsson	Hnífsdalur	-399	0	-404	0	0	0	-617
Jósep Sigurðsson	Seyðisfjörður	4.000	-2.100	0	0	0	0	1.585
Júlíus Guðmundsson	Garður	-4.400	-400	-880	-294	-76	-38	-5.536
Júlíus Magnússon	Ólafsfjörður	0	0	-421	-830	-216	-106	-795
Júlíus Ólafsson	Patreksfjörður	-12.000	-1.100	-1.538	-1.821	-473	-233	-15.341
Jytta Jancy Juul	Hvammstangi	-32.292	-5.115	-5.506	-5.348	-1.389	-4.261	-47.380
Jökull h.f.	Raufarhöfn	-775.138	-211.769	13.876	-296.724	-238.196	-6.150	-1.304.001
Jökull h.f.	Skagaströnd	-28.157	-3.859	-1.122	-6.797	-1.765	73.179	15.466
Kári Borgar Ásgrímsson	Borgarfjörður	13.921	306	264	-2.993	-777	0	12.644
Karl Hallbertsson	Akranes	-5.000	-348	-1.126	-577	-150	-74	-6.403
Karl Levi Jóhannesson	Reykjavík	-2.518	0	0	0	0	0	-2.518
Karl Sigurður Njálsson	Garður	-349.000	-25.400	-5.456	-7.000	-2.400	-1.183	-386.558
Karl Sveinsson	Borgarfjörður	38.471	11.927	8.313	-4.232	-1.100	0	54.171
Karl Tomsen Holm	Sauðárkrókur	800	0	0	0	0	0	800
Kaupfélag Austur-Skaftfellinga	Höfn	1.890	3.238	55	0	0	0	5.643
Kjartan Heiðberg Björgvinsson	Seyðisfjörður	-8.000	0	-1.351	-1.599	-415	-209	-9.826
Kjartan Kjartansson	Reykjavík	0	1.800	0	0	0	40	2.099
Kjartan Lárus Pétursson	Eskifjörður	-5.000	-400	-400	-888	-231	1.500	-5.122
Kjartan Sigurðsson	Keflavík	18.158	0	-3.056	-932	-203	0	15.984
Kjartan Þorgrímsson	Þórshöfn	-5.092	-1.841	-189	-223	-58	-29	-7.464
Kleifar h.f.	Vestmannaeyjar	71.422	289.171	-66.474	642.079	0	33.622	655.533
Knarrareyri h/f	Húsavík	-41.881	20.021	-3.422	-6.000	-4.000	-30.000	-47.565
Knútur Björgvinsson	Seyðisfjörður	-2.000	3.000	0	-2.176	0	0	558
Kolbeinstangi h.f.	Vopnafjörður	115.000	75.000	-30.000	-42.000	-10.000	2.000	162.270
Konráð Guðmundur Eggertsson	Ísafjörður	-17.347	39.097	-2.937	-3.478	-903	-1.176	23.124
Korri h.f.	Húsavík	-485.543	-50.000	-26.000	-18.600	2.000	-15.569	-574.519
Kristberg Finnbogason	Stykkishólmur	-182	-21	-1.578	0	0	0	-1.058
Kristbjörn Árnason	Húsavík	2.837	3.147	10.463	-692	-167	-79	11.649
Kristgeir Kristinsson	Akranes	-22.500	-945	-1.352	-1.564	-406	-200	-25.386
Kristín Þorsteinsdóttir	Hafnarfjörður	-10.054	0	0	-1.140	-376	0	-10.785
Kristinn Finnsson	Akranes	59.298	0	0	0	0	0	59.298
Kristinn Herbert Jónsson	Hofsós	2.288	0	0	0	0	0	2.288
Kristinn Ingvarsson	Neskaupstaður	-21.000	-700	-646	-1.669	-433	-238	-23.313
Kristinn J. Friðþjófsson	Hellissandur	32.352	-14.616	-51.496	-13.000	-1.959	106	-18.889
Kristinn Jónsson	Patreksfjörður	-4.294	-155	-217	-257	-67	-33	-4.765

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Kristinn Konráðsson	Siglufjörður	0	-624	0	-983	-268	-132	-1.403
Kristinn Pétur Njálsson	Ísafjörður	-7.000	0	0	0	0	0	-7.000
Kristinn S. Kristinsson	Kópavogur	90.872	0	0	0	-197	-732	90.207
Kristján A Bernts on	Stykkishólmur	-609	-300	-878	0	0	0	-1.428
Kristján Einarsson	Sandgerði	-280	0	-33.000	0	-31	-16	-18.133
Kristján Guðmundsson h/f	Hellissandur	-114.929	29.691	-173.676	-103.770	147.006	-15.359	-125.269
Kristján Hannesson	Akureyri	16.354	-400	-1.078	-740	-193	-44	14.842
Kristján J Kristjánsson	Stykkishólmur	-9.712	-42	-735	0	0	0	-10.157
Kristján Jónsson	Höfn	2.000	-855	7.000	-1.100	-361	0	4.093
Kristján L Runólfsson	Kópavogur	26.000	12.000	-2.000	-605	-183	0	38.344
Kristján Ólafsson o.fl.	Vopnafjörður	-7.348	3.286	16.120	-10.900	-2.400	7.692	4.525
Kristján Óskarsson	Vestmannaeyjar	2.000	15.000	62.000	1.200	0	-14.143	43.039
Kristján R. Sigurðsson	Grindavík	0	0	0	0	0	-662	-477
Kristján Vilmundarson	Neskaupstaður	1.000	1.000	0	0	0	0	2.150
Kristjana Ólafsdóttir	Ísafjörður	-29.515	0	0	0	0	0	-29.515
Kristleifur Indriðason	Hafnarfjörður	-13.000	-900	0	-678	-176	-87	-14.499
Kristmundur Halldórsson	Ólafsvík	10.108	581	978	-1.201	-253	-125	10.545
Kristófer Jónasson	Ólafsvík	-3.730	-43	-880	-1.940	-102	-50	-5.157
Krossey h.f.	Höfn	1.504	63.500	-20.608	-9.187	0	-6.000	55.314
Krossvík h.f.	Akranes	-250.618	-40.410	266.158	338.112	-193.355	-5.570	-154.097
Kögurfell hf	Ísafjörður	-300	-5.061	-14.364	-4.767	0	-158	-15.945
Landsbanki Ísl.Fáskrúðsf.	Fáskrúðsfjörður	-20.707	5.148	-2.100	-1.739	-453	9.931	-9.801
Landsbanki Íslands	Reykjavík	-32.024	-50.385	-5.993	-45.396	0	-18.322	-125.007
Langanes h/f	Húsavík	-57.979	0	378	7.100	-80.400	0	-111.144
Lárus Guðmundsson	Grundarfjörður	89.883	8.000	-8.700	-7.000	-3.973	0	88.734
Látraröst hf	Patreksfjörður	63.200	5.000	2.424	0	0	0	70.259
Leif Halldórsson	Patreksfjörður	-5.000	-11.900	-5.100	-3.296	-856	-422	-23.693
Leiti hf. fiskverkun	Hnífsdalur	17.700	0	0	0	0	0	17.700
Leó Óskarsson	Reykjavík	38.975	49.843	20.230	86	0	-3.441	104.776
Lind h.f.	Reykjavík	-19.778	-41.414	-477	-51	0	-40	-67.711
Lindarskip h.f.	Reykjavík	175.233	4.614	11.945	-2.414	-627	2.833	187.601
Ljósavík H.F.	Þorlákshöfn	-86.000	-20.000	3.000	303.000	15.000	0	27.350
Logi Jóhannsson	Akranes	1.236	-3.000	33	0	0	0	-2.196
Lýður Hallbertsson o.fl.	Skagaströnd	1.871	-3.956	-5.530	-6.548	-1.701	-838	-10.143
Lýsing H.F.	Reykjavík	-39.143	-10.293	5.171	-1.994	-933	-399	-49.946
Magnús Andrésson	Garðabær	-12.500	-4.500	-1.800	-223	-58	0	-18.779
Magnús Andrésson	Húsavík	26.424	1.224	2	-1.187	-309	0	27.130
Magnús Daníelsson	Njarðvík	26.000	-3.500	-2.500	0	0	0	20.625
Magnús Gamalíelsson h.f.	Ólafsfjörður	-180.846	47.517	45.441	37.097	243.394	-69.746	33.705
Magnús h.f.	Flateyri	65.600	10.820	-2.209	-1.678	-436	62.416	120.796
Magnús Hólm Sigurðsson	Akranes	100	550	-388	-292	-76	-42	320
Magnús Ingimarsson	Reykjavík	32.226	6.381	0	-2.363	-621	0	38.161
Magnús Jónsson	Patreksfjörður	-14.910	300	878	-2.167	-563	-277	-15.573
Magnús Ólafsson	Hellissandur	314	-800	0	-420	-95	0	-845
Magnús Snorrason	Bolungavík	143.528	45.486	925	-2.363	23.106	0	211.542
Magnús Þorgilsson	Ísafjörður	-27.000	0	-1.906	-2.690	-586	-289	-29.750
Magnús Þorsteinsson	Borgarfjörður	-20.200	-4.378	-3.221	-1.078	-280	31.000	-5.292
Máni hf,fiskverkun	Neskaupstaður	35.000	12.000	-3.341	-3.935	-1.036	0	44.657
Manus H.F.	Garðabær	-24.000	-2.500	-2.633	-1.499	0	0	-28.911
Marinó Davíðsson	Reykjavík	-6.592	-224	-260	-372	-96	-48	-7.244
Marinó Eggertsson	Kópasker	-1.135	-37	-153	-61	-16	-8	-1.302
Marinó Jónsson	Bakkafjörður	-29.880	-3.597	0	-2.508	-651	-321	-35.732
Marino Medos	Vestmannaeyjar	-8.030	308	3.511	104	-421	-207	-6.181
Markós h/f,Útgerð	Þorlákshöfn	128.974	70.989	18.512	1.907	0	31.389	243.990

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Marteinn Gíslason	Tálknafjörður	7.682	-4.000	-3.800	-3.472	-902	-444	-1.345
Marver h.f.	Stokkseyri	278.035	12.784	137.677	-789	1.115	-9.000	361.059
Mattías Óskarsson	Vestmannaeyjar	98.947	220.926	38.079	53.244	0	-24.010	378.117
Meinert Jóhannes Nilssen	Njarðvík	450	0	-2.000	-647	-172	-85	-1.077
Meitillinn h.f.	Þorlákshöfn	-944.732	2.914	-151.431	-19.027	-320.500	-6.000	-1.259.625
Meleyri h.f.	Hvammstangi	-98.270	-903	-4.888	-1.262	-3.705	0	-105.059
Miðfell h.f.	Hnífsdalur	180.669	-175.759	-306.912	-8.500	-162.200	72.688	-251.876
Miðnes h.f.	Sandgerði	-332.870	-272.615	-215.936	1.268.377	-216.858	-58.425	-436.815
Muggur h/f	Hvammstangi	-59.911	-29.292	-32.632	-10.084	-397	0	-115.630
Mummi h/f	Njarðvík	341.780	17.000	-180.000	-287.630	-1.800	-10.177	137.614
Mýrdælingur H.F.	Vík	-4.836	-352	-16.366	-416	0	0	-14.249
Naustavík hf	Akureyri	39.964	-6.312	-16.539	-19.584	-5.074	-2.506	10.389
Nesver s/f	Hellissandur	112.816	10.810	-45.396	-10.911	-3.702	92.387	160.187
Níels Jónsson s.f.	Akureyri	9.518	-3.713	-11.128	-7.607	-1.987	-979	-5.976
Níels Sigurjónsson	Fáskrúðsfjörður	-3.000	-800	-762	-903	-234	0	-4.866
Nikulás Kajsson	Akranes	-7.806	-6.088	-286	-416	-108	-61	-15.252
Njáll h/f	Garður	-82.066	-200.003	24.558	-270.709	-3.065	-112.783	-493.148
Njáll Halldórsson	Bakkafjörður	0	0	0	-3.841	-998	0	-2.273
Njall Helgason	Mosfellsbær	0	0	0	-2.500	-237	0	-1.191
Njörður h.f.	Hrísey	-269.000	-42.495	-118.509	-8.809	-9.304	-12.952	-401.314
Nónborg h.f.	Mosfellsbær	59.288	3.000	6.015	-4.975	-1.310	33.800	87.365
Nökkvi hf	Blönduós	-25.500	0	0	0	-127.439	0	-114.707
Nökkvi s/f	Ísafjörður	3.541	-11.877	847	0	-5.378	-10.289	-20.833
Oddeyrin h/f	Akureyri	-263.611	-89.553	-186.219	-20.177	0	-1.510	-476.515
Oddi h/f	Patreksfjörður	395.569	36.941	-2.105	-11.281	-17.256	-1.659	419.016
Oddur Jónsson	Siglufjörður	43.699	0	214	-3.655	-896	0	41.689
Óðinn Gunnarsson	Siglufjörður	-16.591	-1.626	2.520	-1.427	-351	174	-17.806
Óðinn Sigurðsson	Húsavík	-18.431	0	3.000	-800	-239	17.300	-4.850
Olafur A. Jonsson	Sauðárkrókur	0	0	0	0	0	715	515
Ólafur Ármann Sigurðsson	Húsavík	-29.142	0	15.967	-6.300	-1.327	13.080	-14.614
Ólafur Arnar Hallgrímsson	Borgarfjörður	25.156	0	0	-2.180	-566	0	23.866
Ólafur Baldvinsson	Grenivík	-1.171	0	-343	-400	-105	-52	-1.631
Ólafur Björnsson	Keflavík	500	0	0	0	0	0	500
Ólafur Guðjón Eyjólfsson	Ísafjörður	-15.000	0	0	0	0	0	-15.000
Ólafur Guðjónsson	Vestmannaeyjar	24.876	21.190	11.915	415	-648	-848	54.785
Ólafur Guðmundur Jóhannsson	Grímsey	10.626	-1.042	10.192	-704	-448	-221	14.170
Ólafur Ingibergsson	Hafnarfjörður	0	1.100	0	0	0	0	1.265
Ólafur M. Sigmundsson	Vestmannaeyjar	-2.100	-1.900	-1.400	0	0	0	-5.041
Ólafur Magnússon	Patreksfjörður	3.307	2.500	0	-4.353	-1.131	-557	3.205
Ólafur Pétursson	Reykjavík	9.711	13.857	-3.000	-1.947	-506	0	22.874
Ólafur Steingrímsson	Patreksfjörður	2.403	0	0	0	0	0	2.403
Ólafur Steinþórsson	Þingeyri	-2.230	0	-512	-537	-139	-69	-2.874
Ólafur Veturliði Þórðarson	Þingeyri	-2.500	0	-847	-915	-185	-91	-3.528
Ólafur Þ. Jónsson	Hafnarfjörður	1.200	0	0	0	0	0	1.200
Óli B. Gunnarsson	Akureyri	2.565	-504	-700	-700	-215	-103	1.096
Óli Bjarni Ólason	Grímsey	22.040	8.107	5.694	-800	-744	-283	33.385
Óli Ólafsson	Neskaupstaður	-23.171	-3.290	-5.598	-3.471	-688	0	-31.882
Óli Ólason	Grímsey	52.282	-1.267	-66.063	2.293	-591	-292	15.467
Óli Þorsteinsson	Þórshöfn	0	0	0	-1.517	-387	0	-893
Olíufélagið hf	Reykjavík	-20.863	-7.982	-1.703	-3.308	-228	-113	-32.559
Ómar Ólafsson	Fljót	-4.800	0	0	0	0	0	-4.800
Ós h.f.	Vestmannaeyjar	46.000	154.553	-9.000	444.535	0	-23.500	384.215
Óskar Arnarsson	Reykjavík	74.244	-3.652	-5.148	-7.491	-1.985	-8.898	56.397
Óskar Friðbjarnarson	Hnífsdalur	70	0	0	0	0	0	70

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Óskar Guðmundsson	Seltjarnarnes	30.000	14.500	-9.000	-1.460	-1.166	-600	39.968
Óskar Ingibersson	Keflavík	233.837	8.001	-17.077	-7.568	-24.352	-1.268	212.754
Óskar Karlsson	Húsavík	-64.934	-40.799	-15.007	-32.940	-1.344	-10.362	-141.863
Óskar Kristinsson	Vestmannaeyjar	223.611	-48.619	-102.231	0	0	-91.111	46.894
Óskar Þórarinsson	Vestmannaeyjar	132.478	-72.000	-231.000	8.600	0	-71.600	-123.088
Óskar Þórhallsson	Keflavík	-95.748	-24.630	-22.693	-1.273	0	-438	-137.164
Otto Wathne h.f.	Seyðisfjörður	-751.366	55.000	13.622	550.000	397.000	0	-177.360
Otur h.f.	Dalvík	15.467	-1.000	-26.754	-3.000	-2.400	-422	-3.344
Páll Björsson	Þingeyri	-14.000	-5.000	-3.535	-1.794	-466	-230	-22.886
Páll Guðmundsson	Höfn	-13.484	-7.466	-3.984	-1.450	-359	-179	-25.196
Páll Gunnólfsson	Reykjavík	-11.120	10.000	-2.750	-1.559	-406	0	-2.028
Pálmar Þorsteinsson	Hafnarfjörður	-6.085	2.186	0	0	0	0	-3.571
Pálmi Sigurðsson	Hólmavík	-4.267	-30	-871	-102	0	-36	-4.840
Pétur Einarsson	Vogar	-4.878	-666	-898	-294	-76	-38	-6.330
Pétur Erlingsson	Sauðárkrókur	-24.635	-23.796	3.419	460	0	0	-49.966
Pétur Friðálfur Karlsson	Ólafsvík	3.138	0	-3.899	-2.374	0	0	59
Pétur Guðmundsson	Siglufjörður	1.500	0	0	0	0	0	1.500
Pétur Ingi Vigfússon	Hellissandur	45.000	-13.020	-5.300	-2.900	-724	12.000	34.109
Pétur Pétursson	Borgarnes	98.000	20.100	1.650	-2.156	-560	300	120.946
Pétur R. Sighvatsson	Sauðárkrókur	-2.772	0	0	-497	0	0	-2.976
Pétur Rúnólfsson	Bolungavík	531	1.200	0	-2.044	-531	-261	513
Pétur Sigurður Viðarsson	Hellissandur	-3.098	0	0	0	0	-106	-3.174
Pétur Stefánsson	Kópavogur	-235.973	-65.242	-7.144	0	13.208	-1.170	-306.456
Pólarsíld h.f.	Fáskrúðsfjörður	45.492	-24.575	15.500	2.700	0	0	26.708
Ragnar B. Johansen	Reykjavík	-11.303	-3.000	0	-1.000	-197	0	-15.301
Ragnar G. Ragnarsson	Keflavík	19.585	5.718	0	0	-1.035	135.527	123.016
Ragnar Guðjónsson	Hellissandur	29.806	8.078	-400	-6.936	-1.801	0	34.775
Ragnar Hjaltason	Hafnarfjörður	-3.000	4.500	0	0	0	0	2.175
Ragnar I. Jakobsson	Bolungavík	-4.424	-1.276	0	-678	-176	-87	-6.355
Ragnar Olsen	Hellissandur	0	0	0	0	-300	0	-210
Rán h.f.	Dalvík	73.905	57.665	146.265	29.759	-866	4.973	234.378
Rani H.F.	Þingeyri	-12.000	4.500	-4.900	-5.600	-1.468	32.783	10.809
Reykjaborg h.f.	Reykjavík	-29.974	0	0	0	-1.026	-87.650	-93.800
Reykjanes H.F.	Garður	0	-10.000	0	-3.476	-752	-290	-13.660
Reynald Þorvaldsson	Keflavík	8.393	7.522	0	-2.348	-766	-372	15.277
Reynir Gunnarsson	Þingeyri	-145.250	15.029	-4.254	-2.066	-421	-97.651	-201.714
Reynir Jóhannsson	Grindavík	-45.714	0	0	147	20.747	0	-31.131
Reynir Nielsson	Fáskrúðsfjörður	-3.873	0	-584	-229	-59	-168	-4.445
Rif hf	Hrísey	72.379	-3.000	-47.000	0	0	0	43.549
Rifflar hf	Grenivík	19.802	2.683	-3.302	-652	-402	0	20.556
Rúna hf.útgerð	Hólmavík	-72.610	-13.905	-5.727	-6.072	-1.563	-829	-95.874
Runólfur Hallfreðsson	Akranes	-21.000	0	0	0	-49.000	0	-55.300
Rækjan H.F.	Hólmavík	-67.736	-5.733	-7.702	-6.022	-1.588	-5.869	-86.294
Rækjunes/Björgvin h.f.	Stykkishólmur	-70.524	-16.631	-32.200	-4.855	0	0	-109.028
Rækjuver h.f.	Reykjavík	-102.796	-5.559	-2.145	-2.118	-519	-6.874	-116.528
Saltver h.f.	Keflavík	97.508	-61.167	9.691	887	-9.718	0	25.960
Samherji h.f.	Akureyri	-202.618	334.153	461.127	-2.553.628	1.051.228	-19.898	105.212
Samúel Kristjánsson	Súðavík	-2.342	-3.486	-925	0	0	0	-6.850
Sandvík s/f	Sauðárkrókur	-14.500	-8.300	-14.100	-4.392	-1.141	-1.114	-35.061
Seley hf	Reykjavík	-66.839	-8.798	-2.358	-5.000	-914	-5.000	-84.520
Selháls s.f.	Grindavík	89.090	780	1.300	3.800	0	15	92.258
Selnes H.F.	Breiðdalsvík	29.396	11.600	-1.553	-1.339	-350	24.469	58.721
Sigdór Ólafur Sigmarsson	Reykjavík	3.088	-481	975	-380	-139	0	2.808
Sigfinnur Gunnarsson	Höfn	9.115	0	-2.989	-2.399	-559	0	6.126

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Sigfus Johannesson	Grímsey	106.200	2.712	182	-2.634	-684	81.643	166.641
Sigfús Vilhjálmsson	Mjóifjörður	0	-613	-794	-1.289	-264	-1.684	-3.059
Siglfirðingur h.f.	Siglufjörður	-750.170	-23.183	-110.939	-89.043	502.193	-13.205	-531.218
Sigluberg h/f	Grindavík	-222.193	-26.524	-110.571	-17.295	0	-693	-319.994
Sigmann Tryggvason	Hrísey	-1.026	-229	-1.798	-483	-130	-65	-2.596
Sigmar Ægir Björgvinsson	Seltjarnarnes	-8.000	0	0	-678	-176	-87	-8.464
Sigurbára hf	Vestmannaeyjar	248.773	5.259	249.830	58	0	0	389.753
Sigurbjörg Jónsdóttir	Hólmavík	-25.145	0	-4.872	-5.709	-2.550	0	-31.902
Sigurbjörn Björnsson	Vopnafjörður	-8.123	-3.000	-958	-1.361	-322	0	-12.874
Sigurbjörn s.f.	Grímsey	76.928	671	445	390	0	-10.000	70.900
Sigurður A Hákonarson	Húsavík	500	0	0	0	0	0	500
Sigurður Ágústsson h.f.	Stykkishólmur	231.258	-24.099	-58.000	53.994	-4.097	-17.200	179.110
Sigurður Bergsson	Akureyri	7.491	-600	-2.295	-1.859	-495	-244	4.277
Sigurður Bjarni Hjartar	Bolungavík	-1.153	9.398	-7.738	58	15	7	5.516
Sigurður Finnbogason	Seyðisfjörður	-20.000	-685	-480	-673	-176	0	-21.446
Sigurður Finnbogason	Ísafjörður	219	0	0	0	0	0	219
Sigurður Friðbjarnarson	Húsavík	0	0	0	110	0	0	45
Sigurður Friðriksson	Keflavík	92.367	5.700	-20.000	-1.429	-1.044	-887	86.167
Sigurður G. Jónsson	Þórshöfn	70	45	-11.700	-1.670	-438	17.100	5.124
Sigurður Guðjónsson	Djúpivogur	4.509	2.753	-500	-1.569	-407	-201	6.332
Sigurður Guðnason	Hellissandur	53.750	3.817	0	-1.662	-517	0	57.096
Sigurður Gunnarsson	Húsavík	-1.749	-1.181	43.810	-3.000	-498	-80	18.914
Sigurður Jensson	Reykjavík	2.859	0	0	0	0	0	2.859
Sigurður Jonsson	Húsavík	17.334	3.447	2.965	55	0	0	22.922
Sigurður Jónsson	Djúpivogur	7.948	230	-1.354	-1.664	-432	-27.591	-13.369
Sigurður Jónsson	Þingeyri	-2.500	530	-373	-441	-115	-56	-2.394
Sigurður Jónsson	Ólafsvík	258.669	18.763	-1.537	-14.163	0	82.673	333.134
Sigurður Jónsson	Kópavogur	1.434	-1.000	0	0	0	0	284
Sigurður Kristjánsson	Húsavík	4.933	2.527	-2.415	-265	-93	-46	6.328
Sigurður Kristjónsson	Hellissandur	72.019	7.500	8.122	0	-2.062	-534	83.202
Sigurður Ólafsson h.f.	Höfn	-256.229	-120.128	-138.802	-23.602	0	-15.923	-490.471
Sigurður Óskarsson	Kópasker	1.865	0	0	0	0	0	1.865
Sigurður Óskarsson	Vestmannaeyjar	-9.000	0	0	0	0	0	-9.000
Sigurður Runólfsson	Reykjavík	-1.637	0	0	0	0	0	-1.637
Sigurður Sigurðsson	Húsavík	22.000	1.700	-460	-1.750	-455	-225	22.509
Sigurður Steinarr Konráðsson	Neskaupstaður	-5.000	0	-468	-580	-151	-77	-5.652
Sigurður Úlfarsson	Fáskrúðsfjörður	-22.000	-2.000	-1.462	-1.094	-310	-149	-25.862
Sigurður Þorkelsson	Neskaupstaður	-7.777	0	0	-1.557	-404	0	-8.698
Sigurður Ölversson	Neskaupstaður	-7.000	-1.630	2.970	-1.085	-282	-429	-8.222
Sigurgeir Kristjánsson	Garðabær	-7.561	-593	-19.445	-298	-41	-46	-18.927
Sigurjón Kristjánsson	Húsavík	-500	4.000	2.614	-1.500	-330	-167	4.545
Sigurjón Ólafsson	Vestmannaeyjar	1.501	-390	-1.104	-459	-12	-6	255
Sigursteinn Óskarsson	Mosfellsbær	0	5.000	0	0	0	0	5.750
Sigursveinn Þorsteinsson	Ólafsfjörður	22.887	-2.021	1.000	-1.096	-342	-169	20.292
Sigurvin Magnússon	Suðureyri	-6.993	-276	-630	-457	-119	-59	-7.964
Sigvaldi Loftsson	Akranes	-6.900	0	0	0	0	0	-6.900
Sigvaldi Þorleifsson h/f	Ólafsfjörður	47.218	108.629	11.620	7.553	-690	80.400	238.918
Síldarvinnslan h.f.	Neskaupstaður	414.907	880.819	-39.131	966.882	10.709	-8.773	1.804.319
Sjólaskip hf	Hafnarfjörður	90.000	16.000	-186.000	636.000	-335.000	0	34.220
Sjóli h.f.	Reykjavík	40.300	-2.000	-3.800	0	0	-52.500	-1.852
Skagaröst h/f	Keflavík	73.677	18.966	8.854	0	-327	77	100.096
Skagfirðingur h/f	Sauðárkrókur	-1.687.278	-151.813	-199.410	-1.797.430	-427.311	-15.255	-3.016.592
Skagstrendingur h.f.	Skagaströnd	-1.701.530	-120.623	-333.998	-1.397.461	239.923	-70.319	-2.476.248
Skarphéðinn Árnason	Akranes	71.340	1.757	9.325	-3.335	-952	0	76.362

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Skerseyri hf	Hafnarfjörður	-42.100	0	0	0	0	-4.200	-45.124
Skinney h.f.	Höfn	82.583	-95.588	-25.079	-14.854	0	-75.997	-101.694
Skipaklettur h.f.	Reyðarfjörður	-50.000	-29.357	234.308	-68.672	-79.791	-13.914	-51.262
Skjöldur h/f	Sauðárkrókur	677.208	74.478	62.600	-1.108.035	-330.575	20.763	125.914
Skúli Kristjánsson	Kópavogur	2.000	-1.800	0	0	0	0	-70
Skúli Magnússon	Grindavík	-13.200	1.000	-2.000	2.000	-400	0	-12.590
Skutull h/f	Njarðvík	-3.265	8.327	1.095	-4.892	-1.270	1.873	5.356
Slaga hf	Grindavík	-42.211	-3.033	-35.505	-2.403	-370	-182	-66.247
Smári Jónas Lóðvíksson	Hellissandur	-13.900	0	1.200	-2.127	-552	0	-14.510
Smári s.f.	Siglufjörður	1.500	0	0	0	0	1.000	2.220
Smári sf	Ólafsfjörður	-3.972	-566	-1.748	-855	-222	-66	-6.120
Snorri Agnarsson	Reykjavík	-5.000	3.000	0	0	0	0	-1.550
Snorri Böðvarsson	Ólafsvík	377	0	-499	-496	-129	0	-186
Snorri Guðjónsson	Akureyri	-5.300	-300	-671	-807	-209	-103	-6.559
Snorri Sturluson	Suðureyri	17.276	0	300	-2.900	-370	0	15.990
Snæbjörn Ámason	Bíldudalur	-47.816	0	0	0	0	0	-47.816
Snæbjörn Gíslason	Patreksfjörður	2.300	0	-3.577	-1.622	-421	-88	-655
Snæfell s.f.	Vestmannaeyjar	247.458	705	394.999	32.925	0	0	475.067
Snæfellingur h/f	Ólafsvík	-363.327	47.500	269.402	472.251	-178.277	-9.907	-101.529
Soffanías Cecilsson	Grundarfjörður	69.706	-18.000	-20.920	-10.000	-1.243	6.190	37.196
Sólbakki hf	Keflavík	-60.260	18.000	5.428	185	0	87.106	26.163
Sólborg h.f.	Fáskrúðsfjörður	59.954	52.772	-96.000	-3.970	0	-18.500	53.854
Sólborg hf.	Stykkishólmur	300.985	1.704	-6.071	-19.419	-96	400	291.925
Sólheim s.f.	Neskaupstaður	20.986	500	-2.588	0	0	-11.308	12.022
Sólrún h.f.	Akureyri	13.933	8.270	-46.000	-3.900	-3.500	671	-4.962
Sparisjóðurinn í Keflavík	Keflavík	-31.652	-1.298	-5.643	-2.148	-558	-335	-37.704
Stakkavík h.f.	Grindavík	-40.377	-25.580	-11.092	-2.390	-880	-6.663	-82.177
Stakkholt h.f.	Ólafsvík	151.636	53.648	5.433	2.727	0	21.230	232.669
Stálskip h.f.	Hafnarfjörður	-239.246	-148.975	-346.415	-4.326	-51.351	32.981	-611.604
Stefán Albertsson	Vogar	-19.754	-7.250	0	0	-280	-1.919	-29.669
Stefán Arnórsson	Djúpivogur	4.634	1.595	-1.222	-1.723	-376	-418	4.538
Stefán Baldvinsson	Akureyri	-900	2.000	-1.000	-1.500	-390	-192	-166
Stefán Einarsson	Seltjarnarnes	84.311	0	0	0	0	-95.000	15.911
Stefán Einarsson	Siglufjörður	-23.700	0	0	-3.186	-827	0	-25.585
Stefán Guðmundsson	Djúpivogur	-6.500	-565	-789	-935	-243	-120	-8.216
Stefán Hjaltason	Ólafsvík	-92.000	-16.510	-6.044	-4.188	-1.075	-566	-117.127
Stefán Ingólfsson	Bolungavík	6.930	1.289	-2.030	-918	-223	-100	6.712
Stefán Óskarsson	Akranes	339	-9.316	0	0	0	0	-10.374
Stefán Rögnvaldsson h.f.	Dalvík	-141.500	-4.388	-24.170	-15.632	-2.295	-2.225	-169.216
Stefán S. Óskarsson	Fáskrúðsfjörður	-3.356	-138	-193	-229	-59	-29	-3.775
Stefán Scheving Árnason	Seyðisfjörður	-2.204	-805	-1.125	-1.332	-346	-170	-4.648
Stefán Stefánsson	Dalvík	14.314	-4.251	-898	-790	-220	-108	8.385
Stefnir Einar Magnússon	Bakkafjörður	-56.021	-7.000	-1.013	-5.224	-1.357	-637	-68.168
Steinar Birgisson	Reykjavík	77.000	-2.049	500	-497	-170	-2.904	72.500
Steinar Hilmarsson	Bakkafjörður	-5.010	-915	-1.199	-427	-111	-55	-7.002
Steinarr H.F.	Keflavík	18.475	0	-4.500	-1.440	-301	-222	15.084
Steingrímur Valdimarsson	Akureyri	5.133	0	-628	-586	-152	-75	4.393
Steinunn h.f.	Ólafsvík	7.643	-58.221	-47.195	-35.000	-4.104	-20.525	-116.797
Stígandi h/f	Vestmannaeyjar	-123.556	72.756	0	263.304	0	0	68.068
Straumnes h/f	Patreksfjörður	35.969	25.412	0	0	0	0	65.193
Stuðlaberg sf útgerð	Grenivík	6.291	9.165	-8.226	-1.956	-740	-426	10.762
Sturla Hjaltason	Raufarhöfn	-1.950	0	-9.826	-578	-124	-62	-7.624
Súlan h/f	Akureyri	-148.884	-38.907	-21.000	-5.000	1.700	0	-205.827
Sund hf.,hraðfrystihús	Ísafjörður	-49.679	-1.282	-33.936	-12.100	0	-688	-74.935

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Svanur h/f	Stykkishólmur	54.520	10.513	-17.000	-4.066	-863	-12.200	46.375
Svanur Jónsson	Reykjavík	12.933	-386	-9.500	-2.000	-166	-101	6.350
Svavar Ágústsson	Seltjarnarnes	41.206	-63.948	2.211	-616	0	67.483	17.195
Svavar Ingibersson	Sandgerði	27.803	-2.000	11.400	0	0	0	31.659
Svavar Kristinsson	Eskifjörður	-2.102	-707	-138	-164	-42	2.261	-1.458
Sveinbjörn K. Joensen	Þórshöfn	-1.000	-500	0	-791	-205	-101	-2.116
Sveinbjörn Þórarinsson	Reyðarfjörður	0	6.257	-238	-258	-67	-86	6.852
Sveinlaugur Hannesson	Vogar	-9.000	0	-12.000	-1.500	-87	-43	-16.187
Sveinn Björnsson o.fl.	Garður	-54.711	-25.707	-13.414	-1.384	-682	-586	-92.984
Sveinn Halldórsson	Vestmannaeyjar	-928	-600	-188	0	0	0	-1.720
Sveinn Jónsson	Vestmannaeyjar	-6.626	-1.308	-1.064	-514	-138	-68	-9.061
Sveinn Magnússon	Eyrarbakki	27.000	0	0	0	0	0	27.000
Sveinn S. Steinarsson	Reykjavík	28.305	0	18.200	-2.500	-815	-4.700	33.154
Sveinn V. Björnsson	Siglufjörður	-13.560	75	-2.850	-127	0	-174	-15.190
Sverrir Björnsson	Siglufjörður	-16.480	-397	-775	-1.544	0	-195	-18.128
Sverrir Garðarsson	Bíldudalur	40.066	-2.044	-744	0	0	-17.279	24.873
Sverrir Ingi Jónsson	Stöðvarfjörður	990	0	0	0	0	0	990
Sverrir Jóhannesson	Fáskrúðsfjörður	-22.500	-2.500	-2.325	-2.753	-715	-325	-28.494
Sæberg h.f.	Ólafsfjörður	-639.625	2.795	84.384	86.442	656.603	-33.173	-119.665
Sæbjörg h/f	Grímsey	17.839	0	0	-3.479	-904	2.110	17.299
Sædís h.f.	Ólafsfjörður	76.635	-65.677	-138.248	-30.001	-3.000	-30.611	-109.988
Sædór h.f., Siglufirði	Reykjavík	-265.389	-137.000	-132.000	-224.115	-2.240	-28.000	-607.834
Sæfell h.f.	Stykkishólmur	81.713	2.800	-35.500	12.000	-1.637	-16.193	57.878
Sæhamar h/f	Vestmannaeyjar	315.835	191.292	467.783	594.161	0	-53	1.031.991
Sælingur hf,Keflavík	Keflavík	41.247	13.281	11.005	3.725	0	-11.000	56.070
Sæljómi h.f.	Sandgerði	-29.216	600	-5.159	-2.889	-754	-123	-33.113
Særún h/f	Blönduós	-254.555	-119.037	-163.740	-15.266	696	0	-485.639
Sævar Jónsson	Neskaupstaður	7.776	-131	18.536	-2.260	-587	-250	16.117
Sævar Nielsson	Fáskrúðsfjörður	-8.505	-1.688	-838	-897	-233	-115	-11.512
Sævar Óskarsson	Grindavík	67.975	-59.700	0	107	0	-17.670	-13.359
Sören Sörensen	Eskifjörður	4.500	500	-60	-71	-18	-1	5.000
Tangi h.f.	Vopnafjörður	-362.954	-85.000	-106.737	296.318	141.123	-2.000	-299.506
Tindfell h/f	Ólafsvík	-183.130	-35.148	-5.433	-2.027	-6.274	2.190	-230.130
Togaraútgerð Ísafjarðar h/f	Ísafjörður	-4.000	0	0	0	-117.854	0	-86.498
Tómas Sæmundsson	Reykjavík	78.516	-8.746	18.000	-4.000	0	-657	76.065
Tómas Þ. Guðmundsson	Ólafsvík	-4.874	-450	0	-823	-214	0	-5.879
Torfi Björnsson	Ísafjörður	-13.366	0	-1.754	-1.168	-303	9.098	-8.454
Torfi hf	Flateyri	-9.271	4.743	-1.213	-1.467	-373	-170	-5.457
Trausti Jóhannsson	Akureyri	2.000	-3.000	1.000	-4.000	-800	-350	-3.362
Trausti s.f.	Akureyri	4.345	432	-2.448	-11.270	-3.200	-3.491	-5.854
Trefjaplast hf	Blönduós	67.222	12.984	3.900	-1.594	-421	300	83.527
Trefjar H.F.	Hafnarfjörður	73.159	708	6.276	-2.580	-709	0	75.808
Triton hf	Djúpivogur	-15.755	-18.965	-219.202	-47.333	-896	-7.000	-181.008
Tryggvi Guðmundsson	Ísafjörður	3.102	550	0	0	0	0	3.735
Tryggvi Gunnlaugsson	Djúpivogur	5.048	-560	-6.700	-2.381	-401	-198	-613
Tryggvi Högnason	Akranes	29.555	4.578	0	0	0	-260	34.633
Tryggvi Valsteinsson	Akureyri	-9.794	2.000	-1.100	-1.268	-329	-163	-8.956
Tungufell h.f.,útgerðarfélag	Ólafsvík	96.567	13.000	-5.500	-39.770	-7.172	2.123	88.749
Ufsaberg h.f.	Vestmannaeyjar	-135.600	-76.000	-72.600	-13.347	12.019	0	-259.263
Uggi hf	Keflavík	861.098	10.077	379.347	-14.774	-1.946	0	1.070.114
Úlfljótur Jónsson	Ólafsvík	789	0	0	-1.000	-289	0	177
Unnsteinn Guðmundsson	Höfn	-3.508	-838	-3.757	-2.077	-363	-179	-7.735
Útg.fél. Akureyringa h.f.	Akureyri	-182.623	652.049	528.283	-1.483.827	66.899	147.132	396.901
Útg.félagið Njörður h.f.	Kópavogur	59.712	38.802	45.012	11.372	-39.654	17.449	118.109

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Útg.félagið Vísir h.f.	Sandgerði	49.563	57.000	8.100	29.500	-74.000	15.300	90.798
Útgerð Amars h.f.	Stykkishólmur	35.274	6.757	0	0	0	-449	42.721
Útgerðarfél. Dalvíkinga h/f	Dalvík	-405.308	347.415	289.570	-316.683	143.990	-32.577	98.085
Útgerðarfél. Jökull s.f.	Sauðárkrókur	20.695	-5.678	-6.956	-5.600	-38	-11.587	-256
Útgerðarfélag Bílddælinga hf	Bílddudalur	-26.516	-32.587	-22.908	-74.578	-57.386	20.224	-132.547
Útgerðarfélag K.E.A.	Hrísey	107.269	-141.797	33.885	-44.540	-46.279	63.660	-42.321
Útgerðarfélag Patreksfjarðar hf.	Patreksfjörður	12.651	-92.064	-236.304	-274.340	3.909	-50.926	-367.237
Útgerðarfélagið Barðinn hf	Kópavogur	148.794	-249.774	-193.760	-6.772	30.010	9.970	-217.668
Útgerðarfélagið Drífa	Vestmannaeyjar	14.462	40.000	-55.000	0	0	-56.000	-9.558
Útgerðarfélagið Leiti hf	Hnífsdalur	-90.000	0	0	0	4.500	0	-86.850
Útnes h.f.	Hellissandur	97.500	-43.389	-12.000	-20.000	-6.000	-1.200	27.859
Útvík	Hafnarfjörður	47.217	18.652	4.286	-1.570	-527	-93	69.902
Valafell h.f.	Ólafsvík	200.911	-55.133	-21.520	-61.260	-4.826	-19.800	83.136
Valbjörn h.f.	Sandgerði	-110.132	16.586	204.560	336.693	2.992	-45.048	127.108
Valdimar Axelsson	Keflavík	862	500	99	0	0	0	1.490
Valdimar E.Geirsson	Akranes	110.472	4.498	-962	-2.926	-760	-669	112.912
Valdimar h.f.	Vogar	544.368	37.357	260.070	34.473	-1.590	-136.602	642.434
Valdimar Halldórsson	Garður	-859	-75	-1.721	-123	-32	-16	-1.959
Valdimar Traustason	Grímsey	-3.290	-119	-3.432	0	0	0	-5.280
Valdís Guðnadóttir	Akranes	17.947	1.569	-856	-1.755	-456	-54	18.211
Valeik h.f.	Reykjavík	230.949	69.315	-8.000	1.139	7.193	0	311.843
Valtýr Þorsteinsson h.f.	Akureyri	-57.281	503	314	1.174	5.270	0	-52.363
Valur h.f.	Reykjavík	-32.950	-2.000	0	-2.698	-701	-349	-37.098
Valur og Helgi sf	Dalvík	107.654	-1.883	-5.628	-4.277	-1.111	-2.499	98.119
Varkollur h.f.	Ólafsvík	247.125	5.250	20.600	-49.274	-7.076	87	239.194
Vél-boði hf,vélaverslun	Hafnarfjörður	-12.100	-4.200	0	-550	-181	-104	-17.357
Vélaverkst. Jóhanns Ól.	Hafnarfjörður	0	2.000	0	0	0	0	2.300
Ver,útgerð	Keflavík	2.066	0	0	0	0	0	2.066
Vestri h/f	Patreksfjörður	-17.298	-45.924	-41.513	-17.800	-58.860	322	-140.796
Vesturver h/f	Patreksfjörður	-50.028	-4.218	0	0	0	-25.292	-73.089
Viðar Sæmundsson	Hafnarfjörður	-149.750	-35.253	-3.484	-5.013	-648	-102.875	-268.751
Víðir Þór Herbertsson	Ólafsvík	72.590	3.000	0	-1.862	-484	0	74.938
Vigfús Davíðsson	Vopnafjörður	-51.331	-8.248	-5.519	-2.679	-696	-152	-65.491
Vík s.f.	Skagaströnd	-686	1.500	-7.195	-8.740	-2.337	41.773	22.011
Víkurhraun h.f.	Grindavík	-61.427	-26.041	-12.350	-13.452	-2.101	-26.337	-123.992
Vilhjálmur E Birgisson	Akranes	-17.963	-20.092	0	-70	0	0	-41.098
Vilhjálmur Hendriksson	Akranes	-1.000	0	0	0	0	0	-1.000
Vilhjálmur Sveinsson	Hafnarfjörður	9.500	0	-9.600	-3.289	-858	0	2.367
Vilmundur Reimarsson	Bolungavík	-12.007	6.400	0	-1.034	-269	1.279	-4.338
Vinnslustöðin hf	Vestmannaeyjar	135.965	292.836	-318.973	1.529.448	-188.729	135.195	892.785
Vísir h.f.	Grindavík	1.215.222	50.050	306.852	-40.829	-75.280	-23.100	1.352.412
Völusteinn h.f.	Bolungavík	163.711	-42.289	-114.110	-304.083	-123.328	6.219	-153.067
Ýmir h/f	Bílddudalur	85.909	17.302	6.879	0	0	54.200	148.545
Ýmir hf	Bílddudalur	21.529	1.560	-679	0	0	-20.200	8.412
Þ/b Júpiter h/f c/o Jón S.Sigurjónss.hdl	Reykjavík	-41.260	0	0	0	0	-9.512	-48.109
Þinganes h.f.	Höfn	198.248	174.946	42.999	-17.769	577	3.770	418.488
Þórarinn Guðmundur Hlöðversson	Sauðárkrókur	-5.679	-359	-436	-516	-134	-66	-6.680
Þórarinn S. Sigurðsson	Hafnir	-564	0	-726	0	0	0	-956
Þórarinn Stefánsson	Raufarhöfn	-3.485	-1.414	-579	-529	-143	-50	-5.777
Þorbergur Jóhannesson	Ísafjörður	0	0	-508	-602	-156	-77	-686
Þorbergur Jóhannsson	Þórshöfn	57.180	1.000	-27	-501	-192	-1.100	57.184
Þorbjörn h.f.	Grindavík	-19.560	114.782	319.238	-367.140	677.859	42.693	639.541
Þórdís hf.útgerðarfélag	Blönduós	-147.000	-39.000	-73.000	-35.576	588	-39.579	-273.941
Þórður Ásgeirsson	Húsavík	-2.249	286	-121	-302	-82	0	-2.167

Tafla I

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Þorskígildi
Þórður Baldursson	Búðardalur	-37.807	-464	0	0	0	0	-38.341
Þórður Eydal Magnússon	Reykjavík	-1.426	-925	-6.259	-804	0	0	-6.199
Þórður Jónsson h/f,útgerð	Bíldudalur	33.317	9.640	100	0	0	67.587	93.120
Þórður Júlíusson	Ísafjörður	-21.324	-10.897	-1.614	-918	-207	-2.806	-37.269
Þórður Kr. Jóhannesson	Hafnarfjörður	-20.599	-2.111	-4.538	-349	0	0	-25.620
Þórður Pétursson	Húsavík	-1.750	0	-112	-332	-35	0	-1.971
Þórður Rafn Sigurðsson	Vestmannaeyjar	-146.388	-13.846	-227.235	120.000	-2.740	-31.940	-260.733
Þórður Sigurðsson	Þingeyri	-17.000	2.170	-1.832	-2.095	-564	-413	-17.045
Þórður Skúlason	Reykjavík	-8.519	-268	-2.919	-409	-106	-52	-10.683
Þórður Sævar Jónsson	Hvammstangi	980	0	0	0	0	0	980
Þórður Þórðarson	Akranes	-5.903	0	0	0	0	0	-5.903
Þorfinnur hf	Ísafjörður	712.584	49.641	156.185	-193.991	-227.552	40.714	644.502
Þorgeir Brimir Hjaltason	Raufarhöfn	28.406	3.022	15.080	-3.571	-904	586	38.350
Þorgeir Þorvaldsson	Húsavík	-27.104	96	1	-917	0	0	-27.369
Þorgils Gunnlaugsson	Dalvík	-1.362	-913	-108	-23	-6	-3	-2.486
Þorgrímur Benjamínsson	Ólafsvík	22.909	5.000	-7.554	-14.440	-1.496	96.951	87.417
Þórhallur Frímannsson	Garður	2.609	-28.187	-8.527	-7.719	-2.165	-2.228	-40.695
Þórir s.f.	Sauðárkrókur	-10.000	-1.558	439	-3.595	-670	-330	-13.735
Þorlákur Sigurðsson	Grímsey	-10.400	-1.144	-2.800	-1.900	-503	-223	-14.519
Þorleifur Ingólfsson	Bolungavík	20.359	6.576	1.344	-1.696	-416	-749	27.121
Þorleifur Pálsson	Ísafjörður	-4.000	-129	-180	-1.514	-55	-27	-4.924
Þormóður rammi h.f.	Siglufjörður	-590.265	-222.440	-243.682	-1.641.404	-543.969	-15.460	-2.042.544
Þorri hf útg.félag	Reykjavík	10.023	-6.999	0	10	0	3.775	4.696
Þórsberg h/f	Tálknafjörður	92.748	4.000	-32.000	-48.300	-10.477	152.218	162.528
Þórsnes h.f.	Stykkishólmur	433.420	15.636	-7.661	-7.934	-2.061	-10.319	435.139
Þorsteinn Auðunn Pétursson	Dalvík	-96.627	-17.944	-7.678	-895	0	-208	-121.925
Þorsteinn H. Guðbjörnsson	Suðureyri	-15.885	-753	-1.207	-1.090	-283	-143	-18.151
Þorsteinn Þorvaldsson	Reykjavík	-6.085	3.500	-1.262	-581	-166	-82	-3.155
Þorvaldur Gústafsson	Höfn	725	0	0	0	0	0	725
Þorvaldur Ólafsson	Garðabær	-3.800	-11.000	-12.000	-600	-288	-93	-23.445
Þorvaldur Steingrímsson	Sauðárkrókur	41.347	226	2.080	24	0	0	42.740
Þorvaldur Þ. Baldvinsson	Dalvík	0	0	0	-151	0	0	-62
Þorvarður J. Guðbjartsson	Hellissandur	1.000	-200	350	-319	-83	0	770
Þráinn Hjartarson	Patreksfjörður	0	16.000	0	-6.606	-1.716	9.500	21.330
Þráinn Sigurðsson	Djúpivogur	-16.791	-230	-2.700	-2.141	-556	-274	-19.978
Þrándur Thoroddsen	Reykjavík	-1.855	-468	-957	-53	-14	-7	-2.947
Þróttur h.f.	Grindavík	-53.865	0	0	0	14.676	0	-43.592
Ægir Hafsteinsson	Vestmannaeyjar	17.141	2.947	9.000	0	-410	0	25.103
Ægir Már Elísson	Grundarfjörður	3.295	809	-31	-32	-10	-5	4.185
Ægir s/f	Akranes	11.691	4.605	-1.247	-2.225	-578	0	14.997
Ögmundur Pétursson	Borgarnes	4.560	0	2.977	-1.484	-347	-171	5.193
Ögurvík h.f.	Reykjavík	866.818	276.089	430.553	1.485.571	1.695.459	3.401	3.215.173
Önglar H.F.,útgerð	Sandgerði	-4.884	0	-8.400	0	0	0	-9.420
Önundur Kristjánsson	Raufarhöfn	-67.016	-11.100	34.380	-11.871	-2.363	-2.038	-69.204
Örn Hjörleifsson	Hellissandur	37.947	1.946	-2.238	-9.762	-2.529	17.107	45.521
Öryggi s/f	Húsavík	-17.528	-3.498	0	-802	0	0	-21.880
Öxl h.f.	Grindavík	162.622	18.892	72.442	8.840	-555	2.803	228.721

Tafla II

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld	Loðna	Humar	Rækja	Skel	Þorskígildi
Aðalbjörg sf	Reykjavík	0	0	0	-65.850	0	-62.558
Agnar Smári Einarsson	Reykjavík	0	0	0	0	0	0
Akkur H.F.	Fáskrúðsfjörður	0	0	0	-256.000	0	-243.200
Álftfirðingur h.f.	Súðavík	0	0	0	402.398	0	382.278
Andvaradtgerðin sf	Ísafjörður	0	0	0	25.032	0	23.780
Arnarnúpur h.f.	Þingeyri	0	0	0	-272.965	0	-259.317
Árnes h/f	Þorlákshöfn	-2.680.000	0	-17.306	-251.123	0	-682.247
Arney hf	Sandgerði	122.000	-12.147.000	0	-149.530	0	-738.424
Árni h/f,fiskverkun	Ólafsfjörður	0	0	0	1.368	0	1.300
Ásbjörn Magnússon	Drangsnes	0	0	0	-9.447	0	-8.975
Ástvaldur Péturrsson	Hvammstangi	0	0	0	-67.500	0	-64.125
Ásver h/f	Blönduós	0	0	0	13.635	0	12.953
Auðbjörg h.f.	Þorlákshöfn	-1.220.000	0	0	0	0	-109.800
Auðbjörg s.f.	Akureyri	0	0	0	178.089	0	169.185
Auðunn h.f.	Vestmannaeyjar	-1.220.000	0	-15.015	0	0	-285.476
Bakki h/f	Ólafsvík	0	0	0	-15.000	0	-14.250
Barðstrendingur hf.	Patreksfjörður	0	0	0	295.623	-364.225	138.794
Bassi hf,útgerðarfélag	Hólmavík	0	0	0	121.439	0	115.367
Bergur h.f.	Vestmannaeyjar	2.833.000	824.000	-1.883	69.856	0	340.502
Bergur-Huginn hf	Vestmannaeyjar	0	0	0	-94.204	0	-89.494
Birnir h/f	Bolungavík	0	0	0	-65.600	0	-62.320
Birtingur h/f	Neskaupstaður	0	0	0	-123.301	0	-117.136
Bjarg h/f	Patreksfjörður	0	0	0	-2.229	0	-2.118
Blíki h.f.	Dalvík	0	0	0	-263.000	0	-249.850
Borg h.f.	Hrísey	-1.340.000	0	-8.272	-186.474	0	-394.533
Borgarey h.f.	Þorlákshöfn	0	0	545	0	0	6.377
Borgey h.f.	Höfn	-1.455.000	0	-10.966	160.194	0	-107.068
Brimnes h/f	Flateyri	0	0	0	-17.657	0	-16.774
Db.Haraldar Traustasonar	Vestmannaeyjar	0	0	-4.200	0	0	-49.140
Dvergur h.f.	Ólafsvík	0	0	0	-24.000	0	-22.800
Dynjandi hf,útgerð	Hnífsdalur	0	0	0	45.815	0	43.524
Einar Guðjón Kristjánsson	Höfn	0	0	0	28.000	0	26.600
Einar Þórarinn Magnússon	Keflavík	0	0	1.564	0	0	18.299
Eiríkur Ólafsson	Hafnarfjörður	0	0	0	-25.619	0	-24.338
Eldey hf útgerðarfélag	Keflavík	-1.220.000	0	0	-16.786	0	-125.747
Eldhamar h/f	Grindavík	0	0	100	-177.353	0	-167.315
Enni h.f.	Ólafsvík	0	0	0	-55.000	0	-52.250
Erlingur Ævar Jónsson	Þorlákshöfn	0	0	3.744	0	0	43.805
Eskey h.f.	Höfn	-1.202.000	0	-134	0	0	-109.748
Eyjavík h.f.	Vestmannaeyjar	0	0	-3.625	-9.000	0	-50.963
Farsæll h.f.	Grundarfjörður	0	0	0	-14.475	0	-13.751
Faxamjöl h/f	Reykjavík	1.220.000	3.452.000	0	-263.400	0	32.170
Festi h.f.	Grindavík	6.158.000	693.000	0	-102.600	0	491.400
Fiskanes h.f.	Grindavík	-1.058.000	1.964.000	8.643	-212.906	0	-98.158
Fiskiðja Sauðárkróks h/f	Sauðárkrókur	0	0	-10.482	-38.750	0	-159.452
Fiskiðjan Bjarg h.f.	Bakkafjörður	0	0	0	-97.035	0	-92.183
Fiskiver s.f.	Eyrarbakki	0	0	2.899	0	0	33.918
Fiskveiðasjóður Íslands	Reykjavík	0	-5.000.000	0	-106.000	0	-350.700
Flosi Jakobsson	Bolungavík	0	0	0	-9.607	0	-9.127
Freymundur s.f.	Vestmannaeyjar	0	0	-1.129	0	0	-13.209
Friðgeir Höskuldsson	Drangsnes	0	0	0	-64.553	0	-61.325
Friðþjófur h.f.	Eskifjörður	886.000	0	0	205.984	0	275.425
Frosti h.f.	Grenivík	0	0	0	-19.000	0	-18.050
Frosti h.f.	Súðavík	0	0	0	682.468	0	648.345

Tafla II

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld	Loðna	Humar	Rækja	Skel	Þorskígildi
G. Ben. s.f.	Dalvík	-255.000	0	0	267.000	0	230.700
Garðar Guðmundsson h.f.	Ólafsfjörður	1.816.000	1.117.000	0	131.911	0	344.605
Garðey h.f.	Höfn	0	0	-16.416	-103.349	0	-290.249
Geir h/f	Þórshöfn	-1.186.000	0	0	-12.800	0	-118.900
Gísli Gunnarsson hf	Stykkishólmur	0	0	0	0	128.000	49.920
Gísli Jóhannesson	Reykjavík	0	0	0	112.959	0	107.311
Gísli Jón Kristjánsson	Ísafjörður	0	0	0	-41.552	-101.168	-78.930
Gísli Sigmarsson	Vestmannaeyjar	0	0	16.493	-25.716	0	168.538
Gjögur h.f.	Grindavík	-1.222.000	-4.000.000	-7.843	301.098	0	-115.700
Grandi h.f.	Reykjavík	0	0	0	-393.420	0	-373.749
Græðir h.f.	Bolungavík	-1.220.000	0	0	9.686	0	-100.598
Guðlaugur Hákon Þórðarson	Bíldudalur	0	0	0	25.000	0	23.750
Guðmundur Guðmundsson h.	Hólmavík	0	0	0	47.500	0	45.125
Guðmundur Ingi Guðmundss	Vestmannaeyjar	0	0	-10.574	0	0	-123.716
Guðmundur Karl Tómasson	Grindavík	0	0	0	-5.000	0	-4.750
Guðmundur Þorsteinsson	Grindavík	-1.222.000	0	0	-167.112	0	-268.736
Guðrún sf.	Ólafsfjörður	0	0	0	-30.820	0	-29.279
Gunnar G Bergmann	Keflavík	0	0	0	0	0	0
Gunnar Karl Garðarsson	Bíldudalur	0	0	0	24.166	-73.332	-5.642
Gunnar Sveinsson	Skagaströnd	0	0	0	19.162	0	18.204
Gunnar Örn Ólafsson	Garðabær	0	0	0	-71.000	0	-67.450
Gunnlaugur Ólafsson	Vestmannaeyjar	-1.220.000	0	0	0	0	-109.800
Gunnvör h.f.	Ísafjörður	0	0	0	-39.938	0	-37.941
Gylfi Sigurðsson	Skagaströnd	0	0	0	-48.700	0	-46.265
Háanes h/f	Patreksfjörður	0	0	0	-149.500	0	-142.025
Hafboði h/f	Hafnarfjörður	0	0	0	36.200	0	34.390
Hafnames h.f.	Þorlákshöfn	-1.442.000	0	2.958	-20.695	0	-114.832
Hafnfirðingur h.f.	Hafnarfjörður	-1.220.000	0	0	0	0	-109.800
Hafsteinn Ingólfsson	Keflavík	0	0	0	22.761	0	21.623
Hafsúlan h.f.	Hvammstangi	0	0	0	115.307	0	109.542
Haföminn h/f	Akranes	0	0	0	67.727	0	64.341
Halldór S. Þórðarson	Keflavík	-1.220.000	0	9.145	0	0	-2.804
Hannes Sigurðsson	Þorlákshöfn	0	0	-19.499	0	0	-228.138
Haraldur Böðvarsson h.f.	Akranes	4.261.000	14.485.000	0	-287.930	0	834.207
Haraldur Gíslason	Vestmannaeyjar	0	0	1.000	0	0	11.700
Haraldur Guðmundsson o.fl.	Ólafsvík	0	0	0	-74.000	0	-70.300
Haraldur h.f.	Dalvík	-1.222.000	0	0	-123.100	0	-226.925
Haukafell s.f.	Höfn	-1.224.000	0	13.922	-6.538	0	46.516
Haukur Runólfsson h.f.	Höfn	440.000	0	10.080	-58.500	0	101.961
Hilmir h.f.	Reykjavík	2.611.000	2.000.000	0	-493.130	0	-133.484
Hjálmar Gunnarsson	Grundarfjörður	0	0	0	6.725	0	6.389
Hjálmur hf	Flateyri	0	0	0	-176.714	0	-167.878
Hlaðir hf,útgerð	Grenivík	-505.000	0	0	-100.000	0	-140.450
Hleðra h/f	Hafnarfjörður	0	0	0	-94.000	0	-89.300
Hnífsdælingur hf	Ísafjörður	0	0	0	-11.209	0	-10.649
Hólmaborg h/f	Eskifjörður	2.404.000	5.000.000	0	-238.861	0	239.442
Hólmadrangur h.f.	Hólmavík	0	0	0	131.200	0	124.640
Hólmgrímur Sigvaldason	Grindavík	0	0	-3.953	0	0	-46.250
Hólmur h.f.	Stykkishólmur	0	0	0	-16.913	31.937	-3.612
Hóp h.f.	Grindavík	-1.222.000	0	0	63.540	0	-49.617
Hópsnes h.f.	Grindavík	-2.385.000	0	-9.260	319.829	0	-19.154
Hraðfr.h. Eskifjarðar h.f.	Eskifjörður	3.773.000	-5.800.000	0	605.509	0	624.804
Hraðfr.h. Norðurtangi h.f.	Ísafjörður	0	0	0	-126.712	0	-120.376
Hraðfr.hús Fáskrúðsfjarðar	Fáskrúðsfjörður	0	0	0	-346.000	0	-328.700

Tafla II

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld	Loðna	Humar	Rækja	Skel	Þorskígildi
Hraðfrystihús Hellissands	Hellissandur	0	0	0	294.823	0	280.082
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf	Þórshöfn	0	0	0	273.000	0	259.350
Hrafn Oddsson og fl.	Vestmannaeyjar	0	0	1.058	0	0	12.379
Hrísey h.f.	Höfn	0	0	-8.934	-206.501	0	-300.704
Hrói h.f.	Ólafsvík	0	0	4.304	82.108	0	128.359
Hrólfur Gunnarsson	Reykjavík	0	0	7.743	0	0	90.593
Hrönn h.f.	Ísafjörður	0	0	11.390	-91.000	0	46.813
Huginn h.f.	Vestmannaeyjar	1.180.000	-2.000.000	0	317.667	0	307.984
Húnaröst h.f.	Reykjavík	4.571.000	1.000.000	0	-154.200	0	314.900
Hælsvík hf	Grindavík	-1.222.000	0	0	120.196	0	4.206
Höfðavík h/f	Hólmavík	0	0	0	71.198	0	67.638
Höfði h.f.	Húsavík	0	0	0	1.134.022	0	1.077.321
Hörgeyri hf	Vestmannaeyjar	-1.220.000	0	0	0	0	-109.800
Iðunn hf,útgerðarfélag	Ísafjörður	-635.000	0	0	-156.859	0	-206.166
Ingimundur h/f	Reykjavík	85.000	2.000.000	0	1.288.071	0	1.331.317
Ingimundur Ingimundarson	Reykjavík	2.182.000	4.780.000	0	-258.436	0	189.866
Ísfélag Vestmannaeyja hf	Vestmannaeyjar	1.401.000	3.586.000	-5.030	-593.396	0	-317.187
Ísleifur hf	Vestmannaeyjar	1.679.000	331.000	0	192.272	0	350.318
Ísnes h.f.	Keflavík	0	0	-500	43.422	0	35.401
Jens Óskarsson o.fl.	Grindavík	0	0	-4.736	0	0	-55.411
Jóhann Halldórsson	Vestmannaeyjar	0	0	0	-15.000	0	-14.250
Jóhann Sigurbjörnsson	Hrísey	0	0	0	-27.900	0	-26.505
Jón Elías Vagnsson	Hnífsdalur	0	0	0	18.000	0	17.100
Jón G.Helgason o.fl.	Höfn	-1.349.000	0	6.600	-282.739	0	-312.792
Jón Halldórsson	Bíldudalur	0	0	0	13.333	0	12.666
Jón Rafn Oddsson	Ísafjörður	0	0	0	30.000	0	28.500
Jón Traustason	Akranes	0	0	0	-3.762	0	-3.574
Jytta Jancy Juul	Hvammstangi	0	0	0	0	0	0
Jökull h.f.	Skagaströnd	0	0	0	-49.098	0	-46.643
Karl Sigurður Njálsson	Garður	0	0	490	0	0	5.733
Kleifar h.f.	Vestmannaeyjar	0	0	10.454	-88.257	0	38.468
Knarrareyri h/f	Húsavík	0	0	12.787	-12.245	0	137.975
Konráð Guðmundur Eggertss	Ísafjörður	0	0	0	-2.636	0	-2.504
Korri h.f.	Húsavík	0	0	0	1.194.439	0	1.134.717
Kristinn J. Friðþjófsson	Hellissandur	-1.220.000	0	0	103.895	0	-11.100
Kristinn S. Kristinsson	Kópavogur	0	0	4.840	0	0	56.628
Kristján Guðmundsson h/f	Hellissandur	-1.220.000	0	0	-252.266	0	-349.453
Kristján Ólafsson o.fl.	Vopnafjörður	0	0	0	100	0	95
Krossey h.f.	Höfn	0	0	19.807	35.530	0	265.495
Kögurfell hf	Ísafjörður	-2.236.000	0	0	-5.336	0	-206.309
Landsbanki Íslands	Reykjavík	0	0	-5.309	0	0	-62.115
Langanes h/f	Húsavík	878.000	-8.884.000	0	709.306	0	308.661
Lárus Guðmundsson	Grundarfjörður	0	0	0	25.500	0	24.225
Leó Óskarsson	Reykjavík	0	0	0	0	-238.351	-92.957
Ljósavík H.F.	Þorlákshöfn	0	0	0	-300.000	0	-285.000
Magnús Gamalíelsson h.f.	Ólafsfjörður	0	0	0	33.859	0	32.166
Magnús Snorrason	Bolungavík	0	0	0	-87.677	0	-83.293
Markós h/f,Útgerð	Þorlákshöfn	0	0	0	-12.751	0	-12.113
Marver h.f.	Stokkseyri	0	0	-4.940	45.313	0	-14.751
Meleyri h.f.	Hvammstangi	0	0	0	-38.762	0	-36.824
Miðnes h.f.	Sandgerði	946.000	1.116.000	2.151	-139.413	0	33.664
Muggur h/f	Hvammstangi	0	0	0	-569.964	0	-541.466
Mummi h/f	Njarðvík	0	0	0	-95.890	0	-91.096
Naustavík hf	Akureyri	0	0	0	-15.842	0	-15.050

Tafla II

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld	Loðna	Humar	Rækja	Skel	Þorskígildi
Nesver s/f	Hellissandur	0	0	0	-38.000	0	-36.100
Njáll h/f	Garður	-1.222.000	0	1.122	-64.694	0	-158.312
Njörður h.f.	Hrísey	-1.342.000	0	0	-248.349	0	-356.712
Nökkvi hf	Blönduós	0	0	0	-63.635	0	-60.453
Nökkvi s/f	Ísafjörður	0	0	0	-248.442	0	-236.020
Oddeyrin h/f	Akureyri	0	0	0	-248.349	0	-235.932
Ólafur Guðjón Eyjólfsson	Ísafjörður	0	0	0	-70.000	30.000	-54.800
Ós h.f.	Vestmannaeyjar	-1.342.000	0	0	0	0	-120.780
Óskar Ingibersson	Keflavík	-1.048.000	0	0	0	0	-94.320
Óskar Karlsson	Húsavík	0	0	0	87.202	0	82.842
Óskar Kristinsson	Vestmannaeyjar	0	0	-9.600	0	0	-112.320
Otur h.f.	Dalvík	0	0	0	81.518	0	77.442
Pétur Stefánsson	Kópavogur	102.000	-13.318.000	0	736.147	0	42.620
Pólarsíld h.f.	Fáskrúðsfjörður	-382.000	1.005.000	0	0	0	15.870
Ragnar G. Ragnarsson	Keflavík	0	0	0	-22.000	0	-20.900
Rán h.f.	Dalvík	0	0	0	-52.169	0	-49.561
Reynir Jóhannsson	Grindavík	2.320.000	3.590.000	0	230.000	0	606.800
Rif hf	Hrísey	0	0	0	104.796	0	99.556
Rúna hf,útgerð	Hólmavík	0	0	0	-67.099	0	-63.744
Runólfur Hallfreðsson	Akranes	0	2.000.000	0	-100.000	0	5.000
Rækjunes/Björgvin h.f.	Stykkishólmur	0	0	0	-84.000	-178.937	-149.585
Rækjuver h.f.	Reykjavík	0	0	0	-5.644	73.332	23.238
Saltver h.f.	Keflavík	-1.222.000	0	0	-18.341	0	-127.404
Samherji h.f.	Akureyri	0	0	0	-2.869.793	0	-2.726.303
Samúel Kristjánsson	Súðavík	0	0	0	26.000	0	24.700
Seley hf	Reykjavík	0	0	0	-94.061	83.381	-56.839
Selháls s.f.	Grindavík	0	0	-600	0	0	-7.020
Selnes H.F.	Breiðdalsvík	0	0	0	-90.000	0	-85.500
Siglfirðingur h.f.	Siglufjörður	0	0	0	-279.000	0	-265.050
Sigluberg h/f	Grindavík	16.567.000	-5.913.000	0	-561.000	0	662.430
Sigurbára hf	Vestmannaeyjar	0	0	0	-49.638	0	-47.156
Sigurður Ágústsson h.f.	Stykkishólmur	0	0	0	322.155	-464.963	124.712
Sigurður Friðriksson	Keflavík	0	0	0	13.819	0	13.128
Sigurður Jónsson	Ólafsvík	0	0	0	-148.000	0	-140.600
Sigurður Ólafsson h.f.	Höfn	-70.000	0	-3.583	0	0	-48.221
Sigvaldi Þorleifsson h/f	Ólafsfjörður	0	0	0	-145.200	0	-137.940
Síldarvinnslan h.f.	Neskaupstaður	2.283.000	0	0	-406.358	0	-180.570
Skagaröst h/f	Keflavík	0	0	0	-8.168	0	-7.760
Skagstrendingur h.f.	Skagaströnd	0	0	2.271	-394.115	0	-347.839
Skinney h.f.	Höfn	232.000	0	-3.420	-22.700	0	-40.699
Skutull h/f	Njarðvík	0	0	0	0	0	0
Snæbjörn Ámason	Bíldudalur	0	0	0	0	0	0
Snæfell s.f.	Vestmannaeyjar	-976.000	0	0	0	0	-87.840
Soffanías Cecilsson	Grundarfjörður	0	0	0	11.000	0	10.450
Sólbakki hf	Keflavík	0	-2.400.000	0	-197.246	0	-307.384
Sólborg h.f.	Fáskrúðsfjörður	-1.220.000	0	0	0	0	-109.800
Sólborg hf.	Stykkishólmur	0	0	0	-1.560	146.050	55.478
Sólheim s.f.	Neskaupstaður	0	0	0	64.983	71.168	89.489
Sólrún h.f.	Akureyri	0	0	0	358.000	0	340.100
Stakkavík h.f.	Grindavík	0	0	96	38.461	0	37.661
Stakkholt h.f.	Ólafsvík	0	0	0	-185.584	0	-176.305
Stálskip h.f.	Hafnarfjörður	0	0	0	42.212	0	40.101
Stefán Einarsson	Seltjarnarnes	0	0	4.167	0	0	48.754
Stefán Rögnvaldsson h.f.	Dalvík	0	0	0	273.000	0	259.350

Tafla II

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld	Loðna	Humar	Rækja	Skel	Þorskígildi
Steinunn h.f.	Ólafsvík	0	0	0	-9.269	0	-8.806
Stígandi h/f	Vestmannaeyjar	-1.342.000	0	-12.139	0	0	-262.806
Straumnes h/f	Patreksfjörður	0	0	6.301	-5.645	0	68.359
Súlan h/f	Akureyri	2.661.000	0	0	196.000	0	425.690
Sund hf,hraðfrystihús	Ísafjörður	0	0	0	-35.116	0	-33.360
Svanur h/f	Stykkishólmur	-1.305.000	0	0	0	678.527	147.176
Sveinn Björnsson o.fl.	Garður	0	0	0	-38.461	0	-36.538
Sveinn S. Steinarsson	Reykjavík	0	0	6.245	0	0	73.067
Sverrir Garðarsson	Bíldudalur	0	0	0	-62.499	0	-59.374
Sædís h.f.	Ólafsfjörður	-2.440.000	0	0	440.000	0	198.400
Sædór h.f., Siglufirði	Reykjavík	0	0	0	-46.471	0	-44.147
Sæfell h.f.	Stykkishólmur	0	0	0	75.560	233.300	162.769
Sæhamar h/f	Vestmannaeyjar	-245.000	0	0	-125.282	0	-141.068
Særún h/f	Blönduós	-1.224.000	0	0	266.980	0	143.471
Sævar Óskarsson	Grindavík	0	0	141	9.059	0	10.256
Tindfell h/f	Ólafsvík	0	0	0	375.713	0	356.927
Togaraútgerð Ísafjarðar h/f	Ísafjörður	0	0	0	-60.605	0	-57.575
Tómas Sæmundsson	Reykjavík	0	0	-4.336	0	0	-50.731
Trausti s.f.	Akureyri	0	0	0	62.500	0	59.375
Triton hf	Djúpivogur	-1.098.000	0	0	357.972	0	241.253
Tungufell h.f.,útgerðarfélag	Ólafsvík	-1.220.000	0	0	87.500	0	-26.675
Ufsaberg h.f.	Vestmannaeyjar	1.064.000	1.458.000	0	221.336	0	378.929
Uggi hf	Keflavík	-1.098.000	0	0	0	0	-98.820
Útg.fél. Akureyringa h.f.	Akureyri	0	0	0	52.199	0	49.589
Útg.félagið Njörður h.f.	Kópavogur	0	0	7.847	22.274	0	112.970
Útg.félagið Vísir h.f.	Sandgerði	-1.220.000	0	0	39.000	0	-72.750
Útgerð Arnars h.f.	Stykkishólmur	0	0	0	0	442.675	172.643
Útgerðarfél. Dalvíkinga h/f	Dalvík	0	0	0	0	0	0
Útgerðarfél. Jökull s.f.	Sauðárkrókur	0	0	0	111.487	0	105.913
Útgerðarfélag Bíldælinga hf	Bíldudalur	0	0	0	-136.000	0	-129.200
Útgerðarfélag K.E.A.	Hrísey	122.000	0	0	-310.600	0	-284.090
Útgerðarfélag Patreksfjarðar l	Patreksfjörður	0	0	-5.433	131.000	0	60.884
Útgerðarfélagið Barðinn hf	Kópavogur	-2.440.000	0	0	625.000	0	374.150
Útgerðarfélagið Drífa	Vestmannaeyjar	0	0	2.437	0	0	28.513
Útgerðarfélagið Leiti hf	Hnífsdalur	0	0	0	-165.955	0	-157.657
Útnes h.f.	Hellissandur	0	0	0	60.382	0	57.363
Valafell h.f.	Ólafsvík	0	0	0	63.000	0	59.850
Valdimar h.f.	Vogar	-2.444.000	0	0	2.253	0	-217.820
Valeik h.f.	Reykjavík	0	0	0	-33.866	0	-32.173
Valtýr Þorsteinsson h.f.	Akureyri	1.820.000	0	0	-60.000	0	106.800
Varkollur h.f.	Ólafsvík	-1.220.000	0	0	-4.000	0	-113.600
Vík s.f.	Skagaströnd	0	0	0	-75.862	0	-72.069
Víkurhraun h.f.	Grindavík	0	0	0	-46.153	0	-43.845
Vilmundur Reimarsson	Bolungavík	0	0	0	0	0	0
Vinnslustöðin hf	Vestmannaeyjar	8.402.000	-836.000	5.936	-139.410	0	651.392
Vísir h.f.	Grindavík	-3.540.000	0	10.287	-151.692	0	-342.350
Ýmir h/f	Bíldudalur	0	0	0	-62.500	0	-59.375
Ýmir hf	Bíldudalur	0	0	0	62.500	0	59.375
Þ/b Júpiter h/f c/o Jón S.Sigu	Reykjavík	0	4.000.000	0	-359.000	0	-141.050
Þinganes h.f.	Höfn	-2.346.000	0	9.550	234.696	0	123.556
Þorbjörn h.f.	Grindavík	-3.664.000	0	0	79.681	0	-254.063
Þórdís hf.útgerðarfélag	Blönduós	0	0	0	307.000	0	291.650
Þórður Jónsson h/f,útgerð	Bíldudalur	0	0	0	0	0	0
Þórður Rafn Sigurðsson	Vestmannaeyjar	-1.342.000	0	0	333.538	0	196.081

Tafla II

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Allar tölur eru í kílóum.

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld	Loðna	Humar	Rækja	Skel	Þorskígildi
Þormóður rammi h.f.	Siglufjörður	0	-3.292.000	0	1.176.587	0	953.158
Þórsnes h.f.	Stykkishólmur	-2.330.000	0	0	125.693	-497.394	-284.275
Þróttur h.f.	Grindavík	1.585.000	9.189.000	0	44.000	0	643.900
Örn Hjörleifsson	Hellissandur	0	0	0	-4.804	0	-4.564

277. Svar [206. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um störf hringormanefndar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Starfar hringormanefnd, sem skipuð var í ágúst 1979, enn í umboði sjávarútvegsráðherra?*
2. *Ef svo er, hver er kostnaður við störf nefndarinnar og eftir hvaða forsendum eru upphæðir „verðlaunaveitingar" fyrir selveiðar ákveðnar?*
3. *Ef svo er ekki, hver ber ábyrgð á störfum nefndarinnar og hvaða heimildir, lagalegar eða aðrar, hefur nefndin til þess að hvetja til selveiða með „verðlaunaveitingum"?*
4. *Hver er niðurstaða og árangur af störfum þeirrar nefndar sem skipuð var 1979 og hringormanefndar sem starfar nú samkvæmt skipunarbréfi nefndarmanna frá 1979:*
   a. *af rannsóknum og tilraunum til þess að leita lausnar á þeim vanda sem hringormar í fiski valda íslenskum fiskiðnaði og hvar hafa niðurstöður af þeim rannsóknum og tilraunum birst;*
   b. *af rannsóknum á selastofnum við Ísland og hvar hafa niðurstöður þessara rannsókna birst?*
5. *Eru störf hringormanefndar tengd fjölstofnaverkefni Hafrannsóknastofnunar? Ef svo er, hvert er hlutverk hringormanefndar í því samstarfi?*
6. *Hve oft hafa stofnstærðir sela verið áætlaðar eða selir taldir frá því að hringormanefndin var skipuð 1979? Hverjir hafa staðið fyrir þeim áætlunum og talningu í hvert skipti og hvaða breytingar hafa orðið á stærð selastofna og dreifingu þeirra á þessum tíma?*
7. *Hve margir selir hafa verið veiddir síðan 1979 fyrir tilstuðlan hringormanefndar, skipt niður á ár og fjölda í hverjum landshluta?*
8. *Hvernig er háttað stjórn og eftirliti með selveiðum?*
9. *Hefur sá vandi, sem hringormar í fiski valda íslenskum fiskiðnaði, minnkað frá því að hringormanefnd var skipuð 1979? Ef svo er, hversu mikið hefur hann minnkað og hvernig fer sú mæling fram?*

Í ágústmánuði 1979 skipaði ráðuneytið svokallaða hringormanefnd að ósk og frumkvæði sölusamtaka í sjávarútvegi. Ráðuneytið hefur síðan engin afskipti haft af þessari nefnd og standa þau samtök, sem fulltrúa eiga í nefndinni, undir rekstri hennar. Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum, sem beðið er um í fyrirspurninni, frá hringormanefnd og eru þær eftirfarandi, en athugasemdir við 8. lið eru frá ráðuneytinu. Jafnframt fylgir frá hringormanefnd ritskrá yfir útgefið efni sem tengist þessu máli.

1. Eins og fram kemur í svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn um sama efni í mars 1991, þskj. 829 (357. mál), starfar hringormanefnd nú ekki í umboði sjávarútvegsráðherra. Aðeins tveir af sjö núverandi nefndarmönnum voru í nefndinni 1979.

2. Á ekki við samkvæmt svari við fyrsta lið.

3. Í svari við fyrirspurn 1991, þskj. 829 (357. mál), er talið upp hverjir bera ábyrgð á störfum nefndarinnar. Starfsemi hringormanefndar fer í öllu að íslenskum lögum.

4. Orðalag þessa liðs á ekki við, sbr. svar við 1. lið. Niðurstöður af störfum hringormanefndar eru:

a. Niðurstöður rannsókna og tilrauna til þess að leita lausnar á hringormavandanum hafa birst víða, m.a. í Ægi, tímariti Fiskifélags Íslands, í Fiskvinnslunni, tímariti Fiskiðnar, fagfélagi fiskiðnaðarins, í ritaröð Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og víðar (sjá meðfylgjandi ritskrá).
b. Niðurstöður af rannsóknum á selastofnunum við Ísland hafa birst í Náttúrufræðingnum, tímariti hins íslenska náttúrufræðifélags, Hafrannsóknum og ársskýrslum Hafrannsóknastofnunar (sjá meðfylgjandi ritskrá).

5. Starfsmaður hringormanefndar er verkefnisstjóri fimm undirverkefna fjölstofnaverkefnis Hafrannsóknastofnunar: Fæða landsels og útsels, Ferðir landsela í Húnaflóa kannaðar með VHF-tækni, Orkuþörf sela við náttúrulegar aðstæður, Orkuinnihald fisktegunda á Íslandsmiðum og Kannanir á sambandi kvarnarlengdar, fisklengdar og -þyngdar hjá mikilvægustu fisktegundum í fæðu sela.

Starfsmaður hringormanefndar þiggur ekki laun frá Hafrannsóknastofnun vegna starfa sinna sem verkefnisstjóri. Hringormanefnd leggur hann til, Hafrannsóknastofnun að kostnaðarlausu. Auk þess kostar hringormanefnd úrvinnslu þegar safnaðra fæðusýna úr útsel hér við land, en þau munu nýtast fjölstofnarannsóknum Hafrannsóknastofnunar. Hafrannsóknastofnun leitaði til starfsmanns hringormanefndar um samstarf vegna sérþekkingar hans á selum.

6. Hringormanefnd hefur kostað talningar landsela og haustkópa frá 1980 til 1992. Landselir hafa verið taldir árin 1980, 1985, 1990 og 1992. Haustkópar hafa verið taldir 1982, 1986, 1990 og 1992 (sjá ársskýrslu Hafrannsóknastofnunar; Nytjastofnar sjávar og umhverfisþættir 1992/93 bls. 70–71). Gerð er grein fyrir talningum á selum frá 1980 til 1990 í Hafrannsóknum 43. hefti bls. 5–22. Um ástand selastofna má lesa í þessum ritum, en í stuttu máli er ástand þeirra nú þannig að landsel hefur fækkað talsvert á síðustu 12 árum (1980–1992), en útsel aðeins lítillega ef nokkuð.

7. Upplýsingar um selveiðar frá 1982 til 1992 er að finna í skýrslu Hafrannsóknastofnunar; Nytjastofnar sjávar og umhverfisþættir 1992/93, tafla 3.21.1 bls. 140. Hringormanefnd hóf greiðslur til selveiða 1982. Í fyrstu var greitt fyrir alla seli, en eftir 1. mars 1990 var hætt að greiða fyrir veiðar landsela. Nákvæma sundurliðun selveiðanna er að finna í grein Erlings Haukssonar í Hafrannsóknum 43. hefti; Selveiðar 1982 til 1989. Slík sundurliðun útselsveiðinnar árin 1990–1992 liggur ekki fyrir að svo stöddu. Grein um þetta efni verður væntanlega birt síðar.

8. Um selveiði gildir ákvæði tilskipunar frá 20. júní 1949 um veiði á Íslandi. Framkvæmd þeirra laga er ekki hjá sjávarútvegsráðuneytinu.

9. Hringormanefnd hefur staðið að þremur sjálfstæðum könnunum á hringormasýkingu þorsks á Íslandsmiðum, árin 1980, 1986 og 1991. Áður hafði Jónbjörn Pálsson kannað hringormasýkingu þorsks 1973. Þegar hafa verið birtar tvær greinar um þessar rannsóknir og er söfnun og úrvinnslu lýst í þeim (Erlingur Hauksson 1984 og sami 1992). Niðurstöður þriðju könnunarinnar eru óbirtar. Starfsmaður hringormanefndar hefur túlkað niðurstöður þessara þriggja kannana á þann veg að á umræddu tímabili hafi selormasýking (phocanema) þorsks staðið svo til í stað, en hvalormasýking (anisakis) þorsks vaxið eitthvað. Ef litið er á hringormasýkingu þorsks í afla umrædd ár hefur hundraðshluti sýktra þorska af selormi lítið breyst á umræddu tímabili. Meðalfjöldi selorma í þorski hefur líklega vaxið frá 1973 til 1986 og minnkað lítillega eftir það. Það skal þó undirstrikað að fleiri kannanir á þessu

þarf til svo að skera megi úr um hvort þetta sé ábyggileg fækkun orma eða einungis tilviljanakennd breyting. Slík sambærileg könnun við þær fyrri verður væntanlega gerð árið 1995.

Hringormanefnd áformar að framkvæma kannanir á fimm til sex ára fresti þannig að úrtakið samanstandi að mestu leyti af nýjum árgöngum þorsks sem ekki hafa verið kannaðir áður. Þorskar safna í sig hringormum sem þeir fá með fæðunni og hringormarnir virðast ekki drepast í þorskholdinu meðan fiskurinn lifir. Veruleg fækkun útsela, sem eru mikilvægustu lokahýslar og dreifendur selorma í þorsk, kæmi því ekki fram sem minni selormur í þorski fyrr en um fimm árum eftir fækkunina, í fyrsta lagi. Fram til þessa hefur útsel ekki fækkað verulega hér við land.

Ritskrá:

1980 Selir (Pinnipeds at the Icelandic coast). Erlingur Hauksson 1980. Rit Landverndar 7:49:64. Reykjavík.
1982 Hringanórinn (Occurrence of ringed seal in Icelandic Waters). Týli 12(1):7–12.
1984 Selveiðarnar 1982. Ægir 2:102–104.
1984 Selormurinn (Phocanema decipiens). Krabbe. Líffræði hans og hringormavandinn. Ægir 4:190–197.
1984 Hringormar í fiski. Fiskvinnslan 2:12–15.
1984 Könnun á sýkingu þorsks á Íslandsmiðum af selormi (Phocanema decipiens). Krabbe. (Anisakis simpleks). Dujardin. Hafrannsóknir 30:5–26.
1984 Fæða landsels (Phoca vitulina) L. og útsels (Halichoerus grypus) Fabr. við Ísland. Hafrannsóknir 30:27–65.
1985 Preliminary results of investigations on the biology of seals at the coast of Iceland, in the period 1980–1984. ICES N:17, 27 bls.
1985 Talning útselskópa úr lofti, kópaframleiðsla og stofnstærð útsels. Náttúrufræðingurinn 55 (2):83–93.
1985 Fylgst með landselum í látrum. Náttúrufræðingurinn 55(3):119–131.
1986 Fjöldi og útbreiðsla landsels við Ísland. Náttúrufræðingurinn 56(1):19–29.
1986 Hringormavandinn. Ugginn 7(1):14–18.
1986 Farselir við Ísland. Hafrannsóknir 35:41–68.
1986 Síldarormurinn. Fiskvinnslan 3/86:36, 39–40, 42–43.
1987 Selir. Bls. 124–131 í Fjölriti Náttúruverndarráðs nr. 16; Villt spendýr og fuglar. Árekstrar við hagsmuni mannsins.
1987 The status of the Icelandic seal populations. Bls. 91–104 í Procedings of International workshop on coastal seals. Conseil International de la chasse et de la Conservation du Gibier. Paris.
1987 Existing laws and regulations in connection to seals and sealing at the coast of Iceland. bls. 216–219 í Procedings of International workshop on coastal seals. Conseil International de la chasse et de la Conservation du Gibier. Paris.
1987 Sealing in Iceland — past and present. Bls. 254–265 í Procedings of International workshop on coastal seals. Conseil International de la chasse et de la Conservation du Gibier. Paris.
1988 Er munur á hringormafjölda í lifandiblóðguðum og dauðblóðguðum fiski? Fiskvinnslan 1/88:15–17.

1989 Geymsla fisks í krapa og hringormar. Fiskvinnslan 1/89:29, 31 og 33.
1989 Staðsetning hringorma í þorskflökum. Fiskvinnslan 2/89: 14–17.
1989 Selir og áhrif þeirra á fiskveiðar. Neysla sela á nytjafiskum og áhrif hennar á fiskafla. Ægir 6/89:290–295.
1989 Investigations on the sealworm problem in Icelandic waters; Recent findings and future research. Pps. 30–31, in Möller H. (ed.), Nematode problems in North Atlantic fish. Report from a workshop in Kiel, 3–4 April 1989. ICES, Mariculture Committee/F:6.
1990 Selir við Ísland. Ugginn 11(1):10–22.
1991 Slóg og hringormar. Ugginn 12(1):12–16.
1991 J. Brattey and W.T. Stobo (Rapporteurs), A. Björge, M.D.B. Burt, S. des Clers, L.P. Fanning, L. Jarecka, T. Landry, A. Mansfield, G. McClelland, R. Mohn, H. Möller, R.A. Myers, I.H. Ni, J. Pálsson, J.W. Smith, D. Thompson and R. Wootten. Group Report 2: Infection of Definitive Hosts. Bls. 139–145 í Bowen, W.D. (ritstj.) Population Biology of Sealworm (Pseudoterranova decipiens) in Relation to its Intermediage and Seal Hosts. Canadian Bulletin of Fisheries and Aquatic Sciences 222. Ottawa, 306. bls.
1991 D. Thompson and A.W. Mansfield (Rapporteurs), B. Beck, A. Björge, D. Bowen, M. Hammill, R.A. Myers, I.H.Ni, and K. Zwanenburg. Group Report 3: Seal Ecology. Bls. 163–170 í Bowen, W.D. (ritstj.) Population Biology of Sealworm (Pseudoterranova decipiens) in Relation to its Intermediage and Seal Hosts. Canadian Bulletin of Fisheries and Aquatic Sciences 222. Ottawa, 306 bls.
1991 Report on analyses of varations in feeding of grey seals in Iceland. Bls. 9–10 í Kapel, F. (ritstj.) report of Nordic Seminar on Predation and Predatory Processes in Marine Mammals and Sae–Birds. Tromsö, 39. bls.
1992 Observations on Seals on Surtsey in the Period 1980–1989. Surtsey Research Progress Report X:31–32.
1992 Útselur. Lífríki sjávar. Námsgagnastofnun — Hafrannsóknastofnun.
1992 Landselur. Lífríki sjávar. Námsgagnastofnun — Hafrannsóknastofnun.
1992 Farselir 1. Lífríki sjávar. Námsgagnastofnun — Hafrannsóknastofnun.
1992 Farselir 2. Lífríki sjávar. Námsgagnastofnun — Hafrannsóknastofnun.
1992 Talningar á landsel og útsel og ástand þessara stofna við strendur Íslands. Hafrannsóknir 43:5–22.
1992 Vöxtur og viðkoma landsels og útsels við Ísland. Hafrannsóknir 43:23–49.
1992 Stærð og sköpulag kjálka og vígtanna hjá landsel og útsel eftir kyni. Hafrannsóknir 43:50–58.
1992 Selveiðar 1982–1989. Hafrannsóknir 43:59–70.
1992 Sýking þorska á Íslandsmiðum af selormi og hvalormi 1985–1988. Hafrannsóknir 43:71–106.
1992 Hringormasýking nokkurra fisktegunda við Íslandsstrendur. Hafrannsóknir 43:107–123.
1992 Áhrif verkunar á hringorma. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 33. rit. Mars 1992. Reykjavík.
1993 Árstíðabreytingar á fjölda sela í látrum á Vatnsnesi í Vestur-Húnavatnssýslu. Náttúrufræðingurinn 62(1.–2.):37–41.

278. Svar [194. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Bryndísar Friðgeirsdóttur um endurbætur gamla sjúkrahússins á Ísafirði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig og hvenær hyggst ráðherra beita sér fyrir því að staðið verði við fyrirheit heilbrigðisráðuneytisins um þátttöku í kostnaði við endurbætur gamla sjúkrahússins á Ísafirði, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 4. október 1989, og áform formanns fjárlaganefndar, sbr. bréf bæjarstjórans á Ísafirði, dags. 11. apríl 1991?

Í gögnum ráðuneytisins kemur fram að tvisvar hafa heilbrigðis- og tryggingamálaráðherrar heitið því að kanna möguleika á að styrkur yrði veittur til gamla sjúkrahússins á Ísafirði fyrir forgöngu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Fyrra bréfið, dags. 4. október 1989, ritaði Guðmundur Bjarnason ráðherra Haraldi L. Haraldssyni bæjarstjóra og hét því að taka málið upp við fjárveitinganefnd við gerð fjárlaga fyrir árið 1990. Ekki tókst að fá fjárveitingu til verksins þá en árið 1991 kom fjárveiting, 5 millj. kr., sem veitt var til þessa verkefnis.

5. apríl 1993 ritaði Sighvatur Björgvinsson heilbrigðisráðherra Smára Haraldssyni bæjarstjóra bréf þar sem hann skýrði frá því að hann hefði ákveðið að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að verja 2 millj. kr. til að styrkja viðhaldsverkefni við gamla sjúkrahúsið. Á þessa tillögu var fallist og voru greiddar 2 millj. kr. á árinu 1993 til þessa verkefnis.

Þegar enn kom bréf frá bæjarstjóra á Ísafirði, Smára Haraldssyni, til núverandi heilbrigðisráðherra, dags. 28. september, þar sem óskað var eftir framlagi til viðhalds á gamla sjúkrahúsinu var litið svo á að ráðuneytið hefði þegar staðið við það sem upphaflega var rætt um í sambandi við styrk vegna þessa viðhalds og var svarið þannig að ráðuneytið liti svo á að af þess hálfu hefði ekki verið gert ráð fyrir frekari greiðslum til þessa verkefnis.

Við endurskoðun á þessu máli nú er ljóst að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur fyllilega staðið við það sem gert var ráð fyrir í sambandi við greiðslu vegna viðhalds gamla sjúkrahússins á Ísafirði.

279. Fyrirspurn [241. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni barna og ungmenna.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Að hve miklu leyti hefur verið tekið tillit til og komist til framkvæmda tillögur nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 5. apríl 1991 um málefni barna og ungmenna?

Greinargerð.

Nefndin skilaði af sér í október með áfangaskýrslu og sameiginlegum tillögum til úrbóta.

Hlutverk nefndarinnar var m.a. samkvæmt skipunarbréfi
— að hafa yfirsýn yfir málefni barna og ungmenna á höfuðborgarsvæðinu,
— að safna upplýsingum, miðla upplýsingum og styðja rannsóknarverkefni sem varða málefni þessa þjóðfélagshóps,
— að stuðla að samræmdri stefnumörkun í málefnum barna og ungmenna,
— að fylgjast með þróun hliðstæðra mála í nágrannalöndunum.

Skriflegt svar óskast.

280. Frumvarp til laga [242. mál]

um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Á eftir síðasta málslið 1. mgr. 6. gr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Þó er ráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð í hvaða tilvikum sé ekki krafist slíkrar aðgreiningar.

2. gr.

Við 22. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra skal ákvarða gjald fyrir þjónustu sem Fiskistofa veitir á grundvelli laga þessara.

Gjald Fiskistofu fyrir viðurkenningu á skoðunarstofu skal vera 200.000 krónur. Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið er nemur hlutfallslegri hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í ágúst 1993, þ.e. 192,5 stig.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–1993. Ekki tókst að ræða frumvarpið til hlítar og er það því endurflutt.

Gerðar hafa verið breytingar á 1. gr. frumvarpsins svo og á athugasemdum við lagafrumvarpið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, er fortakslaust ákvæði um að halda skuli sjávarafurðum, sem sérstaklega eru fluttar inn til vinnslu eða umpökkunar hér á landi en ætlaðar eru til endurútflutnings, aðgreindum frá innlendum afurðum þar til þær eru fluttar úr landi. Í ljós hefur komið að slík skilyrðislaus krafa um aðgreiningu getur í mörgum tilfellum leitt til umtalsverðra erfiðleika og mikils kostnaðarauka fyrir framleiðanda vörunnar. Þá er umrædd krafa um aðgreiningu ekki alltaf framkvæmanleg og má þar t.d. nefna landanir erlendra loðnuskipa í íslenskar fiskimjölsverksmiðjur. Á það skal einnig bent að ákvæði í fríverslunarsamningi Íslands og Evrópubandalagsins heimila framleiðanda vöru, sem telst upprunavara í skilningi fríverslunarsamninga EFTA og Evrópubandalagsins, að nota svonefnda bókhaldslega aðgreiningu í stað hlutlægrar aðgreiningar vegna notkunar sams konar efnivöru við framleiðslu afurða, sbr. reglugerð nr. 560/1983. Til að framleiðandi fái heimild til að beita bókhaldslegri aðgreiningu verður að liggja fyrir yfirlýsing um að framleitt sé úr sams konar efnivöru og að hlutlæg aðgreining sé óhagkvæm og kostnaðarsöm.

Með hliðsjón af framansögðu er hér lagt til að sjávarútvegsráðherra fái heimild til að gefa út reglugerð sem leyfir samruna innflutts og innlends hráefnis á vinnslustigi afurðanna ef þurfa þykir og innflutningur uppfyllir skilyrði til að nota bókhaldslega aðgreiningu í stað hlutlægrar. Er við það miðað að gerðar verði sömu kröfur um heilnæmi innfluttra sjávarafurða og innlendra þannig að samruni þeirra geti undir engum kringumstæðum skaðað orðstír íslensks sjávarfangs.

2. gr.

Með lögum nr. 91/1992, um stofnun hlutafélags um rekstur Ríkismats sjávarafurða, og lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, voru gerðar umfangsmiklar skipulagsbreytingar á eftirliti með framleiðslu sjávarafurða. Tilgangur breytinganna var einkum að auka eftirlit með framleiðslu sjávarafurða en draga jafnframt úr opinberum umsvifum með því að færa almennt eftirlit til skoðunarstofa. Því var skoðunarstofum falið eftirlit með því að framleiðendur framfylgi opinberum kröfum og kröfum erlendra kaupenda varðandi hreinlæti, gæði og búnað. Opinbert eftirlit var flutt til gæðastjórnunarsviðs Fiskistofu. Hlutverk þess er m.a. útgáfa vinnsluleyfa, viðurkenning á skoðunarstofum og eftirlit með starfsemi þeirra ásamt útgáfu heilbrigðis- og upprunavottorða.

Samkvæmt þessu skipulagi sem lögfest var með lögum nr. 93/1992 verða allir framleiðendur sjávarafurða, þar með talin fiskiskip, að fá vinnsluleyfi hjá Fiskistofu. Áður en vinnsluleyfi eru veitt verða framleiðendur að hafa gert samning við viðurkennda skoðunarstofu. Skoðunarstofur aðstoða vinnsluleyfishafa við að koma á innra eftirliti með framleiðslu sinni og fylgjast reglubundið með því eftirliti, ásamt hreinlæti og búnaði fyrirtækjanna. Fiskistofa veitir skoðunarstofu viðurkenningu að undangenginni viðamikilli úttekt. Fiskistofa fylgist með störfum skoðunarstofa annars vegar með reglubundnum skoðunum hjá einstökum vinnsluleyfishöfum og hins vegar á grundvelli skýrslna frá skoðunarstofum.

Ríkar skyldur eru því lagðar á Fiskistofu um þjónustu við sjávarútveginn. Þær athuganir sem stofan þarf að gera til að tryggja að sjávarafurðir uppfylli heilbrigðiskröfur helstu viðskiptaþjóða eru í senn umfangsmiklar og kostnaðarsamar. Þá hefur komið í ljós að Evrópubandalagið gerir mun meiri kröfur um opinbert eftirlit með framleiðslunni en reiknað var með þegar ný lög um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra voru sam-

þykkt. Fleiri verkefni hafa því lent hjá Fiskistofu en ráð var fyrir gert. Í lögum nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, var ákvæði er heimilaði gjaldtöku og aflaði stofnunin umtalsverðra sértekna fyrir sértæka þjónustu við framleiðslufyrirtækin, t.d. við útgáfu vottorða. Má þar nefna að Ríkismat sjávarafurða innheimti 500 kr. fyrir hvert útflutningsvottorð sem stofnunin gaf út. Í lögum nr. 93/1992 er ekki gjaldtökuheimild. Fiskistofa hefur því innheimt gjald fyrir útflutningsvottorð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Samkvæmt þeirri gjaldskrá kostar útflutningsvottorð 1.000 kr. og rennur fjárhæðin beint í ríkissjóð. Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af þessu nýja fyrirkomulagi við eftirlit með sjávarafurðum þykir eðlilegt að Fiskistofa geti aflað sér sértekna fyrir hluta þeirrar þjónustu sem hún veitir framleiðendum enda er það í samræmi við stefnu stjórnvalda að sá sem nýtur sértækrar þjónustu greiði fyrir hana eðlilegt þjónustugjald. Því er hér lagt til að sjávarútvegsráðherra hafi heimild til að ákvarða gjaldskrá sem notuð verði til að innheimta tekjur til að standa undir kostnaði af sértækri þjónustu Fiskistofu.

Fiskistofa á að viðurkenna starfsemi skoðunarstofa. Sú úttekt sem Fiskistofa þarf að framkvæma til að geta veitt viðurkenningu er bæði tímafrek og krefst mikillar nákvæmni. Því er í frumvarpi þessu lagt til að gjald, sem Fiskistofa innheimtir fyrir viðurkenningu á skoðunarstofu, verði 200.000 krónur.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

281. Frumvarp til laga [243. mál]

um breytingu á lögum nr. 123 28. desember 1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna, sbr. 27. gr. laga nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl., bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ríkisborgarar ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis skulu vera undanþegnir skilyrðum um ríkisfang og búsetu samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt samningi EFTA-ríkja við Evrópubandalagið um Evrópskt efnahagssvæði, sem undirritaður var í Óportó í Portúgal 2. maí 1992, er óheimilt að gera upp á milli borgara ríkjanna á grundvelli þjóðernis hvað varðar frelsi til að mega stunda verslunaratvinnu. Það er því nauðsynlegt að bæta inn í lög nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, ákvæði sem undanþiggur ríkisborgara annarra ríkja EES-svæðis framangreindum skilyrðum sem kveðið er á um í umræddum lögum til að geta fengið leyfi til að reka uppboðsmarkað með sjávarafla á Íslandi.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu þá og er því endurflutt nú.

282. Svar [109. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um íþróttakennslu í framhaldsskólum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða aðstöðu hafa framhaldsskólar til íþróttakennslu (fræðilegrar/verklegrar)?*
2. *Er um að ræða eigið húsnæði eða leiguhúsnæði og hvað kostar það?*
3. *Hvaða kostnaður fylgir því að koma nemendum frá skóla þangað sem íþróttakennsla fer fram?*
4. *Hve margar kennslustundir/mínútur á viku fá nemendur sem virka hreyfingu og kennslu?*
5. *Hvaða áform eru uppi til að bæta aðstöðuna þar sem henni er ábótavant?*

Svör óskast sundurliðuð eftir skólum.

Svör við fyrirspurninni koma fram í meðfylgjandi töflu.

Í 1. dálki kemur fram aðstaða framhaldsskólanna og merkja skammstafanirnar: Í = íþróttahús, S = sundlaug, F = stofa fyrir fræðilega kennslu, V = frjáls mæting.

Í dálki 2 a er svarað spurningunni hvort um eigið húsnæði er að ræða og dálkur 2 b hvað það kostar.

3., 4. og 5. dálkur svara 3., 4. og 5. spurningu um ferðakostnað á ári, fjölda kennslustunda og áform um umbætur.

Nafn skóla	1.	2. a.	2. b.	3.	4.	5.
Bændaskólinn á Hólum	Í/S	Já	0	0	V	Nei
Bændaskólinn Hvanneyri	Í	Já	0	0	1	Nei
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Í/S/F	Nei	1.154.640	0	2,5	Nei
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Í/S/F	Nei	1.800.000	0	2,5	Nei
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Í/S/F	Nei	3.000.000	0	3	Nei
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Í/S/F	Nei	1.500.000	0	3	Já
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Í/S/F	Að hluta	2.177.400	0	2,5	Já
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Í/S/F	Já	3.000.000	0	2	Já
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Í/F	Nei	2.000.000	0	2	Nei
Flensborg í Hafnarfirði	Í/F	Nei	2.000.000	0	2,25	Nei
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Í	Nei	150.000	0	2	Nei
Framhaldsskólinn Vestmannaeyjum	Í/S/F	Nei	1.600.000	0	3	Já
Framhaldsskóli Vestfjarða	Í/S	Nei	1.500.000	0	2	Nei
Framhaldsskólinn á Húsavík	Í/S/F	Nei	930.000	0	2,5	Nei
Framhaldsskólinn Laugum	Í/S/F	Já	0	0	3	Nei
Iðnskólinn í Hafnarfirði		Nei	Nei	0	0	Já
Iðnskólinn í Reykjavík	Í/S/F	Nei	0	0	2	Nei
Kvennaskólinn í Reykjavík	Í/F	Nei	100.000	0	2	Nei
Menntaskólinn á Akureyri	Í/S/F	Að hluta	1.000.000	0	2	Nei
Menntaskólinn á Laugarvatni	Í/S/F	Já	0	0	3	Já
Menntaskólinn Egilsstöðum	Í/S/F	Nei	1.850.000	0	3	Nei
Menntaskólinn í Kópavogi	Í/S/F	Nei	1.093.896	0	2	Nei
Menntaskólinn í Reykjavík	Í/F	Já	0	0	2,25	Nei
Menntaskólinn við Hamrahlíð	F	Nei	1.354.000	451.000	2	Nei
Menntaskólinn við Sund	Í	Já	0	0	2	Nei
Sjómannaskólinn/Vélskólinn	Í	Nei	118.800	0	V	Nei
Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum	S	Nei	136.800	0	1	Nei
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	Í	Nei	313.500	0	V	Nei
Verkmenntaskóli Austurlands	Í/S/F	Nei	760.000	0	2	Já
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Í/S/F	Að hluta	2.417.672	0	2	Nei
Verslunarskóli Íslands	Í	Já	0	0	2	Nei

283. Frumvarp til laga [244. mál]

um prestssetur.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Í lögum þessum merkir orðið prestssetur lögboðinn aðsetursstað prests og er hluti af embætti hans.

Prestssetur eru:

a. *Prestssetursjörð:* Tiltekin jörð (lögbýli) ásamt mannvirkjum, þar með talið íbúðarhús sem að lögum er prestssetur.
b. *Prestsbústaður:* Íbúðarhúsnæði án jarðnæðis í tilteknu sveitarfélagi eða á tiltekinni jörð eða nafngreindum stað þar sem lögboðið er að prestssetur skuli vera.

2. gr.

Stofnsettur skal sérstakur sjóður, prestssetrasjóður.

Stjórn sjóðsins, sbr. 3. gr., fer með yfirstjórn prestssetra og hefur fyrirsvar þeirra vegna.

Prestssetrasjóður stendur straum af kostnaði við prestssetrin, sbr. 6. gr. laga þessara.

3. gr.

Kirkjuráð kýs þriggja manna stjórn prestssetrasjóðs og varamenn þeirra og skiptir með þeim verkum. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kirkjuráðs.

Kirkjuþing getur sett sjóðstjórn starfsreglur og gert ályktanir um hvaðeina er lýtur að stjórn og starfrækslu sjóðsins er bindur sjóðstjórn.

4. gr.

Stjórn prestssetrasjóðs er heimilt að kaupa og selja prestssetur eða réttindi sem tengjast þeim, en samningur verður ekki bindandi fyrir aðila nema kirkjuþing og dóms- og kirkjumálaráðherra hafi heimilað þá ráðstöfun.

5. gr.

Prestum ber að gjalda prestssetrasjóði leigu fyrir prestssetur. Sjóðstjórn ákveður leigukjör, þar með talið leigugjald, og gerir leigusamninga við presta um prestssetur. Ákvæði húsaleigulaga og ábúðarlaga taka til réttarsambands aðila eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Prestssetrasjóður kostar:

1. Nýbyggingar prestssetra.
2. Kaup og sölu prestssetra.
3. Viðhald prestssetra.
4. Eignakaup á prestssetursjörðum við ábúðarlok prests ef því er að skipta.
5. Lögboðnar vátryggingar prestssetra.

6. Fasteignagjöld prestssetra.
7. Annan rekstur prestssetranna sem greiðist ekki af presti.
8. Rekstur sjóðsins.

7. gr.

Tekjur prestssetrasjóðs eru sem hér segir:

1. Fast framlag úr kirkjumálasjóði.
2. Leigutekjur af prestssetrum.
3. Álag greitt af presti við úttekt samkvæmt lögbundinni úttekt við ábúðarlok hans ef því er að skipta.
4. Söluandvirði prestssetra.
5. Framlög sem einstakar sóknir kunna að verja til tiltekinna verkefna.

8. gr.

Við gildistöku laga þessara tekur stjórn prestssetrasjóðs við þeirri yfirstjórn prestssetra sem verið hefur í höndum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, svo og réttindum og skyldum sem þeim fylgja.

9. gr.

Reikningshald prestssetrasjóðs skal vera í höndum biskupsstofu nema kirkjuþing geri aðra skipan þar á.

Ríkisendurskoðun endurskoðar fjárreiður prestssetrajóðs.

10. gr.

2. málsl. 5. gr. laga um Kristnisjóð o.fl., nr. 35 9. maí 1970, verður svohljóðandi: Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni og er þá sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans ef um lögboðið prestssetur er að ræða.

2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, fellur úr gildi.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kirkjuráð kýs svo fljótt sem auðið er þriggja manna stjórn prestssetrasjóðs og varamenn og skiptir með þeim verkum. Sú stjórn skal setja sér starfsreglur að fengnum tillögum Prestafélags Íslands og prófastafundar. Kjörtímabil þeirrar stjórnar skal vera hið sama og núverandi kirkjuráðsmanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um kirkjumálasjóð.

Verði frumvarp þetta að lögum felur það í sér að sérstök lög munu eftirleiðis gilda um prestssetur landsins. Tekin verða af öll tvímæli um að sérstakar reglur og sjónarmið gilda um þessar eignir. Fram að þessu hefur lögum um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, nr. 27 25. apríl 1968, verið beitt gagnvart prestsbústöðum og einnig íbúðarhúsum á prestssetursjörðum að nokkru leyti, en svo verður ekki eftirleiðis hljóti frumvarp þetta lagagildi.

Frumvarpið felur jafnframt í sér að stjórnsýsla prestssetra og tilsjón með þeim færist frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til þjóðkirkjunnar.

Frumvarpið ráðgerir að stofnaður verði sérstakur sjóður, prestssetrasjóður, sem lúti þriggja manna stjórn sem fari með stjórnsýslu prestssetra og standi straum af kostnaði við stofn- og rekstrarkostnað prestssetranna. Engin afstaða er tekin til eignarréttar yfir prestssetrunum. Í því sambandi þykir rétt að vekja athygli á álitsgerð kirkjueignanefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 23. desember 1982. Í fyrri hluta álitsgerðar nefndarinnar frá 1984 er fjallað um stöðu jarðeigna kirkjunnar. Þar segir m.a. um prestssetrin: „Prestsseturshúsin voru óumdeilanleg eign prestakallanna (embættanna) og hlutverk þeirra var að gera starf kirkjunnar mögulegt á viðkomandi stað. Húsin voru hluti af þeirri heild sem embættunum tilheyrði og þeirri grundvallarstöðu hefur aldrei verið breytt með lögmætum hætti. Samhliða nytjarétti báru þeir (prestar) fulla ábyrgð á þeim og fjárhagsskyldur, en var líka gert að tryggja stöðu þeirra eins og annarra kirkjueigna fyrir eftirkomendur með launum sínum ... Þess vegna má leiða að því rök að bak við öll prestsseturshús á landinu, einnig þau sem aðeins eru orðin hús á lóð, standi sjálfseignarstofnun sem trygging fyrir rétti prestssetursins, sbr. það sem áður sagði um jarðeignirnar."

Sérstakar nefndir ríkis og kirkju eru í viðræðum um framtíðarskipan kirkjueigna. Frumvarp þetta hefur verið kynnt þeim nefndum. Frumvarp þetta hefur einnig verið kynnt kirkjuráði og kirkjuþingi. Kirkjuþing samþykkti frumvarp þetta fyrir sitt leyti en lagði til að smávægilegar breytingar yrðu gerðar á því. Breytingartillögur kirkjuþings hafa allar verið teknar til greina og færðar inn í frumvarpið.

Frumvarp þetta hefur einungis helstu grundvallarreglur að geyma en að öðru leyti er gengið út frá því að nánari reglur mótist í framkvæmdinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er hugtakið prestssetur skilgreint. Prestssetrum í þessum skilningi má skipta í tvo flokka eftir því hvort um jörð (lögbýli) er að ræða eða ekki. Mismunandi reglur geta gilt um hvorn flokk um sig, t.d. um leigugjald. Sérstök ákvæði eru um stöðu presta á prestssetursjörðum í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990. Ákvæði þessu er ætlað að taka af allan vafa um að frumvarp þetta nái til beggja flokkanna. Kveðið er á um að prestssetrið sé hluti af embætti prestsins, enda er presti skylt að hafa aðsetur og lögheimili á prestssetri, sbr. 8. gr. nefndra laga.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir stofnun sérstaks sjóðs, prestssetrasjóðs, er annist um stjórnsýslu og rekstur prestssetra. Með þeim hætti eru prestssetrin, stjórnsýsla þeirra og rekstur, afmörkuð og sjálfstæði málaflokksins tryggt. Mælt er fyrir um að sjóðurinn fari með fyrirsvar eigna þessara, svo sem gagnvart öðrum aðilum, stjórnvöldum og í dómsmálum.

Stjórn prestssetrasjóðs er ekki bundin af fyrirmælum um það hvar og hverjum skuli lögð til prestssetur að öðru leyti en því er fram kemur í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Sjóðstjórn getur því í sjálfu sér ákveðið að leggja fleirum til prestssetur en greinir í nefndum lögum.

Um 3. gr.

Lagt er til að sjóðurinn lúti stjórn þriggja manna er kosnir séu af kirkjuráði. Kjörtímabil stjórnarinnar verði hið sama og kirkjuráðs eða fjögur ár.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta mælir fyrir um heimild sjóðstjórnar til kaupa og sölu á prestssetrum. Tryggilegra þykir að gera áskilnað um að kirkjuþing skuli heimila slíka ráðstöfun svo að hún öðlist gildi. Enn fremur þykir rétt að áskilja að samþykki dóms- og kirkjumálaráðherra þurfi til slíkra ráðstafana. Sú regla helgast m.a. af því að frumvarp þetta tekur ekki til eiginlegs eignarréttar yfir prestssetrunum eins og fyrr sagði. Þykir því rétt að tryggja ríkisvaldinu áfram vissan íhlutunarrétt með þessum hætti uns eignamál verða til lykta leidd.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögfest verði ein heildarregla um skyldu presta á prestssetrum til að inna af hendi endurgjald fyrir umráð og afnot sín af prestssetrum. Sjóðstjórn er ætlað að ákvarða fjárhæð leigugjalds og móta nánari reglur um leigugjald að öðru leyti.

Um 6. gr.

Í ákvæði þessu eru helstu viðfangsefni og kostnaðarliðir sjóðsins talin upp.

Með nýbyggingum er fyrst og fremst átt við íbúðarhúsnæði en ákvæðið getur einnig tekið til nýbygginga, t.d. útihúsa á jörð eða bifreiðageymslu.

Prestssetrasjóður skal einnig standa straum af kostnaði við kaup prestssetra ef því er að skipta, t.d. ef keypt er notað íbúðarhúsnæði í þéttbýli til þeirra nota.

Allur viðhaldskostnaður vegna prestssetranna greiðist af prestssetrasjóði. Þó verður að hafa í huga ákvæði 4. gr. sem segir að ábúðarlög og húsaleigulög taki til réttarsambands prests og prestssetrasjóðs, eftir því sem við getur átt. Ef skylda til eignakaupa á prestssetursjörð er fyrir hendi ber prestssetrasjóði að greiða fráfarandi presti sem úttekt mælir fyrir um í því sambandi, en prestssetrasjóður nýtur þó stöðu landsdrottins samkvæmt ábúðarlögum þannig að heimilt er að greiða með þeim skilmálum er þar greinir.

Skylt er að kaupa brunatryggingar fyrir íbúðarhús, sbr. lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59 24. apríl 1954. Þá getur skylda til frekari trygginga stofnast ef um veðsetningu prestssetursjarðar er að ræða. Greiðsla fasteignagjalda hvílir á prestssetrasjóði.

Ógerlegt er að segja nákvæmlega fyrir um annan kostnað sem falla kann á vegna prestssetra. Eðlilegt þykir að gera ráð fyrir að sjóðurinn greiði að meginstefnu til kostnað sem ósanngjarnt eða óeðlilegt er að viðkomandi prestur greiði. Sem dæmi má nefna kostnað við landskipti eða endurskoðun fasteignamats svo fátt eitt sé nefnt.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn standi undir eigin rekstrarkostnaði. Er það eðlileg regla sem þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 7. gr.

Hér er mælt fyrir um tekjur prestssetrasjóðs. Meginsjónarmiðin eru þau að svipað fjármagn sé til ráðstöfunar fyrir sjóðinn eins og veitt hefur verið til viðfangsefna hans á fjárlögum undanfarin ár, auk þess sem tekið er tillit til áætlaðs rekstrarkostnaðar sjóðsins, en mat á honum hefur verið unnið af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í samráði við biskupsstofu.

Megintekjustofninn er árlegt fjárframlag úr kirkjumálasjóði sem skal nema 52 millj. kr., sbr. 3. gr. frumvarps til laga um kirkjumálasjóð.

Leigugjald það sem sóknarprestum ber að inna af hendi skv. 5. gr. frumvarpsins á að skila nokkrum tekjum í prestssetrasjóð. Núverandi leigugreiðslur presta fyrir prestssetur hafa skilað u.þ.b. 7 millj. kr. árlega. Þó þykir mega gera ráð fyrir að leiga fyrir nokkur prestssetur verði hækkuð, einkum þar sem leigugreiðslur hafa einungis numið nokkrum krónum á ári, svo og á jörðum með umtalsverð hlunnindi. Er því ætlandi að leigutekjur geti hækkað nokkuð. Erfitt er að áætla með nákvæmni um hversu miklar tekjur getur orðið að ræða fyrir sjóðinn. Kemur þar m.a. til að ekki liggur fyrir hver fjárhæð leigu verður, auk þess sem eitthvað getur verið um það að prestssetur séu ekki setin um lengri eða skemmri tíma og skili því ekki leigutekjum. Þó þykir mega gera ráð fyrir að árlegar leigutekjur verði ekki minni en 10 millj. kr.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir þeim möguleika að við úttekt vegna ábúðarloka prests sem situr prestssetursjörð sé kveðið á um greiðsluskyldu fráfarandi prests á sama hátt og gert er ráð fyrir eignakaupum í 6. gr. frumvarps þessa.

Ákveði sjóðstjórn að selja prestssetur af einhverjum ástæðum rennur söluandvirði eignarinnar í sjóðinn og þá væntanlega jafnaðarlega til kaupa á fasteign í stað hinnar seldu.

Sóknir, einkum hinar efnameiri, kunna að hafa hug á að leggja presti lið með því að veita fé til endurbóta á prestssetri eða eftir atvikum að leggja honum til nýtt húsnæði. Rétt þykir að girða ekki fyrir þann möguleika ef svo vill verkast og er því gert ráð fyrir að sóknir geti veitt prestssetrasjóði framlag til tiltekinna verkefna. Framlög sóknanna skapa þeim þó ekki nein réttindi yfir prestssetrunum. Ekki er litið til þessara hugsanlegu fjárframlaga við mat á fjárhagslegum forsendum prestssetrasjóðs. Framlög til sjóðsins frá sóknum yrðu því hrein viðbót við annað ráðstöfunarfé sjóðsins.

Um 8. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um að sú yfirstjórn sem verið hefur á hendi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í málefnum prestssetra færist til sjóðstjórnar um leið og lögin öðlast gildi, svo og réttindi og skyldur er varða prestssetrin. Þykir rétt að marka þessu glögg skil.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við samsvarandi ákvæði í lögum um sóknargjöld og Kristnisjóð.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta er sett til að taka af allan vafa um að skylt sé, eins og verið hefur, að leggja öllum lögboðnum prestssetrum samkvæmt lögum nr. 62/1990 til ókeypis lóðir. Þykir rétt að haga orðalagi ákvæðisins með þessum hætti í samræmi við þá stöðu prestssetra sem frumvarp þetta mælir fyrir um.

Um 11. gr.

Gildistökuákvæði frumvarps þessa er miðað við áramót og er það í samræmi við gildistökuákvæði í frumvarpi til laga um kirkjumálasjóð.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um prestssetur.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um kirkjumálasjóð og er nátengt því fjárhagslega. Gert er ráð fyrir (2. gr.) að stofnaður verði sérstakur sjóður, prestssetrasjóður, og fái hann fast framlag úr kirkjumálasjóði (1. tölul. 7. gr.). Gerð er grein fyrir því framlagi í 3. gr. frumvarps til laga um kirkjumálasjóð þar sem svo kveður á að framlag kirkjumálasjóðs til prestssetrasjóðs skuli eigi vera lægra en 52 m.kr. á ári og skuli sú fjárhæð vera bundin lánskjaravísitölu.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að stjórn prestssetrasjóðs verði heimilt að kaupa og selja prestssetur eða réttindi sem tengjast þeim. Þau viðskipti eru háð samþykki kirkjuþings og dóms- og kirkjumálaráðherra. Vakin skal athygli á eins og gert er í athugasemdum við lagafrumvarp þetta að kirkjunni eru ekki afhentar prestssetursjarðir og prestsbústaðir til eignar. Þær eignir verða áfram eign ríkissjóðs. Í 3. tölul. 7. gr. er gert ráð fyrir að söluandvirði prestssetra teljist prestssetrasjóði til tekna. Hér skal þess getið að ákveðnar prestssetursjarðir hafa að geyma verðmætan virkjunarrétt auk annarra hlunninda. Þá skal bent á að ákvæði 4. gr. ber að skoða í samhengi við 40. gr. stjórnarskrárinnar þar sem svo er kveðið á að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Þá skal og bent á 5. gr. laga nr. 52/1987 og 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 63/1970 og loks á 6. gr. fjárlaga um heimildir fjármálaráðherra til kaupa og sölu eigna.

Svo sem getið er í umsögn um frumvarp til laga um kirkjumálasjóð eru áhrif þessa frumvarps, verði það að lögum, að færa ákveðin verkefni frá ríkissjóði til kirkjuyfirvalda þannig að þau falli brott af fjárlögum. Þau verkefni, sem sjóðurinn á að kosta, eru talin upp í 6. gr. frumvarps til laga um prestssetur. Fyrir prestssetrasjóð eru þau sem hér segir: (1) Viðhald prestssetra. Til þessa viðfangsefnis er varið 44,6 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 1994. (2) Prestaköll og prófastsdæmi, almennur rekstur. Í fjárlagafrumvarpi eru 5,1 m.kr. ætlaðar til þessa viðfangsefnis. (3) Prestssetur, nýbygging og kaup, 8,4 m.kr. Ekkert framlag er í fjárlagafrumvarpi til þessa viðfangsefnis heldur er það kostað skv. 2. og 3. gr. í frumvarpi til laga um kirkjumálasjóð. Er nánar vísað til töflu í umsögn með því frumvarpi þar sem grein er gerð fyrir ráðstöfun þeirrar heildarfjárhæðar sem ætlað er að muni renna til kirkjumálasjóðs skv. 2. gr. þess frumvarps.

284. Frumvarp til laga [245. mál]

um kirkjumálasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist kirkjumálasjóður.

2. gr.

Ríkissjóði ber að skila kirkjumálasjóði árlega af tekjuskatti gjaldi er nemur 11,3% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld. Gjaldið greiðist mánaðarlega.

3. gr.

Kirkjumálasjóður skal skila á hverju ári fjárhæð er rennur til preststssetrasjóðs eftir nánari ákvörðun kirkjuráðs. Framlagið skal eigi nema lægri fjárhæð en 52 milljónum króna og skal sú fjárhæð endurskoðuð árlega með hliðsjón af byggingarvísitölu í júlímánuði. Framlagið skal innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

4. gr.

Auk framlags í preststssetrasjóð, sbr. 3. gr., skal kirkjumálasjóður standa straum af kostnaði við eftirtalið eftir nánari ákvörðun kirkjuráðs:

1. Kirkjuþing, kirkjuráð og prestastefnu.
2. Biskupsgarð.
3. Ráðgjöf í fjölskyldumálum (fjölskylduþjónustu kirkjunnar).
4. Söngmálastjórn og tónlistarfræðslu á vegum þjóðkirkjunnar.
5. Starfsþjálfun guðfræðikandídata.
6. Önnur verkefni.

5. gr.

Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn kirkjumálasjóðs og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn er kynnt skal dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir lok maímánaðar ár hvert. Áætlun skal einnig kynnt kirkjuþingi.

Reikningshald sjóðsins skal vera í höndum biskupsstofu og reikningsleg endurskoðun framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

6. gr.

1. Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993, breytast þannig:
   a. 1. tölul. 1. mgr. 39. gr. orðast svo: Á árinu 1994 skal gjaldið vera 139,88 kr. á einstakling á mánuði.
   b. Í stað „1994“ í 2. tölul. 1. mgr. 39. gr. kemur: 1995.

2. Lög um kirkjuþing og kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju, nr. 48 11. maí 1982, breytast þannig:
   a. Við 2. mgr. 1. gr. bætist: nema kirkjuþing geri aðra skipan þar á.
   b. 14. gr. laganna orðast svo: Kirkjuþing kýs þingfararkaupsnefnd er ákvarðar dagpeninga, ferðakostnað og þóknun til kirkjuþingsmanna.
   c. 2. málsl. 17. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994 en skulu koma til endurskoðunar eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku þeirra.

Jafnframt falla úr gildi lög um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar, nr. 3 24. febrúar 1981, frá sama tíma.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kirkjumálasjóður skal starfrækja embætti söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar áfram, eins og við getur átt, til loka vormissiris 1995. Lokapróf frá Tónskólanum til þess tíma veitir sömu réttindi og aðrir tónlistarskólar, þ.e. til starfa sem organisti og sem kennari í tónlist. Tónskólinn skal til þess tíma kenna í samræmi við námsskrá sem hlotið hefur staðfestingu menntamálaráðuneytisins. Nemendur Tónskólans öðlast að öðru leyti réttindi í samræmi við þá áfanga (námsstig) sem þeir ljúka í námi og í samræmi við ákvæði í reglugerð.

Fastráðnir starfsmenn söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar skulu hafa rétt til áframhaldandi og sambærilegra starfa hjá söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar eftir að lög þessi öðlast gildi. Söngmálastjóri skal eiga sama rétt til áframhaldandi óbreyttra starfa. Forstöðumaður fjölskylduþjónustu kirkjunnar skal eiga rétt til áframhaldandi og sambærilegra starfa við fjölskylduþjónustuna við gildistöku laga þessara. Ákvæði 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 14. apríl 1954, á því ekki við um þessa starfsmenn.

Eignir þær, sem ríkið hefur lagt Tónskóla þjóðkirkjunnar til, renna til skólans við gildistöku laga þessara.

Húseignin að Bergstaðastræti 75, Reykjavík, ásamt leigulóðarréttindum verður eign kirkjumálasjóðs við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi þessu, sem flutt er samhliða frumvarpi til laga um prestssetur, er ætlað að færa stjórnsýslu á sviði kirkjumála frá ríkisvaldinu til þjóðkirkjunnar, auk þess sem þeirri bráðabirgðaskipan mála, sem mælt er fyrir um í lögum um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, nr. 115 29. desember 1992, er komið í varanlegt horf. Í þessu skyni er gert ráð fyrir stofnun sérstaks sjóðs, kirkjumálasjóðs, er lúti stjórn kirkjuráðs. Frumvarpið er í samræmi við löggjöf um Kristnisjóð og Jöfnunarsjóð sókna eins og við getur átt. Verkefni, sem sjóðnum eru ætluð, eru ýmis kirkjuleg málefni, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Auk þess er sjóðnum ætlað að standa straum af kostnaði við prestssetur landsins að miklu leyti.

Tekjur sjóðsins verða hlutdeild í tekjuskatti sem reiknast sem hlutfall af þeim hluta sóknargjalda er renna til þjóðkirkjusafnaða. Hlutdeild kirkjugarða í tekjuskatti verður lækkuð að sama skapi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um að stofnsettur skuli sérstakur sjóður er nefnist kirkjumálasjóður.

Um 2. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu ber ríkissjóði að skila kirkjumálasjóði af tekjuskatti gjaldi sem reiknast hlutfallslega af sóknargjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða.

Ráðgert er að kirkjumálasjóður hafi svipaða fjárhæð til að sinna verkefnum þeim sem tilgreind eru í frumvarpi þessu og veitt er til þeirra á fjárlögum yfirstandandi árs, auk þess sem tekið er tillit til kostnaðar við stjórn, rekstur o.fl. eftir því sem við á. Samkvæmt því er kostnaður við þau verkefni sem kirkjumálasjóði er ætlað að sinna, sbr. 3. gr. frumvarpsins, 87,3 millj. kr. á ári.

Að mati Hagstofunnar má reikna með að fjöldi þjóðkirkjumanna, 16 ára og eldri, 1. desember 1993 muni verða u.þ.b. 180.000. Fjöldi þeirra 1. desember 1992 var 177.797. Sóknargjald ársins 1993 er 358,78 kr. á mánuði á hvern einstakling, 16 ára og eldri 1. desember 1992. Sóknargjald tekur breytingum árlega í samræmi við þá breytingu á meðaltekjuskattsstofni sem kann að hafa orðið á milli tveggja næstliðinna tekjuára á undan gjaldári. Þjóðhagsstofnun telur ætlandi að meðaltekjuskattsstofn einstaklinga milli tekjuáranna 1992 og 1993 verði sem næst óbreyttur. Sóknargjöld árið 1994 breytast því ekki samkvæmt því og ættu þau því að verða samtals um 775 millj. kr. Tekjustofn sjóðsins er við þetta miðaður, þannig að 11,3% viðbót við sóknargjöld á að skila sjóðnum 87,3 m. kr.

Um 3. gr.

Kirkjumálasjóði, ásamt leigutekjum af prestssetrum, er ætlað að kosta viðfangsefni prestssetrasjóðs. Lagt er til að árlegt framlag til prestssetrasjóðs verði ákveðið sem föst fjárhæð. Af eðli viðfangsefna sjóðsins leiðir að tryggja verður sjóðnum öruggan tekjustofn sem auðveldar jafnframt alla stjórnsýslu sjóðstjórnar og áætlanagerð. Gert er ráð fyrir að lágmarksframlag þetta taki breytingum í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Er lagt til að lágmarksframlagið verði endurskoðað með þeim hætti í júlímánuði ár hvert og er þá unnt að sjá hvert lágmarksframlag næsta árs verður. Í frumvarpi til laga um prestssetrasjóð kemur fram að fjárþörf sjóðsins er um 62 millj. kr. á ári og að teknu tilliti til leigutekna, sem taldar eru geta skilað u.þ.b. 10 millj. kr. á ári, þurfi prestssetrasjóður því að lágmarki 52 millj. kr. á ári. Kirkjuráð getur ákveðið að veita viðbótarfé úr kirkjumálasjóði til prestssetrasjóðs umfram lágmarksfjárhæð þá sem hér um ræðir.

Um 4. gr.

Hér eru talin upp þau verkefni sem sjóðnum er ætlað að kosta. Hér er um sömu verkefni að ræða og tiltekin eru í 31. gr. laga nr. 115/1992. Auk þess er lagt til að sjóðurinn taki við og annist um biskupsgarð, embættisbústað biskups. Kirkjan mun væntanlega hafa aðra fasteignaumsýslu á sinni hendi samkvæmt því sem ráðgert er og er því þessi ráðstöfun biskupsgarðs eðlileg í því ljósi.

1. Kirkjuþing, kirkjuráð og prestastefna. Framlag á fjárlögum 1993 til kirkjuþings er 3,9 millj. kr., til kirkjuráðs 900 þús. kr. og til prestastefnu 600 þús. kr. Samtals nema framlög þessi 5,4 millj. kr. Ferðakostnaður, þar með taldir dagpeningar vegna prestastefnu 1993, nam 2,9 millj. kr. Ákvæði um prestastefnu eru í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, en um kirkjuþing og kirkjuráð í lögum nr. 48 11. maí 1982.
2. Biskupsgarður. Erfitt er að segja nákvæmlega fyrir um hver kostnaður við rekstur fasteignarinnar verður enda getur það verið breytilegt frá einu ári til annars. Biskupsstofa hefur annast um biskupsgarð hin síðari ár. Að mati dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og biskupsstofu má gera ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður geti numið um 800 þús. kr. að jafnaði á ári og er þá allt viðhald meðtalið.
3. Ráðgjöf í fjölskyldumálum. Kirkjan starfrækir svonefnda fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Framlag á fjárlögum til þess málaflokks á yfirstandandi ári nemur 2,2 millj. kr.
4. Kostnaður við embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og Tónskóla þjóðkirkjunnar, sbr. lög nr. 3 24. febrúar 1981, er greiddur úr ríkissjóði en á síðasta ári var mælt um þau atriði í lögum nr. 115/1992. Framlag á fjárlögum 1993 nemur 15,6 millj. kr. og er þá tekið tillit til sértekna sem talið er að verði um 1,3 millj. kr. Kirkjumálasjóður mun yfirtaka rekstur hvors tveggja en lög nr. 3/1981 verða afnumin.
5. Starfsþjálfun guðfræðikandídata. Framlag til starfsþjálfunar guðfræðikandídata á fjárlögum 1993 er 2,8 millj. kr. Um starfsþjálfun guðfræðikandídata er fjallað í lögum nr. 62/1990, sbr. reglugerð um starfsþjálfun guðfræðikandídata nr. 89 12. febrúar 1991.
6. Ýmis verkefni. Á fjárlögum ársins 1993 er hluti af fjárveitingu til embættis biskups Íslands ætlaður til ýmissa verkefna eins og þar segir og nemur framlagið 5,6 millj. kr. Ráðgert er að kirkjumálasjóður standi eftirleiðis straum af þessum kostnaði. Þessari fjárveitingu hefur verið varið til að standa straum af kostnaði við Biblíuþýðingu og safnaðaruppbyggingu.

Árleg útgjöld kirkjumálasjóðs til prestssetrasjóðs og verkefna samkvæmt þessu ákvæði nema samtals 87,3 millj. kr.

Um 5. gr.

Lagt er til að kirkjuráð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 48/1982 og fer með ýmis sameiginleg mál þjóðkirkjunnar, fari með stjórn sjóðsins. Kirkjuráð hefur einnig með höndum umsjá Kristnisjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna og er því eðlilegt og hagkvæmt að skipa málum á þennan veg.

Ákvæði þetta er samhljóða samsvarandi ákvæðum í lögum um Kristnisjóð o.fl., nr. 35 9. maí 1970, og í lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91 29. desember 1987.

Um 6. gr.

Kirkjugarðsgjald árið 1994 samkvæmt frumvarpi þessu verður 139,88 kr. á mánuði.

Árið 1993 átti hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti að nema 177 kr. á mánuði á hvern einstakling 16 ára og eldri í árslok 1992 en skv. 3. gr. laga nr. 115/1992 lækkaði það um 20% og varð gjaldið 141,60 kr. á mánuði. Gjaldendur þess hluta kirkjugarðsgjalds á þessu ári (fjöldi þeirra 1. desember 1992) eru 193.434 manns, en Hagstofan áætlar að fjöldi manna 16 ára og eldri 1. desember 1993 (sem verður þá fjöldi gjaldenda á árinu 1994) verði um 196.000 manns. Að mati Þjóðhagsstofnunar má ætla að meðaltekjuskattsstofn einstaklinga milli tekjuáranna 1992 og 1993 verði sem næst óbreyttur. Samkvæmt því ætti þessi

hluti kirkjugarðsgjalds árið 1994 einnig að verða 177 kr. á mánuði. Óskert hlutdeild kirkjugarða í tekjuskatti árið 1994 gæti því numið um 416,3 millj. kr. Kirkjumálasjóður þarf 87,3 millj. kr. á ári til ráðstöfunar eins og fyrr segir og verður það því sú fjárhæð sem hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækkar um. Hlutdeild kirkjugarða í tekjuskatti árið 1994 verður samkvæmt þessu 329 millj. kr. Mánaðarlegt kirkjugarðsgjald verður því 139,88 kr. á mánuði árið 1994 og er lagt til að sú fjárhæð verði lögfest, svo og að um árlegar breytingar á henni fari eins og verið hefur þannig að stuðst sé við hækkun á meðaltekjuskattsstofni tveggja næstliðinna tekjuára á undan gjaldári.

Breytingar á lögum um kirkjuþing og kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju fela í sér að kirkjumálasjóður kostar hvort tveggja. Jafnframt að kirkjuþing geti ákveðið tíðni og lengd þinghalda, auk þingtíma.

Um 7. gr.

Hér er mælt fyrir um gildistöku frumvarpsins sem er í samræmi við gildistökuákvæði frumvarps til laga um prestssetur. Gildistakan er miðuð við áramót, enda taka lög nr. 115/1992 ekki til lengri tíma. Lagt er til að lög um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar, nr. 3/1981, verði felld úr gildi. Með hliðsjón af þeim breytingum á yfirstjórn og rekstri embættis söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar, sem lagafrumvarp þetta felur í sér, þykir ekki nauðsynlegt að hafa sérstök lög eftirleiðis er mæli fyrir um þessi atriði.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Mælt er fyrir um að kirkjumálasjóður skuli reka embætti söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar með sama hætti og verið hefur eins og við getur átt og að starfsfólk skuli halda störfum sínum óbreyttum. Ákvæði þetta er sett til að tryggja hagsmuni starfsfólks og nemenda Tónskólans með sanngjörnum hætti. Þannig er gert ráð fyrir að nemendur, sem þegar hafa hafið nám við Tónskólann, eigi þess kost að ljúka því og öðlast þau réttindi sem greinir í lögum nr. 3/1981.

Að öðru leyti er gengið út frá því að kirkjan ákveði hvernig fyrirkomulagi söngmálastjórnar og tónmennta þjóðkirkjunnar verður háttað að liðnum þeim tíma sem ákvæði þetta tiltekur.

Eðlilegt er að eignir þær, sem skólanum hafa verið lagðar til, haldist þar áfram og er því mælt fyrir um að þær skuli verða eignir Tónskólans. Samkvæmt lögum nr. 3/1981 greiðir ríkið kostnað við stofnbúnað og rekstur skólans.

Forstöðumaður fjölskylduþjónustu kirkjunnar heldur störfum sínum óbreyttum þrátt fyrir breytingar þær sem frumvarp þetta mælir fyrir um.

Með því að kirkjumálasjóður yfirtekur umsjón og rekstur biskupsgarðs þykir eðlilegt að afhenda sjóðnum núverandi biskupsgarð, húseignina að Bergstaðastræti 75, Reykjavík, til fullrar eignar og umráða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um kirkjumálasjóð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákveðin útgjöld til kirkjumála, sem fé hefur fram til þessa verið veitt til af fjárlögum, verði í framtíðinni kostuð af sjóði sem nefnist kirkjumálasjóður. Samhliða frumvarpi þessu er flutt frumvarp til laga um prestssetur.

Í 2. gr. er ríkissjóði gert að skila kirkjumálasjóði árlega 11,3% til viðbótar þeim gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða. Hluta kirkjumálasjóðs er síðan ætlað að kosta þá útgjaldaliði sem taldir eru upp í 3. og 4. gr. Á móti kemur ákvæði í 1. tölul. a í 6. gr. þar sem kirkjugarðsgjald er lækkað úr 177 kr. í 139,88 kr. á mánuði. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er lækkuninni skv. 6. gr. ætlað að vera jafnhá viðbótinni skv. 2. gr.

Þeir útgjaldaliðir, sem kirkjumálasjóði og prestssetrasjóði er ætlað að kosta á ári komanda, eru sem hér segir:

Fjárlaga-númer	Heiti viðfangsefnis	M.kr. 1994
06-701-1.11-1.14	Kirkjuráð, kirkjuþing, prestastefna	5,5
06-712-5.01	Biskupsgarður (viðhald prestssetra)	*
06-790-1.12	Ráðgjöf í fjölskyldumálum	2,2
06-721	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	15,7
06-701-1.05	Starfsþjálfun guðfræðikandídata	2,8
06-701-1.15	Ýmis verkefni	3,0
Samtals vegna kirkjumálasjóðs		**29,2**
06-712-5.01	Viðhald prestssetra	44,6
06-711-1.10	Prestar og prófastar	5,1
	Prestssetur, nýbyggingar og kaup	8,4
Samtals vegna prestssetrasjóðs		**58,1**
Alls		**87,3**

* Ekki er til sérstakur liður í fjárlagafrumvarpi 1994 fyrir þessum kostnaðarþætti heldur er viðhald biskupsgarðs kostað af liðnum viðhald prestssetra.

Allar ofangreindar fjárhæðir eru í fjárlagafrumvarpi 1994 nema sú síðasttalda, 8,4 m.kr. til nýbyggingar prestssetra og kaupa eigna á prestssetursjörðum.

Í greinargerð frumvarpsins er ítarlega skýrt frá áhrifum á tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs af samþykkt þessa frumvarps. Er þar miðað við fjárlög 1993. Í fjárlagafrumvarpi 1994 hefur verið gert ráð fyrir að skipan fjármála kirkjunnar verði með álíka sniði og í fjárlögum 1993. Eins og það er lagt fyrir nú í upphafi þings er gert ráð fyrir að 20% af hlutdeild kirkjugarðanna í tekjuskatti verði varið til að kosta tiltekin verkefni á árinu á grundvelli laga nr. 115/1992 og er hlutur kirkjunnar af tekjuskatti þar með skertur tekju megin í fjárlagafrumvarpinu um sem næst 87,3 m.kr. Verði frumvarp til laga um kirkjumálasjóð samþykkt er nauðsynlegt að sú breyting verði gerð á fjárlagafrumvarpi 1994 að útgjöld til þeirra liða, sem nú koma gjalda megin, falli niður úr fjárlagafrumvarpi og á móti falli niður samsvarandi skerðing tekju megin. Nettóáhrifin á afkomu ríkissjóðs eru því engin.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að fastráðnir starfsmenn söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar skuli hafa rétt til áframhaldandi og sambærilegra starfa hjá söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar. Sama gildir um forstöðumann fjölskyldubjónustu kirkjunnar. Ákvæði 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 14. apríl 1954, eiga því ekki við um þessa starfsmenn. Þetta þýðir að umræddir starfsmenn eiga ekki rétt til biðlauna þótt þeir hætti hér með að vera ríkisstarfsmenn. Einnig verður að álykta að verðtrygging lífeyrisskuldbindinga umræddra starfsmanna verði á ábyrgð kirkjunnar frá sama tíma.

Þá er gert ráð fyrir að eignir ríkissjóðs, tengdar Tónskóla þjóðkirkjunnar, renni til skólans við gildistöku laga þessara. Ekki hefur verið lagt mat á þessar eignir enda taldar óverulegar. Loks er gert ráð fyrir að húseignin að Bergstaðastræti 75, Reykjavík, ásamt leigulóðarréttindum verði eign kirkjumálasjóðs. Fasteignamat húss og lóðar er 16,5 m.kr. og brunabótamat húss 30,5 m.kr. Þykir rétt að líta á þetta sem stofnframlag ríkisins til kirkjumálasjóðs.

285. Frumvarp til laga [246. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Árni R. Árnason.

1. gr.

Á eftir orðunum „sem við á“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, sbr. 23. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, (frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri), kemur: svo og stofnfjárbréf í stofnsjóðum sparisjóða samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, enda séu ekki lagðar hömlur á frjáls viðskipti með bréfin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, er samþykkt voru á 116. löggjafarþingi, var kveðið á um að allir sparisjóðir verði stofnfjársjóðir með takmarkaðri ábyrgð. Stofnfé verði lagt fram af stofnendum sem verði eigendur stofnfjárhluta og verði ábyrgð hvers og eins takmörkuð við inngreidda stofnfjáreign hvers þeirra um sig. Starfandi sparisjóðum veitist þriggja ára frestur til að breyta samþykktum þannig að stofnfé komi í stað ábyrgða samkvæmt núgildandi lögum og fá stofnfjárframlög frá ábyrgðarmönnum og/eða öðrum í þeirra stað eða til viðbótar þeim.

Með þeim lögum er stefnt að eigin fjármögnun sparisjóða með sambærilegum hætti við eigin fjármögnun hlutafélagabanka, þ.e. með sama hætti og almenningshlutafélaga.

Í þeim lögum er m.a. kveðið á um rétt og takmörkun á rétti stofnfjárhluta, eða stofnfjárhlutabréfa, og stofnfjáreigenda. Er hann þar markaður með sambærilegum hætti og er um hlutabréf og hluthafa í hlutafélögum, í lögum um hlutafélög og í lögum um tekjuskatt og eignarskatt um skattalega meðferð hlutafjár, arðs og endurmats. Á það við um takmörkun ábyrgðar við inngreidda stofnfjáreign sem fyrr er nefnd, arð af innborguðu stofnfé, skattalega meðferð stofnfjár og arðs, endurmat og skattalega meðferð endurmats.

Í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt er hins vegar ekki ráðgert að stofnendur og aðrir er leggi fram stofnfé í sparisjóði fái heimild til að draga frá tekjum sínum vegna þeirrar fjárfestingar með sama hætti og heimilt er þeim sem leggja fram hlutafé í samvinnufélögum og hlutafélögum, þar á meðal viðskiptabönkum sem eru hlutafélög, þ.e. hlutafélagabönkum.

Réttmætt virðist að sparisjóðum verði veitt sömu réttindi til að stofnfjáreigendur fái frádregna frá skattskyldum tekjum fjárfestingu í sparisjóðum eins og í hlutafélögum og samvinnufélögum og þannig opnaðir möguleikar til að afla eigin fjár með sölu stofnfjárbréfa er standist samkeppni við hlutabréf sem fjárfestingarvalkostur.

286. Frumvarp til laga [247. mál]

um lífeyrisréttindi hjóna.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Salome Þorkelsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Svanhildur Árnadóttir, Drífa Hjartardóttir.

1. gr.

Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa meðan á hjónabandi stóð, skulu teljast hjúskapareign þeirra. Við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skulu þau ellilífeyrisréttindi, sem áunnust meðan hjónabandið stóð, skiptast jafnt milli þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var áður lagt fram á 112., 113., 115. og 116. þingi en náði ekki fram að ganga.

Eins og nú er háttað eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Það er því sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Eins og fram kemur er þetta frumvarp ekki lagt fram í fyrsta sinn. Þá frumvarp þessa efnis hefur verið lagt fram hafa umræður og umsagnir snúist meira um aðra þætti og greiðslur frá lífeyrissjóðum en sjálfan ellilífeyrisréttinn sem kannski vonlegt er. Kemur þar einkum til skráning á greiðslum og áunnum réttindum í viðkomandi lífeyrissjóði sem í dag

tengjast einvörðungu þeirri persónu sem iðgjöld til viðkomandi lífeyrissjóðs eru greidd af, svo og sá viðbótarréttur sem ávinnst við inngreiðslu, þ.e. örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þá er réttur til töku ellilífeyris mismunandi hjá lífeyrissjóðum. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er t.d. um að ræða svokallaða 95 ára reglu (þ.e. aldur + starfsaldur), tengingu lífeyris við launaflokk viðkomandi, svo og niðurfellingu iðgjaldagreiðslna eftir 32 ár. Í Lífeyrissjóði sjómanna öðlast menn rétt til ellilífeyris 60 ára hafi þeir stundað sjómennsku í 25 ár. Þá veitir 20–25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyristöku frá 61 árs aldri og frá 62 ára aldri eftir 15–20 ára starf á sjó.

Hér eru nefnd fáein dæmi um það flókna kerfi sem lífeyrissjóðir hafa búið sér til, en fjölmörg önnur dæmi væri hægt að nefna þar sem löggjafinn hefur gripið inn í eða ákvarðanir eru teknar beint af stjórnum sjóðanna samkvæmt reglugerð.

Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem stjórnir hinna fjölmörgu lífeyrissjóða stæðu frammi fyrir væri ætlunin með frumvarpi þessu að rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar. Með frumvarpi þessu er hins vegar eingöngu gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn ellilífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðast við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til þeirrar tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis á milli lífeyrissjóða í dag.

Með ólíkindum er hve mál þetta hefur átt lítinn hljómgrunn hjá löggjafanum og jafnvel samtökum kvenna þrátt fyrir annars jákvæða afstöðu til þeirra mála er lúta að jafnrétti kynjanna.

287. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra framkvæmd ítarlegrar athugunar á því hve mörg tæki (skip og loftför) Landhelgisgæslan þurfi til að halda uppi fullu eftirliti innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar samkvæmt lögum nr. 41/1979 og 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi samkvæmt reglugerð nr. 299/1975. Einnig skal kanna hver viðbótin þurfi að vera verði efnahagslögsagan færð út allt að 350 sjómílum á þeim svæðum sem Ísland á rétt á samkvæmt alþjóðalögum.

Greinargerð.

Eins og bersýnilega hefur komið í ljós að undanförnu má þjóðarbúið ekki við neinum skakkaföllum í efnahagslögsögunni. Efnahagslögsagan er mjög víðfeðm, um 758 þúsund ferkílómetrar, eða 7,5 sinnum stærri en landið sjálft. Ekki er úr vegi að líta á þann viðbúnað sem nágrannaþjóðir okkar hafa vegna eftirlits í sínum efnahagslögsögum. Þar má nefna Norðmenn, Englendinga og Dani vegna Grænlands og Færeyja.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvað samkeppnin um fiskinn í höfunum hefur aukist á síðustu árum. Ásókn fiskiskipa við 200 sjómílna mörkin og/eða miðlínur hefur aukist að undanförnu og má þar nefna svæði á Færeyjahrygg, á Reykjaneshrygg, á Dohrn-banka og norðaustur af landinu. Einnig má benda á áhuga Spánverja, Portúgala, Frakka og fleiri þjóða á fiskveiðum í Norðaustur-Atlantshafi. Skip frá öðrum heimsálfum hafa sótt til veiða við mörk efnahagslögsögunnar á undanförnum árum og má þar t.d. nefna skip frá Asíu.

Eftir að breyting varð á lögum hvað varðar heimildir erlendra fiskiskipa til löndunar á afla í íslenskum höfnum má búast við aukningu á umferð þeirra um efnahagslögsöguna. Einnig er talsverð umferð þeirra fiskiskipa um efnahagslögsöguna sem sækja á Dohrn-banka. Ekki má gleyma hversu mikilvægt er að halda uppi öflugu eftirliti vegna mengunar sjávar. Ef upp kæmi mengunarslys innan efnahagslögsögunnar og/eða frétt um slíkt gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir markaði á sjávarafurðum okkar erlendis. Stærð efnahagslögsögunnar við Ísland og þýðing hennar fyrir þjóðarbúið er svo mikil að ekki má hætta á neitt er dregið gæti úr strangri gæslu á auðlindinni.

288. Fyrirspurn [249. mál]

til iðnaðarráðherra um viðhald húsa í einkaeign.

Frá Tómasi Inga Olrich.

1. Hvert er verðmæti húsa í einkaeign talið vera?
2. Hver er eðlilegur árlegur viðhaldskostnaður þessa húsnæðis talinn vera, annars vegar innan húss og hins vegar utan húss?
3. Hve mikill hluti verkefna byggingariðnaðarins telst vera viðhaldsverkefni, annars vegar húsnæðis í opinberri eigu og hins vegar í einkaeign?
4. Hver var fjárfesting í nýbyggingum á síðasta ári borin saman við meðaltal áranna 1980–1990?

289. Skýrsla [250. mál]

félagsmálaráðherra um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

Skýrsla félagsmálaráðherra um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis

Alþingi samþykkti 7. maí 1993 þingsályktun um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis sem hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna:

a. hvaða stefnumörkun niðurstöður könnunar á högum atvinnulausra kalli á,
b. hverjar séu takmarkanir bótakerfisins gagnvart þessum hópi og hvort og þá hvernig breyta skuli stuðningi hins opinbera við atvinnulausa, ekki hvað síst við þá sem búa við langvarandi atvinnuleysi,
c. hvernig unnt er að bæta aðgang atvinnulausra að menntakerfinu, ekki síst starfsmenntun og starfsþjálfun,
d. hver sé þjóðfélagslegur kostnaður vegna atvinnuleysis.

Í upphafi næsta þings verði lögð fram greinargerð um málið.

Meðfylgjandi er greinargerð um þetta mál þar sem fram kemur mat þeirra aðila sem félagsmálaráðherra óskaði eftir að fjölluðu um einstaka liði þessara spurninga. Félagsmálaráðuneytið tekur undir margt af því sem fram kemur í meðfylgjandi greinargerðum en vill bæta við og leggja áherslu á nokkur atriði.

A. Hvaða stefnumörkun kalla niðurstöður könnunar á högum atvinnulausra á?

Meginstefna ríkisvaldsins í langan tíma hefur verið sú að viðhalda fullri atvinnu með almennum efnahagsaðgerðum og stuðningi við einstakar atvinnugreinar eftir því sem þörf hefur verið á og mögulegt hverju sinni. Þetta hefur tekist lengst af vegna hagstæðra ytri aðstæðna, ágæts fiskafla og viðunandi verðs á útflutningsframleiðslu. Einnig hefur það átt sinn þátt í hærra atvinnustigi hér á landi en víðast hvar annars staðar að sumum atvinnugreinum hefur verið haldið gangandi öðru hverju með ýmsum sértækum aðgerðum og stuðningi við framleiðsluhætti og framleiðslugetu sem hefur verið óhagkvæm miðað við ríkjandi markaðsaðstæður og hráefniskost. Samdráttur í fiskafla, verðlækkun á helstu útflutningsvörum eins og fiskafurðum og áli og almenn efnahagslægð í helstu viðskiptalöndum okkar hefur sett mikinn þrýsting á hagkerfið og atvinnulífið. Breytingar á markaðs- og framleiðsluháttum, einkum í landbúnaði og sjávarútvegi, hefur leitt í ljós verulega umframframleiðslugetu í þessum greinum. Samdráttur í þessum greinum hefur einnig haft talsverð áhrif á atvinnustigið í öðrum greinum auk þess sem ýmsar tilraunir um langt árabil til að skjóta rótum undir nýja atvinnustarfsemi hafa ekki skilað sér sem skyldi.

Í ljósi þessara aðstæðna hefur ríkisvaldið breytt ýmsum áherslum í atvinnumálum. Vaxandi atvinnuleysi hefur þannig gert það að verkum að ríkisstjórnin hefur hafið virkari stuðningsaðgerðir við vinnumarkaðinn en nokkru sinni fyrr. Í þeirri efnahagslægð, sem íslenska hagkerfið er í, þar sem ýmsar almennar aðgerðir í peninga-, gjaldeyris- og ríkisfjármálum hafa ekki megnað að auka atvinnustigið á almennum vinnumarkaði þegar til styttri tíma er litið, þá hefur frumkvæði í atvinnusköpun orðið að koma í meira mæli frá ríki og sveitarfélögum til að tryggja viðunandi atvinnustig meðan atvinnulífið er að ná sér úr þessari efnahagslægð. Þannig hefur hátt á þriðja milljarð króna verið lagt fram af

hálfu ríkisins til atvinnuskapandi verkefna umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 sem lagt var fyrir Alþingi haustið 1992.

Hins vegar er alveg ljóst að það er einungis tímabundið hægt að halda uppi umfangsmiklum atvinnuskapandi aðgerðum af hálfu þessara aðila vegna vaxandi hallareksturs ríkis og sveitarfélaga. Vonir eru nú bundnar við að samræmdar aðgerðir til að lækka raunvexti í landinu skili sér í betri afkomu fyrirtækja og heimila og verði grunnur til nýrrar sóknar í atvinnumálum. Þá er unnið að markvissri endurskipulagningu í sjávarútvegi og landbúnaði. Enn fremur hefur auknu fjármagni verið varið til rannsóknar- og þróunarverkefna á þessu ári.

Stefna ríkisstjórnarinnar til að viðhalda góðu atvinnustigi í landinu og bregðast við vandamálum vaxandi atvinnuleysis hefur komið fram í fjórum meginleiðum. Megináherslan hefur verið á beinar atvinnuskapandi aðgerðir með því að flýta verkefnum á vegum ríkis og sveitarfélaga sem ætlað var að ráðast í síðar. Í öðru lagi með því að leggja áherslu á virkar vinnumarkaðsaðgerðir til að hagnýta þann óvirka stuðning sem liggur í dagpeningagreiðslum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í þriðja lagi með því að endurskoða það öryggis- og þjónustunet sem atvinnulaust fólk þarf að reiða sig á. Í fjórða lagi með því að efla þætti eins og starfsmenntun og umskólun sem stuðla að aukinni hæfni og aðlögun vinnuaflsins til að takast á við breyttar aðstæður.

Könnun á stöðu og högum atvinnulausra, sem framkvæmd var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir félagsmálaráðuneytið, hefur varpað betra ljósi á þau vandamál sem við er að glíma í atvinnuleysi eins og samantekt ráðgjafanefndar vinnumálaskrifstofunnar (fylgiskjal 1) glögglega sýnir og jafnframt gefið tilefni til að endurmeta aðstæður hinna atvinnlausu. Reyndar er könnunin gerð á tímabili þegar mikið tímabundið atvinnuleysi er í fiskvinnslunni og ýmsum öðrum atvinnugreinum, þannig að sú mynd, sem þar kemur fram, kann að vera allt önnur í dag. Hins vegar er sú vitneskja, sem þar kemur fram, sú heildstæðasta sem við höfum í dag um félagslegar og fjárhagslegar aðstæður atvinnulausra. Þau vandamál, sem þar koma fram, voru stjórnvöldum þó ekki með öllu ókunn þótt umfang þeirra og vídd sé sett undir mæliker.

Síðan könnunin var gerð hafa orðið ýmsar breytingar á aðstoð við atvinnulausa, hvort sem könnunin á þar einhvern hlut að máli eða ekki. Atvinnuleysistryggingakerfið hefur verið opnað fyrir alla svo framarlega sem þeir hafa verið á vinnumarkaði áður en þeir verða atvinnulausir. Sérstakt átak var gert í atvinnumálum kvenna á þessu ári þar sem gerðar eru tilraunir með ýmsar vinnumarkaðsaðgerðir, sbr. fylgiskjal 2. Umfram þær 15 milljónir sem veitt er til atvinnusköpunar fyrir konur á landsbyggðinni árlega var veitt sérstakt 80 milljóna króna framlag til atvinnusköpunar fyrir konur um allt land vegna meira atvinnuleysis meðal kvenna en karla. Atvinnulausum o.fl. hefur verið tryggð aðstoð við að skuldbreyta lánum vegna þeirrar skuldabyrðar sem þeir geta ekki mætt meðan þeir eru atvinnulausir. Þá er verið að endurskoða lög um vinnumiðlun og sérstök nefnd fjallar um átak í atvinnumálum fatlaðra. Könnunin hefur einnig sýnt fram á mikla þörf fyrir starfsmenntun og hefur verið brugðist við því á ýmsan hátt eins og fram kemur hér á eftir.

Þær vinnumarkaðsaðgerðir, sem hafa verið notaðar í öðrum löndum, hafa lengi verið til athugunar í ráðuneytinu með tilliti til þess hvort þær gætu komið að gagni hér á landi. Flestar þessara aðgerða eiga það sameiginlegt að vera mjög kostnaðarsamar og byggja oft á að verulegt atvinnuleysi hafi skotið rótum sem ekki verði leyst með atvinnuskapandi aðgerðum. Ríkisstjórnin telur vegna stöðu ríkissjóðs ekki tímabært að ráðast í umfangsmiklar aðgerðir eins og þær sem fjallað er um í fylgiskjali 3. Hins vegar eigi margar þeirra erindi nú þegar sem tilraunaverkefni á vegum ríkis, sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þetta á t.d. við um aðgerðir sem stuðla að hreyfanleika vinnuafls innan lands, aðgerðir sem hvetja menn til sjálfstæðrar atvinnusköpunar, námsatvinna, deildar stöður og vinnuskipti.

B. Hverjar eru takmarkanir bótakerfisins gagnvart atvinnulausum og á að breyta og þá hvernig stuðningi hins opinbera við atvinnulausa, ekki hvað síst við þá sem búa við langvarandi atvinnuleysi?

Markmiðið með virku og sanngjörnu atvinnuleysistryggingakerfi hlýtur að vera að það nái til sem flestra sem ekki hafa vinnu en óska eftir vinnu og að það tryggi þeim tekjur sem nægja til framfærslu meðan þeir eru atvinnulausir.

Þau vandamál, sem við er að glíma til að ná slíkum markmiðum, eru í fyrsta lagi kostnaðurinn og hverjir eiga að bera hann. Í öðru lagi er það matið á vinnuhæfni fólks og hreyfanleika fólks til lausra starfa. Í þriðja lagi þarf að tryggja fólki tekjur til a.m.k. lágmarksframfærslu án þess að það virki vinnuletjandi með tilliti til þeirra launa sem bjóðast á almennum vinnumarkaði. Í fjórða lagi verður að tryggja að kerfið sé ekki misnotað. Því betra og opnara sem slíkt kerfi er því meir reynir á þessi vandamál.

Þær breytingar, sem þegar hafa verið gerðar á atvinnuleysistryggingakerfinu með lögum nr. 93/1993, hafa vonandi leyst þau vandamál sem brýnust voru. Um var að ræða að loka svokölluðu 16 vikna bótalausu tímabili eins og fram kemur í greinargerð Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þá er kerfið opnað fyrir sjálfstætt starfandi fólki og þeim sem standa utan verkalýðsfélaga. Fleiri breytingar voru gerðar á lögunum, m.a. breytingar sem eiga að draga úr þeim vandamálum sem getið er hér að ofan og fylgja betra og opnara kerfi. Ekki er ástæða að tíunda allar þessar breytingar sem Alþingi samþykkti síðastliðið vor.

Þó að atvinnulausir séu eðlilega ósáttir við þær tekjur sem atvinnuleysisbótakerfið tryggir þeim og sérstaklega að þær séu í engu samræmi við fyrri tekjur áður en þeir verða atvinnulausir, eins og viðgengst t.d. á Norðurlöndum, hefur núverandi kerfi það fram yfir atvinnuleysistryggingakerfi flestra annarra landa að því eru engin tímatakmörk sett, önnur en 70 ára aldur, hve lengi fólk getur verið á atvinnuleysisbótum. Að þessu leyti eru langtímaatvinnulausir betur tryggðir en víða annars staðar. Menn eru engan veginn sammála um hvort ofangreind atriði séu kostir kerfisins eða gallar. Með auknu atvinnuleysi hefur bótatíminn víðast hvar verið styttur og önnur framfærsluaðstoð komið í staðinn. Spurning er auðvitað um hvort þörf sé á sérstöku launatengdu tryggingarkerfi eins og lífeyrissjóði sem geti bætt mönnum upp það tekjutap sem þeir verða fyrir þegar þeir eru atvinnulausir. Þessi umræða kann að verða almennari ef atvinnuleysi vex enn frekar og verður viðvarandi.

Annað vandamál í núverandi kerfi er sá hópur fólks sem er að koma inn á vinnumarkaðinn og hefur hvorki möguleika á vinnu eða atvinnuleysisbótum. Um getur verið að ræða fólk sem er að koma úr námi, fæðingarorlofi, veikindum, fangelsum eða einhverju ólaunuðu starfi, t.d. heimavinnandi. Það er ljóst að nauðsynlegt er að fylgjast grannt með vandamálum þessara hópa og athuga fyrst og fremst með aðgerðir til að aðstoða þá inn á vinnumarkaðinn og ef um allt þrýtur veita þeim fjárhagslega aðstoð, hvort heldur í gegnum tryggingakerfið eða með öðrum hætti. Það er hins vegar ekki tímabært að boða nýjar breytingar á lögunum fyrr en einhver reynsla er komin á þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Hins vegar eru í undirbúningi breytingar á lögum um vinnumiðlun sem eiga að auka þjónustu við þessa hópa sem aðra atvinnuleitendur ekki síst langtímaatvinnulausa.

Að lokum má geta þess að þær 500 milljónir sem sveitarfélögin lögðu í Atvinnuleysistryggingasjóð áttu að skila sér til þeirra sem lengst hafa verið atvinnulausir. Rúmlega tvö þúsund tímabundin störf hafa verið sköpuð með þessum hætti og er þó um tvö hundruð milljónum óráðstafað af þessari upphæð. Stefnt er að áframhaldi þessara átaksverkefna á næsta ári. Sveitarfélögin, sem fengu úthlutað til átaksverkefna, áttu að láta þá ganga fyrir sem lengst hafa verið atvinnulausir. Langtímaatvinnulausum fjölgaði hins vegar frá maí til ágúst. Ekki er ástæða til að ætla að ekki hafi verið reynt eins og hægt var víðast hvar að láta þá sem lengst hafa verið atvinnulausir ganga fyrir um vinnu. Hins vegar bendir margt

til þess að vandamál þessa fólks verði ekki öll leyst með því að bjóða þeim vinnu eða a.m.k. ekki erfiðisvinnu. Þennan hóp þarf að skoða sérstaklega og er það í undirbúningi.

C. Hvernig er unnt að bæta aðgang atvinnulausra að menntakerfinu, ekki síst starfsmenntun og starfsþjálfun?

Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992, tóku gildi í byrjun júní 1992. Höfuðmarkmið laganna er að stuðla að aukinni framleiðni, greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi og enn fremur að bæta verkkunnáttu og auka hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum o.fl. Til að þjóna þessum markmiðum hefur Alþingi samþykkt að veita fjármagni til starfsmenntasjóðs sem starfar á grundvelli laganna. Sjóðurinn hefur haft til úthlutunar 48 milljónir króna á fjárlögum áranna 1992 og 1993. Meginhluta þessa fjármagns hefur verið varið í samræmi við framangreind markmið.

Meginhluta þessa fjár hefur verið varið til stuðnings við hvers kyns námsgagnagerð og námskeiðahald sem hefur að markmiði að bæta verkkunnáttu starfandi fólks í atvinnulífinu. Þetta námskeiðahald hefur einkum verið á vegum samtaka aðila vinnumarkaðarins eða stofnana sem annast fræðslu fyrir atvinnulífið.

Í f-lið 1. gr. laga nr. 19/1992 segir enn fremur að eitt af markmiðum laganna sé að mæta þörfum starfshópa, sem missa vinnu vegna breytinga á atvinnuháttum, fyrir endurmenntun og þjálfun til annarra starfa eftir aðstæðum á hverjum tíma. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur starfsmenntaráð, sem gerir tillögur um úthlutun úr starfsmenntasjóði, talið sér skylt að leggja til að námskeið fyrir atvinnulausa hljóti stuðning sjóðsins. Á síðustu tveimur árum hefur sjóðurinn veitt rúmar 7 milljónir króna til stuðnings námskeiðahaldi sem fyrst og fremst hefur miðast við þarfir atvinnulausra eða til sérstakra aðgerða í þeirra þágu.

Rétt er að taka fram að öll námskeið sem starfsmenntasjóður styrkir standa öllum opin. Ýmis stéttarfélög hafa lagt áherslu á að félagsmenn þeirra taki þátt í námskeiðum sem eru til þess fallin að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaðinum og hafa greitt fyrir þá þátttökugjald.

Á því skal vakin athygli að aukið fjármagn til starfsmenntasjóðs gerir honum kleift að styðja enn frekar viðleitni fræðslustofnana og samtaka aðila vinnumarkaðarins til að bæta menntun og þjálfun hinna atvinnulausu.

Það skal upplýst að hinn 28. apríl 1993 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd sem falið var að kanna framboð á námskeiðum fyrir atvinnulausa og fjármögnun þeirra og setja fram tillögur um skipulag námskeiða og fyrirkomulag eftirlits með námskeiðahaldi af þessu tagi. Þess er vænst að nefndin skili áliti nú á næstunni.

Þegar atvinnuleysið jókst á sl. ári var það því fyrst og fremst starfsmenntasjóðurinn og aðilar vinnumarkaðarins og ýmis félagasamtök sem styrktu og stóðu fyrir námskeiðahaldi fyrir atvinnulausa. Auk fyrrgreindra aðila hefur starfsmenntasjóðurinn styrkt námskeið á vegum fyrirtækja, skóla og stofnana. Starfsmenntasjóðurinn hefur einnig styrkt fræðsluþætti á vegum Ríkisútvarpsins fyrir atvinnulausa. Í sumar hefur Atvinnuleysistryggingasjóður styrkt námskeiðahald fyrir atvinnulausa og mun í framtíðinni gegna miklu hlutverki í að fjármagna slík námskeið.

Félagsmálaráðuneytið vill taka undir greinargerð menntamálaráðuneytisins um aukna þörf á að hið almenna menntakerfi taki þátt í aukinni menntun og þjálfun atvinnulausra. Menntakerfið býr yfir aðstöðu sem ef til vill væri hægt að nýta fyrir hina atvinnulausu. Samhliða þessu þarf að efla starfsmenntasjóðinn til að auka fjölbreytni í starfsmenntun á vegum fyrirtækja og félagasamtaka.

Almenn grunnmenntun er vissulega mikilvæg fyrir hvers konar framhaldsmenntun en

ekki má vanmeta þann grunn sem atvinnulausir hafa í gegnum fyrri störf og reynslu á almennum vinnumarkaði og félagsmálaráðuneytið leggur áherslu á að byggja á þessum grunni og bæta hann samhliða markvissri starfsmenntun og starfsþjálfun.

D. Hver er þjóðfélagslegur kostnaður vegna atvinnuleysis?

Greinargerð Þjóðhagsstofnunar leiðir vel í ljós við hvaða vanda er við að glíma þegar meta á þennan kostnað til hlítar og jafnframt hve mikill sá kostnaður er sem hægt er að meta. Mat Þjóðhagsstofnunar byggir á því atvinnuleysi sem er umfram meðaltal áranna 1980–1991. Gengið er út frá þeirri forsendu að það sé ætíð eitthvert tímabundið atvinnuleysi til staðar sem rekja megi til þess að fólk er að skipta um vinnu, flytja milli byggðalaga o.sfrv. „Umframatvinnuleysi" reyndist þannig vera 2.718 manns árið 1992.

Áætlað er að hver atvinnulaus einstaklingur kosti samfélagið um 1,5 milljónir króna á ári í beinum kostnaði. Þar af er tekjutap hvers heimilis á bilinu 400 til 500 þúsund á ári. Vissulega fylgir mikill kostnaður atvinnuleysi, þegar heildarkostnaður vegna umframatvinnuleysis er rúmir 4 milljarðar króna 1992 og gætu orðið 7,3 milljarðar króna 1993. Miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins um 5% atvinnuleysi á næsta ári gæti þessi tala orðið a.m.k. 8 milljarðar árið 1994, sem gera ráð fyrir að hér sé um lágmarkskostnað að ræða því fjölmarga aðra þætti er erfitt að meta til kostnaðar, þótt ekki sé gert ráð fyrir að þeir breyti meðaltalinu að ráði. Þessar tölur og könnun Félagsvísindastofnunar HÍ sýna hve mikils virði það er fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið að nýta þessa starfskrafta í stað þess að greiða óvirkar atvinnuleysisbætur.

Greinargerð ráðgjafanefndar vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins um a-lið þingsályktunar um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis.

Í a-lið áðurgreindrar þingsályktunar er kveðið á um könnun á því „hvaða stefnumörkun niðurstöður könnunar á högum atvinnulausra kalli á".

Í skýrslu Félagsvísindastofnunar HÍ kemur fram að langtímaatvinnuleysi er orðið umtalsvert og er hlutfallslega mest hjá ungu fólki og þeim sem minnsta menntun hafa.

Áhrif atvinnuleysis eru afar víðtæk og koma beint fram í fjárhagslegum vandamálum, sálrænum áhrifum og líkamlegu heilbrigði, sbr. úrdrátt úr áðurgreindri skýrslu (fylgiskjal 1).

Margt bendir til, þótt skýrslan fjalli ekki um það mál, að atvinnuleysi verði viðvarandi ef ekki verða verulegar breytingar á áherslum í atvinnumálum.

Stefnumörkun hlýtur því að markast af tvennu, annars vegar spurningunni um almennar aðgerðir til að auka atvinnu og hins vegar um almennar aðgerðir að óbreyttu eða verra ástandi en nú er.

Ráðgjafanefndin telur brýnt að mótuð verði atvinnustefna sem nái til efnahags, menntunar og félagsmála.

Atvinnugreinar hér á landi þurfa að búa við sem jöfnust samkeppnisskilyrði við erlenda aðila en víða er misbrestur á því vegna sérstakra styrkja erlendra ríkja. Ráðgjafanefndin telur að mæta beri slíkri mismunun með því að bæta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja með öllum tiltækum ráðum. Ein leiðin er að leggja á jöfnunargjöld. Slíkar ákvarðanir og aðrar ber að taka í ljósi þjóðhagslegrar hagkvæmni.

Þá er einnig mikilvægt að komið verði í veg fyrir ýmsa atvinnustarfsemi sem nú er stunduð utan laga og réttar og grefur undan samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Að öðru leyti leggur ráðgjafanefndin til:

1. Að aðstæður verði skapaðar til framhalds átaksverkefna sveitarfélaga.
2. Að markviss starfsmenntun verði aukin innan atvinnugreina þannig að atvinnulausir og þeir sem hafa störf hafi gagn af.
3. Að langtímaatvinnulausir fái skyldurétt til vinnu.
4. Að sveitarfélögum verði gert að samræma lágmarksframfærslu.
5. Að vinnumiðlun verði gert að veita ráðleggingar og leiðbeiningar til að auka atvinnumöguleika atvinnulausra í framtíðinni.
6. Að metin verði áhrif og gagnsemi athvarfa fyrir atvinnulausa.

Greinargerð Atvinnuleysistryggingasjóðs um b-lið þingsályktunar um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis.

Í b-lið framangreindrar þingsályktunar er kveðið á um könnun á því „hverjar séu takmarkanir bótakerfisins gagnvart þessum hópi og hvort og þá hvernig breyta skuli stuðningi hins opinbera við atvinnulausa, ekki hvað síst við þá sem búa við langvarandi atvinnuleysi".

Bótatímabilið eru 260 virkir dagar (ekki laugardagar og sunnudagar), að því loknu tekur við 16 vikna bótalaust tímabil. Með nýjum lögum, nr. 93/1993, sem tóku gildi þann 1. júlí sl., á umsækjendum um atvinnuleysisbætur að gefast kostur á að sækja námskeið eða taka þátt í átaksverkefnum á vegum sveitarfélaga í a.m.k. 8 vikur og geta þeir þannig komist hjá því að fara á biðtímann. Hver vika á námskeiði eða í átaksverkefni styttir biðtímann um tvær vikur.

Sá sem segir sjálfur upp starfi sínu eða á sök á því að verða sagt upp þarf að skrá sig í 40 daga (8 vikur) áður en hann fær greiddar bætur og telst sá tími til bótatímabils en er þó ekki greiddur. Sama gildir um þann sem neitar starfi sem býðst. Hann getur skráð sig áfram í 40 daga og komið þá inn á bætur aftur en ef hann neitar vinnu í annað sinn, þarf hann að sýna fram á að hann hafi haft vinnu í a.m.k. 6 vikur samfellt til að öðlast bótarétt að nýju.

Með nýjum lögum frá 1. júlí sl. varð sú breyting að nú skal draga elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk (grunnlífeyri) almannatrygginga frá atvinnuleysisbótum.

Greinargerð menntamálaráðuneytisins um c-lið þingsályktunar um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis.

Í c-lið ofangreindrar þingsályktunar er kveðið á um könnun á því „hvernig unnt er að bæta aðgang atvinnulausra að menntakerfinu, ekki síst starfsmenntun og starfsþjálfun".

Atvinnulausir búa flestir á höfuðborgarsvæðinu, eða 2/3 þeirra. Stærstur hluti atvinnulausra er fólk sem hefur stutta formlega skólagöngu, litla eða enga starfsmenntun og meiri hluti þeirra eru konur. Flestir atvinnulausra unnu áður sem undirmenn á vinnustað, margir við verslun eða þjónustu.

Atvinnulausir eru eðli máls samkvæmt að leita sér að vinnu. Þeir eru því ekki tilbúnir

til að binda sig í nám til lengri tíma. Þeir munu fara út á vinnumarkaðinn eins skjótt og færi gefst. Hins vegar er óljóst hvers konar störf muni bjóðast þegar rýmkast á vinnumarkaði, um það getur enginn sagt með vissu. Atvinnulausir þurfa því á menntun að halda sem eykur starfsmöguleika þeirra almennt, án þess að vera einskorðuð við tiltekin starfssvið. Atvinnulausir hafa helst gagn af haldgóðri almennri grunnmenntun sem síðar má tengja sérhæfðari starfsþjálfun eða stuttu starfsnámi.

Ef sinna á þörfum atvinnulausra innan hins opinbera menntakerfis þurfa að koma til sérstakar ráðstafanir og endurskipulagning. Námsframboð framhaldsskóla er ekki við hæfi stórs hluta atvinnulausra og námsönn í framhaldsskóla er 13 vikur, en atvinnulaus maður missir rétt til bóta ef hann skráir sig í nám á dagvinnutíma sem varir lengur en 8 vikur. Hins vegar veldur það ekki bótamissi ef atvinnulaus skráir sig í kvöldskólanám.

Ef styrkur fæst til þess, t.d. úr starfsmenntasjóði, væri mögulegt að bjóða atvinnulausum aðgang að námi í öldungadeildum þeim að kostnaðarlausu. Öldungadeildarnám hentar þó fyrst og fremst fólki sem hefur nokkuð góða grunnmenntun. Kostur við að atvinnulausir sæki nám í öldungadeildum er að þá eru þeir meðal vinnandi fólks, þannig að námshópar eru blandaðir. Að öllu jöfnu eru kvöldin þó ekki hentugur námstími fyrir atvinnulausa, því þá hafa þeir félagsskap af fjölskyldu og vinum, en dagarnir geta hins vegar verið erfiðir vegna aðgerðaleysis.

Skipuleggja þyrfti sérstaklega nám sem hentar atvinnulausum og bjóða það á dagvinnutíma í stuttum námskeiðum sem hægt væri að byggja hvert ofan á annað. Slík námskeið þyrftu að miðast við þarfir fólks sem hefur litla eða enga formlega menntun og eru því nokkuð frábrugðin því námi sem ungu fólki er boðið upp á í framhaldsskólum. Hér yrði um þróunarverkefni að ræða þar sem hægt væri að gera margvíslegar tilraunir með innihald og útfærslur.

Innan menntamálaráðuneytisins er að hefjast vinna við skipulagningu stuttra starfsnámsbrauta í framhaldsskólum. Til stendur að slíkt nám verði skipulagt á þann veg að fólk utan úr atvinnulífinu geti einnig öðlast starfsmenntun í framhaldsskólum. Hjá fullorðnum sem sækja starfsnám stendur til að meta starfsreynslu og aldur að einhverju leyti til styttingar á náminu. Vonir standa til að hægt verði að fara af stað með stutt starfsnám í nokkrum framhaldsskólum haustið 1994. Þar skapast hugsanlega möguleiki á aðgangi fyrir atvinnulaust fólk.

Í sjálfu sér skapar aukin menntun ekki atvinnu, en bætt menntun stuðlar án efa að öflugra atvinnulífi. Því er umhugsunarvert hvort ekki mætti koma á skipulagi sem gerði fleirum kleift bæði að hafa einhverja vinnu og jafnframt að geta varið tíma í símenntun.

Sem dæmi má nefna hugmynd sem er í undirbúningi í tengslum við styrk sem aðilar í Hveragerði hafa fengið úr sjóði til eflingar atvinnuþátttöku kvenna. Þar er gert ráð fyrir að þeir starfsmenn sem eru fyrir í starfi geti varið 1/3 starfstíma síns til að auka menntun sína og halda jafnframt launum og til viðbótar verði ráðnir atvinnulausir sem einnig fá sömu kjör. Heildarstarfstími breytist ekki (allir inna af hendi 2/3 starfskyldu), en allir fá hins vegar tækifæri til að afla sér aukinnar starfsþekkingar. Væri a.m.k. hluta af fjármagni til atvinnuleysistrygginga betur varið til að greiða fólki slík „námslaun"?

Í Danmörku og Noregi hefur verið komið á vinnu- og námsskiptum þ.e. atvinnulausir leysa af starfsfólk sem fer í nám. Þeir sem fara í nám halda launum eða fá bætur sem eru nærri þeirra launum. Í Danmörku hefur verið gerð tilraun með að koma af stað ákveðinni hringekju þannig að hinir atvinnulausu geta einnig tekið þátt í námi. Þessu fyrirkomulagi er betur lýst í hjálögðu minnisblaði (fylgiskjal 4).

Íslensk fyrirtæki eru flest örsmá í samanburði við það sem gerist í nágrannalöndum okkar og eru byggð upp af fámennum sérhæfðum hópi starfsmanna. Gera má ráð fyrir að erfitt verði að koma við vinnu- og námsskiptum innan íslenskra fyrirtækja þó að slíkt geti

hentað stórum fyrirtækjum erlendis. Spurning er hvort ekki væri hægt að koma á eins konar námsleyfum, t.d. sem viðbótarviku við orlof starfsmanna. Þannig hefðu afleysinga-starfskraftar vinnu til lengri tíma í fyrirtækjum og starfsfólk hefði aukinn sveigjanleika til símenntunar. Námsleyfi þyrfti að fela í sér (a) lagalegan rétt til leyfis og (b) ráðstöfunarfé í leyfinu auk hvata til verkafólks að það sæki sér nauðsynlega menntun. Um er að ræða málefni sem leysa þyrfti í samráði ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins því löggjöf og kjarasamningar þurfa að vera í samræmi við slíka meginstefnu.

Greinargerð Þjóðhagsstofnunar vegna d-liðar þingsályktunar um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis.

Í d-lið ofangreindrar þingsályktunar er kveðið á um könnun á því *„hver sé þjóðfélagslegur kostnaður vegna atvinnuleysis"*.

1. Inngangur og niðurstöður.

Erfitt er að meta til hlítar þann þjóðfélagslega kostnað sem af atvinnuleysi hlýst. Í þeirri athugun, sem hér er fylgt úr hlaði, eru meginlínur dregnar og drepið á helstu vandkvæði. Til þess að gera verkefninu tæmandi skil þyrfti mun meiri tíma og yfirlegu. Brýnt er að fyrir liggi mat á kostnaði samfara atvinnuleysi í bráð og í lengd og hvernig hann dreifist milli einka- og opinberra aðila, en slík athugun gæti gagnast vel í stefnumörkun í vinnumarkaðsmálum sem og í heilbrigðis- og félagsmálum.

Ástæða er til að gera greinarmun á einkakostnaði og kostnaði þjóðfélagsins þegar fjallað er um atvinnuleysi. Einkafyrirtækið hlýtur að taka einvörðungu mið af eigin hag við ákvörðun um starfsmannahald. Er fyrirtæki ákveður að fækka starfsmönnum sínum sem við það verða atvinnulausir leggur það beinan og óbeinan kostnað á herðar annarra. Þessi kostnaður dreifist víða meðan hagurinn af fækkun starfsfólks er væntanlega allur hjá viðkomandi fyrirtæki. Það er einmitt þegar ábati og kostnaður dreifist með þessum hætti að ástæða er til að gaumgæfa hinn þjóðfélagslega kostnað.

Niðurstöður athugunarinnar eru þessar helstar:

- Beinn kostnaður ríkis og sveitarfélaga vegna atvinnulauss manns var um 1.081 þús. krónur að meðaltali í fyrra. Við bættist lækkun ráðstöfunartekna um 412 þús. krónur þannig að beinn kostnaður samfélagsins í heild er um 1.493 þús. krónur.
- Beinn kostnaður samfélagsins vegna atvinnuleysis í fyrra er áætlaður um 4.058 milljónir króna. Miðað við áætlað atvinnuleysi á þessu ári gæti kostnaðurinn numið 7.300 milljónum króna.
- Ráðstöfunartekjur heimilanna voru um 1.120 milljónum krónum lægri vegna atvinnuleysis á árinu 1992.
- Áætlunin bendir til að afkoma hins opinbera í fyrra hafi verið tæpum 3 milljörðum lakari í fyrra vegna atvinnuleysis.

2. Atvinnuleysi.

Íslenskt atvinnulíf hefur um áratuga skeið einkennst af mikilli umframeftirspurn eftir vinnuafli annars vegar og mun hærri verðbólgu en í helstu viðskiptalöndum. Þessi skipan

mála hefur breyst á undanförnum árum með afar skjótum hætti. Atvinnuleysi hefur aukist snarlega og stefnir í um 4 1/2% á þessu ári. Það atvinnuleysi, sem lengst af mældist hér á landi, var einkum vegna tíðarfars og gæftaleysis, svo sem í fiskvinnslu og stóð þá allajafnan stutt. Fiskvinnslufólk var þannig oft atvinnulaust í skamman tíma og gat oftsinnis lagað sumarleyfi sín að vinnslustöðvunartímabilum. Vafasamt er að slíkt atvinnuleysi feli í sér nokkurn kostnað.

Kostnaður við atvinnuleysi fer eftir eðli þess, tímalengd o.fl. Ekki einasta hefur atvinnuleysi í hlutfalli við mannafla aukist síðustu árin, heldur hafa einnig mikilvæg einkenni þess breyst. Ástæða er til að ætla að kostnaðurinn vegna atvinnuleysis hafi aukist meira en nemur aukningu þess. Í fyrsta lagi hefur fjöldi þeirra sem býr við langtíma atvinnuleysi stóraukist. Þannig kemur fram í vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands frá því í apríl sl. að nærfellt þriðjungur þeirra sem kváðust atvinnulausir hafa verið án atvinnu í meira en 6 mánuði. En félagslegur kostnaður og sálrænt álag af atvinnuleysi er einkum tengdur þeim sem eru atvinnulausir til lengri tíma. Í öðru lagi leggst atvinnuleysi nú mun þyngra á ýmsa hópa sem standa höllum fæti fyrir, svo sem yngra fólk og eldra fólk.

Atvinnuleysi á Íslandi jókst samhliða hjöðnun verðbólgu og er reynsla margra annarra vestrænna þjóða með svipuðum hætti. Margir hagfræðingar telja orsakasamband á milli aukins atvinnuleysis og minnkandi verðbólgu, a.m.k. til skemmri tíma. Þótt mat á kostnaði við atvinnuleysi sé háð ýmsum annmörkum er það til muna auðveldara en að koma við tölulegu mati á kostnað, sem af verðbólgu hlýst. Margir hagfræðingar hafa einmitt dregið í efa að ávinningur af lækkun verðbólgu réttlæti þær fórnir sem atvinnuleysi er samfara. Á hinn bóginn mæla margvísleg rök með því að lægri verðbólga og almennur stöðugleiki sé til þess fallinn að auka hagvöxt er til lengri tíma er litið og leiði þar með til fleiri atvinnutækifæra.

Við mat á heildarkostnaði við atvinnuleysi hér á eftir er miðað við atvinnuleysi í fyrra umfram meðaltal áranna 1980–1991. Sá framgangsmáti á rætur að rekja til hugmynda sem getið var hér að ofan. Við höfum í huga að á þessum árum var jafnan umframeftirspurn eftir vinnuafli eins og staðfest er í atvinnuástandskönnunum Þjóðhagsstofnunar. Litið er svo á að nokkurt atvinnuleysi verði þannig til staðar, enda þótt jafnvægi ríki á vinnumarkaði. Þessi aðferð felur þó ekki í sér neitt mat á því hvað eðlilegt atvinnuleysi er á Íslandi.

3. Yfirlit um kostnað.

Margvíslegur kostnaður hlýst af atvinnuleysi og er ekki nema að nokkru leyti hægt að koma við tölulegu mati á hann. Kostnaðinn má greina eftir því hvort um beinan eða óbeinan kostnað er að ræða og hvort komið verður við tölulegu mati á hann.

1. Bein og mælanleg áhrif.
2. Bein og ómælanleg áhrif.
3. Óbein en mælanleg áhrif.
4. Óbein og ómælanleg áhrif.

Til beinna áhrifa teljast þau sem rekja má beinlínis til atvinnuleysis. Þannig fellur í fyrsta flokkinn í yfirlitinu t.d. tekjumissir hins atvinnulausa. Óbein áhrif er ekki með sama hætti hægt að rekja beint til atvinnumissis og ekki allir atvinnulausir verða fyrir þeim. Hér er vísað til heilbrigðiskostnaðar í víðum skilningi, þar með talin misnotkun áfengis og fíkniefna. Óbein áhrif á samfélagið í heild eru margvísleg, hér má t.d. nefna áhrif á félagslegan stöðugleika, svo sem með auknum afbrotum, áhrif á sveigjanleika á vinnumarkaði o.fl.

Hin víddin er hvort áhrifin séu mælanleg og er þá einkum átt við að þau megi meta í peningafjárhæðum. Skýrt dæmi, þar sem hægt er að koma tölulegu mati við, er tekjumissir einstaklingsins og minni skattar hins opinbera. Hin ómælanlegu áhrif eru einkum þau er einstaklingurinn sjálfur verður fyrir án þess að þau dragi úr tekjum hans nú eða síðar og er þar átt við ýmis sálræn og félagsleg áhrif, svo sem félagslega einangrun, minna sjálfstraust o.fl.

Þann kostnað sem af atvinnuleysi hlýst má í grófum dráttum greina í eftirfarandi töflu.

	Hagræn áhrif	**Félagsleg áhrif**
Áhrif á:		
Einstakling og heimili	Verri lífskjör og tekjur úrelding mannauðs Streita Veikindi	Eingrun Vanmetakennd Misnotkun ávanaefna Einelti minnihlutahópa
Vinnumarkað	Minni sveigjanleiki Minni framleiðni vegna andstöðu við tækni-reytingar	
Búskap hins opinbera	Aukin útgjöld til : atvinnuleysisbóta tekjutengdra bóta fjárhagslegrar aðstoðar Minni skattatekjur Aukið álag á heilbrigðis- og aðra samfélagslega þjónustu	
Samfélag í heild	Framleiðslutap	Ójafnari tekjudreifing Stéttaátök Vandi minnihlutahópa

Hinn augljósi kostnaður er tekjutap einstaklingsins, lækkun skatttekna hins opinbera og aukin útgjöld vegna atvinnuleysisbóta. Þessi kostnaður er e.t.v. aðeins brot af ýmsum óbeinum kostnaði sem leiða má af breytingum á félagslegum aðstæðum hins atvinnulausa. Hluti af þessum kostnaði er borinn til lengdar af hinu opinbera með auknum útgjöldum til heilbrigðismála.

Í þessari greinargerð er fyrst og fremst fjallað um beinan kostnað við atvinnuleysi, en að mestu horft framhjá margvíslegum óbeinum kostnaði sem getur hæglega orðið geysimikill, einkum þegar um er að ræða rótgróið langtímaatvinnuleysi.

4. Aðferðir við mat á þjóðhagslegum áhrifum.

Atvinnuleysi felur í sér að vinnufúsir menn leita en fá ekki launaða vinnu. Í fljótu bragði mætti ætla að þjóðhagslegan kostnað eigi að meta eftir framleiðslutapi þjóðfélagsins með því að áætla landsframleiðslu á mann og mæla þannig virði þessa framleiðslutaps. Sú

aðferð er um margt villandi. Hún gerir ráð fyrir að framleiðni allra sé jöfn. Þessi forsenda er vafasöm fyrir margra hluta sakir. Nægir að nefna að almennt gildir lækkandi jaðarframleiðsla vinnuafls sem hefur í för með sér að meðalframleiðni er næsta örugglega hærri en jaðarframleiðni. Í öðru lagi er horft framhjá ýmsum takmarkandi þáttum svo sem framleiðslufjármagni og náttúruauðlindum. Hér verður því ekki farin sú leið að meta kostnaðinn á grundvelli minni landsframleiðslu.

Í þessari skýrslu er hinn þjóðfélagslegi kostnaður áætlaður með því að meta kostnað heimilanna og áhrif á búskap hins opinbera af atvinnuleysi. Í þeirri aðferð sem hér er beitt er gengið út frá þeim launum er hinn atvinnulausi hafði í fyrra starfi. Til grundvallar þeirrar forsendu liggur að jaðarframleiðsla hans hafi verið jöfn launanum.

Rétt er að benda á að ekki er litið til reikninga fyrirtækjanna. Mikilvægi þess má þó ljóst vera. Einkafyrirtæki, sem hefur hagnaðarvon að leiðarljósi, hlýtur að haga starfsmannahaldi sínu með tillit til sem mests hagnaðar. Það felur í sér samanburð á milli launakostnaðar starfsmanns og þess virðisauka sem vinna hans færir fyrirtækinu. Ef launakostnaðurinn er hærri en viðbótarvirðisauki hlýst tap af vinnu viðkomandi starfsmanns fyrir fyrirtækið.

Ýmsar forsendur hafa breyst í íslensku atvinnulífi, svo sem minnkandi afli og lægra verð afurða, og hafa leitt til minnkandi virðisauka í útflutningsgreinum sem hafa haft margföldunaráhrif á aðrar greinar og dregið úr starfsmannahaldi þar. Þannig getur hvert og eitt fyrirtæki aukið hagnað sinn eða dregið úr tapi með því að fækka starfsfólki. Það er ekki tekið tillit til þessara áhrifa í þessu minnisblaði en í auknum hagnaði fyrirtækja felst þjóðhagslegur ávinningur sem reikna ætti á móti tilgreindum kostnaði. Þennan þátt þarf að hafa í huga þegar niðurstöður þessarar athugunar eru metnar.

5. Forsendur og fyrirvarar.

Lengstum hefur skort mjög upplýsingar um hagi atvinnulausra. Bragarbót hefur verið gerð á því á undanförnum misserum. Í þessum útreikningum var valin sú leið að byggja sem mest á niðurstöðum könnunar Félagsvísindastofnunar sem gerð var um mánaðamótin febrúar og mars sl. og birt er í ritinu Atvinnulausir á Íslandi. Litið er á kostnað einstaklingsins, ríkisins og sveitarfélagsins. Grundvöllur útreikninganna er tekjutap einstaklingsins. Í könnun Félagsvísindastofnunar er eingöngu fjallað um tekjur fyrir skatta. En í þeim útreikningum sem hér eru kynntir hafa skattar og ráðstöfunartekjur atvinnulausra verið metin, bæði fyrir og eftir að þeir urðu atvinnulausir.

Könnuninni er ætlað að sýna kostnað við atvinnuleysi á árinu 1992 og allar kostnaðartölur eru á verðlagi þess árs.

Við matið á heildarkostnaði var atvinnuleysi í fyrra lagt til grundvallar en kostnaður reiknaður miðað við atvinnuleysi umfram meðaltal áranna 1980–1991. „Umframatvinnuleysið“ reyndist vera 2.718 manns á árinu 1992. Að baki þessu býr sú forsenda að það sé ætíð eitthvert tímabundið atvinnuleysi til staðar sem rekja megi til þess er fólk skiptir um vinnu, flytur milli byggðalaga o.s.frv.

6. Niðurstöður.

Niðurstöður þessara könnunar eru settar fram með tvennum hætti. Annars vegar sem kostnaður á hvern atvinnulausan og hins vegar sem heildarkostnaður vegna atvinnuleysis og eru krónutölur í báðum tilvikum á verðlagi ársins 1992.

	Á hvern atvinnulausan	Í milljónum króna á ári
Heimili	411,8	1.119
Ríkissjóður	1.003,7	2.728
Sveitarfélög	77,5	210
Samtals	1.493,0	4.058

Í töflum 1-5 sem með fylgja er að finna ítarlegt efni um niðurstöður og forsendur athugunarinnar. Hér verður gerð grein fyrir meginatriðum.

6.1 Tekjur heimilanna.

Hér er um umtalsverða tekjuskerðingu að ræða, um 23% hjá barnafólki og um 50% hjá barnlausum. Þessi niðurstaða er í hátt við þá athugun sem fram kemur í riti nefndar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, Social trygghed i de nordiske lande. Ástæður minni skerðingar á tekjum barnafólks er sú að dagpeningar atvinnuleysisbóta aukast eftir fjölda barna og þá hækka barnabætur jafnframt vegna lægri tekjuskattstofns. Rétt er að taka fram að útreikningar á sköttunum eru byggðir á meðaltölum um tekjur, barnafjölda o.fl. Sú nálgun hefur áhrif á mat á sköttum hjóna vegna nýtingar persónuafsláttar þar sem skattbyrðin ræðst ekki bara af tekjum heldur einnig af því hvernig tekjuöflunin skiptist milli hjóna.

Kostnaður heimilanna í heild vegna tekjutapsins er hér áætlaður 1.119 milljónir króna vegna lægri ráðstöfunartekna.

6.2 Kostnaður ríkissjóðs.

Beinn kostnaður ríkissjóðs vegna atvinnuleysis felst annars vegar í minni sköttum, beinum sem óbeinum, og hins vegar í meiri útgjöldum til atvinnuleysisbóta og ýmissa tekjutengdra bóta, barnabóta og vaxtabóta.

Lækkun beinna skatta er afleiðing lægri tekna hinna atvinnulausu. Við mat á óbeinu sköttunum var lagt til grundvallar að öllum ráðstöfunartekjum sé varið til neyslu, jafnt fyrir sem eftir atvinnuleysi. Samanburður á neysluskattstofnum og heildarneyslu leiðir í ljós að neysla ber að meðaltali 261/2% skatta og er þá allt talið með eins og fram kemur í töflu 2 (fylgiskjal 5). Ekki er tekið tillit til breytinga á neysluvenjum sem áhrif gætu haft á tekjur af óbeinum sköttum, en matvæli bera lægri skatta nettó en aðrar vörur.

Í heild er beinn kostnaður sem ríkið ber vegna hvers atvinnulauss manns rúm milljón á ári. Tæpur helmingur þess kostnaðar eru atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysisbætur eru færðar samkvæmt reikningum Atvinnuleysistryggingasjóðs og eru bæturnar heldur hærri en samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar. Rétt er að benda á að viðamiklar breytingar voru gerðar á atvinnuleysisbótum í vor sem vafalítið hafa í för með sér aukinn kostnað. Réttur til atvinnuleysisbóta var þannig rýmkaður og sjálfstæðir atvinnurekendur og aðrir þeir sem standa utan stéttarfélaga fá aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði. Breytingar hafa verið gerðar á greiðslutímabili þannig að nú greiðast bætur samfellt, en atvinnulausir komast hjá því 16 vikna bótalausa tímabili sem þeir sættu áður með því að sækja námskeið.

6.3 Kostnaður sveitarfélaga.

Stærsti liðurinn í kostnaði sveitarfélaga vegna atvinnuleysis er tapaðar útsvarstekjur. Til viðbótar kemur ýmis kostnaður vegna framfærsluskyldu sveitarfélaganna sem þó getur verið erfitt að meta. Metin hefur verið aukin fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna til hinna atvinnulausu sem ekki hvað síst tengist bótalausa tímabilinu. Sú áætlun hljóðar upp á um 30 þúsund krónur á ári á hvern atvinnulausan mann.

Sveitarfélögin taka nú þátt í átaksverkefni upp á um 500 milljónir króna. Vafasamt er

hvort þennan kostnað beri að færa gjaldamegin þar sem á móti þeim stendur verðmæti sem felst í þeirri vinnu sem innt hefur verið af hendi. Og er það ekki gert í þessari athugun.

6.4 Kostnaður í heild.

Þegar kostnaður ríkis og sveitarfélaga er tekinn saman fæst að hann sé um 1.081 þús. króna á hvern atvinnulausan mann. Miðað við fyrrnefnt umframatvinnuleysi er heildarkostnaður hins opinbera 2.939 milljónir króna. Lækkun ráðstöfunartekna heimilanna er áætluð 1.119 milljónir króna.

Niðurstaða þessarar athugunar er því að beinn kostnaður þjóðfélagsins vegna atvinnuleysis sé 4.058 milljónir króna. Þessi fjárhæð svarar til 1,1% af landsframleiðslu og um 3% af tekjum hins opinbera. (Sjá nánar fylgiskjal 5.)

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins
október 1993

Almenn greinargerð um atvinnuástandið.

Íslendingar hafa lengi búið við einstakt atvinnuástand. Atvinnuástandið byrjaði hins vegar að versna á tímabilinu 1989 til 1991, einkum í árslok 1991 þegar í fyrsta sinn síðan 1982 eru meir en 3.000 manns á atvinnuleysisskrá. Fyrsta vísbendingin um að verulegar breytingar séu að verða á atvinnuástandi hér á landi kemur á vormánuðum 1992 þegar atvinnuleysið heldur áfram að vera um 3% í mars og apríl og lækkar reyndar lítið allt sumarið. Áfallið kemur hins vegar í desember það ár þegar atvinnuleysið mælist 4,8% eða meir en nokkru sinni fyrr. Atvinnuleysið heldur síðan áfram að aukast og nær hámarki í febrúarlok með yfir 7.000 manns á atvinnuleysisskrá og 5,4% atvinnuleysi í mars sl. Síðan þá hefur dregið úr atvinnuleysi fram til júlí og ágúst með um 3,2% atvinnuleysi og með um 4.300 manns atvinnulausa að meðaltali.

Batnandi atvinnuástand frá mars til ágúst á þessu ári er reyndar ekki talið viðvarandi vegna þess að sá bati skýrist að mestu af tímabundnum aðstæðum eins og átaksverkefnum sveitarfélaga, miklum verklegum framkvæmdum á vegum ríkisins, góðum aflabrögðum víðast hvar og árstíðasveiflum í atvinnulífi. Þá hefur verið vöxtur í margvíslegri ferðaþjónustu.

Það sem einkum hefur breyst er að atvinnuleysið er orðið almennara og takmarkast ekki lengur við árstíðabundnar sveiflur í sjávarútvegi eða aðra tímabundna erfiðleika í þeirri grein. Þannig hefur atvinnuleysið í þéttbýlinu hér á höfuðborgarsvæðinu og við Eyjafjörðinn minnkað miklu minna en víðast hvar annars staðar í þeim atvinnubata sem varð fram til ágúst. Ástæða þessa er að lítið hefur dregið úr þeim samdrætti sem orðið hefur í iðnaði, verslun og þjónustugreinum undanfarin tvö ár í kjölfar aflasamdráttar og lækkunar á heimsmarkaðsverði helstu útflutningsgreina.

Þannig hefur atvinnuástandið versnað aftur í september og er atvinnuleysið orðið 3,4% með um 4.600 atvinnulausa að meðaltali á mánuði og 4.800 í lok mánaðar.

Þessar tölur eru vísbending um að atvinnuleysi haldi áfram að aukast í október. Einkum má búast við að atvinnuleysi aukist á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi. Hins vegar gæti dregið úr atvinnuleysi á Norðurlandi og Vestfjörðum. Atvinnuleysi karla gæti einkum aukist á höfuðborgarsvæðinu en kvenna á landsbyggðinni. Áhrif átaksverkefna sveitarfélaga og aukinna opinberra framkvæmda fer nú þverrandi og búast má við að heföbundinna árstíðasveiflna í atvinnulífi gæti í vaxandi mæli. Aflabrögð og sláturtíð í október munu þó ráða miklu um atvinnuástand mánaðarins á landsbyggðinni.

Atvinnuástand fer nú aftur versnandi og mun halda áfram að versna a.m.k. fram á næsta ár. Þjóðhagsstofnun spáir nú að atvinnuleysi verði 4,5% á þessu ári og 5 til 5,5% á næsta ári. Þetta þýðir að atvinnuleysi fer vaxandi næstu mánuði og ekki er ólíklegt að búast megi við svipaðri þróun og varð seinni hluta síðasta árs og fyrri hluta þessa árs. Þetta þýðir að atvinnuleysi gæti orðið a.m.k. 3,6% í október, 4% í nóvember, 5,5% í desember og um 6% í janúar, febrúar og mars með um 7.500 atvinnulausa. Þetta er vissulega alvarlegt ef þetta gengur eftir. Fyrir framvinduna vegur mest fyrirhugaður niðurskurður þorskafla á þessu fiskveiðiári og óhagstæð viðskiptakjör. Við höfum vissulega orðið vör við aukna samkeppni á útflutningsmörkuðum okkar og þá efnahagskreppu sem ríkir víðast hvar í Evrópu. Atvinnuleysið er enn sem komið er með því minnsta sem þekkist í Evrópu. Hins vegar er engin ástæða til að gleðjast yfir því vegna þess að ekki þarf mikið að gerast til að hér skapist enn meira atvinnuleysi en við búum við og eigum von á.

Þær aðgerðir hins opinbera sem þegar eru komnar í gang og þær sem fyrirhugaðar eru munu eitthvað hamla gegn þessari þróun en fyrirsjáanlegt er að atvinnuskapandi verkefni á vegum hins opinbera geta ekki stöðvað þessa þróun. Dregið hefur úr átaksverkefnum sveitarfélaga og ekki er fyrirsjáanlegt að sveitarfélög nái að nýta sér þær 500 milljónir kr. sem þau lögðu í Atvinnuleysistryggingasjóð á þessu ári en ríflega 2.000 tímabundin störf hafa verið sköpuð með þessum hætti. Ástæðan er einfaldlega sú að fjárhagslegt svigrúm sveitarfélaga er ekki fyrir hendi til að bæta við þeim kostnaði sem þarf til framkvæmda umfram fjárhagsáætlanir þeirra auk þess sem veturinn er óheppilegur fyrir flest þau verkefni sem til greina koma. Hins vegar hlýtur að vera möguleiki fyrir einkaaðila að sækja um til atvinnuskapandi verkefna í gegnum sveitarfélögin en tiltölulega lítið hefur verið um slíkar umsóknir. Það er ljóst að við verðum að búa við verra atvinnuástand þar til ástandið batnar á almenna vinnumarkaðinum. Áhersla hins opinbera er því þríþætt við að takast á við þetta verkefni:

Í fyrsta lagi að bæta skilyrði hins almenna vinnumarkaðar og stuðla að þróun og nýsköpun í atvinnulífinu.

Í öðru lagi að leggja áherslu á virkar atvinnuskapandi vinnumarkaðsaðgerðir hjá ríki og sveitarfélögum og aðgerðir sem einnig hvetja einkafyrirtæki til að ráða atvinnulaust fólk.

Í þriðja lagi að auka aðgerðir sem styrkja félagslegar og menntunarlegar þarfir vinnuafls og vinnumarkaðar.

Það er þýðingarmikið að veita auknu fjármagni í alla þessa þætti því þeir eru innbyrðis háðir og styðja hver annan. Stuðla þarf að því að fjármagn Atvinnuleysistryggingasjóðs nýtist sem mest í virkar vinnumarkaðsaðgerðir og sem minnst í óvirkar bótagreiðslur. Viðhalda þarf hæfni og starfsorku þess vinnuafls sem um lengri eða skemmri tíma þarf að búa við atvinnuleysi.

Þegar litið er á einstaka þætti atvinnuleysisvandamálsins kemur í ljós að verulegur munur er á atvinnuleysi kynja, þannig eru nærri 2.800 konur skráðar atvinnulausar í lok september en tæplega 2.100 karlar. Hlutfallslegt atvinnuleysi kvenna er 4,8% en karla 2,5% í september. Miklu minna hefur dregið úr atvinnuleysi kvenna en karla frá því það var mest

í mars. Almennar vinnumarkaðsaðgerðir hins opinbera hafa dregið miklu meir úr atvinnuleysi karla en kvenna. Þess vegna reyndist nauðsynlegt að fara í sérstök atvinnuskapandi verkefni fyrir konur.

Talsvert hefur dregið úr atvinnuleysi ungs fólks frá maímánuði einkum í aldurshópnum 15 til 19 ára og hefur hlutur þessa hóps í heildaratvinnuleysi ekki verið minni síðan í ágúst 1989. Atvinnuleysi hefur einnig minnkað talsvert í flestum öðrum aldurshópum frá maí til ágúst nema lítilsháttar fjölgun hefur átt sér stað í aldurshópnum 50 til 59 ára. Þegar litið er nánar á aldursskiptingu atvinnulausra kemur í ljós að atvinnuleysi þeirra þriggja aldurshópa, sem eru á aldrinum 20 til 39 ára, hefur rúmlega þrefaldast frá ágúst 1990 til ágúst 1993. Atvinnuleysi þeirra sem eru 40 til 49 ára hefur tæplega þrefaldast en atvinnuleysi þeirra tveggja hópa sem eru 50 til 69 ára hefur rúmlega tvöfaldast. Atvinnuleysi þeirra sem eru 15 til 19 ára hefur tæplega tvöfaldast. Ekki var verulegur munur á atvinnuleysi einstakra hópa í ágúst 1990 en mest atvinnuleysi var hjá þeim sem eru 20 til 29 ára, 60 til 69 ára og 30 til 39 ára en minnst hjá þeim sem eru 15 til 19 ára. Í aldurshópnum 20 til 29 ára hefur samtals fjölgað um 880 manns og í aldurshópnum 30 til 39 ára hefur fjölgað um 730 manns á þessu tímabili en aukist mest um rúmlega 400 í öðrum hópum. Tæplega 28% atvinnulausra eru á aldrinum 20 til 29 ára og 23% eru á aldrinum 30 til 39 ára eða samtals rúmlega helmingur atvinnulausra. Þetta eru þeir aldurshópar sem harðast hafa orðið úti vegna verðbólgunnar undanfarin ár.

Langtímaatvinnuleysi hefur lítillega aukist frá maí til ágúst en fjölgað hefur um 73 í þeim hópi sem hefur verið atvinnulaus lengur en 6 mánuði og voru þeir 1.544 í ágúst. Fjölgun verður einkum hjá þeim sem hafa verið atvinnulausir lengur en 9 mánuði en hins vegar fækkar þeim sem hafa verið atvinnulausir 6 til 9 mánuði. Langtímaatvinnuleysi kvenna hefur aukist í heild um 19% eða 148 konur en langtímaatvinnuleysi, karla hefur minnkað um 11% eða 75 karla. Hins vegar hefur fækkað verulega í þeim hópi sem var á leið út í langtímaatvinnuleysi það eru þeir sem hafa verið atvinnulausir 3 til 6 mánuði. Þeim fækkaði um 601 frá maí til ágúst og voru þeir 792 í ágústlok. Ljóst er að nokkuð stór hópur er að festast í langtímaatvinnuleysi og ekki er líklegt að vandamál þessa fólks verði eingöngu leyst með atvinnuskapandi aðgerðum.

Meginniðurstaðan er sú að atvinnuskapandi aðgerðir á þessu ári hafa einkum skilað sér til yngra fólks, til karla og til þeirra sem ekki hafa verið of lengi atvinnulausir.

Atvinnuleysi 1970 - 1993 *

Tafla 1. Fjöldi atvinnulausra 1970 - 1993

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	meðalt
1970	2.608	2.211	1.526	713	695	729	439	419	290	673	1.114	1.233	1.054
1971	1.329	1.163	608	354	386	354	266	215	136	340	620	959	561
1972	1.103	792	524	417	437	306	189	115	100	130	519	699	444
1973	658	561	398	290	366	225	124	119	144	174	485	790	361
1974	942	571	453	341	383	151	119	142	174	214	319	611	368
1975	819	546	386	363	590	657	368	223	208	211	365	735	456
1976	1.083	886	778	426	321	308	246	224	196	207	365	742	482
1977	654	456	341	195	168	173	127	117	176	162	333	517	285
1978	683	460	423	260	198	183	121	305	199	201	418	645	341
1979	960	617	477	378	368	314	190	127	116	158	347	481	378
1980	654	402	290	290	164	167	334	425	179	225	272	574	331
1981	870	673	565	364	263	205	182	180	224	208	413	744	408
1982	3.369	945	619	382	344	459	330	310	241	258	560	1.413	769
1983	2.346	1.676	1.406	988	844	919	689	680	528	677	1.255	2.235	1.187
1984	3.885	2.607	1.777	1.156	1.091	857	775	821	536	1.118	1.291	1.854	1.481
1985	2.607	1.380	2.106	844	755	659	621	579	416	474	960	1.855	1.105
1986	2.371	1.099	823	866	786	679	656	466	309	358	479	982	823
1987	2.350	616	570	557	406	415	420	340	204	213	270	648	584
1988	1.031	792	796	640	544	568	520	470	519	706	1.157	2.092	820
1989	2.978	2.628	2.490	1.806	1.797	1.921	1.810	1.881	1.517	1.848	2.183	2.643	2.125
1990	3.929	2.961	2.872	2.372	2.237	2.112	2.036	1.974	1.307	1.480	1.591	2.193	2.255
1991	3.232	2.188	1.823	1.751	1.495	1.373	1.678	1.442	1.188	1.612	2.012	3.012	1.901
1992	4.030	3.466	3.817	3.698	3.207	3.500	3.712	3.319	3.534	3.764	4.280	6.087	3.868
1993	6.297	6.174	6.691	5.802	5.200	5.006	4.408	4.310	4.557				5.383

Tafla 2. Atvinnuleysi sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði 1970 - 1993

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	meðalt
1970	3,3	2,8	1,9	0,8	0,9	0,9	0,5	0,5	0,3	0,8	1,4	1,5	1,3
1971	1,6	1,4	0,7	0,4	0,4	0,4	0,3	0,2	0,2	0,4	0,7	1,1	0,7
1972	1,3	0,9	0,6	0,5	0,5	0,3	0,2	0,1	0,1	0,1	0,6	0,8	0,5
1973	0,8	0,7	0,5	0,3	0,4	0,2	0,3	0,1	0,1	0,2	0,5	0,9	0,4
1974	1,1	0,6	0,5	0,4	0,4	0,2	0,1	0,1	0,2	0,2	0,4	0,7	0,4
1975	0,9	0,6	0,4	0,4	0,6	0,7	0,4	0,2	0,2	0,2	0,4	0,8	0,5
1976	1,1	0,9	0,8	0,4	0,3	0,3	0,2	0,2	0,2	0,2	0,4	0,8	0,5
1977	0,7	0,5	0,4	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1	0,2	0,2	0,3	0,5	0,3
1978	0,7	0,5	0,4	0,3	0,2	0,2	0,1	0,3	0,2	0,2	0,4	0,7	0,4
1979	1,0	0,6	0,5	0,4	0,4	0,3	0,2	0,1	0,1	0,2	0,3	0,5	0,4
1980	0,6	0,4	0,3	0,3	0,2	0,2	0,3	0,4	0,2	0,2	0,3	0,6	0,3
1981	0,8	0,6	0,5	0,3	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,4	0,7	0,4
1982	3,1	0,9	0,6	0,3	0,3	0,4	0,3	0,3	0,2	0,2	0,5	1,3	0,7
1983	2,1	1,5	1,3	0,9	0,7	0,8	0,6	0,6	0,4	0,6	1,1	2,0	1,0
1984	3,4	2,3	1,6	1,0	0,9	0,7	0,6	0,7	0,4	0,9	1,1	1,6	1,3
1985	2,2	1,2	1,8	0,7	0,6	0,5	0,5	0,5	0,3	0,4	0,8	1,6	0,9
1986	2,0	0,9	0,7	0,7	0,6	0,5	0,5	0,4	0,2	0,3	0,4	0,8	0,7
1987	1,8	0,5	0,4	0,4	0,3	0,3	0,3	0,2	0,2	0,2	0,2	0,5	0,4
1988	0,8	0,6	0,6	0,5	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	0,5	0,9	1,7	0,6
1989	2,4	2,1	2,0	1,4	1,4	1,4	1,3	1,4	1,2	1,4	1,7	2,1	1,7
1990	3,2	2,4	2,3	1,9	1,7	1,6	1,5	1,5	1,0	1,1	1,3	1,7	1,8
1991	2,5	1,7	1,4	1,3	1,1	1,0	1,2	1,0	0,9	1,2	1,6	2,4	1,5
1992	3,2	2,8	3,1	2,9	2,5	2,6	2,7	2,5	2,7	2,9	3,4	4,8	3,0
1993	5,0	4,9	5,4	4,6	4,0	3,7	3,2	3,2	3,4				4,2

* Fram til ársins 1975 er miðað við fjölda atvinnulausra síðasta virka dag hvers mánaðar.
Frá og með 1975 er hins vegar miðað við fjölda atvinnuleysisdaga í hverjum mánuði.
Fjöldi í janúar 1975 er áætluð tala, þar sem talning atvinnuleysisdaga hófst í febrúar 1975.
Fjöldi í febrúar 1976 er áætluð tala vegna allsherjarverkfalls í mánuðinum.

Fylgiskjal 1

Ráðgjafanefnd Vinnumálaskrifstofu félagsmálráðuneytisins
7. október 1993

KÖNNUN Á HÖGUM OG AÐSTÆÐUM ATVINNULAUSRA
1000 atvinnulausir spurðir.

Markmið: Lýsa aðstæðum og högum atvinnulausra.

Kannað var:
Orsakir atvinnumissis
Árangur atvinnuleitar
Afleiðingar fyrir afkomu
Áhrif á heilsufar
Persónuleg ímynd

1. Orsakir

Erfiðleikar í sjávarútvegi og stoðgreinum eins og málm- og skipasmíðaiðnaði.
Almennur samdráttur í iðnaði.
Hlutur iðnaðar, verslunar, þjónustugreina í atvinnuleysi fer vaxandi.
80% atvinnulausra misstu vinnu vegna ástands á vinnumarkaði.
Atvinnuleysi breytist úr tímabundnu í langtímaatvinnuleysi.
22% atvinnulausra hefur verið 6 mánuði eða lengur án vinnu.

2. Atvinnuleit

Af þeim sem voru atvinnulausir um sl. áramót eru 46% að leita að vinnu, en 41% eru komnir í vinnu, þegar könnunin fer fram.
13% eru ekki í atvinnuleit vegna náms, veikinda, fötlunar eða eru komnir á eftirlaun.

2.1 Starfsnám. Um það bil 70% atvinnulausra hefur áhuga á starfsnámi, þar af eru 4% í starfsnámi.
Áhugi markast af aldri. Um 80% þeirra sem eru yngri en 40 ára, en 30% þeirra sem eru 55-75 ára óskuðu eftir starfsnámi.

3. Afleiðingar fyrir afkomu

1/3 atv.l. með minna en 1 milljón í fjölskyldutekjur
21% atv.l. með 1 til 1.5 m. í fjölskyldutekjur
16% atv.l. með 1.5 til 2 m. í fjölskyldutekjur

Meðalrýrnun fjölskyldutekna 54.000 kr. á mán.
21% misstu meira en 75.000 kr. á mán.

Atvinnulausir án bóta: Stærsti hópurinn er á 16 vikna biðtíma.
Um það bil 50% atvinnulausra eru í greiðsluerfiðleikum.
Könnun meðal allrar þjóðarinnar leiddi í ljós að 38% væru í greiðsluerfiðleikum.

Breytingar á neysluvenjum: 58% atvinnulausra hafa þurft að breyta neysluvenjum sínum t.d. matarinnkaupum, afþreyingu, akstri og áskriftum.

Önnur aðstoð: 7% atvinnulausra hefur þegið aðstoð félagsmálastofnunar.

Helmingur þeirra hefur fengið minna en 50.000 kr. árið 1992
25% þeirra sem fengu aðstoð hefur fengið meira en 100.000 kr.
aðallega fyrirvinna v/ fjölskyldu

30% tóku lán hjá lánastofnunum og 2% hjá ættingjum.

Áhrif á eignastöðu:
7,5% áttu hvorki eignir né sparifé.
Um það bil 40% gengu á eignir eða sparifé.

4. Áhrif atvinnuleysis á einstaklinginn.
Í opinni spurningu um hvað atvinnulausir væru óánægðastir með í lífskjörum fjölskyldu nefndu:
34% fjárhagsafkomu
29% atvinnuleysið
7% heilsufar og félagslegar aðstæður.

4.1 Áhrif á heilsufar:
Afmarkaðar spurningar um betri eða verri líðan síðustu 6 mánuði.
4.1.1 Líkamlegt heilsufar: 14% höfðu það verra, en 9% höfðu það betra.
4.1.2 Sálræn líðan og sjálfsmynd:

Stöðugt álag: 35% segja það meira
Áhyggjur, svefnleysi: 33% meira en venjulega
Erfiðara með einbeitingu: 29% " " "
Óhamingja, þunglyndi: 28% " " "

Atvinnuleysi fylgja markverðar breytingar á andlegri líðan, sjálfsmati og styrk.

5. Afstaða atvinnulausra til ráðstöfunar starfa.
90% atvinnulausra telja að Íslendingar eigi að hafa forgang til vinnu umfram útlendinga.
60% atvinnulausra vilja stytta vinnuviku ef það skapar atvinnutækifæri.
30% atvinnulausra vilja skylda fólk til að fara fyrr á eftirlaun. Þar af er helmingur 55-75 ára á þessari skoðun.

6. Atvinnulausir án bóta/óskráðir.

100 manna úrtak af 180 í Samtökum atvinnulausra, aðstæður þeirra eru talsvert verri:

Greiðsluerfiðleikar meiri (77% á móti 49%).
Tekjur minni.
Meiri samdráttur í neyslu.
Meira gengið á eignir og sparifé.
Sækja meira til félagsmálastofnana.
Búa oftar í leiguíbúðum.

Eru eldri – karlar – með meiri menntun voru oftar sjálfstætt starfandi –utan verkalýðsfélaga.
Starfsvettvangur þjónusta, verslun, samgöngur.
Sækja eftir vinnu.
Heilsufar og andleg líðan verri.
Eiga oftar maka sem er atvinnulaus.

Ráðstafanir

0. Breyta áherslum í atvinnumálum.
1. Samræma þarf aðstoð/lágmarksaðstoð félagsmálastofnana/sveitarfélaga. Aðstoðsveitarfélaga er mjög misjöfn.
2. Tryggja þarf lágmarksframfærslueyri fjölskyldu, einstaklinga og fráskildra.
3. Að langtímaatvinnulausir fái skyldurétt til vinnu.
   – Samstarf um samning sveitarfélaga, fyrirtækja og ríkis um skyldustörf.
4. Efling markvissrar starfsmenntunar sem tryggi rétt til vinnu í tiltekinn lágmarkstíma.
5. Meta þarf gagnsemi athvarfa fyrir atvinnulausa.

SAMANDREGIÐ

Atvinnuleysi er algengara hjá:

Yngra fólki (18-29 ára)
minna menntuðu
verkafólki
einhleypum.

Tíðni atvinnuleysis er meiri:

Á landsbyggðinni en skemmra en á höfuðborgarsvæðinu.
Sex sinnum fleiri úr fiskvinnslu en miðað við jafna skiptingu
= skammtímaatvinnuleysi í fiskvinnslu er meira en í iðnaði og þjónustu.
Minnst atvinnuleysi í landbúnaði og opinbera geiranum.
Atvinnuleysi opinberra starfsmanna er 1/3 af því sem væri ef atvinnuleysi væri með jöfnu hlutfalli í öllum greinum.

55% atvinnulausir eru aðalfyrirvinnur.
58% í hjúskap.
10% eiga atvinnulausan maka.

Rúmlega 50% atvinnulausra hafa verið atvinnulausir í 1 til 6 mán.
15% atvinnulausra hafa verið atvinnulausir í 6-12 mán.

Niðurstaðan er umtalsvert langtímaatvinnuleysi.

1. Meginatriði sem ganga þarf út frá.
   1.1 Langtímaatvinnuleysi er orðið umtalsvert.
   1.2 Mikil fylgni milli langtímaatvinnuleysis og fjárhags, heilsufars og andlegra erfiðleika.
   1.3 Hópar án atvinnuleysisbóta eru verst settir.
   Mest atvinnuleysi hjá þeim sem hafa minnsta menntun.
   1.4 Sérlega erfitt ástand þar sem báðar fyrirvinnur eru atvinnulausar.

Fylgiskjal 2

Starfshópur um atvinnumál kvenna

GREINARGERÐ

starfshóps sem skipaður var til að gera tillögur um skiptingu 60 m.kr. framlags úr ríkissjóði til atvinnumála kvenna

Félagsmálaráðherra Reykjavík, 11. október 1993.
Jóhanna Sigurðardóttir
félagsmálaráðuneyti,
150 Reykjavík.

Starfshópur sá sem félagsmálaráðherra skipaði 10. ágúst 1993, til þess að gera tillögur um skiptingu 60 m.kr. framlags úr ríkissjóði til atvinnuskapandi verkefna fyrir konur, hefur nú lokið störfum og skilað meðfylgjandi greinargerð og fylgiskjölum.

STARFSHÓPUR UM ATVINNUMÁL KVENNA

Greinargerð með tillögum til félagsmálaráðherra um skiptingu 60 m.kr. framlags úr ríkissjóði til atvinnumála kvenna.

1. Inngangur

Þann 10. ágúst 1993 skipaði félagsmálaráðherra starfshóp til að gera tillögu um ráðstöfun sérstaks 60 m.kr. framlags úr ríkissjóði sem varið skyldi til atvinnumála kvenna. Framlag þetta er hluti af sérstöku framlagi til atvinnuskapandi aðgerða að fjárhæð 1000 m.kr., sem ríkisstjórnin ákvað að veita í tengslum við kjarasamninga 1993.

Hópinn skipuðu eftirtaldir fulltrúar vinnumarkaðarins og fulltrúar félagsmála- og fjármálaráðherra:

Hulda Finnbogadóttir, formaður,
Ásdís Sigurjónsdóttir, deildarsérfræðingur fjármálaráðuneyti,
Hansína Stefánsdóttir, formaður Verslunarmannafélags Árnessýslu,
Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri.

Þá sat Margrét Kristjánsdóttir, varamaður Ásdísar Sigurjónsdóttur tvo fundi, og Kristján Jóhannsson, varamaður Þorkels Sigurlaugssonar 10 fundi.

Ingibjörg Broddadóttir, deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneyti starfaði jafnframt með starfshópnum.

Fyrsti fundur starfshópsins var haldinn 17. ágúst.

Alls hafa verið haldnir 15 fundir.

Milli funda starfaði Hulda Finnbogadóttir ásamt Ingibjörgu Broddadóttur við öflun gagna, dreifingu upplýsinga, flokkun og úrvinnslu umsókna og að gerð tillagna og greinargerðar.

2. Þróun atvinnuleysis

Á undanförnum árum hefur atvinnuleysi aukist mjög á Íslandi. Frá árinu 1970 til 1988 var skráð atvinnuleysi hér á landi að jafnaði undir 1%. Í kjölfar efnahagslægðarinnar sem hófst á árinu 1988 fór atvinnuleysi smám saman vaxandi og á árunum 1989-1991 mældist það í kringum 1,5-2%. Á árinu 1992 nam atvinnuleysi að jafnaði 3%, en var komið í 4,8% í lok ársins. Á tímabilinu janúar til ágúst í ár var atvinnuleysið að jafnaði 4,2%.

Meira atvinnuleysi meðal kvenna en karla.

Frá því að atvinnuleysi tók að færast í vöxt á árinu 1988 hefur það að jafnaði verið töluvert hærra meðal kvenna en karla. Á árinu 1992 þegar atvinnuleysi í heild mældist 3% nam það 3,6% meðal kvenna, en einungis 2,6% meðal karla. Eins og áður sagði mældist atvinnuleysi fyrstu átta mánuði ársins 1993 að jafnaði 4,2%. Meðal karla var atvinnuleysi 3,6%, en atvinnuleysi meðal kvenna hinns vegar 4,7%.

Þróun atvinnuleysis síðustu mánaða.

Í júlí og ágúst 1993 hafa ýmis átaksverkefni, á vegum sveitarfélaga, til að draga úr atvinnuleysi verið í gangi víða um land og skilað sér í fækkun atvinnulausra í þessum mánuðum. Á sama tíma var atvinnuleysi 1,4 prósentustigum lægra en að meðaltali næstu sex mánuði á undan. Á árinu 1992 var þetta sama hlutfall 0,2 prósentustig. Þess ber þó að

Samanburður á atvinnuleysi kvenna 1992-199

	janúar				júní				júlí				ágúst			
	fjöldi		%		fjöldi		%		fjöldi		%		fjöldi		%	
	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93
Höfuðborgarsv.	429	1318	1,4	4,2	990	1714	2,9	5,0	1192	1794	3,4	5,1	1004	1681	3,0	4,9
Landsbyggðin	1475	1560	7,3	7,7	917	1090	4,2	4,9	901	866	4,0	3,8	864	881	3,9	4,0
Vesturland	143	169	5,2	6,2	140	132	4,7	4,4	141	108	4,6	3,5	148	88	5,0	3,0
Vestfirðir	16	40	0,8	2,0	5	73	0,2	3,4	21	61	1,0	2,8	12	55	0,6	2,6
N-vestra	134	172	6,7	8,6	80	106	3,7	4,9	87	70	3,9	3,1	56	67	2,6	3,1
N-eystra	374	365	7,9	7,7	181	336	3,5	6,5	178	271	3,4	5,1	176	292	3,4	5,6
Austurland	179	152	7,9	6,7	84	61	3,4	2,5	60	58	2,4	2,3	76	99	3,1	4,0
Suðurland	287	254	7,8	6,9	145	174	3,6	4,3	142	178	3,4	4,3	133	171	3,3	4,2
Suðurnes	342	408	12,2	14,5	282	208	9,3	6,8	272	120	8,7	3,8	263	109	8,6	3,6
Landið allt	1904	2878	3,7	5,6	1907	2804	3,4	5,0	2093	2660	3,6	4,6	1868	2562	3,4	4,6

gæta að konur báru þar skarðan hlut frá borði, því hlutfall kvenna í átaksverkefnunum var aðeins 34,1% á móti 65,9% karla.

Hins vegar hefur fækkun á atvinnuleysisskrá verið mjög mismunandi eftir þjóðfélagshópum. Fjöldi atvinnulausra var fjórðungi lægri í júní og júlí en á fyrstu sex mánuðum ársins. Meðal karla á höfuðborgarsvæðinu hefur atvinnulausum fækkað um 30% á þessum tíma. Þetta sama hlutfall er mun hagstæðara hjá körlum á landsbyggðinni þar sem fækkað hefur um nálægt 60% á atvinnuleysisskrá á síðustu tveimur mánuðum miðað við fyrstu sex mánuði ársins. Hjá konum er þetta hlutfall ekki jafn hagstætt. Hjá konum á landsbyggðinni hefur atvinnuleysi reyndar minnkað um ríflega 30%, en á móti kemur að atvinnuleysi meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist um ríflega 15% á þessum tíma.

Ófaglærðar verkakonur, iðnverkakonur og verslunar- og skrifstofukonur eru verst settar á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuleysi er aftur á móti hærra meðal fiskverkakvenna á landsbyggðinni.

3. Vinna starfshópsins

3.1 Verklag.

Nokkur umræða varð um það á fyrsta fundi starfshópsins með hvaða hætti væri hægt að vekja athygli atvinnulausra kvenna, og annarra sem hugsanlega vildu sækja um styrk til að skapa konum störf, á þessu framlagi. Ákveðið var að auglýsa í dagblöðum eftir umsóknum um styrki. Einnig var haft samband símleiðis við flesta sveitarstjóra landsins eða fulltrúa þeirra, öllum atvinnuráðgjöfum var sent bréf og þeir beðnir að kynna framlag þetta í sínu umdæmi. Í framhaldi af því var óskað eftir að þeir kynntu starfshópnum hugmyndir sínar um skiptingu fjárins.

Að auki ræddu blaðamenn og útvarpsmenn við formann starfshópsins og birtust fréttir um framlagið í eftirfarandi fjölmiðlum:

* Ríkisútvarpinu.
* Frétt í Morgunblaðinu.
* Dagblaðinu DV.
* Stjörnunni útvarpsstöð.
* Svæðisútvarpi Austurlands.

Með þessu telur starfshópurinn að vitneskja um framlag þetta hafi dreifst eins víða og kostur er, á þeim stutta tíma sem gefinn var til að skila tillögum, eða til mánaðamóta september/október.

3.2 Ráðgjafar og umsagnaraðilar.

Starfshópurinn boðaði á sinn fund eftirtalda aðila:

* Árna Sigfússon, frá Stjórnunarskólanum og Reykjavíkurborg.
* Guðrúnu Halldórsdóttur, frá Námsflokkum Reykjvíkur.
* Guðmund Árnason, frá forsætisráðuneytinu.
* Halldór Grönvold, frá A.S.Í.
* Margréti Björnsdóttur, frá Endurmenntunardeild H.Í.
* Snorra Konráðsson, frá M.F.A.

Þá hefur verið haft samband símleiðis við fjölmarga aðila sem málið varðar s.s.

* Stéttarfélög ófaglærðra verkakvenna í Reykjavík, Sókn og Framsókn.
* Iðntæknistofnun.
* Atvinnuleysistryggingasjóð.
* Byggðastofnun.
* Samtök kvenna um land allt.
* Útflutningsráð.

Fjölmargir aðilar höfðu samband við formann og starfsmann starfshópsins, og kynntu hugmyndir sínar og buðu fram aðstoð. Þar má nefna Tæknigarð sem bauð fram alla þá aðstoð sem þeir hafa fram að bjóða, og var því boði komið á framfæri þar sem við átti.

3.3 Umsóknir.

Umsóknir sem bárust voru 150 að tölu, voru þær skráðar sem hér segir:

* Í stafrófsröð
* Umsóknir sveitarstjórna
* Umsóknir hópa og félaga.
* Í póstnúmeraröð. (landshlutar)
* Eftir verkefnum innan hvers landshluta.

Alls var sótt um 306.816.000.- þar af 59.696.000.- af sveitarfélögum og 246.920.000.- af einkaaðilum, auk fjölmargra umsókna þar sem upphæð var ótilgreind eða óljós.

Umsóknirnar skiptast þannig eftir landshlutum í þúsundum króna:

Landshlutar:	**Alls:**	**Einkaaðilar:**	**Sveitarfélög:**
Rvk., Kóp., Hafn., Mos.	142.930.-	119.174.-	23.756.-
Suðurnes1	2.130.-	12.130.-	
Vesturland/Vestfirðir	44.384.-	23.704.-	20.680.-
Norðurland	45.795.-	36.695.-	9.100.-
Austurland	35.641.-	35.021.-	620.-
Suðurland	25.936.-	20.196.-	5.740.-
Samtals:	306.816.-	246.920.-	59.696.-

3.4 Vinnureglur.

Starfshópurinn ákvað að gera tillögur sínar með hliðsjón af neðangreindum vinnureglum, og þeim upplýsingum sem fram komu um atvinnuástandið. Eftir að hafa kynnt

sér þörfina, ábendingar og hugmyndir þeirra sem málið varðar, en ekki síst eftir dreifingu og skiptingu verkefna sem sótt var um styrki til.

Hópurinn gerði með sér eftirtaldar vinnureglur:
* Ákveðið hlutfall af framlaginu renni til námsaðstoðar við atvinnulausar konur.
* Styrkir renni til kvenna á atvinnuleysisskrá að öllu jöfnu.
* Styrkjum verði einkum beint til ófaglærða verkakvenna.
* Aðhlynningarstörf hvers konar hljóti forgang.
* Við styrkveitingar verði leitast við að ná varanlegum árangri.
* Höfð verði hliðsjón af tölum um atvinnuleysi.

4. Tillögur um skiptingu framlags

Með fyrrgreindar vinnureglur að leiðarljósi og með tilliti til þess mikla fjölda umsókna sem barst hefur starfshópurinn ákveðið að skipta framlaginu til þriggja aðalþátta: Til námsaðstoðar, til sveitarfélaga og til einkaaðila. (Fylgiskjal 1. Tafla með samanburði á styrkveitingum og atvinnuleysi eftir landshlutum.)

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hverjum þætti fyrir sig.

4.1 Námsaðstoð: Kr. 5.443.000.-.
Til styrktar 53 konum til náms í allt að 30 vikur.

Hér er um að ræða nýjung á sviði menntunar (kvenna). Með þessu yrði atvinnulausum konum, einkum þeim sem lítillar eða engrar menntunar hafa notið, gefinn kostur á að sækja nám sem skapað gæti þeim betri stöðu á vinnumarkaði, þær öðlast meira sjálfsöryggi, og hvatt þær til stofnunar eigin fyrirtækja.

Hingað til hefur atvinnulausum aðeins verið gefinn kostur á að sækja námskeið, sem kostuð hafa verið af opinberu fé, þ.e. námskeið sem staðið hafa skemur en 8 vikur. (sjá 18. gr. laga nr. 96/1990 um Atvinnuleysistryggingasjóð.)

Til þess að stuðla að því að fleiri konur en ella gætu séð sér fært að sækja um styrki þessa, fór starfshópurinn þess á leit við Atvinnuleysistryggingasjóð að kannaðir yrðu möguleikar á að konur sem styrktar yrðu til náms gætu haldið bótum sínum, meðan á ofangreindu námi stæði, þrátt fyrir að námið vari lengur en 8 vikur.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur hafnað þessu erindi „þar sem ekki er stoð í lögum um atvinnuleysistryggingar til að stunda nám á atvinnuleysisbótum lengur en 8 vikur".

Starfshópurinn leitaði til eftirtalinna skólastofnana um samstarf :

M.F.A. skólinn.
Grunnnám fyrir 12 konur í 3 x 8 vikur. Alls 24 vikur, 600 kennslustundir.

Markmið M.F.A. skólans með þessu grunnnámi er:
* Auka þekkingu og færni í grunngreinum þ.e. stærðfræði, íslensku, ensku og samfélagsfræði samkvæmt þörfum og markmiðum þátttakenda.
* Auka sjálfsvitund og sjálfstraust sem m.a. felur í sér að þátttakendur geti nýtt sér þekkingu sína í daglegu lífi.
* Auka hæfni til samskipta. Þátttakendur þjálfa sig í að tala, lesa, skrifa og reikna. Auka skilning og þekkingu á einstökum þáttum samfélagsins og samspili þeirra.

* Æfa og öðlast hæfni til gagnrýnnar hugsunar og læra að taka afstöðu til mismunandi möguleika gagnvart yfirvöldum, fyrirtækjum og fjölmiðlum.
* Æfa viljann og getuna til að taka þátt í störfum samfélagsins þannig að kunnátta og hæfni nýtist sem best í daglegu lífi.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.
Grunnnám í viðskiptafræðum fyrir 25 konur í 2 x 15 vikur. Alls 240 kennslustundir.

Helstu kennslugreinar:

1. Viðskiptareikningur, 20 kennslustundir.
2. Tölvunotkun í rekstri fyrirtækja (töflureiknir, ritvinnsla o.fl.), 25 stundir.
3. Rekstrarhagfræði, 20 stundir.
4. Bókhald (tölvubókhald), 25 stundir.
5. Fjármálafræði, 25 stundir.
6. Stjórnun og mannleg samskipti, 20 stundir.
7. Markaðs- og sölumál, 20 stundir.
8. Gæðastjórnun, 20 stundir.
9. Heimilishagfræði, 20 stundir.
10. Skrifstofurekstur, 20 stundir.
11. Stefnumótun í rekstri fyrirtækja, 25 stundir.

Stjórnunarfélag Íslands.
Frá viðskiptahugmynd til framkvæmdar, 16 konur í 10 vikur. Alls 250 kennslustundir.

Grunnur þessa náms varðar viðskiptahugmynd sem hver þátttakandi vinnur með og gerir áætlun til framkvæmdar. Til þess að það takist þarf hann að hafa ákveðna þekkingu og hæfileika sem námið veitir.

4.2 Til sveitarfélaga: Kr. 20.445.000.-.

Sveitarfélög af öllu landinu, sóttu um styrki til eftirfarandi verkefna:

* til starfsþjálfunar,
* til vinnuskipta,
* til skiptikerfis Reykjavíkurborgar.

Starfsþjálfun.

Nokkur sveitarfélög hafa sótt um styrk til þess að standa fyrir starfsþjálfun atvinnulausra kvenna. Er þar um að ræða aðhlynningarstörf, þ.e. við gæslu og umönnun grunnskólabarna. Fyrirkomulag verður þannig að atvinnulausar konur verða ráðnar til viðkomandi sveitarfélags, sem tekur ábyrgð á starfsþjálfun starfsmannsins. Atvinnuleysistryggingasjóður greiði samsvarandi þeim atvinnuleysisbótum sem starfsmaðurinn hafði, 60 m.kr. framlag, það sem uppá vantar til að lágmarkslaun náist, en sveitarfélagið sér um starfsþjálfun verklega og bóklega, umsjón og aðstöðu.

Vinnuskipti.

Eitt sveitarfélag, Hveragerði, hefur sótt um styrk til að gera tilraun með svokölluð vinnuskipti. Tilhögun sem þessi þekkist víða erlendis (job rotation, eða karusel) en hefur ekki, svo vitað sé, verið reynd hér á landi.

Vinnuskiptin fara fram með þeim hætti, að starfsfólk sem er í vinnu fer í hlutavinnu

á móti námi og rýmir þar með fyrir einstaklingum á atvinnuleysisskrá, sem fara í hlutavinnu samhliða námi og starfsþjálfun.

Í Hveragerði er áformað að hafa vinnuskiptin með þeim hætti að 16 konur í fullu starfi sæki nám að 1/3 miðað við stöðugildi og verði leystar af, af 8 konum af atvinnuleysisskrá, sem einnig sæki nám að 1/3. Allar konurnar 24 eru því í 2/3 stöðugildi og námi að 1/3.

Atvinnuleysistryggingasjóður greiði samsvarandi atvinnuleysisbótum þeirra 8 kvenna sem eru nú atvinnulausar, 60 m.kr. framlag greiði það sem uppá vantar til að ná lágmarkslaunum. Menntamálaráðuneyti, 60 m.kr. framlag og Hveragerðisbær greiði námsþáttinn.

Skiptikerfi.

Reykjavíkurborg hefur sótt um styrk til þess að ráða 50 atvinnulausar konur til aðhlynningarstarfa í grunnskólum borgarinnar.

Konur af atvinnuleysisskrá verði ráðnar í vinnu hjá sveitarfélaginu. Þær verði 1/2 daginn í vinnu og 1/2 daginn í námi hjá Námsflokkum Reykjavíkur í grunnmenntun og í námsgreinum sem nýtast þeim í starfi, s.s. íslensku, ensku, stærðfræði, næringarefnafræði, slysahjálp o.fl.

Sótt er um styrk til þess að greiða mismun á framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs og heildarlaunum, svo og fyrir námsþættinum í 6 mánuði.

Til þess að þessi verkefni gangi vel, er nauðsynlegt að til komi gott samstarf milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og 60 m.kr. framlags. Enda er hér um atvinnuátak að ræða, nýsköpun starfa og nýbreytni í atvinnu- og menntunarmálum ófaglærðra verkakvenna sem ekki hefur verið reynd áður hér á landi svo vitað sé.

Starfshópurinn lítur á tvo fyrri hluta tillagna sinna sem athyglisverða tilraun. Eins og áður segir hafa þessir kostir ekki áður verið í boði hér á landi. Ef vel tekst til um framkvæmd þessara þátta, má ætla að framhald verði á, um ókomin ár. Starfshópurinn leggur því mikla áherslu á að framkvæmdin verði með þeim hætti sem hópurinn hefur lagt til, og að eftirlit, umsjón og framkvæmd félagsmálaráðuneytis og þeirra aðila sem málið varða verði til þess að þessi menntun ófaglærða verkakvenna verði til að auka möguleika þeirra á vinnumarkaði.

4.3 Til einkaaðila: Kr. 33.660.000.-.

Starfshópurinn hefur komið sér saman um að styrkja einkaaðila með eftirfarandi vinnureglur í huga:

* til nýsköpunar, stofn- og rekstrarkostnaðar,
* til framþróunar, hönnunar og markaðssetningar,
* til aðhlynningarstarfa.

Umsóknir einkaaðila voru margar og margvíslegar. Við styrkveitingar til þeirra ákvað starfshópurinn að hafa eftirfarandi í huga:

* að tekið verði mið af atvinnuleysi á viðkomandi svæði,
* að styrkir dreifist hlutfallslega jafnt milla landssvæða,
* að tekið sé tillit til verkefna við styrkveitingar,
* að tekið sé tillit til samkeppnissjónarmiða,
* að ekki verði veittir styrkir til svokallaðrar „svartrar vinnu“,
* að haft verði í huga hversu mörg stöðugildi verði mögulegt að skapa með hverri styrkveitingu.

Starfshópnum var mikill vandi á höndum við að velja milli hinna fjölmörgu umsókna sem bárust frá einkaaðilum. Hafandi að leiðarljósi ofangreindar vinnureglur hefur starfs-

hópurinn orðið sammála um að gera að tillögu sinni að styrkja einkaaðila að upphæð kr. 33.660.000.- sem deilist á landshluta sem hér segir:

1.	Höfuðborgarsvæðið	kr.	11.330.000.-
2.	Vesturland	kr.	1.500.000.-
3.	Vestfirðir	kr.	1.800.000.-
4.	Norðurland - vestra	kr.	3.150.000.-
5.	Norðurland - eystra	kr.	6.250.000.-
6.	Austurland	kr.	3.830.000.-
7.	Suðurland	kr.	3.800.000.-
8.	Suðurnes	kr.	2.000.000.-

(Sjá fylgiskjal 2.)

5. Tillögur um framkvæmd styrkveitinga

Ljóst er að þó unnið hafi verið úr umsóknum og niðurstöður starfshópsins liggi fyrir, þá er mikil vinna eftir til þess að hugmyndir starfshópsins verði að veruleika. Því vill starfshópurinn leyfa sér að setja fram sínar tillögur um framkvæmd styrkveitinga þessara.

5.1 Námsaðstoð.

a. Auglýstir verði allir 3 námsmöguleikarnir, í nafni félagsmálaráðuneytis og Starfshóps um atvinnumál kvenna.
b. Fram komi í auglýsingu námstilhögun, lengd náms og til hverra er höfðað.
c. Viðkomandi skólastofnanir og fulltrúi félagsmálaráðuneytis velji styrkþega úr hópi umsækjenda.
d. Eftir að ljóst er hve margir sækja um aðstoð, verði helmingur námskostnaðar greiddur út.Lokagreiðsla fari fram þegar námstími er hálfnaður.

5.2 Sveitarfélög.

Gerður verði samningur við hvert og eitt sveitarfélag með tilliti til verkefnis, þar komi fram hvaða kröfur eru gerðar til þess, tilhögun greiðslna o.fl.

5.3 Einkaaðilar.

Starfshópurinn hannaði og gerði sérstakt eyðublað. (Sjá fylgiskjal 3.)

Lagt er til að styrkþegum verði aðeins greiddur 1/3 hluti styrkveitingar í upphafi, og tveir síðari hlutar verði því aðeins greiddir út að umbeðnar greinargerðir hafi borist ráðuneyti.

Gert í Reykjavík október 1993.

Samanburður á umsóknum og styrkveitingum úr framlagi ríkissjóðs til atvinnumála kvenna

Svæði	Ums.alls þús.kr.	Einkaaðila þús.kr.	Sveitarfél þús.kr.	Styrkv.all þús.kr.	Hlutfall af 60 m.%	Einkaaðila þús.kr.	Sveitarf. þús.kr.	Námsaðst. þús.kr.	Atvinnuleysi í ágúst Konur %	Karlar %	Alls %
Höfuðborgarsv	142.930	119.174	23.756	27.373	45,6	11.330	10.600	5.443	4,9	2,5	3,6
Vesturland	37.230	17.330	19.900	3.860	6,4	1.500	2.360		3	1,4	2
Vestfirðir	7.154	6.374	780	2.030	3,4	1.800	230		2,6	1	1,6
Norðurl. vestra	11.220	9.020	2.200	3.150	5,3	3.150	0		3,1	1,2	1,9
Norðurl. eystra	34.575	27.675	6.900	9.250	15,4	6.250	3.000		5,6	3,1	4
Austurland	35.641	35.021	620	4.510	7,5	3.830	680		4	2,2	2,9
Suðurland	25.936	20.196	5.740	6.875	11,5	3.800	3.075		4,2	1,7	2,7
Suðurnes	12.130	12.130	0	2.500	4,2	2.000	500		3,6	0,9	1,9
	306.816	246.920	59.896	59.548	99,3	33.660	20.445	5.443	4,6	2,2	3,2

Tillögur alls:

Námsaðstoð	5.443.000
Sveitarfélög	20.445.000
Einkaaðilar	33.660.000
Óráðstafað	452.000
Samtals kr.	60.000.000

Fylgiskjal 3

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins
október 1993

Yfirlit
yfir vinnumarkaðsaðgerðir á Norðurlöndum.

Í þessu yfirliti yfir vinnumarkaðsaðgerðir á Norðulöndum er gerð grein fyrir sérstökum aðgerðum sem orðið hafa til í baráttunni við atvinnuleysið. Þessar vinnumarkaðsaðgerðir má skilgreina sem sérhæfð átaksverkefni sem hafa ákveðin meginmarkmið og markhóp. Þær eiga það sameiginlegt að vera flokkaðar sem virkar vinnumarkaðsaðgerðir vegna þess að þær fela í sér meira en það eitt að greiða fólki framfærslueyri. Bótagreiðslur t.d. flokkast sem óvirkar vinnumarkaðsaðgerðir. Til hægðarauka má flokka þessi átaksverkefni eftir megininntaki á eftirfarandi hátt:

1. Vinnumiðlunarátak: sem felur í sér úrræði til að auðvelda vinnumiðlun í laus störf eða verkefni sem einhvers staðar eru fyrir hendi, en eðlilegar skýringar geta verið á að enginn nýti sér t.d. að of kostnaðarsamt sé fyrir atvinnurekandann að hafa sjálfstæðan starfskraft til að sinna verkefninu eða þá að hæft vinnuafl sé ekki til staðar í einhverju byggðarlagi. Þessar aðgerðir geta einnig falið í sér að losa um störf á vinnumarkaði t.d. með því að gefa fólki kost á að fara fyrr á ellilífeyri eða bjóða starfandi fólki menntun með styrkjum og losa þannig um störf tímabundið. Lækkun lífeyrisaldurs hefur þó verið flokkuð sem óvirk vinnumarkaðsaðgerð enda ekki gefið að atvinnulaus einstaklingur fylli í skarðið.

2. Atvinnuátak: sem felur í sér atvinnusköpun hvort heldur um er að ræða varanleg störf eða tímabundin. Þetta felur í sér að sinna verkefnum eða þjónustuþörfum sem ella yrði ekki sinnt fyrr en ef til vill síðar. Í mörgum tilvikum skarast slík átaksverkefni við störf og veitta þjónustu á vinnumarkaði, þannig að um aukna samkeppni getur orðið að ræða í vöruframleiðslu og þjónustu og atvinnusköpun þar af leiðandi takmörkuð. Ennfremur fellur öll atvinnubótavinna undir þennan flokk.

3. Frumkvöðlastyrkir: sem fela í sér sérstakan stuðning við atvinnulausa sem vilja starfa sjálfstætt. Slík átaksverkefni geta farið inn á svið þeirra starfa og þjónustu sem eru fyrir hendi á vinnumarkaði, þannig að um aukna samkeppni getur orðið að ræða í vöruframleiðslu og þjónustu.

4. Starfsmenntunarátak: sem felur í sér að auka hæfni og þekkingu atvinnulausra til að takast á við breytingar á vinnumarkaði.

5. Átak í atvinnumálum fatlaðra: um er að ræða sérhæfð átaksverkefni sem eingöngu eru ætluð fötluðum.

Í neðangreindu yfirliti verður leitast við að gera grein fyrir helstu átaksverkefnum sem falla undir flokk 1 til 3 í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Þó eru einnig meðtalin átaksverkefni sem eru sambland af menntun, starfsþjálfun og vinnu. Samantekt þessi er samin með fyrirvara um að einhverjar breytingar hafi orðið á fyrirkomulagi vinnumarkaðsaðgerða undanfarna mánuði.

Vinnumarkaðsaðgerðir í Noregi

I. Vinnumiðlunarátak (Formidlingstiltak)

A. Stuðningur við búferlaflutning vinnuafls (Mobilitetsfremmende stønad)

Markhópur: Skráðir atvinnuleitendur sem verða að flytjast til að fá vinnu.

Markmið: Auðvelda búferlaflutning vinnuafls.

Fyrirkomulag: Greiddir eru styrkir til að draga úr útgjöldum við ferða- og uppihaldskostnað við atvinnuleit og ráðningarsamtöl. Þá er einnig veittur styrkur til búferlaflutnings í atvinnuskyni.

Reynsla: Tiltölulega litlu fjármagni er varið til slíkra aðgerða árlega eða um 14-15 milljónir Nkr. bæði 1991 og 1992.

B. Launaframlag til atvinnurekanda (Løntilskudd til arbeidsgivere)

Markhópur: Átakið miðar að útvöldum hópum sem eiga í sérstökum erfiðleikum á vinnumarkaði. Val markhóps getur breyst árlega. Iðulega er hér um að ræða langtímaatvinnulaust fólk, eldra fólk eða þá sem eru að koma í fyrsta sinn inn á vinnumarkaðinn.

Markmið: Fyrirkomulaginu er ætlað að auðvelda einstökum hópum atvinnuleitenda að fá venjulega vinnu við almenn launa- og starfskjör. Þetta gildir hvort heldur um er að ræða opinberan rekstur eða einkarekstur.

Fyrirkomulag: Atvinnurekendur geta fengið allt að 75% af launum skv. kjarasamningi sem viðkomandi er ráðinn á í allt að 6 mánuði.

Reynsla: Um 3.900 til 4.300 einstaklingar voru í slíkri vinnu 1989 til 1992.

C. Skiptivinna (del af arbeidsmarkedsoplæring=AMO)

Markhópur: Nær til allra sem eru atvinnulausir.

Markmið: Tilgangurinn er að auka samkeppnishæfni fyrirtækjanna með því að mennta starfsfólkið betur um leið og losað er tímabundið um störf á vinnumarkaðinum sem atvinnulausir geta nýtt sér.

Fyrirkomulag: Fyrirtæki geta sent sína eigin starfsmenn til náms eða starfsþjálfunar í a.m.k. 1 mánuð og lengst í 10 mánuði gegn því að ráða atvinnulausan mann í staðinn. Um 12 þús. Nkr. eru greiddar fyrir hvern afleysingastarfsmann. Hins vegar er ekkert greitt fyrir menntun þess sem fer í námsleyfi. Þetta fyrirkomulag er flokkað undir starfsmenntunarátak í Noregi.

II. Atvinnuátak (Sysselsettingstiltak)

A. Vinnutilboð í stað atvinnuleysisbóta (Arbeid for trygd(AFT)/ Utvidet arbeid for trygd)

Markhópur: Atvinnulausir sem eru eldri en 20 ára hafa rétt á vinnutilboði. Atvinnulausir sem hafa misst atvinnuleysisbótarétt eða einstaklingar sem hafa verið atvinnulausir meir en eitt ár án atvinnuleysisbótaréttinda.

Markmið: Tilgangurinn er að vinna gegn atvinnuleysi og sjá til þess að þeir atvinnulausu viðhaldi tengslum við atvinnulífið, samtímis því sem atvinnuleit á hinum almenna vinnumarkaði eða starfsþjálfun eigi sér stað. Þessa þjónustu á einungis að nota eftir að vinnumiðlun og starfsþjálfun hefur verið reynd.

Fyrirkomulag: Greiddar eru um 8.500 Nkr. á mánuði.

B.Aukin atvinnutilboð sveitarfélaga (SKAP= Skap kommunale arbeidspladser)

Markhópur: Eru þeir sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi og aðrir atvinnulausir sem hætt er á að eigi litla möguleika á að komast inn á vinnumarkaðinn. Þeir sem eru alveg atvinnulausir og hafa verið 70 vikur á atvinnuleysisbótum og þeir sem hafa engar atvinnuleysisbætur en hafa verið atvinnulausir meir en eitt ár.

Markmið: Tilgangurinn er að bjóða atvinnulausum starfsþjálfun og starfsmat. Fyrirkomulagið gildir um tímabundin verkefni sveitarfélaga. Auk þess sem verkefnin fela í sér framhaldsmenntun fyrir starfsmenn sveitarfélaga og starfstilboð fyrir atvinnulausa í afleysingum.

Fyrirkomulag: Sveitarfélagið fær styrk frá ríkinu með hverjum atvinnulausum sem það ræður. Styrkurinn nemur um 12.500 Nkr. á mánuði. Samið er um launin á hverjum stað.

Bæði lærlingastöður (praksisplasstiltak), þar sem veittur er atvinnustyrkur og svokölluð „Bedriftsintern opplæring" þar sem greidd eru laun samkvæmt kjarasamningi mætti flokka hér undir þó þar sé að miklu leyti um starfsmenntun eða starfsþjálfun að ræða. Í BIO getur fyrirtækið fengið allt að 50% af launanum greidd frá ríkinu í allt að 13 vikur. Ef um er að ræða ráðningu eða starfsþjálfun í óhefðbundnum greinum er hægt að fá allt að 62,5% af launanum greidd í 13 vikur. Að auki er hægt að fá framlag til reksturs eftir sérstökum reglum.

III. Frumkvöðlastyrkir

Markhópur: Í sjálfu sér geta allir fengið slíka styrki gegnum sveitarfélögin ef þeir eru með góðar hugmyndir. En höfuðáherslan er lögð á þá sem eru atvinnulausir og þá einkum konur sem búa á svæðum, þar sem atvinnumöguleikar eru takmarkaðir.

Markmið: Tilgangurinn er að fjölga atvinnutækifærum einkum þar sem byggðaröskun er mest.

Fyrirkomulag: Hægt er að fá allt að 200.000 norskar krónur í styrk en í þeirri upphæð eru atvinnuleysisbætur í allt að hálft ár. Sveitarfélögin ráða yfir ákveðnu fjármagni í þessu skyni.

Vinnumarkaðsaðgerðir í Danmörku

Verulegar breytingar verða á vinnumarkaðsaðgerðum í Danmörku frá og með 1. janúar 1994, þegar annars vegar ný lög um virkar vinnumarkaðsaðgerðir og hins vegar ný lög um orlof taka gildi.

Atvinnuleysisbótatímabilið verður samtals 7 ár og er skipt upp í tvö tímabil. Hægt er að lengja atvinnuleysisbótatímann með orlofi.

Fyrra tímabilið er 4 ár og á því tímabili eiga atvinnulausir rétt á 12 mánaðar starfsþjálfun og/eða starfsmenntun. Þeir eiga rétt á stuðningi við að koma á fót eigin atvinnurekstri. Ef atvinnuleysisbætur eru litlar geta þeir unnið að vissu marki án þess að tapa bótum. Við

þessi lágmarksréttindi geta bæst við tilboð frá svæðisbundnum vinnumarkaðsyfirvöldum sem skipuleggja alla aðstoð.

Seinna tímabilið er 3 ár og á því tímabili eiga þeir, sem enn eru atvinnulausir eftir 4 ár, rétt á að fá atvinnutilboð á svokölluðum nýjum atvinnusviðum eins og t.d. við menningarstörf, tómstundastörf, upplýsingastörf og ýmis félagsleg störf. Enn fremur eiga þeir rétt á sérstökum störfum bæði hjá hinu opinbera sem á almennum vinnumarkaði.

Á báðum tímabilunum á hinn atvinnulausi rétt á að fá orlof allt að eitt ár og fá á meðan greiddar 80% af atvinnuleysisbótum. Þannig getur hann lengt bótatímabilið um tvö ár. Um er að ræða orlof vegna menntunar, barnagæslu (26 vikur), frjálst orlof (sabbat orlov). Þessir orlofsmöguleikar eru fyrir alla einnnig þá sem eru í vinnu. „Sabbat" orlofið er þó aðeins fyrir launþega. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulag er að auka vinnuskipti.

Vinnumarkaðsaðgerðir sem nú eru í gangi:

I. Vinnumiðlunarátak (Arbejdsformidlingstiltak)

A. Stuðningur við búferlaflutning vinnuafls (Mobilitetsfremmende ydelser)

Markhópur: Skráðir atvinnuleitendur sem verða að flytjast milli byggðarlaga til að fá vinnu.

Markmið: Auðvelda búferlaflutning vinnuafls.

Fyrirkomulag: Veittur er bæði styrkur til einstaklinga og ýmsra annarra ráðstafana, þó er sá fyrirvari á að ekki finnist hæft vinnuafl í byggðarlaginu sem er atvinnulaust. Styrkirnir eru veittir til að greiða ferðakostnað, flutningskostnað, húsnæðiskostnað og annan útlagðan kostnað við að koma sér fyrir á nýjum stað. Þá er veittur styrkur ef hjón þurfa að reka tvö heimili vegna atvinnu. Styrkurinn getur náð til allra mögulegra ferða vegna atvinnu hvort heldur er dagleg ferð til vinnu eða ferð til útlanda.

Reynsla: Þó fjölbreytnin sé mikil í stuðningsmöguleikum, þá eru ekki margir sem nýta sér þessa möguleika enda ávallt hægt að finna vinnuafl í viðkomandi byggðarlagi vegna mikils atvinnuleysis. Um það bil 1.500 til 2.500 slíkir styrkir eru veittir á ári. Þar af er verulegur hluti vegna ferðalaga í atvinnu erlendis.

B. Launaframlag til atvinnurekanda (ráðningarstyrkur) (Løntilskudsordninger)

Markhópur: Langtímaatvinnulausir yngri en 30 ára.

Markmið: Miðar sérstaklega að því að koma ungu fólki í vinnu sem lengst hefur verið atvinnulaust.

Fyrirkomulag: Krafist er a.m.k. 9 mánaða ráðningartíma á almennum launakjörum og greitt er um 42 Dkr. á klst. til atvinnurekandans. Fyrirtækið þarf að hafa not fyrir viðbótarvinnukraft.

Reynsla: Þetta fyrirkomulag flokkast undir atvinnuátak sveitarfélaga og er einn af þeim möguleikum sem þau geta gripið til. Atvinnuáhrifin af þessu fyrirkomulagi er talsverð því athugun hefur leitt í ljós að 9 mánuðum eftir að hætt var að greiða ráðningarstyrk, þá voru aðeins 25% atvinnulausir.

C. Skiptivinna (Uddannelsesvikar)

Markhópur: Allir sem eru atvinnulausir.

Markmið: Tilgangurinn er að auka samkeppnishæfni fyrirtækjanna með því að mennta starfsfólkið betur um leið og losað er tímabundið um störf á vinnumarkaðinum og fleirum þannig gefinn kostur á atvinnutækifærum.

Fyrirkomulag: Fyrirtæki geta sent sína eigin starfsmenn til náms eða starfsþjálfunar í eitt ár gegn því að ráða atvinnulausan mann í staðinn. Styrkurinn nemur atvinnuleysisbótum þess sem fékk vinnuna.

II. Atvinnuátak (Beskæftigelsesforanstaltninger)

A. Vinnutilboð í stað atvinnuleysisbóta (Arbejdstilbud)

Markhópur: Þeir sem eru yngri en 25 ára og hafa verið atvinnulausir í eitt ár. Þeir sem eru milli 25 og 60 ára og hafa verið atvinnulausir í eitt og hálft ár.

Markmið: Tilgangurinn er fyrst og fremst að viðhalda vinnuhæfni þeirra atvinnulausu meðan leitað er að varanlegri atvinnu.

Fyrirkomulag: Allir atvinnulausir sem eru í atvinnuleysistryggingarsjóði eiga rétt á vinnutilboði áður en þeir missa bótaréttinn. Menn eiga rétt á atvinnutilboðum í 9 mánuði á almennum vinnumarkaði eða 7 mánuði hjá hinu opinbera. Þeir sem hafa fulla atvinnuleysistryggingu eiga rétt á fullri vinnu í þennan tíma. Þeir sem hafa menntað sig á grundvelli „uddannelsesydelse" eða fengið frumkvöðlastyrk geta fengið annað vinnutilboð.

Reynsla: Eftir fyrsta vinnutilboð komast u.þ.b. 25% úr langtímaatvinnuleysi. Atvinnuáhrifin eru meiri við ráðningu á almennum vinnumarkaði en um 44% halda þar vinnunni en aðeins um 22% hjá hinu opinbera. Skýringin er talin sú að að þeir hæfustu fái vinnutilboð á almennum vinnumarkaði. Árið 1991 voru veitt um 47 þús. vinnutilboð hjá hinu opinbera og um 9 þús. á almennum vinnumarkaði. Vinnutilboð á almennum vinnumarkaði hafa verið um 13 til 16% af heildinni undanfarin ár. Þeir sem einkum þiggja atvinnutilboð eru konur, ókvæntir karlar, fólk án starfsmenntunar, eldra fólk og erlendir ríkisborgarar. Þeir sem fá atvinnutilboð á almennum vinnumarkaði eru einkum yngra fólk með stutta skólagöngu og flestir eru í verslunarmannafélögum eða verkamannafélögum.

B. Aukin atvinnuverkefni sveitarfélaga (Beskæftigelsesprojekter og løntilskud for unge)

Markhópur: Ungt fólk yngra en 30 ára sem er atvinnulaust og án bóta. Aðrir hópar án atvinnuleysisbóta koma þó einnig til álita.

Markmið: Tilgangurinn er fyrst og fremst að veita ungu atvinnulausu fólki starfsþjálfun og starfsreynslu meðan leitað er að varanlegri atvinnu.

Fyrirkomulag: Um er að ræða verkefni á vegum sveitarfélaga sem sérstaklega er komið á fót fyrir ungt atvinnulaust fólk. Sveitarfélögunum er gert kleift að fá fjármagn úr sameiginlegum sjóði til margvíslegra ráðstafana til að draga úr atvinnuleysi ungs fólks. Sjóðurinn nær til starfsmenntunar, starfsþjálfunar, átaksverkefna í atvinnumálum og niðurgreiðslna á launum á almennum vinnumarkaði. Fjármögnunin miðaðist upphaflega við ákveðið framlag per íbúa en fjármögnunarkerfinu var breytt 1991 þannig að ríkið leggur einnig til fjármagn.

Reynsla: Ekki liggja fyrir nægjanlegar athuganir á þessum verkefnum en úrtakskönnun sýndi að 9 mánuðum eftir lok átaksverkefnis sveitarfélags eða ráðningar á grundvelli launastyrks, þá voru 45% í vinnu, 25% í námi og 30% atvinnulausir. Um 20 til 30 þús. manns eru í slíkri vinnu árlega.

III. Frumkvöðlastyrkir (Iværksætterydelse)

Markhópur: Þeir sem hafa verið samfleytt 5 mánuði atvinnulausir.

Markmið: Tilgangurinn er að fjölga atvinnutækifærum fyrir atvinnulausa.

Fyrirkomulag: Hægt er að fá styrk eftir 5 mánaða atvinnuleysi í allt að þrjú og hálft ár og nemur styrkurinn 50% af atvinnuleysisbótum, sem er um 66 þús. Dkr. á ári. Þessir aðilar geta einnig nýtt sér að ráða aðstoðarfólk gegnum vinnutilboðsfyrirkomulagið.

Reynsla: Rúmlega helmingur þeirra sem nýta sér þessa styrki eru karlar. Um 80% eru á aldrinum 25-49 ára. Um 50% hafa faglega menntun en um 30% hafa enga starfsmenntun. Það er að miklum meiri hluta atvinnulausir sem betur standa sem nýta sér þessa styrki.

Vinnumarkaðsaðgerðir í Svíþjóð

I. Vinnumiðlunarátak (Arbetsförmedling åtgärder)

A. Stuðningur við búferlaflutning vinnuafls (Flytthjälp)

Markhópur: Atvinnulausir sem þurfa á aðstoð að halda til að taka vinnu í öðru byggðarlagi.

Markmið: Auðvelda búferlaflutning vinnuafls.

Fyrirkomulag: Veittur er styrkur til atvinnuleitar í öðru byggðarlagi. Einnig er veittur styrkur við afborganir af íbúð vegna flutnings.

B. Launaframlag til atvinnurekanda (ráðningarstyrkur) (Rekryteringsstöd)

Markhópur: Langtímaatvinnulausir og aðrir hópar sem standa höllum fæti eins og ýmsir hópar útlendinga. Einkum þó ungt fólk.

Markmið: Markmiðið er að auðvelda þeim að fá vinnu en ella yrði mjög erfitt að útvega venjulega vinnu.

Fyrirkomulag: Vinnumiðlunin getur í raun boðið öllum ráðningu gegnum þetta fyrirkomulag, þó áherslurnar séu ofangreindir markhópar. Ráðningarstyrkurinn nemur 60% af launum í sex mánuði. Þetta fyrirkomulag stendur bæði sveitarfélögum og einkafyrirtækjum til boða.

Reynsla: Nokkuð virðist vera um misnotkun að ræða á þessu fyrirkomulagi enda lítil takmörk fyrir hverjir geta notfært sér það. Árið 1991 voru að meðaltali 4.700 á slíkum ráðningarkjörum en í október 1992 um 14 þúsund.

C. Skiptivinna (Utbildningsvikariaten)

Markhópur: Allir sem eru atvinnulausir.

Markmið: Tilgangurinn er að auka samkeppnishæfni fyrirtækjanna með því að mennta starfsfólkið betur. Um leið er losað tímabundið um störf á vinnumarkaðinum og atvinnulausum þannig gefinn kostur á atvinnutækifærum.

Fyrirkomulag: Ef atvinnurekandi sendir sína eigin starfsmenn til náms eða starfsþjálfunar gegn því að ráða atvinnulausan mann í staðinn gegnum vinnumiðlun, þá fær hann afslátt af atvinnurekendaiðgjaldinu. Ef starfið felur í sér kennslu í nýrri tækni eða að fást við nýsköpunarverkefni, þá fær atvinnurekandinn afslátt af menntunarkostnaðinum allt að 30 þús. fyrir hvern einstakling sem fer í nám. Sá atvinnulausi fær laun sem nemur meðal atvinnuleysisbótum hverju sinni. Þetta fyrirkomulag var tekið upp í júlí 1991.

Reynsla: Í desember 1991 voru 5.500 einstaklingar í slíkri vinnu.

II. Atvinnuátak (Sysselsättning åtgärder)

A. Vinnutilboð í stað atvinnuleysisbóta

Þetta fyrirkomulag er með allt öðrum hætti en í Danmörku og Noregi og nær eingöngu til ungs fólks 18 og 19 ára (einnig 17 ára unglinga sem uppfylla ákveðin skilyrði um menntun) og tengist ýmis konar fræðslustarfsemi sbr. D, E og F lið. Rætt hefur verið um að hækka aldursmörkin vegna aukins atvinnuleysis.

B. Aukin atvinnuverkefni sveitarfélaga (Beredskapsarbeten)

Markhópur: Atvinnulausir sem eru orðnir 25 ára og sem eiga á hættu að verða langtímaatvinnulausir. Í undantekningartilvikum getur yngra fólk fengið slík störf.

Markmið: Að jafna út takmarkaðri eftirpurn eftir vinnuafli vegna hagsveiflna og árstíðasveiflna auk þess sem þessu fyrirkomulagi er ætlað að vinna gegn „strukturarbetslöshet" ýmsra hópa. Markmiðið er einnig að veita ungu fólki starfsreynslu.

Fyrirkomulag: Vinnan á að fela í sér ný verkefni eða svo mikla aukningu venjulegrar vinnu að hægt sé að tala um ný verkefni. Vinnan má ekki vara lengur en 6 mánuði.

Reynsla: Um 10.800 voru að meðaltali í slíkum störfum árið 1991.

C. Atvinnuskylda (arbetslivsutveckling=ALU)

Markhópur: Þeir sem eru að detta út af bótum.

Markmið: Tilgangurinn er að viðhalda starfshæfileikum atvinnulausra.

Fyrirkomulag: Um það er að ræða að atvinnulaus maður fær tilboð um að fá áfram greiddar atvinnuleysisbætur en verður að vinna fyrir þeim og eftir hálfs árs ALU-vinnu er viðkomandi búinn að ávinna sér full atvinnuleysisbótaréttindi í 300 daga. Þetta fyrirkomulag er ein útfærslan af „beredskapsarbeten" og var tekið upp 1. janúar 1993.

D. Starfsþjálfun hjá hinu opinbera (Särskilda inskolningsplatser)

Markhópur: Atvinnulausir sem eru 18 eða 19 ára sem ekki geta fengið starf á almennum vinnumarkaði.

Markmið: Markmiðið er að auka starfsþjálfun og ráðningarmöguleika þessa hóps.

Fyrirkomulag: Þetta fyrirkomulag gæti í sjálfu sér flokkast undir starfsmenntun, þar sem mikil áhersla er lögð á menntun til starfa en um er að ræða vinnu hjá hinu opinbera.

Reynsla: Að meðaltali voru 10.000 unglingar í slíkri þjálfun árið 1991.

E. Starfsþjálfun á samningi (Avtalade inskolningsplatse)

Markhópur: Atvinnulausir sem eru 18 eða 19 ára (einnig mögulegt fyrir 17 ára sem hafa lokið 2 ára menntaskólanámi).

Markmið: Markmiðið er að auka ráðningarmöguleika þessara unglinga.

Fyrirkomulag: Slíka samninga er hægt að gera bæði við opinber sem einkafyrirtæki. Ráðningartíminn er lengst í 6 mánuði og viðkomandi fær laun samkvæmt kjarasamningum. Atvinnurekandinn getur fengið allt að 60% af launakostnaðinum greiddan frá ríkinu.

Reynsla: Að meðaltali voru 3.200 unglingar á mánuði í slíkri þjálfun árið 1991. Í nóvember 1992 voru þeir 2.700.

F. Lærlingastöður (Ungdomspraktikplats)

Markhópur: Fyrir atvinnulausa sem eru yngri en 25 ára. Einkum ætlað þeim sem hafa farið í gegnum önnur úrræði eða þeim sem ekki hafa möguleika á öðrum úrræðum.

Markmið: Tilgangurinn er að veita ungu fólki starfsþjálfun og starfsreynslu í einhverju fagi sem eykur möguleika þeirra á að fá vinnu á almennum vinnumarkaði.

Fyrirkomulag: Styrkurinn er veittur af ríkinu og nemur um 5.300 Skr. á mánuði fyrir þá sem eru á aldrinum 18-19 ára og um 7.000 Skr. á mánuði fyrir þá sem eru 20-24 ára. Atvinnurekandinn greiðir ekkert og í slíkri þjálfun er í mesta lagi hægt að vera í 6 mánuði. Ef hægt er að útvega viðkomandi starf þá er fyrivaralaust hægt að taka hann úr þjálfun. Þetta fyrirkomulag var tekið upp til reynslu í eitt ár í júlí 1992.

Reynsla: Í nóvember 1992 höfðu um 74 þúsund unglingar slíkar stöður.
16 og 17 ára unglingum er boðið upp á sérstök atvinnutilboð undir heitunum „Ungdomsplatser", „Lärlingsutbildning" og „LA-kurser" sem er sambland af menntun, starfsþjálfun og vinnu. Það er ekki skilyrði að þessir unglingar séu atvinnulausir. Þetta er meira valkostur fyrir þau í stað menntunar.

III. Frumkvöðlastyrkir (Starta-eget-bidrag)

Markhópur: Þeir sem eru 20 ára og eru skráðir atvinnulausir og ekki er hægt að bjóða önnur úrræði.

Markmið: Tilgangurinn er sá að veita þeim sem vilja og hafa raunhæfa möguleika á að starfa sjálfstætt tímabundinn stuðning.

Fyrirkomulag: Styrkurinn er veittur lengst í 6 mánuði og er jafnhár atvinnuleysisbótum.

Reynsla: Um það bil 1.000 manns fá slíkan styrk árlega.

Fylgiskjal 4

Menntamálaráðuneytið
fullorðinsfræðsludeild
9. febrúar 1993

MINNISBLAÐ
um „utdanningsvikariater" í Noregi og „VUS-ordningen" í Danmörku.

Aukið atvinnuleysi hér á landi og harðnandi samkeppni leiða hugann að því hvort hægt væri að nýta t.d. fé atvinnuleysistryggingasjóðs að hluta til á annan átt en gert er nú til að efla menntun fólks og jafnframt koma á hreyfanleika á vinnumarkaðnum svo að atvinnulausir komist frekar í störf.

Á hinum Norðurlöndunum hefur atvinnuleysi verið að aukast á undanförnum árum. Einna lengst hefur mikið atvinnuleysi verið viðvarandi í Danmörku. Harðnandi samkeppni og aukið atvinnuleysi hefur gert það að verkum að leitað hefur verið leiða til að efla menntun og hæfni þeirra sem eru í starfi og samtímis reyna að koma þeim sem eru atvinnulausir inn á vinnumarkaðinn.

Í þessu minnisblaði er stuttlega gerð grein fyrir verkefnum á þessu sviði í Danmörku og Noregi. Meðfylgjandi eru ýmis ljósrit á dönsku og norsku sem gefa betri mynd af fyrirbærunum.

DANMÖRK

Í október 1989 voru samþykkt lög í Danmörku um fullorðinsfræðslustyrki („Voksen-uddannelsesstøtte" (VUS)). Markmið laganna er að auðvelda fullorðnum með stutta skólagöngu að sækja nám í vinnutímanum. Markhópurinn eru launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur með lítinn rekstur.

Á síðasta ári var farið að tengja fullorðinsfræðslustyrkina við víxlverkan á vinnumarkaðnum á milli þeirra sem voru í starfi en vildu fara í endurmenntun og atvinnulausra sem leystu þá af á meðan – vinnuskipti („jobrotation"). Í einu umdæmi hefur verið komið á svokallaðri „menntahringekju" („uddannelseskarrusel") þar sem námskeið og vinna skiptast á.

Eftirfarandi er þýðing á staðreyndum um „VUS":

1. „VUS" eru styrkir til endurmenntunar launþega í vinnutímanum. 1. júlí 1992 var styrkurinn 2.550 d.kr. á viku.
2. „VUS" nær til tveggja hópa: a) launþega hjá hinu opinbera eða starfsmanna í einkafyrirtækjum á aldrinum 25–60 ára og sem hafa stutta skólagöngu að baki; b) til allra launþega í einkafyrirtækjum og til sjálfstæðra atvinnurekenda óháð menntun og aldri – ef vinnuskipti eiga sér stað.
3. Vinnuskipti þýðir að vinnuveitandinn ræður atvinnulausan til að leysa þann starfsmann af sem fer á VUS-námskeið [aths.: VUS-námskeið geta verið námskeið innan almennrar fullorðinsfræðslu, starfstengdrar endurmenntunar eða annað]. Sá sem leysir af skal vera í „A-kasse" (atvinnuleysistryggingasjóði) og fá sama í laun og sá sem hann leysir af.

4. Launþegar hjá hinu opinbera geta einnig tekið þátt í vinnuskiptum ef atvinnulaus sem tekur þátt í „arbejdstilbud“ („ATD“) getur leyst þá af.
5. „VUS“ styrkur sem ekki tengist vinnuskiptum greiðist beint til launþegans.
6. „VUS“ styrkur sem tengist vinnuskiptum greiðist til fyrirtækisins til að mæta kostnaði við að ráða afleysingarstarfsmann.
7. Fáar kröfur eru gerðar til inntaksins í „VUS“-námskeiði. En starfsmaður sem hefur verið í fullu starfi skal einnig taka þátt í fullu námi (minnst 30 tímar á viku).
8. Sá starfsmaður sem fer á „VUS“-námskeið sem þátt í vinnuskiptum, skal gera samning við vinnuveitandann sem tryggir að hann geti snúið aftur í starfið að námskeiðinu loknu.
9. Starfsmaður sem fær „VUS“-styrk, hvort sem um er að ræða vinnuskipti eða ekki, skal hafa verið í starfi í a.m.k. hálft ár á viðkomandi vinnustað.
10. „VUS“ án vinnuskipta skal standa yfir í 1–16 vikur sem fullt nám. „VUS“ með vinnuskiptum skal vera styst í 4 vikur og lengst í 36 vikur.

NOREGUR

Á fyrri hluta síðasta árs var gerð tilraun í tveimur fylkjum í Noregi með afleysingarstörf vegna endurmenntunar starfsmanna, svonefnd „utdanningsvikariater“ (námnsafleysingar). Frá og með 1. júlí 1992 gildir tilraunin fyrir allt landið.

Meginmarkmiðið með tilrauninni er að auka hæfni þeirra sem eru í starfi og tryggja atvinnulausum, sem fara í afleysingar, tengsl og reynslu á vinnumarkaðnum.

Hér á eftir fer lausleg þýðing á reglunum sem gilda fyrir tilraunina.

1. Um tilraunina.

Með tilrauninni skal fást reynsla af því að nota „námsafleysingar“ sem tæki í vinnumarkaðspólitík. Með því að nota atvinnulausa til afleysinga geta vinnuveitendur nýtt sér möguleikann til að endurmennta starfsfólkið. Samtímis fá hinir atvinnulausu reynslu á vinnumarkaðnum.

2. Markmiðið og markhópurinn.

Aðalmarkmiðið með tilrauninni er að draga úr vandamálum atvinnuleysisins með því að veita atvinnulausum þjálfun úti á vinnumarkaðnum. Slíkt ætti að styrkja möguleika þeirra á að fá fast starf. Á sama tíma fá þeir sem eru í starfi möguleika á því að fá leyfi til að fara í nám. Það mun verða til þess að efla starfshæfnina og það ætti að hafa góð áhrif á vinnumarkaðinn hér og nú og þegar til lengri tíma er litið.

Markhópurinn er tvenns konar:

a)atvinnulausir sem vantar starfsþjálfun

b)einkafyrirtæki- og opinber þar sem starfsmennirnir þurfa að auka kunnáttu sína til að efla hæfni vinnustaðarins.

3. Skipting ábyrgðar.

Vinnuveitendur og vinnumálaskrifstofur skipta með sér ábyrgðinni.

Vinnuveitandinn ber ábyrgð á afleysingafólkinu s.s. verkefnum og launagreiðslum. Þar sem vinnuveitandinn ber ábyrgð á að efla hæfni starfsmanna, hafa vinnumarkaðsyfirvöld engar skyldur með tilliti til þess að kosta menntun starfsmanna.

Í hverju fylki er komið á samstarfshópi með fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins og hugsanlega frá einkafyrirtækjum og opinberum fyrirtækjum og menntastofnunum.

Hlutverk hópsins er að upplýsa um tilraunina, koma á tengslum á milli fyrirtækja og fræðsluaðila og safna saman upplýsingum um tilraunina.

4. Kjör.

Þegar vinnuveitandi sækir um afleysingar vegna námsleyfa verður að gera grein fyrir í hvers konar nám starfsmaðurinn ætlar og hversu mörg mánaðarverk er um að ræða. Það er æskilegt að endurmenntun starfsmannanna tengist markmiðum og viðfangsefnum fyrirtækisins og þeirri hæfni sem krafist er. Þeir sem fá námsleyfi skulu vera fastráðnir.

Afleysingin skal gilda fyrir ákveðinn fjölda mánaðarverka á ákveðnu tímabili. Starfsþjálfun hins atvinnulausa þarf ekki að vera eins löng og námsleyfi starfsmannsins og fleiri en einn getur leyst af á tímabilinu. Afleysingamaðurinn þarf heldur ekki að sinna nákvæmlega sömu verkefnum og sá sem er í námsleyfi. Námsafleysingar skal nota með gætni þannig að þær virki ekki uppáþrengandi með tilliti til vinnumarkaðarins eða starfsmanna. Þeir sem eru í leyfi geta ekki gegnt afleysingarstörfum.

Sá sem er í námsafleysingum getur tekið þátt í ýmsum verkefnum s.s. starfsþjálfun áður en starfið hefst ef það krefst ákveðinnar þekkingar. Allt að 10% af fjárveitingunni er hægt að nota í það að skipuleggja og þróa námstilboð.

Ef fyrirtæki fær framlag til „Starfsmenntunar á vinnustað" („Bedriftsintern opplæring") getur það ekki einnig notfært sér námsafleysingafólk frá vinnumálaskrifstofunni.

5. Fjármál.

Vinnumálaskrifstofur einstakra svæða fá fjárframlag frá Atvinnumálaskrifstofunni fyrir ákveðinn fjölda mánaðarverka sem nota skal fyrir námsafleysingar.

Vinnuveitendur fá 12.000 n.kr. í framlag fyrir afleysingarmann fyrir hvert mánaðarverk. Gerðir eru samningar um launakjör o.fl.

6. Lengd og ráðningarkjör.

Sérhver atvinnulaus getur samtals verið ráðinn í námsafleysingar í allt að 10 mánuði. Ráðningin er tímabundin og vinnuveitandinn er ekki skuldbundinn til að fastráða viðkomandi.

7. Framkvæmd.

Vinnumálaskrifstofurnar meta umsóknir um námsafleysinar út frá ástandinu á vinnumarkaðnum á hverjum stað, fjárhagsrammanum og þörf markhópanna fyrir starfsþjálfun og endurmenntun.

Greiðsla á dagpeningum/atvinnuleysisbótum („dagpenge") hættir þegar viðkomandi byrjar sem námsafleysingamaður. Þátttakandinn notar með öðrum orðum ekki rétt sinn til dagpeninga meðan á afleysingunni stendur.

8. Uppbót/endurgreiðsla.

Í lok hvers ársfjórðungs fær vinnuveitandinn endurgreiðslu vegna námsafleysinga. (Aths.: Ýmsar reglur eru tilgreindar um þetta.)

Fylgiskjal 5

Þjóðhagsstofnun

Kostnaður vegna atvinnuleysis árið 1992

	Einst.foreldrar	Einhleypir	Hjón/sambúð	Heild
Kostnaður á hvern atvinnulausan einstakling í krónum				
Ríkissjóður				
Minnkun tekjuskatts (Tafla 1)	199.018	106.103	446.995	283.748
Aukning atvinnuleysisbóta (Tafla 2)	489.241	489.241	489.241	489.241
Minnkun tryggingagjalda (Tafla 2)	50.861	50.861	50.861	50.861
Minnkun óbeinna skatta (Tafla 2)	103.768	147.335	226.232	179.821
Samtals	842.888	793.540	1.213.330	1.003.671
Sveitarfélög				
Minnkun útsvars (Tafla 3)	27.659	70.509	60.300	47.926
Aukin fjárhagsaðstoð (Tafla 3)	70.406	39.419	10.698	29.607
Samtals	98.065	109.929	70.998	77.533
Heimili				
Lækkun ráðstöfunartekna (Tafla 4))	214481	442897	441379	411823
Heildarkostnaður vegna umframatvinnuleysis í þúsundum króna				
Kostnaður á hvern atvinnulausan	1.155	1.346	1.726	1.493
Umframatvinnuleysi (Skýring 1)	361	1.039	1.318	2.718
Heildarkostnaður	417.112	1.398.874	2.274.482	4.058.047

Þjóðhagsstofnun

Tafla 1. Tap ríkissjóðs árið 1992 vegna lægri tekjuskatta

	Einst.foreldrar	Einhleypir	Hjón/sambúð	Heild
Tekjuskattur ef einstakl. er með atvinnu				
Meðaltekjur 1992 (Skýring 2)	958.419	817.109	1.977.560	1.398.598
Leiðréttar meðaltekjur 1992	1.085.039	1.000.130	2.254.278	1.619.565
Skattleysismörk (Skýring 3)	876.860	876.860	1.683.571	
Tekjur umfram skattleysismörk	208.179	123.270	570.707	
Tekjuskattshlutfall	32,80%	32,80%	32,80%	
Ónýttur persónuafsláttur til greiðslu útsvars	0	0	0	
Tekjuskattur	68.283	40.432	187.192	
Tekjuskattur ef einstakl. er án atvinnu				
Tekjur í janúar 1993 (Skýring 4)	58.765	37.589	118.677	79.722
Tekjur í janúar 1993 á verðlagi um mitt ár 19	57.726	36.925	116.580	78.313
Árstekjur miðað við janúar 1993	692.718	443.097	1.398.957	939.758
Persónuafsláttur	287.610	287.610	552.211	
Skattleysismörk	876.860	876.860	1.683.571	
Tekjur umfram skattleysismörk	-184.142	-433.763	-284.615	
Tekjuskattur	0	0	0	
Ónýttur persónuafsláttur	-60.399	-142.274	-93.353	
Ónýttur persónuafsláttur til greiðslu útsvars	48.837	31.238	93.353	
Viðbótarvaxtabætur atvinnulausra				
Mismunur tekna með og án atvinnu	392.321	557.033	855.321	679.807
Tekjuskerðingarhlutfall	6%	6%	6%	
Viðbótarvaxtabætur þeirra er fá vaxtabætur	23.539	33.422	51.319	
Fjöldi með vaxtabætur	2.287	6.930	14.628	
Fjöldi alls í hverjum flokki	8.181	72.515	53.974	
Fjöldi með vaxtabætur sem hlutfall af heild	28%	10%	27%	
Viðbótarvaxtabætur að meðaltali (Skýring 5)	6.580	3.194	13.909	
Viðbótarbarnabótaauki atvinnulausra				
Hámarksbarnabótaauki með einu barni	96.784		89.623	
Börn að meðaltali í hverjum flokki	1,3		1,1	
Hámarksbarnabótauki	125.819		98.585	
Barnabótaauki óskertur ef tekjur minni en..	549.000		1.098.000	
Meðalskerðing	6,75%		6,92%	
Viðbótarbarnabótaauki (Skýring 6)	26.482		59.188	
Tap ríkissjóðs				
Bein minnkun tekjuskatts	117.119	71.671	280.545	
Auknar vaxtabætur	6.580	3.194	13.909	
Aukinn barnabótaauki	26.482	0	59.188	
Ónýttur persónuafsláttur til greiðslu útsvars	48.837	31.238	93.353	
Minnkun tekjuskatts á heimili í krónum	199.018	106.103	446.995	283.748
Umframatvinnuleysi á árinu 1992	361	1.039	1.318	2.718
Heildartap í þúsundum króna	71.845	110.241	589.140	771.226

Þjóðhagsstofnun

Tafla 2. Tap ríkissjóðs árið 1992 vegna bóta og óbeinna skatta

	Alls (í þús. kr.)	Á mann (í krónum)
Greiðslur atvinnuleysisbóta		
Bætur atvinnuleysistryggingasjóðs	1.822.173	
Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	69.934	
Greiðslur samtals á árinu 1992	1.892.107	
Bætur við meðalatvinnuleysi	-562.350	
Bætur vegna umframatvinnuleysis (Skýring 7)	1.329.757	489.241
Tryggingagjald		
Meðaltekjur 1992	956.893	
Leiðréttar meðaltekjur árið 1992	1.085.039	
Umframatvinnuleysi	2.718	
Heildartekjur ef með atvinnu í þús. króna	2.949.135	
þar af í 2.5% tryggingagjaldsflokki (37,5%)	1.105.925	
þar af í 6.0% tryggingagjaldsflokki (62,5%)	1.843.209	
Tryggingagjald í 2.5% flokki	27.648	
Tryggingagjald í 6.0% flokki	110.593	
Lækkun tryggingagjalds alls (Skýring 8)	138.241	50.861
Óbeinir skattar		
Metinn óbeinn skattur sem % af einkaneyslu		
Vöru- og innfl.gjöld (100% einkaneysla)	8.195.000	
Virðisaukaskattur (80%)	31.955.000	
Hagnaður ÁTVR (100%)	6.435.000	
Bifreiðagjald (80%)	5.622.000	
Aðrir skattar (50%)	2.127.000	
Samtals óbeinir skattar í einkaneyslu	54.334.000	
Einkaneysla	236.213.000	
Reiknað leigulgildi	-30.805.000	
Samtals einkaneysla án leigulgildis	205.408.000	
Óbeinn skattur sem % af einkaneyslu	26,45%	
Mismunur tekna með og án atvinnu	680	
Umframatvinnuleysi 1992	2.718	
Mismunur heildartekna	1.847.715	
Lækkun óbeinna skatta (Skýring 9)	488.753	179.821

Þjóðhagsstofnun

Tafla 3. Tap sveitarfélaga árið 1992 vegna útsvars og fjárhagsaðstoðar

	Einst.foreldrar	Einhleypir	Hjón/sambúð	Alls
Útsvar ef einstakl. er með atvinnu				
Meðaltekjur 1992	958.419	817.109	1.977.560	1.480.016
Leiðréttar meðaltekjur 1992	1.085.039	1.000.130	2.254.278	1.742.562
Útsvarshlutfall	7,05%	7,05%	7,05%	
Útsvar	76.495	70.509	158.927	
Útsvar ef einstakl. er án atvinnu				
Tekjur í janúar 1993	58.765	37.589	118.677	79.577
Tekjur í janúar 1993 á verðlagi um mitt ár 19	57.726	36.925	116.580	78.171
Árstekjur miðað við janúar 1993	692.718	443.097	1.398.957	938.048
Útsvarshlutfall	7,05%	7,05%	7,05%	
Útsvar	48.837	31.238	98.626	
Aukin fjárhagsaðstoð vegna atvinnuleysis				
Hlutfallsleg skipting aðila með aðstoð	35%	47%	18%	100%
Fjárhagsaðstoð á heimili með aðstoð	72.619	87.142	78.333	
Áætluð aukning heimila með aðstoð	350	470	180	1.000
Umframatvinnuleysi á árinu 1992	361	1.039	1.318	2.718
Hlutfall af umframatvinnuleysi	97%	45%	14%	37%
Aukin fjárhagsaðstoð á heimili (Skýring 10)	70.406	39.419	10.698	
Tap sveitarfélaga				
Minnkun útsvars	27.659	39.271	60.300	47.926
Aukin fjárhagsaðstoð	70.406	39.419	10.698	
Samtals tap á heimili í krónum	98.065	78.690	70.998	
Umframatvinnuleysi á árinu 1992	361	1.039	1.318	2.718
Heildartap í þúsundum króna	35.401	81.759	93.576	210.736

Þjóðhagsstofnun

Tafla 4. Lækkun ráðstöfunartekna heimila

	Einst.foreldrar	Einhleypir	Hjón/sambúð	Heild
Ráðstöfunartekjur á mánuði ef einstakl. er með atvinnu				
Leiðréttar meðaltekjur (Skýring 2)	90.420	83.344	187.857	134.964
Tekjuskattur	9.930	7.610	23.740	15.740
Útsvar	2.134	1.636	5.103	3.383
Skattur samtals	12.065	9.245	28.843	19.123
Meðalráðstöfunartekjur	78.355	74.099	159.013	115.841
Ráðstöfunartekjur á mánuði ef einstakl. er án atvinnu				
Meðaltekjur (Skýring 4)	57.726	36.925	116.580	78.314
Skattar samtals	0	0	439	213
Hækkun barnabóta	2.207	0	4.932	2.685
Hækkun vaxtabóta	548	266	1.159	737
Meðalráðstöfunartekjur	60.482	37.191	122.232	81.522
Tekjurýrnun heimila				
Lækkun meðaltekna	32.693	46.419	71.277	56.650
Lækkun ráðstöfunartekna á mánuði	17.873	36.908	36.782	34.319
Lækkun ráðstöfunartekna á ári	214.481	442.897	441.379	411.823
Hlutfallsleg lækkun ráðstöfunartekna	22,8%	49,8%	23,1%	29,6%
Umframatvinnuleysi á árinu 1992 (Skýrir	361	1.039	1.318	
Heildartap heimila í þús. króna	77.428	460.170	581.738	1.119.336

Þjóðhagsstofnun20.09.93

Töfluskýringar og forsendur.

1) Heildarkostnaður vegna atvinnuleysis er reiknaður með tilliti til umframatvinnuleysis á árinu 1992. Meðalatvinnuleysi árin 1980–1991, 1.150 manns, er hér haft til viðmiðunar um náttúrulegt atvinnuleysi. Umframatvinnuleysið er síðan atvinnuleysi ársins 1992 að frádregnu náttúrulegu atvinnuleysi. Skipting atvinnuleysis á milli einstæðra foreldra, einhleypra og fjölskyldufólks er fundin út frá könnun sem Félagsvísindastofnun HÍ gerði fyrir félagsmálaráðuneytið á högum atvinnulausra („Atvinnulausir á Íslandi 1993, Félagsmálaráðuneyið, Apríl 1993"). Skipting í þessa þrjá flokka þótti nauðsynleg vegna mismunandi skattastöðu og félagslegra aðstæðna þessara hópa.
2) Hér koma fram meðaltekjur 810 einstaklinga, skv. könnun Félagsvísindastofnunar, af þeim 7.034 sem skráðir voru atvinnulausir í lok ársins 1992. Reikna má út frá töflum er birtast í skýrslunni að þeir sem voru á atvinnuleysisskrá í lok árs 1992 höfðu verið án atvinnu að meðaltali í 4 mánuði á árinu 1992. Þar sem leitast var við að fá fram tekjuskattsmissi ríkissjóðs vegna atvinnuleysis þá var reynt að nálgast tekjur einstaklinga er þeir höfðu launaða vinnu og bera þær tekjur saman við tekjur þessara sömu einstaklinga í atvinnuleysi. Því voru meðaltekjur einstaklinganna leiðréttar með því að taka út þá fjóra mánuði ársins 1992 er þeir voru án atvinnu.
3) Gert er ráð fyrir að hjón og sambýlisfólk allt að því fullnýti persónufrádrátt sinn. Flestir þeirra er voru án atvinnu í lok 1992 áttu maka í launaðri vinnu. Hluti atvinnulausra áttu þó heimavinnandi maka og gátu þá aðeins nýtt sér 80% af persónufrádrætti makans á árinu 1992.
4) Hér koma fram heildartekjur atvinnulausra í janúar 1993. Hér er um að ræða atvinnuleysisbætur, aðrar tryggingagreiðslur, tekjur maka og aðrar tekjur. Nær allir einstaklingarnir voru án vinnu í janúar. Tekjurnar í janúar eru síðan færðar til verðlags um mitt ár 1992, árstekjur atvinnulausra fundnar og bornar saman við árstekjur sömu einstaklinga þegar þeir hafa launaða vinnu með höndum.
5) Tekjurýrnun vegna atvinnuleysis gerir það að verkum að einstaklingar sem greiða vaxtagjöld fá hærri vaxtabæur úr ríkissjóði. Metið er, með aðstoð gagna frá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands, hlutfall þeirra í hverjum flokki er njóta vaxtabóta. Viðbótarvaxtabætur að meðaltali á hvern aðila eru síðan fundnar út með því að margfalda saman viðbótarvaxtabætur þeirra er greiða vaxtagjöld vegna húsnæðis og hlutfall þeirra í hverjum flokki er fá vaxtabætur.
6) Barnabótaauki er tekjutengdur svo að tekjurýrnun vegna atvinnuleysis hefur í för með sér aukningu greiðslna úr ríkissjóði. Fjöldi barna hjá einstæðum foreldrum annars vegar og hjónum og sambýlisfólki hins vegar er metinn út frá gögnum frá Hagstofu Íslands. Viðbótarbarnabótaaukinn er fenginn með því að margfalda saman tekjuskerðingu vegna atvinnuleysis og hlutfallið sem barnabætur skerðast um ef tekjur fara upp fyrir ákveðið lágmark, skv. ákvæðum tekjuskattslaga.
7) Frá opinberum greiðslum til atvinnulausra eru dregnar greiðslur til atvinnulausra í meðalári og er þá miðað við meðaltal atvinnulausra síðustu 12 ára. Þannig fást bætur vegna umframatvinnuleysis á árinu 1992.
8) Tekjur ríkisins af tryggingagjaldi minnka vegna minni launagreiðslna. Meðaltekjur 1992 eru fundnar á sama hátt og í töflu 2 nema að tekjur maka eru ekki taldar með. Meðaltekjur eru margfaldaðar með umframatvinnuleysi til að finna tryggingagjaldstofninn. Skipting tryggingagjaldsins í gjaldflokkana tvo er gerð með hliðsjón af Atvinnuvegaskýrslum Þjóðhagsstofnunar og gert ráð fyrir að skipting atvinnulausra í gjaldflokkana tvo sé með sama hætti og heildarvinnuaflsins í landinu.

9) Tekjur ríkisins af óbeinum sköttum ættu að minnka vegna minni fjárráða hinna atvinnulausu. Hér er gerð sú forsenda til einföldunar að þeir einstaklingar sem í úrtakinu eru hvorki spari né taki lán þannig að neysla þeirra sé ætíð jöfn tekjum. Þá er hægt að margfalda saman mismun heildartekna og óbeinu skattprósentuna til að finna tekjumissi ríkissjóðs. Sá óbeini skattur er einstaklingar greiða sem hlutfall af einkaneyslu er metinn af Þjóðhagsstofnun. Teknir eru allir óbeinir skattar ríkisins, að tryggingagjaldi undanskildu, og metið að hve miklu leyti skatturinn lendir á einstaklingum.
10) Áætluð aukning heimila sem þurfa á aðstoð sveitarfélaga að halda vegna atvinnuleysis er metin af Þjóðhagsstofnun á grundvelli ársskýrslna Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og upplýsinga úr Landshögum frá Hagstofu Íslands. Fjárhagsaðstoð til þeirra er aðstoðar nutu á árinu kemur fram í könnun Félagsvísindastofnunar um aðstæður atvinnulausra.

290. Frumvarp til laga [251. mál]

um breytingar í skattamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Sameignarfélögum“ í 1. málsl. kemur: Samlagsfélögum og sameignarfélögum.
b. Í stað orðsins „sameignarfélag“ í lokamálslið komi: samlagsfélag eða sameignarfélag.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 6. tölul. fellur brott.
b. Á eftir orðinu „barnabætur“ í 7. tölul. koma orðin: barnabótaauki, vaxtabætur.

3. gr.

Við 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Staðaruppbót sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn á vegum utanríkisráðuneytisins við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 3. mgr. 1. tölul. fellur brott.
b. 2. tölul. orðast svo: Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 0,5% af reglulegum tekjum á því ári sem gjöf er afhent. Til reglulegra tekna teljast tekjur skv. B-lið 7. gr., en þó ekki tekjur er falla undir 3.–9. tölul. C-liðar þeirrar greinar. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.

5. gr.

Í stað orðsins „tvö“ í 3. mgr. 63. gr. laganna kemur: eitt.

6. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „34,3“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 33,15.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 69. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Frá tekjuskattsstofni í þessu sambandi er eigi heimilt að draga tekjur skv. 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr.
b. Á eftir orðinu „uppfyllir" í 2. málsl. 6. mgr. koma orðin: í lok tekjuársins.
c. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Þannig skal fjárhæð barnabótaauka skv. 2. mgr. og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 3. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.
d. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 8. mgr. sem orðast svo:
Fjárhæð barnabótaauka hjá þeim sem fá barnabætur eða aðrar sambærilegar bætur erlendis frá skal skert sem nemur þeim bótum að því marki sem þær eru umfram barnabætur skv. A-lið þessarar greinar.

8. gr.

Í stað tölunnar „80%" í 3. og 4. málsl. 2. mgr. C-liðar 69. gr. laganna kemur: 60%.

9. gr.

C-liður 69. gr. laganna og fyrirsögn orðast svo:

Vaxtabætur.

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Vaxtagjöld, sem mynda rétt til vaxtabóta, eru vaxtagjöld vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Sama á við þegar um er að ræða lán frá Byggingarsjóði ríkisins sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Vaxtagjöld vegna lána, sem tekin eru til skemmri tíma en tveggja ára, er einungis heimilt að telja með á næstu fjórum árum talið frá og með kaupári ef um er að ræða kaup á íbúð til eigin nota. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging hefst, eða til og með því ári sem húsnæði er tekið til íbúðar ef það er síðar. Vaxtagjöld teljast í þessu sambandi:

1. Gjaldfallnir vextir og gjaldfallnar verðbætur á afborganir og vexti.
2. Afföll af verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldaviðurkenningum sem framteljandi hefur gefið út sjálfur og selt þriðja aðila og notað andvirðið til fjármögnunar íbúðar til eigin nota, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföllin reiknast hlutfallslega miðað við afborganir á lánstímanum.
3. Lántökukostnaður, árlegur eða tímabundinn fastakostnaður, þóknanir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnaður af lánum.

Til vaxtagjalda teljast ekki uppsafnaðar áfallnar verðbætur af lánum sem kaupandi yfirtekur við sölu íbúðar né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán skuldara sem hann greiðir á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta skv. 4. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 2. mgr., hjá hverjum framteljanda að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 8. gr., en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis eins og þær eru í árslok. Hjá þeim sem skattskyldir eru hluta úr ári vegna brottflutnings á tekjuárinu skal miða við skuldastöðu eins og hún var fyrir brottflutning. Vaxtagjöld samkvæmt þessari grein geta þó ekki verið hærri en 395.698 kr. hjá einstaklingi, 519.467 kr. hjá einstæðu foreldri og 643.235 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Hámark vaxtagjalda hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á árinu.

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjum skv. II. kafla laganna að teknu tilliti til frádráttar skv. 1. og 3. tölul. A-liðar, 1. tölul. B-liðar og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. Hjá hjónum eða sambýlisfólki, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. í lok tekjuárs, skal við útreikning miðað við samanlagðar tekjur beggja að teknu tilliti til frádráttar samkvæmt framansögðu. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast hlutfallslega fari eignir skv. 73. gr., að frádregnum skuldum skv. 1. mgr. 78. gr. fram úr 2.976.267 kr. hjá einstaklingi, 4.933.677 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki uns þær falla niður við 60% hærri fjárhæð. Vaxtabætur greiðast út að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs og eignir í lok þess sama árs. Vaxtabætur geta aldrei verið hærri en 135.035 kr. fyrir hvern mann, 173.664 kr. fyrir einstætt foreldri og 223.310 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr., í lok tekjuárs. Hámark vaxtabóta hjá þeim sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á tekjuárinu. Vaxtabætur sem eru lægri en 500 kr. á mann falla niður.

Réttur til vaxtabóta er bundinn við eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Rétturinn stofnast þegar íbúðarhúsnæði til eigin nota er keypt eða bygging þess hefst. Jafnframt getur stofnast réttur til vaxtabóta vegna lána frá Byggingarsjóði ríkisins sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Réttur til vaxtabóta fellur niður þegar íbúðarhúsnæði telst ekki lengur til eigin nota. Sé íbúðarhúsnæði selt án þess að hafin sé bygging eða fest kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á sama ári fellur réttur til vaxtabóta niður frá þeim tíma sem sala átti sér stað. Við útreikning vaxtabóta skal þá miða við skuldastöðu eins og hún var við sölu.

Skipta skal vaxtabótum til helminga milli hjóna. Sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr., í lok tekjuárs, enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Ef annað hjóna, sem á rétt á vaxtabótum, fellur frá skal ákvarða eftirlifandi maka, sem situr í óskiptu búi, vaxtabætur eins og um hjón sé að ræða næstu fimm ár eftir lát maka.

Komi í ljós að maður hefur fengið greiddar vaxtabætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu 15% álagi. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

Nánari reglur um vaxtabætur, þar á meðal um útborgun þeirra og skuldajöfnun á móti opinberum gjöldum, má setja í reglugerð.

10. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur lögaðila skv. 1., 2., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 33% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr., sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Tekjuskattur félaga, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr., og annarra félaga með ótakmarkaðri ábyrgð minnst eins félagsaðila skal vera 41% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

11. gr.

Við 5. tölul. 74. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Útistandandi skuldir á hendur viðurkenndum sjálfseignarstofnunum, sem samhliða veita kröfuhafa íbúðarrétt, má telja til eignar samkvæmt fasteignamati viðkomandi íbúðar.

12. gr.

Í stað orðsins „tvö“ í 1. mgr. 81. gr. laganna kemur: eitt.

13. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 1994 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1995 á tekjur á árinu 1994 og eignir í lok þess árs og við ákvörðun bóta á árinu 1995. Þó skulu ákvæði 1. gr., 4. gr., 5. gr., 10. gr., 11. gr. og 12. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1994 á tekjur á árinu 1993 og eignir í lok þess árs. Ákvæði 8. gr. öðlast þegar gildi og gilda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 1994.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

14. gr.

Á 3. mgr. 2. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

a. Á eftir orðunum „svo og“ í 5. tölul. kemur: leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi.
b. Í stað 1.–3. málsl. 8. tölul. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Fasteignaleiga og útleiga bifreiðastæða. Útleiga hótel- og gistiherbergja og útleiga tjaldstæða er þó skattskyld, svo og önnur gistiþjónusta þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.

15. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Við sölu notaðra vélknúinna ökutækja, sem seljandi hefur keypt til endursölu í atvinnuskyni, er honum heimilt að miða skattverð við 80,32% af mismun innkaupsverðs og söluverðs ökutækis að meðtöldum virðisaukaskatti. Sé söluverð lægra en kaupverð reiknast enginn skattur.

Bílaleigum, sem keypt hafa notuð ökutæki til nota í rekstri sínum, er heimilt að ákvarða skattverð skv. 1. mgr. við endursölu ökutækjanna.

Sé skattverð notaðra ökutækja ákvarðað með þeim hætti sem lýst er í 1. og 2. mgr. má ekki tilgreina fjárhæð virðisaukaskatts á reikningi eða á annan hátt þannig að hægt sé að reikna út fjárhæð virðisaukaskattsins, hvorki vegna sölunnar til endurseljandans né vegna endursölunnar sjálfrar.

16. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Til skattskyldrar veltu teljast fjárframlög og önnur rekstraraðstoð, sem opinberir aðilar veita þjónustufyrirtækjum til að greiða niður skattskylda þjónustu.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „landinu“ í 2. tölul. 1. mgr. koma orðin: svo og fólksflutningar milli landa og fólksflutningar með flugi innan lands þegar flugið er hluti af fólksflutningum til og frá landinu.
b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem verður 8. tölul. er orðast svo: Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu.

18. gr.

Á 2. mgr. 14. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

a. 3. tölul. orðast svo: Milliganga um ferðaþjónustu, svo og fyrirframsamsett sala sem felur í sér fólksflutninga, gistingu eða aðra þjónustu við ferðamenn er tekur til verulegs hluta hinnar samsettu sölu, enda sé hún boðin á heildarverði. Bílaleiga og sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á öðrum tilreiddum mat en morgunverði skal skattskyld skv. 1. mgr. þrátt fyrir að hún sé innifalin í heildarverði fyrirframsamsettrar sölu.
b. Við bætist nýr töluliður er verður 8. tölul. er orðast svo: Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis samkvæmt nánari afmörkun í reglugerð, þó ekki sala á sælgæti og drykkjarvörum o.fl., vörum sem falla undir gjaldflokk D í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, né sala á áfengum drykkjum og ógerilsneyddri mjólk. Sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu er þó skattskyld skv. 1. mgr. þessarar greinar.

19. gr.

Við 2. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. er orðast svo: Jafnframt er ráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að aðilar, sem kaupa notuð ökutæki til niðurrifs í atvinnuskyni, geti við kaup af óskattskyldum aðilum reiknað sér innskatt sem skráður er á sérstakan reikning og nemur 19,68% af kaupverði vörunnar.

20. gr.

Við 21. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. er orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að taka megi upp aðrar aðferðir við tekjuskráningu en kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr., enda sé í stað reiknings notað annað öruggt skráningar- og eftirlitskerfi.

21. gr.

Við 1. mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef virðisaukaskattsskyld velta skráningarskyldra aðila er minni en 600.000 kr. á ári er ráðherra heimilt að kveða í reglugerð á um lengra uppgjörstímabil og annað greiðslufyrirkomulag en að framan getur.

22. gr.

Í stað orðsins „endurgreiðslu“ í 2. málsl. 3. mgr. 26. gr. laganna kemur: endurgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

23. gr.

Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ í 3. málsl. 9. mgr. 27. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóra ríkisins.

24. gr.

3. málsl. 1. mgr. 28. gr. laganna fellur niður.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:
   Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til yfirskattanefndar á næstu 30 dögum eftir að úrskurður skattstjóra berst ríkisskattstjóra.
b. 4. mgr. orðast svo:
   Yfirskattanefnd skal hafa lagt úrskurð á allar kærur þremur mánuðum eftir að henni hefur borist umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra. Ef rökstuðningur hefur eigi verið nægjanlegur að mati nefndarinnar reiknast þriggja mánaða fresturinn frá þeim tíma er nægjanlegur rökstuðningur barst eða lokagagnaöflun lauk.
c. 5. mgr. orðast svo:
   Ákvæði laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum, skulu að öðru leyti gilda um kærur til yfirskattanefndar eftir því sem við getur átt.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað „eða 4.–7., 9.–12., 20. og 21. tölul. 6. gr.“ í 1. mgr. kemur: 4.–7., 9.–12., 20. og 21. tölul. 6. gr. eða 2. mgr. 7. gr.
b. Orðin „og 8.“ í 2. mgr. 36. gr. falla brott.

27. gr.

2. málsl. 4. mgr. 39. gr. laganna orðast svo: Hann skal annast rannsóknir í málum sem skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans, sbr. 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

28. gr.

1. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Endurgreiða skal veitingahúsum, mötuneytum og öðrum hliðstæðum aðilum sem selja tilreiddan mat, sbr. 8. tölul. 2. mgr. 14. gr., fjárhæð er nemur 93,75% af innskatti hvers tímabils vegna matvælaaðfanga sem bera 14% virðisaukaskatt samkvæmt ákvæðinu. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð nánar um framkvæmd endurgreiðslunnar.

29. gr.

Í stað orðanna „og 7. mgr. 20. gr.“ í 1. málsl. 45. gr. laganna kemur: 7. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 24. gr.

30. gr.

2. málsl. 2. mgr. 49. gr. laganna fellur brott.

31. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994.

32. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

I.

Fari afhending skattskyldrar vöru eða þjónustu fram eftir 31. desember 1993 skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru eða þjónustu hefur verið gerður fyrir 1. janúar 1994 eða greiðsla farið fram þá að hluta eða fullu.

II.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að endurgreiða hluta virðisaukaskatts af neyslufiski. Heimild þessi fellur niður frá og með 1. desember 1994.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

33. gr.

Í stað hlutfallstalnanna „2,5“ og „6“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: 2,85 og 6,35.

34. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „0,15“ í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: 0,5.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „manns“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: vegna staðgreiðslu tryggingagjalds.
b. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Gjaldstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. 59. gr. þeirra laga. Gjaldstofn þessi skal þó eigi vera lægri en 720.000 kr. miðað við heilt ár. Fjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, í fyrsta sinn á árinu 1994.

36. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. sem orðast svo:

Á launaframtal manns sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal færa fjárhæð skv. 3. mgr. 6. gr.

37. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Tryggingagjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

38. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1994 og álagningu tryggingagjalds á árinu 1995.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

39. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðagjald skal vera 5,62 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1000 kg skal að auki greiða 3,65 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2.870 kr. né hærra gjald en 18.136 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.

40. gr.

Á eftir orðinu „björgunarsveita“ í 1. málsl. 5. mgr. 3. gr. laganna koma orðin: bifreiðum sem ekki eru í notkun.

41. gr.

Lokamálsliður 5. gr. laganna orðast svo: Grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjalds eru miðuð við vísitölu 1. janúar 1994.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

43. gr.

Í stað „90%“ í 14. gr. laganna kemur: 97%.

44. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994 og taka til allra þeirra vara sem þá eru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem fyrir þann tíma höfðu verið afhentar með bráðabirgðatollafgreiðslu.

VI. KAFLI
Breyting á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tollskrá í viðauka I við tollalög:

1. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmerum 1507.1000, 1507.9000, 1512.2100, 1512.2900, 1516.2001, 1516.2002 og 1517.9003 verður 7%.
2. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmerum 1505.1000 og 1505.9000 verður 10%.
3. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmerum 1504.1001, 1504.1005, 1504.2005, 1504.3001, 1504.3002, 1506.0001 og 1516.1009 verður 13%.
4. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmerum 1508.1000 til 1512.1900, 1513.1100 til 1515.5000, 1515.9000, 1516.2009 og 1517.9004 verður 15%.
5. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmerum 1501.0001 til 1502.0009, 1504.1002 til 1504.1004, 1504.1009 til 1504.2004, 1504.2009, 1504.3009, 1506.0009, 1516.1001 og 1516.1002 verður 18%.
6. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmerum 1517.1011 til 1517.1029 og 1517.9009 verður 70%.
7. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmerum 1517.9001 og 1517.9002 verður 90%.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum, sem fluttar eru inn samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA), vera tollfrjálsar: 1504.1001 til 1506.0009, 1516.1002 og 1516.1009.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994 og taka til allra þeirra vara sem þá eru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem fyrir þann tíma höfðu verið afhentar með bráðabirgða-tollafgreiðslu.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 18/1993, um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

47. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Gjaldflokkar vörugjalds skulu vera eftirfarandi, sbr. upptalningu tollskrárnúmera gjald-skyldrar vöru í viðauka I við lög þessi:

1. Af vörum í gjaldflokki A skal greiða 6% vörugjald.
2. Af vörum í gjaldflokki B skal greiða 10% vörugjald.
3. Af vörum í gjaldflokki C skal greiða 16% vörugjald.
4. Af vörum í gjaldflokki D skal greiða 18% vörugjald.
5. Af vörum í gjaldflokki E skal greiða 20% vörugjald.
6. Af vörum í gjaldflokki F skal greiða 25% vörugjald.
7. Af vörum í gjaldflokki G skal greiða 30% vörugjald.

48. gr.

1. málsl. 10. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

49. gr.

Viðauki I við lög um vörugjald orðast svo:

Viðauki I.

A. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 6% vörugjald:

0813.4001	1904.1001	2008.3009	2008.9909	2202.1002
0813.5001	1905.9030	2008.4001	2101.1001	2202.9001
0901.1100	1905.9060	2008.4009	2101.1009	2202.9002
0901.1200	2005.2011	2008.5001	2101.2001	4011.1000
0901.2101	2005.2019	2008.5009	2101.2009	4011.2000
0901.2109	2005.2021	2008.6001	2101.3001	4011.4000
0901.2201	2005.2029	2008.6009	2101.3009	4011.5000
0901.3000	2006.0000	2008.7001	2105.0001	4011.9100
0901.4000	2007.1000	2008.7009	2105.0009	4011.9900
0902.1000	2007.9100	2008.8001	2106.9023	4012.1000
0902.2000	2007.9900	2008.8009	2106.9024	4012.2000
0902.3000	2008.1101	2008.9100	2106.9031	4012.9000
0902.4000	2008.1109	2008.9201	2106.9039	4013.1000
0903.0000	2008.1900	2008.9202	2106.9052	4013.2000
0909.1001	2008.2001	2008.9209	2106.9054	4013.9000
0909.5001	2008.2009	2008.9901	2106.9055	4016.9922
1211.9001	2008.3001	2008.9902	2201.9002	

B. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 10% vörugjald:

3208.1001	3209.9009	3304.9100	3916.1001	3920.3001
3208.1002	3210.0011	3304.9900	3916.2001	3920.4101
3208.1003	3210.0012	3305.1001	3916.9001	3920.4202
3208.1004	3210.0019	3305.1009	3917.2101	3920.5101
3208.1009	3210.0021	3305.2000	3917.2201	3920.5901
3208.2001	3210.0029	3305.3000	3917.2301	3920.6101
3208.2002	3211.0000	3305.9000	3917.2901	3920.6201
3208.2009	3212.9001	3307.1000	3917.3201	3920.6301
3208.9001	3212.9009	3307.2000	3918.1001	3920.6901
3208.9002	3213.1000	3307.3000	3918.1002	3920.7101
3208.9003	3213.9000	3307.4100	3918.9011	3920.7301
3208.9009	3214.1001	3307.4900	3918.9019	3920.7901
3209.1001	3303.0001	3307.9002	3918.9021	3920.9101
3209.1002	3303.0002	3307.9009	3918.9029	3920.9201
3209.1009	3304.1000	3808.2001	3919.9001	3920.9301
3209.9001	3304.2000	3814.0002	3920.1002	3920.9401
3209.9002	3304.3000	3814.0009	3920.2001	3920.9902

3921.1101	4601.2000	6802.2109	7210.7001	8426.1900
3921.1201	4811.1000	6802.2209	7212.2101	8426.2000
3921.1902	4814.1000	6802.2309	7212.2901	8426.3000
3921.9002	4814.2001	6802.2909	7212.3001	8426.4101
3922.1000	4814.2009	6802.9109	7212.4001	8426.4109
3922.2000	4814.3000	6802.9209	7212.5001	8426.4900
3922.9001	4814.9001	6802.9309	7212.6001	8426.9100
3922.9009	4814.9002	6802.9909	7216.9001	8426.9900
4003.1000	4814.9009	6803.0000	7304.1000	8428.1001
4008.1101	4815.0000	6806.1009	7304.2000	8428.4000
4008.2101	4823.9005	6806.2000	7305.1100	8431.3100
4016.9100	5602.9001	6806.9001	7305.1200	8452.1000
4016.9918	5701.1000	6806.9009	7305.1900	8481.1000
4016.9919	5701.9000	6807.1001	7305.2000	8481.2000
4407.1001	5702.1000	6807.9001	7306.1000	8481.3000
4407.2101	5702.2000	6808.0000	7306.2000	8481.4000
4407.2201	5702.3100	6809.1101	7313.0000	8481.8000
4407.2301	5702.3200	6809.1901	7314.2000	8481.9000
4407.9101	5702.3900	6809.9001	7314.3000	8507.1000
4407.9201	5702.4100	6809.9009	7314.4100	8507.2000
4407.9901	5702.4200	6811.1000	7314.4200	8507.3000
4409.1001	5702.4900	6811.2001	7314.4900	8507.4000
4409.2001	5702.5100	6811.9001	7314.5000	8507.8000
4410.1001	5702.5200	6811.9009	7324.1000	8507.9000
4410.9001	5702.5900	6814.1000	7324.2100	8516.5000
4411.1101	5702.9100	6815.9101	7324.2900	8516.6001
4411.1901	5702.9200	6815.9901	7324.9000	8516.6002
4411.2101	5702.9900	6904.9000	7417.0000	8516.6009
4411.2901	5703.1001	6905.1000	7418.2000	8516.7901
4411.3101	5703.1009	6905.9000	7419.9904	8535.1000
4411.3901	5703.2001	6907.1000	7606.1101	8535.2100
4411.9101	5703.2009	6907.9000	7606.1201	8535.2900
4411.9901	5703.3001	6908.1000	7606.9101	8535.3000
4412.1101	5703.3009	6908.9000	7606.9201	8535.4000
4412.1201	5703.9001	6910.1000	7615.2000	8535.9000
4412.1901	5703.9009	6910.9000	8407.3100	8536.1000
4412.2101	5704.1000	7019.3101	8407.3200	8536.2000
4412.2901	5704.9000	7019.3901	8407.3300	8536.3000
4412.9101	5705.0001	7019.9003	8407.3400	8536.4100
4412.9901	5705.0009	7019.9009	8408.2000	8536.4900
4413.0001	5904.1000	7210.2001	8414.5101	8536.5000
4418.3000	5904.9100	7210.3101	8414.5901	8536.6100
4418.5000	5904.9200	7210.3901	8414.6001	8536.6900
4504.1002	5905.0001	7210.4100	8414.8001	8536.9000
4504.1005	5905.0009	7210.5001	8426.1201	8537.1009
4504.9003	6802.1000	7210.6001	8426.1209	8537.2000

8538.1000	8544.5100	9007.1900	9405.2009	9405.9109
8538.9000	8544.5900	9007.2100	9405.3000	9405.9201
8544.1100	8544.6000	9007.2900	9405.4001	9405.9202
8544.1900	8544.7000	9007.9100	9405.4009	9405.9209
8544.2000	8708.9200	9007.9200	9405.5000	9405.9901
8544.3000	8714.1100	9405.1001	9405.6001	9405.9909
8544.4100	8714.1900	9405.1009	9405.6009	
8544.4900	9007.1100	9405.2001	9405.9101	

C. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 16% vörugjald:

3701.2000	3702.5500	7014.0001	8511.3000	8708.5000
3701.9109	3702.5600	7315.9001	8511.4000	8708.6000
3701.9909	3702.9100	7320.1000	8511.5000	8708.7000
3702.2000	3702.9200	7320.2001	8511.8000	8708.8000
3702.3100	3702.9300	7320.9001	8511.9000	8708.9100
3702.3200	3702.9400	8301.2000	8544.3000	8708.9300
3702.3909	3702.9500	8301.4001	8545.9001	8708.9400
3702.4402	3926.3001	8302.1001	8708.1000	8708.9900
3702.5100	4016.9925	8302.3000	8708.2900	8716.9009
3702.5200	7007.1101	8302.4901	8708.3100	
3702.5300	7007.2101	8511.1000	8708.3900	
3702.5400	7009.1000	8511.2000	8708.4000	

D. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 18% vörugjald:

1703.1001	1806.3109	1905.3091	2009.6009	2202.1001
1703.9001	1806.3201	1905.3099	2009.7001	2202.1009
1704.1000	1806.3202	2009.1101	2009.7009	2202.9009
1704.9001	1806.3203	2009.1109	2009.8001	2203.0001
1704.9002	1806.3209	2009.1901	2009.8009	2204.2101
1704.9003	1806.9003	2009.1909	2009.9001	2204.2901
1704.9004	1806.9004	2009.2001	2009.9009	2204.3000
1704.9005	1806.9005	2009.2009	2106.9011	2206.0000
1704.9009	1806.9006	2009.3001	2106.9019	2208.9009
1805.0001	1806.9007	2009.3009	2106.9021	2209.0000
1805.0009	1806.9009	2009.4001	2106.9022	3003.9001
1806.1000	1905.2000	2009.4009	2106.9029	3004.5004
1806.2001	1905.3021	2009.5001	2106.9041	3004.9004
1806.2009	1905.3029	2009.5009	2106.9053	3302.1002
1806.3101	1905.3030	2009.6001	2201.1000	

E. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 20% vörugjald:

6702.1000	8421.1201	8516.3300	8539.2200	9608.2000
6702.9000	8421.3901	8516.4009	8539.2900	9608.3100
7321.1100	8422.1100	8516.7909	8539.3100	9608.3900
7321.1200	8433.1100	8516.8001	8539.3900	9608.4000
7321.1300	8433.1900	8519.2900	8539.4000	9608.5000
7321.8100	8450.1100	8519.3100	8539.9000	9608.6000
7321.8200	8450.1200	8519.3900	8540.1100	9608.9100
7321.8300	8450.1900	8519.9901	8540.1200	9608.9900
7321.9000	8450.9000	8519.9902	8540.2000	9609.1000
8301.1000	8451.1009	8520.9001	8540.3000	9609.2000
8301.5000	8451.2100	8521.1021	8540.4100	9609.9000
8302.3000	8451.3001	8521.1029	8540.4200	9613.1000
8418.1001	8476.1100	8521.9021	8540.4900	9613.2000
8418.2100	8476.1900	8521.9029	8540.8100	9613.3000
8418.2200	8476.9000	8522.1000	8540.8900	9613.8000
8418.2900	8479.8901	8522.9000	8540.9100	9613.9000
8418.3001	8509.2000	8529.9002	8540.9900	9614.1000
8418.4001	8509.3000	8529.9003	8716.8001	9614.2000
8418.6101	8509.8009	8539.1000	8716.8009	9614.9000
8418.6901	8509.9000	8539.2100	9608.1000	

F. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 25% vörugjald:

9301.0000	9303.3000	9305.2100	9306.2100	9307.0000
9302.0000	9303.9009	9305.2900	9306.2900	
9303.1000	9304.0000	9305.9000	9306.3009	
9303.2000	9305.1000	9306.1000	9306.9009	

G. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 30% vörugjald:

1701.1100	1701.9903	1702.4002	8518.2109	8520.2000
1701.1200	1701.9904	1702.4009	8518.2209	8520.3100
1701.9101	1701.9905	1702.5000	8518.2900	8520.3900
1701.9102	1701.9906	1702.6000	8518.3000	8520.9009
1701.9103	1701.9907	1702.9001	8518.4009	8527.1101
1701.9104	1701.9909	1702.9002	8518.5009	8527.1102
1701.9105	1702.1000	1702.9003	8518.9000	8527.1109
1701.9106	1702.2000	1702.9004	8519.1000	8527.1900
1701.9107	1702.3001	1702.9009	8519.4000	8527.2101
1701.9109	1702.3002	1703.1002	8519.9100	8527.2102
1701.9901	1702.3009	1703.1009	8519.9909	8527.2109
1701.9902	1702.4001	1703.9009	8520.1000	8527.2900

8527.3101	8527.3200	8528.1003	8528.2009	8543.8001
8527.3102	8527.3900	8528.1009	8529.1009	8543.9001
8527.3109	8527.9009	8528.2003	8529.9009	

50. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir margvíslegum breytingum á skattalöggjöfinni. Breytingarnar ber að með tvennum hætti. Annars vegar — og langviðamestar — eru breytingar sem tengjast yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna sl. vor og ákvörðun um framlengingu þeirra nú í nóvember. Hins vegar eru breytingar sem tengjast ákvörðunum sem teknar voru fyrir síðustu áramót, einkum tillögur um breytta tekjuöflun sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds og frekari útfærsla á ákvörðun vaxtabóta.

Líkt og í fyrravetur hefur sá kostur verið valinn að flytja þessar breytingar allar í sama frumvarpi. Þetta er talið eðlilegt þar sem breytingarnar tengjast allar fjáröflun vegna fjárlaga. Hér á eftir er fyrst gerð grein fyrir meginatriðum frumvarpsins, aðdraganda þess og áhrifum. Því næst er fjallað um einstaka þætti og loks eru athugasemdir með einstökum greinum.

I. Meginatriði frumvarpsins.

1. Breytingar tengdar kjarasamningum.

Ákvarðanir síðastliðið vor — fjárlagafrumvarp. Meginefni þessa frumvarps eru breytingar sem tengjast yfirlýsingum ríkisstjórnar vegna kjarasamninganna í maí sl. Veigamesta breytingin er tillaga um lækkun virðisaukaskatts af matvælum úr 24,5% í 14% frá næstu áramótum. Þessi breyting skerðir tekjur ríkissjóðs um 3.100 m.kr. miðað við heils árs innheimtu, en um 2.600 m.kr. árið 1994.

Til að vega að hluta á móti þessu tekjutapi var í fjárlagafrumvarpi annars vegar gert ráð fyrir að leggja sérstakan skatt á vaxtatekjur einstaklinga frá miðju næsta ári. Þessi skattlagning var að vísu talin skila litlum tekjum á næsta ári, eða um 150 m.kr., en árið 1995 voru skilin talin geta orðið 500–600 m.kr.

Hins vegar var gert ráð fyrir 0,35% hækkun á tryggingagjaldi fyrirtækja og álagningu sérstaks 0,5% atvinnutryggingagjalds á einstaklinga. Þessi gjaldtaka var einkum ætluð til að styrkja fjárhag Atvinnuleysistryggingasjóðs. Samanlagt var talið að þessi gjaldtaka gæti skilað ríkissjóði um 1.600 m.kr. á heilu ári, en 1.400 m.kr. árið 1994. Til þess að draga úr áhrifum atvinnutryggingagjaldsins á afkomu tekjulægri barnafjölskyldna var einnig áformað að hækka greiðslur barnabótaauka um 150 m.kr.

Þegar þetta tvennt var lagt saman var talið að skatttekjur ríkissjóðs mundu lækka um 1.200 m.kr. vegna lækkunar virðisaukaskatts af matvælum þrátt fyrir þessa viðbótartekjuöflun eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

Breytt áform. Af hálfu launanefndar ASÍ og vinnuveitenda komu fram athugasemdir við nokkra þætti fjárlagafrumvarps sem ekki voru taldir samrýmast yfirlýsingu ríkisstjórnar frá í maí. Í yfirlýsingu forsætisráðherra frá 5. nóvember sl. kemur fram að ríkisstjórnin hafi vegna athugasemda launanefndar ákveðið að breyta í nokkrum atriðum fyrri áformum um tekjuöflun til að vega upp á móti tekjutapi vegna lækkunar virðisaukaskatts af matvælum.

Þannig er horfið frá áformum um álagningu sérstaks 0,5% atvinnutryggingagjalds á einstaklinga. Í stað þess er lögð til hækkun á tekjuskatti einstaklinga um 0,35% og bifreiðagjald um þriðjung, heldur meira á þyngri bifreiðum en minna á hinum léttari. Jafnframt er gert ráð fyrir að lækka vörugjöld á nokkrum vöruflokkum til að koma í veg fyrir að samkeppnisstaða innlendra aðila raskist vegna lækkunar virðisaukaskatts af matvælum.

Sérstakar breytingar á frumvarpi til fjárlaga 1994.

Í milljónum króna	Áhrif m.v. heilt ár	Áhrif árið 1994
I. Forsendur fjárlagafrumvarps:		
Lækkun virðisaukaskatts af matvælum	- 3.100	- 2.600
10% vaxtaskattur	550	150
0,35% hækkun tryggingagjalds á atvinnurekendur	560	500
0,5% atvinnutryggingagjald á einstaklinga	1.000	900
Hækkun barnabótaauka	- 150	- 150
Áhrif á afkomu ríkissjóðs	**- 1.140**	**- 1.200**
II. Frávik frá forsendum fjárlagafrumvarps:		
Tekjur:		
0,35% hækkun á tekjuskatti einstaklinga	685	585
35% hækkun á bifreiðagjaldi	450	450
Fallið frá atvinnutryggingagjaldi á einstaklinga	- 1.000	- 900
Fallið frá breytingum á barnabótaauka	150	150
Frestun gildistöku vaxtaskatts	- 550	- 150
Hækkun á bensíngjaldi og þungaskatti vegna aukinna vegaframkvæmda	285	285
Lækkun vörugjalds	- 370	- 310
Breikkun á vörugjaldsstofni o.fl.	205	145
Gjöld:		
Aukin útgjöld til vegagerðar	285	285
Viðbótaráhrif á afkomu ríkissjóðs	**- 430**	**- 30**
III. Heildaráhrif á afkomu ríkissjóðs	**- 1.570**	**- 1.230**

Í viðræðum milli ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins var lögð áhersla á að veruleg lækkun vaxta væri mikilvægasta aðgerðin til að örva atvinnulífið. Í lok október 1993 kynnti ríkisstjórnin viðamiklar aðgerðir til þess að stuðla að lækkun vaxta. Þessar aðgerðir hafa nú þegar skilað þeim árangri að raunvextir hafa lækkað um 2%.

Brýnt er að raska ekki þeim forsendum sem vaxtalækkunin byggir á. Þar skiptir staða ríkisfjármála og lánsfjárþörf ríkisins miklu máli. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum og þær breytingar á sviði ríkisfjármála sem ríkisstjórnin hefur ákveðið eru reistar á þeirri forsendu að halli á ríkissjóði á næsta ári verði alls ekki meiri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi.

Í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sl. vor um upptöku sérstaks vaxtaskatts var skipuð nefnd til að útfæra nánar álagninguna og undirbúa framkvæmdina. Nefndin skilaði áliti sínu og drögum að frumvarpi um miðjan október 1993 miðað við að 10% vaxtaskattur yrði tekinn upp frá miðju ári 1994. Ekki var talið fært að taka hann upp fyrr því að framkvæmda- og innheimtuaðilar þyrftu góðan undirbúningstíma.

Í kjölfar þeirra aðgerða sem ríkisstjórn og Seðlabanki hafa beitt sér fyrir til þess að lækka vexti hafa komið fram áhyggjur af hálfu viðskiptabanka og Seðlabanka um að áformuð gildistaka vaxtaskatts á næsta ári geti jafnvel orðið til þess að hækka vexti. Ríkisstjórnin hefur af þessu tilefni ákveðið að fresta framlagningu frumvarps um vaxtaskatt og mun á næstu mánuðum skoða framkvæmd og útfærslu þessarar skattlagningar nánar.

Enda þótt þær aðgerðir sem kynntar eru í þessu frumvarpi feli í sér nokkur frávik frá þeim áformum sem kynnt voru í fjárlagafrumvarpi eru heildarmarkmið fjárlaga óbreytt.

2. Tillögur um skattbreytingar í árslok 1993.

Í nóvember 1992 gripu stjórnvöld til umfangsmikilla efnahagsaðgerða til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs, einkum gagnvart vaxandi erlendri samkeppni, hamla gegn auknu atvinnuleysi, skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta, auka arðbærar fjárfestingar og nýsköpun. Þannig var leitast við að leggja grunn að auknum hagvexti á næstu árum.

Veigamikill þáttur efnahagsaðgerðanna var niðurfelling aðstöðugjalds, en það hafði um langt árabil veikt samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum. Niðurfelling aðstöðugjalds hafði hins vegar mikil áhrif á fjárhag sveitarfélaga og kallaði á heildarendurskoðun á tekjustofnum þeirra. Var talið nauðsynlegt að undirbúa þá endurskoðun vandlega og leita varanlegra lausna á tekjuöflun þeirra.

Til bráðabirgða var gripið til þess ráðs að tryggja sveitarfélögunum svipaðar tekjur og þau hefðu haft af álagningu aðstöðugjalds með aukinni hlutdeild þeirra í tekjuskatti einstaklinga. Samkvæmt fjárlögum ársins 1993 var þessi fjárhæð talin vera um 4 milljarðar kr. og virðist sú áætlun ganga eftir. Þessi millifærsla til sveitarfélaga kallaði á sérstaka tekjuöflun. Þannig var tekjuskattshlutfall einstaklinga hækkað til bráðabirgða um 1,5%, úr 32,8% í 34,3%. Jafnframt var skipuð nefnd til að gera tillögur um varanlega lausn á tekjuöflun sveitarfélaga í stað aðstöðugjaldsins.

Áætluð áhrif breyttra tekjustofnalaga á afkomu ríkissjóðs.

Í milljónum króna	Áhrif m.v. heilt ár
1,5% lækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga	- 3.400
Niðurfelling skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	- 470
Aukin hlutdeild sveitarfélaga í tekjuskatti fellur niður	3.960
Aukin skil ÁTVR í ríkissjóð vegna niðurfellingar landsútsvars	325
Hækkun bensíngjalds á móti niðurfellingu landsútsvars á olíufélög	140
I. Áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs	555
II. Áhrif á gjaldahlið - Aukið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	500
III. Áætluð áhrif á afkomu ríkissjóðs (I - II)	**55**

Nefndin hefur skilað áliti til félagsmálaráðherra sem hefur lagt fram frumvarp til breytinga á tekjustofnalögum sveitarfélaga sem í meginatriðum byggir á tillögum nefndarinnar. Breytingarnar snerta tekjuhlið ríkissjóðs með þrennum hætti:

Í fyrsta lagi leggur nefndin til að hámarksálagning útsvars hækki, en samhliða því lækki hlutur ríkisins í tekjuskatti einstaklinga.

Í öðru lagi er gerð tillaga um hækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði. Jafnframt verði hætt að leggja á skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem hefur runnið í ríkissjóð og með því skapað aukið svigrúm fyrir álagningu sveitarfélaga.

Í þriðja lagi leggur nefndin til að landsútsvarið verði fellt niður, en það er að stærstum hluta tekjustofn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að tekjutapi Jöfnunarsjóðs verði mætt með beinu framlagi úr ríkissjóði sem fjármagnað verði með auknum tekjum frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hækkun bensíngjalds.

II. Einstakir efnisþættir frumvarpsins.

1. Tekjuskattur.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir tvenns konar meginbreytingum á tekjuskatti einstaklinga:

Í fyrsta lagi er breyting á skatthlutfallinu; annars vegar er 1,5% lækkun í tengslum við breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og hins vegar er 0,35% hækkun til að vega upp á móti lækkun virðisaukaskatts af matvælum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar nú í nóvember. Samkvæmt þessu lækkar skatthlutfallið um 1,15%.

Í öðru lagi eru breytingar á ákvæðum tekjuskattslaganna um greiðslur vaxtabóta, en um þær er nánar fjallað hér á eftir.

Þá eru lagðar til ýmsar tæknilegar lagfæringar á lögunum og eru þær skýrðar í athugasemdum við einstakar greinar.

2. Vaxtabætur.

Í desember 1992 samþykkti Alþingi breytingar á gildandi vaxtabótakerfi í því skyni að hamla gegn frekari útgjaldaaukningu vegna vaxtabóta næstu árin. Sú breyting leiðir til 400 m.kr. lækkunar útgjalda til vaxtabóta árið 1994. Í tengslum við þessa ákvörðun ákvað ríkisstjórnin að fela sérstakri nefnd að vinna að frekari endurskoðun kerfisins á árinu 1993 með áherslu á frekari tengingu vaxtabóta við tekju- og eignastöðu vaxtabótaþega. Markmiðið var að breyta kerfinu þannig að það kæmi frekar hinum tekjulægri, yngri og efnaminni til góða. Einnig var nefndinni falið að sníða helstu annmarka af vaxtabótakerfinu, m.a. til að tryggja að vaxtabætur yrðu einungis greiddar vegna vaxtagjalda af íbúðalánum, en ekki öðrum skuldbindingum.

Nefndin hefur nú skilað áliti sínu og þær breytingar á vaxtabótum sem í þessu frumvarpi felast byggja í meginatriðum á tillögum nefndarinnar. Þær eru þríþættar. Í fyrsta lagi eru tillögur um nýjar viðmiðunarreglur; í öðru lagi um ýmsar lagfæringar á lögunum til einföldunar og samræmingar og í þriðja lagi er tillaga um bætta upplýsingagjöf lánastofnana. Vegna afturvirknisjónarmiða er ekki gert ráð fyrir að þessar tillögur taki gildi fyrr en við álagningu 1995. Þær breytingar sem felast í þessu frumvarpi gera ekki ráð fyrir frekari lækkun útgjalda en ákveðin var í desember 1992, að öðru leyti en því sem leiða kann af skilvirkara eftirliti og einfaldari framkvæmd.

Eitt meginvandamál vaxtabótakerfisins hefur verið að ákveða hvaða vextir og verðbætur veiti rétt til vaxtabóta. Því leggur nefndin til að tekin verði upp ný viðmiðun fyrir vexti og verðbætur við ákvörðun vaxtabóta. Grunnur til útreiknings geti að hámarki orðið 7% af framtöldum skuldum hvers framteljanda vegna íbúðakaupa.

Helstu rökin fyrir þessari tillögu eru að eðlilegt sé að niðurgreiðsla vaxta af hálfu ríkisins taki mið af algengum raunvöxtum í húsnæðislánakerfinu, en það eru vextir af húsbréfum (6%), lífeyrissjóðslánum (algengast 7%) að viðbættum lántökukostnaði o.fl. Þessi tillaga miðaðist við vaxtastig eins og það var áður en vextir tóku að lækka. Það er eðlilegt að taka þessa viðmiðun til endurskoðunar í meðförum Alþingis í ljósi vaxtaþróunarinnar að undanförnu og horfna á næsta ári.

Í öðru lagi gerir nefndin tillögu um 10 þúsund króna hækkun á hámarksvaxtabótum til þess að bæta stöðu hinna tekjulægstu.

Í þriðja lagi leggur nefndin til að réttur til vaxtabóta verði rýmkaður þannig að vaxtagjöld vegna lána, sem veitt eru í húsbréfakerfinu til endurbóta á íbúðarhúsnæði, myndi stofn til vaxtabóta. Helstu rökin fyrir þessari rýmkun eru að eðlilegt sé að framkvæmdir af þessu tagi komi til álita við greiðslu vaxtabóta þar sem þetta geti stuðlað að betri nýtingu eldra húsnæðis og því þjóðhagslega hagkvæmt. Lagt er til að þessi réttur takmarkist við þau lán sem veitt eru í húsbréfakerfinu, enda séu þau veitt til meiri háttar endurbóta en ekki venjubundins viðhalds.

Markmiðið með þessum breytingum á vaxtabótakerfinu er að gera stuðning ríkisins við húsnæðiskaupendur markvissari um leið og tekjujöfnun kerfisins er aukin. Þannig hækka vaxtabætur einhleypra og einstæðra foreldra þegar á heildina er litið. Hækkunin kemur einkum fram í neðstu tekjubilunum. Vaxtabætur hjóna lækka að meðaltali, en þó þannig að á neðstu tekjubilunum haldast þær nær óbreyttar, en lækka talsvert hjá þeim sem hæstar hafa tekjurnar.

Með breyttu kerfi hækka vaxtabætur þeirra sem eru að byggja/kaupa í fyrsta sinn, einkum hinna yngri og tekjulægri, en um leið dregur úr stuðningi við hina eldri, tekjuhærri og efnameiri. Jafnframt munu nýjar viðmiðunarreglur og aðrar lagfæringar auðvelda og einfalda framkvæmd og eftirlit með vaxtabótakerfinu. Þannig dregur úr augljósum misfellum í kerfinu.

Tillögurnar fela í sér nokkra fækkun bótaþega, þó mismikla eftir hjúskaparstétt. Þannig fækkar bótaþegum úr hópi einstæðra foreldra um tæp 3%, en hjónum fækkar um liðlega 10%. Fækkunin er fyrst og fremst hjá hinum tekjuhærri, efnameiri og eldri. Á móti fækkun bótaþega vegur hækkun vaxtabótanna, einkum hjá yngra fólkinu. Þannig hækka vaxtabætur þeirra sem eru 35 ára og yngri um tæp 2% að meðaltali, en lækka hins vegar um nær 5% að jafnaði hjá bótaþegum 45 ára og eldri.

Greiðslur vaxtabóta samkvæmt tillögum nefndarinnar saman borið við samþykktar breytingar 1992.

	Fjöldi			*Vaxtabætur*		Áætluð
	Fyrir breytingu	Eftir breytingu	Fækkun %	Fyrir br. þús.kr.	Eftir br. þús.kr.	áhrif %
I. Einhleypir :						
Undir 25 ára aldri	1.000	992	0,8	70	72	1,8
26-35 ára	1.899	1.820	4,2	84	87	3,4
36-45 ára	1.207	1.101	8,8	89	88	-1,5
46-55 ára	840	747	11,1	79	78	-1,7
56 ára og eldri	1.163	993	14,6	63	63	0,0
Samtals	**6.109**	**5.653**	**7,5**	**78**	**79**	**0,9**
II. Einstæðir foreldrar:						
Undir 25 ára aldri	153	159	-3,9	78	83	6,6
26-35 ára	988	979	0,9	97	100	2,9
36-45 ára	871	820	5,9	98	99	0,4
46-55 ára	126	117	7,1	100	99	-1,2
56 ára og eldri	2	2	.	.	.	-
Samtals	**2.141**	**2.078**	**2,9**	**96**	**98**	**2,2**
III. Hjón: [1]						
Undir 25 ára aldri	708	692	2,3	107	110	3,0
26-35 ára	4.653	4.403	5,4	128	129	0,8
36-45 ára	4.407	3.809	13,6	132	124	-6,4
46-55 ára	1.364	1.137	16,6	129	118	-8,0
56 ára og eldri	974	832	14,6	102	96	-5,6
Samtals	**12.106**	**10.873**	**10,2**	**126**	**122**	**-3,1**

[1] Hjón eru hér talin sem einn einstaklingur.

3. Virðisaukaskattur.

Eins og áður er komið fram var lækkun virðisaukaskatts af matvælum úr 24,5% í 14% einn veigamesti þáttur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna sl. vor. Lækkunin er talin kosta ríkissjóð 2,6 milljarða króna árið 1994, en 3,1 milljarð miðað við innheimtu á heilu ári. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994 lækka tekjur af virðisaukaskatti reyndar um 3,2 milljarða króna, en á móti var gert ráð fyrir hækkun vörugjalds á sælgæti og gosdrykki, um 600 m.kr. Nú er hins vegar stefnt að því að virðisaukaskattur á sælgæti og gosdrykki verði óbreyttur, eða 24,5%. Jafnframt er áformað að lækka vörugjald af þessum vörum um 7%.

Þegar á heildina er litið er talið að lækkun virðisaukaskatts af matvælum í tengslum við kjarasamningana sl. vor lækki vísitölu framfærslukostnaðar um rúmlega 1%. Um fjórðungur þessarar lækkunar kom fram þegar um mitt ár 1993 í kjölfar aukinna niðurgreiðslna á mjólkurvörum, svínakjöti, kjúklingum og eggjum. Samkvæmt upplýsingum úr neyslukönnun Hagstofu Íslands verja barnafjölskyldur að jafnaði um fimmtungi tekna sinna til kaupa á matvælum. Þetta hlutfall er hins vegar nokkuð hærra fyrir tekjulægri fjölskyldur. Hjá einstaklingum er hlutfallið nálægt 15% að meðaltali.

Samhliða lækkun virðisaukaskatts af matvælum er gert ráð fyrir að þær endurgreiðslur/niðurgreiðslur vegna matvæla sem nú eru í gildi falli niður. Þessar greiðslur hafa miðast við að með þeim væri virðisaukaskattur í reynd greiddur niður í 14%. Þess vegna munu þessar tilteknu vörur ekki lækka í verði um áramótin. Sérstakar reglur hafa gilt um fisk og hafa endurgreiðslurnar verið mun meiri en gilt hefur almennt um mjólkur- og kjötvörur. Þess vegna má búast við að fiskur geti hækkað þegar endurgreiðslurnar eru felldar niður. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að niðurgreiðslurnar lækki á áföngum á næsta ári til þess að dreifa þessum áhrifum yfir árið.

Af þessari umfjöllun má ráða að áhrif lækkunar virðisaukaskatts af matvælum og lækkunar vörugjalda á verðlag eru margvísleg. Þær matvörur sem bera fullan skatt í dag lækka að sjálfsögðu mest í verði, eða um allt að 8½% um næstu áramót. Í þennan flokk falla m.a. mjöl- og brauðvörur. Flestar búvörur, svo sem mjólk og kjöt, sem hafa notið sérstakra endurgreiðslna hingað til, lækka hins vegar lítið sem ekkert í verði. Þó má gera ráð fyrir að unnar kjötvörur geti lækkað í verði um áramótin. Loks má reikna með að verð á ávaxtasafa, gosdrykkjum, kakódufti, sælgæti og kexi lækki um 3–5% vegna lækkunar vörugjalds.

Ljóst er að lækkun virðisaukaskatts á matvælum hefur í för með sér ýmsa erfiðleika við framkvæmd og eftirlit. Breytingarnar hafa jafnframt í för með sér töluverðan kostnað vegna undirbúnings, kynningar og útgáfustarfsemi, breytinga á tölvukerfum, starfsmanna- og launakostnaðar auk beins og óbeins kostnaðar við eftirlit og framkvæmd. Framkvæmd og eftirlit með fyrirhugaðri breytingu á virðisaukaskatti má ekki koma niður á framkvæmd og eftirliti skattyfirvalda með öðrum sköttum og gjöldum, svo sem tekjuskatti, staðgreiðslu, tryggingagjaldi og vörugjaldi. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna breytinga á virðisaukaskatti en þess getið að málið sé til skoðunar. Nauðsynlegt verður að leita fjárheimildar á árinu 1994 til að standa straum af kostnaði við fyrirhugaðar breytingar.

Auk þessarar meginbreytingar á virðisaukaskatti eru í frumvarpinu ýmsar lagfæringar, einkum til að auka samræmi í skattlagningu hliðstæðrar starfsemi, auk þess sem talið er nauðsynlegt að skerpa skilgreiningar á stöku stað. Nánar er gerð grein fyrir þessum breytingum í athugasemdum með einstökum greinum.

4. Tryggingagjald.

Samkvæmt gildandi lögum greiða atvinnurekendur sérstakt tryggingagjald í ríkissjóð. Gjaldstofninn er heildarlaunagreiðslur, þar með talið framlag þeirra í lífeyrissjóð og reiknað endurgjald í einstaklingsrekstri. Gjaldið er í tveimur þrepum, 2,5% í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði, en 6% í öðrum greinum. Frá og með næstu áramótum mun ferðaþjónusta flytjast í lægri gjaldflokkinn.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að tryggingagjaldið hækki um 0,35%, þ.e. í 2,85% í landbúnaði, sjávarútvegi, ferðaþjónustu og iðnaði og í 6,35% í öðrum atvinnugreinum. Talið er að gjaldstofn tryggingagjalds verði kringum 200 milljarðar króna á árinu 1994. Þar af nema launagreiðslur ríkissjóðs (að meðtöldum B-hluta fyrirtækjum) 40 milljörðum króna. Samanlagt er talið að hækkun tryggingagjaldsins skili ríkissjóði um 560 m.kr. á heilu ári, þar af innheimtast um 500 m.kr. á næsta ári.

Í frumvarpinu er einnig gerð tillaga um að þær reglur sem gilda um ákvörðun gjaldstofns til útreiknings tryggingagjalds vegna vinnu manns við eigin rekstur verði skýrari. Meðal annars er lagt til að sett verði lágmark fyrir þau laun sem tryggingagjald reiknast af.

5. Vörugjald af bensíni.

Samkvæmt gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga greiða olíufélög 1,3% landsútsvar af heildarsölu olíu og olíuvara, annarra en gasolíu og svartolíu. Þessi álagning er talin nema nálægt 140 m.kr. á næsta ári að öðru óbreyttu. Sem fyrr segir var í fjárlagafrumvarpi gert ráð fyrir að landsútsvarið félli niður á næsta ári, en á móti hækkaði vörugjald af bensíni úr 90% í 97%. Þetta er hluti af tekjuöflun ríkisins til að standa undir framlagi úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áhrif þessa á verðlag eru talin óveruleg þar sem gjaldið kemur í stað niðurfellingar landsútsvars.

Auk hækkunar á vörugjaldi af bensíni vegna niðurfellingar landsútsvars er rétt að vekja athygli á því að ríkisstjórnin hefur í tengslum við framlengingu kjarasamninganna ákveðið að auka vegaframkvæmdir fyrir 250–300 m.kr. Sú aðgerð kallar á sérstaka hækkun á mörkuðum tekjustofnum Vegagerðar ríkisins, þ.e. bensíngjaldi og þungaskatti, um allt að 5%. Í forsendum fjárlagafrumvarps var hins vegar ekki gert ráð fyrir hækkun á þessum gjaldstofnum. Þessi breyting á bensíngjaldi hækkar meðalbensínverð um 1,40 kr. á hvern lítra að meðtöldum virðisaukaskatti, eða um 2%. Áhrif þessa á vísitölu framfærslukostnaðar eru metin nálægt 0,1%.

6. Bifreiðagjald.

Sem fyrr segir er lagt til að hækka bifreiðagjaldið sérstaklega, m.a. til að fjármagna lækkun virðisaukaskatts af matvælum og á sú hækkun að skila ríkissjóði um 450 m.kr. í viðbótartekjur. Gert er ráð fyrir að grunngjaldið hækki heldur minna, eða um tæplega 30%, úr 4,35 kr. á hvert kg í 5,62 kr., miðað við hálft ár. Álagið er hins vegar hækkað úr 50% í 65% þannig að gjald fyrir hvert kg umfram 1.000 kg hækkar um rúmlega 40%. Að meðaltali hækkar gjaldið um tæplega 33%.

Samkvæmt þessu hækkar gjald af litlum fólksbílum nokkuð minna en af hinum stærri. Þannig hækkar gjald af Toyota Corolla um tæplega 2.400 kr. á ári, eða um 200 kr. á mánuði. Samsvarandi hækkun á Range Rover er tæplega 600 kr. á mánuði. Um næstu áramót fellur hins vegar niður slysatryggingagjald vegna ökutækja sem nemur 2.400 kr. á ári, eða 200 kr. á mánuði á hverja bifreið. Samanlagt hafa þessar breytingar því óveruleg áhrif á rekstrarkostnað minni fólksbifreiða.

Hækkun bifreiðagjalds mundi að óbreyttu hækka vísitölu framfærslukostnaðar um 0,11%. Jafnframt má reikna með einhverri hækkun á flutningskostnaði (sendibifreiðar, leigubifreiðar) þannig að heildaráhrifin væru líklega nálægt 0,15%. Á móti vegur niðurfelling á slysatryggingagjaldi, en vægi þess í vísitölunni er liðlega 0,1%. Þegar á heildina er litið ættu verðlagsáhrif þessara breytinga á bifreiðagjöldum því að vera hverfandi.

7. Vörugjöld.

Í yfirlýsingu stjórnvalda, sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamninga sl.vor, kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að gosdrykkir og sælgæti lækki í verði til jafns við aðrar matvörur, en þess verði þó gætt að raska samkeppnisstöðu þeirra sem minnst.

Í fjárlagafrumvarpi var miðað við að virðisaukaskattur á gosdrykkjum, ávaxtasafa, sælgæti o.fl. yrði lækkaður í 14%, en á móti kæmi samsvarandi hækkun á vörugjaldi þannig að verðið héldist sem næst óbreytt. Nú er lagt til að samsvarandi áhrifum verði náð með því að halda virðisaukaskatti á þessum vörum óbreyttum. Á móti lækka vörugjöld af þessum vörum nokkuð. Þá eru lögð vörugjöld á samkeppnisvörur sem verða í lægra þrepi virðisaukaskatts og þannig dregið úr áhrifum af hækkun virðisaukaskatts á verð þeirra.

Drykkjarvörur. Samkvæmt gildandi lögum er 25% vörugjald lagt á gosdrykki og ávaxtasafa, en blönduð mjólk, kaffi og te eru án vörugjalds.

Í frumvarpinu er lagt til að vörugjald á gosdrykkjum og ávaxtasafa lækki úr 25% í 18%, en þessar vörur verða í hærra þrepi virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur af kaffi og te lækkar í 14% samkvæmt frumvarpinu, en jafnframt verður lagt á 6% vörugjald. Með þessu ætti samkeppnisstaða drykkjarvara að haldast nokkurn veginn óbreytt innbyrðis.

Sælgæti og súkkulaðikex. Í dag er lagt 25% vörugjald á sælgæti og súkkulaðikex. Til þess að staða sælgætisiðnaðarins raskist sem minnst er lagt til að vörugjald á þessum vörum lækki úr 25% í 18%. Jafnframt verði 6% vörugjald lagt á ýmsar samkeppnisvörur, þ.e. ís, snakk og ýmis sykruð matvæli, en virðisaukaskattur á þessar vörur lækkar í 14%. Með snakki er átt við kartöfluflögur, saltstangir, salthnetur, kryddkex, saltkex og annað léttmeti, t.d. með salti eða öðru kryddi. Sykur fær sömu meðferð.

Lækkun vörugjalda kostar ríkissjóð að óbreyttu um 370 m.kr. Á móti vegur fyrirhuguð álagning 6% vörugjalds sem skilar um 110 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir að hækka 9% vörugjaldsflokkinn upp í 10%. Í þessum flokki eru snyrtivörur og byggingarvörur. Þessi hækkun skilar um 75 m.kr. tekjuauka. Auk þessara breytinga er lagt til að lagðir verði tollar á feiti og olíur, eftir því sem heimilt er samkvæmt gildandi GATT-samningum. Tollarnir verða almennt á bilinu 7–18% nema 70–90% á smjörlíki. Áætlaðar viðbótartekjur vegna þessara breytinga eru taldar um 20 m.kr. Þegar upp er staðið lækka tekjur ríkissjóðs um 165 m.kr. vegna þessara breytinga. Verðlagsáhrifin verða í samræmi við þetta, þ.e. heldur til lækkunar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til breyting á 2. gr. laganna sem fjallar um skattskyldu lögaðila. Breytingin felst í því að samlagsfélögum er bætt í 3. tölul. 1. mgr. sem mun þá eftir breytinguna fjalla um skattskyldu samlags- og sameignarfélaga. Með samlagsfélögum er hér átt við félag þar sem minnst einn félagsaðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, en einn eða fleiri samlagsmenn bera einungis takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Þetta félagsform hefur hingað til verið sjaldgæft hér á landi, en þó hefur nokkuð farið að bera á því á síðustu árum. Í ljósi þess að mismunandi skatthlutfall gildir um lögaðila þykir eðlilegt að félög þessi skattleggist með sama hlutfalli og sameignarfélög og lúti sömu skilyrðum skattalega og þau félög.

Um 2. gr.

Á 28. gr. eru lagðar til tvær breytingar. Í fyrsta lagi er 6. tölul. 28. gr. felldur brott, en efnisinnihald þess töluliðar er fært í 30. gr. laganna, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Breyting þessi felur það í sér að tekjur af þessu tagi verða framtalsskyldar og reiknast inn í tekjuskattsstofninn, en frádráttur verður heimill skv. 30. gr. laganna og tekjurnar því í reynd áfram skattfrjálsar. Þess ber að geta að tekjur af þessu tagi munu skerða rétt manna til tekjutengdra bóta skv. 69. gr. laganna. Það byggir ekki hvað síst á því að bótagreiðslur skv. B- og C-liðum 69. gr. eru tekjutengdar og þykir eðlilegt að allar tekjur manna hafi áhrif við ákvörðun þeirra bóta.

Í öðru lagi er um að ræða tæknilega lagfæringu á 7. tölul. 28. gr. Við þann tölulið er bætt tveimur nýjum bótategundum, þ.e. barnabótaauka og vaxtabótum. Í framkvæmd hafa báðar þessar bótategundir eigi verið taldar til tekna, en rétt þykir að taka af öll tvímæli.

Um 3. gr.

Um skýringar vísast til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 31. gr. laganna, en sú grein fjallar um frádrátt frá tekjum aðila í atvinnurekstri. Báðar breytingarnar eru til komnar vegna afnáms aðstöðugjalds. Annars vegar er reglum um hámark frádráttar vegna gjafa til menningarmála o.fl. breytt og það efnisákvæði flutt úr 1. tölul. greinarinnar í 2. tölul. Breytingin felst efnislega í því að í stað þess að hámarkið miðist við 0,5% af aðstöðugjaldsstofni mun það miðast við 0,5% af reglulegum tekjum aðila í atvinnurekstri. Hins vegar er felld niður heimild til að draga aðstöðugjald og landsútsvar frá tekjum.

Um 5. gr.

Hér er gerð breyting á skilyrðum fyrir samsköttun sambúðarfólks. Er lagt til að skilyrði um sambúðartíma verði breytt úr tveimur árum í eitt ár. Þessi breyting á rót að rekja til laga nr. 104/1992 þar sem gerð var breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Í þeim lögum er kveðið á um að mæðra- og feðralaun skuli falla niður einu ári eftir að viðtakandi launanna skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð með öðrum en foreldri barnsins. Áður höfðu þessar bætur verið greiddar út í tvö ár eftir slíka sambúðarskráningu. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verður komið á fullu samræmi milli þess að bætur almannatrygginga falli niður vegna óvígðrar sambúðar og að samsköttun geti hafist.

Um 6. gr.

Með þessari breytingu er skatthlutfall einstaklinga í tekjuskatti lækkað um 1,15%. Um forsendur þessarar breytingar vísast til almennra athugasemda.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gerð breyting á B-lið 69. gr. sem fjallar um barnabótaauka. Breytingin felst í því að tekjuskattsstofn til skerðingar barnabótaauka er skilgreindur upp á nýtt. Með þessari breytingu er þannig gert ráð fyrir að við ákvörðun tekjuskattsstofns til skerðingar barnabótaauka verði eigi heimilt að draga frá tekjur skv. 2. tölul. A-liðar 30. gr. laganna.

Um 8. gr.

Í þessu ákvæði er gerð breyting á útreikningi vaxtabóta, þ.e. skerðingu eftir eignum, sbr. lög nr. 111/1992. Í athugasemdum með frumvarpinu, sem varð að lögum nr. 111/1992, kemur fram að efri eignamörkin skyldu lækkuð um 20%. Eins og lagaákvæðið hljóðar svarar þetta til þess að efri eignamörkin ættu að vera 60% hærri en hin neðri. Í lagagreininni var hins vegar sett hlutfallið 80% sem svarar ekki til þeirrar hækkunar sem fyrirhuguð var og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið. Samkvæmt þessu hafa orðið mistök við framsetningu frumvarpsins. Ákvæði þessarar greinar munu eingöngu hafa áhrif á ákvörðun vaxtabóta á árinu 1994.

Um 9. gr.

Í þessu ákvæði er lögð til breyting á vaxtabótaákvæði laganna. Breytingarnar eru byggðar á skýrslu nefndar sem fjármálaráðherra skipaði á árinu til að endurskoða vaxtabótaákvæði laganna. Helsta breytingin, sem hér er lögð til, er sú að sett er nýtt þak á vaxtagjöld sem miðar við 7% af lánum til íbúðakaupa. Þá eru lagðar til ýmsar tæknilegar lagfæringar á greininni. Um nánari skýringar við þær breytingar sem hér eru lagðar til vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 10. gr.

Með þessari breytingu er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að tekjuskattshlutfall lögaðila verði 33%. Frávik frá þessari meginreglu er í 2. mgr. varðandi sameignar- og samlagsfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Um slík félög gildir það að úttekt úr félögum er skattfrjáls og því þykir eðlilegt að skatthlutfall lögaðila af þessu tagi sé meira í takt við skatthlutfall einstaklinga í atvinnurekstri.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við 5. tölul. 74. gr. laganna nýrri málsgrein sem kveði sérstaklega á um skattalega stöðu aðila sem gert hafa samning um svokallaðan íbúðarrétt við viðurkenndar sjálfseignarstofnanir.

Samningar þessir eru fólgnir í því að tilvonandi íbúar geri samning við stofnanir og samtök um íbúðarrétt sem getur gilt til æviloka. Til tryggingar íbúðarréttinum leggja íbúar fram fjárhæð sem nemur kostnaðarverði viðkomandi íbúða. Á móti kemur að áðurgreindar stofnanir eða samtök gera samninga við banka um þjónustu við þá aðila sem ætla að tryggja sér íbúðarrétt jafnframt því að gefin er út bankatryggð ábyrgðaryfirlýsing eða önnur yfirlýsing um endurgreiðslu til allra íbúðarréttarhafa.

Hefur færst í vöxt að undanförnu að þjónustuíbúðir fyrir aldraða séu reknar með áðurgreindu eigna- og rekstrarfyrirkomulagi, enda hefur það reynst mjög vel hér á landi. Er nú gert ráð fyrir mikilli fjölgun þjónustuíbúða sem byggja á ofangreindu fyrirkomulagi.

Ástæða fyrir þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er að samkvæmt gildandi lögum telst fjárframlag íbúðarréttarhafa falla undir útistandandi skuld skv. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr. laganna. Í ljósi þess að fasteignamatsverð og markaðsverð fasteigna er í reynd ekki ávallt það sama hefur ofangreint fyrirkomulag getað leitt til mismununar við ákvörðun eignarskatts hjá íbúum í þjónustuíbúðum aldraðra. Helgast sú mismunun af því að íbúðarréttarhöfum þjónustuíbúða hefur verið gert að greiða hærri eignarskatt með vísan til 2. mgr. 5. tölul. 74. gr. laganna en eigendum slíkra íbúða sem greitt hafa eignarskatt af fasteignamatsverði íbúðanna skv. 1. tölul. 74. gr. laganna, en það er alloft lægra en markaðsverð viðkomandi íbúða.

Til að bæta úr ofangreindri mismunun og koma samræmi á við skattlagningu eignarskatts af þjónustuíbúðum er hér lagt til að við 5. tölul. 74. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., er kveði á um að íbúðarréttarhöfum í ofangreindum skilningi sé heimilt að telja fjárframlag sitt til eignar samkvæmt fasteignamati viðkomandi íbúðar. Þannig verði fjárframlag íbúðarréttarhafa ekki talið falla undir 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., heldur muni íbúðir, sem íbúðarréttarhafar hafa tryggt sér, taldar til eignar á fasteignamatsverði líkt og aðrar íbúðir. Með þessu móti má ætla að samræmi komist á við ákvörðun eignarskatts af þjónustuíbúðum aldraðra og að komið verði í veg fyrir þá mismunun sem átt hefur sér stað á milli eigenda þjónustuíbúða annars vegar og íbúðarréttarhöfum slíkra íbúða hins vegar.

Um 12. gr.

Sambærilegt ákvæði og í 30. gr. frumvarpsins og vísast til skýringa við það ákvæði.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í a-lið er sú breyting gerð á 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna að leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi er undanþegin virðisaukaskatti. Samkvæmt núgildandi lögum er íþróttastarfsemi almennt undanþegin skattskyldu, en það hefur ekki verið talið ná til leigu á aðstöðu til íþróttastarfsemi sem ekki er í höndum viðurkenndra íþróttafélaga. Dæmi um slíkt er leiga á aðstöðu tennisvalla, golfvalla og keiluspilasala í eigu annarra en íþróttafélaga. Undanþágan er þó eftir sem áður bundin við viðurkenndar íþróttagreinar, en með íþrótt er átt við hvers konar líkamlega þjálfun sem almennt er stunduð innan aðildarfélaga Íþróttasambands Íslands, hvort sem tilgangur þjálfunarinnar er keppni og afrek eða stefnt er aðallega að heilsurækt og dægradvöl. Starfsemi Skáksambands Íslands og Bridgesambands Íslands fellur einnig hér undir.

Í b-lið er gerð sú breyting á 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. að útleiga tjaldstæða verður skattskyld. Þetta er gert til samræmis við skattskyldu annarrar gistiþjónustu frá og með 1. janúar 1994. Þá er gerð sú breyting, að danskri fyrirmynd, að önnur gistiþjónusta en útleiga hótel- og gistiherbergja er skattskyld þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar. Þannig telst leiga á húsnæði til lengri tíma en eins mánaðar til fasteignaleigu og því undanþegin skattskyldu.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er víkkað út heimildarákvæði 10. gr. laganna til ákvörðunar skattverðs þannig að hún taki ekki einungis til notaðra fólksbifreiða, heldur til allra vélknúinna ökutækja. Þetta er gert þar sem eðlilegt er að sala á notuðum vélhjólum, dráttarvélum o.fl. lúti sömu reglum og sala notaðra fólksbifreiða, enda eru oft sömu rekstraraðilar með sölu þessara tækja. Til dæmis taka ýmis bifreiðaumboð notaðar fólksbifreiðar, dráttarvélar, vélhjól eða vélsleða upp í nýtt farartæki. Ákvæði 1. mgr. 10. gr. er ekki aðeins talið ná til hefðbundinnar sölu á bifreiðum og öðrum ökutækjum, heldur einnig til endursölu ökutækja sem hafa verið keypt til að breyta og gera upp. Þannig á það t.d. við um tjónabifreiðar sem bifreiðaverkstæði kaupa af vátryggingafélögum og gera upp til endursölu.

Í 2. mgr. er lagt til að bílaleigur geti notað reglu 1. mgr. við ákvörðun skattverðs á sölu notaðra ökutækja sem þær hafa þurft að kaupa til rekstrarins. Nokkuð hefur borið á því að bílaleigur hafi þurft að kaupa notaðar bifreiðar til að anna eftirspurn yfir tiltekinn tíma. Þær þurfa að útskatta sölu þessara bifreiða, en hafa ekki innskattsfrádrátt við kaup þeirra, og þar sem þetta er nokkuð algengt í bílaleigustarfsemi þykir rétt að veita þessa heimild, en hún jafnframt látin ná til allra ökutækja.

Í 3. mgr. er um að ræða lagfæringu orðalags.

Um 16. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að fjárframlög og önnur rekstraraðstoð, sem opinberir aðilar veita þjónustufyrirtækjum til að greiða niður skattskylda þjónustu, verði skattskyld. Ákvæðið er sett sérstaklega til að árétta skattskyldu opinberra aðila sem styrkja þjónustufyrirtæki í fólksflutningum, hvort sem það eru fyrirtæki í eigu opinberra aðila eða ekki.

Um 17. gr.

Í a-lið þessa ákvæðis eru lagðar til tvær breytingar á 2. tölul. 12. gr. Annars vegar er kveðið á um að fargjöld í millilandaferðum séu undanskilin skattskyldri veltu. Með því er verið að staðfesta þann skilning sem verið hefur í framkvæmd um fólksflutninga milli landa. Hins vegar er lagt til að hið sama gildi um flugfargjöld innan lands þegar flug innan lands er liður í beinu flugi til eða frá landinu. Við mat á því hvenær fólksflutningar með flugi eru í beinu framhaldi af flugi til og frá landinu er fyrst og fremst miðað við að á fyrirliggjandi flugfarseðli ferðamanns komi fram að ferðast sé á milli landa. Nauðsynlegar tafir á slíkri ferð, t.d. við skipti á flugvélum, leiði því ekki til þess að litið verði á innanlandsflugið sem skattskyldan fólksflutning innan lands. Þessar reglur eru settar fram með hliðsjón af sænskri fyrirmynd.

Síðari stafliður greinarinnar er til að lögfesta þann skilning að beinar greiðslur til bænda samkvæmt búvörusamningi séu undanþegnar skattskyldri veltu, en þessar greiðslur komu fyrst til framkvæmda á árinu 1992. Í núgildandi lögum um virðisaukaskatt er ekki kveðið á um hvort þessar greiðslur séu undanþegnar skattskyldri veltu eða ekki.

Um 18. gr.

Í b-lið þessarar greinar felst sú meginbreyting á lögum um virðisaukaskatt sem lýst er í almennum athugasemdum. Auk hennar er í a-lið gerð tillaga að breytingu sem miðar að því að einfalda skattframkvæmd og mæta þeim vandkvæðum sem fyrirsjáanleg eru vegna skattlagningar á ferðaþjónustu er tekur gildi um næstu áramót. Mælt er fyrir um að sérreglur gildi um samsetta sölu ferðaskrifstofa, svonefndar „pakkaferðir“. Almennar reglur núgildandi laga gera ráð fyrir að aðgreina þurfi slíka sölu á reikningi eftir mismunandi skatthlutföllum sölunnar. Slík aðgreining er erfið vegna óvissunnar sem fylgir áhættu söluaðilans og ýtir einungis undir það að álagning vegna sölu í hærra þrepinu verði með lægsta móti og gagnstætt hvað varðar sölu í lægra þrepinu. Með slíkri aðgreiningu væri auk þess verið að upplýsa um mikilvæg viðskiptaleyndarmál. Algengast er að samsett sala ferðaskrifstofa feli í sér fólksflutning, gistingu og morgunverð. Með þessari breytingu er verið að heimila ferðaskrifstofum að hafa slíka sölu alla í lægra skatthlutfallinu. Hins vegar er ekki talið verjandi að samsett sala, sem innihaldi bílaleigu og/eða sölu veitingahúsa eða sambærilegra aðila á öðrum tilreiddum mat en morgunverði, verði í lægra skatthlutfallinu. Sé sala veitingahúsa eða bílaleigna, sem er í hærra skatthlutfallinu, hluti af samsettri sölu ferðaskrifstofa fer um reikningsútgáfuna eftir almennum reglum virðisaukaskattslaga. Þannig yrði sala annaðhvort aðgreind á reikningi eftir skatthlutfalli eða hún öll látin í skatthlutfall þeirrar sölueiningar samsettrar sölu sem hefur hæsta skatthlutfallið hverju sinni. Uppfylli fyrirframsamsett sala ferðaskrifstofu skilyrði ákvæðisins og salan boðin á heildarverði skal ekki gefa út reikninga sérstaklega fyrir ýmsa þætti hinnar samsettu sölu, heldur einungis einn reikning með heildarverði.

Varðandi nýtt skattþrep vegna sölu á matvörum og öðrum vörum til manneldis er lagt til í fyrri málslið 5. gr. að fjármálaráðherra setji reglugerð um efnið með tæmandi upptalningu á vörum í lægra þrepinu samkvæmt tollskrárnúmerum. Réttast þykir að tollskrárnúmerin verði talin upp í reglugerð, enda fyrirsjáanlegt að seinna þurfi að skipta upp einstaka tollskrárnúmerum, fella burt eða taka inn ný númer. Handhægast er að gera þessar tæknilegu breytingar með einfaldri reglugerðarsetningu, enda er kveðið á um skattskyldusvið, skattstofn og skatthlutfall í lögunum. Miðað er við að sala á matvörum og öðrum neysluvörum til manneldis, sem almennt eru seldar í heildsölu eða smásölu, verði í lægra þrepinu. Með því er átt við vörur sem tilbúnar eru til neyslu eða almennt notaðar til matargerðar í heimahúsum, þar með talið sykur, krydd og hveiti svo dæmi séu tekin. Vörur, sem almennt eru jafnt nýtanlegar til manneldis og í fóður, verða í lægra þrepi. Með því er komist hjá vandkvæðum við framkvæmd sem fylgja því að vara flytjist á milli þrepa eftir því hvernig hún er notuð. Þar sem yfirgnæfandi meiri hluti af fóðurvörum er keyptur af skattskyldum aðilum hefur ákvörðun um skatthlutfall lítil sem engin áhrif á skattskil vegna þessara vara.

Samkvæmt ákvæðinu verður sala á lifandi dýrum og ógerilsneyddri mjólk í hærra þrepinu, en með því er mjög mörgum aðilum í landbúnaði haldið í hærra þrepinu án þess að hafa áhrif á endanlegt verð landbúnaðarafurða. Sælgæti og drykkjarvörur verða einnig í hærra þrepinu svo og áfengi. Til að raska sem minnst samkeppnisstöðu sælgætis- og drykkjarvara gagnvart almennri matvöru eru í frumvarpi þessu lagðar til tvenns konar breytingar á lögum um vörugjald, sbr. VII. kafla. Annars vegar er gert ráð fyrir að vörugjald lækki úr 25% í 18% á drykkjarvörum, sælgæti, kakódufti, kexi og sætabrauði, þ.e. á þeim vörum sem verða áfram í hærra þrepinu. Hins vegar er lagt 6% vörugjald á ís, snakk, ýmsar sykraðar vörur og drykkjarvörur sem lenda í lægra þrepi virðisaukaskatts og ekki bera vörugjald nú (kaffi, te, kókómjólk o.fl.). Einnig hækkar vörugjald úr 25% í 30% á sykri og sykurvörum, en þessir vöruflokkar verða í lægra þrepi virðisaukaskatts.

Samkvæmt 28. gr. frumvarpsins er gerð sú breyting á 1. mgr. 42. gr. laganna að veitingahús, mötuneyti og aðrir hliðstæðir aðilar fá endurgreiddan vissan hluta virðisaukaskatts vegna sölu á matvöru í hærra skattþrepi. Þannig eru veitingahús gerð jafnsett þeim aðilum sem selja matvöru í lægra þrepinu.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um þrönga reglugerðarheimild fjármálaráðherra til að víkja frá þeirri meginreglu að rekstraraðilar geti ekki innskattað eða reiknað sér innskatt af kaupum á vörum frá óskattskyldum aðilum. Rétt þykir að opna þessa heimild gagnvart söluaðilum notaðra hluta úr bifreiðum til að draga úr tilhneigingu þessara aðila til að fara með viðskipti fram hjá tekjuskráningu, en við gildandi reglur er ekki hægt að telja kaup á notaðri fólksbifreið til innskatts hvort sem hún er keypt af skattskyldum eða óskattskyldum aðilum. Ákvæði þetta er sett með hliðsjón af svipuðum reglum sem gilda í Svíþjóð.

Um 20. gr.

Með 20. gr. er opnuð leið fyrir fjármálaráðherra til að setja reglur til að mæta vandamálum sem upp geta komið við tekjuskráningu þar sem með tækniþróun geta orðið til hagkvæmari leiðir til tekjuskráningar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 20. gr. laganna. Það skilyrði er sett að ráðherra leyfi einungis tekjuskráningarkerfi sem er álíka öruggt og venjuleg reikningaútgáfa skv. 1. mgr. 20. gr. Þörfin fyrir þessa heimild hefur komið sérstaklega vel í ljós vegna tekjuskráningar rekstraraðila fjölmiðla, rafmagns- og hitaveitna. Einnig er með þessu

ákvæði opnuð leið til að setja sérstakar reglur varðandi tekjuskráningu hjá þeim sem hafa með höndum fólksflutninga.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu er ráðherra gefin heimild til reglugerðarsetningar um skil tiltekinna rekstraraðila sem eru með árlega skattskylda veltu undir ákveðinni fjárhæð. Upphæðin er tengd byggingarvísitölu og jafngildir tæplega 1.150.000 kr. miðað við byggingarvísitölu í nóvember 1993. Ákvæðinu er ætlað að gera ráðherra kleift að auðvelda minni rekstraraðilum uppgjör virðisaukaskatts. Í slíkri reglugerð yrði kveðið nánar á um fyrirkomulag uppgjörsins og greiðslu skattsins. Áætlað er að a.m.k. 6.000 skattskyldir aðilar séu með árlega skattskylda veltu undir þessum mörkum.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að skuldajöfnun samkvæmt greininni nái til allra endurgreiðslna samkvæmt lögunum.

Um 23. gr.

Í þessari grein er um að ræða tæknilega lagfæringu sem láðist að gera í lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

Um 24. gr.

Hér er um að ræða leiðréttingu á tilvísun.

Um 25. gr.

Um er að ræða lagfæringu af sama toga og í 23. gr.

Um 26. gr.

Í a-lið er sú breyting gerð á 2. mgr. 36. gr. að tilvísun til 8. tölul. 12. gr. laganna er tekin út þar sem töluliðurinn hefur verið felldur úr lögunum og gerð er tillaga um nýjan 8. tölul. sem fjallar um annað en sá fyrri. Í b-lið er ekki heldur um efnislega breytingu að ræða, heldur er verið að árétta þann skilning sem er viðtekin framkvæmd, að við endurinnflutning á vörum, sem sendar hafa verið utan vegna ábyrgðarviðgerða, skuli ekki innheimta virðisaukaskatt.

Um 27. gr.

Um er að ræða lagfæringu af sama toga og í 23. og 25. gr.

Um 28. gr.

Í 28. gr. er kveðið á um sérstaka endurgreiðslu virðisaukaskatts til veitingahúsa, mötuneyta og hliðstæðra aðila vegna sölu þeirra á matvælum í hærra þrepi virðisaukaskatts. Endurgreiðslan skal vera 93,75% af þeim innskatti sem fellur til á uppgjörstímabili vegna innkaupa á matvælum. Talan er fengin sem mismunur þess innskatts sem er frádráttarbær vegna matvæla í 14% skatti og reiknaðs innskatts ef aðföngin væru keypt með 24,5% virðisaukaskatti, auk 25% álags vegna smásöluálagningar. Nánar tiltekið verður hún þannig til: 1,25*(24,5-14)/14 = 1,25*(10,5/14) = 0,9375.

Í reglugerð verður nánar kveðið á um framkvæmd endurgreiðslunnar, m.a. um skilgreiningar á því hvaða aðilar og starfsemi teljist til veitingarekstrar og falli undir umrædda heimild.

Um 29. gr.

Hér er lagt til að bætt verði inn í 45. gr. laganna tilvísun í 1. mgr. 24. gr. laganna til þess að tengja byggingarvísitölu við fjárhæð þá sem um getur í 23. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 49. gr. er fellt niður til samræmis við ákvæði 21. gr. frumvarpsins, enda nær það til þeirra aðila sem getið er í hinu brottfellda ákvæði.

Um 31. og 32. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að tryggingagjald í lægra skattþrepi hækki úr 2,5% af gjaldstofni í 2,85% og í hærra skattþrepi úr 6% af gjaldstofni í 6,35%.

Um 34. gr.

Hér er lagt til að hækkun á tryggingagjaldi samkvæmt frumvarpi þessu renni í Atvinnuleysistryggingasjóð.

Um 35. gr.

Í þessari grein er lagt til að skýrar verði kveðið á um þær reglur sem gilda um ákvörðun gjaldstofns til útreiknings tryggingagjalds vegna vinnu manns við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Nýlega hafa gengið úrskurðir yfirskattanefndar þar sem kemur fram að óvissa ríki um ákvörðun gjaldstofns tryggingagjalds.

Í greininni er m.a. lagt til að sett verði lágmark á þau laun sem tryggingagjald reiknast af. Þetta er gert til að tryggja lágmarksgjaldstofn tryggingagjalds óháð reglum 59. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Um 36. gr.

Um skýringar vísast til athugasemda við 35. gr.

Um 37. gr.

Þessi breyting er m.a. afleiðing þess að sett er ákveðið lágmark á gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. 35. gr. frumvarpsins.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Hér er lagt til að bifreiðagjald af bifreiðum, sem eru að eigin þyngd allt að 1000 kg, hækki um tæplega 30%. Hækkun bifreiðagjalds af bifreiðum sem eru að eigin þyngd yfir 1000 kg er meiri, eða 30–40%, allt eftir þyngd bifreiðar.

Um 40. gr.

Með þessari grein er lagt til að ráðherra sé heimilt að ákveða í reglugerð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að lækka eða fella niður bifreiðagjald af bifreiðum sem ekki eru í notkun.

Um 41. gr.

Hér er lagt til að bifreiðagjald sé miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1994.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að vörugjald af bensíni hækki úr 90% í 97% frá 1. janúar 1994.

Um 44. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að lagður verði tollur á vörur í 15. kafla tollskrárinnar, en í honum eru dýra- og jurtafeiti og olíur, þar með talið smjörlíki, en þessar vörur eru tollfrjálsar í dag.

Í 1. mgr. eru ákvæði um að tollar á tilteknum vörum úr 15. kafla verði á bilinu 7–90% og er í öllum tilfellum miðað við að tollarnir verði innan við leyfilegt hámark í núgildandi GATT-samningum.

Í 2. mgr. er kveðið á um undanþágu frá tollum skv. 1. mgr. varðandi þær vörur sem samningur Íslands við Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) tekur til, en í þeim samningi eru ákvæði um fríverslun sem snerta vörur í 15. kafla sem falla undir þau tollskrárnúmer sem talin eru upp í greininni.

Gert er ráð fyrir að samhliða gildistöku laga þessara verði endurskoðuð auglýsing fjármálaráðuneytisins nr. 242/1993 um jöfnunartoll á smjörlíki.

Um 46. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Með ákvæði þessu er gert er ráð fyrir að vörugjaldsflokkar verði 7 í stað 6 eins og lög nr. 18/1993 kveða á um auk þess sem vörugjald á vörum í flokki B verður 10% í stað 9%. Breytingar á vörugjaldsskyldu, sem felast í ákvæðinu, eru að öðru leyti þessar. Vörugjald á drykkjarvörur, sælgæti, kex og sætabrauð lækkar úr 25% í 18% en vörugjald á öðrum sykurvörum hækkar úr 25% í 30% auk þess sem lagt er 6% vörugjald á kaffi, te og kókómjólk. Breytingar þessar miða að því að samkeppnisstaða matvara raskist ekki við lækkun virðisaukaskatts samkvæmt ákvæðum II. kafla frumvarpsins.

Um 48. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að lög nr. 18/1993, um breyting á tollalögum og lögum um vörugjald, öðlist gildi 1. janúar 1994. Samkvæmt gildistökuákvæði laga nr. 18/1993 ættu lögin að öðlast gildi á sama tíma og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Um 49. og 50. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

291. Fyrirspurn [252. mál]

til menntamálaráðherra um Háskólann á Akureyri.

Frá Svanhildi Árnadóttur.

1. Hvað líður áætlun um frekari uppbyggingu og eflingu Háskólans á Akureyri og annarra rannsókna- og fræðslustofnana á svæðinu sem miðstöðvar rannsókna- og fræðslustarfsemi á sviði sjávarútvegs?
2. Hverjar eru megináherslur sem lagðar eru í áætlanagerðinni?
3. Á hvern hátt hefur verið staðið að vinnunni og hvernig miðar henni?
4. Hvaða stofnanir eru það sem til skoðunar eru?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Á Alþingi 20. maí 1992 var samþykkt svohljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um frekari uppbyggingu og eflingu Háskólans á Akureyri og annarra rannsókna- og fræðslustofnana á svæðinu svo að þar verði öflug miðstöð rannsókna- og fræðslustarfsemi á sviði sjávarútvegs.“

Við Háskólann á Akureyri hefur verið unnið athyglisvert brautryðjendastarf í sjávarútvegsfræðslu á háskólastigi og á Eyjafjarðarsvæðinu eru allar forsendur til að efla nám á framhalds- og háskólastigi í matvælaiðnaði, einkum úrvinnslu sjávarafurða.

Með tilliti til þess að sjávarútvegur er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar er mikilvægt að komið verði á fjölbreyttara námsframboði á því sviði með sérstakri áherslu á aukna verðmætasköpum í matvælaframleiðslu. Til að ná því markmiði er mikilvægt að vinnu við áðurnefnda áætlun verði hraðað sem mest þannig að hægt verði að hefjast handa um framkvæmdir á þessu sviði.

292. Svar [137. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um heilsutjón vegna háspennuvirkja.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Munu íslensk stjórnvöld beita sér fyrir aðgerðum í ljósi niðurstöðu nýjustu rannsókna sem benda til þess að segulsvið frá háspennulínu geti valdið krabbameini?

Leitað var eftir upplýsingum hjá Geislavörnum ríkisins. Í svari þeirra kemur fram að vinnuhópur á vegum Sambands íslenskra rafveitna hefur fjallað um segulsvið við háspennulínur. Þá kemur einnig fram að hagsmunaaðilar hafa fest kaup á mæli fyrir segulsvið. Þegar hafa farið fram mælingar fyrir Rafmagnsveitur Reykjavíkur og er beðið skýrslna um niðurstöður.

Geislavarnir hafa haft samband við Samband íslenskra rafveitna og stofnunin mun fá aðild að þeim vinnuhópi sem þar starfar. Er þess að vænta að fljótlega verði til upplýsingar hér á landi um styrk segulsviðs við háspennulínur og spennistöðvar. Gögn, sem nýtast munu við ákvörðun um reglur og aðgerðir ef þurfa þykir, munu þess vegna liggja fyrir innan skamms.

Greinargerð Geislavarna ríkisins fer hér á eftir. Íslensk stjórnvöld munu ekki beita öðrum aðgerðum en hér er lýst til að afla upplýsinga um ástand mála á landinu.

Niðurstöður rannsókna sem birtar voru fram til ársins 1992.

Á síðari árum hafa vaknað grunsemdir um að tengsl kunni að vera á milli háspennulína og vissra sjúkdóma. Athyglinni hefur einkum verið beint að hvítblæði og heilaæxlum meðal barna. Það hefur þó gengið erfiðlega að sýna fram á þessi tengsl og engin skýring á orsökum hugsanlegra tengsla hefur hlotið almenna viðurkenningu. Í ítarlegri úttekt á vegum bresku geislavarnanna (NRPB)[1], sem birt var á síðasta ári, fékkst sú niðurstaða að þrátt fyrir að ýmsar vísbendingar þættu hafa komið fram nægðu niðurstöður ekki til að sýna fram á tengsl sjúkdóma í börnum við rafsegulgeislun af lágri tíðni, t.d. frá háspennulínum.

---

[1] **National Radioligical Protection Board.** *Report of an advisory group on nonionising radiation. Electromagnetic fields and the risk of cancer.* Chilton: NRPB 1992 (Documents of the NRPB. Vol. 3 No. 1).

Nýlegar vísbendingar um tengsl búsetu nálægt háspennulínum við sjúkdóma.

Nýlegar faraldursfræðilegar rannsóknir í Svíþjóð[2] og Danmörku[3] benda nú hins vegar til þess að tengsl kunni að vera á milli búsetu nálægt háspennulínum og sjúkdóma. Í niðurstöðum er þó tekið fram að áhætta muni mjög lítil ef einhver tengsl eru. Svipuð rannsókn í Finnlandi[4] sýndi hins vegar engin tengsl. Enn hefur ekki tekist að skýra hvernig búseta í grennd við háspennulínur kunni að orsaka sjúkdóma. Segulsvið frá háspennulínunum hefur verið notað sem mælikvarði. Það er þó álitið að taka þurfi tillit til fleiri þátta því svipað segulsvið er að finna víðar í umhverfi okkar og vensl við framangreinda sjúkdóma hafa ekki sést annars staðar.

Viðbrögð í Svíþjóð.

Sænsku geislavarnirnar (SSI)[5] hafa nýlega gefið út yfirlýsingu um samband krabbameins við segulsvið. Í þeirri yfirlýsingu segir að vissar rannsóknir bendi til sambands milli vissra tegunda krabbameina og segulsviðs með lága tíðni. Ýmislegt mæli þó enn gegn því að um slíkt samband sé að ræða.

Þrátt fyrir það getur verið réttmætt að grípa til aðgerða sem draga úr styrk segulsviðs í þeim tilfellum þegar fólk er sífellt í verulega auknu segulsviði. Það getur meðal annars leitt til að við undirbúning að lögn nýrra háspennulína eða uppsetningu á nýjum búnaði sé rétt að leita lausna sem leiða til lítils segulsviðs sé það hægt án verulegs óhagræðis eða kostnaðar. Hins vegar er ekki talið ráðlegt að leggja í dýrar breytingar á núverandi línum ef segulsviðið er innan við mörk sem eru nokkrum tugum meira en venjulegt getur talist. Að mati sænsku geislavarnanna ber að gefa slíkum aðgerðum minna vægi en t.d. geislavörnum vegna notkunar röntgengeisla á sjúkrahúsum.

Sænsku geislavarnirnar hafa á þessu stigi ekki gefið út formlegar reglur varðandi búsetu nálægt háspennulínum heldur látið framangreinda yfirlýsingu nægja. Hins vegar má búast við því að reglur verði settar um þetta mál í Svíþjóð á næstunni.

Setning á reglum hérlendis um takmarkanir á búsetu nálægt háspennulínum.

Rannsóknir sýna að mögulegt er að tengsl séu milli vissra sjúkdóma og búsetu nálægt háspennulínum. Áhættan er hins vegar lítil ef hún er einhver. Ekki hefur tekist að skýra þessi hugsanlegu tengsl og þar með hvað það er sem í reynd veldur eða ýtir undir sjúkdómana. Ekki er að fullu ljóst til hvaða þátta þarf að taka tillit þegar reglur eru settar. Það getur t.d. þurft að taka tillit til annarra þátta en segulsviðs.

---

[2] **Olsen JH, Nielsen A, Schulgen G.** *Residence near high voltage facilities and risk of cancer in children.* BMJ 1993; 307:891-5.

[3] **Feychting M, Ahlbom A.** *Magnetic fields and cancer in people residing near Swedish high voltage power lines.* Stockholm: Karolinska Institutet. 1992. (IMM report 6/92.)

[4] **Verkasalo PK, Pukkala E, Hongisto MY, Valjus JE, Järvinen PJ, Heikkilä KV, et al.** *Risk of cancer in Finnish children living close to power lines.* BMJ 1993; 307:895-9.

[5] **Bengtsson G.** *Elektromagnetiska fält och cancer.* Strålskyddsnytt 1993; 1/93:3-4. Stockholm: Statens strålskyddsinstitut.

Í ljósi framangreindra atriða telja Geislavarnir ríkisins ekki tímabært nú að grípa til aðgerða eða setja reglur um leyfilegan styrk segulsviðs frá háspennulínum. Slíkar reglur þarf að útfæra vel og binda takmarkanir við þá þætti sem taldir eru geta skaðað heilsu. Séu reglurnar of víðtækar geta þær hæglega leitt til mikils kostnaðar við aðgerðir sem skila litlum árangri. Mikil áhersla er lögð á rannsóknir á þessu sviði í grannlöndum okkar og er líklegt að brátt verði tekið að setja reglur vegna þessa máls, svo framarlega sem ástæða þykir til. Geislavarnir ríkisins munu fylgjast náið með framvindu málsins á Norðurlöndum og gera tillögur um reglur og aðgerðir þegar skýrist hvort og á hvaða grunni takmarkanir verða settar þar.

293. Beiðni um skýrslu [253. mál]

frá dómsmálaráðherra um ofbeldisverk barna og unglinga á Íslandi.

Frá Valgerði Sverrisdóttur, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Jóni Helgasyni, Ingibjörgu Pálmadóttur, Guðna Ágústssyni, Jóni Kristjánssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Páli Péturssyni, Guðmundi Bjarnasyni, Finni Ingólfssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um ofbeldisverk barna og unglinga á Íslandi.

Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Fjölda þeirra sem komið hafa á slysadeildir og heilsugæslustöðvar með áverka vegna ofbeldisverka á sl. 20 árum.
2. Hvernig skiptingin er á milli aldurshópa og kynja, bæði með tilliti til gerenda og þolenda.
3. Hvers konar ofbeldisverk og áverka um er að ræða.
4. Á hvers konar stöðum slík ofbeldisverk eiga sér stað.
5. Hver tíðni þess er að gerendur og/eða þolendur séu undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna.
6. Hve algengt er að vopnum sé beitt og þá hvers konar vopnum.
7. Á hvaða tíma sólarhrings slík ofbeldisverk eiga sér stað.
8. Í hvaða mæli er um að ræða tilviljanakennd ofbeldisverk annars vegar og hreinan ásetning hins vegar.
9. Hvernig skipting slíkra ofbeldisverka er á milli lögsagnarumdæma.
10. Hvaða viðurlögum er algengast að beita í slíkum málum.
11. Þróun þessara mála á sl. 20 árum og hvernig ástandið er hér á landi miðað við nágrannaríki okkar.
12. Hvort forvarnastarf hefur verið unnið á þessu sviði og/eða hvort áform eru uppi um slíkt.

Er þess óskað að skýrslan verði tekin til umræðu þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

294. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1993 o.fl., nr. 3/1993.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar en það er flutt vegna þess að heildarlánsfjárþörf ríkisins á árinu er meiri en gert var ráð fyrir við upphaflega afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1993.

Á fund nefndarinnar komu til viðræðna um frumvarpið Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, og Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti. Auk þess var leitað álits efnahags- og viðskiptanefndar í samræmi við ákvæði í 25. gr. þingskapa. Það álit er birt sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Gildandi heimildir í lánsfjárlögum til erlendrar lántöku á yfirstandandi ári eru fullnýttar. Lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu hefur vaxið og óhjákvæmilegt er að veita frekari heimildir. Vakin skal athygli á að við uppsetningu lánsfjárlaga fyrir árið 1994 er ekki gert ráð fyrir að sundurliða heimildir í erlendar og innlendar lántökur.

Með vísan til þess sem að framan segir mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins.

Guðrún Helgadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. nóv. 1993.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.
Árni M. Mathiesen.	Drífa Hjartardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnlaugur Stefánsson.	Jón Kristjánsson, með fyrirvara.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.
	Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.	

Fylgiskjal.

Álit

um frv. til l. um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1993 o.fl., nr. 3/1993.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft til umfjöllunar frumvarp um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1993 o.fl., nr. 3/1993. Frumvarpið er lagt fram þar sem heildarlánsfjárþörf ríkisins á árinu er meiri en gert var ráð fyrir við upphaflega afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1993.

Á fund nefndarinnar komu til viðræðna um frumvarpið Gylfi Þórðarson og Stefán Reynir Kristinsson frá Speli hf., Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneyti, og Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti.

Fram kom að heimildir í gildandi lánsfjárlögum til erlendrar lántöku á yfirstandandi ári eru fullnýttar. Ljóst er að lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu hefur vaxið og óhjákvæmilegt er að veita auknar lántökuheimildir. Í samræmi við uppsetningu frumvarps til lánsfjárlaga fyrir árið 1994 er ekki gert ráð fyrir að sundurliða þessar auknu heimildir í innlendar og erlendar lántökur.

Með vísan til þessa mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 18. nóv. 1993.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, starf. form., með fyrirvara.
Ingi Björn Albertsson.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Guðjón Guðmundsson.
Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.
Geir H. Haarde.
Guðrún J. Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Drífa Hjartardóttir.
Gísli S. Einarsson.

Bókun (SJS).

Ég rita undir álitið með fyrirvara og lýtur hann m.a. að tengslum frumvarpsins og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og frammistöðu hennar í ríkisfjármálum.

Bókun (GJH).

Ég rita undir álitið með fyrirvara og lýtur hann að því að Spölur hf. skyldi, að því er virðist í samráði við ríkisstjórnina, telja sér heimilt að eyða fyrir fram stórum hluta þess fjár sem nú er sótt um heimild til að taka að láni erlendis.

295. Frumvarp til laga [254. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Sólveig Pétursdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Matthías Bjarnason, Einar K. Guðfinnsson, Tómas Ingi Olrich, Svanhildur Árnadóttir, Egill Jónsson.

1. gr.

1. mgr. 79. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli, Keflavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli, Sauðárkróksflugvelli og Egilsstaðaflugvelli í tengslum við farþegaflutning milli landa. Heimild þessi gildir einnig um sams konar rekstur í Reykjavíkurhöfn, Ísafjarðarhöfn, Akureyrarhöfn og Seyðisfjarðarhöfn. Birgðir slíkra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 1. mgr. 79. gr. tollalaga er að finna heimild til þess að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur í stærstu flugstöðvum landsins. Brýnt er vegna mikillar fjölgunar erlendra ferða-, fiski- og farmanna sem hafa viðkomu með skipum í ýmsum höfnum hér á landi að víkka út heimildina svo að hún nái einnig til helstu hafna landsins. Á síðasta sumri fjölgaði mjög mikið þeim skemmtiferðaskipum sem lögðu leið sína til landsins. Flest þessara skipa hafa skamma viðdvöl í höfn og því er nauðsynlegt að bæði farþegar og áhafnir þeirra hafi möguleika á að versla í tollfrjálsri verslun sem býður upp á fjölbreytt vöruúrval og er í tengslum við hafnarbakka. Enn fremur hefur aukist gífurlega sá fjöldi erlendra fiskiskipa sem leita til hafnar vegna ýmiss konar þjónustu. Það er enginn vafi á að áhafnir þeirra munu nýta sér þann möguleika sem tollfrjáls verslun býður upp á. Þannig munu slíkar tollfrjálsar verslanir auka tekjumöguleika þjóðarinnar og skapa ný atvinnutækifæri þar sem selja mætti, jafnframt erlendum varningi, hvers konar íslenskar vörur sem þá yrðu undanþegnar virðisaukaskatti. Tollfrjálsar verslanir eru víða erlendis í tengslum við hafnir og er varningur, sem keyptur er þar, ekki borinn um borð af kaupanda heldur sér viðkomandi verslun um að flytja varninginn um borð í skipið. Sá háttur mundi einnig verða hafður á hérlendis og rekstrarleyfishafi gerður ábyrgur fyrir því að rétt sé að málum staðið í hvívetna.

296. Svar [163. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um samræmda framkvæmd á ákvæðum reglugerðar um löggæslu á skemmtunum.

1. *Hverjar eru tillögur starfshóps sem ráðherra skipaði í upphafi árs til þess að semja nýjar reglur um greiðslu kostnaðar við löggæslu á skemmtunum, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn á þskj. 463 á 116. löggjafarþingi?*

Meðfylgjandi eru tillögur starfshóps um nýjar reglur um greiðslu kostnaðar vegna löggæslu á skemmtunum sem hópurinn skilaði dómsmálaráðherra 12. maí sl.

2. *Hvenær verður þessum tillögum starfshópsins eða öðrum, sem tryggja eiga samræmda framkvæmd um land allt, hrint í framkvæmd?*

Ráðuneytið hefur til skoðunar hvort hægt sé að heimta löggæslukostnað vegna skemmtana eftir einhverjum slíkum viðmiðunarreglum sem framangreindar tillögur gera ráð fyrir, enn fremur hvort slíkar reglur ættu ekki að taka beint til kostnaðar vegna löggæslu á útihátíðum þar sem sambærilegs ósamræmis gætir og jafnvel fleiri löggæsluverka sem gjald er heimt fyrir nú.

Upphæð slíkra gjalda þyrfti væntanlega að miðast við að sú heildarupphæð sem innheimtist sé nálægt því að vera sú sama og nú er innheimt.

Slíkar breytingar sem hér er lýst vekja upp ýmsar lögfræðilegar spurningar og væntanlega þarf að breyta lögum til að slík almenn gjaldtaka ætti nægilega lagastoð. Almenn gjaldtaka væri a.m.k. mun nær því að vera eðlislík ýmissi gjaldtöku eftir lögum um aukatekjur ríkissjóðs en nú er þegar við það er miðað að verið er að innheimta beinan sannanlegan kostnað við viðbótarlöggæslu í ákveðnu tilviki en það fyrirkomulag hefur aftur leitt til þess að sú upphæð sem krafist er getur verið mismunandi eftir aðstæðum lögreglulíða þótt um sambærilegar skemmtanir sé að ræða.

Ráðuneytið hefur fengið lögfræðing utan ráðuneytisins til að svara framangreindum álitaefnum um lagastoð til að flýta fyrir úrvinnslu tillagnanna og er reiknað með að ráðuneytið hafi um áramót mótað afstöðu til þess hvort þetta sé fær leið og ef það verður niðurstaðan mun ráðuneytið hafa tilbúnar tillögur að lagabreytingum á sama tíma.

TILLÖGUR

starfshóps um nýjar reglur um greiðslu kostnaðar vegna löggæslu á skemmtunum, vegna þess að núgildandi ákvæði reglugerðar nr. 587/1987 koma niður með mismunandi hætti eftir lögsagnarumdæmum.

I. Skipun nefndarinnar, verkefni hennar og störf.

Með skipunarbréfi yðar, herra dómsmálaráðherra, dags. 9. febrúar sl., skipuðuð þér Friðjón Guðröðarson, sýslumann, Hjalta Zóphóníasson, skrifstofustjóra, og Ólaf Helga Kjartansson, sýslumann, í starfshóp til þess að gera tillögur að nýjum reglum um greiðslu kostnaðar vegna löggæslu á skemmtunum er komi í stað núgildandi ákvæða reglugerðar nr. 587/1987 um greiðslu löggæslukostnaðar vegna skemmtana.

Nefndin hefur komið saman til fundar þrisvar sinnum og kallað fyrir sig Böðvar Bragason, lögreglustjóra í Reykjavík, og Signýju Sen, fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík, og hafa þau veitt ítarlegar upplýsingar.

II. Núgildandi reglur.

Frá því að fyrst voru settar heildarreglur um greiðslu kostnaðar vegna löggæslu á skemmtunum með reglugerð nr. 273/1977 hefur reynst örðugt að tryggja samræmda framkvæmd í lögsagnarumdæmum landsins. Mest hefur óánægjan verið í þeim umdæmum, þar sem mestrar greiðslu kostnaðar er krafist, og skemmtanahaldarar gjarnan borið fyrir sig að aðrir sambærilegir staðir í nærliggjandi umdæmum greiði langtum minna fyrir sams konar skemmtanir.

Í núgildandi reglugerð er heimild fyrir lögreglustjóra til þess að setja skilyrði um tiltekna dyravörslu og að annað eftirlit sé fullnægjandi.

Þá er kveðið á um í 2. mgr. 8. gr. að sá sem fyrir skemmtun stendur skuli greiða þann kostnað sem af aukinni löggæslu leiðir vegna skemmtunarinnar umfram það sem eðlilegt má telja.

Lögreglustjóri ákveður hverju sinni, sbr. 3. mgr. 6. gr. hversu margir lögreglumenn skuli vera á skemmtistað og kveður nánar á um framkvæmd löggæslunnar. M.a. ákveður hann hvenær lögreglumenn skuli mæta á skemmtistað og þeir skulu jafnan ekki yfirgefa skemmtistað fyrr en gestir eru farnir af staðnum. Yfirleitt er ekki til þess ætlast að lögreglumenn séu ekki inni á skemmtistöðunum heldur utan dyra í nánd við þá.

Aðalreglan um kostnaðargreiðsluna er að finna í 8. gr. eins og áður sagði, en hún er svohljóðandi :

"*Kostnaður vegna löggæslu á skemmtistað samkvæmt 6. gr. greiðist úr ríkissjóði af viðkomandi lögreglustjóra.*

*Sá sem fyrir skemmtun stendur skal endurgreiða lögreglustjóra þann kostnað er leiðir af aukinni löggæslu vegna skemmtunar umfram það sem eðlilegt má telja. Skal við það miðað að hverju sinni séu að jafnaði tiltækir tveir lögreglumenn við almenn löggæslustörf í nágrenni skemmtistaðar sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Þá er gestum er heimill aðgangur að skemmtistað eftir kl. 23.30 skal sá sem fyrir skemmtun stendur engurgreiða **allan** löggæslukostnað. Ríkissjóður skal þó bera ferðakostnað lögreglumanna. Að jafnaði skal eigi endurkrefja kostnað lengur en sem nemur einni klukkustund eftir að skemmtun lýkur.*

Dómsmálaráðherra lætur lögreglustjórum í té gjaldskrá vegna endurgreiðslu launa lögreglumanna, og verði þá tekið tillit til launatengdra gjalda."

III. Núgildandi framkvæmd á endurgreiðslu löggæslukostnaðar.

Eins og fyrr var greint hefur framkvæmdin við kostnaðartökuna verið með mjög ólíkum hætti. Til þess að átta sig á því hvernig framkvæmdin hefur verið ritaði ráðuneytið öllum lögreglustjórum bréf sl. haust í framhaldi af fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, alþingismanns. Eftirfarandi kom fram í svörum þeirra.

Akranes	Skemmtanaleyfi er ekki bundið því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað. 0 kr. endurgreiddar.
Borgarnes	Almennt eru 3-4 menn á dansleikjum. Endurgr. lögg.kostnaður 410 þús.'90 og 251 þús. árið '91.
Stykkishólmur	2 hið fæsta og allt að 8, skv. mati. Endurgr. lögg.kostn. 1099 þús '90 og 1494 þús '91.
Búðardalur	2-3 lögreglumenn eru á fámennari böllum, 80-150 manns, en allt að 5 á fjölmennari dansleikjum 300-400 manna. Endurgreiddur lögg.kostnaður 231 þús. árið 1990 og 259 þús. árið 1991.
Patreksfjörður	2 menn aukalega og fleiri þegar stærri böll eru. Endurgr. lögg.kostn. 348 þús '90 og 714 þús 1991.
Bolungarvík	2-3 menn aukalega.
Ísafjörður	2 menn aukalega að jafnaði. Rukkað er um 10 tíma fyrir hvern þeirra ef ball stendur til kl. 03, en aðeins um 5 tíma ef ball stendur til kl. 01. Undantekning með "pöbb" á Flateyri, þar gilda 7 og 3 tímar. Endurgr.lögg.kostn. 595 þús árið '90 og 470 þús árið 1991.
Hólmavík	2-3 við skemmtistað. Endurgr. lögg.kostn. 263 þús árið '90 og 303 þús árið 1991
Blönduós	Eftir mati á opnum dansleikjum. Endurgr. lögg.kostn. 408 þús '90 og 343 árið 1991.
Sauðárkrókur	3 menn á dansleikjum. Endurgr. lögg.kostn. 463 þús '90 og 414 þús '91.
Siglufjörður	1 aukamaður yfirleitt. Endurgr. lögg.kostn. 464 þús '90 og 269 þús árið 1991.
Ólafsfjörður	2 aukamenn. Endurgr. lögg.kostn. 100 þús '90 og 230 þús '91.

Akureyri	Engir sérstakir aukamenn. 0 kr. endurgreiddar.
Húsavík	2-3 aukamenn og 4 á stórdansleikjum. Endurgr. lögg.kostn. 948 þús '90 og 1155 þús 1991.
Seyðisfjörður	2 aukamenn að jafnaði. Endurgr. lögg.kostn. 430 þús árið '90 og 426 þús árið 1991.
Neskaupstaður	Ekki skilyrði um aukamenn. Endurgr. lögg.kostn. 697 þús árið '90 og 411 þús árið 1991.
Eskifjörður	Jafnan 2 aukamenn. Endurgr. lögg.kostn. 757 þús árið '90 og 978 þús 1991.
Höfn í Hornafirði	Ekki skilyrði um aukamenn 0 kr. endurgreiddar.
Vík í Mýrdal	2-4 aukamenn. Endurgr. lögg.kostn. 353 þús árið '90 og 442 þús árið 1991.
Vestmannaeyjar	Ekki áskilnaður um aukamenn. 0 kr. endurgreiddar.
Hvolsvöllur	2-4 aukamenn. Endurgr. lögg.kostn. 762 þús '90 og 988 þús árið 1991.
Selfoss	Ekki áskilnaður um aukamenn. 0 kr. endurgreiddar.
Keflavík	Ekki áskilnaður um aukamenn Endurgr. lögg.kostn. 75 þús árið 1990 og 124 þús árið 1991.
Keflavíkurflugvöllur	Skemmtistaðir á vegum Bandaríkjamanna. 0 kr. endurgreiddar.
Hafnarfjörður	Ekki áskilnaður um aukamenn. 0 kr. endurgreiddar.
Kópavogur	Ekki áskilnaður um aukamenn. 0 kr. endurgreiddar.
Reykjavík	Ekki áskilnaður um aukamenn. 0 kr. endurgreiddar. Það athugast að kostnaður vegna vínhúsaeftirlitsmanna er endurgreiddur. Sama gildir á nokkrum stöðum á landinu, þar sem slíkir eftirlitsmenn starfa.

Af framangreindu er ljóst að víðast er rukkað fyrir lögreglumenn, sem eru aukalega kvaddir til vegna almennra dansleikja. Að vísu virðist ekki fullt samræmi að því er snertir fjölda lögreglumanna eða tímalengd. Hins vegar má einnig sjá að í stærri bæjum, þar sem sólarhringsvakt er hjá lögreglu, eru skemmtistaðir ekki rukkaðir sérstaklega þótt fjölgað sé um lögreglumenn á næturvöktum, t.d. tvo í Hafnarfirði, Keflavík og á Akureyri. Þá gildir enn eitt fyrirkomulagið í Reykjavík.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, Böðvar Bragason, kvaðst vilja að sömu reglur giltu í Reykjavík sem annars staðar, þ.e.a. s. að störf sérstakra vínhúsaeftirlitsmanna verði lögð niður og þess í stað verði fjölgað lögreglumönnum, sem tækju við eftirlitsstörfum í vínveitingahúsum. Hann varpaði fram þeirri hugmynd hvort ekki mætti einangra viðfangsefnið þannig að gjaldtaka fyrir löggæslu væri bundin við nánar tilgreint húsnæði. Um væri að ræða sérstaka starfsemi, vínveitingar og skemmtanahald, sem gjaldskylda fylgdi í því húsnæði sem leyfi til starfseminnar væri bundið við. Best væri að gjald yrði rukkað fyrirfram, þannig að starfsemin geti ekki

hafist nema gjald hafi verið innt af hendi. Að hans mati er sérstaða Reykjavíkur mikil vegna íbúafjölda og fjölmargra veitingastaða í borginni.

Dæmin hafa ennfremur sýnt, t.d. atvik í skemmtistaðnum Tunglinu í júlí 1990, að vínhúsaeftirlitsmennirnir hafa ekki nægа þekkingu til þess að taka ákvarðanir um að slíta samkomu og gera viðeigandi ráðstafanir. Þess vegna sé brýnt að eftirlit með skemmtistöðum, vínveitingastöðum og annarri leyfisskyldri starfsemi sé í höndum lögreglumanna.

IV. Tillögur nefndarinnar.

Nefndin setti sér það markmið að tillögur hennar verði auðskildar og einfaldar í framkvæmd. Vegna þess að löggæslu er mismunandi háttað eftir umdæmum landsins er gert ráð fyrir mismunandi útfærslu og hún flokkuð í þrennt. Taka verður sérstakt tillit til Reykjavíkur bæði vegna íbúafjölda og ekki síður vegna stærðar lögregluliðsins og þeirra möguleika sem hún gefur. Búast má við hörðum viðbrögðum skemmtanahaldara í Reykjavík, þrátt fyrir þá staðreynd að gert sé ráð fyrir því, að kostnaður hvers skemmtistaðar þar verði nálægt helmingi lægri að jafnaði en í stærri bæjum þar sem sólarhringsvakt er staðin. Loks er gert ráð fyrir sérreglu í dreifbýli og á minni stöðum þar sem ljóst er að ávallt verður að kveðja lögreglumenn á aukavakt vegna skemmtanahalds.

Tillögur nefndarinnar miða einnig að því að taka á löggæslukostnaði vegna þeirra skemmtana sem kalla má tilfallandi og einnig að tekið verði sérstakt tillit til þess að fámennum skemmtunum verði ekki íþyngt um of með kostnaði vegna löggæslu, en rétt er þó að taka fram að ákvæði 2. málsgr. 8. gr. er ótvírætt.

TILLÖGUR UM ENDURGREIDDAN LÖGGÆSLUKOSTNAÐ Í SAMRÆMI VIÐ 2. MÁLSGR. 8.GR. REGLUG. NR. 587/1987:

I. REYKJAVÍK:

1.1. Stórir skemmtistaðir skemmtun stendur til kl. 03:00 gjald fyrir 5 klukkustundir
1.2. Stórir skemmtistaðir skemmtun stendur til kl. 01:00 gjald fyrir 3 klukkustundir

2.1. Litlir skemmtistaðir skemmtun stendur til kl. 03:00 gjald fyrir 3 klukkustundir
2.2. Litlir skemmtistaðir skemmtun stendur til kl. 01:00 gjald fyrir 2 klukkustundir

3.1. Tilfallandi leyfi til skemmtanahalds. Mið skal tekið af fjölda gesta og lengd skemmtunar sbr. að ofan.
3.2. Lítil skemmtun, gestir 30 eða færri, greiða skal fyrir skemmtanaleyfi og vínveitingaleyfi ef það á við. Lögæslukostnaði skal sleppt.

II. STÆRRI BÆIR:

1.1. Stórir skemmtistaðir skemmtun stendur til kl. 03:00 gjald fyrir 10 klukkustundir
1.2. Stórir skemmtistaðir skemmtun stendur til kl 01:00 gjald fyrir 5 klukkustundir

2.1. Litlir skemmtistaðir skemmtun stendur til kl. 03:00 gjald fyrir 5 klukkustundir
2.2. Litlir skemmtistaðir skemmtun stendur til kl. 01:00 gjald fyrir 3 klukkustundir

3.1. Tilfallandi leyfi til skemmtanahalds. Mið skal tekið af fjölda gesta og lengd skemmtunar sbr. töluliði 1 og 2 að ofan.
3.2. Tilfallandi leyfi til lítillar skemmtunar, gestir 30 eða færri, greiða skal fyrir skemmtanleyfi og vínveitingaleyfi ef það á við. Lögæslukostnaði skal sleppt.

III. DREIFBÝLI OG MINNI BÆIR:

1.1. Stórir skemmtistaðir. Miða skal við útselda vinnu lögreglu og greiða fyrir hvern lögreglumann í samræmi við tímalengd skemmtunar auk einnar klukkustundar alls vegna tíma fyrir og eftir skemmtun (þ.e. 30 mínútur í upphafi og við lok).

2.1. Litlir skemmtistaðir. Sama regla gildir og 1.1.

3.1. Tilfallandi leyfi til skemtanahalds. Miða skal tekið af fjölda gesta og lengd skemmtunar og hafa hliðsjón af fjölda lögreglumanna sbr. reglu um útselda löggæslu í lið 1.1.

ÖRSTUTT TIL SKÝRINGAR.

Varðandi tillögu að gjaldskrá er rétt til frekari skýringar að taka fram hvernig hún myndi líta út nú í krónum talið:

10 klukkustundir	kr. 12.220
5 klukkustundir	kr. 6.110
3 klukkustundir	kr. 3.666
2 klukkustundir	kr. 2.444

Nefndin gerir það að tillögu sinni að alvarlega verði skoðaður sá möguleiki að gefinn verði kostur á einhvers konar afslætti, vilji skemmtanahaldarar standa skil á löggæslukostnaði í upphafi hvers árs. Taka má dæmi af veitingahúsi sem fellur undir skilgreininguna stór skemmtistaður, lið II. 1.1. hér að framan, í stærri bæ til dæmis á Ísafirði og miðað við 2 löng kvöld 50 helgar á ári. Gjaldið verður þá kr. 1.222.000. Hugsanlega mætti miða við 1 milljón króna ef greitt yrði í upphafi árs, fyrirfram. Afsláttur verður þá kr. 222.000 eða 18.67%. Samsvarandi tölur samkvæmt tölulið I. 1.1. (Reykjavík) verða kr. 611.000 og kr. 500.000 og afsláttur að sjálfsögðu sama prósentutala. Samkvæmt lið I. 1.2. verður fullt gjald kr. 366.000 og með afslætti kr. 300.000. Þessar tölur eru eingöngu settar fram í dæmaskyni.

Hvað varðar greinarmun á litlum skemmtistöðum og stórum þykir eðlilegast að miða við 30 gesti á veitingastað og þar tekið tillit hinna mörgu kráa eða "pöbba" sem risið hafa um allt land.

297. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi 18. október sl. Nefndin hefur lokið umfjöllun um frumvarpið og mælir meiri hlutinn með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Nefndin kannaði frumvarpið rækilega í einstökum atriðum og leitaði skýringa hjá fjármálaráðuneytinu og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir frá fjárlögum þessa árs. Að lokinni þeirri athugun og að fengnu áliti fjármálaráðuneytis ásamt skýringum fagráðuneyta féllst meiri hluti nefndarinnar á allar tillögur ráðuneytanna um auknar greiðsluheimildir sem fram koma í frumvarpinu.

Meiri hlutinn gerir nítján breytingartillögur við frumvarpið sem flestar eru minni háttar. Samtals nema tillögur um auknar greiðsluheimildir við 2. umræðu 355 m.kr. Einstakar breytingartillögur eru skýrðar í stuttu máli í athugasemdum hér að neðan, en nánari skýringar verða gefnar í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

610 Umboðsmaður Alþingis. Gerð er tillaga um að rekstrarfjárveiting verði aukin um 1,5 m.kr. til að mæta kostnaði sem leitt hefur af fjölgun erinda til embættisins.

01 Forsætisráðuneyti

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Í frumvarpi til fjáraukalaga 1993 er sótt um 20 m.kr. framlag til eflingar heimilis- og listiðnaði undir fjárlagalið Byggðastofnunar. Þar sem forsætisráðuneytið mun sjálft hafa með höndum umsjón með verkefninu er lagt til að framlagið verði flutt yfir á fjárlaganúmer aðalskrifstofunnar en tilsvarandi liður hjá Byggðastofnun falli á brott.

171 Byggðastofnun. Samkvæmt lánsfjárlögum 1993 er heimilt að veita 20 m.kr. víkjandi lán til að mæta framlögum á afskriftarreikning vegna lánafyrirgreiðslu stofnunarinnar til atvinnuuppbyggingar á þeim svæðum sem hafa orðið fyrir mestum samdrætti í sauðfjárframleiðslu. Lánin eru veitt í samræmi við ákvæði í viðauka II við búvörusamninginn frá 11. mars 1991. Lagt er til að þessu 20 m.kr. víkjandi láni verði breytt í fjárveitingu sem verði greidd út eftir því sem útlán Byggðastofnunar falla til.

02 Menntamálaráðuneyti

972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn. Leitað er eftir heimild til að auka framlag til Listdansskólans um 6 m.kr. vegna launavanmats í fjárlögum beggja áranna 1992 og 1993 og að auki um 1,5 m.kr. vegna annarra gjalda. Einnig er lagt til að stofnunin fái 7,5 m.kr. aukafjárveitingu til greiðslu á leiguhækkun til Fasteigna ríkissjóðs frá miðju ári 1991 til ársloka 1993.

523 Fósturskóli Íslands. Farið er fram á 2 m.kr. viðbótarheimild til að greiða leiguskuld við Fasteignir ríkissjóðs frá miðju ári 1991 til ársloka 1993.

983 Ýmis fræðistörf. Gerð er tillaga um 4 m.kr. viðbótarframlag vegna kostnaðar við Fransk-íslenska orðabók umfram forsendur fjárlaga.

999 Ýmislegt. Lagt er til að veitt verði 1 m.kr. til endurbóta á skrúðgarðinum Skrúði að Núpi í Dýrafirði.

03 Utanríkisráðuneyti

401 Alþjóðastofnanir. Farið er fram á 14 m.kr. til að mæta auknum greiðslum til friðargæslu Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga sem Ísland er skuldbundið til að standa skila á sem aðildarríki að samtökunum.

04 Landbúnaðarráðuneyti

420 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Sótt er um 40 m.kr. viðbótarheimild til að fjármagna niðurgreiðslur á gærum sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

201 Fiskifélag Íslands. Óskað er eftir auknu framlagi að fjárhæð 13,5 m.kr. til að standa straum af kostnaði við biðlaun sem hlotist hefur af endurskipulagningu félagsins.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. Gerð er tillaga um 5 m.kr. aukafjárveitingu til greiðslu á árgjaldi Íslands til Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins, NAMMCO, sem ekki var gert ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

07 Félagsmálaráðuneyti

951 Brunamálastofnun ríkisins. Farið er fram á 2 m.kr. heimild sem renni til námssjóðs stofnunarinnar, en á móti verði aflað sértekna sem því nemur.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

367 Sjúkrahúsið Keflavík. Farið er fram á 17 m.kr. aukafjárveitingu til greiðslu á skuldum sjúkrahússins við sýslumann sem stafa af hallarekstri fyrri ára.

371 Ríkisspítalar. Í ljósi þess að liðið var á árið þegar sýnt þótti að ekki yrði af sölu á hlutabréfum í Þvottahúsi ríkisspítalanna er lagt til að veitt verði aukaframlag sem nemi helmingi áætlaðra sölutekna eða 30 m.kr. Að auki er farið fram á 13 m.kr. viðbótarheimild til að endurgreiða Borgarspítalanum rekstrarkostnað Fæðingarheimilis Reykjavíkur á tímabilinu frá janúar til mars á árinu 1992, en fyrirhugað hafði verið að Ríkisspítalar yfirtækju reksturinn í upphafi þess árs.

373 St. Jósefsspítali, Landakoti. Farið er fram á 90 m.kr. aukafjárveitingu vegna hallareksturs á árinu 1992. Í öðru lagi er lagt til að 10 m.kr. af liðnum *370 Sjúkrahús í Reykjavík* verði ráðstafað til sjúkrahússins, en til þess þarf að breyta stofnkostnaðarfjárveitingu í rekstrarframlag.

400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. Sparnaðaráform, sem fyrirhuguð voru í fjárlögum ársins 1992, hafa ekki gengið að fullu eftir, svo sem aukin innheimta sértekna af sérhæfðri þjónustu. Lagt er til að sjúkrahúsið fái 7 m.kr. aukafjárveitingu vegna halla síðasta árs og 20 m.kr. til að mæta fyrirsjáanlegum halla á þessu ári.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis kostnaður ráðuneytis. Lagt er til að Rannsóknanefnd flugslysa fái 2 m.kr. aukafjárveitingu þar sem rannsóknir á slysum og óhöppum í flugi hafa verið óvenjuumfangsmiklar í ár.

333 Hafnamál. Gerð er tillaga um 15 m.kr. millifærslu fjárveitingar frá framkvæmdum við ferjubyggjur til hafnarmannvirkja þar sem ekki verður af byggingu ferjubryggju á Nauteyri í ár. Þar af eru 10 m.kr. ætlaðar til uppgjörs á framkvæmdum í Bolungarvík og 5 m.kr. til uppgjörs á framkvæmdum á Ísafirði. Þá er lagt til að 4,5 m.kr. til viðbótar verði færðar af lið Nauteyrar á lið Mjóafjarðar.

Alþingi, 30. nóv. 1993.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnlaugur Stefánsson.	Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.

298. Breytingartillögur [105. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, EKG, GunnS, ÁJ, ÁMM).

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. Nýr liður:	
00-610 Umboðsmaður Alþingis.	
101 Almennur rekstur	1.500
2. Við 3. gr. 01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. 190 Ýmis verkefni.	
Fyrir „15.000“ kemur	35.000
3. Við 3. gr. 01-171 Byggðastofnun.	
a. Við 110 Heimilis- og listiðnaður.	
Liðurinn fellur brott.	
b. Nýr liður:	
601 Stofnkostnaður	20.000

		Þús. kr.
4.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	02-523 Fósturskóli Íslands.	
	102 Annað en kennsla	2.000
5.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	02-972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn.	
	101 Íslenski dansflokkurinn	3.700
	110 Listdansskólinn	11.300
6.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	02-983 Ýmis fræðistörf.	
	190 Ýmis fræðistörf	4.000
7.	Við 3. gr. 02-999 Ýmislegt. Nýr liður:	
	190 Ýmis framlög	1.000
8.	Við 3. gr. 03-401 Alþjóðastofnanir. Nýr liður:	
	158 Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR	14.000
9.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	04-420 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.	
	120 Niðurgreiðsla á ull	40.000
10.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	05-201 Fiskifélag Íslands.	
	101 Yfirstjórn	13.500
11.	Við 3. gr. 05-299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
	151 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	5.000
12.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	07-951 Brunamálastofnun ríkisins.	
	101 Almennur rekstur	–2.000
	110 Námssjóður	2.000
13.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	08-367 Sjúkrahúsið Keflavík.	
	101 Almennur rekstur	17.000
14.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	08-370 Sjúkrahús í Reykjavík.	
	650 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	–10.000
15.	Við 3. gr. 08-371 101 Ríkisspítalar.	
	Fyrir „60.000“ kemur	103.000
16.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	08-373 St. Jósefsspítali, Landakoti.	
	101 Almennur rekstur	100.000
17.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.	
	101 Almennur rekstur	27.000
18.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	10-190 Ýmis kostnaður ráðuneytis.	
	132 Rannsóknanefnd flugslysa	2.000

	Þús. kr.
19. Við 3. gr.	
10-333 Hafnamál.	
a. Nýr liður:	
620 Ferjubryggjur	-15.000
Sundurliðun breytist þannig:	
Ferjubryggjur (10-333 620)	
1. Nauteyri	-19.500
2. Mjóifjörður	4.500
b. Við 3. gr. 630 Hafnamannvirki.	
Fyrir „30.000“ kemur	45.000
Sundurliðun breytist þannig:	
Hafnamannvirki (10-333 630)	
1. Bolungarvík	10.000
2. Ísafjörður	5.000

299. Svar [186. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um kaup á björgunarþyrlu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað veldur því að ekki hefur enn verið gerður samningur um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna?

Hinn 24. maí 1991 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að vinna að framgangi málsins. Í henni áttu sæti Björn Bjarnason alþingismaður, formaður, Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, Gunnar Bergsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, Róbert Trausti Árnason, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu. Með nefndinni störfuðu ýmsir sérfræðingar og embættismenn.

Nefndin skilaði skýrslu um flugrekstur Landhelgisgæslu Íslands (LHG) sem var m.a. dreift til alþingismanna. Í samræmi við ábendingu skýrslunnar var kannaður möguleiki á samvinnu við Bandaríkjamenn um þyrlurekstur. Í ljós kom að fyrir hendi var vilji til samstarfs á tilteknum sviðum, m.a. um samnýtingu varahluta og um þjálfunarmál ef keypt yrði þyrla af sams konar gerð og varnarliðið notar. Unnu ráðuneytisstjórar dómsmálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis að þessum athugunum.

Eftir að þetta lá fyrir hefur gangur málsins verið sem hér segir:

5. febrúar 1992 skipaði dómsmálaráðherra ráðgjafarhóp til að gera tillögur um val og aðstoða við kaup á hentugri björgunarþyrlu fyrir LHG. Í ráðgjafarhópinn voru skipaðir: Gunnar Bergsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Leifur Magnússon framkvæmdastjóri, Páll Halldórsson yfirflugstjóri, dr. Þorgeir Pálsson flugmálastjóri og Þorsteinn Þorsteinsson flugvélaverkfræðingur.

Þessi hópur skilaði niðurstöðum um val á þyrlutegund í lok apríl 1992. Meginniðurstaða skýrslu ráðgjafarhópsins var að HH 60J (Sikorsky Jay Hawk), AS 332 L1 (Super Puma) og BT 214 ST (Bell Textron, Super Transport) þyrlur uppfylltu allar þær lágmarkskröfur sem gera yrði til tæknilegrar hæfni nýrrar björgunarþyrlu. AS 332 L1, Super Puma kæmist næst því að uppfylla ýtrustu óskir um afkastagetu og aðra tæknilega hæfni nýrrar björgunarþyrlu, en Sikorsky HH 60J kæmi vart til greina vegna hás rekstrarkostnaðar og var ekki talið að unnt væri að ná umtalsverðum sparnaði í rekstri með samvinnu við varnarliðið. Lagði ráðgjafarhópurinn til að leitað yrði samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands á grundvelli greinargerðar ráðgjafarhópsins og var þriggja manna viðræðunefnd (þyrlukaupanefnd) skipuð til að vinna að kaupum á þyrlu, auk þess sem Albert Jónsson og Arnór Sigurjónsson voru af hálfu forsætisráðherra og utanríkisráðherra tilnefndir til ráðuneytis að því er varðaði viðræður við stjórnvöld í Bandaríkjunum. Skiluðu þeir Albert og Arnór skýrslu til þyrlukaupanefndar, dags. 4. nóvember 1992, þar sem gerð er grein fyrir þeim valkosti að fá þyrlu af gerðinni Pave Hawk sérútbúna fyrir Landhelgisgæsluna.

Síðasta vor kallaði dómsmálaráðuneytið þyrlukaupanefnd saman á ný og var henni þá falið að fara yfir fyrri skýrslu sína frá í apríl 1992 með tilliti til breytinga og nýrra upplýsinga, m.a. varðandi möguleg kaup á þyrlu af Pave Hawk gerð.

Niðurstaða viðbótargreinargerðar ráðgjafarhópsins, dags. 26 apríl 1993, var sú, eftir að hafa kynnt sér gögn um breytingar á Pave Hawk herþyrlu þannig að hún geti fullnægt almennum öryggis- og rekstrarkröfum Landhelgisgæslunnar, að ráðgjafarhópurinn studdi ekki tillögu um kaup íslenska ríkisins á slíkri Pave Hawk þyrlu. Tillögur ráðgjafarhópsins frá í apríl 1992 stóðu því óbreyttar.

Albert Jónsson og Arnór Sigurjónsson skiluðu dómsmálaráðherra viðbótarathugasemdum. Þeir töldu að Pave Hawk með þeim búnaði sem um ræðir uppfyllti nauðsynlegar tæknilegar kröfur og ætti því að taka til athugunar ásamt öðrum þyrlutegundum sem það gera.

4. maí ákvað ríkisstjórn að dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skyldu leita eftir samningum um kaup á hentugri björgunarþyrlu á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir lágu og með aðstoð þeirrar viðræðunefndar sem skipuð hafði verið í samræmi við fyrri samþykkt ríkisstjórnar.

Með minnisblaði til dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra frá 2. september sl. skilaði viðræðunefndin af sér drögum að kaupsamningi um notaða Super Puma þyrlu og er tillaga nefndarinnar að kaup verði gerð á þeim grundvelli.

300. Frumvarp til lyfjalaga. [255. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.
1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja landsmönnum nægilegt framboð af nauðsynlegum lyfjum með sem hagkvæmastri dreifingu þeirra á grundvelli eðlilegrar samkeppni og í samræmi við þær reglur sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði. Við verslun með lyf skal það ætíð haft til hliðsjónar að lyfjadreifing er hluti heilbrigðisþjónustu og starfsmenn við dreifinguna skulu vinna með öðrum aðilum í heilbrigðisþjónustu að opinberum heilbrigðis-

markmiðum hverju sinni. Það er jafnframt markmið með lögum þessum að tryggja eftir föngum gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu, draga úr óhóflegri notkun lyfja og minnka lyfjakostnað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur umsjón með framkvæmd laga þessara. Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu starfar lyfjamálastjóri sem annast framkvæmd lyfjamála innan ráðuneytisins fyrir hönd ráðherra. Hann skal vera lyfjafræðingur að mennt og má ekki eiga neinna hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja. Hollustuvernd ríkisins, landlæknir, Lyfjaeftirlit ríkisins, lyfjanefnd ríkisins og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar við framkvæmd laganna.

2. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Lyfjafræðingur veitir því forstöðu.

Tryggja skal Lyfjaeftirliti ríkisins hæfilegt starfslið og aðstöðu til að sinna verkefnum sínum. Heimilt er að fela óháðum rannsóknastofum hér á landi eða erlendis að annast rannsóknir á vegum Lyfjaeftirlits ríkisins.

Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með og skal gjaldið standa undir kostnaði við rekstur eftirlitsins.

3. gr.

Hlutverk Lyfjaeftirlits ríkisins er sem hér segir:

1. Að annast faglegt eftirlit með innflutningi lyfja, lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar.
2. Að annast faglegt eftirlit með starfsemi lyfjabúða, lyfjaheildverslana, lyfjagerða, annarra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga er selja, framleiða, flytja inn eða búa um lyf og skyldar vörur.
3. Að hafa eftirlit með lyfjaauglýsingum og sjá til þess að kynning og dreifing lyfja sé almennt í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ráðherra getur með reglugerð falið Lyfjaeftirliti ríkisins eftirlit með öðrum fyrirtækjum eða öðrum vörum en lyfjum ef sérstakar ástæður mæla með því og slíkt tengist hlutverki þess samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Lyfjanefnd ríkisins er undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og skal skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði. Ráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann. Jafnframt eiga sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Heimilt er að kalla til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera nefndinni til ráðgjafar þegar þurfa þykir.

Lyfjanefnd ríkisins skal annast eftirtalin verkefni:

1. Skráningu og afskráningu lyfja í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. Umsögn til ráðherra um umsóknir um markaðsleyfi lyfja (marketing authorization) í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Umsögn til ráðherra um umsóknir um leyfi til að flytja inn og selja gegn lyfseðli óskráð lyf.
4. Umsögn til ráðherra um leyfi til tilrauna með lyf (klínískar rannsóknir og rannsóknir á aðgengi lyfja).
5. Önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara eða hliðstæðra laga, hér með talin samvinna við erlendar lyfjanefndir og lyfjaskrárnefndir.

Í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins skulu framleiðendur sérlyfja eða umboðsmenn þeirra veita nefndinni jafnóðum allar nýjar upplýsingar er varða skráð lyf og lyf sem eru í skráningu.

Kostnaður af starfsemi nefndarinnar, þar með talin laun nefndarmanna og starfsliðs, skal borinn uppi af skráningar- og árgjöldum sérlyfja.

II. KAFLI
Skilgreining lyfja. Lyfjahugtakið.

5. gr.

Í samræmi við skilgreiningu sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu eru lyf samkvæmt lögum þessum hvers konar efni eða efnasambönd, lífræn eða ólífræn, sem ætluð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum, enn fremur efni eða efnasambönd sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar, þar með talin geislavirk lyf sem ætluð eru mönnum, ef þau koma í eða á líkama manna eða dýra, að undanskildum geislavirkum kjarnategundum sem eru lokaðir geislagjafar.

Efni sem notuð eru til svæfingar eða staðdeyfingar teljast lyf (svæfingarlyf, staðdeyfilyf).

Efni í viðurkenndum lyfjaformum, sem eru notuð til getnaðarvarna eða til þess að auka frjósemi manna eða dýra, teljast einnig lyf.

Ákvæði laga þessara taka einnig til umbúða og áhalda sem hafa lyf að geyma.

Ráðherra setur reglugerð með skilgreiningu og nánari ákvæði um hjúkrunar- og lækningahluti (medical devices) í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins.

III. KAFLI
Lyfjaskrár.

6. gr.

Ísland er aðili að evrópsku lyfjaskránni (European Pharmacopoeia; Ph.Eur.) ásamt viðaukum. Ensk útgáfa lyfjaskrárinnar gildir hér á landi.

Um aðrar kröfur til lyfjaforma, gæða og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðferðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum, fer samkvæmt auglýsingum um gildi norrænna og annarra evrópskra staðallýsinga hér á landi.

Ísland er aðili að Pharmaceutical Inspection Convention (PIC). Leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð, GMP-reglur, sbr. tilskipanir framkvæmdastjórnar EB, svo og aðrar leiðbeiningar sem settar eru af þessum aðilum, skulu gilda hér á landi.

IV. KAFLI
Flokkun lyfja.
Staðfesting lyfjaforskrifta og skráning sérlyfja.

7. gr.

Fullgerð lyf (lyf tilbúin eða sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að flytja til landsins, selja eða afhenda að fengnu markaðsleyfi eða undanþáguheimild og að þau megi fella undir einhvern eftirtalinna flokka:

1. Skráð lyf, í samræmi við skilgreiningu sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu, framleidd af viðurkenndum framleiðendum samkvæmt staðlaðri forskrift og nefnd sérheiti eða samheiti. Þessi lyf skal skrá í sérlyfjaskrá, sbr. 10. gr., og selja eða afhenda í órofnum ílátum (afhendingarílátum) framleiðanda. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæði um afhendingarílát framleiðanda samkvæmt sérstökum fyrirmælum læknis á lyfseðli.
2. Stöðluð forskriftarlyf, framleidd af viðurkenndum framleiðendum samkvæmt staðfestri forskrift og nefnd gildandi samheiti. Lyfjanefnd ríkisins ákvarðar um staðfestingu forskrifta eða niðurfellingu staðfestingar og um ílát, umbúðir og pakkningar staðlaðra forskriftarlyfja.
3. Forskriftarlyf lækna, framleidd samkvæmt sérstökum fyrirmælum á lyfseðli (ordinatio magistralis) með hliðsjón af gildandi lyfjaskrám eða staðallýsingum, enda sé í hvívetna farið eftir gildandi lögum og reglum og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.

Ráðherra getur, í samráði við lyfjanefnd ríkisins, leyft undanþágu frá ofangreindum ákvæðum í einstaka tilvikum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Við allar slíkar undanþágur skal þess gætt að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra sem eiga að nota þau.

8. gr.

Heimilt er að binda skráningu lyfs við notkun eingöngu á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

Heimilt er að skrá lyf tímabundinni skráningu til reynslu.

9. gr.

Við mat á sérlyfjum og stöðluðum forskriftarlyfjum skal einkum taka tillit til rannsókna á lyfjaáhrifum og eituráhrifum virkra efna í tilraunum á mönnum eða dýrum, gæða allra efna, virkra og óvirkra (hjálparefna), sem notuð eru við lyfjagerðina, aðgengis virkra efna í lyfjaformum, geymsluþols og notagildis lyfjanna við meðferð tiltekinna sjúkdóma, svo og aukaverkana eins og kveðið er á um í norrænum og öðrum evrópskum reglum sem ráðherra staðfestir.

Lyfjanefnd ríkisins kannar á fimm ára fresti hvort réttar forsendur séu fyrir skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá.

10. gr.

Að fengnum tillögum lyfjanefndar ríkisins gefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið út skrá, sérlyfjaskrá, er greinir skráð sérlyf eftir lyfjaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Í skránni skal m.a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum, helstu aukaverkunum og hámarksverði lyfja, sbr. 40 gr.

V. KAFLI
Ávísun lyfja.
Lyfseðlar og afgreiðsla þeirra.
Merking lyfja.

11. gr.

Lyfseðill er lyfjaávísun læknis, tannlæknis eða dýralæknis sem hefur gilt lækningaleyfi hér á landi. Í neyðartilfellum er lyfjafræðingum heimilt að afhenda lyf í minnstu pakkningu án lyfseðils.

Útgefandi lyfseðils undirritar hann eigin hendi ásamt stöðuheiti (læknir, tannlæknir, dýralæknir) eða les hann fyrir í síma með þeim hætti að ljóst sé af símlestrinum hver hann er. Lyfseðil má senda með bréfsíma eða skjalasendingu á milli tölva á staðlaðan hátt þannig að viðtakandi geti sannreynt hver sendandi er. Útgefandi staðfestir þannig að hann hafi sjálfur ávísað hlutaðeigandi einstaklingi eða umráðamanni tilgreindu lyfi í tilteknu magni og sagt fyrir um skammta eða notkun.

Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna og afhendingu lyfjafræðinga á lyfjum í neyðartilfellum.

12. gr.

Ráðherra setur reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu. Í reglugerð þessari skal m.a. kveða á um eftirfarandi atriði:

1. gerð lyfseðla,
2. ávísun lyfja,
3. hvort lyf megi einungis afhenda gegn lyfseðli, hve mikið magn og hve oft gegn sama lyfseðli,
4. hvernig hátta skuli áritun á ílát (afhendingarílát) undir fullgerð lyf,
5. ávísun lyfja í síma, bréfsíma eða með tölvu,
6. ávísun ávana- og fíknilyfja,
7. ávísun lyfja til notkunar í skipum og loftförum,
8. rétt læknanema og lækna án lækningaleyfis til að ávísa lyfjum,
9. gildistíma lyfseðla,
10. merkingu lyfja.

VI. KAFLI
Auglýsing og kynning lyfja.

13. gr.

Bannaðar eru hvers konar auglýsingar um lyf með þeim undantekningum sem um getur í kafla þessum.

14. gr.

Auglýsa má og kynna lyf, sem skráð eru hér á landi, á íslensku í tímaritum eða blöðum þeirra heilbrigðisstétta sem ávísa og dreifa lyfjum.

Í lyfjaauglýsingum skal tilgreina nafn framleiðanda, heiti lyfs, virkra efna, helstu ábendingar og frábendingar er varða notkun hlutaðeigandi lyfja, pakkningastærðir og verð. Enn fremur stærð skammta og helstu atriði önnur um notkun og aukaverkanir. Framangreindar upplýsingar skulu ætíð vera greinilegar og auðlæsar og í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrám.

15. gr.

Heimilt er að kynna lyfseðilsskyld lyf fyrir þeim heilbrigðisstéttum sem ávísa og dreifa lyfjum en þó á þann hátt að ekki sé líklegt að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

16. gr.

Heimilt er að kynna og auglýsa lausasölulyf, þ.e. lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld, fyrir almenningi. Auglýsingar um lausasölulyf skulu vera í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins sem nánar er getið í reglugerð.

Lyfjabúðum er heimilt að auglýsa og kynna þjónustu sína, svo sem heimsendingaþjónustu, verð lausasölulyfja og almenn afsláttarkjör.

Upplýsingar í auglýsingum skulu ætíð vera greinilegar og auðlæsar og í samræmi við það, sem greinir í lyfjaskrám, reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu, svo og önnur fyrirmæli er að þessu lúta.

17. gr.

Heimilt er að afhenda persónulega lækni, tannlækni eða dýralækni lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu og án greiðslu enda sé um að ræða nýskráð lyf til kynningar hér á markaði og ekki teljast ávana- eða fíknilyf. Slík afhending er einungis heimil að fenginni dagsettri og undirritaðri beiðni læknis.

Önnur afhending eða póstsending lyfjasýnishorna í auglýsingaskyni er óheimil.

18. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins gætir þess að lyfjaauglýsingar séu réttar. Það getur bannað tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Það getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar á sambærilegan hátt. Lyfjaeftirlitið leitar álits lyfjanefndar ríkisins og/eða Samkeppnisstofnunar í þeim tilvikum er vafi leikur á réttmæti lyfjaauglýsingar. Auglýsendur skulu halda skrá yfir allar auglýsingar þar sem fram kemur hvar og hvenær þær voru birtar. Skrána skal geyma í tvö ár og skal hún vera aðgengileg Lyfjaeftirliti ríkisins.

19. gr.

Skráning aukaverkana og tilkynningarskylda skal vera í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og vera í höndum landlæknis í samstarfi við lyfjanefnd ríkisins.

VII. KAFLI
Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.

20. gr.

Enginn má stunda lyfjasölu nema hafa til þess leyfi ráðherra. Ráðherra skal veita lyfsöluleyfi þeim sem uppfyllir eftirtalin skilyrði og um slíkt leyfi sækir:

1. Er lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. lög um lyfjafræðinga.
2. Hefur starfað sem lyfjafræðingur í þrjú ár. Veita má undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.
3. Hefur verslunarleyfi eða hefur gert samning við aðila með verslunarleyfi.

Leyfið er háð því skilyrði að húsnæði, búnaður og starfslið fullnægi kröfum Lyfjaeftirlits ríkisins og skal samþykki þess liggja fyrir áður en starfsemi lyfjabúðar er hafin. Í þeim heilsugæsluumdæmum þar sem fjöldi íbúa er undir 5.000 skal ráðherra gefa stjórnum heilsugæslustöðva viðkomandi umdæmis 30 daga frest til að gera rökstuddar athugasemdir við að nýtt lyfsöluleyfi sé veitt. Á grundvelli athugasemda stjórna viðkomandi heilsugæslustöðva er ráðherra heimilt að hafna umsókn um nýtt lyfsöluleyfi.

Ráðherra er heimilt að kveða á um vaktskyldu lyfsöluleyfishafa.

Ráðherra getur falið stjórn heilsugæslustöðvar rekstur lyfjabúðar í þeim heilsugæsluumdæmum sem enginn lyfjafræðingur sækir um og skal samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins liggja fyrir áður en starfsemi lyfjabúðar er hafin. Stjórn heilsugæslustöðvar sem falin er rekstur lyfjabúðar er heimilt að semja við utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa um þjónustu, þar með talinn rekstur lyfjabúðar, sbr. 35. gr.

Fyrir lyfsöluleyfi skal greiða gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

21. gr.

Hvert lyfsöluleyfi takmarkast við rekstur einnar lyfjabúðar og ber lyfsöluleyfishafi sjálfur faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar. Lyfsöluleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi til að reka útibú frá lyfjabúð sinni í sveitarfélögum þar sem lyfjabúðir eru ekki reknar. Í fjarveru leyfishafa skal fela lyfjafræðingi daglega stjórn lyfjabúðarinnar í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins.

Starfandi læknar, tannlæknar og dýralæknar mega ekki vera eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúða.

22. gr.

Lyfsöluleyfi fellur niður:

1. ef leyfishafi er sviptur lyfjafræðingsleyfi sínu eða verslunarleyfi,
2. í lok þess árs sem leyfishafi verður 70 ára; heimilt er að framlengja leyfi um eitt ár í senn eftir þann tíma að fenginni umsögn landlæknis,
3. ef leyfishafi hættir störfum,
4. við andlát leyfishafa.

Ráðherra er heimilt að svipta leyfishafa lyfsöluleyfi ef hann brýtur gegn ákvæðum þessara laga eða annarra og brotið er þess eðlis að telja verði leyfishafa óhæfan til að annast lyfsölu. Um missi starfsréttinda fer eftir V. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.

VIII. KAFLI
Um rekstur lyfjabúða.

23. gr.

Lyfjabúð skal auðkenna á áberandi hátt. Handhöfum lyfsöluleyfis er heimilt að nefna lyfjaverslanir sínar og þær einar lyfjabúðir eða apótek.

24. gr.

Lyfjabúðum er skylt að versla með lyf sem selja má hér á landi, enn fremur helstu gerðir lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna eftir því sem kostur er.

Lyfsölum er skylt að veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

Lyfjabúðir skulu hafa hæfilegar vörubirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði og geta útvegað þau lyf sem ekki er að finna í birgðum þeirra svo fljótt sem auðið er.

Lyfjabúðir skulu tölvuskrá allar upplýsingar af lyfseðlum á formi sem samþykkt er af landlækni og tölvunefnd, sbr. lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Landlæknir getur krafist þessara upplýsinga allt að einu ári aftur í tímann.

IX. KAFLI
Vistun lyfjafræði- og lyfjatæknanema. Skyldur starfsmanna lyfjabúða.

25. gr.

Lyfjabúðir vista lyfjafræði- og lyfjatæknanema til verklegs náms samkvæmt samkomulagi við viðkomandi menntastofnanir.

26. gr.

Lyfjafræðinemar, sem lokið hafa 4. árs námi og tveggja mánaða vistun í lyfjabúð, geta sótt um leyfi til ráðherra til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðinga tímabundið. Í slíkum tilvikum skal lyfjafræðinemi starfa með og á ábyrgð lyfjafræðings.

27. gr.

Starfsmenn lyfjabúða eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun sem þeir öðlast í starfi sínu um sjúkdóma eða önnur einkamál.

Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir ákvæðum réttarfarslaga.

X. KAFLI
Um afgreiðslu lyfja.

28. gr.

Lyfjafræðingar eða aðstoðarlyfjafræðingar skulu bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og hafa með höndum lokaeftirlit að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávísun eða eiturbeiðni.

Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr útibúi frá lyfjabúð enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af Lyfjaeftirliti ríkisins eftir tillögu héraðslæknis og lyfsala. Ef lyfjatæknir er ekki fáanlegur til starfa í útibúi frá lyfjabúð er heimilt að veita þennan sama rétt öðrum ábyrgum umboðsmanni sem lyfsali ræður til þess að fengnu samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.

XI. KAFLI
Innflutningur og heildsala lyfja.

29. gr.

Leyfi til innflutnings lyfja og lyfjaefna til dreifingar í heildsölu hafa þeir aðilar einir sem til þess hafa hlotið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Fyrir lyfjaheildsöluleyfi skal greitt gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

30. gr.

Til að fá lyfjaheildsöluleyfi verður lyfjaheildsala að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. að henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi og ekki er handhafi lyfsöluleyfis,
2. að vera þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem að meðferð lyfja lýtur eða brýtur á einn eða annan máta ákvæði þessara eða annarra laga má svipta hann leyfinu.

Lyfjaheildsölum er óheimilt að rjúfa lyfjapakkningar. Óheimilt er að breyta áletrun á pakkningum lyfja nema á ábyrgð framleiðanda og að fenginni umsögn lyfjanefndar ríkisins. Lyfjaeftirlit ríkisins fylgist með að slík breyting sé gerð á tryggilegan hátt.

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum, tannlæknum og dýralæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir reksturskostnað en dýralæknar hafa heimild til að selja dýralyf á allt að hámarksútsöluverði sem ákveðið er af lyfjagreiðslunefnd, sbr. 40. gr.

Lyfjaheildsölum er skylt að veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

XII. KAFLI
Framleiðsla lyfja.

31. gr.

Leyfi til framleiðslu lyfja hafa þeir aðilar einir sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra. Fyrir lyfjaframleiðsluleyfi skal greitt gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

32. gr.

Til að fá lyfjaframleiðsluleyfi verður fyrirtæki að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. að því veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi eða annar sá sem uppfyllir eigi minni menntunarkröfur,
2. að vera þannig búið húsnæði, tækjum og starfsliði að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins að það fullnægi kröfum um framleiðslu, geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem lýtur að meðferð lyfja eða brýtur á einn eða annan máta ákvæði þessara eða annarra laga má svipta hann leyfinu. Lyfjaframleiðendum er skylt að veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

33. gr.

Lyfjabúðir skulu framleiða forskriftarlyf lækna eða útvega þau svo fljótt sem unnt er. Heimilt er að framleiða stöðluð forskriftarlyf í lyfjabúðum ef settum skilyrðum er fullnægt.

XIII. KAFLI

Um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

34. gr.

Á sjúkrahúsum er heimilt að starfrækja sérstök sjúkrahússapótek sem hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun og varðveislu lyfja og eftirliti með notkun þeirra á einstökum deildum. Rekstur sjúkrahússapóteks skal vera reikningslega aðskilinn frá öðrum rekstri sjúkrahússins.

Yfirlyfjafræðingur er forstöðumaður sjúkrahússapóteks og skal ráðinn af viðkomandi sjúkrahússstjórn.

Stjórn sjúkrahúss er heimilt að leita útboða um rekstur sjúkrahússapóteks sem veitir þá þjónustu sem um ræðir í þessum kafla enda uppfylli reksturinn öll önnur skilyrði laganna um starfsemi og rekstur lyfjabúða.

35. gr.

Á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum, sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samkvæmt öðrum sérlögum og ekki starfrækja sjúkrahússapótek, skal lyfjafræðingur hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra.

Hafi stofnunin ekki lyfjafræðing í þjónustu sinni skv. 1. mgr. skal stjórn stofnunarinnar í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins semja við utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa um lyfjafræðilega þjónustu, svo sem umsjón með öflun lyfja og eftirlit með notkun þeirra.

36. gr.

Sjúkrahússapóteki er heimilt að afgreiða lyf til sjúklinga sem útskrifast af sjúkrahúsinu og göngudeildarsjúklinga. Sjúkrahússapóteki er einungis heimilt að afgreiða lyfseðla sem merktir eru sjúkrahúsinu og gefnir eru út af læknum þess.

Um afgreiðslu lyfja samkvæmt heimild þessarar greinar fer eftir þeim almennu reglum sem gilda um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

37. gr.

Á hverju deildaskiptu sjúkrahúsi skal starfa þriggja til fimm manna lyfjanefnd sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Í slíkri lyfjanefnd skal vera a.m.k. einn starfandi lækna sjúkrahússins og einn lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins. Að jafnaði skal þess gætt þegar völ er á fleiri en einu jafngildu lyfi að velja til notkunar á sjúkrahúsi þau lyf sem ódýrari eru.

38. gr.

Stjórn sjúkrahúss ber að sjá svo um að húsnæði og búnaður sjúkrahússapóteks eða lyfjageymslu sjúkrahússins sé við hæfi og skal hlíta úrskurði Lyfjaeftirlits ríkisins þar að lútandi.

XIV. KAFLI

Lyfjaverð.

39. gr.

Verðlagning lyfja, sem seld eru án lyfseðils, er frjáls.

40. gr.

Hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum skal ákveðið af lyfjagreiðslunefnd. Í nefndinni eiga sæti fimm menn sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar nefndinni formann. Þegar fjallað er um hámarksverð á lyfjum taka sæti í nefndinni tveir fulltrúar, annar skipaður af samtökum lyfsala og hinn af samtökum lyfjaheildsala.

Lyfjaframleiðendur eða umboðsmenn þeirra skulu sækja um hámarksverð og allar verðbreytingar á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum til lyfjagreiðslunefndar. Nefndin fylgist með lyfjaverði innan lands og gerir reglulega samanburð á innlendu lyfjaverði og lyfjaverði í helstu nágrannalöndum og tekur mið af þeim athugunum við ákvörðun um hámarksverð.

Kostnaður við störf nefndarinnar, þar með talin laun nefndarmanna og starfsliðs, greiðist úr ríkissjóði.

41. gr.

Lyfjagreiðslunefnd ákveður fyrir Tryggingastofnun ríkisins þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við lög um almannatryggingar og fjárlög hverju sinni.

XV. KAFLI
Eftirlit, málarekstur og refsing.

42. gr.

Eftirlit samkvæmt lögum þessum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins.

43. gr.

Um mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

XVI. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

44. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja nauðsynlegar reglugerðir með nánari ákvæðum um framkvæmd laga þessara.

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1994.

Frá sama tíma falla úr gildi lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og lyfjalög, nr. 108/1984, með síðari breytingum, að undanskildum ákvæðum X. kafla í lyfjalögum um lyfsölusjóð, 39.–48. gr., sem falla úr gildi 1. mars 1995. Skulu eignir lyfsölusjóðs þá renna að einum þriðja hluta til Íslenska lyfjafræðisafnsins við Nesströð, Seltjarnarnesi, en tveir þriðju hlutar skulu renna til Lyfjafræðingafélags Íslands og vera varið til að styrkja forvarna- og upplýsingastarf um lyf í lyfjabúðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þær reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lyfjalögum, nr. 108/1984, og lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu þar til nýjar reglugerðir hafa öðlast gildi enda stangist efni þeirra ekki á við lög þessi.
2. Núverandi lyfsalar halda lyfsöluleyfum sínum. Samvinnureknar lyfjabúðir á Akureyri og Selfossi og Lyfjabúð Háskóla Íslands hafa frest til 1. mars 1995 til að uppfylla skilyrði laga þessara. Læknar og sveitarfélög halda leyfum sínum til lyfsölu fram til 1. mars 1995.
3. Fram til 1. mars 1995 er ráðherra heimilt að synja umsókn um lyfsöluleyfi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 18. ágúst 1991 skipaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Sighvatur Björgvinsson, nefnd til að athuga hugmyndir um breytingu á lyfjadreifingu. Í nefndina voru skipaðir Brynjólfur Sigurðsson prófessor, formaður, Einar Magnússon, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, Guðrún S. Eyjólfsdóttir, lyfjafræðingur hjá Lyfjaeftirliti ríkisins og lyfjaverðlagsnefnd, Kristján Guðjónsson, deildarstjóri í Tryggingastofnun ríkisins, og Jón Sæmundur Sigurjónsson, hagfræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir: „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd sem fær það verkefni að athuga hugmyndir um breytingu á lyfjadreifingu, sérstaklega með það í huga að meira frjálsræði en nú ríkir í þessum málaflokki geti leitt til meiri hagkvæmni og betri þjónustu á þessu sviði þannig að dregið verði úr álagningarþörf án þess að slakað verði á öryggiskröfum með tilliti til búnaðar, vöruframboðs og faglegs eftirlits. Nefndinni er falið að gera tillögur að breyttu fyrirkomulagi lyfjadreifingar, -skráningar og heildsölu með þeim hætti sem athuganir hennar leiða í ljós að þurfi svo að framangreindum markmiðum verði náð." Nefndin skilaði áliti sínu í byrjun apríl 1992.

Í niðurstöðum nefndarálitsins segir m.a. eftirfarandi:

„Sýnt er fram á að nauðsynlegt sé að taka upp hlutfallsgreiðslur fyrir lyf ef ná eigi fram samkeppni á smásölustigi. Vegna ákvæða um stjörnumerkt lyf og lyf í B-flokki og reyndar einnig vegna reglna um greiðslur elli- og örorkulífeyrisþega fyrir lyf þá verður árangur af hlutfallsgreiðslum takmarkaður nema breytingar verði gerðar á greiðslufyrirkomulagi fyrir ofangreinda lyfjaflokka. Þá er vert að vekja athygli á að af og til koma mjög dýr lyf á markað. Framleiðendur þeirra hafa að jafnaði einkaleyfi til framleiðslu á þeim til nokkurra ára. Þessi lyf geta verið svo dýr að útgjöld sjúkratrygginga vegna eins slíks lyfs geta hæglega numið tugum og jafnvel hundruðum milljóna króna. Mikilvægt er að gerðar séu ráðstafanir til þess að þessi dýru lyf séu ekki notuð í stað ódýrari lyfja ef hjá því verður komist út frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Almannatryggingakerfið er á föstum fjárlögum. Gera verður ráð fyrir að staðið skuli við fjárlög. Þegar óvænt útgjöld koma til eins og vegna nýrra dýrra lyfja þarf að vera hægt að beita sveigjanleika annaðhvort með auknum fjárveitingum eða að nefnd skipuð fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins, lyfjanefndar, landlæknis og ráðuneytis gæti ákveðið aðra tilhögun á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga en almennar reglur leyfa.

Vilji stjórnvöld koma á frelsi í lyfjadreifingunni telur nefndin ráðlegast að fyrst verði komið á hlutfallsgreiðslum fyrir lyf. Fyrst þegar breyttu endurgreiðslukerfi hefur verið komið á er tímabært að rýmka reglur um lyfsöluleyfi þannig að frelsi til að stofna apótek aukist. Meðan verið er að komast að því hvort samkeppni muni eiga sér stað getur verið ráðlegt að hafa hámarksverð á lyfjum þannig að fyrirtækin hafi tækifæri til að keppa innan þess ramma sem hámarksverðið veitir.

Verði sú raunin að samkeppnin verði næg til að halda niðri lyfjaverðinu opnast möguleikar til að létta opinberum afskiptum af smásöluverði lyfja, hvort sem það væri með því að afnema hámarksverðið eða með því að heimila lyfsölum að ákveða afgreiðslugjald upp á eigin spýtur fyrir hverja lyfjaávísun.

Leita þarf leiða til að örva samkeppni í innflutningi og heildsölu lyfja. Í því sambandi þyrfti m.a. að kanna kosti og galla samhliða innflutnings (parallel import) og meta hugsanlegan ávinning sem slíkt fyrirkomulag gæti haft í för með sér.

Ætla verður að auknu frelsi í lyfjasölu fylgi fjölgun útsölustaða og þar með greiðari aðgangur að lyfjum sem að öðru jöfnu leiðir til hærri heildarkostnaðar. Á móti kemur aukin kostnaðarvitund þeirra sem nota lyf ef hlutfallsgreiðslur verða teknar upp auk þess sem vænta má aukinnar samkeppni. Í því sambandi er samanburður við lyfjaverð á erlendum mörkuðum mikilvægur. Ef endurgreiðslur sjúkratrygginga verða miðaðar við verð lyfja á erlendum mörkuðum mun það hvetja lyfjaheildsala til að komast að hagstæðara verði en sem nemur viðmiðunarverðinu. Einnig munu sérstakar ráðstafanir vegna nýrra dýrra lyfja geta dregið úr lyfjakostnaði.

Lyfjakostnaður ræðst mjög af ávísanavenjum lækna. Af hálfu heilbrigðisyfirvalda hefur lítið verið gert að því að fræða lækna um ný lyf. Fræðsla á því sviði hefur nær alfarið verið í höndum lyfjaframleiðenda og umboðsmanna þeirra. Eðlilegt er að sú fræðsla sé gerð í eiginhagsmunaskyni og beri keim af einhliða áróðri. Nauðsynlegt er að koma á mótvægi við slíka upplýsingagjöf og er eðlilegt að það starf fari fram á vegum heilbrigðisyfirvalda. Breyttar reglur um endurgreiðslur sjúkratrygginga auka þörf lækna fyrir upplýsingar um lyf þar sem hlutfallsgreiðslur munu leiða til að hagsmunir sjúklinga og sjúkratrygginga fara saman þegar læknir tekur ákvörðun um lyfjagjöf."

Innan EB hafa skilmálar og reglur um viðurkenningu lyfja fyrir fólk og dýr verið samræmdar í síauknum mæli og stefnt er að einum sameiginlegum lyfjamarkaði í Evrópu. Samræmdar aðgerðir EB og EFTA miða m.a. að því að samkeppni aukist og upplýsingar um markaðinn verði aðgengilegri á sameiginlega markaðnum á sviði verðlagningar og þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði. Stefnt er að því að ákvæði í lögum aðildarlanda hins sameiginlega evrópska markaðar, sem koma í veg fyrir samkeppni í verði og þjónustu, verði afnumin.

Við samningu lagafrumvarpsins hefur verið tekið mið af eftirfarandi tilskipunum sem samþykktar hafa verið innan EB og gilda munu innan Evrópska efnahagssvæðisins:

1. Tilskipun ráðs EB frá 26. janúar 1965, með síðari breytingum, um samræmingu löggjafar reglugerða og stjórnvaldsaðgerða, er varða sérlyf (65/65/EEC, 66/454/EEC, 75/319/EEC, 78/420/EEC, 83/570/EEC, 87/21/EEC, 89/341/EEC, 89/342/EEC, 89/343/EEC, 89/381/EEC, 92/73/EEC).
2. Tilskipun ráðs EB um samræmingu laga aðildarríkja um stöðlun efnagreiningar og efnafræði-, eiturefnafræði- og læknisfræðilegra staðla varðandi prófun sérlyfja (75/318/EEC, (83/570/EEC, 83/571/EEC, 87/19EEC, 89/341/EEC)).

3. Tilskipun ráðs EB um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna um litarefni er nota megi í lyfjum (78/25/EEC (81/464/EEC)).
4. Tilskipun ráðs EB frá 22. desember 1986 um samræmingu stjórnvaldsaðgerða með tilliti til skráningar „hátæknilyfja“ (87/22/EEC).
5. Tilskipun ráðs EB frá 28. september 1981 um samræmingu löggjafa aðildarríkjanna varðandi dýralyf (81/851/EEC, 90/676/EEC, 90/677/EEC).
6. Tilskipun ráðs EB frá 28. september 1981, með síðari viðbót, um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna varðandi stöðlun rannsókna og skýrslna vegna prófana á dýralyfjum (81/852/EEC (87/20/EEC), 92/18/EEC).
7. Tilskipun ráðs EB frá 21. desember 1988 um samræmingu verðlagningarreglna lyfja og þátttöku almannatrygginga í greiðslu þeirra (89/105/EEC).
8. Tilskipun ráðs EB frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á lögum, reglugerðum og ákvæðum í aðildarríkjunum varðandi verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni (86/609/EEC).
9. Tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um heildsölu lyfja (92/25/EEC).
10. Tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um flokkun lyfja vegna dreifingar (92/26/EEC).
11. Tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um merkingu lyfja og fylgiseðla (92/27/EEC).
12. Tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um auglýsingar lyfja (92/28/EEC).
13. Tilskipun framkvæmdastjórnar EB frá 13. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti lyfja sem ætluð eru mönnum (91/0356/EEC).
14. Tilskipun framkvæmdastjórnar EB frá 23. júlí 1991 þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti dýralyfja (91/0412/EEC).

Búast má við að fleiri tilskipanir varðandi lyfjamál verði samþykktar innan EB sem nú þegar eru til í formi tillagna, tilmæla og orðsendinga frá ráði EB.

Gert er ráð fyrir að þau ákvæði tilskipana EB um lyfjamál, sem ekki er minnst á í frumvarpinu, verði felldar inn í reglugerðir sem settar verða í kjölfar samþykktar frumvarpsins.

Framangreint nefndarálit ásamt fyrirsjáanlegri þróun Evrópumarkaðar styður þá stefnu ríkisstjórnarinnar að stuðlað verði að lækkun dreifingarkostnaðar á lyfjum með því að koma á samkeppni á öllum stigum.

Lagafrumvarp þetta hefur verið samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Frumvarpið hefur verið sent til umsagnar á ýmsum stigum við samningu þess, m.a. Læknafélagi Íslands, Apótekarafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi íslenskra lyfjafræðinga, Félagi íslenskra stórkaupmanna, lyfjanefnd og Lyfjaeftirliti ríkisins. Þessir aðilar og ýmsir aðrir hafa gefið álit sitt. Þess hefur verið freistað eftir föngum að taka tillit til athugasemda sem fram hafa komið.

Eins og kunnugt er náðist ekki að ljúka umfjöllun um frumvarp til lyfjalaga sem lagt var fram á Alþingi 19. apríl 1993 fyrir þinglok sl. vor og þetta frumvarp byggist á. Heilbrigðisnefnd Alþingis sendi frumvarpið ýmsum aðilum til umsagnar og bárust margar og sumar allviðamiklar athugasemdir til baka. Af þeim má ráða að skiptar skoðanir voru um einstök atriði en einnig komu fram góðar ábendingar um það sem betur mátti fara.

Í sumar og haust hefur verið farið yfir þær athugasemdir sem bárust heilbrigðisnefnd Alþingis og ýmsar breytingar og lagfæringar gerðar á fyrra frumvarpi. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Guðmundur Árni Stefánsson, fól eftirfarandi aðilum að endurskoða fyrra frumvarp og gera tillögur að breytingum: Einari Magnússyni, deildarstjóra í heilbrigðisráðuneytinu, Geir Haarde alþingismanni, Guðjóni Magnússyni, skrifstofustjóra í heilbrigðisráðuneytinu, Sigbirni Gunnarssyni alþingismanni og Sólveigu Guðmundsdóttur, deildarstjóra í heilbrigðisráðuneytinu.

Endurskoðað frumvarp gerir ráð fyrir sömu grundvallarbreytingum frá gildandi lögum og fyrra frumvarpið en þær felast í eftirtöldum atriðum:

1. Í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins er skilið á milli skráningar lyfja annars vegar og markaðsleyfa þeirra hins vegar. Nýjar reglur um skráningar og markaðsleyfi hafa m.a. í för með sér að um samhliða innflutning lyfja munu gilda sömu reglur og nú eru innan EB. Hér er um að ræða lyf sem þegar eru skráð og þekkt hér á landi en kunna að vera framleidd á öðrum stað en tilgreint er í skráningargögnum og fyrir annan markað. Með þessari heimild er hugsanlegt að auka samkeppni í innflutningi og lækka lyfjaverð. Reglugerð þarf að setja um samhliða innflutning í samræmi við þær reglur sem gilda munu á Evrópska efnahagssvæðinu. Í reglunum felst einnig að heilbrigðisyfirvöld verða að skrá lyf og gefa markaðsleyfi innan tilskilinna tímamarka.
2. Aukið frelsi til að setja á stofn lyfjabúðir. Gert er ráð fyrir að ekki þurfi lengur forsetaleyfi til lyfjasölu og að reglur um stofnun apóteka verði rýmkaðar. Handhafar lyfsöluleyfa munu fá aðlögunartíma til að aðlagast breyttum aðstæðum. Eftir þann tíma er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skylt að veita hverjum þeim umsækjanda sem uppfyllir skilyrði frumvarpsins lyfsöluleyfi. Endurskoðað frumvarp gerir ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að takmarka fjölda lyfjabúða í þeim heilsugæsluumdæmum þar sem fjöldi íbúa er undir 5.000 á grundvelli rökstuddra athugasemda frá stjórnum heilsugæslustöðva viðkomandi umdæmis. Einnig gerir endurskoðað frumvarp ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að fela stjórn heilsugæslustöðvar rekstur lyfjabúða í þeim heilsugæsluumdæmum sem enginn lyfjafræðingur fæst til að sinna en þörf fyrir lyfjabúð er talin ótvíræð.
3. Aukið frelsi í verðlagningu lyfja. Verðlagning lausasölulyfja verður gefin fjáls en hámarksverð sett á lyfseðilsskyld lyf og dýralyf. Dregið verður að öðru leyti úr opinberum afskiptum af lyfjaverði og lyfjaverðlagsnefnd verður lögð niður.
4. Breytingar verða á reglum um auglýsingar lyfja. Heimilt verður að auglýsa lausasölulyf í samræmi við reglur sem gilda munu á Evrópska efnahagssvæðinu en reglur um auglýsingar annarra lyfja eru hertar. Lyfjabúðir fá heimild til að auglýsa verð og þjónustu.
5. Sjúkrahússapótek getur annast afgreiðslu lyfja til sjúklinga sem útskrifast og göngudeildarsjúklinga og verður reikningslega aðskilið frá öðrum rekstri sjúkrahússins.
6. Lyfjagreiðslunefnd verður skipuð og fær hún það verkefni að ákveða hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum, dýralyfjum og þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við lög um almannatryggingar og fjárlög hverju sinni.
7. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að héraðsdýralæknar hafi heimild til lyfjasölu með sama hætti og verið hefur heldur fá allir dýralæknar heimild til að kaupa lyf í heildsölu til að nota í sjúkravitjunum. Gert er ráð fyrir að þeir hafi síðan heimild til að selja dýralyf á allt að hámarksútsöluverði sem ákveðið er af lyfjagreiðslunefnd.

Frumvarpið fellir saman í ein lög lyfjalög nr. 108/1984, með síðari breytingum, og lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum, og gerir ráð fyrir að heiti þeirra verði lyfjalög. Auk þeirra nýmæla, sem frumvarpið hefur að geyma, eru lagðar til nokkrar breytingar og lagfæringar á gildandi lögum í ljósi reynslu af framkvæmd þeirra og í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins. Þannig er fækkað allverulega þeim ákvæðum laganna sem mæla fyrir um setningu reglugerða en þess í stað sett almenn heimild til að setja í reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lýst markmiði laganna í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að stuðlað verði að lækkun dreifingarkostnaðar á lyfjum með því að koma á samkeppni á öllum stigum og vísað er til væntanlegra reglna Evrópska efnahhagssvæðisins. Lögð er áhersla á og staðfest tengsl lyfjadreifingar við heilbrigðisþjónustu í samræmi við 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum. Greinin er að öðru leyti efnislega samhljóða 1. gr. lyfjalaga, nr. 108/1984, með síðari breytingum, og 1. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum, nema felld er niður tilvísun í lyfjaverðlagsnefnd þar eð frumvarpið gerir ráð fyrir að hún verði lögð niður. Þá er tilvísun í Hollustuvernd ríkisins nýmæli. Einnig er nýmæli í samræmi við ný stjórnsýslulög að gert er ráð fyrir að lyfjamálastjóri megi engra hagsmuna hafa að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja.

Hollustuvernd ríkisins, landlæknir, Lyfjaeftirlit ríkisins, lyfjanefnd ríkisins og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis og eru allajafnan þeir aðilar sem ráðherra leitar til við samningu reglugerða þeirra sem framkvæmd laganna kallar á.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar eru sambærilegar við ákvæði 49.–53. gr. lyfjalaga um Lyfjaeftirlit ríkisins. Hlutverk Lyfjaeftirlits ríkisins mun breytast nokkuð vegna nýrra viðhorfa í lyfsölumálum. Fellt er niður sérstakt ákvæði um eftirlit með lyfjabirgðum spítaladeilda og annarra hliðstæðra stofnana , sbr. 2. tölul. 50. gr. lyfjalaga. Litið er svo á að þessi hlutverk felist í 1. og 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Ákvæði um mat á kaupverði lyfja og eftirlit með verði lyfja í heildsölu og smásölu falla niður vegna breyttra verðlagsákvæða, sbr. 5. tölul. 50. gr. lyfjalaga, en í staðinn kemur ákvæði í 41. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir að lyfjagreiðslunefnd fylgist með lyfjaverði innan lands og beri reglulega saman lyfjaverð hér á landi og í helstu nágrannalöndum.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um lyfjanefnd ríkisins og hlutverk hennar. Um skipun og hlutverk lyfjanefndar er fjallað í 27.–29. gr. lyfjalaga. Nefndinni er ætlað að starfa áfram að ákveðnum verkefnum sem sjálfstæður umsagnaraðili og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til ráðuneytis. Óþarft er talið að telja upp hin einstöku svið læknis- og lyfjafræði sem fulltrúar í lyfjanefnd ríkisins eiga að hafa sérþekkingu á eins og gert er í gildandi lögum.

Verkefni lyfjanefndar breytast nokkuð og verða þessi:

1. Að annast skráningu lyfja í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. tilskipun ráðs EB frá 26. janúar 1965 (65/65/EEC), með síðari breytingum, um samræmingu löggjafar, reglugerða og stjórnvaldsaðgerða, er varða sérlyf). Nauðsynlegt er að setja reglugerð um skráningu sérlyfja þar sem m.a. komi fram hvort og þá með hvaða hætti staðið verði að skráningu hómópatalyfja, náttúrulækningalyfja og geislavirkra lyfja í samræmi við þá framkvæmd á reglunum sem eru í mótun í einstökum aðildarlöndum Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Að veita ráðherra umsögn um umsóknir um markaðsleyfi lyfja í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. tilskipun ráðs EB frá 26. janúar 1965 (65/65/EEC), með síðari breytingum, um samræmingu löggjafar, reglugerða og stjórnvaldsaðgerða, er varða sérlyf. Hér er um að ræða breytingu frá gildandi reglum sem felur í sér að skilið er á milli skráningar lyfja annars vegar og markaðsleyfa þeirra hins vegar. Nýjar reglur um skráningar og markaðsleyfi hafa m.a. í för með sér að um samhliða innflutning lyfja munu gilda sömu reglur og nú eru innan EB. Hér er um að ræða lyf sem þegar eru skráð og þekkt hér á landi en kunna að vera framleidd á öðrum stað en tilgreint er í skráningargögnum og fyrir annan markað. Með þessari heimild er hugsanlegt að auka samkeppni í innflutningi og lækka lyfjaverð. Reglugerð þarf að setja um samhliða innflutning í samræmi við þær reglur sem gilda munu á Evrópska efnahagssvæðinu. Í reglunum felst einnig að heilbrigðisyfirvöld verða að skrá lyf og gefa markaðsleyfi innan tilskilinna tímamarka.
3. Að veita umsögn um umsóknir um leyfi til að flytja inn og selja gegn lyfseðli óskráð lyf.
4. Að veita umsögn um umsóknir um leyfi til tilrauna með óskráð lyf og önnur atriði er lúta að framkvæmd laganna og hliðstæðra laga eftir því sem ráðherra mælir um í reglugerð.

Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti nefndarinnar í reglugerð eins og verið hefur. Einnig er gert ráð fyrir að innheimt verði gjöld fyrir öll útgefin leyfi en ekki eingöngu fyrir skráningu sérlyfja eins og verið hefur.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 2. og 3. gr. lyfjalaga nema vísað er til reglna sem gilda munu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. tilskipun ráðs EB frá 26. janúar 1965 (65/65/EEC), með síðari breytingum, um samræmingu löggjafar reglugerða og stjórnvaldsaðgerða, er varða sérlyf, tilskipun ráðs EB frá 20. júní 1990 um virka, ígræðanlega lækningahluti (90/385/EEC) og tilskipun ráðsins frá 14. júní 1993 um lækningahluti (93/42/EEC). Þá er væntanleg tilskipun frá EB um gögn til sjúkdómsgreininga (In vitro Diagnostic Medical Devices).

Um 6. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá 6. gr. lyfjalaga. Nýmæli er þó að gert er ráð fyrir að ráðherra geti með auglýsingu ákveðið að norrænar og evrópskar staðallýsingar um lyfjaform, gæði og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðgerðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum, gildi hér á landi. Ísland er aðili að fjölþjóðasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á lyfjaeftirliti, þ.e. Pharmaceutical Inspection Convention (PIC, the Mutual Recognition of Inspections in Respect of the Manufacture of Pharmaceutical Products). Árið 1991 voru 16 ríki, innan og utan EFTA, aðilar að samningnum og fer þeim fjölgandi. Má þar nefna lönd eins og Bretland, Írland, Þýskaland og öll Norðurlöndin. Aðildarlöndin hafa sameinast um grundvallarstaðallýsingar góðra framleiðsluhátta í lyfjagerð (Good Manufacturing Practice for Pharmaceutical Products – GMP). Endurskoðuð útgáfa staðallýsinganna tók gildi 1. janúar 1992 um leið og EB-GMP og hafa verið kallaðar á íslensku „Leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð" (Guide to Good Manufacturing Practice for Pharmaceutical Products, Document PH 5/1989). EB hafði PIC-GMP til viðmiðunar við gerð GMP-reglna fyrir EB (91/0356/EEC og 91/0412/EEC) og eru þær nær samhljóða. Þessar reglur eru samdar til að tryggja sem best og jöfnust gæði lyfja í aðildarlöndunum þar sem kröfur til lyfja á öllum stigum eru hinar sömu. PIC-GMP er unnin á vegum stjórnarnefndar PIC en í henni eiga sæti fulltrúar allra aðildarlandanna.

Um 7. gr.

Greinin er að mestu sambærileg við 7. og 8. gr. lyfjalaga að teknu tilliti til breytinga á skipulagi mála. Bætt er við heimild til að veita undanþágu frá skilyrði um afhendingu í órofnum ílátum framleiðanda því það hefur reynst nauðsynlegt í framkvæmd og einnig æskilegt með tilliti til kostnaðar í þeim tilfellum þar sem einungis eru skráðar stórar pakkningar. Einnig hefur verið heimilað með reglugerð að afhenda lyf í skammtaöskjum. Gert er ráð fyrir að með reglugerðum verði settar reglur um innflutning, afhendingu og sölu blóðvatns, bóluefna, ónæmisefna, geislavirkra lyfja, lofttegunda til lækninga og annarra lyfja sem gætu komið til greina, svo sem náttúrulækningalyfja og hómópatalyfja í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. tilskipun ráðs EB frá 26. janúar 1965 (65/65/EEC), með síðari breytingum, um samræmingu löggjafar reglugerða og stjórnvaldsaðgerða, er varða sérlyf.

Um 8. gr.

Greinin er sambærileg við 10. gr. lyfjalaga nema hvað felld er niður heimild sem nú er í lögum um að hafna skráningu. Þessi heimild er felld niður vegna reglna Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. tilskipun ráðs EB frá 26. janúar 1965 (65/65/EEC), með síðari breytingum, um samræmingu löggjafar reglugerða og stjórnvaldsaðgerða, er varða sérlyf.

Hins vegar er það nýmæli að lagt er til að heimilt sé að skrá lyf tímabundinni skráningu til reynslu.

Um 9. gr.

Greinin er sambærileg við 11. og 12. gr. lyfjalaga. Ekki er þó minnst á verð sem hluta af skráningu í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. tilskipun ráðs EB frá 26. janúar 1965 (65/65/EEC), með síðari breytingum, um samræmingu löggjafar reglugerða og stjórnvaldsaðgerða, er varða sérlyf.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 13. gr. lyfjalaga. Í stað orðsins „hjáverkunum“ kemur „aukaverkunum“.

Lyfjanefnd ríkisins skráir og þar með flokkar lyf og greinir í sínu starfi frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum og helstu aukaverkunum skráðra lyfja. Ráðuneytið gefur út sérlyfjaskrá svo sem verið hefur. Verð, sem birta skal í skránni, er hámarksverð lyfja sem ákveðið er af lyfjagreiðslunefnd.

Um 11. gr.

Greinin er breytt frá 15. gr. lyfjalaga. Bætt er inn heimild lyfjafræðinga til að afhenda lyf í neyðartilvikum í minnstu pakkningum. Fyrir nokkru voru slíkar reglur settar í reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja og hafa reynst vel í framkvæmd. Mikilvægt er að lögfesta þessa heimild.

Landlæknir skal hafa eftirlit með lyfjaútláti lyfjafræðinga samkvæmt framansögðu með sama hætti og hjá læknum. Einnig er gerð sú breyting að lögfest er heimild til að senda lyfseðla með bréfsíma og tölvu.

Um 12. gr.

Greinin er sambærileg við 16. gr. lyfjalaga. Bent er á að 17. gr. lyfjalaga, þar sem fjallað er um merkingu lyfja með ítarlegum hætti, er felld niður enda óþarft að tíunda svo rækilega í lögum hvernig merkingar skuli vera. Í staðinn er lagt til að kveðið verði á um merkingu lyfja í sömu reglugerð og um gerð lyfseðla og afgreiðslu þeirra.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um auglýsingu og kynningu lyfja, lækningaáhalda, sjúkravarnings og lyfjagagna. Nýmæli þau, sem er að finna í þessum kafla, leiðir flest af aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um auglýsingar lyfja (92/28/EEC).

Um 13. gr.

Greinin er sambærileg við 21. gr. lyfjalaga.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. eru óbreytt ákvæði 1. mgr. 18. gr. lyfjalaga, nr. 108/1984. Í 2. mgr. er hins vegar bætt inn að skylt sé að gefa upplýsingar um verð. Brýnt er talið að heilbrigðisstéttir þær, sem hafa lyfjaauglýsingar fyrir augunum í tímaritum og blöðum fyrir einstaka hópa heilbrigðisstétta, fái upplýsingar um verð lyfja ekki síður en t.d. upplýsingar um pakkningastærðir. Hér er um að ræða atriði sem er í samræmi við hliðstæðar og nýsamþykktar reglur á þessu sviði sem EB hefur sett, sbr. tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um auglýsingar lyfja (92/28/EEC).

Um 15. gr.

Greinin er sambærileg við 19. gr. lyfjalaga.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 20. gr. lyfjalaga nema orðalag er lagfært og rýmkuð er heimild til kynningar á þjónustu. Auglýsing lausasölulyfja er heimiluð til samræmis við reglur Evrópska efnahagssvæðisins, en háð eftirliti Lyfjaeftirlits ríkisins. Setja þarf í reglugerð nánari reglur um gerð þessara auglýsinga í samræmi við ákvæði EES-samningsins, sbr. tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um auglýsingar lyfja (92/28/EEC).

Um 17. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 22. gr. lyfjalaga nema hvað orðalag er stytt og lagfært. Sú breyting er gerð að eingöngu er heimilt að afhenda tilgreindum aðilum lyfjasýnishorn persónulega og þá aðeins ef um nýskráð lyf er að ræða í kynningarskyni en ekki, eins og nú er, að senda eða afhenda með þeirri einu takmörkun að um minnstu pakkningar sé að ræða. Með þessu ætti að vera tryggt að lyf séu ekki send í pósti í auglýsingaskyni eins og tíðkast hefur, jafnvel þótt lög heimili ekki sendingar lyfjasýnishorna á einkaheimili. Með nýskráðum lyfjum er átt við lyf skráð á næstliðnum 12 mánuðum.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 23. gr. lyfjalaga. Lagt er til að fellt verði niður úrskurðarvald landlæknis komi til ágreinings enda er heimilt að vísa málum til ráðherra. Lyfjaeftirlit ríkisins gætir þess í samvinnu við lyfjanefnd ríkisins og Samkeppnisstofnun að lyfjaauglýsingar séu réttar. Nýmæli er að auglýsendur skulu halda skrá, aðgengilega fyrir Lyfjaeftirlit ríkisins, yfir allar lyfjaauglýsingar, hvar þær voru birtar og hvenær. Þetta er í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um auglýsingar lyfja (92/28/EEC).

Um 19. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 24. gr. lyfjalaga nema tilvísun í aðrar greinar laganna er sleppt. Felld er niður 2. mgr. 54. gr. lyfjalaga þar sem fjallað er um tengsl skráningar hjáverkana (aukaverkana) lyfja og eitrana af völdum eiturefna og hættulegra efna. Ekki er ástæða að binda slíkt í lögum svo sjálfsagður hlutur sem það er. Með tilvísun í reglur Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. tilskipun ráðs EB frá 26. janúar 1965 (65/65/EEC), með síðari breytingum, um samræmingu löggjafar reglugerða og stjórnvaldsaðgerða, er varða sérlyf, er gert ráð fyrir verulegum breytingum á skráningu aukaverkana og tilkynningarskyldu. Þetta verkefni verður í höndum landlæknis í samstarfi við lyfjanefnd ríkisins. Nauðsynlegt er að setja nánari reglur um framkvæmd í reglugerð.

Um 20. gr.

Hér er gerð sú breyting frá 3. gr. laga um lyfjadreifingu að forsetaleyfi til lyfjasölu er afnumið. Lyfsöluleyfi verða bundin því skilyrði að umsækjandi sé lyfjafræðingur og að hann hafi verslunarleyfi eða geri samning við aðila með verslunarleyfi. Þriggja ára starfsreynsla er gerð að skilyrði fyrir lyfsöluleyfi. Heimilt er þó að víkja frá því skilyrði ef sérstaklega stendur á, t.d. ef sótt er um lyfsöluleyfi í minni byggðarlögum þar sem ekki er lyfsala fyrir. Gert er ráð fyrir að leyfishafi geti valið það rekstrarform sem honum hentar, t.d. hlutafélag enda sé skilyrðum hlutafélagalaga fullnægt.

Áhersla er lögð á að samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins þurfi að liggja fyrir áður en starfsemi lyfjabúðar er hafin til að tryggt sé að rétt sé að búnaði og rekstri staðið.

Í greininni er heimild til ráðherra um að kveða á um vaktskyldu lyfjabúða. Gert er ráð fyrir að heimild þessi verði ekki nýtt nema lyfjabúðir á hverju svæði nái ekki samkomulagi um vaktafyrirkomulag. Við setningu slíkra reglna skal gæta jafnræðis með aðilum.

Ráðherra er heimilt að takmarka fjölda lyfjabúða í þeim heilsugæsluumdæmum þar sem íbúafjöldi er undir 5.000 sé ástæða til að ætla að viðbótarlyfjabúð komi í veg fyrir að viðunandi lyfjaþjónustu verði haldið uppi. Íbúafjöldi í heilsugæsluumdæmum er gefinn upp 1. desember ár hvert og er eðlilegt að miða við þá dagsetningu.

Ráðherra er einnig heimilt að fela stjórn heilsugæslustöðvar rekstur lyfjabúða í þeim heilsugæsluumdæmum sem enginn lyfjafræðingur fæst til að sinna en þörf fyrir lyfjabúð er talin ótvíræð. Stjórn heilsugæslustöðvar er einnig heimilt að semja við utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa um þjónustu, þar með talinn rekstur lyfjabúðar, sbr. 35. gr. Rekstur lyfjabúðar í heilsugæslustöð er háður samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.

Í bráðabirgðaákvæði er gert ráð fyrir heimild ráðherra til 1. mars 1995 til að takmarka fjölda lyfsöluleyfa.

Um 21. gr.

Rétt þykir að takmarka hvert lyfsöluleyfi við faglega ábyrgð á rekstri einnar lyfjabúðar til að samkeppni fái betur notið sín og komið verði í veg fyrir einokun og hringamyndun. Þó er gert ráð fyrir að lyfsali geti opnað útibú frá lyfjabúð sinni í sveitarfélögum þar sem lyfjabúðir eru ekki reknar. Hér er bætt inn ákvæði 5. gr. lyfjalaga um að starfandi læknar, dýralæknar og tannlæknar geti ekki verið eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúðar.

Um 22. gr.

Rétt þykir að tiltaka hvaða ástæður geta valdið því að lyfsöluleyfi falli niður. Ástæða þykir til að halda þeirri reglu að lyfsöluleyfi falli niður við 70 ára aldur. Þó er heimilt að framlengja leyfi til eins árs í senn að fenginni umsögn landlæknis eftir að leyfishafi er orðinn 70 ára. Sömuleiðis er eðlilegt að lyfsöluleyfi falli niður við andlát. Ekkert er á hinn bóginn því til fyrirstöðu að dánarbú ráði lyjafræðing sem hefur lyfsöluleyfi og haldi áfram rekstrinum við þessar kringumstæður.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 7. gr. laga um lyfjadreifingu.

Um 24. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. laga um lyfjadreifingu. Í samræmi við samning um Evrópska efnahagssvæðið er lyfsölum skylt að veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um starfsemi sína. Hér er einkum átt við upplýsingar um sölu lyfja, bæði magn og verð, t.d. á tölvutæku formi til að yfirvöld geti fylgst með lyfjasölu í landinu og tekið saman tölfræðilegar upplýsingar um lyf sem nauðsynlegar eru til stjórnunaraðgerða og jafnframt er í vaxandi mæli krafist í samnorrænu og evrópsku samstarfi.

Nánast öll apótek eru nú tölvuvædd og skrá niður þær upplýsingar sem nefndar eru. Þessar upplýsingar auðvelda mjög lögbundið eftirlit landlæknis með lyfjanotkun einstaklinga og ávísanavenjum lækna. Lagaákvæði tekur af öll tvímæli um heimild landlæknis til að standa á nútímalegan hátt að verki í þessu eftirlitshlutverki. Til að tryggja að ekki séu brotin lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga er einnig leitað umsagnar tölvunefndar.

Um IX. kafla.

Felld er niður 15. gr. laga um lyfjadreifingu þar sem fjallað er um nám, próf og starfsréttindi lyfjatækna enda er tekið á þeim málum samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Þá eru felld úr lögunum ákvæði um nám lyfjatækna annað en skyldu lyfjabúða til að vista þá í verklegu námi. Þetta er í samræmi við nýlegar breytingar á lögum um lyfjadreifingu þar sem nám í lyfjatækni var fært til menntamálaráðuneytisins.

Felld eru brott ákvæði um æskilegan fjölda starfsmanna í lyfjabúð. Þykir það eðlilegt í ljósi þess að lyfjadreifing er gefin frjáls. Það þykir ekki samrýmast frjálsri lyfjadreifingu að leggja á þá sem annast þessa starfsemi frekari kvaðir en nauðsynlegt er til að tryggja öruggt aðgengi að nauðsynlegum lyfjum.

Rétt er að benda á að 16. gr. laga um lyfjadreifingu er felld niður en þar er kveðið á um að starfsmenn lyfjabúða leggi fram heilbrigðisvottorð frá lækni og gangist árlega undir almenna læknisrannsókn. Í þeim tilvikum þar sem lyfjabúðir annast lyfjaframleiðslu krefjast alþjóðareglur sem Ísland er aðili að þess að læknisskoðun fari fram og er það nægjanlegt.

Um 25. gr.

Gert er ráð fyrir að lyfjabúðir visti lyfjafræðinema og lyfjatæknema til verklegs náms samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi menntastofnanir.

Um 26. gr.

Hér er um nýmæli að ræða til samræmis við reglur sem gilda um læknanema.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 17. gr. laga um lyfjadreifingu. Rétt er að vekja athygli á því að 18. gr. laga um lyfjadreifingu, sem fjallar um vanrækslu í starfi og viðbrögð við slíku, er felld niður af því að fjallað er um viðkomandi efni í lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að ákvæði um þagnarskyldu nái til allra starfsmanna lyfjabúða.

Um X. kafla.

Gerðar eru ýmsar breytingar á ákvæðum um afgreiðslu lyfja. Felld eru niður ákvæði um afgreiðslutíma lyfjabúða og sjálfsagðar skyldur lyfjabúða að afgreiða eins fljótt og auðið er lyf, lyfjagögn, hjúkrunar- og sjúkragögn hvort sem er á venjulegum afgreiðslutíma eða vöktum. Hér er talið að um svo sjálfsagða hluti sé að ræða að ekki þurfi að taka slíkt fram í lögum. Hins vegar má benda á heimild ráðherra í 20. gr. til að binda vaktskyldu við lyfsöluleyfi ef ástæða þykir til þess.

Rétt er að vekja athygli á því að felldar eru niður 21.–23. gr. laga um lyfjadreifingu þar sem fjallað er um birgðaskyldu og skyldur lyfjabúða til þess að hlíta fyrirmælum í lyfjaskrám og að haga bókhaldi í samræmi við gildandi lög. Óþarfi ætti að vera að geta þess í lyfjalögum að lyfsölum beri að halda önnur lög sem fjalla um verslun og viðskipti. Ákvæði 24. gr. um að lyfjabúðum sé skylt að versla með lyf, sem selja má hér á landi, er talið nægjanlegt í stað birgðaskylduákvæðis.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 24. gr. laga um lyfjadreifingu nema hvað opnað er fyrir möguleika til að veita öðrum en lyfjatækni staðbundinn rétt til þess að afgreiða úr lyfjaútibúi enda sé um ábyrgan umboðsmann að ræða sem lyfsali ræður til slíks verks. Upp kunna að koma þau tilvik að nauðsynlegt sé að fela aðila sem ekki er lyfjatæknir slík störf ef þeir finnast ekki á viðkomandi svæði. Á þetta hefur reynt og hefur þá þurft að víkja frá lagaákvæðum til þess að halda uppi nauðsynlegri þjónustu.

Vakin er athygli á því að felldar eru niður 25. og 26. gr. laga um lyfjadreifingu þar sem annars vegar er fjallað um meðferð lyfja og eiturefna og eftirlit lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga og hins vegar skyldur lyfsala til þess að afgreiða lyf gegn staðgreiðslu o.s.frv. Hér er um að ræða atriði sem varla þarf að hafa ákvæði um í lögum enda felst slíkt eftirlitshlutverk í störfum lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga. Auk þess hlýtur að vera sjálfsögð sú skylda lyfsala að afgreiða lyf sem læknir ávísar. Segja má að 26. gr. laga um lyfjadreifingu fjalli frekar um greiðslur en skipulag lyfjadreifingar.

Um XI. kafla.

Felldar eru niður 38.–40. gr. laga um lyfjadreifingu enda fjalla þær um atriði sem annaðhvort eru svo sjálfsögð að þau þarf ekki að tilgreina í lögum eða atriði sem eru óþörf eða óframkvæmanleg.

Vakin skal athygli á því að VIII. kafli laga um lyfjadreifingu, sem fjallar um Lyfjaverslun ríkisins, er felldur niður þar sem fjármálaráðherra hefur ákveðið að leggja fram frumvarp um stofnun hlutafélags um rekstur Lyfjaverslunar ríkisins. Í 43. gr. laga um lyfjadreifingu er gert ráð fyrir að Lyfjaverslun ríkisins annist birgðahald almannavarna. Þetta ákvæði fellur nú niður enda má fella þessa skyldu undir 5. gr. laga um almannavarnir, nr. 94/1962, þar sem fjallað er um skyldu landlæknis í almannavörnum. Það kæmi því í hlut landlæknis að sjá um samninga, t.d. við sjúkrastofnanir, um birgðahald lyfja vegna almannavarna. Þá er skylda framleiðenda eða umboðsmanna þeirra um birgðahald, sbr. 37. gr. laga um lyfjadreifingu, felld niður enda ekki gert ráð fyrir slíkri skyldu í reglum Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um heildsölu lyfja (92/25/EEC).

Um 29. og 30. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 35. og 36. gr. laga um lyfjadreifingu nema nú er krafist gjalds fyrir lyfjaheildsöluleyfi til samræmis við önnur leyfi sem ráðherra veitir. Tekið er fram að ekki er heimilt að veita lyfsöluleyfishafa leyfi til lyfjaheildsölu. Þetta er gert til samræmis við reglur Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um heildsölu lyfja (92/25/EEC). Hver sem uppfyllir skilyrði laganna að öðru leyti mun geta flutt inn lyf, t.d. sjúkrahús.

Lyfjaheildsölum verður heimilt að selja lyf til fleiri aðila en verið hefur. Með heimild til að selja lyf til heilbrigðisstofnana, sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, er ýmsum stofnunum, svo sem hjúkrunarheimilum og dvalarheimilum gert mögulegt, sbr. 35. gr., að kaupa lyf í heildsölu. Skýr ákvæði og heimildir hefur skort til að sinna þessu sjálfsagða hagræði sem skyldi en þetta getur að öllum líkindum lækkað verulega hlut ríkisins í lyfjakostnaði þessara stofnana. Einnig fá læknar, tannlæknar og dýralæknar heimild til að kaupa lyf í heildsölu til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum en slíka heimild hefur skort í lög. Gert er ráð fyrir að kostnaður lækna og tannlækna vegna lyfjanotkunar á eigin stofum og í sjúkravitjunum falli undir gjaldskrá. Reglur um heimild dýralækna til sölu dýralyfja munu breytast í þá veru að allir dýralæknar munu framvegis geta selt dýralyf á allt að hámarksverði sem ákveðið er af lyfjagreiðslunefnd. Hingað til hefur þessi heimild verið bundin við héraðsdýralækna. Er þetta nýmæli til verulegra þæginda fyrir þá sem njóta þjónustu dýralækna.

Hér eiga einnig við sömu athugasemdir og greindar eru í umsögn um 24. gr. varðandi upplýsingaskyldu til yfirvalda.

Um 31.–33. gr.

Greinarnar eru sama efnis og 37.–39. gr. laga um lyfjadreifingu um skilyrði til leyfis fyrir innflutningi og heildsölu lyfja, svo og ákvæði lyfjalaga um skyldu lyfjabúða til að framleiða forskriftarlyf lækna. Felld er niður sú kvöð á lyfjafyrirtækjum að tæknilegur stjórnandi, lyfjafræðingur, þurfi að vera í fullu starfi. Engin þörf er á þessum ákvæðum því meta þarf þessi atriði í hverju tilviki, t.d. í samræmi við stærð og umfang rekstursins við útgáfu leyfa. Jafnframt er gert ráð fyrir að aðrir, sem uppfylla sambærilegar menntunarkröfur, geti veitt lyfjaframleiðslu forstöðu. Auk þess kveða alþjóðareglur, sem Ísland er aðili að (GMP-reglur), nánar á um starfsemi og starfshætti lyfjafyrirtækja, hæfni starfsfólks og ábyrgð og er því ónauðsynlegt að kveða nákvæmlega á um það í lögum.

Hér er einnig kveðið á um leyfisgjald til samræmis við önnur leyfi sem ráðherra veitir. Hér eiga einnig við sömu athugasemdir og greindar eru í umsögn um 24. gr. hvað varðar upplýsingaskyldu til yfirvalda.

Um 34. gr.

Sjúkrahúsum almennt verður heimilt að starfrækja sjúkrahússapótek ef henta þykir en ekki aðeins deildaskiptum sjúkrahúsum eins og nú er. Hlutverk sjúkrahússapóteks er tvíþætt, þ.e. að gæta hagsmuna sjúkrahússins varðandi kostnað við innkaup og notkun lyfja annars vegar og hins vegar að tryggja sem besta faglega þjónustu við sjúklinga við lyfjaafgreiðslu.

Gert er ráð fyrir að rekstur slíks apóteks sé reikningslega aðskilinn frá öðrum rekstri sjúkrahússins. Þetta er m.a. gert til að kostnaður við rekstur sjúkrahússapóteks verði sýnilegur og til að hægt sé að sjá kostnað við einstaka þætti rekstursins, svo sem þann þátt sem snýr að lyfsölu, sbr. 36. gr., með tilliti til hugsanlegs útboðs og samkeppni.

Yfirlyfjafræðingur er forstöðumaður slíks sjúkrahússapóteks og skal ráðinn af viðkomandi sjúkrahússstjórn.

Gert er ráð fyrir að stjórnir sjúkrahúsa geti leitað útboða um rekstur sjúkrahússapóteks sem veitir þá þjónustu sem um ræðir í þessum kafla, enda uppfylli reksturinn öll önnur skilyrði laganna um starfsemi og rekstur lyfjabúða.

Um 35. gr.

Hér er kveðið á um faglega ábyrgð lyfjafræðinga á dreifingu lyfja innan heilbrigðisstofnana. Sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samkvæmt öðrum sérlögum og ekki starfrækja sjúkrahússapótek en sem vilja notfæra sér heimild laganna um kaup á lyfjum í heildsölu, þurfa að hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni til að bera bera ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra.

Ef sjúkrahús eða önnur stofnun, sem rekin er samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samkvæmt öðrum sérlögum, hefur hvorki lyfjafræðing í þjónustu sinni né starfrækir eigið sjúkrahússapótek er eðlilegt að gera ráð fyrir að hún semji við utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa um þjónustu, svo sem umsjón með öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra. Um mismunandi fyrirkomulag getur verið að ræða eftir umfangi málsins en gert er ráð fyrir að gengið sé frá samningi um framkvæmd í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins.

Um 36. gr.

Hér er sú breyting gerð á ákvæðum 49. gr. laga um lyfjadreifingu að sjúkrahússapótekum verði heimilt að afgreiða lyf til sjúklinga sem útskrifast af sjúkrahúsinu og göngudeildarsjúklinga. Þetta er til augljóss hagræðis fyrir fólk í þessari aðstöðu. Heimildin er bundin þeirri takmörkun að eingöngu má afgreiða lyfseðla sem merktir eru sjúkrahúsinu og gefnir eru út af læknum þess.

Um afgreiðslu lyfja samkvæmt heimild þessarar greinar fer eftir þeim almennu reglum sem gilda um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

Um 37. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 51. gr. laga um lyfjadreifingu nema lagt er til að tekið verði út það ákvæði í 2. mgr. 51. gr. sem kveður á um að velja skuli innlenda framleiðslu fremur en erlenda enda stangast það á við samninga EFTA-ríkjanna sem Ísland er aðili að. Mikilvægt er að lyfjanefnd á deildaskiptu sjúkrahúsi fái það hlutverk að semja lista yfir þau lyf sem nota skal innan sjúkrahússins þar sem tekið er tillit til læknisfræðilegra, lyfjafræðilegra og heilsuhagfræðilegra þátta. Slíkir lyfjalistar eiga að auðvelda stjórnendum sjúkrahúsa og sjúkrahússapóteka að halda lyfjakostnaði innan skynsamlegra marka. Eðlilegt er að meginþungi þeirrar vinnu sem þetta verkefni krefst hvíli á sjúkrahússapótekinu.

Felld eru niður ákvæði 52.–54. gr. laga um lyfjadreifingu þar sem fjallað er um sérstaka samstarfsnefnd Lyfjaverslunar ríkisins og sjúkrahússapóteka enda gert ráð fyrir að Lyfjaverslun ríkisins verði breytt í hlutafélag með sérstökum lögum eins og áður er getið.

Um 38. gr.

Greinin er sama efnis og 55. gr. laga um lyfjadreifingu.

Um 39. gr.

Hér er stigið skref í átt til aukins frelsis í verðlagningu lyfja með því að gefa frjálsa verðlagningu lyfja sem seld eru án lyfseðils. Það sem m.a. styður þá breytingu sem hér er ákveðin er fyrirsjánleg aukning á fjölda lyfja sem afgreiða má án lyfseðils vegna þess að á Evrópska efnahagssvæðinu verða náttúrulækningalyf og hómópatalyf flokkuð sem lyf. Þessi lyf hafa hingað til ekki verið háð verðlagsákvæðum og ekki er talin ástæða til að taka slíkt upp nú. Ekki er lögð til frjáls verðlagning lyfseðilsskyldra lyfja.

Um 40. og 41. gr.

Gert er ráð fyrir að sérstakri ráðherraskipaðri nefnd, lyfjagreiðslunefnd, verði falið það verkefni að ákveða greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði innan þess ramma er lög kveða á um. Nefndinni er einkum ætlað það hlutverk að ákveða hvort, hvenær og hvernig almannatryggingar skuli greiða fyrir ný lyf og jafnframt hugsanlegar breytingar á greiðsluþátttöku í þegar skráðum lyfjum. Nefndinni er einnig ætlað að ákveða hámarksverð lyfseðilsskyldra lyfja í samráði við hagsmunaaðila.

Um verð lyfseðilsskyldra lyfja skal gilda hámarksverð í smásölu sem lyfjagreiðslunefnd ákveður. Lyfjaframleiðendur eða umboðsmenn þeirra sækja um hámarksverð og verðbreytingar til lyfjagreiðslunefndar í stað ráðuneytisins samkvæmt gildandi lögum. Ráðuneytið og Lyfjaeftirlit ríkisins hætta þannig beinum afskiptum af lyfjaverði en áður var innkaupsverð háð samþykki þeirra. Við ákvörðun á hámarksverði tekur nefndin m.a. mið af verðbreytingum sem verða í nágrannalöndum en jafnframt smæð innlenda markaðarins. Áður voru verðbreytingar aðeins framkvæmdar ef framleiðendur eða umboðsmenn þeirra sóttu um þær.

Einnig ákveður nefndin hlutdeild sjúkratrygginga annars vegar og sjúkratryggðra hins vegar í verði hvers lyfs.

Ekkert er því til fyrirstöðu að lyfsali bjóði lyf á lægra verði og skerði þar með álagningu sína. Lyfjagreiðslunefnd skal einnig ákveða hámarksverð dýralyfja.

Um 42. og 43. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 59. og 60. gr. gildandi laga um lyfjadreifingu.

Um 44. gr.

Eins og fyrr var getið hafa ítarleg ákvæði í einstaka greinum gildandi laga um setningu reglugerða verið felld niður. Þess í stað er hér almennt reglugerðarákvæði sem heimilar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að setja nauðsynlar reglugerðir með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna.

Nú þegar eru í gildi allmargar reglugerðir um lyfjamál sem settar hafa verið með stoð í lyfjalögum eða lögum um lyfjadreifingu eða eldri lögum á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að flestar þessar reglugerðir haldi gildi sínu nánast óbreyttar. Í gildandi lyfjalögum og lögum um lyfjadreifingu er sérstaklega tekið fram að setja skuli með reglugerð nánari reglur um eftirfarandi:

1. starfssvið og starfshætti Lyfjaeftirlits ríkisins og innheimtu eftirlitsgjalda og innheimtu þeirra í reglugerð,
2. starfssvið og starfshætti lyfjanefndar og ákvæði um skráningar- og árgjöld lyfja, gjald fyrir leyfi til að flytja inn og selja óskráð lyf og gjald fyrir leyfi til tilrauna með lyf ásamt innheimtu þeirra,
3. í hvaða tilfellum heimilt er að rjúfa afhendingarílát,
4. ákvæði um klíníska rannsóknir á lyfjum,
5. gerð auglýsinga og um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna,
6. búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða, þar á meðal um þær bækur sem lyfsölum er skylt að halda,

7. tilhögun lyfjaafgreiðslu og meðferð og geymslu lyfja,
8. húsnæði, búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjaheildsala,
9. fyrirmæli um geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum,
10. um lyfjahugtakið og undanþágur frá því, svo og um hvaða vörur lyfjabúðir einar megi selja,
11. starfsemi lyfsölusjóðs, m.a. um tekjuöflun sjóðsins og ávöxtun fjár hans, vátryggingu á veðbundnum eignum, viðhald þeirra o.fl., umsóknir um lán og styrki úr sjóðnum og hver gögn fylgja skuli umsókn um verðtryggingu lánsfjár í samræmi við lánskjaravísitölu enda liggi fyrir almenn löggjöf sem heimili slíka verðtryggingu.

Í samræmi við ákvæði 44. gr. er gert ráð fyrir að með stoð í þeirri grein sé heimilt að setja nánari reglur um öll þessi atriði.

Jafnframt er gert ráð fyrir að setja þurfi reglugerðir um ýmis þeirra nýmæla sem leiðir af reglum Evrópska efnahagssvæðisins eða í frumvarpinu eru, svo sem:

- um samhliða innflutning skráðra lyfja,
- um heimild til notkunar annarra tungumála í auglýsingum og kynningarefni,
- um lyfjaútlát lyfjafræðinga í neyðartilfellum,
- um innflutning, innflutningseftirlit, afhendingu og sölu blóðvatna (serum), bóluefna (vaccinum), ónæmisefna, geislavirkra lyfja, lofttegunda til lækninga og annarra efna og efnasambanda sem telja má til lyfja,
- um ýmsar skýrslur sem lyfsalar, lyfjaheildsalar og lyfjaframleiðendur skuli gefa heilbrigðisyfirvöldum og um bækur sem skal skylt að halda,
- um lyfjagreiðslunefnd.

Eins og getið er um í inngangi má búast við að fleiri tilskipanir um lyfjamál verði samþykktar fyrir Evrópska efnahagssvæðið og fella verði þær inn í reglugerðir.

Um 45. gr.

Gerð er tillaga um gildistöku laganna frá og með 1. mars 1994. Frá og með þeim tíma falla lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og lyfjalög nr. 108/1984, með síðari breytingum, úr gildi, að undanskildum ákvæðum um lyfsölusjóð sem skulu falla úr gildi 1. mars 1995. Gert er ráð fyrir að eignir lyfsölusjóðs renni til Íslenska lyfjafræðisafnsins og til að styrkja forvarnar- og upplýsingastarf í lyfjabúðum, en gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi hlutverki að gegna í eitt ár eftir að lögin taka gildi, eða þann aðlögunartíma sem getið er um í ákvæði til bráðabirgða, 3. tölul. Eignir sjóðsins eru látnar renna til faglegrar uppbyggingar og forvarna þar sem sjóðurinn hefur að mestu haft tekjur af rekstri lyfjabúða. Þá er einnig talin ástæða til að efla forvarnir og upplýsingaþjónustu lyfjabúða til að leggja áherslu á það markmið laganna að lyfjadreifing sé hluti af heilbrigðisþjónustu og að ná megi fram betri og skynsamlegri nýtingu lyfja með greinargóðum og faglegum upplýsingum um lyf.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. Gert er ráð fyrir því eins og eðlilegt er að þær reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lögum, skuli halda gildi sínu þar til nýjar reglugerðir hafa öðlast gildi að svo miklu leyti sem þær stangast ekki á við þessi lög. Það er ljóst að mikil vinna fer í endurskoðun reglugerða á þessu sviði og að mjög mikilvægt er að fækka þeim verulega og samræma eftir föngum í samræmi við tilgang laganna sem er að einfalda stjórnkerfi lyfjamála og færa saman skylda þætti.

2.–3. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á lyfsöluleyfum sem eru í gildi, annarra en lækna, sveitarfélaga, Háskóla Íslands og kaupfélaganna á Akureyri og Selfossi. Frumvarpið gerir ráð fyrir ábyrgð lyfjafræðinga á allri framleiðslu og dreifingu lyfja, en rétt þykir að gefa leyfishöfum nokkurn aðlögunartíma að breyttu fyrirkomulagi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til lyfjalaga.

Markmið frumvarpsins er að draga úr lyfjaútgjöldum og auka frjálsræði í sölu og dreifingu lyfja, auk þess að ákvæði vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði eru í frumvarpinu.

Mikilvæg forsenda þess að frjálsræði í lyfjasölu skili sér í minni útgjöldum er að verð lyfja hafi áhrif á ákvarðanir lyfjanotenda. Með reglum um hlutfallsgreiðslur notenda fæst slíkt aðhald og að auki er gert ráð fyrir meira frjálsræði í lyfjaheildsölu og innflutningi á lyfjum. Möguleikar til að opna lyfjabúðir verða auknir og einnig verður meira frelsi í verðlagningu lyfja og verður lyfjaverðlagsnefnd lögð niður. Ákvæði um opnunartíma verða felld úr lyfjalögum með frumvarpinu. Lyfjasala verður áfram háð takmörkunum svo sem að bannað verður að auglýsa lyfseðilsskyld lyf fyrir almenningi og þau verða háð hámarksverðlagningu. Þá verða lyfsöluleyfi takmörkuð við rekstur einnar lyfjabúðar. Loks verður stjórnum heilsugæslustöðva í þeim heilsugæsluumdæmum þar sem íbúar eru færri en 5.000 gefinn kostur á að gera athugasemdir við að nýtt lyfsöluleyfi sé veitt. Ráðherra er heimilt að hafna umsókn um lyfsöluleyfi á grundvelli athugasemda stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar.

Sjúkrahúsum verður almennt heimilt að starfrækja sérstök sjúkrahússapótek og heilbrigðisstofnunum er gert mögulegt að kaupa inn lyf í heildsölu. Lyfjaheildsölum verður heimilt að selja lyf til lækna, tannlækna og dýralækna til að nota á eigin stofum eða í sjúkravitjunum. Aukið svigrúm heilbrigðisstofnana til innkaupa og verslunar með lyf mun skapa svigrúm til lækkunar á lyfjakostnaði með magninnkaupum og útboðum.

Komið verður á fót lyfjagreiðslunefnd sem mun ákveða hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum. Nefndinni er ætlað að fylgjast með lyfjaverði innan lands og gera reglulega samanburð á verði lyfja í nágrannalöndunum og hér á landi til viðmiðunar við ákvörðun á hámarksverði. Einnig er nefndinni ætlað að ákvarða þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við almannatryggingalög og fjárlög hverju sinni. Nýmæli er að ekki fer lengur saman skráningarskylda og greiðsluskylda Tryggingastofnunar á lyfjum. Ef frumvarpið verður að lögum er hægt að heimila sölu á lyfi án þess að almannatryggingar greiði hluta af verðinu og verður því auðveldara að halda lyfjaútgjöldum innan fjárlaga.

Heildarveltan á lyfjamarkaði á Íslandi er talin hafa verið um 5 milljarðar króna árið 1992, þar af hafi tæplega 3,8 milljarðar farið um lyfjabúðir og afgangurinn að mestu um sjúkrahúsin. Útgjöld sjúkratrygginga vegna þátttöku í lyfjakostnaði var um 2,8 milljarðar króna árið 1992 og hlutur neytenda um 1 milljarður. Þáttur hins opinbera í kostnaði við lyf-

seðilsskyld lyf hefur verið hærri á Íslandi en víða annars staðar en með nýlegri breytingu á reglugerð um greiðslur notenda í lyfjakostnaði á hlutfallið að verða svipað og í ríkjum Evrópubandalagsins. Lyfjakostnaður á íbúa á Íslandi hefur verið hærri en í nágrannalöndunum en dregið hefur saman síðustu ár vegna aðgerða stjórnvalda hér á landi.

Af framangreindu sést að mikið er í húfi að það takist að hafa hemil á lyfjakostnaði og lækka verð á lyfjum. Kostnaður ríkisins fer eftir þátttöku almannatrygginga í lyfjaverði, lyfjaneyslu og verði lyfja. Lyfjaneysla fer aftur eftir ávísanavenjum lækna, heilsufari og aldurssamsetningu þjóðarinnar. Þá hefur lyfjaverð og aðgengi að lyfjum áhrif á lyfjaneyslu. Verðlagning fer m.a. eftir þátttöku almannatrygginga, ávísanavenjum lækna og samkeppni á markaðinum. Stjórnvöld hafa lækkað lyfjakostnað með því að hafa áhrif á ávísanavenjur með listum yfir ódýrustu sambærileg lyf og með hækkun hlutfallsgreiðslna sjúkratryggðra. Með frumvarpi þessu eru stigin fyrstu skrefin í að koma á samkeppni í lyfjadreifingu auk þess sem sjúkrastofnunum er gert auðveldara að kaupa inn lyf samkvæmt útboði.

Samkvæmt skýrslu nefndar um lyfjakostnað ríkisins frá 1989 virðist sem nokkurt svigrúm hafi verið til lækkunar á lyfjakostnaði með aukinni hagræðingu. Frá því skýrslan var birt hefur álagning á lyfjum verið lækkuð auk þess sem stærri apótek veita afslátt. Þá hefur greiðslum almannatrygginga verið breytt. Í nefndaráliti um aukið frjálsræði í lyfjadreifingu frá í apríl 1992 er talið að enn séu sparnaðarmöguleikar í lyfjasölu og dreifingu. Í nefndarálitinu er farið ítarlega yfir þau atriði sem hafa áhrif á samkeppnina svo sem í hve miklum mæli lyf geta komið hvert í annars stað, hvernig sjúklingar greiða fyrir lyf og áhrif staðsetningar apóteks á markaðsstöðu þess.

Loks má nefna síðustu skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál sem kom út í maí 1993, en í henni er kostnaður við heilbrigðisþjónustu á Íslandi borinn saman við önnur ríki OECD árið 1990. Í skýrslunni kemur fram að lyfjaverð var sérlega hátt á Íslandi vegna óvenjulega mikillar álagningar í smásölu og heildsölu og þrátt fyrir lítla neyslu á íbúa var lyfjakostnaður mjög hár saman borið við meðaltal Norðurlanda og OECD.

Að öðru jöfnu mun aukin samkeppni í lyfjaheildsölu og smásölu skila sér í lægra lyfjaverði og minni kostnaði notenda við að nálgast lyf. Takmarkanir á lyfjasölu og ákvæði um hámarksverð geta þó dregið úr þeim ábata. Aukið aðgengi að lyfjum mun að líkindum auka neyslu á lausasölulyfjum en rétt er að benda á að á Íslandi er aðgangur að lyfjum talinn góður. Aukinnar samkeppni í innflutningi er að vænta ef af samningum um sameiginlegt markaðssvæði EES verður og ákvæði um samhliða innflutning lyfja taka gildi. Verði samkeppni á markaðnum virk er smám saman hægt að aflétta þeim hömlum á lyfjasölu sem eru í frumvarpinu og að framan greinir. Mikilvægt er að heilbrigðisyfirvöld eigi frumkvæði að hlutlausri kynningu á lyfjum og lyfjaverði fyrir læknum til mótvægis við seljendur.

Kostnaður við lyfjagreiðslunefnd verður nokkur vegna verðsamanburðar og mun nefndin þurfa á starfsmanni að halda. Ekki er gert ráð fyrir slíkum kostnaði í fjárlögum og munu útgjöld ríkisins því aukast um 5 til 7 m.kr. árlega vegna nefndarinnar. Loks eru ákvæði um framlög ríkissjóðs í lyfsölusjóð felld niður en þau hafa jafnan verið skert með ákvæðum í fjárlögum og lánsfjárlögum og hafa því numið um 900 þús.kr. á ári í stað um 15 milljóna kr. Samkvæmt frumvarpinu verður sjóðurinn lagður niður 1. mars 1995 og verður þá fjárhagslegum afskiptum ríkisins af lyfjabúðum hætt. Þó er í frumvarpinu veitt heimild til ráðherra til að fela stjórn heilsugæslustöðvar rekstur lyfjabúðar í þeim heilsugæsluumdæmum þar sem enginn lyfjafræðingur sækir um lyfsölu. Beinn kostnaður ríkissjóðs af slíkri starfsemi ætti að vera hverfandi.

Að öllu samanlögðu mun frumvarpið líklega lækka lyfjakostnað ríkisins og neytenda. Helst er að vænta árangurs í innflutningsverði og í innkaupum heilbrigðisstofnana auk þess sem möguleg samkeppni í smásölu mun lækka álagningu. Ekki er gerlegt að meta með neinni vissu hve mikið útgjöld ríkisins og stofnana þess lækka verði frumvarpið samþykkt en til lengri tíma litið gæti verið um verulega fjármuni að ræða ef vel tekst til. Mikilvægar forsendur þess að árangur náist eru að lyfjaverð hafi áhrif á val notenda og hlutfallsgreiðslur neytenda í lyfjaverði.

301. Fyrirspurn [256. mál]

til fjármálaráðherra um fob-tollun.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvað yrði tekjutap ríkisins mikið ef tekin yrði upp fob-tollun í stað cif-tollunar? Kemur til greina að taka upp fob-tollun?

302. Fyrirspurn [257. mál]

til félagsmálaráðherra um færslu grunnskólans til sveitarfélaganna.

Frá Ragnari Elbergssyni.

1. Telur ráðherra það enn raunhæft að sveitarfélögin geti yfirtekið allan rekstur grunnskólans 1. ágúst 1995?
2. Hvaða áhrif hefur niðurstaðan í kosningum um sameiningu sveitarfélaga 20. nóvember sl. á þennan tilflutning að mati ráðherrans og ríkisstjórnar?

303. Svar [226. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um nýsmíði fiskiskipa.

1. Hver hefur verið heildarfjárfesting í nýsmíði fiskiskipa sl. fimm ár á núgildandi verðlagi?

Fjárfestingu í fiskiskipum má m.a. skipta í tvo flokka en þeir eru nýsmíði skipa og stærri endurbætur skipa. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur þessi fjárfesting verið eftirfarandi 1988–1993 á verðlagi ársins 1993:

Heildarfjárfesting í skipasmíði 1988–1993.
(Upphæðir í millj. kr.)

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Samtals
Nýsmíðar	6.068	3.674	1.423	2.011	5.823	1.675	
Endurbætur	4.287	1.016	1.323	908	758	525	
Samtals	**10.355**	**4.690**	**2.746**	**2.919**	**6.581**	**2.200**	**29.491**

2. *Hversu stór hluti þessarar fjárfestingar hefur verið fjármagnaður með lánum frá opinberum lánasjóðum?*

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um lán til kaupa á fiskiskipum frá öðrum opinberum lánasjóðum en Fiskveiðasjóði. Frá 1988–1993 hafa lán sjóðsins verið til fiskiskipa sem hér segir:

Lán Fiskveiðasjóðs til skipasmíða og endurbóta 1988–1992.
(Upphæðir í millj. kr.)

	1988	1989	1990	1991	1992	Samtals
Lán	1.822	3.441	2.377	1.143	2.226	11.009
Hlutfall af heildarlánum til skipasmíða og endurbóta	18%	73%	87%	39%	34%	37%

3. *Hve stór hluti þessara verkefna hefur verið unninn erlendis?*

Skipsmíðar innan lands og erlendis 1988–1993.
(Upphæðir í millj. kr.)

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Samtals
Erlendis:							
Nýsmíði	4.708	3.036	822	1.714	5.459	1.525	
Endurbætur	2.111	241	244	137	199	175	
Samtals	**6.819**	**3.277**	**1.066**	**1.851**	**5.658**	**1.700**	**20.371**
Hlutfall af heild	66%	69%	39%	63%	86%	77%	69%
Innan lands:							
Nýsmíði	1.360	638	601	297	364	150	
Endurbætur	2.176	775	1.079	771	559	350	
Samtals	**3.536**	**1.413**	**1.680**	**1.068**	**923**	**500**	**9.120**
Hlutfall af heild	34%	31%	61%	37%	14%	23%	31%
Samtals í heild	**10.355**	**4.690**	**2.746**	**2.919**	**6.581**	**2.200**	**29.491** **100%**

4. *Hvað má áætla að mörg ársverk hafi verið unnin erlendis við nýsmíðar á íslenskum skipum á ári sl. fimm ár?*

Ráðuneytið óskaði eftir því við Þjóðhagsstofnun fyrir skömmu að metið yrði sérstaklega hver væri fjöldi starfa við skipasmíðar og viðgerðir hér á landi og erlendis vegna innlendrar fjárfestingar í fiskiskipum miðað við ákveðnar forsendur, auk annarra athugana. Þessum athugunum er ekki að fullu lokið hjá stofnuninni þar sem um nokkuð yfirgripsmikla vinnu er að ræða. Af þeim ástæðum er ekki hægt að svo stöddu að svara fjórðu spurningu. Þegar svar Þjóðhagsstofnunar berst vegna áðurnefndra athugana fyrir ráðuneytið verður fyrirspyrjanda gerð grein fyrir niðurstöðum hvað varðar fjölda starfa innan lands og erlendis vegna skipasmíða á áðurnefndu tímabili.

304. Fyrirspurn [258. mál]

til forsætisráðherra um áhrif af niðurfellingu aðstöðugjalds.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hefur verið gerð athugun á því hvort niðurfelling aðstöðugjalds hafi skilað sér í bættum hag neytenda, svo sem í lækkuðu vöruverði?

305. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Það fjáraukalagafrumvarp sem hér er til afgreiðslu er prófsteinn á stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í ríkisfjármálum og efnahagsmálum. Minni hluti fjárlaganefndar tekur ekki ábyrgð á þeirri stefnu sem fjáaukalagafrumvarpið er afleiðing af og skilar því séráliti.

Í frumvarpinu er sótt um heimild til viðbótarútgjalda upp á 4,1 milljarð kr. og breytingartillögur meiri hlutans nema 335 millj. kr. Samkvæmt áætlun dragast heildartekjur ríkissjóðs saman um 3,2 milljarða kr. Halli ríkissjóðs á árinu 1993 verður því samkvæmt áætlun 13,8 milljarðar kr. í stað 6,2 milljarða kr. sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Að mati minni hlutans valda hér einkum ákvarðanir ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis við fjárlagagerð fyrir yfirstandandi ár sem ljóst var að stæðust ekki. Þessi atriði voru afdrifaríkust í þessu efni:

Þegar fjárlög voru samþykkt voru kjarasamningar lausir og ljóst var að ríkissjóður mundi verða fyrir útgjöldum vegna þeirra. Þessi útgjöld eru 2 milljarðar kr., þar af 1 milljarður kr. í framkvæmdir. Eins og fram kemur í yfirliti, sem fylgir frumvarpinu, eru 558 millj. kr. yfirfærsla frá árinu 1992 en nýjar heimildir upp á 487 millj. kr. Ekkert samráð var haft við fjárlaganefnd um skiptingu þessa fjár, og mótmælir minni hlutinn því harðlega. Og þrátt fyrir að atvinnuleysi sé mun meira meðal kvenna en karla eru aðeins 60 millj. kr. til atvinnusköpunar fyrir konur. Þar sem hlutaðeigandi aðilum hefur löngu verið tilkynnt um þessa skiptingu, og þeir farnir að gera ráðstafanir í samræmi við hana í góðri trú, telur minni hlutinn ekki fært að flytja breytingartillögur varðandi hana.

Í forsendum fjárlaga var atvinnuleysi áætlað 3%, en ljóst er að það verður a.m.k. 4,5% á yfirstandandi ári. Þetta þýðir viðbótarútgjöld um 1,2 milljarða kr. Atvinnuleysi er nú mesti vandi ríkisfjármálanna og gætir áhrifa þess bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaga, auk viðbótarframlaga í atvinnuleysistryggingarsjóð hefur sjóðunum verið gert að ganga á eigið fé.

Ríkisstjórnarákvarðanir sem knúðar voru í gegn við afgreiðslu fjárlaga og ekki hafa gengið eftir eru ein höfuðorsökin fyrir þeim viðbótarheimildum til útgjalda sem nú þarf að sækja um. Þar má í fyrsta lagi nefna að áform um víðtæka einkavæðingu hafa ekki náð fram að ganga. Reiknað var með tekjum vegna sölu ríkisfyrirtækja um 1.500 millj. kr., en samkvæmt áætlun nú verða tekjurnar 100 millj. kr. vegna þessara aðgerða. Hætt var við sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins sem þýðir viðbótarframlag til Hafrannsóknastofnunar um 300 millj. kr. Boðað hefur verið að með frumvarpi um Þróunarsjóð sjávarútvegsins verði ákvæði um að úthluta aflaheimildum sjóðsins án endurgjalds. Nú má telja ólíklegt að frumvarpið komi til afgreiðslu á yfirstandandi ári og samkvæmt lögum er skylt að bjóða aflaheimildir sjóðsins á yfirstandandi fiskveiðiári til sölu. Það er því alls óvíst hver verður niðurstaðan í þessu máli og hefur ekki fengist upplýst í meðförum fjárlaganefndar.

Samkvæmt fjáraukalagafrumvarpinu má rekja 2 milljarða kr. tekjutap ríkissjóðs til aukins efnahagssamdráttar. Af þessu má ljóst vera að tveir meginþættir í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar hafa brugðist. Atvinnuleysi hefur aukist og efnahagssamdrátturinn og tekjutapið af þeim sökum bætist við þann útgjaldavanda sem af því leiðir.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið að framan flytur meiri hlutinn nokkrar breytingartillögur við fjáraukalagafrumvarpið. Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við þær tillögur, en vill þó taka fram varðandi 20 millj. kr. framlag til eflingar heimilis- og listiðnaði sem er undir umsjón forsætisráðuneytisins að eðlilegt væri að framlög til þessara mála væru ekki dreifð um mörg ráðuneyti og haft sé samráð við fjárlaganefnd um úthlutun á þessu fé. Það færist mjög í vöxt að framkvæmdarvaldið reyni að sniðganga Alþingi í úthlutun fjármuna.

Gerð er tillaga um að St. Jósefsspítali á Landakoti fái 100 millj. kr. fjárveitingu, þegar tekið er tillit til 10 millj. kr. framlags af liðnum 08-370 Sjúkrahús í Reykjavík, stofnkostnaður, sem verði breytt í rekstrarframlag. Hér er um að ræða fjárveitingu til þess að greiða skuldir Landakotsspítala sem m.a. eru tilkomnar vegna illa undirbúinna skipulagsbreytinga og niðurskurðar vegna sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík. Sömuleiðis er gerð tillaga um að St. Jósefsspítali í Hafnarfirði fái 27 millj. kr. vegna uppsafnaðs vanda í rekstri spítalans.

Áform um sölu Þvottahúss ríkisspítalanna hafa ekki gengið eftir og lækka sértekjur þeirra vegna þessa um 60 millj. kr. sem nemur áætluðum tekjum af sölu hlutabréfa. Ekki er gert ráð fyrir að bæta ríkisspítölunum nema helming þessarar upphæðar, eða 30 millj. kr., og ljóst er að draga verður verulega úr þjónustu ef takast á að spara í rekstri um 30 millj. kr. á þessum eina mánuði sem eftir er ársins. Minni hlutinn telur ekki fært annað en að bæta þetta að fullu þar sem hér var um ákvarðanir að ræða sem ekki voru í valdi stjórnenda ríkisspítalanna og flytur um það breytingartillögu. Minni hlutinn bendir á að innheimta tekjuskatts, sem rennur til sveitarfélaga í stað aðstöðugjalds að upphæð 4 milljarðar kr., kemur ekki fram í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í trausti þess að ríkisreikninganefnd, sem vinnur nú að samræmingu á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings, muni skila sameiginlegum tillögum um þetta mál innan tíðar flytur minni hlutinn ekki breytingartillögu um málið.

Minni hluti telur að fjáraukalagafrumvarpið 1993 sýni að útgjöld ríkissjóðs hafa farið fram úr áætlunum vegna rangra og óraunsærra ákvarðana sem teknar voru af stjórnvöldum við fjárlagagerð fremur en að rekstur einstakra stofnana hafi farið úr böndunum. Það hefur komið í ljós að ekki var samstaða þegar til átti að taka í stjórnarliðinu um ákvarðanir sem teknar voru af meiri hluta Alþingis þegar fjárlög voru samþykkt. Það hefur ekki tekist að vinna bug á atvinnuleysinu né samdrætti og svartsýni sem því fylgir, efnahagsstefnan hefur beðið skipbrot og ljóst að vaxandi atvinnuleysi er fram undan. Minni hlutinn getur því ekki borið ábyrgð á því fjáraukalagafrumvarpi sem hér er lagt fram vegna þess að það er óaðskiljanlegur þáttur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Minni hlutinn mun því sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins, en áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Margrét Frímannsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. des. 1993.

Jón Kristjánsson, frsm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Guðrún Helgadóttir.

Guðmundur Bjarnason.

306. Breytingartillaga [105. mál]

við brtt. á þskj. 298 [Fjáraukalög 1993].

Frá minni hluta fjárlaganefndar (GB, MF, JVK, JónK, GHelg).

	Þús. kr.
Við 15. lið (08-371 Ríkisspítalar).	
Fyrir „103.000“ kemur	133.000

307. Tillaga til þingsályktunar [259. mál]

um að færa verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins til sveitarfélaga.

Flm.: Svanhildur Árnadóttir, Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á með hvaða hætti megi færa verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins til sveitarfélaga.

Greinargerð.

Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, segir svo í kaflanum um sveitarstjórnarmál:

„Sveitarfélögin verða efld og aðstaða þeirra til að veita íbúum sínum félagslega þjónustu bætt.“ Enn fremur segir: „Áfram verður unnið að tilfærslu verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga.“

Tilfærsla verkefna frá Húsnæðisstofnun til sveitarfélaga er í samræmi við þessi markmið ríkisstjórnarinnar. Margt bendir til að slík tilfærsla njóti vaxandi fylgis í þjóðfélaginu og eru hér á eftir tilgreind dæmi þar um. Þingsályktunartillaga þessi er flutt í því skyni að fá fram vandaðar og ígrundaðar tillögur um breytta skipan mála varðandi hlutverk ríkis og sveitarfélaga á vettvangi húsnæðismála og um nauðsynlega tilfærslu tekjustofna í því sambandi.

Núverandi kerfi hefur legið undir vaxandi gagnrýni, ekki síst af hálfu sveitarstjórna vegna mikils miðstýringarvalds Húsnæðisstofnunar, einkum á sviði félagslegra húsnæðismála. Ákvarðanir, sem varða hagsmuni og málefni einstakra sveitarfélaga, hvarvetna á landinu, og einstaklinga og fjölskyldna sem þar búa, eru teknar af sjö manna stjórn og embættismönnum einnar stofnunar í Reykjavík. Afgreiðsla mála þarf í ríkum mæli að fara fram í Húsnæðisstofnun þótt málefnið varði hin ýmsu byggðarlög og íbúa þeirra. Eðlilegt verður að telja að efasemdir komi fram um að stofnunin og stjórn hennar hafi forsendur til að meta aðstæður í hverju byggðarlagi.

Gagnrýni af þessu tagi kemur greinilega fram í skýrslu nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 25. febrúar 1992 og falið var að meta reynsluna af framkvæmd laga nr. 70/1990, um félagslegar íbúðir, og koma með tillögur til úrbóta ef nauðsyn krefði. Í skýrslu nefndarinnar, sem skilað var 19. maí 1993, er greint frá því að nefndin hafi haldið fundi með 27 húsnæðisnefndum víða um land og er í skýrslunni að finna greinargóða samantekt á viðhorfum sveitarstjórnarmanna og allmargar tillögur og ábendingar um umbætur sem m.a. eru byggðar á þessum viðtölum.

Nefndin dregur saman meginniðurstöður sínar, svohljóðandi: „Greina má tillögur nefndarinnar í þrjá meginflokka:

Í fyrsta lagi þá stjórnsýslulegu breytingu að sveitarfélög axli enn meiri ábyrgð, taki að sér fleiri verkefni en nú er. Húsnæðisstofnun dragi að sama skapi úr vinnu við einstök mál en beiti sér fremur að eftirliti, upplýsingum og fræðslu.

Í öðru lagi að tekið verði upp sveigjanlegra fyrirkomulag, ekki síst með minni sveitarfélög í huga.

Að lokum, tillögur og ábendingar um fjölmörg einstök atriði sem sum þarfnast lagabreytingar við en önnur einungis nýjar venjur við framkvæmd mála."

Sveitarfélaganefnd, skipuð 26. febrúar 1992, segir í áfangaskýrslu sinni, Aukið hlutverk sveitarfélaga, dags. 22. október 1992, á bls. 68:

„Stækkun sveitarfélaga skapar forsendur fyrir verulegri hagræðingu í félagslega húsnæðiskerfinu og eykur möguleika á því að vægi sveitarfélaga aukist til muna og að dregið verði úr eftirlitshlutverki Húsnæðisstofnunar. Hér má nefna eftirlit með úthlutun félagslegra íbúða (tekju- og eignarmörk), greiðslumark og kostnaðareftirlit. Stækkun sveitarfélaga gerir þeim kleift að verða í ríkara mæli sjálfum sér nóg um sérþekkingu í málaflokkum í stað þess að þurfa að leita til Húsnæðisstofnunar. Auk þess verður mögulegt að færa ýmis verkefni frá Húsnæðisstofnun til sveitarfélaganna. Ráðgjöf og uppgjör vegna byggingarkostnaðar eru dæmi um slíkt. Einnig kemur til álita að upphæð lána til sveitarfélaganna verði miðuð við fastar fjárhæðir frekar en fjölda íbúða. Aukið sjálfstæði um ráðstöfun lánanna gæti leitt til betri nýtingar fjármagns og jafnvel kaupa á fleiri íbúðum."

Eftir að niðurstöður kosninga um sameiningu sveitarfélaga 20. nóvember sl. lágu fyrir er ekki ljóst hver framvinda mála verður varðandi stækkun sveitarfélaga. Því er ekki unnt að binda flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga því skilyrði að svo komnu máli, enda má ætla að í einstökum málaflokkum sé unnt að koma á virku samstarfi sveitarfélaga eins og þegar hefur verið gert á mörgum sviðum víða um land.

Húsnæðismál, ekki síst félagsíbúðamál, eru viðamikill málaflokkur og gæti reynst litlum sveitarfélögum ofviða að takast á við hann að öllu leyti án utanaðkomandi aðstoðar. Eins og málum er nú háttað geta sveitarfélögin leitað til Húsnæðisstofnunar og hafa reyndar í fá önnur hús að venda þegar þörf er á ráðgjöf og aðstoð. Þetta hefur reynst vera svifasein þjónusta eins og fram kemur í umsögnum húsnæðisnefndanna sem um getur hér að framan. Vandamál lítilla sveitarfélaga á þessu sviði ætti að vera unnt að leysa með samvinnu við fleiri sveitarfélög og stærri.

Nefnd sú, sem hér er lagt til að verði skipuð, þarf að kanna og leggja fram tillögur um með hvaða hætti verkefni verði færð frá Húsnæðisstofnun til sveitarfélaga, hver verkefnin yrðu, hvernig þau yrðu fjármögnuð, hvar vald og ábyrgð eigi að liggja, hvernig rétt sé að skipa samstarfi sveitarfélaga þar sem þess gerist þörf og hvert hlutverk Húsnæðisstofnunar eigi að vera að þessum breytingum gerðum. Afar mikilvægt er að nefndin verði þannig skipuð að sjónarmið lítilla og stórra sveitarfélaga nái að koma fram í starfi hennar og niðurstöðum.

308. Frumvarp til laga [260. mál]

um afnám laga nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, og lög nr. 29 27. maí 1992, um viðauka við þau lög falla úr gildi.

2. gr.

Þær innstæður sem standa inni á reikningum á nafni einstakra framleiðenda í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins skulu greiddar til viðkomandi framleiðanda sem fyrst eftir gildistöku laga þessara. Aðrar eignir sjóðsins skulu renna til reksturs Hafrannsóknastofnunarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 31. október 1991 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Nefndin skilaði áliti sínu 5. október 1992. Í áliti nefndarinnar er rakin saga verðjöfnunar frá því hún hófst með skipulegum hætti með setningu laga nr. 72/1969. Þá er fjallað um reynslu af framkvæmd núgildandi laga sem nefndin telur hafa haft raunveruleg áhrif til að draga úr áhrifum uppsveiflu í útflutningsverði árin 1990 og 1991. Raktir eru kostir varðandi sveiflujöfnun í sjávarútvegi. Þá er fjall-

að um neikvæð viðhorf hagsmunaaðila til verðjöfnunar. Loks rekur nefndin í áliti sínu ákvæði laga nr. 29/1992 varðandi útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði en samkvæmt þeim lögum hafa 2.873 m.kr. verið greiddar úr sjóðnum vegna slæmrar afkomu sjávarútvegsins án þess að verðfall afurða hafi gefið tilefni til. Er það niðurstaða nefndarinnar að með hliðsjón af aðstæðum í sjávarútvegi, andstöðu hagsmunaaðila við áframhaldandi starfsemi sjóðsins og stöðu sjóðsins eftir að fjármunir hans hafa verið upp urnir með útgreiðslu til að bæta stöðu sjávarútvegsfyrirtækja séu ekki raunhæf skilyrði fyrir því að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins starfi áfram. Leggur nefndin því til að lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins verði afnumin og sjóðurinn lagður niður. Er þetta frumvarp flutt í samræmi við þær tillögur. Fylgir álit nefndarinnar ásamt viðauka með sem fskj. I. Vísast til þess varðandi nánari umfjöllun um framangreind atriði. Um útgreiðslu úr sjóðnum á grundvelli laga nr. 29/1992 vísast til sérstakrar greinargerðar sem fylgir frumvarpi þessu sem fskj. II.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lög nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, ásamt lögum um viðauka við þau falli úr gildi. Um röksemdir fyrir því vísast til almennra athugasemda og fskj. I með frumvarpi þessu.

Um 2. gr.

Samkvæmt lögum nr. 29/1992 var megninu af eignum Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins varið til greiðslu á skuldum einstakra framleiðenda sjávarafurða og til lífeyrissjóða sjómanna. Var gripið til þessa ráðs vegna slæmrar afkomu sjávarútvegsins vegna minni afla. Á þetta við um nær allar innstæður sem myndast höfðu á sérgreindum reikningum á nafni einstakra framleiðenda í gildistíð laga nr. 39/1990 sem og þann hluta óskiptra innstæðna á sérstökum reikningum Verðjöfnunarsjóðs úr eldra sjóði vegna saltfisksafurða og humars er tókst að rekja til einstakra framleiðenda. Alls hefur verið varið 2.526 m.kr. til greiðslu skulda einstakra framleiðenda og 347 m.kr. til lífeyrissjóða sjómanna. Samtals nema útgreiðslur því 2.873 m.kr. Á fskj. II með frumvarpi þessu fylgir sérstök greinargerð um framkvæmd þessarar útgreiðslu.

Enn er óráðstafað um 15 m.kr. af reikningum sem skráðir eru á nafn einstakra framleiðenda vegna þess að 215 aðilar, sem skráðir eru fyrir reikningunum, hafa ekki óskað eftir útgreiðslu á innstæðunum til greiðslu skulda sinna samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1992. Er með þessari grein lagt til að þessar innstæður verði greiddar beint til viðkomandi framleiðenda. Í langflestum tilvikum er um mjög lágar fjárhæðir að ræða. Aðrar eignir í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins eru annars vegar fjármunir sem runnið hafa eða renna eiga inn á óskiptan reikning sjóðsins og hins vegar fjármunir sem komnir eru úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og standa á sérstökum reikningum vegna þeirra afurða er innstæðuna mynduðu á sínum tíma. Óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs skal samkvæmt gildandi lögum nota til að standa undir rekstrarkostnaði sjóðsins. Þessi reikningur hefur myndast við það að framleiðendur hafa orðið gjaldþrota eða félögum verið slitið og innstæður á nafni þeirra runnið inn á hinn sameiginlega reikning. Þá féllu þangað innstæður á sérstökum reikningum saltfisksafurða og humars frá gildistíð eldri laga sem gengu ekki til einstakra aðila vegna gjaldþrota framleiðenda eða slita félaga á liðnum árum. Loks eiga eftirstöðvar af reikningum vegna deilda eldri sjóðs sem nema minna en 0,2% af árlegu útflutningsverðmæti viðkomandi afurða að renna inn á reikninginn. Samtals lætur nærri að 205 m.kr. tilheyri þess-

um sameiginlega reikningi. Auk framangreindrar innstæðu á hinum óskipta reikningi eru nú tæplega 24 m.kr. á reikningi vegna skreiðarafurða frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, en verðbætur eru nú greiddar á skreið úr þessum reikningi. Má ætla að innstæða á reikningnum verði a.m.k. 15 m.kr. um nk. áramót. Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að allar þær innstæður sem eftir standa í sjóðnum er starfsemi hans lýkur á reikningum, sem eru ekki skráðir á nafn, gangi til að standa straum af rekstri Hafrannsóknastofnunarinnar. Má samkvæmt framansögðu ætla að það verði nálægt 220 m.kr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Álit nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði 31. október 1991 til að endurskoða gildandi lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

(5. október 1992.)

Verðjöfnunarsjóðsnefnd.

I. Skipun og hlutverk nefndarinnar.

Hinn 31. október 1991 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að endurskoða gildandi lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Í nefndina voru skipaðir: Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, formaður, Björn Björnsson bankastjóri, Hallgrímur Þorsteinsson, löggiltur endurskoðandi, Ólafur Ísleifsson hagfræðingur og Þorvarður Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að hlutverk hennar sé að meta hvort verðjöfnun sé raunhæf leið til að draga úr sveiflum í afkomu sjávarútvegs og áhrifum þeirra á þjóðarbúið. Þá er nefndinni falið að taka afstöðu til þess hvort ná megi þeim markmiðum eftir öðrum leiðum. Loks er nefndinni ætlað að leita samráðs við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og meta þær tillögur sem af þeirra hálfu hafa verið settar fram varðandi sjóðinn.

II. Afkoma fiskvinnslunnar og forsendur nefndarstarfsins.

Um það leyti sem nefndin var skipuð hafði Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins starfað um nær hálfs annars árs skeið. Markaðsverð botnfisksafurða var hátt allt þetta tímabil og höfðu framleiðendur því greitt í sjóðinn samkvæmt reglum hans og ákvörðunum sjóðstjórnar. Afli hafði hins vegar dregist saman síðari hluta tímabilsins og haustið 1991 var sýnt að stefndi í verulegan aflasamdrátt með ákvörðunum um fiskveiðiheimildir á fiskveiðiárinu sem hófst 1. september 1991. Í kjölfar mikillar hækkunar afurðaverðs á árinu 1990 hækkaði hráefnisverð til muna. Afkoma fiskvinnslufyrirtækja versnaði því og hefur verið slök síðan, einkum vegna mjög lélegra aflabragða.

Undir lok ársins 1991 brugðust stjórnvöld við vanda sjávarútvegsfyrirtækja með ákvörðunum um skuldbreytingar lána við Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og Fiskveiðasjóð. Með þessum aðgerðum var létt af fyrirtækjunum greiðslum afborgana og vaxta á árunum 1992 og 1993 að fjárhæð 800 millj. kr. hvort ár. Af hálfu fiskvinnslunnar voru settar fram kröfur um frekari aðgerðir. Meðal annars var rætt um stöðvun inngreiðslna í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins á grundvelli heimildar í 10. gr. laga um sjóðinn. Sjóðstjórn taldi ekki skilyrði til þess og áfram var því greitt í sjóðinn.

Nefndin sem ráðherra skipaði til að endurskoða lögin um Verðjöfnunarsjóð tók til starfa í byrjun nóvember 1991. Hún ritaði þá bréf til helstu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi og gaf þeim kost á að kynna henni afstöðu og sjónarmið hlutaðeigandi samtaka til viðfangsefnis nefndarinnar. Svör þessara samtaka bárust á næstu vikum og voru flest þeirra á þá leið að leggja bæri Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins niður eins og nánar er rakið hér á eftir. Um sama leyti lagði sjávarútvegsráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins (176. mál, þskj. 193). Með frumvarpi þessu var lagt til að á fiskveiðiárinu 1991–1992 yrði ekki um frekari inngreiðslur að ræða í Verðjöfnunarsjóð. Í framsöguræðu sinni fyrir frumvarpinu 5. desember 1991 gat sjávarútvegsráðherra þess að sú óvenjulega aðstaða hefði skapast að sjávarútvegurinn ætti við mikinn rekstrarvanda að etja þrátt fyrir mjög hátt verðlag á erlendum mörkuðum. Samkvæmt reglum Verðjöfnunarsjóðs hefði inngreiðslum í sjóðinn verið haldið áfram en óhjákvæmilegt væri að stöðva inngreiðslur við þær aðstæður sem ríktu. Í lögunum um Verðjöfnunarsjóð væri kveðið á um að við sérstakar aðstæður væri heimilt að stöðva inngreiðslur. Það væri hins vegar umdeilanlegt hvort ríkjandi aðstæður heimiluðu eða réttlættu að þessu lagaákvæði væri beitt. Því þætti nauðsynlegt að lögfesta sérstakt ákvæði um stöðvun inngreiðslna.

Þetta frumvarp fékk greiðan framgang og var samþykkt samhljóða sem lög frá Alþingi 17. desember (lög nr. 78/1991).

Fyrri hluta ársins 1992 fór vandi sjávarútvegsins enn vaxandi, einkum vegna mjög lélegra aflabragða. Stöðvun inngreiðslna í Verðjöfnunarsjóð létti að vísu undir en dugði þó skammt til að bæta afkomu fyrirtækjanna. Kostnaður sjávarútvegsfyrirtækja jókst svo enn með kjarasamningunum í maí sl. Eftir þetta var á ný gripið til sérstakra ráðstafana til að bæta stöðu sjávarútvegsins með breytingu á lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Sjávarútvegsráðherra lagði fram frumvarp þar að lútandi 15. maí og var það samþykkt sem lög frá Alþingi 19. maí. Lögin kveða í meginatriðum á um að innstæðum á reikningum einstakra framleiðenda í Verðjöfnunarsjóði skuli varið til greiðslu á skuldum þeirra auk greiðslna til lífeyrissjóða sjómanna. Gert var ráð fyrir að samkvæmt þessum lögum yrði um 2.700 millj. kr. varið til lækkunar á skuldum þeirra framleiðenda sem mynda innstæður í sjóðnum og um 280 millj. kr. til lífeyrissjóða sjómanna. Nánar er fjallað um lög þessi síðar í þessari greinargerð.

Eins og ráða má af þessu yfirliti hafa forsendur starfs nefndarinnar, sem ætlað var að endurskoða lögin um Verðjöfnunarsjóð, breyst verulega frá því hún var skipuð 31. október 1991. Nefndinni var upphaflega ætlað að meta reynsluna af starfi Verðjöfnunarsjóðs og gildi verðjöfnunar til að draga úr sveiflum í sjávarútvegi og áhrifum þeirra á þjóðarbúið. Jafnframt var nefndinni ætlað að taka afstöðu til þess hvort unnt væri að koma við sveifluJöfnun eftir öðrum leiðum. Með lagasetningunni um Verðjöfnunarsjóð í maí var að vísu ekki mörkuð ákveðin stefna um breytingar á starfsreglum sjóðsins til frambúðar, heldur var hér um sérstaka tímabundna ráðstöfun að ræða. Sú ráðstöfun er þó bæði þess eðlis og svo

stórtæk að hún hlýtur að áliti nefndarinnar að hafa bein áhrif á mat manna á stöðu sjóðsins og framtíðarhlutverki hans.

Í fyrri hluta þessarar greinargerðar er fjallað um Verðjöfnunarsjóð, lögin um hann og reynsluna af starfsemi hans. Þá er greint frá áliti og tillögum hagsmunaaðila en síðan fjallað almennt um sveiflujöfnun. Í síðari hluta greinargerðarinnar er rætt um þær aðstæður sem skapast hafa með nýlegri lagasetningu, þá kosti sem sýnast tiltækir í sveiflujöfnun og loks er gerð grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar.

III. Stofnun Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins.

Kerfisbundin verðjöfnun sjávarafurða hófst með stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins með lögum nr. 72 21. maí 1969, en sjóðurinn tók til starfa í ársbyrjun 1970. Þessi sjóður starfaði til maíloka árið 1990. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins var stofnaður með lögum nr. 39 15. maí 1990, en þau tóku gildi 1. júní sama ár. Með þessum lögum voru fyrrgreind lög nr. 72/1969 felld úr gildi. Jafnframt var kveðið á um að ríkissjóður skyldi taka við skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins en innstæður deilda í sjóðnum skyldu færðar á sérstaka reikninga í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins og notaðar til greiðslu verðbóta þegar útborgunartilefni sköpuðust.

Lögin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og starfsemi sjóðsins árabilið 1970–1990 voru afar umdeild. Síðustu fimm starfsár sjóðsins varð hann tilefni mikilla umræðna og athugana. Þetta tímabil störfuðu ekki færri en þrjár stjórnskipaðar nefndir hver á fætur annarri sem allar höfðu það verkefni að meta starfsemi sjóðsins og þörf fyrir verðjöfnun sjávarafurða. Hin fyrsta þessara nefnda gerði ráð fyrir að sjóðurinn yrði starfræktur áfram en lagði til að gerðar yrðu nokkrar breytingar á gengisviðmiðun og voru þær lögfestar árið 1986.[6] Önnur nefndin komst að þeirri niðurstöðu að leggja bæri sjóðinn niður þar sem forsendur fyrir starfsemi hans væru brostnar í veigamiklum atriðum. Í stað opinberrar og kerfisbundinnar verðjöfnunar lagði nefndin til að fyrirtækjum í sjávarútvegi yrði heimilað að mynda sérstaka sveiflujöfnunarsjóði innan fyrirtækjanna til þess að verjast sveiflum í afkomu.[7] Þriðja nefndin var skipuð undir lok ársins 1989. Hún lagði til að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins yrði lagður niður. Hins vegar skyldi lögboðinni verðjöfnun sjávarafurða fram haldið og í því skyni stofnaður Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins sem starfa skyldi eftir öðrum reglum en þá giltu. Á grundvelli þessara tillagna lagði sjávarútvegsráðherra fram frumvarp sem Alþingi samþykkti með nokkrum breytingum og varð að lögum nr. 39/1990.

IV. Lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Tilgangur laganna um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins er í meginatriðum hinn sami og áður gildandi laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, þ.e. að jafna sveiflur í útflutningsverði sjávarafurða og draga þannig úr áhrifum þeirra á afkomu fyrirtækja og þjóðarbúsins. Meginaðferðin við verðjöfnunina er jafnframt hin sama og áður gilti. Við hátt markaðsverð er hluta útflutningsteknanna haldið eftir, hann greiddur inn í sérstakan sjóð og nýttur til greiðslu til fyrirtækja í sjávarútvegi þegar verð er lágt. Ákvæði gildandi laga um fyrir-

---

[6]Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins og Stofnfjársjóður fiskiskipa. Álit og tillögur nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði í ársbyrjun 1985. Síðari hluti. Reykjavík, október 1986.

[7]Álit og tillögur nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði í janúar 1988 til að endurskoða gildandi lög og reglur um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

komulag verðjöfnunar og útreikning, um verðjöfnunarreglur og rétt til útgreiðslu eru hins vegar í veigamiklum atriðum ólíkar þeim sem giltu samkvæmt lögunum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Samkvæmt gildandi lögum er verðjöfnun ákvörðuð fyrir hvern mánuð í senn sem fast hlutfall af fob-verði afurða í hverri deild sjóðsins. Verðjöfnunarhlutfallið er því þekkt fyrir fram og útreikningur verðjöfnunar getur farið fram við gjaldeyrisskil. Samkvæmt þeim lögum, sem áður giltu, miðaðist verðjöfnun við framleiddar vörur hvert verðjöfnunartímabil. Verðjöfnun gat því ekki átt sér stað endanlega fyrr en allar vörur, sem framleiddar voru á tímabilinu, höfðu verið seldar. Breytingin, sem varð á þessu með gildandi lögum, tók fyrir óvissu útflytjenda um þann hluta viðskiptaskilyrðanna sem fólst í verðjöfnuninni og gerði kleift að uppgjör verðjöfnunar færi fram miklum mun fyrr en áður var.

Verðjöfnunarreglur samkvæmt eldri lögum voru talsvert teygjanlegar og háðar mati sjóðstjórnar, m.a. mati hennar á afkomu fyrirtækja í hverri grein. Í gildandi lögum eru verðjöfnunarreglur skýrt ákveðnar og almennar. Svigrúm sjóðstjórnar til eigin ákvörðunar er takmarkað við ákvörðun verðbils frá grundvallarverði innan 3–5% fráviksmarka sem kveðið er á um í lögunum. Breytingin frá fyrri tilhögun, sem í þessu fólst, hafði í för með sér að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins varð mun almennara og sjálfvirkara stjórntæki en forveri hans var. Mun minni hætta varð því á að einstakar ákvarðanir um verðjöfnun réðust af skammtímavandkvæðum í hverri grein eða yrðu einhvers konar samningsniðurstaða hagsmunaaðila í tengslum við ákvörðun hráefnisverðs hverju sinni.

Lögin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins sættu gagnrýni fyrir þá sök að fyrirtæki gátu notið verðuppbóta úr sjóðnum þótt þau hefðu aldrei greitt í hann. Með gildandi lögum er hins vegar kveðið á um að greiðslur í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins skuli renna inn á verðjöfnunarreikning á nafni hlutaðeigandi framleiðanda. Jafnframt skulu greiðslur úr sjóðnum til framleiðanda aldrei vera meiri en sem nemur innstæðum á viðkomandi verðjöfnunarreikningi. Þá eru ákvæði um að þótt innstæður á verðjöfnunarreikningi teljist eign sjóðsins séu þær bundnar við verðjöfnun á afurðum framleiðandans sem myndaði inneignina. Í framhaldi af því eru loks ítarleg ákvæði um að réttur til verðjöfnunar geti gengið milli fyrirtækja við slit og samruna, við sölu fyrirtækis o.fl. Með þeim ákvæðum sem hér um ræðir var komið í veg fyrir að aðili, sem aldrei hafði greitt í sjóðinn, fengi notið greiðslna úr honum og útborgun til tiltekins fyrirtækis færi fram úr inngreiðslu þess í sjóðinn.

Aðferðin, sem valin var til að leysa þetta vandamál, beindi hins vegar sjónum að öðru álitamáli, eignarhaldi á innstæðum. Þetta kom fram í því að nafnskráning á verðjöfnunarreikningum samkvæmt gildandi lögum vakti upp kröfur um að innstæður á reikningunum yrðu viðurkenndar sem eign þess framleiðanda sem skráður var fyrir reikningnum. Var þess ýmist krafist að slíkar innstæður gætu verið til fullrar ráðstöfunar við tiltekin skilyrði eða a.m.k. hæfar til veðsetningar. Slíkt virðist hins vegar vera andstætt tilgangi hinnar opinberu og lögskipuðu verðjöfnunar eins og vikið er að hér á eftir.

V. Reynslan af Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins.

Þegar Alþingi samþykkti í maí sl. lög um útgreiðslu úr Verðjöfnunarsjóði hafði sjóðurinn aðeins starfað um tveggja ára skeið. Raunar hafði hann starfað enn skemur að fullu þar sem tekið var fyrir inngreiðslur í sjóðinn með sérstökum lögum í desember 1991. Langvinn reynsla hefur því ekki fengist af starfsemi sjóðsins og því naumast unnt að draga endanlegar ályktanir af því verðjöfnunarkerfi sem lögin kveða á um. Reynslan, sem fengist hafði af starfsemi Verðjöfnunarsjóðs þegar ákveðið var með lögum frá Alþingi í maí að greiða út

innstæður í honum, var í meginatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi hafði fengist reynsla af áhrifum inngreiðslna í sjóðinn frá miðju ári 1990 til ársloka 1991, þá var og komin veruleg reynsla af framkvæmd verðjöfnunarinnar og loks höfðu viðhorf hagsmunaaðila til sjóðsins skerpst á þessu tímabili. Hér verður stuttlega vikið að þessu.

Áhrif inngreiðslna 1990–1991.

Í ársbyrjun 1990 tók markaðsverð sjávarafurða að hækka úr þeim öldudal sem það fór í á árinu 1988. Verðið hækkaði stöðugt á árinu 1990 og í árslok var það um fjórðungi hærra en á sama tíma árið áður. Er þá miðað við staðvirt meðalverð botnfisksafurða án ísfisks, mælt í SDR. Markaðsverð mælt með þessum hætti hækkaði enn á fyrsta fjórðungi ársins 1991 en tók síðan að lækka eftir mitt það ár. Lækkunin varð þó ekki veruleg eins og sjá má af því að í mars 1992 var verðið 7% lægra en þegar það fór hæst á sama tíma árið áður.

Sú verðlagsþróun, sem hér hefur verið tæpt á, varð þess valdandi að er Verðjöfnunarsjóður tók til starfa um mitt árið 1990 kom þá þegar til inngreiðslu í botnfisksdeild hans. Inngreiðslan nam í fyrstu 1% af fob-verði botnfisksafurða en fór síðan vaxandi og var komin í 4% í lok ársins. Hæst fór hún í 5% í apríl 1991 en lækkaði eftir það smám saman og endaði loks í 1,5% í desember 1991 þegar tekið var fyrir inngreiðslur með sérstökum lögum.

Af þessu má ráða að þau þrjú missiri, sem greitt var inn í botnfisksdeild, hafði sjóðurinn veruleg áhrif í þá átt að draga úr aukningu tekna sjávarútvegsins af völdum hækkunar á markaðsverði og þar með úr áhrifum verðsveiflunnar á þjóðarbúskapinn. Greiðslur í Verðjöfnunarsjóð og úr honum hafa mikil áhrif á hráefnisverð og náið samband er milli endanlegs útflutningsverðs og hráefnisverðs. Þetta samband varð enn beinna en verið hafði við það að með gildandi lögum var kveðið á um að verðjöfnun væri ákvörðuð fyrir fram fyrir hvern mánuð. Í þessu sambandi er sérstaklega athyglisvert að þetta samband endanlegs útflutningsverðs og hráefnisverðs var að fullu viðurkennt við framkvæmd viðskiptakjaraákvæða kjarasamninga árin 1990 og 1991. Þetta kom fram í því að sá hluti viðskiptakjarabata þjóðarbúsins, sem rann til Verðjöfnunarsjóðs og ekki hafði áhrif á hráefnisverð og þar með tekjur sjómanna, var ekki talinn mynda tilefni til almennrar launahækkunar í landinu.

Tölur um breytingar hráefnisverðs til botnfisksvinnslu sýna mikla hækkun árið 1990 og fram eftir árinu 1991 í kjölfar breytinga afurðaverðsins. Sem dæmi um hversu mjög hráefnisverðið hækkaði má nefna að tímabilið frá ágúst 1990 til febrúar 1991 mældist árshækkun þess lengst af 34–38%. Um og eftir mitt ár 1991 fór að draga úr hækkun hráefnisverðs og í ársbyrjun 1992 var það svipað og í ársbyrjun 1991. Hækkun hráefnisverðsins 1990 og 1991 varð við skilyrði inngreiðslna í Verðjöfnunarsjóð. Enginn vafi er á að ef verðjöfnun hefði ekki verið beitt og framleiðendur notið hækkunar markaðsverðsins að fullu hefði hráefnisverð hækkað enn meira en raunin varð. Áhrif uppsveiflunnar í markaðsverði á tekjur sjómanna hefðu því orðið að sama skapi meiri. Þetta hlyti síðan að hafa komið fram í almennri launahækkun í landinu, ýmist vegna áhrifa af meiri tekjuauka í sjávarútvegi og tengdri starfsemi eða vegna samanburðar á tekju- og launaþróun sjómanna og landverkafólks.

Samkvæmt framansögðu má draga þá ályktun að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins hafi haft veruleg áhrif í þá átt að draga úr áhrifum uppsveiflu í útflutningsverði á árunum 1990 og 1991.

Framkvæmd verðjöfnunar.

Verðjöfnunin samkvæmt lögunum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins virðist hafa gengið vel í framkvæmd og reynst næsta snurðulaus. Uppgjörstilhögun í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins er mun betri en verið hafði í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Þá þykir deildaskipting í sjóðnum vera betri en í hinum gamla, einkum þar sem hún hefur ekki áhrif á ráðstöfun hráefnis milli vinnslugreina. Ekki hefur síður þótt skipta máli að reglur um ákvörðun viðmiðunarverðs samkvæmt lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins eru mun ákveðnari en hinar sem áður giltu. Ákvarðanir urðu mun sjálfvirkari en verið hafði og reglurnar gefa ekki færi á huglægu mati, undantekningum eða geðþóttaákvörðunum til að bregðast við tilteknum skilyrðum eða afbrigðum. Þannig sýnist nánast hafa verið komið í veg fyrir að sjóðnum yrði beitt í öðru skyni en til verðjöfnunar. Reglurnar um ákvörðun verðjöfnunar þykja þannig hafa aukið mjög á festu í starfsemi sjóðsins og dregið úr misklíð og tortryggni um framkvæmd verðjöfnunarinnar. Þær virðast hins vegar ekki hafa valdið breytingum á viðhorfum hagsmunaaðila til opinberrar verðjöfnunar og starfsemi sjóðsins yfirleitt.

Viðhorf til opinberrar verðjöfnunar.

Sem fyrr sagði var nefndinni ætlað að leita samráðs við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og meta þær tillögur sem hafa af þeirra hálfu verið settar fram um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Í samræmi við þetta fór nefndin þess á leit við ýmis samtök greinarinnar að þau kynntu henni sjónarmið sín í þessu efni.

Svör hagsmunaaðilanna reyndust flest á eina lund, þ.e. að leggja ætti Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins niður og hætta opinberri verðjöfnun sjávarafurða. Hjá flestum samtökunum kom fram að þessi afstaða þeirra væri ekki ný af nálinni og hefði legið skýrt fyrir þegar frumvarpið um Verðjöfnunarsjóð var til umræðu fyrri hluta ársins 1990. Af sumum svörunum sýnist hins vegar mega ráða að andstaða þeirra við hina lögbundnu opinberu verðjöfnun hafi farið vaxandi.

Álit og tillögur hagsmunaaðila eru rakin nánar í viðauka við þetta álit, en hér verður tæpt á meginatriðum í svörum þeirra.

Flest samtök fiskvinnslu og fiskseljenda lýstu yfir því að þau teldu að leggja bæri Verðjöfnunarsjóð niður. Jafnframt lögðu flest þessara samtaka til að ráðstafa ætti inneignum í sjóðnum til greiðslna á skuldum fyrirtækjanna. Loks kom sú skoðun víða fram að í stað opinberrar verðjöfnunar eigi að gefa fyrirtækjunum kost á að koma upp eigin sveiflujöfnunarsjóðum.

Samtök útvegsmanna lögðu og til í bréfum sínum til nefndarinnar að Verðjöfnunarsjóður yrði lagður niður. Þessar tillögur voru ekki síst rökstuddar með vísan til aflasamdráttar og versnandi afkomu í greininni.

Sjómannasamtökin lýstu svipuðum skoðunum. Sjómannasamband Íslands taldi ekki lengur þörf fyrir sjóðinn og bæri að leggja hann niður. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vísaði til eldri ályktunar sinnar um að leggja ætti niður botnfisksdeildir sjóðsins en starfrækja aðrar deildir hans áfram. Hvor tveggja samtökin lögðu jafnframt áherslu á að ef sjóðurinn yrði starfræktur áfram yrði að breyta lögunum um hann á þann hátt að sjómenn tækju þátt í verðjöfnuninni þannig að stofnaðir yrðu sérreikningar fyrir þá sjómenn sem tækju þátt í beinni verðjöfnun.

Í tveimur þeirra álitsgerða sem nefndinni bárust kveður við annan tón en hér hefur verið rakið. Önnur þessara álitsgerða var rituð af Árna Benediktssyni á vegum Íslenskra sjávarafurða hf. Álit hans var á þá leið að sjóðurinn hefði haft veruleg áhrif og sé hann eitt af örfáum hagstjórnartækjum sem komi að gagni til að viðhalda stöðugleika. Sjóðinn megi því ekki leggja niður fyrr en náðst hafi skilningur á því hvernig sjávarútvegurinn geti sjálfur jafnað sveiflur og að í þjóðfélagi, sem býr við óstöðugt afurðaverð, verði að gera ráð fyrir að kostnaður, ekki síst hráefnisverð, geti þurft að lækka í stað þess að gripið sé til gengisfellingar.

Í álitsgerð framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands frá apríl 1991 er lögð áhersla á að með inngreiðslum í sjóðinn árin 1990 og 1991 hafi verið komið í veg fyrir almennar launahækkanir og fiskverðshækkanir sem hefðu ella hleypt af stað verðhækkunarskriðu. Um tillögur hagsmunaaðila að sjóðurinn verði leystur upp og úr honum greitt segir að menn geti ekki bæði fengið greitt fé úr sjóðnum og haldið jafnframt ávinningnum af starfsemi hans. Í reynd feli tillögur sem þessar í sér fráhvarf frá markmiðum um gengisfestu og séu ígildi kröfu um gengisfellingu þótt síðar verði.

VI. Sveiflujöfnun og opinber verðjöfnun.

Íslenski þjóðarbúskapurinn hefur reynst mjög sveiflukenndur og eiga sveiflurnar að mestu upptök sín í snöggum og miklum breytingum á tekjum af vöruútflutningi. Þar eru sjávarafurðir fyrirferðarmestar eða um 75–80%, afurðir orkufreks iðnaðar, ál og kísiljárn, vega 10–15% en aðrar vörur 5–10%. Breytingar í útflutningi sjávarafurða valda því langmestu um framvindu útflutningstekna í heild og þar með um áhrifin á umsvif innan lands.

Naumast þarf að rökstyðja það sérstaklega hve æskilegt það væri fyrir þjóðarbúskapinn ef unnt væri að viðhalda jafnri og stöðugri þróun útflutningstekna og forðast miklar sveiflur. Þótt að þessu sé stefnt með almennri stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum er ljóst að við þau skilyrði sem hér ríkja verður að reikna með að útflutningstekjur séu háðar töluverðum sveiflum. Þetta stafar af því að afli er breytilegur og sjávarútvegurinn á í mikilli samkeppni á erlendum markaði þar sem hann er yfirleitt ekki ráðandi um markaðsverð, heldur býr við óstöðugleika bæði í framboði og eftirspurn. Viðfangsefnið er þá að draga úr eða eyða sem mest áhrifum slíkra sveiflna á rekstur og afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi. Þetta er ekki einungis nauðsynlegt til að viðhalda stöðugleika í sjávarútvegi heldur og til þess að halda stöðugleika í þjóðarbúskapnum í heild vegna þess lykilhlutverks sem sjávarútvegurinn gegnir. Má þá benda á allt í senn, yfirgnæfandi vægi sjávarafurða í útflutningi landsmanna, bein og óbein áhrif af rekstri sjávarútvegsfyrirtækja á aðrar atvinnugreinar og mikilvægi sjávarútvegsfyrirtækja fyrir búsetu um landið.

Það að draga úr áhrifum af snöggum og tiltölulega miklum breytingum í tekjum af útflutningi hefur venjulega verið nefnt sveiflujöfnun hér á landi. Þessi hugtakanotkun er naumast nákvæm þar sem hér er ekki beinlínis um það að ræða að koma í veg fyrir sveiflurnar. Það er raunar sífellt viðfangsefni, bæði í efnahagsstjórn og í rekstri fyrirtækja. Stjórnvöld geta haft áhrif í þessa átt með því að skapa skilyrði til uppbyggingar nýrrar framleiðslustarfsemi til útflutnings og með beinum aðgerðum á þessu sviði auk þeirra áhrifa sem þau hafa með festu og stöðugleika í efnahagsstjórn á hverjum tíma. Möguleikar fyrirtækja til að koma í veg fyrir snöggar breytingar felast meðal annars í því að ná föstum og stöðugum viðskiptasamböndum með áherslu á langtímasjónarmið um jafnvægi í viðskiptum. Sveigjanleiki í framleiðslu og markaðssetningu er og mikilvægur og er ljóst að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa lagt ríka áherslu á þetta.

Hér á landi virðist það sjónarmið njóta nokkuð almennrar viðurkenningar að nauðsynlegt sé að reyna að draga úr áhrifum sveiflna í ytri skilyrðum sjávarútvegsins. Þetta kemur meðal annars fram í þeim álitum, samþykktum og yfirlýsingum sem nefndinni bárust frá hagsmunaaðilum og raktar voru hér að framan. Þar er nær undantekningarlaust minnst á sveiflujöfnun og hún talin nauðsynleg, a.m.k. að einhverju marki. Flestir hagsmunaaðilar telja að sveiflujöfnun eigi að vera á vegum fyrirtækjanna sjálfra fremur en Verðjöfnunarsjóðs. Auk þessa eru af hálfu flestra samtaka fiskvinnslunnar settar fram beinar kröfur um að Verðjöfnunarsjóður verði lagður niður og innstæður í sjóðnum greiddar út til þeirra sem skráðir eru fyrir þeim. Hér á eftir verður fjallað nánar um þessi atriði eins og nefndin metur þau.

VII. Sveiflujöfnun á vegum fyrirtækja.

Flest samtök fiskvinnslu og fiskseljenda láta í ljós þá skoðun að sveiflujöfnun væri betur komin hjá fyrirtækjunum sjálfum en hjá opinberum aðilum. Hjá nokkrum aðilum kemur fram að fyrirtækin eigi að vera fullfær um að koma sér upp eigin sveiflujöfnunarsjóðum. Í einu áliti er þó gerður sá fyrirvari að þetta geti aðeins gerst þegar aðstæður í greininni verði með þeim hætti að sparnaður verði mögulegur. Í öðru áliti er beinlínis vísað til þess að viðkomandi félag sé andvígt opinberri verðjöfnun þar sem slíkt beri keim af ríkisafskiptum og miðstýringu í efnahagslífinu. Svipaðar skoðanir virðast svo felast í álitum annarra samtaka sem eru andvíg starfsemi Verðjöfnunarsjóðs þótt ekki sé það sagt jafnberum orðum. Þá kemur fram sú skoðun, ýmist beint eða óbeint, að enginn vafi eigi að leika á því að fyrirtækin eigi inngreiðslur í sjóðnum eða á sérreikningi í viðskiptabanka og hafi ráðstöfunarrétt á þeim að einhverju eða öllu leyti. Loks má nefna það álit að ekki dugi að sveiflujöfnun sé bundin við verðjöfnun eingöngu heldur verði einnig að taka tillit til afkomu fyrirtækjanna.

Sé fyrst vikið að þeirri skoðun fiskvinnslusamtakanna að sveiflujöfnunarsjóðir á vegum fyrirtækja séu æskilegri en jöfnun verðsveiflna á vegum Verðjöfnunarsjóðs er ljóst að á þessu er mikill munur. Í fyrsta lagi tækju slíkir sveiflujöfnunarsjóðir beinlínis mið af afkomu fyrirtækjanna án tillits til þess af hverju breytingar hennar stöfuðu, þ.e. af breytingum afurðaverðs, magnbreytingum eða breytingum annarra rekstrarskilyrða. Sveiflujöfnunin yrði að þessu leyti víðtækari en sú sem beita skal samkvæmt lögunum um Verðjöfnunarsjóð og miðast eingöngu við breytingar markaðsverðs. Í öðru lagi réðu fyrirtækin því sjálf að hluta að minnsta kosti hvenær koma skyldi til inngreiðslna og útgreiðslna og hefðu fullan ráðstöfunarrétt yfir innstæðum. Með þessu móti væri ábyrgð á jöfnun sveiflna í afkomu, að öðru leyti en varðar almenn efnahagsskilyrði þjóðarbúsins, að fullu færð til fyrirtækjanna sjálfra og þau gerð ábyrgð fyrir eigin hag. Ókosturinn við þetta er ekki síst sá að með þessu yrði ekki lengur tryggt að fé væri tekið úr umferð í uppsveiflu en í því felst einmitt helsta gildi Verðjöfnunarsjóðs sem hagstjórnartækis.

Lítil reynsla er af sveiflujöfnun á vegum fyrirtækja hér á landi. Ljóst er að vandasamt er að búa svo um hnútana að fyrirtækin hagi sér eins og til er ætlast, að leggja til hliðar fé í góðæri til þess að geta nýtt það þegar harðnar í ári. Um þetta þyrfti að setja ákveðnar reglur sem fælu í sér beina fjárhagslega hvata til að fyrirtækin nýttu heimildir til sveiflujöfnunar. Í þessu sambandi má minna á tillögur nefndar þeirrar sem starfaði vorið 1988 að endurskoðun laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Sú nefnd lagði til að fyrirtækjum í sjávarútvegi yrði heimilað að mynda sveiflujöfnunarsjóði innan fyrirtækjanna. Heimildin fælist í því að leggja ákveðið hlutfall skattskyldra tekna í slíkan sjóð. Þetta tillag drægist frá tekjuskattsstofni og kæmi fyrst til skattlagningar er fyrirtækið tæki það út. Auk þess sem gert

var ráð fyrir ýmsum nánari reglum var lagt til að innstæður í sveiflujöfnunarsjóði mætti einungis nýta til að mæta rekstrartapi, en hefðu þær ekki gengið til þess að liðnum tilteknum tíma yrðu þær skattlagðar.

Þótt tilhögun sem þessi sé um margt álitleg er engan veginn tryggt að hún næði tilgangi sínum. Ástæðan er sú að jafnvel þótt árferði batni er hæpið að frádráttur frá skatti vegna inngreiðslna í sveiflujöfnunarsjóð reynist nægur hvati til þess að fyrirtækin teldu sér hagkvæmt að nýta heimildir til inngreiðslna. Þetta stafar af því annars vegar að mörg fyrirtæki eiga þegar verulegt uppsafnað tap til að mæta skattgreiðslum. Hins vegar er þeim auðvelt að yfirtaka tap með litlum tilkostnaði til að komast hjá greiðslu tekjuskatts. Fyrst í stað að minnsta kosti yrði því eitthvað annað að koma til sem tryggði að fyrirtækin legðu til hliðar fé í uppsveiflu. Eigi Verðjöfnunarsjóður að starfa áfram mætti í þessu sambandi kanna hvort unnt væri að beita hvoru tveggja um eitthvert árabil, Verðjöfnunarsjóði og sveiflujöfnunarsjóðum fyrirtækja. Auk frestunar skattgreiðslna gætu fyrirtækin þá valið milli þess í uppsveiflu að leggja fé í Verðjöfnunarsjóð og í eigin sveiflujöfnunarsjóð á bundnum reikningi.

Hér áður hefur þess verið getið að helsti ávinningurinn af Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins er að það fé sem greitt er til hans er tekið úr umferð í hagkerfinu. Það hverfur úr tekjum fyrirtækjanna og getur því ekki myndað kröfu til hækkunar hráefnisverðs eða að inngreiðslur draga úr getu fiskvinnslufyrirtækja til að taka þátt í verðsamkeppni á fiskmarkaði. Innstæður á verðjöfnunarreikningum eru heldur ekki eign fyrirtækjanna og koma ekki fram í efnahagsreikningi þeirra. Innstæður geta því ekki myndað stofn til mótvirðis eða tryggingar nýjum lántökum. Þetta fé hverfur því raunverulega úr hagkerfinu uns það er greitt út. Þessu yrði ekki að heilsa í kerfi sveiflujöfnunarsjóða fyrirtækja. Eftir þeim reglum sem kynnu að verða settar yrðu innstæður væntanlega lausar til útgreiðslu að vild fyrirtækjanna að uppfylltum tilteknum skilyrðum og háð skattlagningu. Þær yrðu ótvíræð eign fyrirtækjanna og kæmu fram á efnahagsreikningi þeirra. Kröfur um hækkun hráefnisverðs mætti því rökstyðja með vísan til þessara eigna eða að þær yrðu fyrirtækjum tiltækar í verðsamkeppni á markaði. Jafnframt mynduðu innstæður í þessu tilviki mótvirði nýrra útlána og væru þeim til tryggingar. Sé miðað við svipaðar inngreiðslur í báðum kerfunum yrðu sveiflujöfnunaráhrif Verðjöfnunarsjóðs mun meiri og öruggari. Í kerfi sveiflujöfnunarsjóða væri hætta á að ekki yrði staðið á móti hækkun hráefnisverðs og að skerðingu á fjárhag fyrirtækjanna, sem fælist í inngreiðslum, yrði mætt með lántökum.

VIII. Afkomujöfnun í stað verðjöfnunar.

Sem fyrr segir er Verðjöfnunarsjóði einungis ætlað að draga úr áhrifum verðbreytinga á erlendum mörkuðum. Möguleikar sjóðsins til sveiflujöfnunar eru takmarkaðir við þetta. Í þessu felast bæði kostir og gallar. Helstu kostir hreinnar verðjöfnunar eru þeir að unnt er að skilgreina viðfangsefnið skilmerkilega, setja um það tiltölulega skýrar og einfaldar reglur og slík verðjöfnun er einföld í framkvæmd eins og reynsla síðustu missira sýnir ótvírætt. Helsti ágallinn felst í takmörkun á hlutverki sjóðsins við verðjöfnun. Af henni leiðir hvort tveggja, að sjóðurinn nýtist ekki til að mæta öðrum sveiflum en þeim sem stafa af verðbreytingum og að þær aðstæður kunna að skapast að sveiflur í verði og afla fari ekki saman. Þannig gæti verið svo ástatt að afli væri mikill á sama tíma og verðlag væri lágt þannig að greitt væri úr Verðjöfnunarsjóði. Í því tilviki ykju útgreiðslur á uppsveiflu tekna af völdum aflaaukningar. Þessu gæti og verið öfugt farið eins og gerst hefur undanfarna mánuði, að afli væri lítill en verðlag héldist tiltölulega hátt þannig að greiða ætti inn í sjóðinn. Við þær

aðstæður er einmitt líklegt að gerðar væru kröfur um afnám inngreiðslna eða jafnvel niðurlagningu sjóðsins. Þessar kröfur má styðja þeim rökum að í slíku árferði sé sveiflujöfnun ýmist óþörf þar sem hátt verð mæti litlum afla eða hún sé beinlínis skaðleg þar sem aflabresturinn sé slíkur að verðjöfnunin auki á áhrif sveiflunnar í útflutningstekjum í stað þess að draga úr henni. Verði ástand sem þetta langvarandi eða komi oft fyrir má búast við að friður haldist ekki um verðjöfnunarkerfið.

Vegna þessara takmarkana á verðjöfnun hefur oft komið fram að nauðsynlegt væri að jafna einnig þær tekjusveiflur sem stafa af aflabreytingum. Þetta hefur ekki verið gert nema að litlu leyti hér á landi. Að líkindum er ástæðan fyrst og fremst þær flækjur sem gætu falist í slíku tvöföldu jöfnunarkerfi verðs og magns. Auk þess má vera að í þessu kynni að þykja felast meiri íhlutun og opinber afskipti en viðunandi þætti.

Að þessu frágengnu mætti íhuga hvort beina eigi viðleitni til jöfnunar fremur að afkomu fyrirtækjanna en að afurðaverði þeirra eða afla. Sýnt er að slík sveiflujöfnun yrði mjög frábrugðin þeirri verðjöfnun sem beitt hefur verið. Í þessu sambandi skiptir mestu að eini mögulegi mælikvarðinn á afkomubreytingar yrði afkoma hvers einstaks fyrirtækis. Jöfnunin yrði því sérgreind, þ.e. miðuð við hvert fyrirtæki fyrir sig, en gæti ekki verið almenn. Í þessu felst að stofna yrði sérstakan jöfnunarsjóð eða jöfnunarreikning fyrir hvert og eitt fyrirtæki. Að líkindum felst það einnig í þessu að sveiflujöfnunin yrði að vera háð mati og ákvörðun hvers fyrirtækis um sig samkvæmt almennum reglum þar að lútandi en gæti naumast orðið sjálfvirk eða lotið stjórnvaldsákvörðun líkt og verðjöfnun samkvæmt lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Verðjöfnunin er þannig auðveldari en afkomujöfnun þar sem afurðaverð mætir framleiðendum að mestu leyti með sama hætti og það er mælanlegt sem hátt eða lágt í samanburði við tiltekið viðmiðunarverð. Afkoman er teygjanlegra hugtak og því ekki einhlítt við hvaða afkomumælikvarða ætti að miða. Þá getur afkoma fyrirtækja verið mjög misjöfn af ýmsum ástæðum þannig að einhvers konar almenn afkomujöfnun eigi ekki við.

Niðurstaða þessa sýnist vera sú að verði talið æskilegra að jafna afkomu fyrirtækjanna fremur en tekjusveiflur af völdum magn eða verðbreytinga verði sú jöfnun að eiga sér stað innan hvers fyrirtækis en gæti naumast beinst með samræmdum hætti að öllum fyrirtækjum í senn. Í reynd er þá komið að umræðunni um sveiflujöfnunarsjóði innan fyrirtækja sem áður er getið.

IX. Andstaða við opinbera verðjöfnun.

Flestir þeir hagsmunaaðila sem nefndin leitaði álits hjá lögðu sem fyrr segir til í bréfum sínum til nefndarinnar að Verðjöfnunarsjóður yrði lagður niður. Að meginhluta sýnast þessi álit reist á almennri andstöðu við opinbert verðjöfnunarkerfi en að hluta eru þessar skoðanir rökstuddar með hliðsjón af bágri og versnandi afkomu fyrirtækja vegna aflasamdráttar í kjölfar kvótaskerðingar.

Eins og rætt var um fyrr í þessari greinargerð hefur Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins aðeins starfað um skamma hríð og reynsla af starfsemi hans er því takmörkuð. Engu að síður verður ekki annað séð en að sjóðurinn hafi í megindráttum starfað og haft þau áhrif sem til var ætlast. Verulegt fé var lagt til hliðar í uppsveiflunni sem stóð frá miðju ári 1990 og lengst af árið 1991. Þetta fé hefði verið tiltækt til útgreiðslu þegar afurðaverð lækkaði á ný. Enginn vafi sýnist leika á að hagstjórnaráhrif Verðjöfnunarsjóðs þennan tíma voru mikil. Aðstæður voru þannig að hráefnisverð hækkaði til muna og enginn vafi er á að það hefði hækkað enn meira ef ekki hefði komið til inngreiðslna í Verðjöfnunarsjóð. Áhrif tekju-

sveiflunnar í sjávarútvegi á laun yfirleitt voru því minni en ella eins og fram kom með skýrum hætti vegna viðmiðunar launa við viðskiptakjör í kjarasamningum. Raunar hefðu slík áhrif næsta örugglega verið til staðar enda þótt engin formleg samningsákvæði þar að lútandi hefðu verið í gildi, en þau hefðu þá líklega komið fram síðar og með óskýrari hætti en ella.

Ætla má að andstaða fyrirtækja við Verðjöfnunarsjóð byggist á því fyrst og fremst að þau vilji skiljanlega halda öllum tekjum sínum í góðæri. Oft hefur verið nefnt að þá hefðu þau ekki síst getað nýtt það fé, sem greitt var í sjóðinn, til greiðslu af lánum. Tvennt virðist gleymast í þessari röksemdafærslu. Annars vegar það að ekki er litið til þess að fyrirtækin greiða ekki einungis inn í sjóðinn heldur njóta þau greiðslna úr sjóðunum þegar verðlag lækkar. Hins vegar er afar ólíklegt að afnám inngreiðslna við skilyrði uppsveiflu auki í sama mæli raunverulegt ráðstöfunarfé fyrirtækja. Skýringin á þessu eru þau áhrif sem gera verður ráð fyrir að slíkur tekjuauki hafi á hráefnisverð. Áður hefur komið fram að allar líkur benda til þess að ef ekki hefði komið til inngreiðslna í Verðjöfnunarsjóð árin 1990 og 1991 hefði hráefnisverð fyrirtækja verið að sama skapi hærra og ætla má að það hefði leitt til almennrar launahækkunar með formlegum eða óformlegum hætti, aukinna kostnaðarhækkana og meiri verðbólgu en ella. Kostnaður fyrirtækjanna hefði því vaxið af þessum sökum og étið upp drjúgan hluta ef ekki allar þær viðbótartekjur sem gengið hefðu til fyrirtækja í stað Verðjöfnunarsjóðs.

Rétt er að drepa á þá röksemd sem fram kemur í áliti LÍÚ að einkum sé ástæða til að leggja Verðjöfnunarsjóð niður þegar séð er fram á að afli dragist saman. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að þrátt fyrir töluverðan samdrátt mun sjávarútvegurinn áfram hafa yfirgnæfandi vægi á útflutningstekjur. Komi til verðsveiflna eins og líklegt má telja munu þær eftir sem áður geta haft veruleg áhrif á umsvif, eftirspurn og kostnaðarþróun innan lands. Þótt útflutningstekjur af sjávarafurðum hafi vegna aflasamdráttar fallið um sinn niður á nokkuð lægra stig en áður gilda því öll hin sömu rök og áður fyrir nauðsyn verðjöfnunar eða annarrar sveiflujöfnunar.

Það sem hér hefur verið nefnt lýtur fyrst og fremst að almennum rökum fyrir áframhaldandi starfsemi Verðjöfnunarsjóðs. Í þessu efni er þó við ýmsan vanda að etja. Mestu skiptir líklega að ætla má að starfsemi sjóðsins verði tæpast fram haldið nema sæmilegur friður ríki um starfsemi hans. Að þessu leyti er eins ástatt um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og var um forvera hans á sínum tíma. Sé litið til tveggja ára líftíma Verðjöfnunarsjóðs má segja að fyrirtækin hafi unað starfsemi hans í uppsveiflunni 1990–1991 en þótt hann óviðunandi síðan í ljósi þeirrar tekjuskerðingar sem leiddi af aflasamdrætti á nýliðnu fiskveiðiári.

Auk þessa má nefna að ágreiningur hefur verið um það hvort ætla beri sjómönnum sérstakan hlut í verðjöfnunargreiðslum af tekjum af beinni sölu veiðiskips eða sölu gámafisks af hálfu útgerðar. Niðurstaða gerðardóms, sem gekk í nóvember 1991, var á þá leið að sjómönnum bæri að sæta því að verðjöfnunargreiðsla miðist við óskipt aflaverðmæti. Í kjölfar þessa hafa kröfur samtaka sjómanna um viðurkenningu og nafnskráningu á hluta sjómanna í inngreiðslum orðið æ þyngri.

Loks má hafa í huga að íslenska verðjöfnunarkerfið hefur verið starfrækt um alllangt skeið, eða í röska tvo áratugi. Á alþjóðavettvangi hefur fengist mikil reynsla af beitingu ýmissa verðjöfnunarkerfa, einkum fyrir hrávöruframleiðslu. Slík kerfi hafa yfirleitt haft það að markmiði að jafna verðsveiflur af völdum magnsveiflna. Svo virðist sem það sé algeng reynsla af slíkum verðjöfnunarkerfum að þau hafi mjög takmarkaðan líftíma. Þau þyki oft ásættanleg um sinn en framleiðendur uni ekki við þau þegar fram líða stundir. Þessi kerfi hafa m.a. viljað riðlast þegar framboð hefur verið lítið en þá hafa framleiðendur oft viljað fórna meginmarkmiðinu um langtímastöðugleika tekna fyrir skammtímaávinning vegna verðhækkunar. Þá hafa slík kerfi oft bilað vegna rangra ákvarðana um viðmiðunarverð. Loks er sú skýring að framleiðendur geti ekki til lengdar sætt sig við þá íhlutun sem í þessu felst.

X. Lagasetning um útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði.

Hinn 15. maí sl. lagði sjávarútvegsráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Með frumvarpi þessu var lagt til að innstæðum á reikningum einstakra framleiðenda í sjóðnum yrði ráðstafað til greiðslu á skuldum þeirra. Frá þessu var sú undantekning að 30% af innstæðum á einstökum reikningum í deild fyrir óunnar botnfisksafurðir og 32,5% af þeim hluta innstæðna í deild fyrir unnar botnfisksafurðir, sem myndast hafa vegna afurða vinnsluskipa, skyldi ráðstafað til lífeyrissjóða sjómanna. Loks var lagt til að óskiptum reikningum vegna humars og saltfiskafurða, sem mynduðust í tíð Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, yrði skipt upp milli þeirra framleiðenda sem stóðu fyrir inngreiðslum þessara fjármuna, þó þannig að fyrst skyldi ráðstafa til lífeyrissjóða sjómanna 34 millj. kr. af reikningi humars og 16 millj. kr. af innstæðum saltfisksafurða.

Í greinargerð frumvarpsins segir að gera megi ráð fyrir að meginhlutinn af innstæðum gangi til greiðslu vanskila af veðskuldum. Fram kemur að innstæður í botnfisksdeild Verðjöfnunarsjóðs og á óskiptum reikningum humars og saltfisks námu alls tæpum 3 milljörðum króna. Þar af var gert ráð fyrir að tæplega 2,7 milljörðum króna yrði ráðstafað til lækkunar á skuldum framleiðenda og 278 millj. kr. til lífeyrissjóða sjómanna.

Í greinargerð frumvarpsins eru tillögur þess rökstuddar með vísan til þeirra umskipta sem orðið hafa á afkomu sjávarútvegsins undanfarin tvö missiri. Fram kemur að árin 1990 og 1991 greiddu sjávarútvegsfyrirtæki um 2,5 milljarða króna til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. Áætlað sé að árið 1991 — fyrsta heila árið sem sjóðurinn starfaði — hafi inngreiðslur í hann numið um 3,5% af tekjum botnfisksveiða og -vinnslu. Verð botnfiskafurða var og mjög hátt þessi tvö ár. Vegna sérstakrar lagasetningar í árslok 1991 hafi ekki komið til inngreiðslna á árinu 1992 og að auki hafi verðlag lækkað þannig að um þessar mundir sé ekki tilefni til inngreiðslna í neina af deildum sjóðsins.

Í greinargerðinni segir enn fremur að á síðustu tveimur missirum hafi orðið mikil umskipti í afkomu sjávarútvegsins sem fyrst og fremst megi rekja til þess að nauðsynlegt hafi verið að minnka mjög sókn í þorskstofninn. Áætlað sé að verðmæti botnfisksaflans reynist 15–16% minna á fiskveiðiárinu 1991–92 en tólf mánuðina næstu á undan. Þess sé ekki heldur að vænta að unnt verði að auka þorskaflann næstu fjögur til fimm árin frá því sem nú er.

Í framhaldi af þessu eru raktar helstu ráðstafanir sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir til að bæta stöðu sjávarútvegsins. Getið er um minnkun greiðslubyrðar af langtímalánum, stöðvun inngreiðslna í Verðjöfnunarsjóð um sl. áramót, hækkun á greiðslu úreldingarstyrkja o.fl. Þrátt fyrir þetta og margvíslegar hagræðingaraðgerðir fyrirtækja sé sjávarútvegurinn rekinn með halla. Samkvæmt athugun Þjóðhagsstofnunar sé áætlað að botnfisksveiðar og -vinnsla hafi við rekstrarskilyrði í janúar 1992 verið rekin með 3,5% halla. Þannig hafi vinnslan búið við yfir 8% halla en útgerð við 2% hagnað. Í ofanálag sé sjávarútvegurinn skuldum vafinn og áætlað sé að heildarskuldir hans hafi numið um 95 milljörðum króna um síðastu áramót.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að litið er á þá ráðstöfun sem fólst í frumvarpinu sem tímabundna breytingu. Þetta birtist og í því að breytingin er gerð með sjálfstæðum viðauka við lögin. Í lok almennra athugasemda frumvarpsins segir orðrétt: „Tilgangur þessara tímabundnu breytinga á lögum sjóðsins er að stuðla að því að þau fyrirtæki sem myndað hafa þessar inneignir geti ráðstafað þeim til greiðslu vanskilaskulda og þannig lækkað þann mikla vaxtakostnað sem þeim fylgir. Hér er einungis um tímabundna ráðstöfun að ræða og ekki gerð tillaga um neinar varanlegar breytingar á starfsemi sjóðsins að öðru leyti. Hins vegar er tillagna að vænta um framtíðarskipan sjóðsins nú í sumar frá nefnd sem sjávarútvegsráðherra skipaði sl. haust. Engar ákvarðanir verða því teknar um framtíðarskipan sveiflujöfnunar í sjávarútvegi fyrr en þær tillögur liggja fyrir. Leiði tillögur nefndarinnar til þess að ákvarðanir verði teknar um varanlegar breytingar á skipulagi þessara mála verður frumvarp lagt fram á Alþingi um það efni í haust."

Frumvarp þetta fór hraðferð gegnum þingið á síðustu dögum þess. Samstaða varð um afgreiðslu þess og var það samþykkt hinn 19. maí með 48 samhljóða atkvæðum sem lög frá Alþingi (lög nr. 29/1992). Einstakir þingmenn höfðu þó fyrirvara á samþykki sínu við afgreiðslu frumvarpsins. Sjávarútvegsnefnd beindi því sérstaklega til sjávarútvegsráðherra að við endurskoðun á frambúðarfyrirkomulagi sveiflujöfnunar í sjávarútvegi verði tryggt að greiðslur í og úr sveiflujöfnunarsjóðum hafi ekki áhrif á hlutaskipti sjómanna.

XI. Niðurstöður.

Ráðstöfun á fjármunum Verðjöfnunarsjóðs samkvæmt fyrrnefndum lögum var að mestu lokið í byrjun október 1992. Alls hefur um 2.860 millj. kr. verið ráðstafað, þar af 2.530 millj. kr. til greiðslna af skuldum fyrirtækja og um 330 millj. kr. til lífeyrissjóða sjómanna. Áætlað er að eftirstöðvar á nafnskráðum reikningum, sem lögin heimila að varið sé til greiðslu af skuldum, nemi einungis um 10–15 millj. kr. Aðrar innstæður í sjóðnum nema um 212 millj. kr. Þar af eru 192 millj. kr. sem eru eftirstöðvar eigna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og fluttust til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins við stofnun hans. Loks eru 20 millj. kr. sem voru innstæður á reikningum sem skráðir voru á nöfn fyrirtækja sem orðið hafa gjaldþrota. Þessar eignir hafa runnið á óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs samkvæmt ákvæðum í lögum sjóðsins þar að lútandi, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna.

Að loknum þeim aðgerðum sem hér hefur verið lýst er staða Verðjöfnunarsjóðs og opinberrar lögskipaðrar verðjöfnunar mikilli óvissu undirorpin. Sjóðurinn hefur nú verið því sem næst tæmdur og innstæður hans verið nýttar í því skyni að bæta fyrirtækjum tekjutap vegna aflasamdráttar í stað verðfalls. Við núverandi aðstæður og miðað við reglur sjóðsins er ekki tilefni til inngreiðslna í hann. Ekki eru horfur á að það breytist á næstunni. Flest virðist því benda til að þótt sjóðurinn verði rekinn áfram muni hann ekki byggjast upp að marki næstu árin og áhrif hans til að mæta verðfalli verði því hverfandi.

Af sögu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins sýnist mega draga nokkrar ályktanir. Í fyrsta lagi varð starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins óásættanleg fyrir aðila í sjávarútvegi, m.a. þar sem sjóðnum var á stundum beitt í öðrum tilgangi en þeim sem beinlínis var til ætlast. Í öðru lagi bendir gömul og ný reynsla til þess að óviðunandi þyki þegar afli hefur dregist saman að teknar séu inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð vegna hás afurðaverðs. Þetta er skiljanlegt þar sem það þarf ekki að samrýmast sveiflujöfnun til skamms tíma litið. Í þriðja lagi má benda á að enda þótt Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins hafi starfað með skilvirkum og skýrum hætti og í samræmi við markmið laganna hafa samt sem áður verið uppi kröfur um að opinberri verðjöfnun sjávarafurða yrði hætt og sjóðurinn lagður niður.

Þegar á allt þetta er litið virðist nefndinni sem áframhaldandi starfsemi Verðjöfnunarsjóðs orki mjög tvímælis. Reynslan sýnir að ekki er unnt að reikna með að um hana geti skapast samstaða. Alþingi hefur með lagasetningu tekið ákvörðun sem í reynd felur í sér að um nokkurt skeið a.m.k. hefur verið horfið frá opinberri lögboðinni verðjöfnun sjávarafurða. Skilyrði fyrir því að taka hana upp að nýju virðast ekki vera fyrir hendi. Eðlilegt sýnist því að lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins verði felld úr gildi. Í stað þeirra væri æskilegt að beita öðrum úrræðum til sveiflujöfnunar.

XII. Álit nefndarinnar.

Á grundvelli þess sem að framan segir má draga álit nefndarinnar saman með eftirfarandi hætti:

1. Með hliðsjón af aðstæðum í sjávarútvegi, andstöðu hagsmunaaðila við áframhaldandi starfsemi sjóðsins og af stöðu sjóðsins þegar fjármunir hans eru uppurnir eftir að hafa verið nýttir til að bæta stöðu sjávarútvegsfyrirtækja, álítur nefndin að raunhæf skilyrði fyrir því að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins starfi áfram séu ekki lengur fyrir hendi. Því sé eðlilegt að lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins verði afnumin og sjóðurinn lagður niður.
2. Verði Verðjöfnunarsjóður lagður niður telur nefndin það rökrétt framhald þeirra ráðstafana sem gripið var til í maí sl. að hinar óverulegu innstæður, sem enn standa á nafnskráðum reikningum í sjóðnum, verði greiddar út til réttra aðila.
3. Eftirstöðvarnar af Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins eru ekki á nafnskráðum reikningum og ekki er talið gerlegt að rekja slóð þess fjár til ákveðinna aðila. Nefndinni þykir því eðlilegt að þessar eignir sjóðsins, svo og aðrar eignir hans, eftir því sem lög leyfa, verði nýttar í þágu sjávarútvegsins almennt, t.d. til sérstakra verkefna á sviði hafrannsókna eða til að styrkja nýjungar og framþróun í greininni.
4. Nefndin leggur loks til að hafin verði athugun á því með hvaða hætti megi bæta skilyrði fyrirtækja til að beita virkri sveiflujöfnun á vettvangi fyrirtækjanna sjálfra.

Viðauki.

Álit og tillögur hagsmunaaðila.

Í skipunarbréfi er lagt fyrir verðjöfnunarsjóðsnefnd að leita samráðs við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og meta þær tillögur sem af þeirra hálfu hafa verið settar fram um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Í samræmi við þetta ritaði nefndin allmörgum samtökum bréf og fór þess á leit að þau kynntu henni sjónarmið sín í þessu efni. Þessi samtök urðu öll við beiðni nefndarinnar og verða meginatriði svara þeirra rakin hér á eftir.

Samtök fiskvinnslu og fiskseljenda. Flest þessara samtaka lýsa því yfir að þau telji að leggja beri Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins niður.

Í bréfi *Samtaka fiskvinnslustöðva* kemur fram að samtökin hafi talið allt frá stofnun sjóðsins að hann ætti að leggja niður og er sú skoðun samtakanna ítrekuð og vísað til margra ályktana þeirra þar að lútandi. Samtökin segja það skoðun sína að heimila eigi fyrirtækjum nú þegar að ráðstafa inneignum sínum í sjóðnum til greiðslna á skuldum við opinbera sjóði. Loks kemur fram að Samtök fiskvinnslustöðva álíti að fyrirtæki í sjávarútvegi séu sjálf fullfær um að koma sér upp eigin sveiflujöfnunarsjóðum þegar aðstæður í greininni verði með þeim hætti að sparnaður verði mögulegur.

Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda vísar til álits Sambands fiskvinnslustöðva í bréfi sínu til nefndarinnar og tekur undir það. Fram kemur að stjórn SÍF hafi ítrekað haldið því fram að fyrirtæki í sjávarútvegi eigi að hafa möguleika til að koma sér upp eigin sveiflujöfnunarsjóðum.

Svipað viðhorf kemur fram í bréfi stjórnar *Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna* til nefndarinnar. Greint er frá því að SH hafi beitt sér fyrir því að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins yrði lagður niður og gegn því að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins yrði stofnaður. Sú skoðun hafi ekki breyst og stjórn SH telji engar skynsamlegar forsendur vera fyrir því að halda áfram rekstri hans heldur eigi að greiða eigendum innstæðna í sjóðnum þær út.

Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda vísar m.a. til ályktunar stjórnar félagsins frá árinu 1990 þar sem fram kemur það álit að verðjöfnunarsjóðir séu úrelt aðferð við stjórn efnahagsmála og beri keim af ríkisafskiptum og miðstýringu í atvinnulífinu. Í bréfi sínu til nefndarinnar segir stjórn félagsins að hún telji að í þeirri samkeppni, sem íslenskar loðnuverksmiðjur eigi við erlenda aðila um hráefni til vinnslu, komi verðjöfnun einungis til með að trufla samkeppnisaðstöðu innlendrar vinnslu og komi því ekki til greina. Verði það eigi að síður niðurstaða stjórnvalda að halda skuli áfram verðjöfnun sjávarafurða telji stjórn FIF nauðsynlegt: a) að tekið verði fullt tillit til afkomu viðkomandi greina við verðjöfnun á hverjum tíma og b) að eignarhald hvers fyrirtækis á inngreiðslum innan einstakra greina verði betur tryggt en nú er.

Í bréfi frá *Félagi rækju- og hörpudisksframleiðenda* greinir að félagið hafi ekki á formlegan hátt tekið afstöðu til málsins en telja megi að innan félagsins séu eftirfarandi viðhorf ríkjandi: a) að sveiflujöfnun í einhverju formi sé nauðsynleg, b) að það hafi verið mjög til bóta að inngreiðslur hafi verið sérmerktar hverjum framleiðanda. Þá kemur fram að það viðhorf virðist eiga sér nokkurn hljómgrunn innan félagsins að í stað inngreiðslna í Verðjöfnunarsjóð væri æskilegra að hvert fyrirtæki legði slíkan skyldusparnað inn á lokaðan reikning í viðskiptabanka sínum og reikningurinn teldist eign viðkomandi fyrirtækis þótt útgreiðslur yrðu háðar sömu reglum og nú gilda um Verðjöfnunarsjóð.

Auk ofangreindra samtaka fiskvinnslunnar leitaði nefndin einnig álits *Félags Sambandsfiskframleiðenda*. Í svarbréfi, sem nefndinni barst frá Árna Benediktssyni, kemur fram að það félag hafi verið lagt niður og starfsemi þess færð til *Íslenskra sjávarafurða hf.* Þar hafi ekki verið tekin afstaða til Verðjöfnunarsjóðs sjávarafurða en orðið hafi að ráði að Árni svaraði erindi nefndarinnar í samræmi við það sem lagt var til grundvallar þegar frumvarp til laga um stofnun sjóðsins var til umræðu. Í bréfi sínu rekur Árni fyrst aðdragandann að stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og víkur stuttlega að lögunum um hann. Bent er á að lögin hafi tekið til fleiri þátta en verðlags þar sem heimilt hafi verið að taka tillit til afkomu sjávarútvegsins og launatekna sjómanna. Þetta hafi að mörgu leyti verið óheppilegt þar sem það hafi gefið stjórn sjóðsins óþarflega frjálsar hendur um ákvörðun verðjöfnunar á hverjum tíma. Þá hafi komið fyrir að látið hafi verið undan þrýstingi á að ekki skyldi greitt í sjóðinn þótt raunverulegt tilefni væri til þess eða meira væri greitt úr sjóðnum en efni stóðu til. Jafnframt hafi gætt misnotkunar stjórnvalda með lagasetningu um viðmiðunarverð og með því að sjóðurinn hafi verið notaður sem farvegur fyrir lántökur og styrkveitingar til vinnslugreina sem staðið hafi höllum fæti.

Árni ræðir þessu næst um hvort Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hafi komið að gagni og færir ýmis rök og dæmi fyrir því að svo hafi verið. Um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins segir Árni að hann hafi frá því hann var stofnaður tvímælalaust orðið til þess að halda kostnaði niðri, kaupgjald væri nú hærra ef sjóðsins hefði ekki notið við og næstum öruggt sé að hráefnisverð væri einnig hærra og vandamál fiskvinnslunnar því meiri.

Í áliti sínu víkur Árni m.a. að kröfum um að sjóðurinn væri eyrnamerktur þannig að hver framleiðandi ætti það sem hann legði í sjóðinn. Þetta hefði ekki getað gengið upp því að ekki væri hægt að færa einum það til eignar sem fleiri legðu fram. Sjóðurinn hefði þá skipt um eðli og ekki lengur verið til þess að jafna verðsveiflur heldur hefði hann orðið hreinn skyldusparnaður fiskvinnslunnar. Hráefnisverð hefði orðið jafnóstöðugt og áður og hagstjórnaráhrifin ekki notið sín. Vegna þessa hafi sú leið verið valin að að eyrnamerkja framleiðendum inngreiðslur og innstæður en þó þannig að þær væru eign sjóðsins en ekki framleiðenda. Sjóðurinn væri því áfram sveiflujöfnunarsjóður, en enginn gæti fengið úr honum nema hafa greitt til hans og aldrei meira en næmi inngreiðslu að viðbættum vöxtum. Árni telur þessa leið hafa verið afar óheppilega, ekki gæti gengið að færa fjármuni á nafn einhvers sem svo ætti ekki þessa fjármuni og hefði ekki vald yfir þeim. Þetta hlyti að verða sjóðnum að falli, sá sem skráður væri eigandi krefðist umráða yfir því sem hann teldi vera eign sína.

Árni leggur áherslu á að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins sé fyrst og fremst hagstjórnartæki. Sjóðurinn taki einungis til verðsveiflna og eigi að geta jafnað þær út í ríkum mæli. Sjóðurinn sé eitt af örfáum hagstjórnartækjum sem virðist koma að gagni til að viðhalda stöðugleika. Vissulega megi beita öðrum aðferðum, á árinu 1991 hefðu t.d. fiskvinnslufyrirtækin átt að geta haft verulegan hagnað og geymt til að mæta síðari áföllum eða greiða upp síðasta áfall þótt þau hafi greitt í Verðjöfnunarsjóð. En þau hafi ekki gert það. Öll verðhækkun hafi runnið út í verðlagið að því undanskildu sem unnt hafi verið að bjarga í Verðjöfnunarsjóð. Áður en sjóðurinn sé lagður niður verði því fyrst að huga að því hvernig sjávarútvegurinn sjálfur geti jafnað sveiflurnar. Á því sé hins vegar hvorki skilningur í

þjóðfélaginu né í sjávarútveginum. Það sé fyrst unnt að ræða um að leggja Verðjöfnunarsjóð niður þegar náðst hafi grundvallarskilningur á því að í þjóðfélagi, sem býr við óstöðugt afurðaverð, verði að gera ráð fyrir að kostnaður, ekki síst hráefnisverð, geti þurft að lækka í stað þess að gripið sé til gengisfellingar. Þegar þessi grundvallarskilningur hafi náð að festa rætur ætti jafnframt að heimila fyrirtækjum í sjávarútvegi að byggja upp sveiflujöfnunarsjóði sem væru skattfrjálsir þar til þeir væru notaðir.

Samtök útvegsmanna. Nefndin leitaði til *Landssambands íslenskra útvegsmanna* og *Landssambands smábátaeigenda* um álit á viðfangsefni hennar. Í bréfi LÍÚ er vísað til ályktunar aðalfundar 1991 þar sem segir að þrátt fyrir mótmæli sjávarútvegsins hafi Verðjöfnunarsjóður verið endurreistur í breyttri mynd og hafi hann tekið kúfinn af verðhækkun sjávarafurða. Nú sé til muna versnandi afkoma í greininni og því nauðsynlegt að fella niður greiðslu inn í hann til að mæta aflasamdrætti. Síðan verði sjóðurinn lagður niður. Í bréfinu segir enn fremur að það sé almenn skoðun útvegsmanna að ekki séu lengur forsendur til þess að greiða í sjóðinn í ljósi þess aflasamdráttar sem greinin verði að sæta. Þá hafi afurðaverð heldur lækkað og í kjölfarið sé vaxandi skuldasöfnun innan greinarinnar sem óþarft sé að gera verri með því að innheimta í sjóðinn.

Í bréfi Landssambands smábátaeigenda til nefndarinnar er því hafnað að verðjöfnun sé raunhæf leið til að draga úr sveiflum í afkomu sjávarútvegs og áhrifum þeirra á þjóðarbúið. Jafnframt er spurt hvernig „verðjöfnun" geti verið virk þegar verðmyndun sjávarfangs á Íslandi fari æ meir í gegnum frjálsa fiskmarkaði. Þá kemur fram það álit að vafalaust sé hægt að ná markmiðum laga um Verðjöfnunarsjóðinn eftir ýmsum öðrum leiðum, en sá galli sé hins vegar á gjöf Njarðar að öll slík lagasetning stangist á við þá þróun sem nú sé að eiga sér stað á sviði sjávarútvegsins. Síaukið frjálsræði á viðskiptasviði og markaðsetningu og lagasetning af því tagi, sem lögin um Verðjöfnunarsjóð sé, geti aldrei átt samleið. Vísað er til bréfs LS til sjávarútvegsráðuneytis í apríl 1990. Þar hafi komið fram andstaða við stofnun Verðjöfnunarsjóðs, markmið slíkra sjóða séu að vísu góð en langt sé frá að tekist hafi að ná þeim. Jafnframt sé þar bent á að með því að gera inngreiðslur að eign sjóðsins, eins og gert hafi verið ráð fyrir í frumvarpi og orðið hafi að lögum, geti stjórnvöld skotið sér fram hjá lögum um eignarrétt. Skýrt hafi komið fram það álit LS að fé það sem safnast mundi í sjóðinn ætti að vera bundið á biðreikningum sem væru í eigu hvers innleggjanda en ekki í eigu sjóðsins. Að lokum segir í bréfi LS til nefndarinnar að félagið líti svo á að hvers slags ráðstöfun úr sjóðnum, sem ekki skili sér beint til þeirra sem greiddu þangað inn, sé siðlaus þótt hún mundi standast lög. LS ítreki þá skoðun sína að tafarlaust eigi að hefja greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði til þeirra aðila er inn í hann hafi greitt og því næst beri að leggja sjóðinn niður.

Samtök sjómanna. Nefndin leitaði eftir áliti *Sjómannasambands Íslands* og *Farmanna- og fiskimannasambands Íslands*. Í bréfi SSÍ segir að stjórn sambandsins sé sem fyrr þeirrar skoðunar að leggja beri Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins niður og er í því sambandi vísað til sérstaks álits SSÍ á framtíð sjóðsins frá mars 1990. Þar kemur fram að enda þótt ekki sé talinn leika vafi á að starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hafi oft verið til gagns séu tímarnir breyttir og ekki lengur þörf fyrir sjóðinn. Fyrirtæki í sjávarútvegi eigi sjálf að hafa vit fyrir sér og safna í varasjóð til mögru áranna og ekki sé lengur þörf á opinberri handleiðslu í þeim efnum. Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar SSÍ til dóms gerðardóms skv. 72. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985. Í dómi þessum, sem kveðinn var upp 16. nóvember 1991, er fjallað um skyldu sjómanna, sem vinna aflann um borð eða selja hann beint á erlendan markað, til þess að taka þátt í inngreiðslu í Verðjöfnunarsjóð. Í því sambandi lætur SSÍ þess

getið að sjómönnum þyki óréttlátt að þær greiðslur séu færðar á nafn viðkomandi útgerðar eingöngu. Sjómenn eigi að sitja við sama borð og aðrir eigendur sjóðsins á þann veg að inngreiðslur þeirra séu merktar nafni viðkomandi sjómanns. Verði sjóðurinn starfræktur áfram telji sjómenn nauðsynlegt að breyta lögunum í þá átt að hver sjómaður hafi sérreikning fyrir þeirri inngreiðslu sem hann leggur í sjóðinn.

FFSÍ vísar í bréfi sínu til bókunar sem það hafi látið frá sér fara í tengslum við undirbúning að gerð frumvarps til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins á árinu 1990. Þar kemur fram að stjórn FFSÍ hafi 1. mars 1990 samþykkt ályktun þess efnis að leggja ætti niður botnfisksdeildir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins en starfrækja áfram aðrar deildir sjóðsins. Þessi ályktun sé meðal annars grundvölluð á því að starfsumhverfi botnfisksvinnslunnar hafi tekið miklum breytingum á þeim tuttugu árum sem sjóðurinn hafi starfað. Möguleikar í ráðstöfun botnfisksaflans og fjölgun markaða geri það að verkum að auðveldara sé fyrir framleiðendur að draga úr framleiðslu á afurðum sem lækka í verði umfram aðrar tegundir. Með þessu geti framleiðendur og útflytjendur sjálfir dregið úr verðsveiflum innan sjávarútvegsins. Þessu sé þó ekki þannig farið um aðrar fiskafurðir, möguleikar á fjölbreyttri framleiðslu séu afar takmarkaðir. Þyngst vegi þó afar miklar verðsveiflur enda hafi komið í ljós að þessar deildir sjóðsins hafi þjónað hlutverki sínu best, sérstaklega rækju- og hörpudisksdeildirnar.

Þá segir í bréfi FFSÍ til nefndarinnar að sú afstaða sambandsins, sem komi fram í fyrrnefndri bókun, hafi ekki breyst. Hins vegar telji FFSÍ að komi sjóðurinn til með að starfa áfram verði að gera ákveðna breytingu á gildandi lögum um sjóðinn. Þessi breyting varði réttindi sjómanna til eigna sjóðsins þannig að þeir sitji við sama borð og útgerðar- og fiskvinnslumenn með þeim hætti að stofnaðir verði sérreikningar fyrir þá sjómenn sem taka þátt í verðjöfnun, þ.e. í þeim tilvikum þegar verðjöfnun er dregin frá óskiptu aflaverðmæti. Í þessu sambandi vísar FFSÍ til dóms þess sem áður er getið. Enn fremur segir að krafan um sérreikninga byggi á sömu sjónarmiðum og fram komu hjá fulltrúum fiskvinnslunnar við undirbúning gildandi laga, þ.e. að óheppilegt væri að hafa sameiginlegan reikning fyrir sérhverja vinnslugrein sem ylli millifærslu milli einstakra framleiðenda við útgreiðslu úr sjóðnum. Lausnin á þessum vanda hafi verið stofnun sérreikninga. Það sé álit FFSÍ að það sé óverjandi að sjómenn standi berskjaldaðir fyrir millifærslum á meðan útgerð og fiskvinnsla sé vernduð fyrir slíku. Eigi að ríkja jöfnuður milli þeirra hópa sem taka þátt í verðjöfnun sjávarafurða beri skilyrðislaust að stofna sérreikninga fyrir þá sjómenn sem taka þátt í beinni verðjöfnun.

Álit framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra VSÍ. Auk þeirra álita sem hér hafa verið rakin hefur nefndin haft undir höndum greinargerð framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, þeirra Þórarins V. Þórarinssonar og Hannesar G. Sigurðssonar, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins sem dagsett er 23. apríl 1991. Í þessari greinargerð er fyrst fjallað almennt um sveiflur í íslenskum þjóðarbúskap og viðbrögð við þeim. Þá er rætt um stofnun Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins á árinu 1990 og lögð áhersla á sveiflujöfnunarhlutverk hans. Bent er á að greiðslur í sjóðinn og úr honum ráðist algjörlega án tillits til innlendrar kostnaðarþróunar. Sem dæmi er nefnt að inngreiðslur hafi í uppsveiflu hliðstæða verkan og gengishækkun nema hvað samkeppnisstaða annarra greina versni ekki og fjármunir verði tiltækir á ný þegar verðlag á útflutningsafurðum sjávarútvegs lækki á nýjaleik. Með greiðslum inn í sjóðinn tryggi rekstraraðilar sig gegn verstu áföllum verðlækkana umfram aðra sem ekki hafi greitt í sjóðinn. Í greinargerðinni er enn fremur greint frá þróun afurðaverðs, hráefnisverðs, launa og verðlags frá því sjóður-

inn tók til starfa og leitast við að greina áhrifin af starfsemi sjóðsins það röska eina missiri sem hann hafði starfað er greinargerðin var rituð. Fram kemur að í nóvember 1990 hafi kjarasamningar verið framlengdir óbreyttir þótt viðskiptakjör hafi batnað talsvert meira en forsendur samninga gerðu ráð fyrir. Þetta hafi byggst á því að með inngreiðslum í sjóðinn hafi fjármunum verið haldið utan hagkerfisins og til tryggingar á stöðugu gengi og samstaða hafi orðið um að kaupkröfur yrðu ekki byggðar á innstæðum í sjóðnum. Þá telja höfundar að við sérstaka skoðun viðskiptakjara í febrúar 1991 hefðu komið fram kröfur um 2–4% hækkun launa vegna verðhækkunar sjávarafurða ef ekki hefði verið tekið tillit til inngreiðslna í Verðjöfnunarsjóð. Slíkra sjónarmiða hafi raunar gætt meðal opinberra starfsmanna. Ef þetta hefði gengið eftir og laun hækkað af þessum sökum í lok ársins 1990 og byrjun ársins 1991 hefði allt umsamið fiskverð í landinu hækkað að sama skapi. Þetta til samans hefði hleypt af stað verðhækkunarskriðu sem enn hefði ágerst vegna verðbótahækkunar launa í júní, bæði vegna vaxandi verðbólgu og verðhækkana á mörkuðum erlendis. Kostnaðarhækkanir af þessu tagi hefði sjávarútvegurinn og þá enn síður samkeppnisiðnaður ekki getað þolað við skilyrði stöðugs gengis og því hefði fyrr en síðar orðið að hverfa frá þeirri stefnu. Í þessu sambandi benda höfundar og á að við þessar aðstæður hefði ekki skipt máli þótt engin ákvæði hefðu verið í formlegum kjarasamningum um áhrif viðskiptakjarabata; reynslan sýni að þau áhrif hefðu eins komið fram og tekjuaukinn af viðskiptakjarabata fyrr eða síðar leitt til launaskriðs með svipuðum afleiðingum.

Um þá tillögu ýmissa hagsmunaaðila í sjávarútvegi að Verðjöfnunarsjóður verði leystur upp segja þeir Þórarinn og Hannes að menn geti ekki bæði fengið greitt það fé sem í sjóðnum er og jafnframt haldið ávinningnum af starfsemi hans. Áhrifin til skamms tíma yrðu þau að útflutningsfyrirtæki í sjávarútvegi fengju innspýtingu en úr hinum jákvæðu áhrifum drægi eftir því sem frá liði. Krafan feli í sér enn frekari hækkun á hráefnisverði og launahækkun til sjómanna og kaupkröfur annarra stétta tækju mið af því. Krafan feli í sér fráhvarf frá markmiðinu um langtímagengisfestu en að gengi krónunnar verði skráð samkvæmt kostnaðarlíkani meðalfiskvinnslufyrirtækis. Krafan um afnám Verðjöfnunarsjóðs sé því ígildi kröfu um gengisfellingu þótt síðar verði.

Fylgiskjal II.

Greinargerð um útgreiðslu úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins.

Undirbúningur.

Þegar fyrir lá á fyrstu vikum maímánaðar 1992 að samþykkt yrðu lög, sem kvæðu á um að greitt yrði út af reikningum framleiðenda hjá Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins til lánardrottna þeirra var tafarlaust hafist handa við undirbúning væntanlegrar útgreiðslu. Það sem fyrir lá að gera þyrfti áður en til sjálfrar útgreiðslunnar kæmi fólst m.a. í eftirfarandi:

1. Undirbúningi að setningu reglugerðar.
2. Öflun upplýsinga hjá sölusamtökum um inngreiðslur á verðjöfnun vegna humarframleiðslu á árunum 1972–1988 og samsvarandi upplýsinga vegna saltfisksframleiðslu á árunum 1986–1989 og undirbúningi skiptingar á þessum innstæðum milli hlutaðeigandi framleiðenda.

3. Ýmsum öðrum undirbúningi varðandi upplýsingaöflun og skipulag, m.a. gagnvart kröfuhöfum og framleiðendum.
4. Skipulagningu tölvuvinnslu og forritun á vinnslukerfinu.
5. Vaxtafærslu og frágangi á reikningum einstakra framleiðenda.
6. Kynningu á útgreiðslunni og fyrirkomulagi í bréfi til allra framleiðenda, hönnun og prentun á eyðublaði, leiðbeiningum, millifærsluseðlum og uppgjörsblöðum og undirbúningi auglýsingar í fjölmiðlum.
7. Móttöku á upplýsingum frá kröfuhöfum og innlestri þeirra í tölvukerfið (afgreiðslukerfið).
8. Móttöku á útfylltum eyublöðum frá framleiðendum ásamt fylgigögnum og innlestri á upplýsingum inn í tölvukerfið.
9. Öflun upplýsinga frá útgerðum vinnsluskipa um upphæð inngreiðslna til Verðjöfnunarsjóðs vegna framleiðslu þessara skipa.
10. Skilum á hlutdeild lífeyrissjóða sjómanna í humar- og saltfisksinnstæðum.

Verður nú nánar vikið að einstökum þáttum þessa máls:

Lögin sett.

Frumvarp um sérstaka útgreiðslu úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins var lagt fyrir Alþingi fyrri hluta maímánaðar 1992 og var það síðan samþykkt frá Alþingi hinn 19. maí 1992 og staðfest 27. maí sem lög nr. 29/1992. Reglugerð um framkvæmd laganna var sett hinn 2. júní 1992. Í byrjun júnímánaðar birtust auglýsingar í dagblöðum um útgreiðsluna, jafnframt því sem vakin var athygli kröfuhafa á rétti þeirra til að lýsa kröfum sínum gagnvart reikningshöfum til Verðjöfnunarsjóðs. Hinn 5. júní voru send út sérstaklega gerð eyðublöð til allra reikningshafa hjá sjóðnum ásamt leiðbeiningum til reikningshafa og sérprentun á lögunum og reglugerðinni. Rúmlega 800 framleiðendur áttu reikning hjá sjóðnum auk þess sem milli 80 og 90 aðilar bættust við vegna inneignar á humar- og saltfisksreikningum sem myndast höfðu í tíð Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Alls voru það því nærri 900 framleiðendur sem rétt áttu á greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði.

Eyðublöð og kröfulýsingar.

Fljótlega eftir að eyðublöð vegna útgreiðslunnar höfðu verið send til reikningshafa fóru útgreiðslubeiðnir að berast til sjóðsins. Framan af barst lítið af erindum en úr því rættist nokkuð þegar á leið, en skilafrestur var til loka júnímánaðar 1992. Höfðu því framleiðendur þriggja vikna frest til að ganga frá umsókninni frá því að þeim bárust eyðublöðin í hendur. Einnig kom allmikið af kröfulýsingum frá sjóðum, bönkum, olíufélögum, tryggingafélögum, lífeyrissjóðum, frá hinu opinbera og ýmsum viðskiptaaðilum. Fyrir lok skilafrestsins voru komin á milli 360 og 370 erindi frá reikningshöfum og kröfulýsingar frá 43 kröfuhöfum. Athygli hlýtur að vekja hve dræmar undirtektir kröfuhafa voru í þessu efni. Stórir viðskiptamenn sjávarútvegsfyrirtækja hirtu ekki um að senda inn kröfulýsingar og tryggja með því rétt sinn til greiðslu úr sjóðnum. Sem dæmi má nefna að engar kröfulýsingar bárust frá sveitarfélögum. Rétt er einnig að benda á að frágangur kröfulýsinga var í mjög mörgum tilfellum óviðunandi og olli verulegum töfum við afgreiðslu þegar að henni kom.

Athyglisvert er að einungis innan við helmingur reikningshafa, eða milli 360 og 370 aðilar, sendu inn erindi á tilskildum tíma.

Afgreiðslukerfið.

Í júní og fyrri hluta júlímánaðar 1992 unnu starfsmenn sjóðsins að undirbúningi á afgreiðslukerfinu. Var tekin ákvörðun um að setja upp hentugt tölvukerfi sem tæki við innsendum upplýsingum frá framleiðendum og kröfulýsingum frá lánardrottnum, reiknaði út innstæðu að teknu tilliti til vaxtafærslu fram til afgreiðsludags, sæi um afgreiðslu erinda, héldi utan um reikningshald og prentaði út afgreiðslublöð og fylgiskjöl. Einnig var frá því gengið að tölvukerfið gæti unnið úr afgreiðslum og gefið ýmsar heildstæðar upplýsingar að útgreiðslu lokinni. Kerfið skyldi einnig látið sjá um útprentun á C-gíróseðlum en ákveðið var að allar greiðslur til kröfuhafa væru gerðar gegnum C-gírókerfi bankanna. Tölvukerfið var komið í gagnið í byrjun þriðju viku júlímánaðar, en þar áður var afgreitt á handvirkan hátt.

Fyrstu útgreiðslur fóru fram hinn 10. júlí 1992 en þar sem handvirk afgreiðsla var mjög tímafrek komst ekki skriður á þær fyrr en tölvuvædda afgreiðslukerfið tók við.

Hlutdeild lífeyrissjóða sjómanna.

Jafnhliða því sem unnið var að gerð tölvukerfisins var hugað að öðrum þáttum útgreiðslunnar sem ljúka þurfti áður en beinar greiðslur af reikningum framleiðenda gætu hafist. Í lögum nr. 29/1992 var ákveðin ráðstöfun á óskiptum innstæðum á humar- og saltfisksreikningum. Reikningar þessir áttu rót sína að rekja til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og færðust yfir til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins þegar hann var stofnaður 1. júní 1990.

Greitt hafði verið til humardeildar gamla Verðjöfnunarsjóðsins á löngu tímabili á árunum 1972 til 1988. Verulegar greiðslur runnu til deildarinnar á áttunda áratugnum, sérstaklega framan af. Mun minni greiðslur komu til sjóðsins á níunda áratugnum en þó var allmikið greitt inn vegna framleiðslu ársins 1986. Verulegur hluti af innstæðu humardeildar var vegna vaxtatekna og gengismunar. Reikningurinn var eins og aðrir reikningar hjá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins gengistryggður allt frá upphafi. Framan af til ársins 1986 var gengisviðmiðunin 50% USD og 50% GBP. Vextir voru reiknaðir út frá vöxtum á ríkisvíxlum í Bandaríkjunum og Bretlandi (Treasury Bills) í samræmi við samsetninguna á gengistryggingunni. Frá árinu 1987 hefur gengistryggingin verið miðuð við SDR-greiðslueininguna og vextir reiknaðir út frá LIBOR-vöxtum miðað við SDR-samsetninguna á hverjum tíma að frádregnum ⅛%.

Aldrei höfðu verið greiddar verðbætur á humarframleiðsluna og 1. júní 1992 nam innstæðan á þessum reikningi liðlega 300 millj. kr. Samkvæmt lögunum um útgreiðsluna bar að skipta þessu fé í hlutfalli við þann þátt sem inngreiðslur vegna afurða einstakra framleiðenda áttu í myndun innstæðnanna. Upplýsinga þurfti því að afla um inngreiðslur á humarreikninginn á hverjum tíma, hver greiddi og hversu mikið og reikna síðan hlutdeild framleiðenda í vöxtum og gengismun fram til útgreiðsludags. Einnig var kveðið svo á í lögum um útgreiðsluna að ráðstafa bæri 34 millj. kr. af heildarinnstæðu humarreikningsins til lífeyrissjóða sjómanna áður en til uppskiptingarinnar kæmi.

Samsvarandi ákvæði voru í lögunum um innstæður sem voru í saltfisksdeild. Á reikningi saltfisksdeildar voru 1. júní 1992 alls 147 millj. kr, en það voru eftirhreytur á reikningnum vegna verðjöfnunargreiðslna á árunum 1986–89. Þessu fé þurfti að skipta milli þeirra framleiðenda sem til þessarar innstæðu höfðu stofnað í hlutfalli við þann þátt sem inngreiðslur þeirra höfðu átt í innstæðumyndunni. Lífeyrissjóðir sjómanna áttu að fá í sinn hlut 16 millj. kr. af innstæðu á reikningi saltfisksdeildar. Hér eins og við humardeildina var vitað að allnokkur upphæð kæmi ekki til útgreiðslu vegna gjaldþrota. Alls sitja eftir um 84 millj. kr.

hjá sjóðnum af innstæðu humarreikningsins og um 10 millj. kr. vegna saltfisksreikningsins.

Þessari skiptingu á humar- og saltfisksreikningunum var lokið í lok júnímánaðar og hlutir framleiðenda lagðir inn á reikninga hvers og eins. Hlutdeild lífeyrissjóða var tekin til hliðar og lögð inn á biðreikning.

Auk þeirra greiðslna til lífeyrissjóðanna af humar- og saltfisksreikningunum sem frá hefur verið greint var ákveðið í lögunum að 30% af innstæðum á reikningi óunninna botnfisksafurða skyldu renna til lífeyrissjóðanna og 32,5% af þeim hluta innstæðna í deild fyrir unnar botnfisksafurðir sem myndast höfðu vegna útflutnings á afurðum vinnsluskipa. Þurfti þar að safna saman upplýsingum um inngreiðslur frá útgerðum vinnsluskipa, vinna úr þeim og bera þær saman við aðrar hliðstæðar upplýsingar. Þessari vinnu var lokið fyrri hluta júlímánaðar áður en kom til eiginlegrar útgreiðslu úr sjóðnum. Vinnsluskipin reyndust vera 48 árið 1990, 26 með flakavinnslu, 17 með heilfrystingu og 5 með saltfisksvinnslu. Á árinu 1991 hafði skipunum fjölgað og voru orðin 54 alls, 28 með flakafrystingu, 20 með heilfrystingu og 6 með saltfisksvinnslu. Til lífeyrissjóða sjómanna voru greiddar 171,7 millj. kr. frá vinnsluskipum, þar af 8,7 millj. kr. vegna vaxta og gengismunar, sem samsvaraði tæplega 24% af heildarinnstæðum í deild unninna botnfisksafurða eins og þær voru 1. júní 1992. Sú 30% hlutdeild sem rann til lífeyrissjóðanna af innstæðum deildar fyrir óunnar botnfisksafurðir nam alls 123,5 millj. kr., þar af voru 2,8 millj. kr. vegna vaxta og gengismunar.

Úr humardeild voru greiddar til lífeyrissjóðanna 35,4 millj. kr. og úr saltfisksdeild 16,7 millj. kr. Samanlagt námu þessar greiðslur til lífeyrissjóða sjómanna alls 347,3 millj. kr. með vöxtum og gengismun til afgreiðsludags.

Afgreiðslan.

Fullur skriður kom á afgreiðslu erinda undir lok júlímánaðar 1992. Í fyrstu voru þrír starfsmenn við beina afgreiðslu en þess utan fjórir til fimm starfsmenn við frágang, bókhald, tölvuvinnu og endurskoðun. Fljótlega bættust við tveir starfsmenn til að sinna afgreiðslu auk annarra starfskrafta eftir þörfum. Ætla má að um tólf starfsmenn hafi unnið við útgreiðslurnar, beint og óbeint, þegar flest var.

Stjórn Verðjöfnunarsjóðs kom reglulega saman á útgreiðslutímanum, en alls voru haldnir tíu fundir frá því í júlímánuði 1992 og til áramóta. Á þessum fundum var farið yfir gang útgreiðslunnar og tekið á málum sem upp komu.

Góður skriður var kominn á útgreiðslur um mánaðamótin júlí/ágúst 1992. Það olli hins vegar verulegum töfum við afgreiðslu á erindum hve frágangi og upplýsingagjöf var áfátt á þeim eyðublöðum sem innstæðuhafar skiluðu inn til Verðjöfnunarsjóðs. Í sjálfu sér eru þær reglur sem settar voru um útgreiðsluna ekki flóknar. Þar var gert ráð fyrir ákveðinni forgangsröð skulda þannig að í 1. flokk komu veðskuldir, í 2. flokk komu skattskuldir við ríki og sveitarfélög og í 3. flokk komu síðan lausaskuldir ýmiss konar. Einvörðungu skyldi tilgreina þær skuldir sem gjaldfallnar voru fyrir 29. maí 1992. Í 4. flokk komu skuldir á gjalddaga frá 1. júní til ársloka 1992, en í 5. flokk innágreiðslur á höfuðstól skulda. Skýrt var tekið fram í lögunum og reglugerðinni að upptalning skulda í 1.–4. flokki ætti að vera tæmandi en mætti vera valkvæð í 5. flokki. Þessi atriði og önnur komu skýrt fram í ítarlegum leiðbeiningum sem fylgdu með eyðublöðum þeim sem send voru til innstæðuhafa.

Ætlast var til að forráðamaður hlutaðeigandi fyrirtækis áritaði og staðfesti réttmæti þeirra upplýsinga sem inn voru sendar. Einnig var beðið um að löggiltur endurskoðandi staðfesti fjárhæð einstakra gjaldfallinna skulda sem tilgreindar væru á yfirlitinu og gengið væri úr skugga um að þær fullnægðu þeim skilyrðum sem sett voru fyrir því í reglugerðinni að skuld teljist til þeirra flokka sem þar greinir frá. Ef þessari staðfestingu yrði ekki komið við mátti senda með ársreikninga hlutaðeigandi fyrirtækis fyrir árið 1991 ásamt veðbókarvottorði og lýsingu á lausaskuldum. Var vonast til þess að undirritun og staðfesting löggilts endurskoðanda mundi einfalda og auðvelda vinnuna fyrir starfsmenn sjóðsins og flýta afgreiðslu.

Það olli því miklum vonbrigðum þegar í ljós kom við úrvinnslu á innsendum gögnum að mjög víða hafði verið kastað til hendinni við frágang á innsendum og útfylltum eyðublöðum. Allt of mikið var um að upplýsingar væru villandi og rangar og að upptalning skulda væri ekki tæmandi. Verulega skorti oft á að allar þær upplýsingar sem beðið var um á eyðublaðinu væru taldar fram. Mikill fjöldi kröfulýsinga barst m.a. frá bönkum, sjóðum, tryggingafélögum, lífeyrissjóðum, olíufélögum og ríkisfjárhirslu. Þessar kröfulýsingar voru lesnar inn í tölvukerfið til samanburðar við þær upplýsingar sem framleiðendur sendu.

Samkvæmt reglum um útgreiðsluna bar að taka tillit til upplýsinga frá kröfuhöfum og sannreyna þær ef þær reyndust ekki vera í samræmi við upplýsingar frá framleiðendum. Í ljós kom við afgreiðsluna að verulegir vankantar voru á þessum kröfulýsingum hjá mörgum aðilum. Sérstaklega gætti þessa hjá sumum af sjóðunum og hjá ríkisfjárhirslunni. Þetta olli töfum við afgreiðslu og óþægindum.

Eins og áður segir hófust útgreiðslurnar um miðjan júlímánuð 1992, en verulegur gangur komst á greiðslur í seinustu viku júlímánaðar. Í fyrstu viku ágústmánaðar var búið að afgreiða rúmlega 50 fyrirtæki og greiða út 700 m.kr. Tveimur vikum síðar höfðu alls 139 fyrirtæki verið afgreidd og útgreiðsluupphæðin komin í alls 1.440 millj. kr. Segja má því að á fyrstu 30 dögunum, sem afgreiðsla stóð yfir, hafi verið búið að afgreiða tæplega 200 fyrirtæki af þeim 370 fyrirtækjum sem sendu inn erindi í tíma. Á tímabilinu 26. ágúst til 9. september, eða á tveggja vikna tímabili, tókst að afgreiða rúmlega 150 fyrirtæki og greiða út rúmlega 750 millj. kr. Var þá búið að afgreiða um 350 fyrirtæki og alls tæplega 2.200 millj. kr. Má því heita að þá, 9. september, hafi í raun verið lokið við að afgreiða þau fyrirtæki sem sendu inn erindi í tæka tíð og hægt var að afgreiða eins og erindin lágu fyrir. Allnokkurn fjölda fyrirtækja var einfaldlega ekki hægt að afgreiða vegna skorts á upplýsingum eða annarra vankanta.

Á það hefur verið bent að aðeins hluti innstæðuhafa hafði sent inn útgreiðslubeiðni fyrir lok þess frests sem gefinn var í lögunum um útgreiðsluna. Aðeins um 370 framleiðendur af tæplega 900 sendu inn gögn fyrir 1. júlí 1992. Þar eru meðtalin þau erindi sem póstlögð voru fyrir ofangreindan frest en bárust eftir mánaðamótin. Þeim saltfisksframleiðendum sem aðeins áttu innstæður vegna framleiðslu áranna 1986–88 var sent sérstakt bréf þar sem þeim var tilkynnt um innstæðuna og bent á að snúa sér til sjóðsins með beiðni um útgreiðslu. Það var gert í lok júlímánaðar. Í lok september var síðan öllum þeim framleiðendum sem þá höfðu enn ekki skilað inn erindum sent bréf þar sem tilkynnt var að gefinn hefði verið viðbótarfrestur til 1. nóvember 1992 til að skila inn erindum. Nokkur viðbrögð urðu við þessu. Frá 1. júlí 1992, þ.e. frá því að fresturinn rann út sem tilgreindur er í lögunum, og til ársloka 1992 bárust um 150 erindi sem öll hafa verið afgreidd. Á árinu 1993 bárust alls 25 erindi og í lok nóvember höfðu 75 erindi verið afgreidd á árinu.

Lífeyrissjóðir.

Þegar séð var fyrir endann á útgreiðslum var hafist handa við að reikna út hlutdeild hvers lífeyrissjóðs fyrir sig í þeim greiðslum sem renna áttu til lífeyrissjóða sjómanna. Reikna bar út hlutdeildina m.a. tilfallnar iðgjaldagreiðslur til hlutaðeigandi sjóða á árinu 1991. Upplýsinga hafði verið aflað í júnímánuði 1992 um þessar iðgjaldagreiðslur hjá lífeyrissjóðunum. Síðan þurfti að yfirfara upplýsingarnar og bera þær saman við aðrar upplýsingar sem aflað hafði verið. Auk starfsmanna sjóðsins tók Benedikt Valsson, stjórnarmaður í Verðjöfnunarsjóði þátt í þessari vinnu. Þegar sýnt þótti að réttur skiptigrundvöllur væri fenginn var hlutaðeigandi lífeyrissjóðum ritað bréf og þeim tilkynnt hver sú upphæð væri sem notuð yrði til útreiknings á greiðslu til hvers sjóðs fyrir sig. Engar athugasemdir bárust frá sjóðunum og var þá þeirri fjárhæð sem til ráðstöfunar var deilt niður á sjóðina og greiðslur inntar af hendi. Þessar millifærslur, að upphæð 333,3 millj. kr., voru gerðar 7. nóvember 1992. Þá var eftir að greiða lífeyrissjóðunum áfallna vexti frá 20. maí 1992 til uppgjörsdags, en lokauppgjör fór fram 15. janúar sl. Áfallnir vextir og leiðréttingar námu rúmlega 14 millj. kr. Heildargreiðslur til lífeyrissjóða sjómanna námu því samtals 347,3 millj. kr. Yfirlit yfir hlutdeild lífeyrissjóða sjómanna er í töflu C.1.

Töluleg úrvinnsla.

Gerð hefur verið töluleg greining á ýmsum þáttum útgreiðslunnar. Helstu þættir hennar koma fram í þeim töflum sem birtast í viðauka. Á það skal bent að sú sundurgreining sem fram kemur í töflunum er byggð á kennitölum framleiðenda og lánardrottna og atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar. Nokkur ónákvæmni getur komið fram, sérstaklega í flokkun eftir atvinnugreinum lánardrottna (tafla A.2). Þetta liggur í því að greiðslur til kröfuhafa fara undir þá kennitölu sem upp er gefin á eyðublaði framleiðandans. Fari greiðsla til kröfuhafa inn á millifærslureikning í banka er tilgreind kennitala bankans og telst því greiðslan í þessu tilfelli falla til bankans. Nokkuð er um þetta, sérstaklega varðandi greiðslur til sveitarfélaga og ýmissa þjónustu- og viðskiptaaðila. Má því ætla að hlutur bankanna sé talinn nokkru meiri en hann raunverulega er. Skekkja, sem af þessu leiðir, er þó alls ekki stór og breytir trúlega litlu varðandi þá heildarmynd sem tafla A.2 gefur.

TÖLULEG ÚRVINNSLA Á ÚTGREIÐSLU ÚR VERÐJÖFNUNARSJÓÐI SJÁVARÚTVEGSINS SAMKVÆMT LÖGUM NR. 29/1992
(Staða útgreiðslu 25. janúar 1993.)

A. SUNDURGREINING ÚTGREIÐSLNA

1. Hlutfallsleg skipting eftir atvinnugreinum framleiðenda.

Atvinnugrein	Hlutfallstölur í %
Einstaklingar m. útgerð/fiskvinnslu	5,8
Útgerðarfélög/fiskvinnsla	87,9
Verslun	4,8
Annað	1,6
	100,00

Í töflu A.1 er fundið út hvernig útgreiðslurnar deilast hlutfallslega niður á reikningseigendur miðað við atvinnugreinaskiptingu Hagstofunnar. Þar kemur fram að einstaklingar með útgerð og fiskvinnslu hafa hlotið 5,7% af heildarútgreiðslunni, útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í sameignar- eða hlutafélagsformi fengu 87,9% og verslunarfyrirtæki (útflutningsfyrirtæki) fengu 4,8%. Í sjálfu sér segja þessar hlutfallstölur ekki margt en gefa þó góða hugmynd um hve stór hlutur einyrkja hefur verið í þessari útgreiðslu.

2. Eftir atvinnugreinaflokkun lánardrottna.

Atvinnugrein	Upphæð útgreiðslna í kr.	Hlutfallstölur í %
Útgerð og fiskvinnsla	90.950.130	3,6
Iðnaður og viðgerðir	25.263.925	1,0
Olíuverslun	206.406.268	8,2
Verslun	44.464.508	1.8
Fiskveiðasjóður	305.946.133	12,1
Ríkisábsjóður, Orkusjóður og Framkvæmdasjóður	89.434.295	3,5
Bankar og fjármögnunarfyrirtæki	679.346.946	26,9
Sparisjóðir	106.108.485	4,2
Lífeyrissjóðir	92.465.966	3,7
Tryggingar	117.477.252	4,7
Hafnamál	11.368.766	0,5
Byggðastofnun	136.425.196	5,4
Innheimtuaðilar ríkissjóðs	161.689.121	6,4
Atvinnutryggingadeild	270.323.999	10,7
Flugrekstur	7.326.538	0,3
Sveitarfélög	100.550.422	4,0
Einstaklingar	34.106.299	1,4
Lögfr. innheimta	7.831.817	0,3
Annað	38.906.445	1,5
Samtals	2.526.392.510	100,00

Tafla A.2 sýnir hins vegar hvernig útgreiðslurnar skiptust á kröfuhafa. Þar kemur í ljós, eins og vænta mátti að langmestur hluti útgreiðslnanna rann til fjármálastofnana, þ.e. banka og sjóða. Tæplega 27% runnu til viðskiptabankanna og fjármögnunarfyrirtækja, en hlutur þeirra síðarnefndu var reyndar óverulegur, eða innan við 1%. Sparisjóðir fengu 4,2% í sinn hlut þannig að hlutdeild bankastofnana er samanlagt rúmlega 31%. Af sjóðunum fær Fiskveiðasjóður stærstan hlut, eða 12,1%.

Í hlut lífeyrissjóðanna koma 92,4 millj. kr. í útgreiðslum vegna vanskila við sjóðina. Samtals renna því 439,7 millj. kr. til lífeyrissjóða sjómanna þegar bæði eru teknar með beinu greiðslurnar samkvæmt lögunum um útgreiðsluna sem áður voru raktar og það sem í hlut sjóðanna kemur frá framleiðendum.

Hlutur olíuverslunarinnar er drjúgur, eða 8,2%, en aðrir birgjar og þjónustuaðilar útgerðar og fiskvinnslu fá 8,6% samanlagt. Má þó ætla að nokkuð meira hafi runnið til þjónustuaðila sjávarútvegsins en hér greinir. Það stafar af því að í sumum tilvikum voru kröfur þjónustuaðila greiddar inn á millifærslureikninga í bönkum og sparisjóðum og teljast því greiddar bankastofnunum. Hér kynni að skeika upphæð sem gæti numið um 2%. Þrátt fyrir það er augljóst að útgreiðslan úr Verðjöfnunarsjóði hefur ekki nýst til greiðslu á skuldum við þjónustuaðila nema að litlu leyti. Er það auðvitað eðlileg afleiðing af því að þessar kröfur eru í fæstum tilfellum tryggðar með veði.

Hlutur tryggingafélaga er um 4,7% af heildarútgreiðslunni en í langflestum tilfellum var þar um veðkröfur að ræða.

Aðrir opinberir sjóðir en að ofan eru taldir, þ.e. Ríkisábyrgðasjóður, Framkvæmdasjóður og Orkusjóður, fengu samtals 3,5% í sinn hlut. Samanlagt fá því opinberu sjóðirnir, Byggðastofnun og atvinnutryggingadeild hans, Ríkisábyrgðasjóður, Framkvæmdasjóður og Orkusjóður, rétt innan við fimmtung af því sem greitt var út.

Ríkissjóður og sveitarfélögin fengu um 10,4% útgreiðslunnar, þar af fékk ríkissjóður 6,4%. Mátt hefði ætla að meira kæmi í hlut opinberra innheimtuaðila, en hér er þess að gæta að almennar skattskuldir komu í 2. flokk við útgreiðsluna á eftir vanskilum á veðskuldum.

Aðrir aðilar, sem fengu nokkuð í sinn hlut, eru m.a. útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sem fengu 3,6%. Hér er í flestum tilfellum um að ræða skuldir vegna skipakaupa en einnig er nokkuð um hráefnisskuldir. Einstaklingar fá rúmlega 1,4%. Oftast var þar um launakröfur að ræða.

Að lokum fengu ýmsir aðilar, sem eru ekki sérstaklega flokkaðir, um 1,5% af útgreiðslunni.

Í ljósi þeirra reglna sem giltu um forgangsröðun vanskilaskulda kom eins og vænta mátti langmest til lánardrottna sem höfðu veð fyrir sínum skuldum, sjá töflu A.2. Hér er aðallega um að ræða banka, fjárfestingarlánasjóði og opinbera sjóði enda eru þessir aðilar helstu lánardrottnar sjávarútvegsfyrirtækja og veita því sem næst eingöngu veðlán. Þannig hlaut að koma mest í hlut þessara stofnana. Kröfur vegna skipa- og húsatrygginga njóta lögveðsréttar og fóru því í 1. flokk krafna með öðrum veðskuldum. Svo var einnig með vanskil við Lífeyrissjóð sjómanna. Í 1. flokk fóru sömuleiðis fasteignagjöld til sveitarfélaga.

Í töflu A.3 er útgreiðslunum skipt niður á landshluta eftir aðsetri þeirra framleiðenda sem útgreiðslu fengu. Segir taflan í raun til um hvernig heildarinnstæður í Verðjöfnunarsjóði skiptust niður á landshluta. Að þessu leyti eru upplýsingarnar athyglisverðar þar sem ekki hefur áður legið fyrir slík landshlutaskipting innstæðna hjá sjóðnum.

3. Flokkað eftir aðsetri framleiðenda.

Aðsetur framleiðenda	Upphæð útgreiðslna í kr.	Hlutfallstölur í %
Reykjavík	247.333.827	9,8
Hafnarfj., Seltjarn., Garðab. og Kóp.	191.500.552	7,6
Suðurnes	332.220.615	13,2
Vesturland	190.742.635	7,6
Vestfirðir	316.809.621	12,5
Norðurland-V	134.151.442	5,3
Norðurland-E	425.444.499	16,8
Austfirðir	373.653.452	14,8
Suðurland	314.535.867	12,5
Samtals	2.526.392.510	100,00

Hér ber þess sérstaklega að geta að 195 millj. kr. af humarreikningi var skipt á milli 28 framleiðenda. Langflestir þessara framleiðenda eru á Suðurnesjum og Suðurlandi og hækkaði viðbótin úr humardeildinni hlutdeild þessara tveggja svæða allnokkuð. Innstæðan á saltfisksreikningnum, sem einnig var skipt upp milli hlutaðeigandi framleiðenda, skiptist tiltölulega jafnt niður á landshluta.

B. SAMANTEKT Á INNSENDUM LEIÐRÉTTUM UPPLÝSINGUM UM SKULDIR

1. Eftir atvinnugreinaflokkun framleiðenda.

Atvinnugrein	Uppgefnar skuldir í kr.	Hlutfallstölur í %
Einstaklingar í sjávarútvegi	454.716.095	5,3
Útgerðarfélög/fiskvinnsla	7.441.764.800	87,2
Verslunarfyrirtæki	271.582.044	3,2
Annað	369.546.994	4,3
Samtals	8.537.609.986	100,00

Hér er sýnt hvernig þær skuldir sem innstæðuhafar gáfu upp skiptust milli atvinnugreina. Fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtæki eru eðlilega langstærsti flokkurinn með rúmlega 87% af uppgefnum skuldum alls. Einyrkjar gefa upp 5,3% skulda, verslunarfyrirtæki 3,2% og aðrir 4,3%.

2. Flokkað eftir atvinnugreinum lánardrottna.

Atvinnugrein	Upphæð krafna í kr.	Hlutfallstölur í %
Útgerð og fiskvinnsla	204.107.224	2,3
Iðnaður og viðgerðir	108.946.834	1,2
Olíuverslun	736.653.336	8,2
Verslun	70.569.051	0,8
Fiskveiðasjóður	1.160.127.910	12,9
Ríkisábyrgðasjóður	794.169.560	8,8
Aðrir opinberir lánasjóðir	72.763.561	0,8
Bankar og fjármögnunarfyrirtæki	2.311.036.557	25,7
Sparisjóðir	321.266.237	3,6
Lífeyrissjóðir	262.947.122	2,9
Tryggingar	322.634.546	3,6
Hafnamál	16.651.427	0,2
Byggðastofnun	495.460.925	5,5
Innheimtuaðilar ríkissjóðs	627.731.293	7,0
Atvinnutryggingadeild	718.792.942	8,0
Aðrir	752.343.678	8,4
Samtals	8.976.202.203	100,00

Í töflu B.2 er sýnt hvernig kröfur lánardrottna flokkast eftir atvinnugreinum þeirra. Hér koma eðlilega aðeins fram þær kröfur sem formlega var lýst, en eins og áður hefur verið greint frá komu ekki kröfulýsingar frá nema hluta þeirra lánardrottna sem til greina gátu komið. Því verður að taka þær upplýsingar sem fram koma í töflunni með nokkurri varúð, en á það skal þó bent að mjög mikið samræmi er milli hlutfallstalna í töflum B.1 og B.2. Á þessu er þó ein stór undantekning. Kröfugerð Ríkisábyrgðasjóðs er mun hærri en samsvarandi skuldir sem innstæðuhafar gáfu upp. Liggur þessi munur í því að eigendur svokallaðra raðsmíðaskipa hafa ekki viðurkennt skuldir við Ríkisábyrgðasjóð.

Þegar framtaldar kröfur eru bornar saman við greiddar kröfur kemur í ljós að kröfur innstæðuhafa eru 3,3 sinnum hærri en útgreiðslunni nam, með öðrum orðum hefur náðst að greiða tæplega 30% af þeim skuldum sem framleiðendur gáfu upp.

C. GREIÐSLUR TIL LÍFEYRISSJÓÐA SJÓMANNA
(Skv. 5. gr. laga nr. 29/1992.)

Í töflu C.1 er sýndur uppruni þess fjár sem greitt var til lífeyrissjóða sjómanna ásamt skýringum og í töflu C.2 er ráðstöfunin sýnd þar sem útgreiðsluupphæðinni, 347,3 millj. kr., er skipt niður á þá lífeyrissjóði sem hlut áttu að máli.

1. Uppruni.

	Útgreitt í kr.
Úr deild fyrir óunnar botnfiskafurðir 1)	132.458.934
Úr deild fyrir unnar botnfiskafurðir 2)	188.387.098
Úr humardeild	35.447.343
Alls	347.293.375

1) Úr deild óunninna botnfisksafurða bar að greiða 30% af innstæðunni til lífeyrissjóðanna.

2) Úr deild unninna botnfisksafurða voru annars vegar greidd 32,5% af þeirri innstæðu sem myndaðist vegna inngreiðslu frá vinnsluskipum og hins vegar voru greiddar 16,7 millj. kr. af innstæðu á saltfisksreikningi.

2. Ráðstöfun.

Skipting á lífeyrissjóði	Hlutdeild í %	Greiðsla í kr.
Lífeyrissjóður Austurlands	10,15	32.250.239
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	1,53	5.313.685
Lífeyrissjóður sjómanna	66,55	231.123.697
Lífeyrissjóður stéttarfélaga í Skagafirði	0,81	2.812.908
Lífeyrissjóður verkalýðsfél. Norðurl. vestra	1,96	6.806.910
Lífeyrissjóður verkamanna	0,01	34.923
Lífeyrissjóður Vestmannaeyinga	9,36	32.506.632
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	9,63	33.444.381
Samtals	100,00	347.293.375

Lokaorð.

Til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins var stofnað með lögum 1. júní 1990. Þá um sumarið fór verðlag á sjávarafurðum mjög hækkandi þannig að í ágústmánuði það ár hófust inngreiðslur til sjóðsins af allri framleiðslu botnfisksafurða. Mikið fé var greitt til sjóðsins næstu mánuði. Náðu þessar greiðslur hámarki vorið 1991. Upp frá því tók að draga úr greiðslunum hlutfallslega. Greiðslur til sjóðsins voru síðan felldar niður með lögum frá og með 1. janúar 1992. Vegna útflutnings á tímabilinu 1. ágúst 1990 til ársloka 1991 voru greiddar inn í botnfisksdeildir alls 2.401 millj. kr. Vaxtatekjur og nettógengismunur námu alls 176 millj. kr. á tímabilinu 1. ágúst 1990 og allt til 20. maí 1992. Þannig voru til ráðstöfunar samtals 2.577 millj. kr. þegar til útgreiðslunnar kom í júníbyrjun 1992 miðað við þáverandi gengi á SDR.

Þegar þetta er ritað í lok nóvember 1993 er búið að afgreiða alls 650 fyrirtæki og greiða út tæplega 2.526 millj. kr. Óafgreidd eru erindi að upphæð u.þ.b. 15 millj. kr. Heildarútgreiðslan af reikningum framleiðenda nemur því um 2.541 millj. kr. þegar öllum greiðslum er lokið.

Eins og hér hefur verið greint frá voru fyrstu greiðslurnar inntar af hendi frá Verðjöfnunarsjóði um miðjan júlímánuð 1992. Útgreiðslunum var að mestu lokið um miðjan september það ár. Verkinu var þannig að mestu lokið á rúmlega tveimur mánuðum. Rétt um 2.526 millj. kr. hafa verið greiddar út til lánardrottna sjávarútvegsfyrirtækja í þessari aðgerð. Í flestum tilfellum runnu þessar greiðslur til þess að standa skil á gjaldföllnum skuldum framleiðenda. Fjárhagslega vel stödd fyrirtæki vörðu verulegum hluta af innstæðum sínum til greiðslu inn á gjalddaga langtímalána sem til féllu á síðari hluta ársins 1992. Útgreiðslan úr Verðjöfnunarsjóði hefur auðvitað stórbætt stöðu fyrirtækja í sjávarútvegi enda er talið að rekstrarstaðan árið 1992 hafi batnað að meðaltali um 5% í botnfisksveiðum og -vinnslu. Áhrifanna mun og gæta til frambúðar þar sem skuldastaða sjávarútvegsfyrirtækja lækkaði sem útgreiðslunni nam, bætti eiginfjárstöðu fyrirtækjanna og lækkaði þar með vaxtakostnað þeirra.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frumvarpið hefur ekki aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Samkvæmt frumvarpinu munu innstæður í eigu sjóðsins, sem ekki verða greiddar út til einstakra framleiðenda, renna til Hafrannsóknastofnunar. Áætlað er að um 190 m.kr. renni til reksturs Hafrannsóknastofnunar árið 1993 verði frumvarpið samþykkt.

309. Fyrirspurn [261. mál]

til fjármálaráðherra um ráðgjafarhópa um þyrlukaup.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hver er kostnaður af þeim nefndum og ráðgjafarhópum sem skipaðir hafa verið frá 24. maí 1991 til að athuga fyrirhuguð þyrlukaup?

Svar óskast sundurliðað þannig:

a. laun hvers nefndar- og ráðgjafarhópsmanns,
b. ferðakostnaður hvers nefndar- og ráðgjafarhópsmanns,
c. dagpeningar hvers nefndar- og ráðgjafarhópsmanns,
d. annar kostnaður.

Skriflegt svar óskast.

310. Frumvarp til fjáraukalaga [105. mál]

fyrir árið 1993.

(Eftir 2. umr., 6. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1993 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1993:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**-3 166 000**
Beinir skattar	-397 000	
Óbeinir skattar	-1 806 000	
Vaxtatekjur	440 000	
Aðrar tekjur	-1 403 000	
Gjöld		**4 397 200**
Samneysla	1 608 100	
Rekstrargjöld	1 458 400	
Viðhald	149 700	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 213 500	
Vaxtagjöld	-500 000	
Fjárfesting	1 075 600	
Stofnkostnaður	1 075 600	
Gjöld umfram tekjur		**7 563 200**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		-1 590 000
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	-1 590 000	
Viðskiptareikningar		600 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**6 573 200**
Afborganir af teknum lánum		-210 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**6 363 200**
Lántökur		6 350 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-13 200**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1993 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	19 500	
01 Forsætisráðuneyti	65 000	
02 Menntamálaráðuneyti	213 400	
03 Utanríkisráðuneyti	-2 000	
04 Landbúnaðarráðuneyti	369 100	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	335 300	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	58 300	
07 Félagsmálaráðuneyti	78 000	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 843 200	
09 Fjármálaráðuneyti	1 249 900	
10 Samgönguráðuneyti	108 500	
11 Iðnaðarráðuneyti	15 000	
14 Umhverfisráðuneyti	44 000	
Samtals		4 397 200

3. gr.

Samhljóða þskj. 108 með eftirtöldum breytingum sem samþykktar voru á þskj. 298:

00–610 Umboðsmaður Alþingis

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 500
1 01 Umboðsmaður Alþingis	1 500	
Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	1 500	
5 Gjöld samtals		**1 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 000
1 90	Ýmis verkefni	35 000	
Viðhaldsverkefni:			10 000
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	10 000	
	Gjöld samtals		45 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	25 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	20 000	
5	Gjöld samtals		**45 000**
01–171 Byggðastofnun			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Byggðastofnun	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**
02–523 Fósturskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 02	Annað en kennsla	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		15 000
1 01 Íslenski dansflokkurinn	3 700	
1 10 Listdansskólinn	11 300	
Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	6 000	
52–58 Önnur gjöld	9 000	
5 Gjöld samtals		**15 000**
02–983 Ýmis fræðistörf		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		4 000
1 90 Ýmis fræðistörf	4 000	
Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 000	
5 Gjöld samtals		**4 000**
02–999 Ýmislegt		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 000
1 90 Ýmis framlög	1 000	
Stofnkostnaður:		4 000
6 20 Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu	4 000	
Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	4 000	
59 Tilfærslur:		
5912 Til sveitarfélaga	1 000	
5 Gjöld samtals		**5 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–401 Alþjóðastofnanir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−34 000
1 58	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR	14 000	
1 73	Þróunarsjóður EFTA	−48 000	
	Gjöld samtals		−34 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	−34 000	
5	Gjöld samtals		**−34 000**
04–420 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 000
1 20	Niðurgreiðsla á ull	40 000	
	Gjöld samtals		40 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	40 000	
5	Gjöld samtals		**40 000**
05–201 Fiskifélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 500
1 01	Yfirstjórn	13 500	
	Gjöld samtals		13 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 500	
5	Gjöld samtals		**13 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 51	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO . .	5 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Matvælaþróun í sjávarútvegi	10 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	10 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
07–951 Brunamálastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 10	Námssjóður	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 000	
5	Gjöld samtals	2 000	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		
08–367 Sjúkrahúsið Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 000
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	17 000	
	Gjöld samtals		17 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	17 000	
5	Gjöld samtals		**17 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–370 Sjúkrahús í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			−10 000
6 50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	−10 000	
	Gjöld samtals		−10 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−10 000	
5	Gjöld samtals		**−10 000**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 000
1 01	Ríkisspítalar	73 000	
	Gjöld samtals		73 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 000	
52–58	Önnur gjöld	13 000	
5	Gjöld samtals	73 000	
4	Sértekjur	−30 000	
	Mismunur		**103 000**
08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 000
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	100 000	
	Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	100 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**
08–400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 000
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	27 000	
	Gjöld samtals		27 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	27 000	
5	Gjöld samtals		**27 000**

10–190 Ýmis kostnaður ráðuneytis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 32	Rannsóknanefnd flugslysa	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**

10–333 Hafnamál

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			45 000
6 20	Ferjubryggjur	−15 000	
6 30	Hafnamannvirki	45 000	
6 40	Sjóvarnargarðar	15 000	
	Gjöld samtals		45 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	45 000	
5	Gjöld samtals		**45 000**
	Sundurliðun breytist þannig:		
	a. Ferjubryggjur (10-333 620)		
	1. Nauteyri	−19 500	
	2. Mjóifjörður	4 500	
	b. Hafnamannvirki (10-333 630)		
	1. Bolungarvík	10 000	
	2. Ísafjörður	5 000	

311. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið samhliða frumvarpi til laga um félagslega aðstoð, 84. mál, en þessum tveimur frumvörpum er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 67/1971, um almannatryggingar. Nefndin fékk á sinn fund við yfirferð frumvarpanna Dögg Pálsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þá komu á fund nefndarinnar frá Öryrkjabandalagi Íslands Helgi Seljan og Ásgerður Ingimarsdóttir. Nefndin hefur einnig stuðst við umsagnir margra aðila um frumvörpin, m.a. frá 116. þingi, og aflað ýmissa gagna við umfjöllun um málið.

Meiri hluti nefndarinnar fellst á að reglur um almannatryggingar annars vegar og félagslega aðstoð hins vegar verði aðgreindar og telur það óhjákvæmilegt í ljósi fyrirsjáanlegrar gildistöku EES-samningsins. Í kjölfar gildistökunnar verður skylt að flytja almannatryggingabætur á milli aðildarríkja EES-samningsins í samræmi við þann rétt sem menn hafa áunnið sér í löndunum. Markmið með framangreindri aðgreiningu er því að tryggja að í ákvæðum laga um almannatryggingar sé ekki kveðið á um bætur sem í raun eru félagslegs eðlis. Samkvæmt reglum EB á sviði almannatrygginga eru skilyrði þess að bætur teljist til félagslegrar aðstoðar en ekki almannatrygginga þríþætt, að einstaklingsbundið mat ráði því hvort viðkomandi fái bætur, að tekjustaða hafi áhrif á bótarétt og að fjármögnun bótanna sé aðskilin frá fjármögnun bóta almannatrygginga.

Meiri hlutinn mælir með samþykki þessa frumvarps með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Jafnframt flytur minni hlutinn tillögur um breytingar á sérstöku þingskjali en styður þó þær breytingartillögur sem meiri hlutinn flytur.

Efnisbreytingar við frumvarpið eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að frestur, sem kveðið er á um í 7. gr. til að skjóta ákvörðun sem tekin er á grundvelli laga um almannatryggingar eða laga um félagslega aðstoð, verði þrír mánuðir en ekki fjórir eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Eðlilegt þykir að gæta hér samræmis við meginreglu 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem öðlast gildi 1. janúar 1994.
2. Lagt er til að biðtími eftir örorkubótum á grundvelli 12. gr. verði styttur úr einu ári í sex mánuði hafi menn haft óskerta starfsorku þegar þeir tóku hér lögheimili. Er það í samræmi við breytingu sem lögð er til á 32. gr. Breytingartillögurnar eru byggðar á sanngirnissjónarmiðum.
3. Lögð er til sú breyting á 16. gr. að sama regla gildi um bótaþega fæðingardagpeninga og gildir um þá sem njóta fæðingarstyrks á grundvelli 15. gr., þ.e. í báðum tilvikum sé gert að skilyrði að viðkomandi hafi átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna sem bótarétturinn byggist á.
4. Leiðrétt er röng lágmarksfjárhæð dánarbóta í 30. gr.
5. Í a-lið er lagt til að orðalagi 32. gr. verði breytt lítillega og framsetning skýrð. Þá er lagt er til að biðtími verði styttur í sex mánuði en eins árs biðtími, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er talinn of langur. Nefna má hér t.d. tilvik þar sem Íslendingur, sem lengi hefur verið búsettur erlendis, ákveður að flytja á ný til landsins. Sex mánaða biðtími er hins vegar talinn nægilega langur til að girða fyrir hugsanlega misnotkun.

Í b-lið er tilvísun 4. mgr. 32. gr. breytt til samræmis við þá breytingu sem lögð er til við 1. mgr. 32. gr.

6. Lagt er til að í 34. gr. sé einnig vísað til ákvæða sérlaga. Með því er vakin athygli á að í sérlögum geta verið ákvæði sem hér skipta máli. Í dag má benda á lög nr. 82/1989, um málefni aldraðra.
7. Lagt er til að greiðsla sjúkradagpeninga skv. 38. gr. verði miðuð við 16 ára aldur en ekki 17 ár. Ekki verður séð hvaða rök mæla með 17 ára aldursmörkum.
8. Hér er lögð til breyting á 40. gr. til samræmis við reglur EES-samningsins á sviði almannatrygginga, en óbreytt mun greinin ekki standast ákvæði samningsins.
9. Í a-lið er lögð til sú breyting á ákvæði til bráðabirgða að í stað þess að bætur til öryrkja falli með öllu niður á grundvelli 2. tölul. ákvæðisins skerðist bæturnar eftir almennum skerðingarreglum. Ekki verður séð að nein rök styðji að aðrar reglur gildi í þessu tilviki en almennt gilda um skerðingu vegna tekna.

   Með breytingunni, sem lögð er til í b-lið, mun koma skýrar fram að tilvísunin eigi einungis við um 5. tölul. en ekki aðra töluliði ákvæðis til bráðabirgða.
10. Auk þeirra efnislegu breytinga, sem raktar hafa verið, er lagt til að bætt verði í frumvarpið greinafyrirsögnum þar sem kveðið er á um mismunandi bótaflokka. Með því er stuðlað að skýrari framsetningu í frumvarpinu og um leið greiðari aðgangi að efni þess.

Loks leggur nefndin áherslu á að 6. mgr. 29. gr. frumvarpsins verði framkvæmd með afturvirkum hætti, en sú grein fjallar um greiðslu örorkubóta enda þótt orkutap sé metið undir 10% ef orsökina má rekja til mistaka við meðferð á sjúkrastofnunum. Með því er átt við að greiðslur geti komið til vegna atvika sem orðið hafa eftir gildistöku laga nr. 74/1989, um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Alþingi, 2. des. 1993.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm. Lára Margrét Ragnarsdóttir. Guðmundur Hallvarðsson.

Sólveig Pétursdóttir. Sigríður A. Þórðardóttir.

312. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 7. gr. Í stað orðanna „fjórum mánuðum“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: þremur mánuðum, og í stað orðanna „fjögurra mánaða“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: þriggja mánaða.
2. Við 12. gr. Í stað orðanna „eitt ár“ í a-lið 1. mgr. komi: sex mánuði.
3. Við 16. gr. Í stað orðanna „lögheimili eiga á Íslandi“ í 1. málsl. a-liðar komi: átt hafa lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna.
4. Við 30. gr. Í stað „128.924“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: 270.281.

5. Við 32. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Sá sem átt hefur lögheimili í landinu í sex mánuði, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, og 1. mgr. 5. gr. laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingu, telst sjúkratryggður, nema annað leiði af milliríkjasamningum.
   b. Í stað orðanna „eins árs“ í 4. mgr. komi: sex mánaða.
6. Við 34. gr. Í stað orðanna „ákvæði 35. og 39. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 35. og 39. gr. eða ákvæði sérlaga.
7. Við 38. gr. Í stað tölunnar „17“ í 1. mgr. komi: 16.
8. Við 40. gr. Við bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. og orðist svo:
   Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis í aðildarríki EES-samningsins og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því samkvæmt reglum EES-samningsins á sviði almannatrygginga.
9. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. 2. málsl. 2. tölul. orðist svo: Skerðing bóta á starfstímabilinu fer eftir almennum skerðingarreglum á hverjum tíma.
   b. 3. mgr. 5. tölul. orðist svo:
      Greiðslum skv. 5. tölul. skal ljúka 31. desember 1993.
10. Eftirfarandi greinafyrirsagnir bætist í frumvarpið:
   a. Á undan 11. gr.: Ellilífeyrir.
   b. Á undan 12. gr.: Örorkulífeyrir.
   c. Á undan 13. gr.: Örorkustyrkur.
   d. Á undan 14. gr.: Barnalífeyrir.
   e. Á undan 15. gr.: Fæðingarstyrkur.
   f. Á undan 16. gr.: Fæðingardagpeningar.
   g. Á undan 17. gr.: Tekjutrygging.

313. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um félagslega aðstoð.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarp til laga um félagslega aðstoð samhliða frumvarpi um almannatryggingar, 83. máli, og vísast til almennrar umfjöllunar í nefndaráliti með því frumvarpi.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt þessa frumvarps með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Jafnframt flytur minni hlutinn tillögur um breytingar á sérstöku þingskjali, en styður þó þær breytingartillögur sem meiri hlutinn flytur. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að svigrúm til greiðslu umönnunarbóta í 4. gr. verði aukið þannig að heimilt verði að greiða framfærendum þær enda þótt barn dveljist um stundarsakir á sjúkrahúsi.

Þá er lögð til sú breyting við 4. gr. að svæðisstjórnir um málefni fatlaðra fjalli einungis um umönnunarbætur til framfærenda fatlaðra, en að Tryggingastofnun ríkisins sjái alfarið um afgreiðslu umönnunarbóta til framfærenda annarra barna sem ákvæðið tekur til. Breytingin, sem hér er gerð tillaga um, er í samræmi við reglugerð nr. 150/1992, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og sjúkra barna.

2. Eðlilegt þykir að í 13. gr. verði kveðið sérstaklega á um að frumvarp til laga um almannatryggingar eigi við um kærurétt til tryggingaráðs og um hækkun bóta þegar ákvæði frumvarps um félagslega aðstoð eru annars vegar. Enda þótt almenn tilvísun sé í 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins þykir rétt að árétta framangreind grundvallaratriði.
3. Þá er lagt til að bætt verði í frumvarpið greinafyrirsögnum svo að efnisskipan þess verði greinilegri.

Alþingi, 2. des. 1993.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm. Lára Margrét Ragnarsdóttir. Guðmundur Hallvarðsson.

Sólveig Pétursdóttir. Sigríður A. Þórðardóttir.

314. Breytingartillögur [84. mál]

við frv. til l. um félagslega aðstoð.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Á eftir orðunum „sem dveljast í heimahúsi“ í 1. málsl. komi: eða á sjúkrahúsi um stundarsakir.
   b. Á eftir orðunum „samkvæmt lögum um málefni fatlaðra“ í 2. málsl. komi: ef um fatlað barn er að ræða.
2. Við 13. gr. Á eftir orðunum „eftir því sem við á“ í 1. mgr. komi: m.a. um kærurétt til tryggingaráðs og um hækkun bóta.
3. Eftirfarandi greinafyrirsagnir bætist í frumvarpið:
   a. Á undan 2. gr.: Mæðra- og feðralaun.
   b. Á undan 3. gr.: Barnalífeyrir.
   c. Á undan 4. gr.: Umönnunargreiðslur.
   d. Á undan 5. gr.: Makabætur.
   e. Á undan 6. gr.: Dánarbætur.
   f. Á undan 7. gr.: Ekkjulífeyrir.
   g. Á undan 8. gr.: Endurhæfingarlífeyrir.
   h. Á undan 9. gr.: Heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót.
   i. Á undan 10. gr.: Frekari uppbætur.
   j. Á undan 11. gr.: Bifreiðakostnaður.
   k. Á undan 12. gr.: Endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf.

315. Fyrirspurn [262. mál]

til forsætisráðherra um setu embættismanna í sveitarstjórnum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða reglur gilda um setu embættismanna, svo sem sýslumanna og starfsmanna ráðuneyta, í sveitarstjórnum eða nefndum á þeirra vegum?
2. Hvaða áhrif munu ný stjórnsýslulög hafa á þátttöku embættismanna í sveitarstjórnum og nefndum á þeirra vegum þegar þau lög öðlast gildi um nk. áramót og telur ráðherra rétt að setja sérstakar reglur þar um vegna lagasetningarinnar?

316. Frumvarp til laga [263. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, með síðari breytingu.

1. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna skulu ekki koma til framkvæmda á fyrri hluta árs 1994 og ekki á skólaárinu 1994–1995:

a. 3. mgr. 4. gr.
b. 1. og 6. mgr. 46. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „1992–1993 og skólaárið 1993–1994“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. 2. gr. laga nr. 4/1993, kemur: 1993–1994 og skólaárið 1994–1995.

Um breytingu á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

3. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr., og breytist töluröð síðari greina eftir því. Greinin orðast svo:

Skrásetningargjöld í sérgreinadeildum skólans skulu háð árlegu samþykki skólanefndar og menntamálaráðherra. Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga í undirbúningsdeild og raungreinadeild skólans (frumgreinadeild), svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld.

Um breytingu á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu.

5. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Skólanefnd og skólastjórar skólanna ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Upphæð gjalda er háð samþykki ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins.

6. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Skólanefnd og forstöðumaður ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Upphæð gjalda er háð samþykki ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

7. gr.

Við V. kafla laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, bætist ný grein, 38. gr., er orðast svo:

Til að standa straum af kostnaði við vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir með búvélar og prófanir á þeim hjá bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er landbúnaðarráðherra heimilt að láta innheimta sérstakt gjald af öllum seldum búvélum og má gjaldið vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu, hlutfall af tollverði vélanna eða söluverði innan lands, þó að hámarki 2% að teknu tilliti til álagningargrunns. Gjald þetta er aðfararhæft. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins.

Um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof.

8. gr.

11. gr. laganna, sbr. 91. gr. laga nr. 92/1991, orðast svo:

Standi launagreiðandi ekki í skilum með útborgun orlofslauna skv. 7. eða 8. gr. vegna greiðsluerfiðleika án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta getur launþegi eða hlutaðeigandi verkalýðsfélag í umboði hans snúið sér til ábyrgðasjóðs launa, sbr. lög nr. 53/1993, með orlofslaunaskröfuna studda gögnum um fjárhæð hennar, svo sem launaseðlum, vottorði viðkomandi launagreiðanda eða löggilts endurskoðanda hans.

Ábyrgðasjóðurinn skal þegar í stað skora á vinnuveitanda að greiða kröfuna, en beri það ekki árangur skal ábyrgðasjóðurinn innleysa kröfuna frá launþeganum. Skal það gert innan þriggja vikna frá því að krafa launþegans á hendur ábyrgðasjóðnum var sett fram.

Á innleysta orlofskröfu ábyrgðasjóðsins falla 7,5% viðurlög við innlausnina. Á kröfuna reiknast síðan mánaðarlegir dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987, fyrst 15 dögum eftir innlausn.

Kröfur ábyrgðasjóðsins vegna innleystrar orlofslaunakröfu eru aðfararhæfar samkvæmt lögum nr. 90/1989. Krafan nýtur sama réttar og krafa launþegans hefði notið í þrotabúi vinnuveitandans.

Ábyrgð á vangreiddu orlofi samkvæmt grein þessari, svo og kostnað af rekstri málaflokksins, skal fjármagna með ábyrgðargjaldi því sem innheimt er skv. 3. gr. laga nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, er á árinu 1994 heimilt að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til eftirfarandi verkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra:

a. liðveislu skv. 25. gr.,
b. félagslegrar hæfingar og endurhæfingar skv. 27. gr.,
c. kostnaðar vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra skal gera tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár skv. a-lið þessarar greinar.

Um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

10. gr.

Við 19. gr. laganna, sbr. b-lið 3. gr. laga nr. 79/1991, bætist ný málsgrein, 6. mgr., sem orðast svo:

Með reglugerð er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur.

11. gr.

Við 41. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 87/1989, bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalarinnar.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar.

12. gr.

Í stað orðanna „þrefalt hærri fjárhæð en“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: sömu fjárhæð og.

13. gr.

Við 7. tölul. 21. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Nú samsvara tekjurnar eða tekjuígildið ekki hámarksbótum atvinnuleysistrygginga og má þá greiða mismun atvinnuleysisbóta og teknanna eða tekjuígildisins.

14. gr.

3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili sem skal vera 260 dagar eða samtals 52 vikur.

15. gr.

Við lokamálsgrein 23. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo:

Nú fær bótaþegi ekki fullar atvinnuleysisbætur og skal þá eingöngu skerða bæturnar hlutfallslega.

16. gr.

5. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo:
   Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sameina úthlutunarnefndir tveggja eða fleiri félaga eða félagasambanda.
b. Í stað orðanna „Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 2. mgr. kemur: Ráðherra.

18. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:
Úthlutunarnefndir annast greiðslu bóta til einstakra bótaþega nema ráðherra ákveði annað.

19. gr.

34. gr. laganna fellur brott.

20. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IV:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Á árinu 1994 skulu sveitarfélög greiða 600 m.kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.312 kr. fyrir hvern íbúa, en sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.387 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1993. Um innheimtu gjaldsins skal fjármálaráðherra setja reglugerð.
b. Í stað „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: ráðherra.

II. KAFLI

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs eigi vera hærra en 12 m.kr. á árinu 1994.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1994 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10,5 m.kr. á árinu 1994. Þrátt fyrir ákvæði 49. gr. sömu laga skal kostnaður við húsafriðunarnefnd greiðast úr húsafriðunarsjóði.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, falla þær greiðslur niður á árinu 1994.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1994.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 7. gr. laga nr. 56/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1979, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til launa og aksturs héraðsráðunauta eigi vera hærra en 37,5 m.kr. á árinu 1994.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liða 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1994.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um Kirkjubyggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 1 m.kr. á árinu 1994.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1994.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal framlag ríkissjóðs til gæsluvistarsjóðs falla niður á árinu 1994.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 0,9 m.kr. á árinu 1994.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 90 m.kr. á árinu 1994.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 24. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1988, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri fjárhæð en 68 m.kr. á árinu 1994.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. 67. gr. laga nr. 111/1992 og 30. gr. laga nr. 29/1993, skulu 370 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1994.

36. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 31,5 m.kr. á árinu 1994.

37. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3., 4., 5. og 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, sbr. 33. gr. laga nr. 1/1992, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 28 m.kr. á árinu 1994. Ríkissjóður endurgreiðir ekki á árinu 1994 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000, miðað við íbúafjölda 1. desember 1993. Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum. Umhverfisráðuneyti skal auglýsa fyrir 1. maí 1994 til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra. Sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga er heimilt á árinu 1994 að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar og umhverfisráðuneyti auglýsir skv. 4. málsl. þessarar greinar. Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að áður óþekktum tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 hefur ríkisstjórnin boðað samdrátt heildarútgjalda ríkisins. Til þess að unnt verði að ná því markmiði er nauðsynlegt að breyta nokkrum lögum. Rétt þótti að safna flestum breytingartillögum saman í eitt frumvarp til þess að leggja á það áherslu að öll tengjast þau stefnu ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda og viðleitni til þess að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum. Önnur lagafrumvörp, sem áformað er að flytja m.a. í þessu skyni, fela hins vegar öll í sér tillögur um setningu nýrra heildarlaga hvert á sínu sviði og verða því flutt sérstaklega. Þetta eru frumvarp til laga um kirkjumálasjóð, frumvarp til laga um prestssetur og frumvarp til lyfjalaga.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Þessi kafli frumvarpsins tekur til þeirra breytingartillagna sem teljast forsendur að baki einstökum útgjaldaliðum.

Um 1. gr.

Efni greinarinnar er tvíþætt:

a. Frestað er framkvæmd ákvæðis um að nemendur skuli eiga kost á málsverði í skólatíma.
b. Frestað er að lengja kennslutíma nemenda í grunnskóla að því marki sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 46. gr. og verður miðað við þann kennslutíma sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 1993 og frumvarpi til fjárlaga 1994. Enn fremur er frestað framkvæmd á 6. mgr. 46. gr. laga um grunnskóla þar sem kveðið er á um að komið skuli á skólaathvarfi við hvern grunnskóla.

Um 2. gr.

Frestað er að fækka nemendum í bekkjum í samræmi við 75. gr. laga um grunnskóla til loka skólaárs 1994–1995.

Um 3. gr.

Grein þessi felur í sér að felld er niður málsgrein þess efnis að kostnað við stofnun og rekstur Tækniskóla Íslands skuli greiða að fullu úr ríkissjóði. Í lögum um aðra skóla á háskólastigi er ekki að finna slíkt ákvæði, en fjárveitingar til skólanna ákvarðast að sjálfsögðu í fjárlögum hverju sinni. Nefna má að ekki þótti ástæða til að hafa ákvæði af þessu tagi í nýlega settum lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skrásetningargjöld í sérgreinadeildum Tækniskóla Íslands, sbr. hliðstætt ákvæði um skrásetningargjöld í 15. gr. laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, og aðra sambærilega skóla í landinu. Enn fremur eru ákvæði um gjöld nemenda í undirbúnings- og raungreinadeild skólans (frumgreinadeild) sem teljast vera á framhaldsskólastigi, sbr. hliðstæð ákvæði í 8. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla.

Um 5. og 6. gr.

Hér er lagt til að aflað verði heimilda til handa Bændaskólanum á Hvanneyri, Bændaskólanum á Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi til að innheimta skráningargjöld af nemendum. Með þessu er lagt til að nemendur skólanna taki þátt í fjármögnun á beinum kostnaði vegna náms við skólana. Heimildir þessar um innheimtu skráningargjalda eru í samræmi við heimildir hliðstæðra skóla í landinu. Gert er ráð fyrir að upphæð skráningargjalda sé háð samþykki landbúnaðarráðherra.

Um 7. gr.

Sérstök deild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur á hendi vinnu- og verktækirannsóknir á búvélum, sbr. 6. tölul. 36. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingum. Hér er lagt til að landbúnaðarráðherra fái heimild til að láta innheimta sérstakt gjald af öllum seldum búvélum sem ætlað er að standa undir kostnaði við prófanir, vinnu- og verktæknirannsóknir o.fl. Með þessu munu söluaðilar búvéla standa að mestu undir kostnaði vegna rannsókna og tilrauna með búvélar og prófanir á þeim. Þeir söluaðilar sem hafa látið vélar til prófunar hjá bútæknideild hafa þurft að greiða fyrir þá þjónustu sérstaklega. Hér er því um að ræða nánari útfærslu á núverandi gjaldtökukerfi. Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að atvinnuveg-

irnir kosti sjálfir hluta af þeirri þjónustu sem þeir njóta.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að framkvæmd ríkisábyrgðar á orlofi vegna greiðsluerfiðleika launagreiðanda verði falin ábyrgðasjóði launa sem starfar samkvæmt lögum nr. 53/1993.

Í apríl 1993 skilaði Ríkisendurskoðun greinargerð til félagsmálaráðuneytisins um ríkisábyrgð orlofs. Í greinargerð þessari er rakið með hvaða hætti framkvæmd þessara mála hefur verið hjá félagsmálaráðuneytinu og Tryggingastofnun ríkisins. Með samkomulagi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis var ákveðið að fela Tryggingastofnun ríkisins að annast meðferð mála vegna ríkisábyrgðar á orlofi frá og með 1. maí 1991. Í greinargerð sinni leggur Ríkisendurskoðun m.a. til að athugað verði hvort ekki sé eðlilegra að ábyrgðasjóður launa yfirtaki ábyrgð á orlofsgreiðslum vegna greiðsluerfiðleika, líkt og með aðrar launagreiðslur vegna gjaldþrota. Í því sambandi bendir Ríkisendurskoðun á að dæmin sýni að verulegur hluti þeirra launagreiðenda sem eru í greiðsluerfiðleikum og geta ekki greitt orlofslaunakröfu fara í gjaldþrot.

Frá 1. maí 1991 hefur framkvæmd ríkisábyrgðar á launum vegna gjaldþrota og ríkisábyrgðar á orlofi vegna greiðsluerfiðleika í raun verið á sömu hendi. Félagsmálaráðuneytið hefur þó endanlegt ákvörðunarvald um innlausn orlofslaunakröfu vegna greiðsluerfiðleika, en með lögum nr. 52/1992 var kveðið á um að settur skyldi á fót ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota sem lúta skyldi þriggja manna stjórn sem félagsmálaráðherra skipar.

Með hliðsjón af framangreindum atriðum og greinargerð Ríkisendurskoðunar er talið eðlilegt að ábyrgðasjóði launa verði falið að ábyrgjast greiðslur á orlofi vegna greiðsluerfiðleika launagreiðanda til að samræma framkvæmd fyrrgreindra tveggja málaflokka.

Jafnframt þessu er lagt til í 5. mgr. að kostnaður vegna ábyrgðar á orlofi vegna greiðsluerfiðleika greiðist af ábyrgðargjaldi því sem innheimt er skv. 3. gr. laga nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Ekki er lagt til að umrætt ábyrgðargjald muni hækka með breytingu þessari, heldur er einungis verið að víkka út starfssvið ábyrgðasjóðs launa.

Um 9. gr.

Lagt er til að þrátt fyrir ákvæði laganna um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra verði á árinu 1994 heimilt að verja tilteknum hundraðshluta af ráðstöfunarfé sjóðsins til nokkurra verkefna. Þetta er einkum gert í ljósi þess að mjög mikil uppbygging þjónustustofnana fatlaðra hefur átt sér stað undanfarið þannig að brýnni þörf þykir nú á því að auka fjármagn til stoðþjónustu en halda áfram uppbyggingu stofnana í sama mæli og verið hefur undanfarin ár. Einnig er tekið mið af því að ljóst er að nýtt fjármagn til rekstrar verður mjög takmarkað þannig að framlög til stofnframkvæmda munu ekki nýtast.

Um 10. gr.

Til að draga úr kostnaði almannatrygginga vegna greiðslu ekkjulífeyris er lagt til að heimilt verði að tekjutengja greiðslu þessara bóta.

Um 11. gr.

Í lögum um málefni aldraðra eru ákvæði þess efnis að aldraðir langlegusjúklingar skuli taka þátt í kostnaði vegna dvalarinnar. Fyrirhugað er að taka upp greiðsluhlutdeild sjúklinga vegna áfengismeðferðar. Greiðsluhlutdeild af svipuðu tagi tíðkast hjá Heilsustofnun NLFÍ. Nauðsynlegt þykir að fella reglugerðarheimild af þessu tagi inn í lögin, en ákvæðið kemur eftir sem áður ekki í veg fyrir að unnt verði að setja jafnframt ákvæði um greiðsluþátttöku sjúklinga í sérlög.

Um 12. gr.

Ákveðið hefur verið að framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs verði hið sama og tekjur sjóðsins af tryggingagjaldi. Í III. kafla frumvarps til laga um breytingar í skattamálum er lagt til að hlutur Atvinnuleysistryggingasjóðs í tekjum af tryggingagjaldi verði aukinn. Til samræmingar er nauðsynlegt að breyta ákvæði um framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þrátt fyrir þessa breytingu mun framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1994 hækka úr sem nemur 0,45 af hundraði af stofni tryggingagjalds í 0,5 af hundraði. Eftir sem áður er ríkissjóði skylt að bæta úr fjárþurrð sjóðsins skv. 38. gr. laga um atvinnuleysistryggingar ef sjóðurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Um 13. gr.

Ef einstaklingur hefur tekjur eða tekjuígildi undir hámarksbótum atvinnuleysistrygginga er hér lagt til að þær skuli dregnar frá atvinnuleysisbótunum.

Um 14. gr.

Nauðsynlegt þykir að taka fram að bótatímabilið sé 52 vikur.

Um 15. gr.

Í ljós hefur komið að ekki er nægilega skýrt tekið fram í lögunum að aldrei skuli skerða atvinnuleysisbætur að fullu um greiddan elli- og örorkulífeyri eða örorkustyrk nema bótaþegi fái fullar atvinnuleysisbætur. Því þykir nauðsynlegt að leggja til að kveðið sé skýrt á um það í lögunum að greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins skuli skerða bæturnar í sama hlutfalli og bótahlutfall atvinnuleysisbóta.

Um 16. gr.

Ákvæði þetta geymir heimild til þess að greiða atvinnuleysisbætur í hlutfalli við skertan dagvinnutíma ef skerðingin stafar af samdrætti í starfsemi fyrirtækis. Í ljós hefur komið veruleg misnotkun þessa ákvæðis og er fyrir þær sakir lagt til að ákvæðið falli brott.

Um 17. og 18. gr.

Lagt er til að opnuð verði heimild í lögunum til að fækka úthlutunarnefndum, en þær eru nú um 150. Einnig er lagt til að ákvörðun um þóknun fyrir nefndarstörfin og umsýslu með bótagreiðslum verði færð í hendur ráðherra.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að 34. gr. laganna falli brott enda þykir ekki ástæða til að lána úr Atvinnuleysistryggingasjóði til stéttarfélaga og félaga atvinnurekenda til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi eða til orlofsheimila launþega.

Um 20. gr.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin leggi Atvinnuleysistryggingasjóði til framlag til atvinnuskapandi verkefna í sveitarfélögum á árinu 1994 með sama hætti og árið 1993. Gert er ráð fyrir að framlagið hækki úr 500 m.kr. í 600 m.kr. Það þýðir að sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiða 2.312 kr. á hvern íbúa, en greiddu 1.950 kr. árið 1993.

Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að flytja yfirstjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis frá 1. janúar 1994. Í samræmi við það eru viðeigandi breytingar gerðar á 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins.

Um II. kafla.

Í samræmi við markaða stefnu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 um skerðingu lögboðinna framlaga er í þessu frumvarpi lögð til skerðing á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila sem bundin eru í sérlögum.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994.

Lagt hefur verið mat á fjárhagsleg áhrif þessa frumvarps verði það að lögum, annars vegar með tilliti til þeirra ákvæða sem fram koma í I. kafla þess og hins vegar í II. kafla þar sem skerðingarákvæði eru tekin saman. Það er mat fjármálaráðuneytisins að ákvæði I. kafla leiði til þess að útgjöld ríkissjóðs verði um 734 m.kr. lægri en ef gildandi lög hefðu gilt. Skerðingarákvæði II. kafla fela í sér 918 m.kr. lækkun útgjalda frá því sem ella hefði verið. Um einstök efnisatriði frumvarpsins er eftirfarandi að segja:

1. Breyting á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, með síðari breytingu.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 miðast útgjaldaáætlanir við að þessi ákvæði verði að lögum. Ákvæðin eru hliðstæð ákvæðum laga nr. 4/1993, um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, sbr. og lög nr. 1/1992. Sparnaður, sem af breytingu hlýst, er metinn sem hér segir:

Fyrst er að nefna að ógerlegt er að segja til um hugsanlegan kostnað við málsverði í skólum þar sem slík þjónusta er ekki enn fyrir hendi og því engin kostnaðarreynsla fengin. Er því ekki lagt á það talnalegt mat hér, en ljóst er að kostnaður hefði að hluta fallið á sveitarfélög.

Í annan stað er skv. 46. gr. laga nr. 49/1991 gert ráð fyrir að heildarfjöldi viðmiðunarstunda sé 314 en hann er 287 í forsendum frumvarps til fjárlaga 1994. Sparnaður á haustönn 1994 er áætlaður 110 m.kr. en um 130 m.kr. á vorönn 1995.

Í þriðja lagi er erfitt að áætla sparnað vegna ákvæðis um fjölda nemenda í bekkjardeildum skv. 2. gr. en sparnaðurinn fer m.a. eftir því hvernig nemendur dreifast á skóla. Gert er ráð fyrir að frestun á fækkun nemenda í 1. bekk í 18 og í 22 í 3. bekk spari nálægt 50 m.kr. á haustönn 1994 en 60 m.kr. á vorönn 1995.

Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að frestun framangreindra ákvæða grunnskólalaga spari ríkissjóði um 160 m.kr. á haustönn 1994, en 350 m.kr. á öllu skólaárinu 1994–95.

2. Breyting á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

Í ákvæðum frumvarpsins, sem eiga við Tækniskóla Íslands, er um tvær breytingar að ræða:

Í fyrsta lagi er felld niður málsgrein í 1. gr. núgildandi laga er kveður á um að kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist að fullu úr ríkissjóði. Þessi breyting hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs enda var og verður fjárveiting til skólans ákveðin á fjárlögum hverju sinni.

Í öðru lagi er bætt við nýrri grein, 10. gr., sem kveður á um innheimtu ýmissa gjalda af nemendum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 er gert ráð fyrir að tekjur skólans af ofangreindum gjöldum verði nálægt 7 m.kr. á árinu 1994.

3. Breyting á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu, og á lögum nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins.

Hér er lagt til að búnaðarskólar og Garðyrkjuskóli ríkisins fái heimild til að innheimta gjöld af nemendum. Gera má ráð fyrir að Bændaskólinn á Hvanneyri afli 0,8 m.kr. með skráningargjöldum á næsta ári, Bændaskólinn á Hólum 0,6 m.kr. og Garðyrkjuskóli ríkisins 0,6 m.kr.

4. Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Hér er lagt til að veitt verði heimild til að leggja á sérstakt gjald af öllum seldum búvélum sem standi að mestu undir kostnaði Rannsóknastofnunar landbúnaðarins við prófanir, vinnu- og verktæknirannsóknir o.fl. Gera má ráð fyrir að slíkt gjald afli stofnuninni um 8 m.kr. á árinu 1994.

5. Breyting á lögum nr. 30/1987, um orlof.

Lagt er til að umsjón ríkisábyrgðar á orlofi vegna greiðsluerfiðleika launagreiðanda verði falin ábyrgðasjóði launa. Gert er ráð fyrir að kostnaður sá sem fellur á ábyrgðasjóð launa vegna þessa verði um 15 m.kr. á næsta ári.

6. Breyting á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

Lagt er til að allt að 25% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra verði varið til rekstrarkostnaðar stofnana fatlaðra. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður sá sem greiða skal af ráðstöfunarfé sjóðsins nemi 42,2 m.kr. á árinu 1994 og eru fjárveitingar á öðrum gjaldaliðum í fjárlagafrumvarpi lægri sem því nemur.

7. Breyting á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar.

Með ákvæði 12. gr. eru gerðar nauðsynlegar breytingar til samræmis við frumvarp til laga um breytingar á lögum um tryggingagjald. Lögbundið framlag ríkissjóðs í sjóðinn hækkar úr 0,45% af stofni tryggingagjalds í 0,5%, eða sem nemur 100 m.kr.

Með ákvæðum 13.–19. gr. eru gerðar nokkrar breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Samanlagt hafa þær ekki áhrif á heildarútgjöld sjóðsins þar sem áhrif til hækkunar og lækkunar standast á. Til hækkunar útgjalda eru ákvæði 15. gr. um skerðingu atvinnuleysisbóta vegna tekna af elli- og örorkulífeyrisbótum. Til lækkunar eru ákvæði 13. gr. um að heimilt sé að lækka atvinnuleysisbætur um tekjur einstaklings þótt þær séu undir hámarksbótum og ákvæði 16. gr. Í 14. gr. er aðeins um áréttingu á gildandi reglum að ræða og í 17. og 18. gr. er ráðherra veitt heimild til að sameina úthlutunarnefndir og til að ákveða þóknun til stéttarfélaga vegna úthlutunar atvinnuleysisbóta. Loks er í 19. gr. felld niður heimild sjóðsins til tiltekinna lánveitinga sem mun bæta sjóðstöðu hans.

Í 20. gr. er ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir að sveitarfélögin leggi Atvinnuleysistryggingasjóði til 600 m.kr. til atvinnuskapandi verkefna.

Niðurstaða.

Í heild er áætlað að lækkun útgjalda ríkissjóðs skv. I. kafla nemi 734 m.kr. á árinu 1994 og sundurliðast sem hér segir (í m.kr.):

Breyting á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, með síðari breytingu [1]	160
Breyting á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands	7
Breyting á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu og breyting á lögum nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins	2
Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna	8
Breyting á lögum nr. 30/1987, um orlof	15
Breyting á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	42
Breyting á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar	-100
20. gr.	600
Samtals	734

Ákvæði II. kafla, þ.e. um skerðingu á framlögum til sjóða og ýmissa verkefna, nema 918.5 m.kr. samanber eftirfarandi yfirlit:

[1] Lækkunin nemur um 350 m.kr. á skólaárinu 1994 – 95.

Yfirlit yfir skerðingarákvæði fjárlagafrumvarps 1994.

	Lögbundið framlag m.kr.	Fjárlaga-frumvarp m.kr.	Skerðing framlags m.kr.
Framkvæmdasjóður ríkisútvarps	120.0	0.0	120.0
Listskreytingasjóður	18.0	12.0	6.0
Húsafriðunarsjóður	36.0	10.5	25.5
Stofnlánadeild landbúnaðarins	110.0	0.0	110.0
Mat á búvörum	8.0	0.0	8.0
Búfjárræktarlög	41.2	34.8	6.4
Jarðræktarlög	43.1	37.5	5.6
Fiskveiðasjóður	0.4	0.0	0.4
Kirkjubyggingasjóður	8.0	1.0	7.0
Bjargráðasjóður	68.0	0.0	68.0
Gæsluvistarsjóður	7.5	0.0	7.5
Lyfsölusjóður	20.0	0.9	19.1
Vegagerð ríkisins	6.105.0	5.735.0	370.0
Hafnabótasjóður	111.0	90.0	21.0
Ferðamálaráð og Ferðamálasjóður	202.0	68.0	134.0
Skipulagsstjóri ríkisins	39.5	31.5	8.0
Eyðing refa og minka	30.0	28.0	2.0
Samtals	**6.967.7**	**6.049.2**	**918.5**

317. Fyrirspurn [264. mál]

til dómsmálaráðherra um ráðgjöf um sambúðarslit, hjónaskilnað og forsjá barna.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hvernig er staðið að ráðgjöf um sambúðarslit, skilnað og forsjá barna?
2. Hvaða menntun hafa þeir sem sjá um þá ráðgjöf hjá fimm stærstu sýslumannsembættum landsins?

318. Fyrirspurn [265. mál]

til dómsmálaráðherra um sameiginlega forsjá.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hve margir samningar voru gerðir um sameiginlega forsjá beggja foreldra við sambúðarslit eða skilnað á tímabilinu 1. júlí 1992 til 1. október 1993?
2. Hve oft fékk móðir forsjá á þessu tímabili:
   a. samkvæmt samningi,
   b. samkvæmt úrskurði dómsmálaráðuneytis,
   c. samkvæmt dómi?

3. Hve oft fékk faðir forsjá á þessu tímabili:
   a. samkvæmt samningi,
   b. samkvæmt úrskurði dómsmálaráðuneytis,
   c. samkvæmt dómi?

319. Frumvarp til laga [266. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Einar K. Guðfinnsson, Árni R. Árnason, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

2. mgr. 112. gr. laganna orðast svo:

Nú verður ljóst þegar álagningu skatta, annarra en tekjuskatts manna, lýkur að gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem fé var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma. Komi í ljós við endurákvörðun skatta samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar eða samkvæmt niðurstöðu dómstóla að gjaldandi hafi greitt meira en endanlegri álagningu nemur skal endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem fé var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem gjaldendum opinberra gjalda er gert að greiða skv. 3. málsl. 1. mgr. þessarar greinar. Sama gildir þegar í ljós kemur við endurákvörðun á tekjuskatti manna að um ofgreiðslu hafi verið að ræða að öðru leyti en því að inneignarvextir reiknast aldrei fyrr en frá 1. júlí á álagningarári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Gjaldendum ber að greiða dráttarvexti af vangreiddum opinberum gjöldum, sbr. 1. mgr. 112. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en gjaldandi sem hefur greitt meira en sem nemur endanlega ákvörðuðum sköttum er hins vegar samkvæmt gildandi lögum bætt upp það tímabil sem fé hans var í vörslu ríkissjóðs með vöxtum sem miðaðir eru við vexti af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma.

Í þeim tilvikum þegar um ágreining er að ræða milli skattstjóra eða ríkisskattstjóra annars vegar og gjaldenda hins vegar um opinber gjöld má vísa honum til yfirskattanefndar eða dómstóla. Úrskurði yfirskattanefndar má einnig vísa til dómstóla. Viðbótarálagning skattstjóra eða ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum fer þó til innheimtu áður en fjallað hefur verið um hann hjá yfirskattanefnd eða dómstólum. Getur af þessum sökum myndast verulegt misræmi í meðferð vangreiddra opinberra gjalda annars vegar og ofgreiddra opinberra gjalda hins vegar því að verði viðbótarálagning dæmd ólögmæt fær gjaldandi, sem greitt hefur álagninguna, jafnvel með dráttarvöxtum skv. 3. málsl. 1. mgr. 112. gr. ekki bætt það tjón sem hann varð fyrir vegna ólögmætrar álagningar þar sem hann fær aðeins almenna sparisjóðsvexti af því fé sem bundið hefur verið hjá ríkissjóði vegna álagningarinnar, auk

þess sem hann kann að hafa orðið fyrir kostnaði af kæru málsins eða annarrar meðferðar þess.

Ekki þykir fært að leiðrétta þetta misræmi með því að láta sömu reglur gilda almennt um vangreiðslur og ofgreiðslur á opinberum gjöldum þar sem hætta væri á að gjaldendur mynduðu hjá sér inneignir til að njóta slíkra vaxtakjara. Hins vegar er hér lagt til að sömu reglur gildi um vaxtagreiðslur af inneignum gjaldenda sem verða til við endurákvörðun áður ofálagðra gjalda vegna ólögmætrar álagningar eða viðbótarálagningar skattstjóra eða ríkisskattstjóra og vaxtatöku af vangreiddum opinberum gjöldum, en ekki í þeim tilvikum þegar inneign myndast af orsökum sem rekja má til gjaldenda sjálfra, svo sem mistaka þeirra við framtalsgerð.

320. Svar [48. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um afleiðingar útboðs á ræstingu í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu.

1. *Hvaða framhaldsskólar ákváðu að ganga til samninga við verktaka í kjölfar útboðs á ræstingu?*

Alls hafa fjórtán skólar skrifað undir samning við verktaka um ræstingu á grundvelli þess útboðs sem fram fór sl. vor. Þeir eru: Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntaskólinn við Sund, Kvennaskólinn í Reykjavík, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Sjómannaskólahúsið (Stýrimannaskólinn í Reykjavík og Vélskóli Íslands), Kennaraháskóli Íslands, Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans, Safamýrarskóli, Heyrnleysingjaskólinn og Iðnskólinn í Hafnarfirði.

2. *Hver var kostnaður viðkomandi skóla af ræstingu á síðasta skólaári og hver er áætlaður kostnaður þeirra á yfirstandandi skólaári?*

Rekstrarkostnaður skóla er gerður upp á grundvelli almanaksárs (fjárlagaárs) og því ekki hægt, svo vel sé, að svara spurningunni beint. Hins vegar lætur nærri að kostnaður skólaárs og almanaksárs sé hinn sami ef ekki verða verulegar breytingar á rekstri eða verðlagi á tímabilinu. Kvennaskólinn í Reykjavík hafði áður boðið út sínar ræstingar, og var kostnaður hans á árinu 1992 2.600.000 kr. en launakostnaður annarra skóla í hópnum var 63.041.024 kr. Við þá tölu bætast orlofsgreiðslur og ýmsar launabætur, alls um 12%. Samtals eru því launagreiðslur í skólunum fjórtán um 73.200.000 kr. Annan kostnað við ræstingar, svo sem efniskostnað, hlutdeild í stjórnunarkostnaði, fjármagnskostnað, launaskrið á tímabilinu o.fl., er ekki hægt að einangra að fullu en ætla má að sá hluti hækki heildartöluna um u.þ.b. 19% að jafnaði þannig að heildarkostnaður ársins er um 87.100.000 kr. Niðurstöður raunkostnaðargreiningar, sem Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar gerði og byggði á tölum frá árinu 1991, sýna hins vegar nokkru hærri heildarkostnað við ræstingar í umræddum skólum og bendir það annars vegar til þess að skólunum hafi tekist að ná fram nokkrum sparnaði á árinu 1992.

Greiðslur til Securitas hf. vegna daglegrar ræstingar í umræddum skólum á yfirstandandi skólaári verða um 65.756.000 kr. Þar fyrir utan eru greiðslur fyrir sumarræstingar, hreingerningar og bónun. Þessir þættir geta verið breytilegir, en ætla má að þeim fylgi 10–12% viðbótarkostnaður á fyrsta samningsárinu en nokkru lægri hin árin. Heildarkostnaður er þannig talinn verða á bilinu 72.300.000 til 73.600.000 kr. Má því segja að ræstingarkostnaður þeirra skóla, sem hér um ræðir, verði á yfirstandandi skólaári 13,5–14,8 millj. kr. lægri en hann var á reikningsárinu 1992, en það er lækkun um 15,5–17,0%. Þess er svo loks að geta að í tilboði verktakans, sem tekur til fimm ára tímabils í sumum skólunum en sjö ára í öðrum, er í öllum tilvikum um stiglækkandi greiðslur að ræða þannig að í lok tímabilsins verða árlegar greiðslur skólanna mun lægri en á yfirstandandi ári miðað við fast verðlag.

Hafa þarf í huga að kostnaður vegna þrifa í skólunum lækkar nokkuð á milli áranna 1991 og 1992. Er það væntanlega m.a. vegna þeirrar athygli sem þessi liður fær í rekstri skólanna samfara útboðinu. Þetta virðist jafnframt eiga við um aðra framhaldsskóla en þá sem hér er fjallað um.

Samanburður áranna 1992 og 1993 sýnir þannig aðeins hluta af þeirri hagræðingu sem náðist. Þegar árin 1991 og 1993 eru borin saman sést betur hinn raunverulegi árangur sem varð af útboðinu.

3. *Hvaða breyting varð á tímamælingu á ræstingu í einstökum skólum í kjölfar nýrrar verklýsingar frá verktaka? Hvað var áætlaður mikill tími til ræstinga daglega í hverjum og einum skóla fyrir og eftir útboð?*

Fyrir útboð voru greiddar um 500 klst. á dag vegna ræstinga í skólunum þrettán (Kvennaskólinn í Reykjavík undanskilinn). Upplýsingar frá verksala um fjölda greiddra stunda á dag, eftir að samningar voru gerðir, eru ófáanlegar.

4. *Hversu margir einstaklingar (konur) unnu við daglegar ræstingar í þeim skólum sem hlut eiga að máli áður en til útboðs kom og hversu margir vinna þar núna við þessi störf?*

Um það bil 130 einstaklingar, aðallega konur, unnu við ræstingar í þeim skólum sem hér um ræðir áður en til útboðsins kom. Þessi tala er ekki nákvæm vegna þess að hér er yfirleitt um hlutastörf að ræða og fjöldi starfsmanna því dálítið breytilegur frá einum tíma til annars. Í ársbyrjun var kannað hversu margir starfsmenn mundu óska eftir áframhaldandi vinnu og virtist þá sem langflestir hefðu hug á því. Þegar verktaki boðaði til fundar með þessu starfsfólki í ágústmánuði sl. hafði sá hópur minnkað verulega og þegar skólar byrjuðu í september sl. voru alls 65 ræstingamenn, eða réttur helmingur af fyrra starfsfólki, mættir til leiks. Síðan hafa nokkrir einstaklingar hætt störfum, enda er alltaf töluverð hreyfing í ræstingastörfum. Nú vinna 125 einstaklingar við ræstingar í þessum skólum, þar af tíu karlar.

5. *Hversu margir einstaklingar (konur) urðu fyrir tekjuskerðingu vegna breytinga á fyrirkomulagi ræstinga og hversu margir hækkuðu í tekjum?*

Upplýsingar um tekjubreytingar einstaklinga eru ófáanlegar, enda urðu í mörgum tilvikum breytingar á vinnutímafjölda og alls ekki sjálfgefið að þeir einstaklingar, sem enn eru í starfi, vinni sömu verk og áður. Taxtalaun fyrir unna klukkustund eru óbreytt.

6. *Hversu margir óskuðu ekki eftir endurráðningu við ræstingar í kjölfar útboðs?*
Sjá svar við fjórðu spurningu.

7. *Hvernig er háttað greiðslu atvinnuleysisbóta til þeirra kvenna sem ekki endurréðu sig eða urðu fyrir umtalsverðri tekjuskerðingu í kjölfar útboðs?*
Um þær konur, sem áttu kost á endurráðningu en höfnuðu henni, gilda almennar reglur um atvinnuleysisbætur, þ.e. að þær njóta ekki bóta næstu átta vikur eftir að þær höfnuðu starfinu. Um þær sem verða fyrir skerðingu vegna þess að fyrra verkefni dregst saman gilda þær reglur að greiddur er launamismunur í allt að 260 daga ef skerðingin nam meira en 25% af fullum launum. Nokkur slík tilvik hafa þegar komið til greiðslu.

8. *Hver var kostnaður menntamálaráðuneytisins af undirbúningi og framkvæmd útboðs, mati á tilboðum og samningi við þann tilboðsgjafa, sem verkið hlaut, Securitas hf.?*
Heildargreiðslur urðu 8.800.000 kr. til gerðar útboðsgagna, mats á tilboðum og til samningagerðar vegna skólanna fjórtán.

321. Breytingartillaga [105. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993.

Frá fjármálaráðherra.

	Þús. kr.
Við 3. gr. Nýr liður:	
07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.	
110 Almennur rekstur	250.000

322. Fyrirspurn [267. mál]

til dómsmálaráðherra um kaup á björgunarþyrlu.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvenær verður gerður samningur um kaup á björgunarþyrlu?

323. Frumvarp til laga [268. mál]

um stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íþróttamenn.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Guðni Ágústsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Svavar Gestsson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Stefán Guðmundsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Eggert Haukdal, Kristinn H. Gunnarsson, Finnur Ingólfsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn. Skal stofnfé sjóðsins samsvara árslaunum fjögurra háskólakennara.

Tilgangur sjóðsins er að skapa efnilegum íþróttamönnum fjárhagslegan grundvöll til að helga sig íþrótt sinni.

2. gr.

Fjárveiting skv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1995.

Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan ætluð fjárveiting er nemi eigi lægri fjárhæð en í 1. gr. greinir. Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á launum háskólakennara.

3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa þeir íþróttamenn sem að mati stjórnar sjóðsins hafa sýnt ótvíræða hæfileika í íþróttagrein sinni og eru því líklegir til afreka á því sviði.

Sérsambönd innan ÍSÍ skulu senda stjórn sjóðsins fyrir upphaf hvers fjárhagsárs tilnefningar um íþróttamenn er styrkhæfir þykja það ár.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Í henni skulu sitja þrír menn, einn tilnefndur af framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands, einn af íþróttanefnd ríkisins og einn skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara þar sem m.a. skal kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutun úr honum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íþróttir eru sívaxandi hluti daglegs lífs hjá almenningi hér á landi. Daglega leggja þúsundir manna á öllum aldri stund á íþróttir um land allt, bæði innan dyra og utan. Með auknum frítíma og áhuga á einstökum greinum íþrótta hefur mikilvægi íþrótta margfaldast fyrir fólkið í landinu. Íþróttahreyfingin og keppnisíþróttirnar eru aflvakinn að íþróttaiðkuninni og fullyrða má að almenningur ætti þess ekki kost að iðka ýmsar íþróttagreinar í hinum fjölmörgu íþróttamannvirkjum ef ekki hefði notið við dugmikilla og fórnfúsra einstaklinga sem lagt hafa á sig ómælt erfiði og oft og tíðum mikil útgjöld.

Jafnframt aukinni íþróttaiðkun hefur geta íslenskra íþróttamanna í keppni aukist ár frá ári og árangur þeirra vakið athygli víða um heim.

Afreksíþróttir eru viðurkenndur og þýðingarmikill þáttur í almennri uppbyggingu íþrótta. Flestar þjóðir telja afrek á alþjóðavettvangi bestu og ódýrustu landkynningu sem völ er á og þar með hlýtur að vera tímabært fyrir okkur Íslendinga að meta að verðleikum kynningar- og áróðursgildi afreksíþrótta. Gott dæmi um kynningar af þessu tagi er frábær árangur fatlaðra íþróttamanna.

Það hefur háð markvissri uppbyggingu og langtímaþjálfun afreksmanna okkar að þeir hafa ekki getað gefið sig óskipta að æfingu, t.d. fyrir Ólympíuleika og heimsmeistarakeppni, vegna baráttu fyrir daglegu brauði. Óhugsandi er að í framtíðinni verði unnt að treysta alfarið á dugnað og atorku nokkurra forustumanna íþróttahreyfingarinnar til þess að unnt verði að ná afreksárangri. Við verðum að gera átak í þessum efnum.

Fjárframlög ríkisins til íþróttahreyfingarinnar eru sáralítil og hafa verið skorin rösklega niður sl. ár. Ef við berum okkur saman við aðrar Norðurlandaþjóðir geta alþingismenn ekki litið kinnroðalaust framan í æskufólk sem leggur sig í líma við að hefja nafn Íslands til vegs á erlendum vettvangi. Nú er og komið fordæmi fyrir því að afreksmenn njóti náðar Alþingis, en með samþykkt stjórnarfrumvarps um Launasjóð stórmeistara í skák er brautin rudd og ber að fagna því. Frumvarp þetta er af sömu rótum runnið og sniðið að þörfum íþróttahreyfingarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um stofnun sérstaks sjóðs til styrktar efnilegum íþróttamönnum og stofnfé hans. Ákvæðið þarfnast ekki efnislegra skýringa.

Tilgangur sjóðsins kemur fram í 2. mgr. Hann skal skapa efnilegum íþróttamönnum fjárhagslegan grundvöll til að geta helgað sig íþrótt sinni. Svo sem fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu eru afreksíþróttir viðurkenndur og mikilvægur þáttur í almennri uppbyggingu íþrótta auk þess að geta verið öflug en ódýr landkynning. Engu að síður hefur stefna stjórnvalda í íþróttamálum ekki verið með nægilega markvissum hætti með langtímauppbyggingu í huga. Er brýnt að úr þessu verði bætt. Markviss hvatning og uppbygging verður að koma í stað tilviljanakenndra verðlauna eftir á sem oftar en ekki ganga beint til greiðslu persónulegra skulda viðkomandi íþróttamanna sem stofnað hefur verið til vegna skorts á stuðningi í upphafi. Með sjóði af þessu tagi, sem hér er lagt til að verði stofnaður, er stigið fyrsta skrefið í þessa átt.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið á um árleg lámarksfjárframlög til sjóðsins sem aldrei skulu nema lægri fjárhæð en sem svarar fjórföldum árslaunum háskólakennara eins og þau eru á hverjum tíma. Framlög skulu endurskoðuð árlega. Ekkert mælir hins vegar gegn hærri framlögum séu aðstæður og vilji til þess á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Í þessari grein en tilgreint hverjir átt geti rétt til greiðslna úr sjóðnum og hvernig staðið skuli að vali þeirra.

Samkvæmt 1. mgr. er endanlegt ákvörðunarvald um það hver eða hverjir hljóti styrki úr sjóðnum í höndum stjórnar hans.

Í 2. mgr. er ákveðið að tilnefningar um styrkþega komi frá hlutaðeigandi sérsamböndum innan Íþróttasambands Íslands. Með þessu er tryggt eðlilegt samband stjórnar sjóðsins við hverja íþróttagrein og möguleikar þeirra sem innan hverrar greinar starfa til að hafa áhrif á styrkveitingar hverju sinni. Má almennt ætla að þessir aðilar hafi besta vitneskju um afreksmenn í hverri grein fyrir sig. Ákvæði 2. mgr. girðir ekki fyrir að stjórn sjóðsins veiti styrki á grundvelli tilnefninga frá öðrum aðilum en ákvæðið greinir. Um framkvæmd úthlutunar fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðherra setur, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um skipan stjórnar sjóðsins. Ákvæðið skýrir sig efnislega sjálft.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

324. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um rannsóknir á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi.

Flm.: Svavar Gestsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er undirbúi og hafi umsjón með rannsókn á umfangi og eðli ofbeldis gegn konum á Íslandi.

Verkefni nefndarinnar verði

1. að safna saman þeim upplýsingum sem fyrir liggja hjá fjölmörgum aðilum um ofbeldi gegn konum hér á landi,
2. að vinna eða láta vinna úr þeim upplýsingum sem fyrir liggja um þessi efni,
3. að efna til sjálfstæðrar könnunar á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi,
4. að ganga frá skýrslu um málið sem lögð verði fyrir Alþingi,
5. að gera tillögur um úrbætur.

Nefndin skili áfangaskýrslum um störf sín eftir því sem þeim miðar fram en nefndin ljúki störfum fyrir lok ársins 1994.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt af brýnni þörf því engin heildarkönnun liggur fyrir á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi.

Vitað er að upplýsingar liggja fyrir víða en þær eru sundurlausar og ekki í samræmdu formi. Þeir aðilar, sem hafa upplýsingar, eru að sjálfsögðu lögreglustjóraembættin, sérstaklega í Reykjavík. Enn fremur liggja fyrir upplýsingar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, félagsmálastofnunum sveitarfélaga, heilsugæslustöðvum og slysamóttökum, Samtökum um kvennaathvarf, Stígamótum, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og sjálfsagt fleiri aðilum.

Í svari við fyrirspurn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur til dómsmálaráðherra um líkamlegt ofbeldi á heimilum (89. mál á 115. löggjafarþingi) kom fram að mikil vandkvæði eru á því hjá lögregluembættum að svara umbeðnum upplýsingum í samanteknu formi vegna skorts á tölvuvæðingu sem ekki er til staðar nema hjá stærri embættum. Í svarinu kom jafnframt fram að við undirbúning að gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði (sem tók gildi 1. júlí 1992) var starfandi nefnd sem vann að því að vinnubrögð við meðferð mála yrðu bætt og tölvutækni notuð. Það ætti því að vera auðveldara nú að fá nákvæmar upplýsingar um þennan þátt.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að nefndin vinni eða láti vinna úr þeim upplýsingum sem fyrir liggja um ofbeldi gegn konum. Yrði sú vinna vonandi til þess að þeir aðilar, sem hér um ræðir, komi á skipulegu samstarfi sín á milli þannig að unnt verði að nota upplýsingarnar framvegis til miðlunar upplýsinga og til þess að byggja á tillögur um úrbætur.

Þegar nefndin hefur lokið úrvinnslu úr þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, væri eðlilegt að hún sendi frá sér áfangaskýrslu. Samhliða söfnun upplýsinga og úrvinnslu væri síðan eðlilegt — og raunar óhjákvæmilegt — að hún léti kanna sérstaklega afmarkaða þætti ofbeldis gegn konum. Virðist í fljótu bragði eðlilegt að Félagsvísindastofnun yrði fengin til þess að kanna málin í einstökum atriðum með viðtalskönnunum og með aðstoð þeirra stofnana og samtaka sem þekkja til ofbeldis gegn konum.

Þá er komið að fjórða þætti tillögunnar en það er útgáfa á niðurstöðum hennar og loks er gert ráð fyrir að unnið verði að tillögum um úrbætur í framhaldi af starfi nefndarinnar.

Þar sem hér er um viðamikið starf að ræða er gert ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1994. Má vissulega segja að það sé of langur tími miðað við það hvað alvarlegt vandamálið er orðið á Íslandi, en vinna nefndarinnar sem slík mundi einnig áreiðanlega hafa almenn varnaðaráhrif ef rétt er á henni haldið.

Nýlega hafa birst ítarlegar niðurstöður um ofbeldi gegn konum í Bretlandi og ekki er langt síðan birt var greinargerð um ofbeldi gegn konum í Danmörku. Vafalaust mætti hafa not af þessum könnunum við heildarrannsókn hér á landi.

Hér er gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið hafi forustu um þessa rannsókn. Það er vandi að finna aðila til að annast slíka rannsókn með hlutlægum hætti; með því að fela dómsmálaráðuneytinu rannsóknina er að nokkru leyti verið að fela því að rannsaka sjálft sig. Hins vegar er vandi að finna annan aðila sem er skyldara að taka á þessu máli með skipulegum hætti. Þess vegna er dómsmálaráðuneytið nefnt. Hins vegar er hér lagt til að dómsmálaráðuneytið fái óháða aðila, eins og Félagsvísindastofnun, til að annast hluta af þessari könnun, en einnig má nefna landlæknisembættið.

Á undanförnum árum hefur aðsókn að eina kvennaathvarfinu á Íslandi aukist mjög. Ljóst er að hér er um stórt vandamál að ræða þótt engar heildarkannanir liggi fyrir. T.d. er ekki vitað hvort um aukningu almennt er að ræða eða hvort aukin fræðsla leiðir til þess að fleiri konur leita sér nú aðstoðar, bæði vegna nauðgunarmála hjá Stígamótum og vegna heimilisofbeldis hjá Kvennaathvarfinu.

Dómsmálaráðuneytið hafði yfirumsjón með dönsku könnuninni sem áður var nefnd. Hún var tvíþætt, annars vegar úrtakskönnun á líkamlegu ofbeldi gegn konum og körlum, unnin var af dönsku félagsrannsóknastofnuninni (Socialforskningsinstitutet), þar sem rætt var persónulega við u.þ.b. 1.600 manns, og hins vegar samantekt og úrvinnsla upplýsinga frá þeim stofnunum sem höfðu einhverjar upplýsingar fyrirliggjandi. Í könnuninni var spurt um ofbeldi sem konur og karlar höfðu orðið fyrir eftir 16 ára aldur, bæði nauðganir og líkamlegt ofbeldi. Niðurstöður komu út í maí 1992. Þar kemur m.a. fram að 19% kvenna höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi a.m.k. einu sinni eftir að þær urðu fullorðnar og af þeim höfðu 9% orðið fyrir grófu ofbeldi. Konurnar þekktu ofbeldismanninn í nær öllum tilvikum. Í helmingi tilvika er ofbeldismaðurinn fyrrverandi eiginmaður eða sambýlismaður. Í hinum helmingnum verða konur fyrir ofbeldinu í tengslum við vinnu, gjarnan vinnu í félags- eða heilbrigðisstofnunum. Fleiri karlar en konur hafa orðið fyrir ofbeldi, líka grófari tegund ofbeldis. 36% höfðu orðið fyrir ofbeldi, þar af 23% grófara ofbeldi. Hins vegar höfðu flestir karlarnir aðeins verið beittir ofbeldi einu sinni og þá yfirleitt af öðrum körlum sem þeir þekktu ekki. Konurnar, sérstaklega þær sem hafa verið beittar grófu ofbeldi, hafa orðið fyrir því oft og þekkja oftast ofbeldismanninn. Samkvæmt könnuninni er eðli ofbeldisins því mismunandi eftir því hvort kynið verður fyrir því.

Breska könnunin náði til 580 kvenna og 240 karla. Þar var spurt um líkamlegt ofbeldi. Konur voru spurðar um ofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir en karlarnir um ofbeldi sem þeir hefðu hugsanlega beitt konur. Niðurstaða þessarar könnunar var birt í febrúar á þessu ári. Hún var unnin af The London Borough of Islington en fjármögnuð af The Department of the Environment and Middlesex University.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi. Hún kom ekki til umræðu og er því endurflutt.

325. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf fjárlaganefndar við afgreiðslu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1994 hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf við undirbúning afgreiðslu fjárlaga 27. september sl. og átti viðtal við fulltrúa sveitarfélaga í landinu sem gerði henni grein fyrir erindum sínum. Með lagabreytingum þeim, sem tóku gildi á árinu 1990, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er fækkað verulega þeim verkefnum sem ríkið og sveitarfélög vinna sameiginlega að. Þrátt fyrir það eru ýmis verkefni sameiginleg enn þá. Samstarf fjárlaganefndarmanna og sveitarstjórnarmanna hefur nú sem áður verið gott og sú yfirsýn, sem fundir nefndarinnar með sveitarstjórnarmönnum gefa, er mikilvæg fyrir nefndina við afgreiðslu fjárlaga.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Nefndin óskaði eftir með bréfi, dags. 20. október sl., álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga er varða málefnasvið einstakra nefnda.

Nefndirnar hafa skilað áliti sínu og eru þau prentuð sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti eins og fyrir er mælt í þingsköpum. Þetta er þriðja árið sem þessi skipan er á um samskipti fastanefnda þingsins við fjárlaganefnd um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Ekki er vafi á því að þessi nýbreytni er til bóta fyrir störf fjárlaganefndar. Það hefur og komið fram að þessi yfirferð fagnefnda eykur nefndarmönnum þekkingu á fjárhagslegum málefnum viðkomandi stofnana og ráðuneyta. Eigi að síður er tekið undir þau sjónarmið, sem fram koma í álitsgerðum nokkurra fastanefnda, að nauðsyn beri til að koma fastari skipan á fyrirkomulag þessara mála í framtíðinni í ljósi þeirrar reynslu sem nú er fengin. Nú þegar hefur verið haldinn fundur með formönnum fagnefnda, þar sem viðhorfum var lýst, og sammælst um að taka þráðinn upp á nýju ári.

Eftir að frumvarp til fjárlaga hefur verið lagt fram á Alþingi eru fjölmargir aðilar, félög, samtök og stofnanir, sem telja sig eiga erindi við fjárlaganefnd og kallar þá nefndin fyrir sig forsvarsmenn ýmissa stofnana til viðræðna um starfsemi þeirra og fjárframlög.

Frá því að nefndin hóf störf við undirbúning afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 38 bókaða fundi um frumvarpið og átt viðtöl við fjölmarga aðila sem komið hafa á fund hennar. Auk þess hafa undirnefndir unnið að afgreiðslu einstakra málaflokka. Erindi eru nú nokkru færri en á undanförnum árum og beiðnir um viðbótarfjárframlög einnig færri en áður. Af þessu má ráða að undirbúningur fjárlagagerðarinnar sé traustari nú en oft áður. Í því sambandi má ætla að sú breyting, sem varð á undirbúningi fjárlaga af hálfu framkvæmdarvaldsins, að einstök fagráðuneyti komi meira við sögu sé að skila sér í traustari upplýsingum um raunverulegar fjárþarfir.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem til hennar bárust, svo sem skiptingar allra fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær, sem hér eru til umfjöllunar, nema samtals 681,4 millj. kr. til hækkunar á 4. gr. frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar vill þakka fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf og tillitssemi. Þá hefur nefndin notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og einstök ráðuneyti hafa veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Eins og venja er bíða 3. umræðu afgreiðsla á tekjuhlið frumvarpsins, B-hluta, og heimildir skv. 6. gr. Auk þess bíða ýmis viðfangsefni 3. umr., bæði smærri og stærri, sem nefndin hefur enn til umfjöllunar. Í því sambandi má nefna Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og sjúkrahúsin í Reykjavík.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Viðfangsefni 1.03 Þingmálaskrifstofa hækkar um 1 m.kr. og verður 109,6 m.kr. Hækkunin er ætluð til fjarvinnsluverkefna fyrir Alþingi.

401 Hæstiréttur: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 3,2 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun hæstaréttardómara.

610 Umboðsmaður Alþingis: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 3,0 m.kr. og skiptist fjárhæðin þannig að 1,3 m.kr. eru launagjöld, 0,8 m.kr. eru önnur rekstrargjöld en laun og 0,9 m.kr. eru til eignakaupa í rekstri.

01 Forsætisráðuneyti

102 Þjóðhagsstofnun: Sértekjur lækka um 3,6 m.kr. og verða 42,4 m.kr. vegna leiðréttingar á skiptingu á kostnaði af rekstri Þjóðhagsstofnunar.

171 Byggðastofnun: Framlag hækkar um 15 m.kr. vegna atvinnuráðgjafa í landshlutum.

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands: Tekinn er inn nýr liður, 1.08 Samstarfsverkefni við Vestmannaeyjabæ, 13,8 m.kr. vegna samnings milli Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar um samstarf á sviði rannsókna og þróunar. Launagjöld verða 1,8 m.kr. vegna starfsmanns en 12 m.kr. eru ætlaðar til kaupa og endurbóta á húsnæði í Vestmannaeyjum.

203 Raunvísindastofnun Háskólans: Viðfangsefni 1.03 Rannsóknastofur hækkar um 0,8 m.kr. vegna hálfrar stöðu sérfræðings við NMR-kjarnarófstækið.

204 Stofnun Sigurðar Nordals: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 0,4 m.kr. og verður 6,5 m.kr.

221 Kennaraháskóli Íslands: Viðfangsefni 1.03 Rekstur fasteigna hækkar um 2,5 m.kr. og verður 41,2 m.kr. Hækkunin er sérstaklega ætluð til reksturs Varmalands. Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 5 m.kr. og verður 11 m.kr.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi: Tekinn er inn nýr liður, 1.21 Rannsóknatengt framhaldsnám, 25 m.kr., en framlagið er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar um rannsókna- og þróunarstarf. Viðfangsefni 1.90 hækkar um 1,5 m.kr. og er styrkur til Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri.

318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður: Viðfangsefni 5.90 Viðhald lækkar um 3 m.kr. og verður 85 m.kr. Viðfangsefni 6.90 Byggingarframkvæmdir hækkar um 33,5 m.kr. og verður 531,5 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðum á viðfangsefnum 5.90 Viðhald og 6.90 Byggingarframkvæmdir skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

319 Framhaldsskólar, almennt: Viðfangsefni 1.40 Framhaldsskólar, óskipt hækkar um 50 m.kr. og verður 85,2 m.kr. Hækkun er vegna launaþróunar og bókana við kjarasamninga á framhaldsskólastigi.

352 Flensborgarskóli, fjölbraut: Viðfangsefni 1.01 Kennsla hækkar um 1,6 m.kr. og verður 57,4 m.kr.

354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi: Viðfangsefni 1.02 Annað en kennsla hækkar um 3 m.kr. og verður 41,3 m.kr. Um er að ræða hækkun launagjalda vegna ræstingar o.fl.

361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu: Viðfangsefni 1.01 Kennsla í dagskóla hækkar um 0,4 m.kr. vegna hækkunar annarra rekstrargjalda en launa. Sértekjur fjárlagaliðarins lækka um 0,5 m.kr.

524 Þroskaþjálfaskóli Íslands: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 0,6 m.kr. vegna hækkunar kennslulauna.

601 Héraðsskólinn Reykholti: Fjárlagaliðurinn hækkar alls um 4,4 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Kennsla hækkar um 1,2 m.kr. Á móti hækka sértekjur viðfangsefnisins um 2,1 m.kr. Viðfangsefni 1.02 Annað en kennsla hækkar um 4,9 m.kr. og verður 11,7 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 6.90 Snorralaug, umhirða, og er framlag 0,4 m.kr. Hækkun á rekstrarframlagi er vegna fjölgunar nemenda umfram áætlun í fjárlagafrumvarpi.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Viðfangsefni 1.10 Byggða- og minjasöfn hækkar um 4,7 m.kr. og verður 13 m.kr. Á móti þessari hækkun lækkar framlag til fjárlagaliðarins 919 Söfn, ýmis framlög um 1,7 m.kr.

903 Þjóðskjalasafn Íslands: Viðfangsefni 5.01 Fasteignir hækkar um 20 m.kr. og verður 27,6 m.kr. Framlagið er ætlað til viðgerða á húsnæði safnsins.

919 Söfn, ýmis framlög: Viðfangsefni 1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hækkar um 0,5 m.kr. og verður 4,5 m.kr. Viðfangsefni 1.90 lækkar um 1,7 m.kr. og verður 3,5 m.kr.

988 Æskulýðsmál: Fjárlagaliðurinn hækkar alls um 5,5 m.kr. og verður 30,5 m.kr. Viðfangsefni 1.12 Ungmennafélag Íslands hækkar um 0,5 m.kr. og verður 10 m.kr. Viðfangsefni 1.13 Bandalag íslenskra skáta hækkar um 1 m.kr. og verður 6 m.kr. Viðfangsefni 1.90 Æskulýðsmál hækkar um 4 m.kr. og verður 13 m.kr.

989 Ýmis íþróttamál: Fjárlagaliðurinn hækkar alls um 4 m.kr. og verður 77 m.kr. Viðfangsefni 1.14 Íþróttasamband fatlaðra hækkar um 1 m.kr. og verður 8,5 m.kr. Viðfangsefni 1.16 Íþróttafélög, styrkir hækkar um 0,5 m.kr. og verður 14,5 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 1.25 Skákskóli Íslands, 2,5 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 5,9 m.kr. vegna búferlaflutninga. Launagjöld hækka um 1,9 m.kr. en önnur rekstrargjöld en laun um 4 m.kr.

308 Sendiráð Íslands í Washington: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 3,5 m.kr. og verður 42,1 m.kr. Um er að ræða hækkun annarra rekstrargjalda.

320 Sendiráð, almennt: Viðfangsefni 6.90 Tæki og búnaður hækkar um 1,5 m.kr. vegna viðhaldsverkefna í sendiherrabústöðum erlendis.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi: Tekinn er inn nýr liður, 1.14 Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael, 36 m.kr. Um er að ræða hlut Íslands í norrænu samstarfsverkefni.

04 Landbúnaðarráðuneyti

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Viðfangsefni 6.20 Fasteignir hækkar um 1,5 m.kr. og verður 9,9 m.kr. Hækkunin er ætluð til afborgana af lánum vegna Tilraunastöðvarinnar að Stóra-Ármóti.

231 Yfirdýralæknir: Launagjöld viðfangsefnisins 1.01 hækka um 5,5 m.kr. vegna vaktkerfis dýralækna.

811 Búnaðarfélag Íslands: Gerðar eru innbyrðis breytingar milli viðfangsefna en nettóáhrif eru engin. Viðfangsefni 1.01 lækkar um 5,8 m.kr. og verður 73,9 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 2 m.kr. fluttar á 1.92 Héraðsbúnaðarsambönd og 3,8 m.kr. á nýtt viðfangsefni, 1.95 Uppbætur á lífeyri. Viðfangsefni 1.92 Héraðsbúnaðarsambönd lækkar um 2,6 m.kr. vegna tilfærslu á viðfangsefni 1.95 Uppbætur á lífeyri. Á móti er 2 m.kr. hækkun vegna tilflutnings af viðfangsefni 1.01. Tekinn er inn nýr liður 1.95 Uppbætur á lífeyri. Framlag er 6,4 m.kr. og er til að greiða uppbætur á lífeyri fyrrum starfsmanna Búnaðarfélags Íslands og Héraðsbúnaðarsambanda sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefni 1.32 Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir hækkar um 5 m.kr. og verður 26,7 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO, og er framlag 5 m.kr. til greiðslu á árgjaldi til ráðsins.

201 Fiskifélag Íslands: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 0,5 m.kr. og verður 6,8 m.kr. Hækkunin er vegna tæknideildar.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

211 Héraðsdómur Reykjavíkur: Viðfangsefni 1.02 hækkar um 6,3 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun héraðsdómara.

212 Héraðsdómur Vesturlands: Viðfangsefni 1.02 hækkar um 0,2 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun héraðsdómara.

213 Héraðsdómur Vestfjarða: Viðfangsefni 1.02 hækkar um 0,2 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun héraðsdómara.

215 Héraðsdómur Norðurlands: Viðfangsefni 1.02 hækkar um 1 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun héraðsdómara.

216 Héraðsdómur Austurlands: Viðfangsefni 1.02 hækkar um 0,2 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun héraðsdómara.

217 Héraðsdómur Suðurlands: Viðfangsefni 1.02 hækkar um 0,8 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun héraðsdómara.

218 Héraðsdómur Reykjaness: Viðfangsefni 1.02 hækkar um 2,3 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun héraðsdómara.

395 Landhelgisgæsla Íslands: Viðfangsefni 1.90 hækkar um 4 m.kr. vegna launa skipstjórnarmanna er stunda nám við varðskipadeild Sjómannaskólans í Reykjavík.

431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli: Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 5,3 m.kr. vegna mistaka við undirbúning fjárlagafrumvarps.

790 Kirkjumál, ýmis kostnaður: Viðfangsefni 6.11 Hallgrímskirkja hækkar um 9 m.kr. og verður 13 m.kr. Viðbótin fer til greiðslu skuldar kirkjunnar við embætti Húsameistara ríkisins.

07 Félagsmálaráðuneyti

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra: Viðfangsefni 1.01 Svæðisskrifstofa hækkar um 0,5 m.kr. og verður 21,9 m.kr. Um er að ræða hækkun annarra rekstrargjalda vegna leigukostnaðar.

981 Vinnumál: Viðfangsefni 1.12 Alþýðusamband Íslands, 10,9 m.kr., er fellt niður. Á móti hækkar viðfangsefni 1.90 Ýmislegt um sömu fjárhæð.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

204 Lífeyristryggingar: Viðfangsefni 1.10 hækkar um 25 m.kr. þar sem áform um lækkun ekkjulífeyrisgreiðslna ná ekki að fullu fram að ganga.

206 Sjúkratryggingar: Viðfangsefni 1.10 lækkar um 180 m.kr. vegna endurskoðaðra áætlana.

301 Landlæknir: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 11 m.kr. og er hækkunin ætluð Krýsuvíkursamtökunum.

325 Hollustuvernd ríkisins: Gerðar eru nokkrar innbyrðis breytingar milli viðfangsefna en nettóáhrif eru engin. Breytingar á viðfangsefnum eru eftirfarandi: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 1,9 og verður 26,1 m.kr. Viðfangsefni 1.02 Heilbrigðiseftirlit lækkar um 0,2 m.kr. og verður 14,1 m.kr. Viðfangsefni 1.03 Rannsóknastofa hækkar um 0,7 m.kr. og verður 24,3 m.kr. Viðfangsefni 1.04 Mengunarvarnaeftirlit hækkar um 1,9 m.kr. og verður 23,3 m.kr. Viðfangsefni 1.05 Eiturefnaeftirlit lækkar um 0,5 m.kr. og verður 6,2 m.kr.

340 Málefni fatlaðra: Viðfangsefni 1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri hækkar um 0,5 m.kr. og verður 1,5 m.kr.

350 Sjúkrahúsið Akranesi: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1,3 m.kr. vegna reksturs leikskóla.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 4,2 m.kr. vegna reksturs leikskóla.

361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 0,3 m.kr. vegna reksturs leikskóla.

366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 0,3 m.kr. vegna reksturs leikskóla.

371 Ríkisspítalar: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 35,8 m.kr. vegna reksturs leikskóla. Sértekjur fjárlagaliðarins lækka um 60 m.kr. eða sem nemur áætluðum sértekjum af sölu hlutabréfa í þvottahúsi spítalans.

372 Borgarspítalinn: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 20,6 m.kr. vegna reksturs leikskóla.

373 St. Jósefsspítali, Landakoti: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 7,7 m.kr. vegna reksturs leikskóla.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Teknir eru inn tveir nýir liðir. Annars vegar 5.60 Viðhald starfsmannaíbúða, óskipt. Framlag verður 20 m.kr. en á móti hækka sértekjur fjárlagaliðarins um 20 m.kr. Hins vegar er tekinn inn nýr liður, 6.93 Hlaðgerðarkot, og er framlag 5 m.kr. vegna endurbyggingar á húsnæði fyrir vistmenn.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Tekinn er inn nýr liður, 1.72 Bláalónsnefnd, og er framlag 10 m.kr. vegna rannsóknaverkefnis.

400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2,9 m.kr. vegna reksturs leikskóla.

408 Sunnuhlíð, Kópavogi: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1 m.kr. vegna reksturs leikskóla.

422 Hlaðgerðarkot: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 10 m.kr. og verður 35,8 m.kr. Með þessu framlagi er tryggður rekstur vistheimilisins.

511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra: Að ósk stjórna heilsugæsluumdæma í Reykjavík hafa fjárhæðir verið fluttar milli einstakra heilsugæslustöðva og heilsugæsluumdæma. Heildaráhrif eru engin. Vegna þessa lækkar viðfangsefni 1.10 Heilsugæslustöðin í Árbæ um 1,5 m.kr. og viðfangsefni 1.20 Heilsugæslustöðin Grafarvogi hækkar um 0,9 m.kr.

512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra: Að ósk stjórna heilsugæsluumdæma í Reykjavík hafa fjárhæðir verið fluttar milli einstakra heilsugæslustöðva og heilsugæsluumdæma. Heildaráhrif eru engin. Vegna þessa hækkar viðfangsefni 1.10 Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti um 1 m.kr.

513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi: Að ósk stjórna heilsugæsluumdæma í Reykjavík hafa fjárhæðir verið fluttar milli einstakra heilsugæslustöðva og heilsugæsluumdæma. Heildaráhrif eru engin. Vegna þessa lækkar viðfangsefni 1.10 Heilsugæslustöðin Fossvogi um 1,5 m.kr.

514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi: Að ósk stjórna heilsugæsluumdæma í Reykjavík hafa fjárhæðir verið fluttar milli einstakra heilsugæslustöðva og heilsugæsluumdæma. Heildaráhrif eru engin. Vegna þessa hækkar viðfangsefni 1.10 Heilsugæslustöðin Hlíðum um 0,1 m.kr. og viðfangsefni 1.20 Heilsugæslustöðin Miðbæ hækkar um 1 m.kr.

531 Heilsugæslustöðin Patreksfirði: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1 m.kr. og verður 21,3 m.kr.

950 Rekstrarhagræðing: Viðfangsefni 1.90 lækkar um 39,1 m.kr. og verður 58,9 m.kr. Lækkun er til að koma að hluta til móts við hækkun á rekstri ýmissa sjúkrahúsa vegna reksturs leikskóla.

09 Fjármálaráðuneyti

212 Skattamál, ýmis útgjöld: Viðfangsefni 1.10 Skatteftirlit hækkar um 30 m.kr. og verður 63,5 m.kr. Hækkun er til að efla skatteftirlit með virðisaukaskatti og öðrum sköttum. Viðfangsefni 1.30 Skattkerfisbreytingar hækkar um 10 m.kr. og verður 20,3 m.kr. Hækkun er vegna kostnaðar við upptöku tveggja þrepa virðisaukaskatts.

215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 12 m.kr. og verður 54,3 m.kr. Um er að ræða hækkun launagjalda vegna fjölgunar starfsmanna við embættið.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefni 1.31 Landsbjörg hækkar um 3 m.kr. og verður 9 m.kr. Af þessari hækkun eru 2 m.kr. ætlaðar til Björgunarfélags Vestmannaeyja.

211 Vegagerð ríkisins: Framlag til Vegagerðarinnar hækkar alls um 345 m.kr. en gert er ráð fyrir samsvarandi hækkun á tekjuhlið. Hækkun tekna skýrist annars vegar af áformaðri 5% hækkun á bensíngjaldi og hins vegar af bættri innheimtu á þungaskatti. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðfangsefnum Vegagerðarinnar: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 3 m.kr. og verður 250 m.kr. Viðfangsefni 5.05 Þjónustuviðhald lækkar um 89 m.kr. og verður 1.280 m.kr. Viðfangsefni 5.10 Stofnviðhald lækkar um 34 m.kr. og verður 1.201 m.kr. Viðfangsefni 6.10 Nýframkvæmdir hækkar um 504 m.kr. og verður 2.280 m.kr. Viðfangsefni 6.30 Fjallvegir lækkar um 7 m.kr. og verður 65 m.kr. Viðfangsefni 6.40 Tilraunir lækkar um 2 m.kr. og verður 30 m.kr. Viðfangsefni 6.51 Sýsluvegir lækkar um 10 m.kr. og verður 176 m.kr. Viðfangsefni 6.55 Ferjur og flóabátar lækkar um 20 m.kr. og verður 530 m.kr.

333 Hafnamál: Viðfangsefni 6.20 Ferjubryggjur fær nýtt heiti, 6.20 Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp. Framlag hækkar um 10 m.kr. og verður 19 m.kr. Viðfangsefni 6.30 Hafnamannvirki lækkar um 6,7 m.kr. og verður 728,6 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðinni skipt á einstök viðfangsefni í sérstöku yfirliti. Viðfangsefni 6.39 Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður) Sandgerði lækkar um 3,3 m.kr. vegna vaxtabreytinga.

11 Iðnaðarráðuneyti

201 Iðntæknistofnun Íslands: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 2,6 m.kr. Á móti er tekinn inn nýr liður á fjárlagalið 299 Iðja og iðnaður, framlög.

299 Iðja og iðnaður, framlög: Tekinn er inn nýr liður, 1.19 Staðlaráð, og er framlag 2,6 m.kr. Á móti lækkar framlag til Iðntæknistofnunar um sömu fjárhæð. Samkvæmt nýjum lögum um staðla fer Staðlaráð nú með yfirstjórn staðlamála hér á landi sem Iðntæknistofnun hafði áður með höndum.

12 Viðskiptaráðuneyti

301 Löggildingarstofan: Sértekjur hækka um 1 m.kr. og verða 40,8 m.kr. vegna tilflutnings til Samkeppnisstofnunar.

902 Samkeppnisstofnun: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1 m.kr. og verður 66,3 m.kr. Á móti hækka sértekjur Löggildingarstofunnar.

14 Umhverfisráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefni 1.50 Náttúrustofa á Austurlandi hækkar um 0,5 m.kr. og verður 1,5 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 1.52 Náttúrugripasafn á Vestfjörðum og er framlag 0,8 m.kr.

310 Landmælingar Íslands: Viðfangsefni 6.90 Stafræn kortagerð hækkar um 6 m.kr. og verður 11 m.kr. vegna tækja til stafrænnar kortagerðar.

410 Veðurstofa Íslands: Sértekjur fjárlagaliðarins lækka um 10 m.kr. en fallið er frá álagningu þjónustugjalds vegna innanlandsflugs.

Fjárlaganefnd barst ábending frá fjármálaráðuneyti um formbreytingar á framsetningu fjárlagaliða í frumvarpinu. Nefndin telur ábendingarnar réttmætar en telur ekki ástæðu til að flytja um þær sérstakar breytingartillögur þar sem ekki er um neinar efnisbreytingar að ræða heldur eingöngu breytingu á framsetningu. Breytingar þessar eru sem hér segir:

1. Í forsætisráðuneyti er lagt til að stofnaður verði nýr fjárlagaliður 01-190 Ýmis verkefni til samræmis við önnur ráðuneyti. Undir þann lið verði flutt eftirtalin viðfangsefni af fjárlagalið 01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa:
   1.21 Ráðherrabústaður Tjarnargötu
   1.22 Ráðherrabústaður Þingvöllum
   1.23 Hrafnseyri
   1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar
   1.90 Ýmis verkefni
   5.21 Ráðherrabústaður Tjarnargötu
   5.22 Ráðherrabústaður Þingvöllum
   Þá verði breytt númerum á fjárlagaliðum Þjóðhagsstofnunar og Byggðastofnunar þannig að þau verði 01-211 Þjóðhagsstofnun og 01-221 Byggðastofnun.
2. Þá skal á það bent að fyrirsögn liðarins 02-223 Rannsóknastofnun uppeldismála á að vera Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála til samræmis við ný lög um þá stofnun.
3. Lagt er til að tvö viðfangsefni flytjist frá fjárlagalið 03-401 Alþjóðastofnanir undir utanríkisráðuneyti á fjárlagalið 05-190 Ýmis verkefni undir sjávarútvegsráðuneyti. Viðfangsefni þessi eru:
   a. Viðfangsefni 03-401-1.31 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC) sem fær númerið 05-190-1.52.
   b. Viðfangsefni 03-401-1.57 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO sem fær númerið 05-190-1.53.
4. Í félagsmálaráðuneyti breytast heiti viðfangsefna sem hér segir:
   a. 703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi: Viðfangsefnið 1.40 Leikfangasafn Borgarnesi fær heitið 1.40 Leikfangasöfn Vesturlandi.
   b. 704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum: Viðfangsefnið 1.40 Leikfangasafn Ísafirði fær heitið 1.40 Leikfangasöfn Vestfjörðum.
   c. 705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra: Viðfangsefni 1.40 Leiktækjasöfn fær heitið 1.40 Leikfangasöfn Norðurlandi vestra.
5. Loks að fjárlagaliður 07-999 127 Slysavarnafélag Íslands verði fært frá félagsmálaráðuneyti í samgönguráðuneyti og fái fjárlaganúmerið 10-190 127.
   Nefndin leggur til að frumvarpið verði prentað með þessum breytingum eftir 2. umræðu.

Alþingi, 7. des. 1993.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.	Gunnlaugur Stefánsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1993. Á fund nefndarinnar komu frá forsætisráðuneytinu Guðmundur Árnason deildarstjóri og frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu Ari Edwald, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Dagný Leifsdóttir deildarstjóri og Guðmundur Þ. Guðmundsson deildarstjóri. Gerðu þau grein fyrir þeim liðum frumvarpsins sem varða viðkomandi ráðuneyti. Þá fékk nefndin til viðræðna frá Byggðastofnun Matthías Bjarnason stjórnarformann og Guðmund Malmquist forstjóra.

Nefndin kynnti sér sérstaklega tillögur um sameiningu sýslumannsembætta og fékk á sinn fund í því skyni fulltrúa frá dómsmálaráðuneytinu og Hauk Ingibergsson, deildarstjóra í fjármálaráðuneytinu. Þá komu til viðræðna við nefndina Halldór Þ. Jónsson, sýslumaður á Sauðárkróki og formaður Sýslumannafélags Íslands, Þorleifur Pálsson, sýslumaður í Kópavogi, Rúnar Guðjónsson, sýslumaður í Borgarnesi og Ólafur Kr. Ólafsson, sýslumaður í Stykkishólmi. Fram komu öndverð viðhorf til hluta af hugmyndum um sameiningu sýslumannsembætta og lýstu fulltrúar sýslumanna yfir efasemdum um að markmið tillagnanna næðust nema að takmörkuðu leyti.

Í ljósi þess að frumvarp til breytingar á 11. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, sem er forsenda þess að sameining nái fram að ganga, hefur ekki verið lagt fram á Alþingi telur meiri hluti nefndarinnar að svo stöddu ekki efni til að gera athugasemdir við málið.

Alþingi, 16. nóv. 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form.
Gísli S. Einarsson.
Björn Bjarnason.
Eyjólfur Konráð Jónsson.
Ingi Björn Albertsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur farið yfir útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins sem heyrir til æðstu stjórn ríkisins, forsætisráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Mestum tíma hefur nefndin varið til að athuga tillögur um fjárveitingar til sýslumannsembættanna vegna þeirra miklu breytinga sem ætlað er að gera á skipan þeirra.

Á fund nefndarinnar komu m.a. fulltrúar frá Sýslumannafélagi Íslands. Bentu þeir á ýmis atriði sem verið væri að vinna að til hagræðingar í rekstri embættanna og að áfram væri hægt að halda á þeirri braut. Einnig gæti komið til greina sameining einhverra sýslumannsembætta. Það ætti að gerast að undangenginni ítarlegri athugun á öllum hliðum málsins þannig að sparnaður yrði sem mestur án þess að draga um of úr þjónustu. Slík athugun lægi alls ekki fyrir nú og því væri rennt alveg blint í sjóinn með hvaða sparnaður yrði af þeirri tillögu sem liggur fyrir og drógu þeir stórlega í efa að hann yrði nokkur eða töldu að hann yrði jafnvel minni en enginn. Töldu þeir að mjög víða væri sameining sýslumannsembættanna útilokuð nema haldið væri áfram að hafa útibú á þeim stöðum þar sem embætti verða lögð niður. Engin áætlun lægi hins vegar fyrir um hversu mikil þjónusta yrði veitt og þá ekki heldur hversu fjölmennt starfslið þyrfti til að inna hana af hendi, hvorki hvað varðar fast starfslið eða með heimsóknum sýslumanns og fulltrúa hans á staðinn.

Dómsmálaráðuneytið hefur þegar gert tillögu um að hækka framlag til löggæslu á Hvolsvelli um 5,3 millj. kr. vegna vanáætlunar í frumvarpinu. Víðar hafa komið fram efasemdir um að tölur standist og hefur sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu bent á að verið sé að færa kostnað frá ríkinu til þeirra sem á þjónustunni þurfa að halda og muni ferðakostnaður Vestur-Skaftfellinga til Hvolsvallar geta numið allt að 5–6 millj. kr. Þá virðist vafasamt að tekjur af eignasölu muni standast þar sem sala mun víða verða erfið þegar samdráttur vegna niðurlagningar embættanna bætist við þann samdrátt sem fyrir er í þessum byggðarlögum.

Sýslumennirnir í Kópavogi og Hafnarfirði afhentu allsherjarnefnd greinargerð um embætti sín og bentu á ýmis atriði sem valda því að aukinn kostnaður og óþægindi munu fylgja skipulagsbreytingunni. Það er líka athyglisvert að sjá í töflu frá ríkisbókhaldi, sem fylgir með áliti sýslumannsins í Kópavogi, að í árslok 1992 hefði verið komið um 1.460 millj. kr. meira í ríkissjóð ef innheimtuhlutfall Gjaldheimtunnar í Reykjavík hefði verið það sama og í Kópavogi.

Af öðrum liðum hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu má benda á kirkjumál. Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpinu kemur fram að ráðherra áformar að gera þar skipulagsbreytingar með nýjum lögum sem færa ákveðna málaflokka frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til biskups Íslands. Þetta eru að mestu sömu liðir og 20% af kirkjugjarðsgjöldum

er ætlað að standa undir á þessu ári. Þessir liðir eru enn í fjárlagafrumvarpinu en ekki fékkst skýring á því hvort 20% af kirkjugarðsgjaldinu koma inn í teknahlið frumvarpsins. Enn fremur kom fram að ekki er ljóst hvernig þessum verkefnatilflutningi verður hagað, hvort biskupsstofan þarf að bæta við sig nýjum mannafla til að sinna því, en ekki er gert ráð fyrir neinu fjármagni til biskupsstofu til að standa undir slíkum kostnaði.

Af liðum, sem falla undir æðstu stjórn ríkisins, má nefna laun hæstaréttardómara. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að greiða þeim yfirvinnu í samræmi við það sem forsætisráðherra hafði samþykkt. Það er hins vegar nokkru hærra en Kjaradómur hefur nú úrskurðað og hlýtur því að verða að breyta þeirri tölu til samræmis við úrskurð Kjaradóms. Tveggja prósenta samdráttur er í fjárveitingu til Alþingis. Forsætisnefnd hefur hins vegar ákveðið að halda skuli þingfund á Þingvöllum 17. júní nk. án þess að til þess sé ætluð nokkur fjárveiting á fjárlagalið Alþingis. Það sama gildir um forsætisráðuneytið að þar er ókomin inn fjárveiting vegna þjóðhátíðar á Þingvöllum 17. júní. Það vekur líka athygli að Seðlabankanum er ekki lengur ætlað að greiða þann aukna hlut í rekstrarkostnaði Þjóðhagsstofnunar sem hann gerir á yfirstandandi ári. Allhá fjárveiting er ætluð til byggingar húss fyrir Hæstarétt. Þessu húsi er ætlaður staður sem mikill ágreiningur er um og gerir minni hlutinn því fyrirvara um þessa fjárveitingu.

Hjá formanni stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra hennar komu fram athyglisverðar upplýsingar. Formaður sagði að framlög til stofnunarinnar hefðu farið minnkandi allt frá árinu 1977 þegar þau voru um eða yfir 1 milljarði kr. á núgildandi verðlagi og að svo héldi áfram. Engin fjárveiting hefði komið til Byggðastofnunar þegar hún tók að sér greiðslu launa iðnráðgjafa sem nú nefnast atvinnuráðgjafar og það væri líklegt að í stað 350 millj. kr., sem stofnunin hefði til ráðstöfunar á þessu ári, yrði lítið meira en 300 millj. kr. á næsta ári miðað við fjárlagafrumvarpið. Áætlað er að veita 80 millj. kr. í styrki á þessu ári, þar af 25 millj. kr. til atvinnumálafélaga, en úr því mundi draga á næsta ári. Engin fjárveiting hefði komið til að standa við ákvæði búvörusamnings um 100 millj. kr. til atvinnuuppbyggingar í sauðfjárrækt. Hins vegar væri ríkisábyrgð á 20 millj. kr. lántöku sem ætti að skoðast sem áhættufjármagn. Lánveitingar, sem hægt væri að flokka undir þennan lið, yrðu þó langt innan við 100 millj. kr. Þau byggðarlög, sem höllum fæti standa, hafa ekki bolmagn til mikillar lántöku og þurfa því á hlutafjárframlögum að halda. Því væri mjög brýnt að breyta reglugerð um Byggðastofnun sem kæmi í veg fyrir að hún hefði heimild til þess. Staða atvinnuveganna færi nú mjög versnandi, sérstaklega sjávarútvegs sem aflasamdrátturinn bitnaði mjög þungt á. Vegna þessara þrenginga hefur Byggðastofnun nú eignast skip og verksmiðju sem veldur henni auknum erfiðleikum. Það er því ljóst að staða Byggðastofnunar verður ákaflega erfið á næsta ári miðað við þær þröngu skorður sem fjárlagafrumvarpið setur henni.

Um önnur atriði í fjárlagafrumvarpinu en þau sem hér hefur verið fjallað um hefur nefndin lítið rætt og er því ekki unnt að taka afstöðu til þeirra eða koma með ábendingar.

Vísað er til greinargerðar er nefndinni barst frá sýslumönnunum í Kópavogi og Hafnarfirði.

Alþingi, 16. nóv. 1993.

Jón Helgason.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.
Kristinn H. Gunnarsson.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1993. Á fund nefndarinnar komu frá félagsmálaráðuneytinu Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Sturlaugur Tómasson deildarstjóri og Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri og frá Hagsýslu ríkisins Haukur Ingibergsson deildarstjóri og Ómar H. Kristmundsson stjórnsýslufræðingur.

Nefndin fjallaði að þessu sinni sérstaklega um málefni fatlaðra og málefni barna og ungmenna. Fjárveitingar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra lækka um 30 millj. kr. vegna lækkunar tekna af erfðafjárskatti. Jafnframt tekur sjóðurinn að sér sérstök viðfangsefni á sviði rekstrar sem nema 42,2 millj. kr. Sérstök fjárveiting úr ríkissjóði til byggingar sambýla fyrir geðfatlaða er óbreytt, 20 millj. kr. Einu nýju stofnanirnar, sem framlag verður veitt til, eru sambýli sem fyrirhugað er að koma á fót vegna sölu Sólborgar á Akureyri, en Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur veitt framlög til Sólborgar á liðnum árum. Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á mikilvægi uppbyggingar í þessum málaflokki í framtíðinni.

Við afgreiðslu laga um málefni fatlaðra á 115. löggjafarþingi setti félagsmálanefnd fram það álit sitt að hún teldi mikilvægt að vegna þeirrar óskýru réttarstöðu, sem íbúar Kópavogshælis búa við, mundi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra beita sér þegar fyrir skipan fimm manna nefndar sem skyldi hafa það verkefni að gera tillögur um framtíðarhlutverk og skipan Kópavogshælis. Taldi félagsmálanefnd eðlilegt að félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og stjórnarnefnd í málefnum fatlaðra tilnefndu sinn fulltrúa hver og að jafnframt skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra formann án tilnefningar. Lítið hefur þokast í þessu máli þótt nefndin hafi verið skipuð. Meiri hlutinn telur eðlilegt að fjárlaganefnd hafi upplýsingar um þessa sérstöðu Kópavogshælis.

Meiri hlutinn lýsir ánægju sinni með að auknu fé verði varið til málefna barna og unglinga samkvæmt fjárlagafrumvarpinu og væntir þess að það sé vísbending um að þessi málaflokkur fái aukið vægi í framtíðinni. Þá er von meiri hlutans að áform um Fjölskyldu-þjónustu ríkisins verði til að styrkja þjónustu í þessum málaflokki.

Meiri hlutinn telur brýnt að fjárlaganefnd og fagnefndir Alþingis komi sér saman um hver þáttur fagnefndanna á að verða í fjárlagavinnunni og lýsir yfir ánægju sinni með þá fyrirætlun að fulltrúar þessara nefnda komi saman og móti reglur varðandi þessa samvinnu. Meiri hlutinn vill koma á framfæri þeim hugmyndum að fjárlaganefnd feli t.d. fagnefndum ákveðna þætti fjárlagafrumvarpsins til umfjöllunar eða einstök verkefni og nefnir sem dæmi úthlutun sérstakra safnliða.

Meiri hlutinn gerir ekki frekari athugasemdir við þann þátt fjárlagafrumvarpsins sem að nefndinni snýr. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að lýsa viðhorfum sínum til einstakra málaflokka á þessu sviði við framhaldsumræðu málsins.

Alþingi, 18. nóv. 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, form.
Gísli S. Einarsson.
Guðjón Guðmundsson.
Einar K. Guðfinnsson.
Eggert Haukdal.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1993.

Um leið og minni hluti nefndarinnar tekur undir ýmis efnisatriði sem fram koma í nefndaráliti meiri hlutans vill hann koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra taki að sér ákveðin verkefni á sviði rekstrar sem kveðið er á um í lögum um málefni fatlaðra, svo sem aðstoð við fatlaða vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar (27. gr. laga nr. 59/1992), frekari liðveislu til fatlaðra einstaklinga sem búa í heimahúsi enda geti hún komið í veg fyrir stofnanavistun (25. gr. sömu laga) og kostnað sem til fellur vegna starfa stjórnarnefndar um málefni fatlaðra. Áætlaður kostnaður vegna þessara verkefna er 42,2 millj. kr. en að auki er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra skerðist um 30 millj. kr. vegna lækkaðra tekna af erfðafjárskatti. Minni hlutinn vill benda á að Framkvæmdasjóðurinn var á sínum tíma stofnaður til að gera sérstakt átak í málefnum fatlaðra og til að fjármagna framkvæmdir sem væru til þess fallnar að jafna stöðu þeirra gagnvart þeim sem ófatlaðir teljast. Þó að miklar

framfarir hafi orðið í þessum málaflokki á sl. 10 árum er því miður ekki hægt að halda því fram að sjóðurinn hafi lokið hlutverki sínu. Það er því ástæða til að fara varlega í að taka framlög sjóðsins í almennan rekstur sem í raun ættu að greiðast af fjárlögum.

Þá vill minni hlutinn benda á að á bls. 250 í fjárlagafrumvarpinu er fullyrt að á árinu 1994 verði „ekki veitt framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og Framkvæmdasjóði aldraðra til að koma á fót nýjum stofnunum". Í 6. gr. fjárlaganna (3.32) er fjármálaráðherra engu að síður veitt heimild til að selja fasteignina Sólborg á Akureyri en þar er nú rekin sólarhringsstofnun fyrir fatlaða. Forsenda þess að salan geti átt sér stað er að Framkvæmdasjóður fatlaðra fjármagni í staðinn kaup á húsnæði á Akureyri fyrir þrjú sambýli fatlaðra sem henti núverandi íbúum Sólborgar. Enn þá hefur engin viðhlítandi skýring fengist á þessari þversögn í fjárlagafrumvarpinu.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 20 millj. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði til byggingar sambýla fyrir geðfatlaða en þetta er sama upphæð og var á fjárlögum yfirstandandi árs. Í nefndinni kom hins vegar fram að enn hefði ekkert verið aðhafst í þessum málum og telur minni hlutinn það mjög miður, ekki síst þegar haft er í huga það ófremdarástand sem ríkir í málefnum heimilislausra geðfatlaðra einstaklinga.

Minni hlutinn bendir á að í fjárlagafrumvarpinu er haldið áfram á þeirri braut að auka sértekjur ríkisstofnana. Þannig er áætlað að afla 11,9 millj. kr. með hækkun á brunavarnagjaldi og 4,1 millj. kr. í hækkun sértekna hjá Vinnueftirliti ríkisins. Í húsnæðismálum er gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun ríkisins spari 24 millj. kr. í rekstri. Nefndin hefur ekki rætt þessa öflun sértekna eða með hverju Húsnæðisstofnun hyggst ná þessum sparnaði.

Framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkar um 600 millj. kr. sem stafar af því að 500 millj. kr. fjárveiting er nú veitt til sjóðsins úr ríkissjóði í stað landsútsvars sem fyrirhugað er að leggja niður. Horfið er frá skerðingu á tekjum sjóðsins, sem var 100 millj. kr. á fjárlögum 1993. Ekkert viðbótarfjármagn er því í raun til sjóðsins, þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um aukin verkefni honum til handa í tengslum við sameiningu sveitarfélaga, og ekki er tekið á neinn hátt á því máli í frumvarpinu.

Liðurinn vinnumál lækkar um 3,7 millj. kr. Sú lækkun kemur niður á framlagi til aðila vinnumarkaðarins. Ekki liggur fyrir rökstuðningur fyrir því að lækka þetta framlag. Á undanförnum árum hafa ASÍ og samtök aðila vinnumarkaðarins haldið uppi sérfræðivinnu varðandi efnahagsmál og Alþýðusamband Íslands hefur veitt launafólki ráðgjöf og unnið mikið starf í umsögnum og yfirferð á löggjafarmálefnum. Minni hlutinn hefur ekki séð rök fyrir þessari lækkun fjárveitinga.

Alþingi, 29. nóv. 1993.

Jón Kristjánsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Ingibjörg Pálmadóttir.
Kristinn H. Gunnarsson.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og í samræmi við bréf fjárlaganefndar, dags. 20. október 1993, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Á fund nefndarinnar kom frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðneyti Svanhvít Jakobsdóttir deildarstjóri og skýrði þá liði frumvarpsins er varða ráðuneytið og stofnanir þess.

Nefndin kynnti sér sérstaklega fjárhagsmálefni sjúkrastofnana í Reykjavík og áform um sameiningu Borgarspítala og Landakotsspítala og fékk á sinn fund í því skyni fulltrúa sjúkrastofnana. Frá Borgarspítala komu Árni Sigfússon stjórnarformaður, Jóhannes Pálmason framkvæmdastjóri, Magnús Skúlason aðstoðarframkvæmdastjóri, Jóhannes M. Gunnarsson, formaður læknaráðs Borgarspítalans, og Sigríður Snæbjörnsdóttir hjúkrunarforstjóri. Þá komu frá Landakotsspítala Höskuldur Ólafsson stjórnarformaður, Logi Guðbrandsson framkvæmdastjóri, Ólafur Örn Arnarson, formaður læknaráðs Landakotsspítala, og Aðalbjörg Finnbogadóttir hjúkrunarframkvæmdastjóri. Loks komu á fund nefndarinnar frá Landspítala Guðmundur Karl Jónsson stjórnarformaður, Davíð Á. Gunnarsson, forstjóri Ríkisspítalanna, Ásmundur Brekkan, formaður læknaráðs Landspítalans, og Vigdís Magnúsdóttir hjúkrunarforstjóri. Þá studdist nefndin við skrifleg gögn sem henni bárust frá Borgarspítala og Landakotsspítala.

Nefndin gerir ekki á þessu stigi málsins athugasemdir við einstaka liði fjárlagafrumvarpsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við málið eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 24. nóv. 1993.

Gunnlaugur Stefánsson, form.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.
Sólveig Pétursdóttir.
Drífa Hjartardóttir.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem varðar heilbrigðis- og tryggingamál.

Á fundi nefndarinnar kom frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Svanhvít Jakobsdóttir deildarstjóri og skýrði þá liði frumvarpsins er varða ráðuneytið og stofnanir er undir það heyra. Nefndin fékk einnig til fundar við sig fulltrúa frá Borgarspítala, Landakotsspítala og Ríkisspítölum þar sem rætt var um þær fjárveitingar sem áætlaðar hafa verið til þessara stofnana í fjárlagafrumvarpinu. Einnig var rætt um fyrirhugaða verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna þriggja og sameiningu Borgarspítala og Landakotsspítala. Frá Borgarspítalanum komu Árni Sigfússon stjórnarformaður, Jóhannes Pálmason framkvæmdastjóri, Magnús Skúlason aðstoðarframkvæmdastjóri, Jóhannes M. Gunnarsson, formaður læknaráðs, og Sigríður Snæbjörnsdóttir hjúkrunarforstjóri. Frá Landakotsspítala komu Höskuldur Ólafsson stjórnarformaður, Logi Guðbrandsson framkvæmdastjóri, Ólafur Örn Arnalds, formaður læknaráðs, og Aðalbjörg Finnbogadóttir hjúkrunarframkvæmdastjóri. Frá Ríkisspítölum komu Guðmundur Karl Jónsson stjórnarformaður, Davíð Á. Gunnarsson forstjóri, Ásmundur Brekkan, formaður læknaráðs, og Vigdís Magnúsdóttir hjúkrunarforstjóri.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála lækki um 2,4 milljarða kr. að öllu óbreyttu, þ.e. frá því sem orðið hefði ef ekkert hefði verið að gert. Fyrirhugað var að útgjöld lækkuðu í meginatriðum á eftirfarandi hátt:

— Hætt yrði rekstri barnaheimila á ríkisreknum sjúkrastofnunum og sveitarfélögum gefinn kostur á að taka við rekstrinum. Þannig var áætlað að lækka útgjöld um 200 millj. kr.
— Framlög til áfengismeðferðarstofnana yrðu lækkuð um 90 millj. kr.
— Útgjöld vegna lífeyristrygginga yrðu lækkuð um 525 millj. kr.
— Útgjöld vegna sjúkratrygginga yrðu lækkuð um 730 millj. kr.
— Með hagræðingu í rekstri sjúkrahúsa spöruðust 735 millj. kr.
— Með breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar yrðu sparaðar 120 millj. kr.

Ríkisstjórnin hefur nú fallið frá flestum þessara sparnaðaráforma og vill minni hluti heilbrigðis- og trygginganefndar vekja sérstaka athygli á eftirfarandi atriðum:

— Samið hefur verið um að ríkið haldi áfram rekstri leikskóla sjúkrastofnana á árinu 1994 þó það verði með nokkuð öðru sniði en var árið 1993. Því er ljóst er að áætlanir um 200 millj. kr. sparnað standast ekki.
— Spara átti 90 millj. kr. með því að loka Gunnarsholti, lækka framlög til Hlaðgerðarkots og krefjast aukinna sértekna af SÁÁ, Ríkisspítölum og Hlaðgerðarkoti. Heilbrigðisráðherra hefur lýst því yfir að Gunnarsholti verði ekki lokað. Engar tillögur liggja fyrir um hvernig gjaldtöku af áfengismeðferðarsjúklingum skuli háttað, enda skortir hana lagaheimild. Þeir sem best þekkja til og starfa við áfengismeðferð á þessum stofnunum fullyrða að útilokað sé að innheimta gjöld fyrir þessa þjónustu þar sem langflestir þeirra sem þjónustunnar njóta hafi ekki bolmagn til greiða fyrir hana.

— Útgjaldalækkun á sviði lífeyristrygginga átti að hluta til að ná með því að tekju- og eignatengja lífeyrisgreiðslur. Þannig átti að spara 200 millj. kr.

Tekjutenging ekkjulífeyris á að spara 75 millj. kr. og með hertu eftirliti með greiðslum, svo sem í fæðingarorlofi, og með atvinnuþátttöku á að spara 50 millj. kr. Endurskoða á eingreiðslur í samráði við fulltrúa verkalýðsfélaganna og annarra hagsmunaaðila og spara þannig 200 millj. kr.

Yfirlýsing hefur nú komið frá ríkisstjórninni um að hætt sé við að tekju- og eignatengja lífeyrisgreiðslur. Engar samningaviðræður hafa átt sér stað um endurskoðun á eingreiðslum. Engar tillögur liggja enn fyrir um hvernig tekjutengja á ekkjulífeyri né hvernig á að auka eftirlit með útgreiðslum úr lífeyristryggingum. Það er því ljóst að áformaður 525 millj. kr. sparnaður á sviði lífeyristrygginga mun ekki nást nema að litlu leyti.

— Stærstum hluta sparnaðar á sviði sjúkratrygginga átti að ná með aukinni skattheimtu upp á 400 millj. kr., þ.e. með heilsukortum. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að falla frá því. Engar tillögur liggja fyrir um með hvaða hætti þessum 400 millj. kr. sparnaði verður mætt. Til viðbótar átti að spara 330 millj. kr. með því að lækka laun lækna, breyta fyrirkomulagi við röntgengreiningar og rannsóknir, lækka lyfjakostnað og spara í tannlækningum. Enn liggja engar tillögur fyrir um það með hvaða hætti þessum sparnaði skuli náð.

— Sparnaði í rekstri sjúkrahúsa á að ná með óskilgreindri hagræðingu með því að leggja niður barnadeild Landakotsspítala og einkavæða Þvottahús ríkisspítalanna. Eftir því sem best er vitað hefur verið ákveðið að hætta við að einkavæða Þvottahús ríkisspítalanna, enn er óljóst hvað verður um rekstur barnadeildar Landakotsspítala og engar tillögur liggja fyrir um með hvaða hætti á að hagræða og spara í rekstri sjúkrahúsanna. Ekki er því fyrirséð að hægt verði að ná þeim 735 millj. kr. sparnaði sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

— Lögum um atvinnuleysistryggingar á að breyta til „að koma í veg fyrir misnotkun á greiðslum bóta“ og spara þannig 120 millj. kr. Engar tillögur liggja fyrir um það með hvaða hætti þetta skuli gert.

Af framansögðu er ljóst að af fyrirhuguðum 2,4 milljarða kr. sparnaði, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu, hefur ríkisstjórnin nú þegar fallið frá áformum um 700 millj. kr. sparnað. Að auki bendir ekkert til að 700 millj. kr. sparnaður í rekstri sjúkrahúsa muni nást þar sem fyrir liggur að sjúkrahúsin þarfnast þvert á móti fremur aukinna fjárveitinga. Þá er full ástæða til að efast um að það sem eftir stendur af sparnaðaráformum, um 1 milljarður kr., muni ekki nást þar sem engar tillögur liggja fyrir um hvernig niðurskurði skuli háttað.

Minni hlutinn vill að lokum vekja athygli á því sem segir á bls. 250 í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu um Framkvæmdasjóð aldraðra. Ekki verður annað séð en að það jafngildi því að leggja niður sjóðinn ef ekki verða veitt ný framlög úr honum til að koma á fót nýjum stofnunum.

Sá þáttur fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1994, sem snýr að heilbrigðis- og tryggingamálum, er með vísan til framangreinds með öllu óraunhæfur, enda byggður á forsendum sem ekki standast.

Alþingi, 30. nóv. 1993.

Finnur Ingólfsson.
Ingibjörg Pálmadóttir.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Margrét Frímannsdóttir.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur skv. 2. mgr. 25. gr. þingskapa Alþingis og í samræmi við bréf fjárlaganefndar, dags. 20. október 1993, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Þorkel Helgason, ráðuneytisstjóra iðnaðarráðuneytisins, og Kristmund Halldórsson, deildarstjóra í sama ráðuneyti, og gerðu þeir grein fyrir iðnaðarmálakafla frumvarpsins og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna.

Í áliti iðnaðarnefndar frá sl. ári segir svo:

„Nefndarmenn telja óhjákvæmilegt að komið verði nýrri og gleggri skipan á meðferð frumvarps til fjárlaga í fagnefndum. Í iðnaðarnefnd hefur t.d. komið fram sú hugmynd að fjárlaganefnd og viðkomandi fagnefnd geri í tæka tíð samkomulag um að fagnefndin fjalli um tiltekinn þátt fjárlagafrumvarpsins. Verði þá miðað við að fagnefndin fjalli um öll atriði viðkomandi málaflokks og skili efni í lokaálit fjárlaganefndar. Forsenda þessa er að sjálfsögðu, eins og áður var nefnt, fullt samkomulag við fjárlaganefnd. Mætti hugsa sér að fagnefndin og fjárlaganefndin gengju frá samkomulagi síðla sumars svo að fagnefndin gæti fyrir upphaf þings hafið umfjöllun um málið. Iðnaðarnefndin leggur áherslu á að fjárlaganefnd, forsætisnefnd og formenn þingflokkanna komi sér saman um fyrirkomulag þessara mála í vetur."

Það er í samræmi við þessi sjónarmið iðnaðarnefndar sem efnt var til fundar nýlega með formönnum þingnefnda þar sem ákveðið var að koma betri skipan á samskipti fjárlaganefndar og annarra fagnefnda við umfjöllun um fjárlagafrumvarpið og skilgreina jafnframt nánar hlutverk fagnefndanna í fjárlagavinnunni. Nefndin fagnar því að ætlunin er að ræða þessi mál frekar á sameiginlegum fundi formanna nefndanna í byrjun næsta árs þannig að ný skipan á fjárlagavinnunni geti legið fyrir áður en umfjöllun Alþingis um fjárlög fyrir árið 1995 hefst.

Hvað varðar einstaka þætti í fjárlagafrumvarpi ársins 1994 vill nefndin benda á eftirfarandi:

1. Nefndin bendir á að eðlilegt væri að óskiptir liðir í iðnaðarkafla fjárlagafrumvarpsins yrðu betur afmarkaðir og leggur áherslu á að óskiptir liðir, sem ætlaðir eru til tiltekinna verkefna, séu ekki notaðir til annarra þátta.

2. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er Rafmagnsveitum ríkisins ætlað að skila 50 millj. kr. í ríkissjóð. Hér er um þó nokkra hækkun á arðgreiðslum að ræða í ríkissjóð frá gildandi fjárlögum og þar með verður samkeppnisstaða Rafmagnsveitna ríkisins allt önnur en annarra rafveitna. Að mati nefndarinnar er hér um óæskilegt ósamræmi að ræða.

3. Með hliðsjón af því m.a. að iðnaðarráðuneytið hefur ákveðið að afturkalla ýmsar breytingar, sem gerðar voru síðasta sumar á reglugerð um starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins, telur nefndin óhjákvæmilegt að leita leiða til að hækka framlög til stofnunarinnar. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni minna jafnframt á mikilvægi þess að standa við þann ramma sem ráðuneytinu er ætlaður.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 6. des. 1993.

Svavar Gestsson, form.
Gísli S. Einarsson.
Pálmi Jónsson.
Páll Pétursson.
Tómas Ingi Olrich.
Guðjón Guðmundsson.
Finnur Ingólfsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Kristín Einarsdóttir.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Inngangur.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1993. Á fund nefndarinnar komu frá landbúnaðarráðuneytinu Jóhann Guðmundsson deildarstjóri og Hreinn Pálmason fulltrúi. Enn fremur komu til viðræðna við nefndina vegna málefna Skógræktar ríkisins Jón Loftsson skógræktarstjóri og vegna Landgræðslu ríkisins Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og Níels Árni Lund, deildarstjóri í landbúnaðarráðu-

neytinu. Vegna málefna loðdýraræktarinnar komu á fund nefndarinnar frá Sambandi íslenskra loðdýraræktenda Ásgeir Pétursson, Arvid Kro og Viðar Magnússon. Þá ræddi nefndin við fulltrúa Búnaðarfélags Íslands, Byggðastofnunar og Stéttarsambands bænda um þessi mál auk þess sem fleiri aðilar, er komu á fund nefndarinnar, lýstu sjónarmiðum sinni þar að lútandi þótt fjárlög væru þá ekki sérstaklega til umræðu.

Nefndinni bárust erindi frá Búnaðarsambandi Austurlands, Stéttarsambandi bænda, Landssamtökum sauðfjárbænda og Búnaðarsambandi Suðurlands.

Íslenskur landbúnaður stendur nú frammi fyrir breyttum tímum. Vænta má að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið taki gildi um næstu áramót og vaxandi líkur eru fyrir að GATT-samkomulagið, sem felur í sér aukið frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur, nái fram að ganga. Þannig mun íslenskur landbúnaður í framtíðinni þróast til samræmis við alþjóðlega viðskiptahætti í stað þeirrar innflutningsverndar sem hann hefur jafnan notið. Þessar breytingar munu þrengja að landbúnaðinum. Er þó varla á bætandi þegar litið er til þeirra miklu breytinga sem leiða af niðurfellingu útflutningsbóta og aðlögun framleiðslunnar að innlendum markaði. Nefndin hefur þessar aðstæður í huga við afgreiðslu þessa álits.

Samdráttur í sölu sauðfjárafurða á innanlandsmarkaði kemur hart niður á sauðfjárbændum. Af þeim ástæðum ákvað nefndin að leita eftir sem áreiðanlegustu upplýsingum um stöðu þeirra mála. Með bréfi til Byggðastofnunar, dags. 14. október 1993, fór nefndin fram á að stofnunin gerði úttekt á afkomu sauðfjárræktarinnar (sbr. fylgiskjal) og leitaði í framhaldi af því, með bréfi dags. 9. nóvember 1993, eftir að Ríkisendurskoðun gerði úttekt á framkvæmd búvörusamningsins frá 11. mars 1991 (sbr. fylgiskjal). Frekari umfjöllun nefndarinnar um þessi mál verður að bíða þar til að svör hafa borist og ef ástæða þykir til mun nefndin kynna fjárlaganefnd þær niðurstöður.

2. Búvörusamningur.

Í áliti landbúnaðarnefndar til fjárlaganefndar, frá 3. desember 1992, er gerð ítarleg grein fyrir framkvæmd búvörusamninga sem byggði á greinargerð er nefndinni hafði þá borist frá Ríkisendurskoðun. Á grundvelli mats Ríkisendurskoðunar lá m.a. fyrir að frestað var greiðsluskuldbindingum á ýmsum liðum að upphæð um 225 millj. kr. til ársins 1994. Vangreiddar voru 50 millj. kr. til Jarðasjóðs og 100 millj. kr. til Byggðastofnunar. Þá vantaði, að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins, um 14 millj. kr. upp á vangreiddan vaxta- og geymslukostnað. Til viðbótar þessu vantaði framlög til landgræðslustarfa bænda.

Þess er vænst að þær ábendingar, sem fram komu í álitinu, verði nú skýrðar af Ríkisendurskoðun með hliðsjón af stöðu þessara mála. Framkvæmd búvörusamnings verður því ekki frekar rædd í þessu áliti.

3. Lífeyrissjóðsgreiðslur.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993 fékkst mikilvæg niðurstaða varðandi lífeyrisgreiðslur ráðunauta. Nú liggur fyrir að á skortir um lífeyrisgreiðslur vegna héraðsráðunauta, að upphæð 2,5 millj. kr., sem finna verður lausn á. Í þessum efnum gætir misskilnings í skýringum fjárlagafrumvarpsins þar sem Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsamböndin hafa aðskilinn fjárhag.

4. Búfjárræktar- og jarðræktarlög.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993 var einungis lögð áhersla á að þau framlög, sem ógreidd væru frá árinu 1993, yrðu gerð upp. Framkvæmdir vegna ársins 1992 voru á hinn bóginn látnar bíða þar sem síðasta greiðsla á skuld ríkisins við bændur var þá til greiðslu. Búnaðarþing hefur lagt til að við þessa fjárlagagerð verði einungis gerð krafa um greiðslu jarðræktarframlaga fyrir árið 1992, sem framreiknuð nema 74,2 millj. kr., en framkvæmdir þessa árs verði látnar bíða. Hér er um hógværa kröfu að ræða sem taka verður tillit til við afgreiðslu fjárlaga.

5. Landgræðslan og skógræktin.

Samkvæmt bókun VI með búvörusamningnum, frá í mars 1991, eru uppi áform um að verja 2 milljörðum kr. til landgræðslustarfa bænda á samningstímanum. Þessi fyrirheit eru einungis að litlu leyti komin til framkvæmda. Vaxandi áhuga gætir á þessari starfsemi meðal bænda. Hefur það m.a. komið fram í stofnun landgræðslufélaga. Ábendingar um aukið fjármagn til þessara verkefna hafa borist víða að en kröfur eru hins vegar afar hóflegar. Nefndin leggur til að 18 millj. kr. til viðbótar verði varið til landgræðslustarfa bænda, en landgræðslubændum mundi fjölga um u.þ.b. bil 100 við það.

6. Málefni loðdýraræktarinnar.

Á undanförnum árum hefur ríkisvaldið, Stofnlánadeild landbúnaðarins og raunar fleiri aðilar sýnt mikinn skilning á þeim erfiðu aðstæðum sem loðdýrabændur hafa átt við að etja. Segja má að aðgerðir fyrrgreindra aðila á þessu ári skipti sköpum um líf greinarinnar. Einn þáttur þessara aðgerða hefur verið niðurgreiðsla á fóðri með framlögum frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins og ríkissjóði. Þessi stuðningur nam á fjárlögum þessa árs 34 millj. kr. Fyrir liggur að loðdýrabændur hafa leitað eftir áframhaldandi stuðningi meðan greinin er að rétta úr kútnum en bjartsýni gætir um hækkandi skinnaverð á næstu árum. Þess vegna leggur nefndin til að hliðstæð fjárveiting verði á fjárlögum ársins 1994.

7. Varnir gegn landbroti.

Enn er í þessu fjárlagafrumvarpi naumt skammtað til varna gegn landbroti svo að tæpast mun nægja nema til brýnustu viðhaldsverkefna. Við fjárlagagerð fyrir árið 1993 var bent á aðsteðjandi vanda við Markarfljót og Jökulsá á Dal. Sá kostur var valinn að veita framkvæmdum við Markarfljót forgang og var auknu fé á fjárlögum varið til þessa verkefnis svo að unnt væri að verjast áframhaldandi landbroti. Reynslan hefur sýnt að horfið var að góðu ráði. Ekki þótti fært að hefjast handa við framkvæmdir við Jökulsá en þess vænst að hægt væri að fyrirbyggja frekari ágang árinnar á næsta ári. Reynslan sýnir að á því er mikil þörf því enn hefur landbrot aukist stórlega svo að samgöngum er ógnað auk þess sem hættan á að áin brjóti sér farveg gegnum sveitina þvera hefur aukist mjög. Áætlaður kostnaður er um 10 millj. kr. sem ef til vill er hægt að skipta að hluta á tvö ár.

8. Skólahúsið á Hvanneyri.

Gallar á þaki skólahússins á Hvanneyri hafa verið viðvarandi vandamál og mikið tjón hlotist af vatnsskemmdum. Áætlað er að nýtt þak muni kosta um 30 millj. kr. Með því að greiða framkvæmdina á tveimur árum og færa hluta af viðhaldsfé skólans til þessa verkefnis er hægt að ná tilskildum árangri með 10 millj. kr. fjárveitingu.

9. Lokaorð.

Í þessu áliti er einkum fjallað um viðskipti bænda og ríkisvaldsins þótt óskir hafi líka borist um leiðréttingu mála einstakra stofnana landbúnaðarins. Ef fjárlaganefnd hefur til meðferðar erindi einstakra stofnana sem landbúnaðarnefnd hefur ekki borist er ekki á færi landbúnaðarnefndar að leggja mat á þau erindi. Að lokum vill nefndin undirstrika að við núverandi aðstæður í landbúnaði verður að gæta sérstaklega að hlut bænda þegar fjallað er um þann þátt fjárlaga er varðar landbúnaðinn.

Kristín Ástgeirsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu þessa álits.

Alþingi, 29. nóv. 1993.

Egill Jónsson, form.
Gísli Einarsson.
Guðni Ágústsson.
Ragnar Arnalds.
Eggert Haukdal.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
Einar K. Guðfinnsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og í samræmi við bréf fjárlaganefndar, dags. 20. október 1993. Á fund nefndarinnar komu frá menntamálaráðuneyti Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri og Örlygur Geirsson skrifstofustjóri og frá fjármálaráðuneyti Ásdís Sigurjónsdóttir deildarsérfræðingur.

Nefndin fjallaði um einstaka þætti frumvarpsins og ítarlega um þætti varðandi Lánasjóð íslenskra námsmanna. Í því skyni komu á fund nefndarinnar Lárus Jónsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Gunnar Birgisson stjórnarformaður, Gísli Fannberg deildarstjóri og Guðjón Viðar Valdimarsson fjármálastjóri. Þá komu á fundinn frá Stúdentaráði Háskóla Íslands Þorsteinn Þorsteinsson og Guðmundur J. Jónsson og frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis Þorbjörn Tjörvi Jónsson og Ingibjörg Jónsdóttir. Frá Iðnnemasambandi Íslands komu á fund nefndarinnar Dan Hansson og Bjarni Jónsson og frá Bandalagi íslenskra sérskólanema Almar Eiríksson og Steindóra Gunnlaugsdóttir. Þá studdist nefndin við skrifleg gögn sem henni bárust frá framangreindum aðilum.

Meiri hluti nefndarinnar telur að tímabært sé orðið að meta reynslu af yfirferð einstakra nefnda yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem þær varða og að æskilegt væri að settar yrðu verklagsreglur um samskipti fjárlaganefndar við aðrar nefndir á þessu sviði. Meiri hlutinn ákvað að gera ekki athugasemdir við þennan hluta fjárlagafrumvarpsins. Einstakir nefndarmenn munu, ef þeir svo kjósa, lýsa viðhorfum sínum við framhaldsumræðu málsins.

Alþingi, 23. nóv. 1993.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Drífa Hjartardóttir.
Petrína Baldursdóttir.
Björn Bjarnason.
Tómas Ingi Olrich.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd tók sér ekki mikinn tíma til að fara yfir fjárlagafrumvarpið. Ástæðan er vafalaust sú að ekki hefur enn þá tekist að koma fjárlagavinnunni í eðlilegan farveg eftir breytingar sem gerðar voru á þingsköpum fyrir liðlega tveimur árum.

Nú hefur verið ákveðið að breyta vinnubrögðum á þessu sviði og fagnar minni hlutinn því að tekist hefur samstarf með formönnum þingnefnda í því efni.

Minni hlutinn bendir einkum á þrjú efnisatriði:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna.

a. Vegna eftirágreiðslna lána hafa fjölmargir námsmenn gefist upp þar sem þeir treysta sér ekki í nám með því að borga allt að 20% vexti í yfirdráttarlán — og allmargir hafa orðið að hætta vegna þess að lánastofnanir hafa neitað þeim um lán — af því að þeir áttu ekki ríka að sem gátu skrifað upp á ábyrgðir.

b. Í úthlutunarreglum LÍN er nú krafist 100% námsframvindu og hefur komið í ljós að kröfur LÍN eru oft í ósamræmi við kröfur skóla. LÍN hefur neitað að verða við óskum námsmanna um lagfæringar og hafa skólar því reynt að laga kröfur sínar að kröfum LÍN! Þannig hefur t.d. Söngskólinn í Reykavík fjölgað prófum í skólanum. Þeir nemendur, sem sitja heilsársnámskeið, hafa ekki fengið nema 75% lán á haustmissiri og afgang lánsins ef þeir hafa staðist próf að vori. Dæmi eru um að námsmenn hafi hætt námi vegna þess að þeir treysta sér ekki til að lifa 75% lífi fyrir áramót þótt þeir eigi von á 125% lífi eftir áramótin.

c. Í nýjum úthlutunarreglum LÍN eru allar undanþágureglur mun þrengri en áður. Komist námsmaður ekki í próf vegna veikinda sinna eða vegna veikinda barna eru námslánin umsvifalaust skert. Ekkert svigrúm er veitt.
d. Námsmönnum erlendis hefur fækkað um fjórðung frá því að lögin voru sett.

Enginn hefur lýst framtíðarþjóðfélagi námsmanna betur en Gunnar Birgisson, formaður stjórnar LÍN, er hann sagði á opnum fundi með námsmönnum: „Fólk, sem fer í langt nám á námslánum, mun verða í vaxtafjötrum allt sitt líf og aldrei lifa mannsæmandi lífi."

2. Grunnskólinn.

Í kafla fjárlagafrumvarpsins um grunnskólann kemur m.a. fram að gert er ráð fyrir að framlengja ákvæði laga nr. 4/1993 fyrir skólaárið 1994–1995, þrátt fyrir ítrekuð loforð menntamálaráðherra um að grípa ekki til slíkra aðgerða. Þessi umdeildu ákvæði kveða á um frestun lágmarks vikulegs kennslutíma og fækkun leyfilegs kennarafjölda nema í yngstu bekkjunum og heimild til að fjölga um allt að tvo nemendur í bekk.

Með þessu taldi ríkisstjórnin sig spara 100 millj. kr. á yfirstandandi ári. Auk þessa er fyrirhugað að spara sem nemur liðlega 100 millj. kr. með „aukinni hagræðingu" í rekstri grunnskóla.

Það er því ljóst að ríkisstjórnin ætlar að afhenda sveitarfélögum grunnskólann á árinu 1995 í algjöru fjársvelti ef Alþingi samþykkir þá tilflutning verkefnanna. Skilningsleysið á málefnum og mikilvægi grunnskólans virðist algjört. Ástandið er þannig í ýmsum bekkjardeildum að kennarar geta ekki leyft börnum að standa á fætur eftir að þau eru sest vegna þrengsla.

3. Vantar hundruð milljóna?

Við meðferð málsins í menntamálanefnd var spurt um verðlagsforsendur frumvarpsins. Giskað var á að í frumvarpinu óbreyttu væri verulegur niðurskurður umfram það sem í raun sæist þar sem verðlagsforsendur frumvarpsins væru ekki réttar. Menntamálaráðuneytið var beðið um að gera grein fyrir þessu máli á minnisblaði. Minnisblaðið kom aldrei og ástæða þess hve seint þetta álit minni hlutans kemur er að beðið hefur verið eftir minnisblaði menntamálaráðuneytisins um verðlagsforsendur og launaskrið. Minni hlutinn hvetur fjárlaganefnd sérstaklega til þess að fara yfir verðlagsforsendur og launaskrið og bendir á að erfiðara er að leysa slíkan vanda í skólum en annars staðar vegna þess ramma sem skólunum er nú ætlaður. Séu þessar forsendur rangar getur verið að það vanti hundruð milljóna króna í menntamálaráðuneytið eitt. Samtals hafa framlög til menntamála lækkað um 1,6 milljarða kr. í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Alþingi, 30. nóv. 1993.

Kristín Ástgeirsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.
Svavar Gestsson.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Á fund nefndarinnar kom Rúnar Guðjónsson frá fjármálaráðuneytinu og fór yfir þessi mál. Nefndin ræddi einnig við Þorgeir Pálsson flugmálastjóra og Ágúst Valgeirsson, framkvæmdastjóra fjármála hjá Flugmálastjórn, Hermann Guðjónsson, vita- og hafnamálastjóra, og Helga Hallgrímsson vegamálastjóra.

Nefndin áskilur sér rétt til að fjalla nánar um einstaka gjaldaliði Vegagerðar ríkisins samkvæmt frumvarpinu áður en þær tillögur verða afgreiddar fyrir 2. umræðu. Enn fremur áskilur nefndin sér rétt til að móta síðar tillögur um skiptingu á fé samkvæmt liðnum „Vetrarsamgöngur og vöruflutningar". Nefndin bendir á að sótt er um háar fjárveitingar til rekstrar flugfélaga af þessum lið frumvarpsins og er hæpið að hann rúmi það að við þeim óskum sé orðið án þess að til komi heildarhækkun. Þá bendir nefndin á að ekki er fullt samræmi í því að skerða sérmerkta tekjustofna Vegagerðar ríkisins á sama tíma og framkvæmdafé stofnunarinnar er aukið með lántökum. Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við frumvarpið.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Árni Johnsen, Egill Jónsson og Sturla Böðvarsson.

Alþingi, 24. nóv. 1993.

Pálmi Jónsson, form.
Petrína Baldursdóttir.
Stefán Guðmundsson.
Jóhann Ársælsson.
Guðni Ágústsson.
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Nefndin ræddi við Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra, Jakob Jakobsson og Vigni Thoroddsen frá Hafrannsóknastofnun, Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu, Sigurjón Arason og Má Svavarsson frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Bjarna K. Grímsson frá Fiskifélagi Íslands.

Fram kom að gert er ráð fyrir nánast óbreyttum fjárlögum frá því sem var á þessu ári. Nefndin bendir á að fjárframlög til rannsókna voru skorin niður á fjárlögum þessa árs sem er hættuleg þróun og gera þarf allar hugsanlegar ráðstafanir til að kom í veg fyrir að þessi niðurskurður endurtaki sig. Nefndin gerir þó engar tillögur til breytinga á frumvarpinu að svo stöddu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 24. nóv. 1993.

Matthías Bjarnason, form.
Steingrímur J. Sigfússon.
Stefán Guðmundsson.
Guðmundur Hallvarðsson.
Jóhann Ársælsson.
Jónas Hallgrímsson.
Árni R. Árnason.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og í samræmi við bréf fjárlaganefndar, dags. 20. október 1993, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Á fund nefndarinnar komu frá umhverfisráðuneyti Þórður H. Ólafsson skrifstofustjóri og Jón Gunnar Ottósson skrifstofustjóri og skýrðu þá liði frumvarpsins er varða ráðuneytið og stofnanir þess.

Nefndin fjallaði um einstaka þætti frumvarpsins og ítarlega um þætti varðandi starfsemi Landmælinga Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skipulags ríkisins, Náttúruverndarráðs og Veðurstofu Íslands. Nefndin heimsótti Landmælingar Íslands og fékk á sinn fund Ágúst Guðmundsson, forstjóra stofnunarinnar, og Kristján Guðjónsson fjármálastjóra. Auk þess komu á fund nefndarinnar frá Náttúrufræðistofnun Íslands Þóra Ellen Þórhallsdóttir stjórnarformaður, Ævar Petersen, forstöðumaður seturs Náttúrufræðistofnunar í Reykjavík, og Sveinn Jakobsson, yfirdeildarstjóri setursins. Þá fékk nefndin á sinn fund Stefán Thors, skipulagsstjóra ríkisins, og frá Náttúruverdarráði Arnþór Garðarsson, formann ráðsins, Þóroddi F. Þóroddsson framkvæmdastjóra og Lárus Þór Svanlaugsson fjármálastjóra. Enn fremur komu á fund nefndarinnar frá Veðurstofu Íslands Páll Bergþórsson veðurstofustjóri, Magnús Jónsson veðurfræðingur og Sigríður H. Ólafsdóttir fjármálastjóri. Þá studdist nefndin við skrifleg gögn sem henni bárust frá framangreindum aðilum.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994 er gert ráð fyrir að framlag til Landmælinga Íslands lækki um 30,5 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Forsvarsmenn Landmælinga lögðu í viðræðum við nefndina áherslu á mikilvægi þess að stofnuninni yrði gert kleift að halda áfram vinnu við svokallaða DMA-kortagerð sem unnin er samkvæmt samningi íslenska ríkisins við Landmælingastofnun varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna. Bandaríkjamenn verja talsverðu fé til þessa verkefnis og fyrir liggur að þeir munu halda verkinu áfram, enda þótt Íslendingar verði ekki aðilar að því. Það hefði þær afleiðingar að umrædd kort yrðu byggð á gömlum og jafnvel úreltum upplýsingum og væru því nánast ónothæf til dreifingar hér á landi. Forsvarsmenn Landmælinga fullyrða að þörf sé fyrir kort af þessari gerð hér á landi og óhjákvæmilegt verði að ráðast í gerð sambærilegra korta síðar. Fyrir liggur að það verk yrði a.m.k. fjórfalt dýrara en verk unnið á grundvelli umræddu samnings. Fram kom að forsenda þess að Íslendingar fái staðið við sinn hluta samningsins er að Landmælingar Íslands fái fjárveitingu sem nemur 14 millj. kr. á ári næstu þrjú árin auk fjárveitingar til tækjabúnaðar sem nemur 12,7 millj. kr. *Umhverfisnefnd telur mikilvægt að fjárveitingar til stofnunarinnar verði hækkaðar sem þessum fjárhæðum nemur þannig að unnt verði að ljúka verkefninu.* Bent skal á að þrátt fyrir að slík fjárveiting fengist samþykkt þarf stofnunin að fækka starfsmönnum þar sem við blasir lækkun á sértekjum, auk niðurskurðar á fjárveitingum.

Fulltrúar Náttúrufræðistofnunar Íslands vöktu athygli á aukinni starfsemi á vegum stofnunarinnar á grundvelli laga nr. 60 frá 1. júlí 1992. Fram kom í máli þeirra að framlag á fjárlögum væri talsvert lægra en þeir höfðu óskað eftir og ekki í samræmi við þau auknu verkefni sem stofnuninni væri ætlað að inna af hendi. *Umhverfisnefnd vekur athygli á því að framsetning í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994 er ekki í samræmi við athugasemdir við 2. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands. Þar segir að hvert setur Náttúrufræðistofnunar eigi að hafa sjálfstæðan fjárhag, en í því felist m.a. að við afgreiðslu fjárlaga sé tekin ákvörðun um fjárveitingar til hvers seturs fyrir sig og að þau skuli öll hafa eigin stofnananúmer á fjárlögum. Umhverfisnefnd leggur áherslu á að tekið verði tillit til þessara ákvæða við frágang fjárlaga.*

Í máli skipulagsstjóra ríkisins kom fram að verkefni Skipulags ríkisins munu aukast á næsta ári, m.a. með gildistöku laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Þá liggur fyrir að sértekjur stofnunarinnar munu lækka vegna samdráttar í nýbyggingum. Í skýringum með fjárlagafrumvarpi kemur fram að auknum kostnaði skuli mætt með skipulagsbreytingum og hagræðingu í rekstri. *Umhverfisnefnd vill sérstaklega vekja athygli á að í lögum nr. 73/1993, um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, er kveðið á um vinnu við skipulag miðhálendis Íslands. Ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til starfsemi miðhálendisnefndar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994. Umhverfisnefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggð verði fjárveiting til að standa straum af kostnaði við störf nefndarinnar, en hann hefur verið áætlaður 2,5 millj. kr.*

Forsvarsmenn Náttúruverndarráðs vöktu athygli á að fjárveitingar til ráðsins hefðu verið í lágmarki um margra ára skeið. Það fé, sem stofnuninni væri markað á fjárlögum og með sértekjum, væri of lágt til að Náttúrruverndarráð gæti annast þau verkefni sem því væri ætlað að sinna. Svo lág fjárveiting sem gert væri ráð fyrir á næsta ári, líkt og undanfarin ár, leiddi til þess að rekstur ráðsins væri óhagkvæmur. Starfsemin byggðist of mikið á lausráðnu starfsfólki og ýmis verkefni við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði sætu á hakanum.

Framlag til Veðurstofu Íslands er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994 lækkað um 4 millj. kr. frá fjárlögum 1993. Í skýringum með fjárlagafrumvarpinu kemur auk þess fram að stofnuninni sé ætlað að mæta auknum útgjöldum vegna breytinga á ráðningarkjörum hluta starfsmanna með niðurskurði á öðrum sviðum. Í greinargerð, sem Veðurstofa Íslands lagði fyrir umhverfisnefnd, kemur fram að umrædd útgjöld muni nema 12–14 millj. kr. Að teknu tilliti til aukinna sértekna telur veðurstofustjóri að stofnunina vanti 10–12 millj. kr., en ekki sé unnt að gera tillögur um niðurskurð til að mæta því án þess að starfsemi stofnunarinnar bíði óhæfilegan hnekki. Veðurstofustjóri tekur fram að breyting á starfskjörum hafi verið studd af umhverfisráðuneytinu og fer eindregið fram á að fjárveiting til Veðurstofunnar árið 1994 verði hækkuð um 10–12 millj. kr.

Varðandi álit umhverfisnefndar um Landmælingar Íslands og Skipulag ríkisins leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks áherslu á að fjárlaganefnd leiti leiða til að standa við samningsbundnar skuldbindingar og lagafyrirmæli innan þeirra marka sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir.

Fulltrúar Alþýðubandalags, Framsóknarflokks og Kvennalista telja að í frumvarpi til fjárlaga sé gert ráð fyrir allt of lágum fjárveitingum til umhverfisráðuneytis í heild. Þessir fulltrúar lýsa yfir áhyggjum vegna lágra fjárveitinga til Náttúruverndarráðs enn eitt árið og vekja athygli á að ráðinu er ætlað þriðjungi minna fé til starfsemi sinnar en það taldi nauðsynlegt til að geta sinnt verkefnum sínum með fullnægjandi hætti.

Einstakir nefndarmenn munu, ef þeir svo kjósa, standa að frekari tillögum og lýsa nánar viðhorfum sínum við framhaldsumræðu málsins.

Alþingi, 23. nóv. 1993.

Kristín Einarsdóttir, form.
Petrína Baldursdóttir.
Tómas Ingi Olrich.
Jón Helgason.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
Hjörleifur Guttormsson.
Árni R. Árnason.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur, skv. 2. mgr. 25. gr. þingskapa Alþingis og í samræmi við bréf fjárlaganefndar dags. 20. október 1993, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Þorstein Ingólfsson, ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu, og Benedikt Jónsson sendifulltrúa í sama ráðuneyti og gerðu þeir grein fyrir utanríkismálakafla frumvarpsins og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna. Þá lögðu þeir fram yfirlit um þróun útgjalda milli áranna 1991– 1994 sem og greinargerðir um mannaráðningar og starfsskipan í utanríkisþjónustunni, um innstæður á reikningum sendiráða og fastanefnda erlendis og um framlög Íslands til þróunaraðstoðar.

Sú almenna skoðun kom fram í nefndinni að mikilvægt væri að Ísland gætti sem best hagsmuna sinna með virkum hætti hjá þeim helstu fjölþjóðastofnunum er landið á aðild að. Nefndin beinir því til ráðuneytisins að reynt verði að haga sparnaði í rekstri utanríkisþjónustunnar þannig að hann komi ekki niður á þátttöku Íslands í fjölþjóðastofnunum. Í nefndinni var vakin athygli á því að heildarframlag Íslands til þróunarmála lækkar frá gildandi fjárlögum og varað við því að Ísland dragi almennt úr þróunaraðstoð sinni. Jafnframt var gerð athugasemd við að þó að einstakir liðir hækki í íslenskum krónum þá lækka þeir í erlendri mynt vegna gengisþróunar og var talið eðlilegt að miða við að í slíkum tilvikum yrði a.m.k. um að ræða óbreytta fjárhæð í erlendri mynt.

Nefndin fjallaði einnig um ýmis önnur atriði í utanríkismálakafla fjárlagafrumvarpsins en gerir ekki á þessu stigi tillögur um þau atriði en hyggst taka sum þeirra til nánari umfjöllunar síðar í ljósi almennrar stefnumótunar á þeim sviðum. Þá áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 22. nóv. 1993.

Björn Bjarnason, form.
Steingrímur Hermannsson.
Petrína Baldursdóttir.
Ólafur Ragnar Grímsson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Árni R. Árnason.
Páll Pétursson.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.

326. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, EKG, ÁJ, ÁMM, GunnS).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00-201 Alþingi. 103 Þingmálaskrifstofa.	
Fyrir „108.600“ kemur	109.600
2. Við 4. gr. 00-401 101 Hæstiréttur.	
Fyrir „41.700“ kemur	38.500
3. Við 4. gr. 00-610 101 Umboðsmaður Alþingis.	
Fyrir „19.700“ kemur	22.700
4. Við 4. gr. 01-102 Þjóðhagsstofnun. 4 Sértekjur.	
Fyrir „46.000“ kemur	42.400
5. Við 4. gr. 01-171 601 Byggðastofnun.	
Fyrir „170.000“ kemur	185.000
6. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. Nýr liður:	
108 Samstarfsverkefni við Vestmannaeyjabæ	13.800
7. Við 4. gr. 02-203 Raunvísindastofnun. Háskólans 103 Rannsóknastofur.	
Fyrir „152.700“ kemur	153.500
8. Við 4. gr. 02-204 101 Stofnun Sigurðar Nordals.	
Fyrir „6.100“ kemur	6.500
9. Við 4. gr. 02-221 Kennaraháskóli Íslands.	
a. Við 103 Rekstur fasteigna.	
Fyrir „38.700“ kemur	41.200
b. Við 601 Tæki og búnaður.	
Fyrir „6.000“ kemur	11.000

Þús. kr.

10. Við 4. gr. 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.
    a. Nýr liður:
    121 Rannsóknatengt framhaldsnám 25.000
    b. Við 190 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.
    Fyrir „25.000“ kemur 26.500
11. Við 4. gr. 02-318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.
    a. 590 Viðhald.
    Fyrir „88.000“ kemur 85.000
    b. 690 Byggingarframkvæmdir.
    Fyrir „498.000“ kemur 531.500
    c. Sundurliðun viðfangsefna 590 Viðhald og 690 Byggingarframkvæmdir kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	3.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð, viðhald	4.000	
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	2.000	
4. Kvennaskólinn, viðhald	1.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti		
viðhald	5.000	
(lyfta)	4.000	
6. Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðhald	2.000	
7. Sjómannaskólinn í Reykjavík,		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	16.500	
8. Fósturskóli Íslands, viðhald	1.000	
9. Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, viðhald	1.000	
10. Myndlista- og handíðaskóli Íslands, viðhald	2.000	
11. Skóli í Borgarholti, nýbygging	121.500	
		168.000
Reykjanes:		
1. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	4.000	
2. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ,		
viðhald	4.000	
byggingarframkvæmdir	30.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja,		
byggingarframkvæmdir	38.500	
4. Menntaskólinn í Kópavogi,		
byggingarframkvæmdir	48.500	
5. Fiskvinnsluskólinn, viðhald	2.000	
		127.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vesturland:		
1. Fjölbrautaskóli Vesturlands,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	15.000	
2. Héraðsskólinn Reykholti, viðhald	6.000	
		23.000
Vestfirðir:		
Framhaldsskóli Vestfjarða		
verknámshús	10.000	
viðhald	5.000	
		15.000
Norðurland vestra:		
1. Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki,		
byggingarframkvæmdir	35.000	
byggingarframkvæmdir, heimavist	2.000	
viðhald	2.000	
2. Héraðsskólinn Reykjum, viðhald	3.000	
		42.000
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri, viðhald	2.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	50.000	
3. Framhaldsskólinn á Laugum,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	3.000	
4. Framhaldsskólinn á Húsavík,		
byggingarframkvæmdir	17.000	
		77.000
Austurland:		
1. Alþýðuskólinn á Eiðum, viðhald	4.000	
2. Menntaskólinn á Egilsstöðum,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	3.500	
3. Húsmæðraskólinn Hallormsstað, viðhald	1.000	
4. Verkmenntaskóli Austurlands,		
viðhald	1.000	
byggingarframkvæmdir, heimavist	25.200	
5. Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	3.500	
		43.200

	Þús. kr.	Þús. kr.
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands, byggingarframkvæmdir	41.300	
2. Skólar á Laugarvatni, byggingarframkvæmdir.	50.000	
3. Héraðsskólinn Skógum, viðhald	5.000	
4. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, byggingarframkvæmdir	17.000	
		113.300
Óskipt		8.000
		616.500

12. Við 4. gr. 02-319 Framhaldsskólar, almennt. 140 Framhaldsskólar, óskipt.
    Fyrir „35.200“ kemur 85.200
13. Við 4. gr. 02-352 Flensborgarskóli, fjölbraut. 101 Kennsla í dagskóla.
    Fyrir „55.800“ kemur 57.400
14. Við 4. gr. 02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi. 102 Annað en kennsla.
    Fyrir „38.300“ kemur 41.300
15. Við 4. gr. 02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu.
    a. Við 102 Annað en kennsla.
    Fyrir „18.000“ kemur 18.400
    b. Við 4 Sértekjur.
    Fyrir „1.500“ kemur 1.000
16. Við 4. gr. 02-524 Þroskaþjálfaskóli Íslands. 101 Kennsla í dagskóla.
    Fyrir „13.800“ kemur 14.400
17. Við 4. gr. 02-601 Héraðsskólinn Reykholti.
    a. Við 101 Kennsla.
    Fyrir „12.900“ kemur 14.100
    b. Við 102 Annað en kennsla.
    Fyrir „6.800“ kemur 11.700
    c. Nýr liður:
    690 Snorralaug, umhirða 400
    d. Við 4 Sértekjur.
    Fyrir „900“ kemur 3.000
18. Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands. 110 Byggða- og minjasöfn.
    Fyrir „8.300“ kemur 13.000
19. Við 4. gr. 02-903 Þjóðskjalasafn Íslands. 501 Fasteignir.
    Fyrir „7.600“ kemur 27.600

Þús. kr.

20. Við 4. gr. 02-919 Söfn, ýmis framlög.
    a. Við 112 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.
    Fyrir „4.000“ kemur 4.500
    b. Við 190 Söfn, ýmis framlög.
    Fyrir „5.200“ kemur 3.500
21. Við 4. gr. 02-988 Æskulýðsmál.
    a. Við 112 Ungmennafélag Íslands.
    Fyrir „9.500“ kemur 10.000
    b. Við 113 Bandalag íslenskra skáta.
    Fyrir „5.000“ kemur 6.000
    c. Við 190 Æskulýðsmál.
    Fyrir „9.000“ kemur 13.000
22. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál.
    a. Við 114 Íþróttasamband fatlaðra.
    Fyrir „7.500“ kemur 8.500
    b. Við 116 Íþróttafélög, styrkir.
    Fyrir „14.000“ kemur 14.500
    c. Nýr liður:
    125 Skákskóli Íslands 2.500
23. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
    Fyrir „170.300“ kemur 176.200
24. Við 4. gr. 03-308 101 Sendiráð Íslands í Washington.
    Fyrir „38.600“ kemur 42.100
25. Við 4. gr. 03-320 Sendiráð, almennt. 690 Tæki og búnaður.
    Fyrir „8.800“ kemur 10.300
26. Við 4. gr. 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Nýr liður:
    114 Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael 36.000
27. Við 4. gr. 04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. 620 Fasteignir.
    Fyrir „8.400“ kemur 9.900
28. Við 4. gr. 04-231 101 Yfirdýralæknir.
    Fyrir „63.400“ kemur 68.900
29. Við 4. gr. 04-811 Búnaðarfélag Íslands.
    a. Við 101 Almennur rekstur.
    Fyrir „79.700“ kemur 73.900
    b. Við 192 Héraðsbúnaðarsambönd.
    Fyrir „40.100“ kemur 39.500
    c. Nýr liður:
    195 Uppbætur á lífeyri 6.400
30. Við 4. gr. 05-190 Ýmis verkefni.
    a. Við 132 Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir. Liðurinn orðist svo:
    132 Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir 26.700
    b. Nýr liður:
    151 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO 5.000

	Þús. kr.
31. Við 4. gr. 05-201 Fiskifélag Íslands. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „6.300“ kemur	6.800
32. Við 4. gr. 06-211 102 Héraðsdómur Reykjavíkur.	
Fyrir „156.100“ kemur	162.400
33. Við 4. gr. 06-212 102 Héraðsdómur Vesturlands.	
Fyrir „12.400“ kemur	12.600
34. Við 4. gr. 06-213 102 Héraðsdómur Vestfjarða.	
Fyrir „12.100“ kemur	12.300
35. Við 4. gr. 06-215 102 Héraðsdómur Norðurlands.	
Fyrir „27.000“ kemur	28.000
36. Við 4. gr. 06-216 102 Héraðsdómur Austurlands.	
Fyrir „12.400“ kemur	12.600
37. Við 4. gr. 06-217 102 Héraðsdómur Suðurlands.	
Fyrir „21.800“ kemur	22.600
38. Við 4. gr. 06-218 102 Héraðsdómur Reykjaness.	
Fyrir „50.200“ kemur	52.500
39. Við 4. gr. 06-395 190 Landhelgisgæsla Íslands.	
Fyrir „599.000“ kemur	603.000
40. Við 4. gr. 06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli. 120 Löggæsla.	
Fyrir „17.600“ kemur	22.900
41. Við 4. gr. 06-790 Kirkjumál, ýmis kostnaður. 611 Hallgrímskirkja.	
Fyrir „4.000“ kemur	13.000
42. Við 4. gr. 07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra. 101 Svæðisskrifstofa.	
Fyrir „21.400“ kemur	21.900
43. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál.	
a. Við 112 Alþýðusamband Íslands. Liðurinn fellur brott.	
b. Við 190 Ýmislegt.	
Fyrir „21.400“ kemur	32.300
44. Við 4. gr. 08-204 110 Lífeyristryggingar.	
Fyrir „15.675.000“ kemur	15.700.000
45. Við 4. gr. 08-206 110 Sjúkratryggingar.	
Fyrir „9.540.000“ kemur	9.360.000
46. Við 4. gr. 08-301 Landlæknir. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „33.700“ kemur	44.700
47. Við 4. gr. 08-325 Hollustuvernd ríkisins.	
a. Við 101 Hollustuvernd ríkisins.	
Fyrir „28.000“ kemur	26.100
b. Við 102 Heilbrigðiseftirlit.	
Fyrir „14.300“ kemur	14.100
c. Við 103 Rannsóknastofa.	
Fyrir „23.600“ kemur	24.300
d. Við 104 Mengunarvarnaeftirlit.	
Fyrir „21.400“ kemur	23.300

	Þús. kr.
e. Við 105 Eiturefnaeftirlit.	
Fyrir „6.700“ kemur	6.200
48. Við 4. gr. 08-340 Málefni fatlaðra. 170 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri.	
Fyrir „1.000“ kemur	1.500
49. Við 4. gr. 08-350 101 Sjúkrahúsið Akranesi.	
Fyrir „444.600“ kemur	445.900
50. Við 4. gr. 08-358 101 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.	
Fyrir „1.239.900“ kemur	1.244.100
51. Við 4. gr. 08-361 101 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað.	
Fyrir „177.600“ kemur	177.900
52. Við 4. gr. 08-366 101 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum.	
Fyrir „186.800“ kemur	187.100
53. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „6.527.000“ kemur	6.562.800
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „810.000“ kemur	750.000
54. Við 4. gr. 08-372 101 Borgarspítalinn.	
Fyrir „3.091.700“ kemur	3.112.300
55. Við 4. gr. 08-373 101 St. Jósefsspítali, Landakoti.	
Fyrir „922.400“ kemur	930.100
56. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Nýir liðir:	
a. 590 Viðhald starfsmannaíbúða, óskipt	20.000
b. 4 Sértekjur	20.000
57. Við 4. gr. 08-381 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:	
1. Akranes, sjúkrahús	18.000
2. Ólafsvík, H2	4.000
3. Grundarfjörður, H1	13.100
4. Stykkishólmur, sjúkrahús	11.100
5. Stykkishólmur, H2	4.500
6. Þingeyri, H1	7.200
7. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	32.100
8. Hvammstangi, sjúkrahús	12.500
9. Blönduós, sjúkrahús og H2	12.000
10. Ólafsfjörður, H1	1.500
11. Akureyri, H2	17.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
12. Húsavík, sjúkrahús og H2	7.700	
13. Þórshöfn, læknisbústaður	1.500	
14. Vopnafjörður	4.500	
15. Eskifjörður, H2	13.300	
16. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	12.500	
17. Selfoss, sjúkrahús	7.700	
18. Laugarás, H2	10.000	
19. Keflavík, sjúkrahús	20.000	
20. Kópavogur, H2	20.000	
21. Reykjavík, heilsugæslustöðvar	20.000	
		250.700
b. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Höfn í Hornafirði	14.000	
2. Kirkjubæjarklaustur	5.000	
3. Hella	5.000	
4. Hafnarfjörður	14.000	
		38.000
		288.700

58. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Nýr liður:
693 Hlaðgerðarkot 5.000
59. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Nýr liður:
172 Bláalónsnefnd 10.000
60. Við 4. gr. 08-400 101 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.
Fyrir „241.800“ kemur 244.700
61. Við 4. gr. 08-408 101 Sunnuhlíð, Kópavogi.
Fyrir „128.900“ kemur 129.900
62. Við 4. gr. 08-422 101 Hlaðgerðarkot.
Fyrir „25.800“ kemur 35.800
63. Við 4. gr. 08-511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra.
a. Við 110 Heilsugæslustöðin Árbæ.
Fyrir „34.300“ kemur 32.800
b. Við 120 Heilsugæslustöðin Grafarvogi.
Fyrir „20.900“ kemur 21.800
64. Við 4. gr. 08-512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra.
110 Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti.
Fyrir „38.300“ kemur 39.300
65. Við 4. gr. 08-513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi.
110 Heilsugæslustöðin Fossvogi.
Fyrir „27.000“ kemur 25.500

	Þús. kr.
66. Við 4. gr. 08-514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi.	
a. Við 110 Heilsugæslustöðin Hlíðum.	
Fyrir „24.200“ kemur	24.300
b. 120 Heilsugæslustöðin Miðbæ.	
Fyrir „28.600“ kemur	29.600
67. Við 4. gr. 08-531 101 Heilsugæslustöðin Patreksfirði.	
Fyrir „20.300“ kemur	21.300
68. Við 4. gr. 08-950 190 Rekstrarhagræðing.	
Fyrir „98.000“ kemur	58.900
69. Við 4. gr. 09-212 Skattamál, ýmis útgjöld.	
a. Við 110 Skatteftirlit.	
Fyrir „33.500“ kemur	63.500
b. Við 130 Skattkerfisbreytingar.	
Fyrir „10.300“ kemur	20.300
70. Við 4. gr. 09-215 101 Skattrannsóknarstjóri ríkisins.	
Fyrir „42.300“ kemur	54.300
71. Við 4. gr. 10-190 Ýmis verkefni. 131 Landsbjörg.	
Fyrir „6.000“ kemur	9.000
72. Við 4. gr. 10-211 Vegagerð ríkisins.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „247.000“ kemur	250.000
b. Við 505 Þjónustuviðhald.	
Fyrir „1.369.000“ kemur	1.280.000
c. Við 510 Stofnviðhald.	
Fyrir „1.235.000“ kemur	1.201.000
d. Við 610 Nýframkvæmdir.	
Fyrir „1.776.000“ kemur	2.280.000
e. Við 630 Fjallvegir.	
Fyrir „72.000“ kemur	65.000
f. Við 640 Tilraunir.	
Fyrir „32.000“ kemur	30.000
g. Við 651 Sýsluvegir.	
Fyrir „186.000“ kemur	176.000
h. Við 655 Ferjur og flóabátar.	
Fyrir „550.000“ kemur	530.000
73. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. 620 Ferjubryggjur. Liðurinn orðist svo:	
620 Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	19.000
74. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. 630 Hafnamannvirki.	
a. Fyrir „735.300“ kemur	728.600
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Hafnamannvirki (10-333 630).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vesturland:		
1. Akranes	20.300	
2. Arnarstapi	300	
3. Rif	23.600	
4. Ólafsvík	6.300	
5. Grundarfjörður	3.100	
6. Stykkishólmur	16.200	
		69.800
Vestfirðir:		
1. Patreksfjörður	15.300	
2. Tálknafjörður	8.700	
3. Bíldudalur	500	
4. Flateyri	6.500	
5. Suðureyri	2.300	
6. Ísafjörður	50.000	
7. Súðavík	4.400	
8. Norðurfjörður	3.300	
9. Drangsnes	3.100	
10. Hólmavík	10.000	
		104.100
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	3.600	
2. Blönduós	37.700	
3. Skagaströnd	3.500	
4. Sauðárkrókur	20.200	
5. Hofsós	8.300	
6. Siglufjörður	9.100	
		82.400
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	52.400	
2. Hrísey	16.600	
3. Hjalteyri	600	
4. Akureyri	12.300	
5. Grenivík	5.800	
6. Grímsey	10.000	
7. Húsavík	32.600	
8. Kópasker	3.700	
9. Raufarhöfn	9.600	
10. Þórshöfn	39.800	
		183.400

	Þús. kr.	Þús. kr.
Austurland:		
1. Bakkafjörður	12.000	
2. Vopnafjörður	1.000	
3. Borgarfjörður eystri	5.100	
4. Seyðisfjörður	3.500	
5. Neskaupstaður	16.000	
6. Eskifjörður	16.300	
7. Reyðarfjörður	5.100	
8. Fáskrúðsfjörður	5.200	
9. Stöðvarfjörður	400	
10. Breiðdalsvík	16.800	
11. Djúpivogur	23.600	
12. Höfn í Hornafirði	13.900	
		118.900
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	32.600	
2. Þorlákshöfn	11.400	
		44.000
Reykjanes:		
1. Grindavík	42.200	
2. Hafnir	600	
3. Sandgerði	46.300	
4. Sandgerði, bátalægi fyrir björgunarbát	500	
5. Keflavík–Njarðvík	13.500	
6. Vogar	1.900	
7. Hafnarfjörður	15.200	
8. Garðabær	1.300	
		121.500
Óskipt		4.500
		728.600

75. Við 4. gr. 10-333 639 Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði.
Fyrir „24.700“ kemur 21.400

76. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. 640 Sjóvarnargarðar. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10-333 640).

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	10.700	
2. Ólafsvík	1.000	
3. Patreksfjörður	1.500	
4. Flateyri	8.000	
5. Suðureyri	2.000	
6. Ísafjörður	3.900	
7. Héraðsnefnd V-Hún.	2.500	
8. Dalvík	2.000	
9. Hrísey	2.000	
10. Svalbarðsstrandarhreppur	1.500	
11. Borgarfjarðarhreppur	3.200	
12. Höfn	20.000	
13. Mýrdalshreppur	1.600	
14. Ölfushreppur	3.000	
15. Grindavík	800	
16. Njarðvík	3.900	
17. Vatnsleysustrandarhreppur	2.000	
18. Seltjarnarnesbær	4.700	
		74.300
Óskipt		700
		75.000
77. Við 4. gr. 11-201 101 Iðntæknistofnun Íslands. Fyrir „254.200“ kemur		251.600
78. Við 4. gr. 11-299 Iðja og iðnaður, framlög. Nýr liður: 119 Staðlaráð		2.600
79. Við 4. gr. 12-301 101 Löggildingarstofan. 4 Sértekjur. Fyrir „39.800“ kemur		40.800
80. Við 4. gr. 12-902 101 Samkeppnisstofnun. Fyrir „65.300“ kemur		66.300
81. Við 4. gr. 14-190 Ýmis verkefni.		
a. Við 150 Náttúrustofa á Austurlandi. Fyrir „1.000“ kemur		1.500
b. Nýr liður: 152 Náttúrugripasafn á Vestfjörðum		800
82. Við 4. gr. 14-310 Landmælingar Íslands. 690 Tæki til stafrænnar kortagerðar. Fyrir „5.000“ kemur		11.000
83. Við 4. gr. 14-410 Veðurstofa Íslands. 4 Sértekjur. Fyrir „95.500“ kemur		85.500

327. Frumvarp til laga [270. mál]

um breytingu á lögum nr. 110/1992, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 86/1991.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað ártalsins „1993“ í a-lið kemur: 1994.
b. Í stað orðanna „1. janúar 1994“ í b-lið kemur: 1. janúar 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, var gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 1991 yrði heilsugæslustarfi í Reykjavík og starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur þannig háttað að lög nr. 44/1955, heilsuverndarlög, sbr. lög nr. 28/1957, yrðu óþörf og féllu því úr gildi. Hins vegar vannst ekki tími til að ganga frá nauðsynlegum breytingum á heilbrigðisþjónustulögunum varðandi starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar fyrir árslok 1991 og var því með lögum nr. 86/1991 veittur eins árs frestur til viðbótar því sem upphaflega var ákveðið í lögunum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra lagði á síðasta þingi fram frumvarp til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu þar sem gerðar voru tillögur um hlutverk Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, en það hlaut ekki afgreiðslu. Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er nú unnið að endurskoðun frumvarpsins, en fyrir liggur að ekki verður unnt að afgreiða það fyrir áramót. Því er með þessu frumvarpi lagt til að bráðabirgðaákvæði laganna um heilbrigðisþjónustu verði breytt á þann veg að veittur verði eins árs frestur til viðbótar til að ganga frá lögum um framtíðarhlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar.

328. Svar [195. mál]

kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Friðgeirsdóttur um ráðningu aðstoðarprests á Ísafirði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er það ætlun ráðuneytisins að fallast á ítrekaðar óskir heimamanna um ráðningu aðstoðarprests á Ísafirði?

Í 3. gr. laga nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, er almenn heimild til handa ráðherra til að ráða aðstoðarprest í prestakall. Í 3. mgr. greinarinnar segir:

„Aðstoðarprestur er ráðinn samkvæmt tillögu biskups í samráði við sóknarprest og með samþykki sóknarnefndar. Ráðningartími aðstoðarprests skal vera allt að fjórum árum í senn.“

Þá er ráðherra heimilt, sbr. 9. gr. laganna, samkvæmt tillögu biskups að ráða farprest til starfa í prófastsdæmum sem hefur það hlutverk að vera til aðstoðar í prestaköllum, þjóna í forföllum og annast tiltekin sérverkefni.

Dóms- og kirkjumálaráðherra tekur samkvæmt þessu ákvarðanir um veitingu ofangreindra stöðuheimilda til þjóðkirkjunnar og forgangsröðun í því sambandi á grundvelli tillagna biskups.

Heimild til ráðningar í stöðu verður enn fremur ekki veitt nema fjárveiting fyrir hinni nýju stöðu fáist.

Ráðuneytinu er kunnugt um að biskup telur afar brýnt að veitt verði heimild til ráðningar í stöðu farprests á Vestfjörðum er mundi hafa aðsetur á Ísafirði og vera sóknarpresti þar til aðstoðar auk þess að sinna öðrum störfum fyrir prófastsdæmin, svo sem æskulýðsmálum og fræðslustarfi auk afleysinga í tímabundinni fjarveru sóknarpresta. Eigi að síður hafa óskir um aðrar stöðuheimildir verið settar ofar á forgangslista af hálfu þjóðkirkjunnar fram að þessu þar sem talið hefur verið að þörfin væri enn þá brýnni.

329. Tillaga til þingsályktunar [271. mál]

um sjálfbæra atvinnuþróun í Mývatnssveit.

Frá umhverfisnefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Byggðastofnun, í samvinnu við Skipulag ríkisins, Náttúruverndarráð og sveitarstjórn Skútustaðahrepps, gera úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu. Við úttektina verði m.a. höfð hliðsjón af skýrslu Skipulags ríkisins um umhverfismat fyrir Skútustaðahrepp frá í júlí 1993.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi á rætur að rekja til tillögu til þingsályktunar sem flutt var á 115. og 116. löggjafarþingi og bar heitið atvinnuþróun í Mývatnssveit. Á 116. þingi var tillögunni vísað til allsherjarnefndar sem óskaði eftir umsögn umhverfisnefndar um málið. Umhverfisnefnd tók málið fyrir og kallaði m.a. á sinn fund fulltrúa frá sveitarstjórn Skútustaðahrepps, Skipulagi ríkisins og Náttúruverndarráði. Í kjölfar niðurstöðu rannsókna á áhrifum kísilgúrvinnslu á botni Mývatns á lífríki þess og veitingar námaleyfis á grundvelli hennar lagði umhverfisnefnd til við allsherjarnefnd að tillögunni yrði breytt þannig að brott félli málsgrein sem fjallaði um rannsóknir á áhrifum kísilgúrnáms. Tillagan var afgreidd samhljóða úr allsherjarnefnd þannig breytt en kom ekki til síðari umræðu í tímaþröng á síðasta starfsdegi þingsins.

Umhverfisnefnd hefur lagt talsverða vinnu í þetta mál og efnisleg samstaða ríkir um það í nefndinni. Því ákvað nefndin að leggja nú fram í sínu nafni tillögu sem er efnislega samhljóða þeirri sem allsherjarnefnd lagði til að yrði samþykkt á síðasta þingi en ítarlegri að því leyti að nú er kveðið á um hverjir skuli gera þá úttekt sem í tillögunni greinir.

Mývatnssveit og svæðið meðfram Laxá hafa ótvíræða sérstöðu.

Mývatnssveit hefur verið viðurkennd sem náttúruverndarsvæði á alþjóðlegan mælikvarða með því að falla undir Ramsar-sáttmálann. Svæðið er einstakt í heiminum, bæði sökum lífríkis og jarðmyndana. Mývatn hefur því gífurlegt alþjóðlegt aðdráttarafl eins og best sést á þeim mikla og vaxandi fjölda ferðamanna sem þangað leggur leið sína.

Alþingi hefur tekið ákvarðanir um lögverndun á náttúru svæðisins en íslenska ríkið hefur einnig átt aðild að uppbyggingu atvinnufyrirtækja þar síðustu áratugi, einkum Kísiliðjunnar og Kröfluvirkjunar.

Margs konar rannsóknir fara nú fram á lífríki Mývatns. Á vegum umhverfisráðuneytisins er starfandi rannsóknahópur sem kannar áhrif kísilgúrnáms á lífríkið í Mývatni, en sá hópur skilaði áfangaskýrslu vorið 1993 sem nefnd var hér að framan og iðnaðarráðherra byggði á við veitingu námaleyfis. Hópurinn mun halda áfram rannsóknum sínum á þessu ári og því næsta. Þá er starfrækt á grundvelli laga nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, rannsóknastöð við Mývatn sem heyrir undir Náttúruverndarráð. Til stöðvarinnar rennur hluti námaleyfisgjalds Kísiliðjunnar og hann fer óskiptur til rannsókna á áhrifum starfsemi verksmiðjunnar á lífríki Mývatns. Þá rennur hluti námagjaldsins í svonefndan Kísilsjóð sem lýtur stjórn umhverfisráðuneytisins og er ætlað að kosta könnun á möguleikum á atvinnuuppbyggingu á svæðinu umhverfis Mývatn.

Umhverfisnefnd telur að samhliða rannsóknum á lífríki Mývatns sé nauðsynlegt að kanna þróunarforsendur og möguleika á nýsköpun í atvinnulífi á svæðinu til að tryggja þar byggð og sjálfbæra þróun. Við þá athugun verði m.a. haft til hliðsjónar ítarlegt umhverfismat sem unnið var á vegum Skipulags ríkisins og birt í skýrslu í júlí 1993. Var sú vinna með vissum hætti frumraun á þessu sviði sem leggur góðan grunn að þeirri úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir.

Það er orðin viðurkennd regla víða um lönd að fyllstu varúðar beri að gæta þá mannleg umsvif eru annars vegar og óvissu eigi að meta náttúruverndinni í vil. Það getur varla orkað tvímælis að slíka reglu beri að virða þegar lífríki Mývatns er annars vegar. Því leggur umhverfisnefnd áherslu á að stjórnvöld komi til liðs við heimamenn nú þegar með þeirri úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir.

330. Fjáraukalög [105. mál]

fyrir árið 1993.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1993 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1993:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**-3 166 000**
Beinir skattar	-397 000	
Óbeinir skattar	-1 806 000	
Vaxtatekjur	440 000	
Aðrar tekjur	-1 403 000	
Gjöld		**4 647 200**
Samneysla	1 608 100	
Rekstrargjöld	1 458 400	
Viðhald	149 700	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 463 500	
Vaxtagjöld	-500 000	
Fjárfesting	1 075 600	
Stofnkostnaður	1 075 600	
Gjöld umfram tekjur		**7 813 200**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		-1 590 000
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	-1 590 000	
Viðskiptareikningar		600 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**6 823 200**
Afborganir af teknum lánum		-210 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**6 613 200**
Lántökur		6 600 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-13 200**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1993 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	19 500	
01 Forsætisráðuneyti	65 000	
02 Menntamálaráðuneyti	213 400	
03 Utanríkisráðuneyti	-2 000	
04 Landbúnaðarráðuneyti	369 100	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	335 300	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	58 300	
07 Félagsmálaráðuneyti	328 000	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 843 200	
09 Fjármálaráðuneyti	1 249 900	
10 Samgönguráðuneyti	108 500	
11 Iðnaðarráðuneyti	15 000	
14 Umhverfisráðuneyti	44 000	
Samtals		4 647 200

3. gr.

Samhljóða þskj. 310 (sbr. 108) með þeirri breytingu sem samþykkt var á þskj. 321:

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			250 000
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	250 000	
	Gjöld samtals		250 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	250 000	
5	Gjöld samtals		**250 000**

331. Lög [76. mál]

um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1993 o.fl., nr. 3/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 79.

332. Frumvarp til laga [272. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, tekið ákvörðun um að sjóðurinn verði varðveittur á annan hátt að nokkru leyti eða öllu ef það er talið auka möguleika sjóðsins á ávöxtun án þess að hafa í för með sér áhættu fyrir hann. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

2. gr.

Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. 48. gr. laganna kemur: Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, tekið ákvörðun um að sjóðurinn verði varðveittur á annan hátt að nokkru leyti eða öllu ef það er talið auka möguleika sjóðsins á ávöxtun án þess að hafa í för með sér áhættu fyrir hann. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Fjár til sjóðsins skal aflað sem hér segir:

3. gr.

Við 50. gr. laganna bætist nýr töluliður, 5. tölul., sem orðast svo:

5. Lán til sveitarfélaga til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum (90% lán).

4. gr.

Á eftir 58. gr. laganna kemur ný grein, 58. gr. a (lögbýli), sem orðast svo:

Byggingarsjóði verkamanna er heimilt að veita sveitarfélögum framkvæmdalán skv. 58. gr. laga þessara til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum enda hafi verið sýnt fram á að væntanlegir kaupendur búi við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu og fullnægi skilyrðum 64. gr. laganna til kaupa á félagslegri eignaríbúð. Sé væntanlegur kaupandi leiguliði á jörð skal þess jafnframt gætt að ákvæðum 3. mgr. 12. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, hafi verið fullnægt.

Framkvæmdalán skulu gerð upp með 90% lánum til sveitarfélaga með sömu kjörum og gilda um lán til félagslegra eignaríbúða. Lántakandi, bæði að framkvæmdaláni og láni til greiðslu þess samkvæmt framansögðu, er viðkomandi sveitarfélag sem ábyrgist endurgreiðslu lánanna til Byggingarsjóðs verkamanna með tryggingu í öllum eignum sveitarfélagsins og ábyrgðum þess. Við sölu íbúðar skal sveitarfélagið veita kaupanda lán að sömu fjárhæð og með sömu kjörum og eiga við um lán úr Byggingarsjóði verkmanna til félagslegra eignaríbúða sem tryggt verði með veði í hlutaðeigandi fasteign.

Vextir á lánum Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélaga skulu að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings breytast til samræmis við vexti á almennum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins nema sveitarfélag sýni fram á að kaupandi uppfylli enn þá skilyrði a- og b-liða 1. mgr. 64. gr. laganna og njóti þar af leiðandi óbreyttra vaxtakjara á láni sínu frá sveitarfélagi. Slík endurskoðun skal síðan fara fram á þriggja ára fresti.

Verði vanskil á láni Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélags eða ef íbúð er ráðstafað til kaupanda sem ekki fullnægir skilyrðum 64. gr. laga þessara er sjóðnum heimilt að gjaldfella lán sitt.

Ákvæði laga þessara um kaupskyldu og forkaupsrétt sveitarfélaga eiga ekki við um íbúðir byggðar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á b-lið IV. bráðabirgðaákvæðis laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur: og þann sem misst hefur tekjur vegna langvarandi veikinda. Jafnframt skulu þeir eiga rétt á greiðslu sem eru atvinnulausir og hafa verið það í a m.k. þrjá mánuði samtals síðustu sex mánuði áður en sótt er um greiðslu. Enn fremur skulu námsmenn, sem hafa verið í a.m.k. sex mánaða samfelldu námi síðustu tólf mánuði áður en sótt er um greiðslu eða munu fyrirsjáanlega stunda nám sem mun sannanlega taka þann tíma, eiga rétt á greiðslu.
b. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þrjú óskyld atriði.

Í fyrsta lagi er í 1. og 2. gr. lagt til að húsnæðismálastjórn hafi fleiri valkosti varðandi vörslu og ávöxtun byggingarsjóðanna en samkvæmt gildandi lögum. Í öðru lagi eru í 3. og 4. gr. frumvarpsins nýmæli um heimild til lánveitinga úr Byggingarsjóði verkamanna vegna lögbýla. Í þriðja lagi felur frumvarpið í sér fleiri heimildir en nú gilda til útgreiðslu innstæðna á skyldusparnaðarreikningum, sbr. 5. gr. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Þessar tvær greinar fela í sér hliðstæðar breytingar á annars vegar vörslu Byggingarsjóðs ríkisins, sbr. 1. gr., og hins vegar Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. 2. gr.

Breytingarnar eru í samræmi við þau viðhorf sem átt hafa vaxandi fylgi að fagna að ekki sé æskilegt að lögbinda nákvæmlega hvar opinberir sjóðir skuli varðveittir og ávaxtaðir heldur skuli um það ríkja visst frelsi, þó þannig að öryggið sé ávallt í fyrirrúmi. Í samræmi við þessi viðhorf er stjórnum ýmissa opinberra sjóða falið að taka ákvarðanir um ávöxtun fjár og má hér nefna Atvinnuleysistryggingasjóð til samanburðar, sbr. 32. gr. laga nr. 93/1993.

Ríkisendurskoðun hefur gert athugun á vaxtakjörum sjóðanna hjá Seðlabanka Íslands. Það er niðurstaða Ríkisendurskoðunar að sjóðirnir njóti, eftir því sem hægt er að bera það saman, svipaðra vaxtakjara hjá bankanum og þeir mundu njóta hjá öðrum innlánsstofnunum varðandi óbundnar ávísanlegar innstæður en æskilegt sé að sjóðirnir hafi fleiri valmöguleika varðandi vörslu og ávöxtun en nú er þannig að tryggt sé að þeir geti notið bestu kjara sem í boði eru á hverjum tíma. Bendir Ríkisendurskoðun á að ekki séu rök til þess að fastbinda í lög að stofnun skuli eiga viðskipti við tiltekna bankastofnun enda þótt eðlilegt megi teljast að sett séu almenn skilyrði um vörslu, t.d. að því er tekur til áhættu.

Með þessi atriði í huga er í 1. og 2. gr. lagt til að húsnæðismálastjórn hafi heimild til að ákveða að sjóðirnir verði varðveittir annars staðar en hjá Seðlabanka Íslands að nokkru leyti eða öllu. Þar sem um mjög þýðingarmiklar ákvarðanir er að ræða er lagt til að stjórnin þurfi að leita samþykkis félagsmálaráðherra fyrir slíkri ákvörðun.

Bent skal á að 1. gr. frumvarpsins tekur einnig til húsbréfa enda er húsbréfadeildin starfrækt á vegum Byggingarsjóðs ríkisins, sbr. 18. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

Um 3. og 4. gr.

Samkvæmt 3. gr. skal stofnaður nýr lánaflokkur við Byggingarsjóð verkamanna sem veiti sveitarfélögum lán til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum. Í 4. gr. er kveðið nánar á um lánafyrirkomulagið.

Samkvæmt núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, er ekki unnt að veita félagsleg lán til íbúða á lögbýlum. Félagslega íbúðakerfið byggir á því að íbúðir séu innleystar af framkvæmdaraðila og þeim síðan úthlutað aftur til kaupanda sem fullnægir skilyrðum laganna til að eiga rétt á félagslegri íbúð. Þetta fyrirkomulag gengur ekki upp varðandi lögbýli. Á lögbýlum eru aðstæður þannig að íbúðarhúsnæðið er ekki sjálfstæð eining heldur hluti jarðarinnar. Að auki er það mjög takmarkaður hópur fólks sem hefur forsendur til að setjast að í sveitum. Þetta hefur hins vegar í för með sér mismunun gagnvart þeim sem búa í sveitum sem gengur gegn markmiðum félagslega íbúðakerfisins, sbr. 35. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Einkum er þetta bagalegt varðandi heilsuspillandi húsnæði sem í ljós hefur komið að leynist í sveitum landsins, en með lögum nr. 70/1990 um félagslegar íbúðir voru sérstakar lánveitingar til útrýmingar á slíku húsnæði felldar niður. Þetta hefur ekki valdið vandkvæðum í þéttbýli þar sem kostur er á félagslegum íbúðum en í sveitum er ekki um nein úrræði að ræða ef ábúendur fullnægja ekki skilyrðum til að fá lán í gegnum húsbréfakerfið. Á þetta er bent í skýrslu nefndar sem vann að því að leggja mat á reynsluna af lögum um félagslegar íbúðir og gaf út skýrslu sína í maí á þessu ári, bls. 53. Ákvæði 3. og 4. gr. byggja á tillögum nefndarinnar. Það felst í ákvæðunum að heimilt verði

að veita lán til byggingar félagslegra íbúða á lögbýlum til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Vegna sérstöðu lögbýla, sbr. ofangreindar athugasemdir, er lagt til að sveitarfélag sé lántakandi og beri ábyrgð gagnvart Byggingarsjóði verkamanna en það endurláni síðan ábúanda lögbýlis, sem býr við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu og fullnægir skilyrðum 64. gr. laga um Húnæðisstofnun ríkisins, lánið til að festa kaup á félagslegri eignaríbúð með sömu kjörum og eiga við um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til félagslegra eignaríbúða. Gert er ráð fyrir að lán sveitarfélagsins til ábúanda verði tryggt með veði í jörðinni sjálfri eða íbúðarhúsinu ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum. Vegna sérstöðu lögbýla er eingöngu gert ráð fyrir að um eignaríbúðir verði að ræða. Almennar reglur V. kafla laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um lán til félagslegra eignaríbúða, m.a. um skyldur sveitarfélaga og tilhögun byggingarframkvæmda, eiga við um lánveitingar samkvæmt þessari grein, nema að því leyti sem sérstaklega er tekið fram í greininni. Þannig er sveitarfélagið, eins og endranær þegar um er að ræða byggingu eða kaup á félagslegri eignaríbúð, skuldbundið til að lána 10% af kostnaðarverði íbúðar og greiða 3,5% óafturkræft framlag, sbr. 42. og 2. mgr. 54. gr. laganna.

Þegar sveitarfélag sækir um lán til Byggingarsjóðs verkamanna verða skv. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins að liggja fyrir upplýsingar um að ábúandi búi við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu og fullnægi skilyrðum 64. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Helstu skilyrði samkvæmt þeirri grein eru þau að viðkomandi eigi ekki íbúð fyrir, tekjur séu innan tilskildra marka og greiðslugeta hafi verið metin fullnægjandi. Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar er heimilt að víkja frá því skilyrði að viðkomandi eigi ekki íbúð fyrir þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu og á sú undanþága einnig við um þau tilvik sem 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins tekur til.

Hafa verður í huga að ábúendur á lögbýlum eru oft og tíðum leiguliðar. Um réttarstöðu þeirra gagnvart landeigendum gilda ákvæði ábúðarlaga nr. 64/1976 sem nauðsynlegt er að taka tillit til við ákvörðun um lánveitingar. Samkvæmt 11. gr. ábúðarlaga er meginreglan sú að landeigandi skal leggja leiguliða til fullnægjandi húsnæðisaðstöðu þegar jörð er leigð til ákveðins árabils. Ef jörð er byggð til lífstíðar eða á erfðaábúð er landeiganda þó ekki skylt að láta jörðinni fylgja önnur hús en þau sem eru á jörðinni og í hans eigu við upphaf leigutíma, sbr. 10. gr. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. ábúðarlaga hefur landeigandi rétt til að ákveða að hann kosti sjálfur alla endurbyggingu á jörð þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau. Þetta ákvæði tengist því að skv. 16. gr. ábúðarlaga er meginreglan sú að landeigandi hefur kaupskyldu á húsum leiguliða ef leiguliði hverfur af jörð. Í 3. mgr. 12. gr. ábúðarlaga segir að ef landeigandi vilji ekki kosta auknar byggingarframkvæmdir, en þeirra telst þörf að mati héraðsráðunautar og byggingarfulltrúa, sé leiguliða heimilt að byggja eftir að hafa tilkynnt landeiganda um það. Ef ábúandi er leiguliði þarf því að kanna hvort þessu ákvæði ábúðarlaga hefur verið fullnægt áður en sótt er um lánveitingu úr byggingarsjóði og er það áskilið í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. Einnig þarf í þeim tilvikum að ganga úr skugga um að fyrir liggi samþykki landeiganda til veðsetningar jarðarinnar fyrir láni sveitarfélags til leiguliða þar sem lánveitingar sveitarfélags til leiguliða falla ekki undir ákvæði 15. gr. ábúðarlaga. Byggt er á því að öll þessi atriði þurfi að liggja fyrir þegar sveitarfélag sækir um lán til sjóðsins.

Ef umsókn sveitarfélags til Byggingarsjóðs verkamanna er samþykkt er gert ráð fyrir að gerður verði framkvæmdalánssamningur milli sjóðsins og sveitarfélagsins. Samkvæmt 2. mgr. 58. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins skulu framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar veittu framkvæmdaláni á hverjum tíma. Við byggingu á lögbýlum hagar svo til að framkvæmdaraðili er ekki eigandi að byggingarlóð. Því er sveitarfélag skv. 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. gert ábyrgt fyrir tryggingu framkvæmdaláns.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélag geti falið öðrum aðila, húsnæðisnefnd eða jafnvel ábúanda sjálfum að annast byggingarframkvæmdir að öllu eða nokkru leyti. Almennar reglur laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um byggingarkostnað, gerð húsnæðis, stærð og gæði, umsagnir, úttektir og uppgjör við byggingu félagslegra íbúða eiga við óháð því hver annast framkvæmdir.

Þegar framkvæmdum er lokið og kostnaður liggur fyrir er gert ráð fyrir að gefið verði út 90% lán til sveitarfélagsins með sömu kjörum og gilda um önnur lán til félagslegra eignaríbúða, sbr. 52. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Eignir og ábyrgðir sveitarfélagsins verði til tryggingar láninu. Sveitarfélagið selur síðan ábúanda jarðarinnar íbúðina og veitir honum lán að sömu fjárhæð og með sömu kjörum og eiga við um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til félagslegra eignaríbúða.

3. mgr. 4. gr. felur í sér sérreglu um endurskoðun vaxta á lánum Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélags sem felur í sér nokkurt frávik frá hliðstæðu ákvæði 79. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Byggist það á því að Byggingarsjóður verkamanna er ekki í beinu réttarsambandi við kaupendur og því ekki í aðstöðu til þess að kanna hvort kaupandi fullnægi enn þá skilyrðum a- og b-liða 64. gr. laganna.

Ef vanskil verða á láni eða íbúð er ráðstafað til kaupanda sem ekki fullnægir skilyrðum 64. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins er Byggingarsjóði verkamanna heimilt að gjaldfella lán sitt til sveitarfélags, sbr. 4. mgr. 4. gr. Byggt er á því að hliðstætt skilyrði og fram kemur í greininni verði sett fyrir lánveitingu sveitarfélags til ábúanda. Unnt er að tryggja að Húsnæðisstofnun berist vitneskja um ráðstöfun eignar með ákvæði í afsali þar að lútandi.

Í 5. mgr. 4. gr. er kveðið svo á að sveitarfélag hafi hvorki kaupskyldu né forkaupsrétt, sbr. 1. mgr. 82. gr. og 84. gr. laganna, enda eru ekki fyrir hendi forsendur til þess svo sem áður hefur verið vikið að. Rétt er að árétta að ákvæðið hróflar ekki við því að sveitarfélag hefur skv. 1. mgr. 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, almennan forkaupsrétt við sölu lögbýla.

Um 5. gr.

Með lögum nr. 61 frá 19. maí 1993 voru ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga, felld úr gildi. Þess í stað kom bráðabirgðaákvæði. Í a- og b-liðum þess er tilgreint með hvaða hætti innstæður á skyldusparnaðarreikningum skuli greiddar út þar til 1. janúar árið 2000 þegar allar eftirstöðvar eiga að greiðast út, sbr. c-lið ákvæðisins. Var þar leitast við að fara milliveg. Niðurstaðan skyldi í senn vera sanngjörn í garð reikningseigenda og taka mið af því að útstreymi fjár úr Byggingarsjóði ríkisins yrði sjóðnum ekki ofviða. Innstæður, sem voru 30.000 kr. eða lægri, skyldu greiddar eigendum án umsókna innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Eigendur hærri innstæðna skyldu eiga rétt á að fá innstæður sínar greiddar þegar þeir næðu 26 ára aldri, hefðu byggt eða keypt íbúð til eigin nota eða hefðu barn á framfæri. Sama rétt skyldu 75% öryrkjar hafa og námsmenn sem stundað hafa nám samfellt í sex mánuði. Námsmenn skyldu einungis eiga rétt á greiðslu út árið 1993.

Samkvæmt upplýsingum veðdeildar Landsbanka Íslands hafa fjárhæðir útborgana verið sem hér segir frá því að lög nr. 61/1993 tóku gildi í maí 1993:

Fjárhæðir útborgana tímabilið maí–nóvember 1993.
Ástæða útborgana.

	Kr.
Aldur	216.589.462
Nám	482.915.573
Barn	61.075.400
Íbúðakaup	262.907.449
Örorka	5.684.483
Innstæða undir 30.000	138.870.989
Samtals	**1.168.043.356**

Heildarinnstæða á skyldusparnaðarreikningum miðað við nóvember 1993 er samkvæmt upplýsingum veðdeildar rúmir 2,6 miljarðar.

Við framkvæmd bráðabirgðaákvæðisins hefur komið í ljós að í því er ekki tekið nægilegt tillit til versnandi afkomu þjóðarinnar. Fjölmargir reikningseigendur hafa kvartað undan því að ákvæðið sé of þröngt og að í því sé ekki tekið tillit til fjárhagsvanda, svo sem vegna atvinnuleysis og langvarandi veikinda. Námsmenn hafa enn fremur kvartað undan því að ákvæðið sé of ósveigjanlegt og komi aftan að námsáætlunum þeirra.

Þar sem sýnt þykir að framangreindar athugasemdir eigi við rök að styðjast þykir sjálfsagt réttlætismál að leggja fram tillögu til breytinga á ákvæðinu. Við samningu ákvæðisins hefur verið tekið mið af því að þær breytingar sem það hefur í för með sér hafi ekki í för með sér verulegt aukið vinnuálag fyrir starfsfólk Húsnæðisstofnunar og veðdeildar vegna matskenndra heimilda, en eftir gildistöku laga nr. 61/1993 var starfsfólki, sem hafði umsjón með skyldusparnaðarreikningum, fækkað verulega.

Í samræmi við framansagt felur tillagan í sér nýjar heimildir til útgreiðslu skyldusparnaðar vegna atvinnuleysis og langvarandi veikinda. Jafnframt eru reglur um útgreiðslu til námsfólks rýmkaðar.

Forsendan fyrir greiðslu vegna veikinda er að hlutaðeigandi hafi misst tekjur. Sá sem á rétt á fullum launum í veikindaforföllum sínum nýtur því ekki réttar samkvæmt ákvæðinu. Það er Húsnæðisstofnunar að meta hvenær um langvarandi veikindi er að ræða. Gert er ráð fyrir að stofnunin móti reglur um þau vottorð sem nauðsynlegt er að leggja fram, svo sem vottorð um óvinnufærni og tekjur.

Hugsanlegt er að sá sem er atvinnulaus að hluta geti átt rétt á greiðslu ef tekjur hans hafa lækkað verulega af þeim sökum. Það er Húsnæðisstofnunar að meta hvort svo sé. Ekki er gert ráð fyrir að atvinnuleysi þurfi að hafa varað samfellt í þrjá mánuði heldur að samanlagður tími atvinnuleysis sé a.m.k. sá tími. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að viðkomandi sýni fram á atvinnuleysi með tilskildum vottorðum sem Húsnæðisstofnun mælir nánar fyrir um.

Í ákvæðinu er leitast við að kveða skýrar á um rétt námsmanna þar sem orðalag í núgildandi ákvæði hefur valdið vafa, svo sem um það hvort eingöngu nám á yfirstandandi ári geti verið grundvöllur greiðslu. Í frumvarpsgreininni er enn fremur kveðið á um rétt þeirra sem hyggja á nám. Um þetta atriði er nú ákvæði í reglugerð nr. 291/1993 sem sett var með heimild í lögum nr. 61/1993. Eðlilegra þykir að kveðið sé á um þetta í lögum. Sama rétt hafa þeir sem eru byrjaðir í námi sem mun sannanlega taka a.m.k. sex mánuði. Ekki þykja rök til þess að binda rétt námsmanna við árið 1993. Vel er hugsanlegt að menn hafi hug á að nota skyldusparnað sinn til að fjármagna nám eftir það. Óbreytt gildir frá eldri lögum að um sé að ræða sex mánaða samfellt nám. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að lögð verði fram tilskilin vottorð skóla.

Um 6. gr.

Gildistökuákvæði sem þarfnast ekki nánari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

Eins og tekið er fram í upphafi athugasemda við frumvarpið felur það í sér breytingar á þremur atriðum í lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í fyrsta lagi fær húsnæðismálastjórn að fengnu samþykki félagsmálaráðherra fleiri kosti en verið hefur um ávöxtun fjármuna Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er varsla þeirra bundin við Seðlabanka Íslands. Þykir rétt að rýmka þessa heimild og veita stjórninni meira frjálsræði í þessum efnum en verið hefur til að auka möguleika á hærri vaxtatekjum sjóðanna. Styðst þessi ákvörðun m.a. við álit Ríkisendurskoðunar.

Í öðru lagi eru í 3. og 4. gr. frumvarpsins nýmæli um heimild til lánveitinga úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar íbúðarhúsnæðis á lögbýlum. Gert er ráð fyrir að sveitarfélagið sé lántakandi og beri ábyrgð gagnvart Byggingarsjóði verkamanna en það endurláni síðan ábúanda lögbýlis sem býr við ófullnægjandi húsnæði og fullnægir að auki skilyrðum 64. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um rétt einstaklinga til að festa kaup á félagslegum eignaríbúðum. Lán sveitarfélagsins til ábúanda verður síðan tryggt með veði í jörðinni sjálfri eða íbúðarhúsinu ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum. Gert er ráð fyrir að eingöngu verði um eignaríbúðir að ræða. Reiknað er með að ekki reyni á þetta ákvæði nema í fáum tilfellum. Í þriðja lagi eru ráðgerðar nokkrar breytingar á útgreiðslu innstæðna á skyldusparnaðarreikningum. Ákvæði um þetta efni eru í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 97/1993 (áður í lögum nr. 61/1993) og miðar breytingin að því að taka meira tillit til langvarandi veikinda og atvinnuleysis en gert er í núverandi lögum og jafnframt eru reglur um útgreiðslur skyldusparnaðar til námsfólks rýmkaðar. Að mati Húsnæðisstofnunar ríkis-

ins mun þetta ákvæði leiða til greiðslu 30–40 m.kr. á næsta ári sem ella hefðu komið til greiðslu síðar.

Ekki er ástæða til að ætla að þessar lagabreytingar hafi umtalsverðan kostnaðarauka í för með sér sem neinu nemur verði þær að lögum.

333. Svar [203. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Sveins Þórs Elinbergssonar um kvótaviðskipti og eignarhald kvóta.

1. *Hverjir voru 20 stærstu eignarhaldsaðilar aflaheimilda við lok fiskveiðiáranna 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 og 1. september 1992 til 31. ágúst 1993 og hversu mikið var í eigu hvers og eins, sundurliðað í tonnum og þorskígildum hvort ár fyrir sig?*

Í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990 segir svo: „Aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., sbr. þó ákvæði 9. gr. Skal Fiskistofa senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um aflamark þess í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.“ Í 2. mgr. er skýrt hvað felst í hugtakinu aflahlutdeild sem er tiltekin hlutdeild af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund. Í 9. gr. er ráðherra heimilað að skerða eða auka tímabundið botnfisksaflamark þeirra fiskiskipa sem verða fyrir verulegum breytingum á aflatekjum milli veiðitímabila af veiðum á öðrum tegundum en botnfiski og úthafsrækju. Fjallað er um flutning á aflahlutdeild milli fiskiskipa í 6. mgr. 11. gr. laganna en heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips að vissum skilyrðum uppfylltum. Enn fremur kemur fram að slíkur flutningur öðlast ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann.

Hverju skipi sem hefur aflahlutdeild í ákveðinni tegund er því úthlutað aflamarki í upphafi fiskveiðiárs samkvæmt aflahlutdeild þess í upphafi fiskveiðiársins. Sú úthlutun gefur hugmynd um hverju viðkomandi útgerð hefur úr að spila það fiskveiðiár. Fiskistofa reiknar út og tilkynnir útgerðum í upphafi hvers fiskveiðiárs um aflamark þeirra. Sú vinna er tímafrek og er óframkvæmanleg ef miklar tilfærslur eiga sér stað á aflaheimildum á sama tíma. Því hefur sú vinnuregla verið tekin upp að flytja aflahlutdeildir ekki milli skipa í ágústmánuði nema sérstakar aðstæður krefjist þess. Aflahlutdeild skipa er því í nær öllum tilvikum sú sama við lok eins fiskveiðiárs og byrjun hins næsta. Aftur á móti getur aflahlutdeild skips hafa breyst frá upphafi til loka fiskveiðiárs án þess að aflamark þess hafi breyst þar sem flutningur á aflahlutdeild hefur ekki í för með sér breytingu á aflamarki fyrr en við næstu úthlutun. Því má telja að upplýsingar um raunverulega úthlutun aflamarks til skipa í upphafi fiskveiðiárs gefi betri mynd af því hvar aflaheimildir eru niðurkomnar en útreikningar á aflamarki miðaðir við aflahlutdeild í lok fiskveiðiárs og leyfðum heildarafla sama fiskveiðiárs.

Í meðfylgjandi töflum I og II er listi yfir þau 20 fyrirtæki sem hafa fengið úthlutað mestu aflamarki þessi tvö fiskveiðiár. Er því miðað við aflamark skipa í þeirra eigu dagana 1. sept. 1992 og 1. sept. 1993. Þar kemur fram aflamark í hverri kvótabundinni tegund og aflamark í botnfiski reiknað til þorskígilda og einnig aflamark allra tegundanna reiknað til þoskígilda.

2. *Hvert er áætlað núvirði þessara aflaheimilda hjá hverjum eignarhaldsaðila fyrir sig?*
Engum upplýsingum er safnað af hinu opinbera um verð á aflaheimildum og er því ekki unnt að gefa svar við þessari spurningu.

3. *Hvert var umfang kvótaviðskipta þessi sömu ár, þ.e. samanlagt söluverð annars vegar og aflamagn í tonnum og þorskígildum hins vegar?*
Um flutning aflamarks á milli fiskiskipa gilda ákvæði 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Samkvæmt þeim ákvæðum er heimilt að flytja aflamark milli skipa sömu útgerðar og skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð enda hafi það skip sem aflamarkið er flutt til aflahlutdeild af þeirri tegund sem um ræðir. Sama gildir um flutning aflamarks milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð enda sé um að ræða jöfn skipti á aflaheimildum. Flutningur á aflamarki samkvæmt ofansögðu öðlast gildi þegar Fiskistofa hefur staðfest mótttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli. Allur annar flutningur á aflamarki er óheimill nema með samþykki Fiskistofu og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð. Flutningi aflamarks hefur verið skipt í fjóra flokka (A,B,C og D) í samræmi við ofangreinda lýsingu. Í flokki A er flutningur milli skipa í eigu sama aðila eða útgerðar, í flokki B er flutningur milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð en ekki í eigu sömu útgerðar og í C flokki er um jöfn skipti milla skipa frá mismunandi verstöðvum að ræða. Í flokki D er síðan um flutning milli óskyldra aðila á ólíkum stöðum að ræða.

Til viðbótar við framangreindan flutning á aflamarki er skv. 11. gr. laganna, um stjórn fiskveiða, heimilt að flytja aflahlutdeild á milli fiskiskipa eins og fram kom í svari við fyrstu spurningu og yfirleitt fylgir flutningi aflahlutdeildar samsvarandi flutningur á aflamarki. Flutningur á aflamarki sem tengist flutningi aflahlutdeildar er flokkaður í kvótabókhaldinu með sama hætti og flutningur á aflamarki innan ársins.

Þeir sem óska eftir að flytja aflamark á milli fiskiskipa þurfa að fylla út sérstök eyðublöð sem Fiskistofa lætur í té. Á eyðublaðinu koma fram upplýsingar um tegund millifærslu, þ.e. hvort um sé að ræða skip í eigu sama aðila, hvort um sé að ræða jöfn skipti á aflaheimildum o.s.frv., upplýsingar um það hve mikið aflamark eigi að flytja af einstökum tegundum frá tilteknu skipi yfir á annað skip og loks undirskrift þess sem óskar eftir flutningi aflaheimildanna. Engra fjárhagslegra upplýsinga er krafist.

Í töflum III, IV og V eru upplýsingar um flutninga á aflaheimildum samkvæmt skráningu Fiskistofu þau tvö fiskveiðiár sem um er beðið. Tölur fyrir fiskveiðiárið 1. sept.1992 til 31. ágúst 1993 eru bráðabirgðatölur. Þar sem ekki er krafist fjárhagslegra upplýsinga við flutning á aflamarki er ekki hægt að gefa upplýsingar um söluverð kvóta. Í töflum III og IV eru upplýsingar um flutning á aflamarki milli skipa í hverri kvótabundinni tegund í lestum fyrir hverja tegund, einnig koma fram tölur um flutning botnfisksafla reiknaðar til þorskígilda.

Í töflu V koma fram tölur sem gefa til kynna hve stór hluti af aflahlutdeildinni hefur verið fluttur milli skipa tvö síðustu fiskveiðiár. Við skoðun á töflunni verður að hafa í huga að hér er um allar tilfærslur af aflahlutdeild að ræða, hvort sem er milli skipa innan útgerðar eða milli óskyldra aðila.

Tafla I

Aflahelmildir þeirra 20 fyrirtækja sem höfðu yfir mestum aflahelmildum að ráða fiskveiðiárið 92/93 (úthlutun til skipa í eigu fyrirtækjanna 1. september 1992).
Allar tölur í lestum, miðað er við slægðan fisk, þorskígildisstuðlar 92/93.

Nafn fyrirtækis	Þorskur	Ufsi	Ýsa	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Botn-þigildi	Síld	Loðna	Humar	Úth.rækja	Innf. rækja	Skel	Þígildi alls
Grandi h.f.	3.298	986	5.918	15.658	1.060	44	14.821	0	0	0	404	0	0	15.204
Útg.fél. Akureyringa h.f.	5.225	1.713	2.441	7.964	2.885	87	13.860	0	0	0	0	0	0	13.860
Samherji h.f.	4.654	1.013	1.393	5.544	1.678	113	10.100	0	0	0	3.502	0	0	13.427
Ísfélag Vestmannaeyja hf	2.381	2.576	2.459	1.653	172	166	7.589	4.880	70.873	18	708	0	0	12.460
Haraldur Böðvarsson h.f.	2.337	973	2.029	6.190	815	304	7.878	1.220	69.657	0	967	0	0	12.390
Vinnslustöðin hf	2.427	1.639	3.849	3.216	283	121	7.995	2.440	34.022	28	536	0	0	10.755
Síldarvinnslan h.f.	2.679	900	1.922	952	427	25	5.459	0	40.439	0	514	0	0	7.970
Skagstrendingur h.f.	3.214	1.414	1.329	1.528	1.124	118	7.056	0	0	21	24	0	0	7.330
Ármes hf	1.436	868	2.285	136	0	591	4.149	2.440	0	63	215	0	0	5.305
Ögurvík h.f.	1.187	341	1.228	5.332	1.158	1	5.240	0	0	0	0	0	0	5.240
Sæberg h.f.	2.384	692	927	2.435	658	72	5.191	0	0	0	0	0	0	5.191
Þormóður rammi h.f.	1.992	414	869	1.598	524	17	3.972	0	7.196	0	520	0	0	4.826
Borgey h.f.	1.702	656	1.002	1.484	249	34	3.805	3.660	0	52	0	0	0	4.745
Þorbjörn h.f.	1.784	523	1.110	1.915	204	20	3.927	3.660	0	0	341	0	0	4.581
Miðnes h.f.	994	823	1.137	3.688	331	76	4.352	0	0	10	0	0	0	4.463
Skagfirðingur hf	1.907	407	623	2.989	631	31	4.401	0	0	0	0	0	0	4.401
Hraðfr.h. Eskifjarðar h.f.	768	252	400	556	206	1	1.647	0	35.722	0	682	0	0	4.081
Hrönn h.f.	2.253	565	429	1.007	529	39	3.945	0	0	0	91	0	0	4.032
Fiskanes h.f.	958	316	751	155	10	6	1.802	3.660	19.219	28	498	46	0	3.938
Hraðfr.hús Fáskrúðsfjarðar	1.538	834	960	600	163	5	3.380	0	0	0	528	0	0	3.882

Tafla II

Aflaheimildir þeirra 20 fyrirtækja sem höfðu yfir mestum aflaheimildum að ráða fiskveiðiárið 93/94 (úthlutun til skipa í eigu fyrirtækjanna 1. september 1993).
Allar tölur í lestum, miðað er við slægðan fisk, þorskígildisstuðlar 93/94.

Nafn fyrirtækis	Þorskur	Ufsi	Ýsa	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Botn-þígildi	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Innfj. rækja	Skel	Þígildi alls
Grandi h.f.	2.474	994	5.444	13.486	1.064	44	13.004	0	0	0	454	0	0	13.417
Útg.fél. Akureyringa h.f.	4.162	1.786	2.321	6.869	2.875	244	12.752	1.109	0	0	294	0	0	13.109
Samherji h.f.	3.555	1.097	1.450	4.783	1.672	114	8.984	0	0	0	4.240	0	0	12.842
Vinnslustöðin hf	2.073	2.055	3.781	2.483	266	296	7.914	5.545	29.127	24	510	0	0	10.513
Haraldur Böðvarsson h.f.	1.564	734	1.669	4.904	812	68	6.041	1.109	59.634	0	531	0	0	9.595
Ísfélag Vestmannaeyja hf	1.100	1.680	1.472	597	6	99	4.167	4.436	60.674	18	695	0	0	8.369
Síldarvinnslan h.f.	1.694	770	1.492	723	368	24	3.956	1.109	34.621	0	603	0	0	6.325
Skagstrendingur h.f.	2.448	1.284	1.222	1.314	1.120	118	6.083	0	0	14	4	0	0	6.219
Miðnes h.f.	878	999	1.217	3.230	330	96	4.385	2.218	19.571	10	499	0	0	6.088
Ögurvík h.f.	884	335	1.129	4.587	1.154	1	4.684	0	0	0	0	0	0	4.684
Þormóður rammi h.f.	1.485	414	798	1.375	437	17	3.307	0	1.053	0	1.407	0	0	4.640
Borgey h.f.	1.339	682	935	1.114	256	196	3.454	3.328	0	52	376	0	0	4.575
Skagfirðingur hf	1.793	504	844	2.581	629	39	4.425	0	0	0	0	0	0	4.425
Sæberg h.f.	1.713	651	837	2.094	656	72	4.355	0	0	0	0	0	0	4.355
Árnes hf	1.070	870	2.099	117	0	591	3.711	0	0	63	0	0	0	4.325
Þorbjörn h.f.	1.330	524	1.020	1.648	204	20	3.336	3.327	0	0	384	0	0	3.951
Hraðfr.h. Eskifjarðar h.f.	572	253	368	478	205	1	1.415	0	30.581	0	767	0	0	3.642
Útgerðarfél. Dalvíkinga h/f	1.573	423	400	851	727	88	3.260	0	0	0	238	0	0	3.476
Hraðfr.hús Fáskrúðsfjarðar	1.147	835	882	516	163	5	2.922	0	0	0	594	0	0	3.463
Hrönn h.f.	1.679	566	394	867	527	39	3.345	0	0	0	103	0	0	3.439

Tafla III

Flutningur á aflamarki milli skipa fiskveiðiárið 1. september 1992 - 31. ágúst 1993

	Flokkur A		Flokkur B		Flokkur C		Flokkur D		Flokkar A,B,C,D samanlagðir	
	lestir	þfg. lestir	lestir	þfg. lestir	lestir	þfg. lestir	lestir	þfg. lestir	lestir	þfg. lestir
Þorskur	38.255	38.255	20.747	20.747	7.155	7.155	29.980	29.980	96.138	96.138
Ýsa	8.977	10.504	5.526	6.466	1.992	2.331	8.380	9.804	24.875	29.104
Ufsi	14.633	7.609	5.882	3.059	5.920	3.078	6.391	3.323	32.826	17.070
Karfi	16.336	8.168	2.405	1.203	7.012	3.506	8.300	4.150	34.052	17.026
Grálúða	5.033	3.523	898	629	3.917	2.742	2.444	1.711	12.292	8.604
Skarkoli	2.323	2.067	1.787	1.590	1.016	905	1.853	1.650	6.980	6.212
Síld	25.103		27.004		12.631		36.751		101.489	
Loðna	63.088		17.090		6.098		48.858		135.134	
Humar	68		113		38		46		266	
Úthafsrækja	7.134		5.704		2.389		17.040		32.267	
Hörpudiskur	934		1.932				368		3.233	
Innfjarðarrækja	463		569		31		16		1.079	
Samt. botnf.teg. í þfg.lestum		70.127		33.694		19.716		50.617		174.154

Tafla IV

Flutningur á aflamarki milli skipa fiskveiðiárið 1. september 1992 - 31. ágúst 1993

	Flokkur A		Flokkur B		Flokkur C		Flokkur D		Flokkar A,B,C,D samanlagðir	
	lestir	þfg. lestir	lestir	þfg. lestir	lestir	þfg. lestir	lestir	þfg. lestir	lestir	þfg. lestir
Þorskur	30.699	30.699	23.292	23.292	9.946	9.946	41.350	41.350	105.286	105.286
Ýsa	11.684	13.437	5.863	6.742	2.393	2.751	8.303	9.549	28.243	32.479
Ufsi	18.717	10.107	8.045	4.344	3.859	2.084	13.897	7.504	44.518	24.040
Karfi	31.818	13.045	5.382	2.207	13.121	5.380	13.515	5.541	63.837	26.173
Grálúða	9.978	6.984	2.271	1.590	5.802	4.061	4.824	3.377	22.874	16.012
Skarkoli	2.705	1.948	1.808	1.301	1.666	1.200	3.889	2.800	10.068	7.249
Síld	18.006		32.532		27.655		46.404		124.597	
Loðna	68.819		27.060		9.636		13.593		119.108	
Humar	129		199		39		101		468	
Úthafsrækja	8.015		8.674		5.852		19.234		41.775	
Hörpudiskur	1.296		1.988		164		407		3.854	
Innfjarðarrækja	505		628		88		196		1.417	
Samtals botnf.teg. í þfg.lestum		76.221		39.476		25.422		70.121		211.239

Tafla V

Flutningur á aflahlutdeild milli skipa, fiskveiðiárin 1991/1992 og 1992/1993.
Tölur eru í %.

	1991/1992	1992/1993
Þorskur	10,6	13,4
Ýsa	11,0	16,9
Ufsi	10,3	14,4
Karfi	8,3	12,6
Grálúða	3,1	10,2
Skarkoli	10,7	18,3
Síld	12,0	17,7
Loðna	2,9	6,7
Humar	22,0	14,4
Úthafsrækja	14,7	15,9

334. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1994 er nú komið til annarrar umræðu. Nefndin hefur í umfjöllun sinni um frumvarpið einkum fjallað um útgjaldahlið þess. Þó eru þar enn nokkrir stórir gjaldaliðir óafgreiddir og bíða 3. umræðu. Má þar nefna sjúkrahúsin í Reykjavík. Tekjuhlið frumvarpsins bíður einnig 3. umræðu.

Við 1. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1994 lýsti minni hluti fjárlaganefndar þeirri skoðun sinni að frumvarpið væri ekki marktækt. Minni hlutinn lýsti einnig þeirri skoðun sinni við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár og taldi að halli ríkissjóðs yrði enn meiri en gert var ráð fyrir. Þetta reyndust orð að sönnu. Samanlagður halli áranna 1992 og 1993 verður um 20 milljarðar króna, langt umfram það sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir þessi ár.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1994 er lagt fram með halla upp á 10 milljarða króna. Ef ríkisstjórnin heldur áfram uppteknum hætti varðandi stjórn ríkisfjármála má ætla að þær hallatölur sem við verðum að horfast í augu við á næsta ári verði mun hærri.

Það liggur einnig fyrir að ekki einu sinni allir ráðherrar stjórnarflokkanna hafa trú á því frumvarpi til fjárlaga sem hér kemur til 2. umræðu. Hástemmdar yfirlýsingar þess efnis hafa komið fram aftur og aftur frá því að frumvarpið var lagt fram og síst orðið til þess að styrkja trú manna á fjármálastjórn ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Þjóðhagshorfur.

Í þjóðhagsáætlun var gert ráð fyrir 0,5% vexti landsframleiðslu á þessu ári og viðskiptahalla sem nemur 1,4% af landsframleiðslu. Þær fréttir sem hafa verið að berast að undanförnu benda hins vegar til þess að hagvöxtur verði meiri og viðskiptahalli minni. Má telja að þorskaflinn úr Smugunni sé þegar orðinn 9.000 þúsund tonn. Sú aukning bætir viðskiptajöfnuð um 400 millj. kr., eykur sjávarafurðaframleiðslu um 1,3% og landsframleiðslu um að minnsta kosti 0,22%. Þessu til viðbótar bendir tiltölulega hagstæð útkoma vöruskiptajafnaðar til og með október til þess að útflutningstekjur geti orðið meiri og viðskiptahalli verði minni en þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir. Auk þess má benda á að afgangur varð á viðskiptajöfnuði fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins og verður að fara aftur til ársins 1986 til að finna svipaða stöðu.

Þessi þróun vekur spurningar um hvort of mikillar svartsýni gætir í spánni fyrir 1994. Samdráttur í þorskafla á þessu fiskveiðiári þarf ekki einungis að koma fram í samdrætti útflutningstekna og landsframleiðslu. Reynslan í ár sýnir að mögulegt er að auka aðrar veiðar og gæti það gerst í ríkari mæli en gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun.

Ef lækkun raunvaxta um 2 prósentustig næst má líka búast við að það stuðli að auknum umsvifum í atvinnulífinu og þar með að auknum þjóðartekjum. Til þess að svo geti orðið verður þó að mati minni hlutans að grípa til ýmissa ráðstafana. Þess sjást því miður engin merki.

Ef hagvöxtur verður meiri í ár og á næsta ári en gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun og í forsendum fjárlaga ætti halli ríkissjóðs einnig að verða minni að öllu öðru óbreyttu. Vaxtalækkunin dregur einnig sjálfkrafa úr halla ríkissjóðs. Í þessu ljósi er enn óásættanlegra en ella að afgreiða fjárlög með 10 milljarða kr. halla, líklega mesta halla á afgreiddum fjárlögum sem dæmi eru um á síðustu áratugum.

Þar sem tekjuhlið fjárlaga bíður 3. umræðu mun verða fjallað nánar um þá málaflokka sem snerta hana í framhaldsnefndaráliti. Heildarútgjöld fjármálaráðuneytisins eru nú áætluð 16,4 milljarðar kr. og aukast samkvæmt fjárlagafrumvarpi um 6% en um 25% frá ríkisreikningi 1992. Sérstök ástæða er til að nefna að vaxtagreiðslur hafa aukist um 3,4 milljarða kr. eða 40% á sama tíma og nema vaxtagreiðslur á næsta ári 11,7 milljörðum kr. samkvæmt áætlun fjárlaga. Það er ljóst að gífurlegu máli skiptir fyrir afkomu ríkissjóðs að vaxtastig hérlendis verði með líkum hætti og hjá viðskiptaþjóðum okkar.

Erlendar skuldir.

Samkvæmt skýrslu Seðlabankans, Peningar, gengi og greiðslujöfnuður, sem kom út 11. nóvember, munu erlendar skuldir aukast verulega á þessu og næsta ári í hlutfalli við landsframleiðslu eða útflutningstekjur. Hreinar erlendar skuldir verða rúm 60% af landsframleiðslu á næsta ári ef svo fer fram eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi og áformum ríkisstjórnarinnar en á árunum 1990/91 var þetta hlutfall um 46%. Aukningin í hlutfalli við útflutningstekjur er jafnvel enn hrikalegri. Hreinar erlendar skuldir munu nema um 175% af útflutningstekjum á næsta ári ef svo fer fram sem horfir en voru um 130% á árinu 1990. Samanburðurinn við útflutningstekjur er jafnvel enn mikilvægari en samanburðurinn við landsframleiðslu því það er með útflutningstekjunum sem við verðum að greiða vexti og afborganir af erlendum skuldum.

Ríkisstjórnin hefur verið að hreykja sér af því að erlendar skuldir aukist ekki að raungildi á þessu ári. Það er í sjálfu sér rétt að þær munu í ár aukast minna en nemur verðbólgu í nágrannalöndunum. Það er þó engin ástæða til þess að ýta undir andvaraleysi gagnvart erlendum skuldum af þessum sökum eins og ríkisstjórnin virðist gera til að grípa í hálmstrá á erfiðum tímum. Hækkun hlutfalls skulda af útflutningstekjum er jafnalvarleg fyrir það nema að full vissa sé fyrir því að útflutningstekjur hækki mjög fljótlega þannig að hlutfallið leiti í fyrra horf. Slík vissa er ekki til og ekkert í tillögum ríkisstjórnarinnar gefur tilefni til bjartsýni í þessum efnum.

Atvinnu- og kjaramál.

Íslendingar búa nú við meira atvinnuleysi en þekkst hefur um langt árabil og allt útlit er fyrir að atvinnuleysi fari vaxandi. Á næsta ári mun enn draga úr fiskveiðum vegna minnkandi þorskkvóta og eru afleiðingar þess samdráttar ekki enn farnar að hafa nein teljandi áhrif á atvinnustigið í landinu. Ljóst má vera að á næsta ári stefnir í aukið atvinnuleysi grípi stjórnvöld ekki til róttækra aðgerða og beiti öllum tiltækum ráðum til þess að efla og styrkja atvinnulífið.

Nú er svo komið að atvinnuleysið er farið að hafa veruleg þjóðfélagsleg áhrif. Álagið í heilbrigðisþjónustunni hefur tvímælalaust farið vaxandi af þessum sökum, félagsleg vandamál hvers konar blasa við okkur og prestastéttin verður ekki síður vör við þetta vandamál. Í erfiðleikum sínum hefur fólk snúið sér í auknum mæli til kirkjunnar og á sumum stöðum hafa prestar í samvinnu við ýmsa aðra aðila, svo sem sveitarfélög og félög launþega og atvinnurekenda, komið upp miðstöð fyrir fólk sem þurft hefur að leita ráðgjafar

vegna ýmiss konar vandamála sem upp hafa hlaðist vegna atvinnuleysisins.

Fjárlög yfirstandandi árs gerðu ráð fyrir því að atvinnuleysi á árinu yrði að meðaltali um 3%. Nú er allt útlit fyrir að það verði að minnsta kosti 4,5–5% og hefur það leitt til verulegs útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Fjárveitingar til Atvinnuleysistryggingasjóðs eru því hækkaðar í fjáraukalögum fyrir árið 1993 um 1,2 milljarða kr. Á næsta ári má gera ráð fyrir að atvinnuleysið verði meira, svo sem áður er sagt, og því má telja ljóst að enn þurfi að veita fjármunum til að styrkja stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðsins. Að mati minni hlutans er þeirri fjárþörf ekki mætt að fullu í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1994.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa mjög lagt að ríkisstjórninni að grípa til aðgerða til þess að tryggja og treysta atvinnu. Í tengslum við undirskrift kjarasamninga voru gefin loforð um það að verja auknum fjármunum til atvinnuskapandi aðgerða. Nokkur ágreiningur hefur orðið um það hvernig að þeim málum var staðið á sl. sumri. Stjórnarandstaðan hefur talið að þegar ákvarðanir um einstök verkefni voru teknar hefði átt að taka meira tillit til hvaða framkvæmdir voru á undirbúningsstigi svo hefja mætti vinnu þá þegar. Jafnframt hefði átt að veita auknum fjármununum á þau svæði þar sem atvinnuástandið var verst. Nú hefur komið í ljós að einungis hluti af þeim fjármunum sem verja átti til eflingar atvinnulífs hefur nýst á þessu ári. Einnig hefði þurft að hafa enn betur í huga að þessir fjármunir nýttust til nýrra verkefna sem sköpuðu atvinnu á næstu árum en ekki aðeins til þess að leysa tímabundinn vanda.

Alþýðusambandið hefur haldið því fram að ekki hafi að fullu verið staðið við gefin fyrirheit um fjárveitingar til verklegra framkvæmda af ýmsum toga í fjárlögum, fjáraukalögum og í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár. Miklar umræður hafa þó farið fram milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins að undanförnu og varð það niðurstaða við framlengingu kjarasamninga nú á haustmánuðum að nokkurn veginn hefði verið staðið við fyrirheitin en í því efni séu vafaatriði og sumir þættir óljósir. Má þar t.d. nefna að ríkisstjórnin vísar til væntanlegra framkvæmda við jarðgöng undir Hvalfjörð sem eru á vegum einkaaðila og á þessu stigi alveg óljóst hvað verður um. Í öðru lagi vísar ríkisstjórnin á það að sveitarfélögin munu væntanlega á næsta ári halda áfram átaksverkefnum hliðstæðum þeim sem unnið var að í sumar og gætu framkvæmdir af þessu tagi numið allt að 500 millj. kr. Og í þriðja lagi má nefna það sem verður að teljast athyglisverðast að ríkisstjórnin vísar beinlínis til þess að talsverður hluti af fyrirhuguðum viðbótarframkvæmdum á árinu í ár, líklega um 600 millj. kr., muni ekki koma til framkvæmda eða greiðslu fyrr en á næsta ári. Þar sem þessar greiðslur eru ekki taldar með í fjárlagafrumvarpinu telur ríkisstjórnin að bæta megi þeim við þær framkvæmdir sem þar eru ráðgerðar og er þá einu sinni enn að áliti stjórnarandstöðunnar verið að ákveða að verja til framkvæmda fjármunum sem búið er að ákveða í fjárlögum fyrra árs. Það sama gerðist á síðastliðnu sumri og þrátt fyrir margítrekaðar yfirlýsingar fjármálaráðherra innan þings og utan um að þær framkvæmdir sem ákveðnar hafa verið á fjárlögum og í fjáraukalögum fyrir 1993 muni ekki í neinu hafa áhrif á framkvæmdastig sem ákveðið er á næsta ári er ekki annað að sjá á þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til aðila vinnumarkaðarins en að verið sé að telja með framkvæmdum næsta árs það sem lofað var að verja til framkvæmda á yfirstandandi ári.

Vinnubrögð af þessu tagi átelur stjórnarandstaðan harðlega og telur að hér sé ríkisstjórnin enn að reyna að fara fram með sjónarspil og blekkingar.

Áherslur Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til þessara mála eru ef til vill með nokkuð öðrum hætti. Vissulega leggur BSRB mikla áherslu á það að fjármunum sé varið til að auka og tryggja atvinnu en hefði viljað sjá meiri áherslu lagða á fjárveitingar til nýsköpunar í atvinnulífinu heldur en til tímabundinna verkefna.

BSRB hefur einnig haldið því fram að við kjarasamninga árið 1992 hafi verið gefin fyrirheit um húsaleigubætur sem ríkisstjórnin hefur ekki enn staðið við. Efndir á þessum fyrirheitum eru engar enn og eru ekki boðaðar með fjárveitingum í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár.

Af þessu má sjá að full ástæða er til að hafa uppi efasemdir um það að ríkisstjórnin ætli sér að standa við á næsta ári þau fyrirheit sem hún hefur gefið launþegasamtökum og aðilum vinnumarkaðarins í tengslum við nýgerða kjarasamninga.

Í áðurnefndri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til launanefndar aðila vinnumarkaðarins er sérstaklega getið um það að framkvæmd á eingreiðslum til lífeyrisþega vegna launabóta á næsta ári verði ákveðin í nánu samráði við samtök launþega og aðra hagsmunaaðila. Þessi yfirlýsing mun vera gefin vegna þess að í fjárlagafrumvarpi er ekki gert ráð fyrir með sama hætti og gert er í ár, fjármunum til þess að greiða þessar eingreiðslur, þ.e. orlofsuppbót, desemberuppbót og láglaunabætur til lífeyrisþega. Fjárveiting í frumvarpinu nemur aðeins 370 millj. kr. en kostnaður við þessar greiðslur í ár muni nema tæpum 600 millj. kr. þannig að hér vantar verulega fjármuni.

Sömu sögu er að segja vegna verðuppbóta og bókana í tengslum við kjarasamninga kennara. Í frumvarpinu eru engar fjárhæðir til þess að mæta þeim breytingum sem kunna að verða í tengslum við þessa samninga á árinu 1994. Áætlaður kostnaðarauki til að útfæra þessi fyrirheit og bókanir kunni að verða um 100 millj. kr. Í breytingartillögum meiri hlutans við frumvarpið er hins vegar aðeins gert ráð fyrir að bæta þetta með 50 millj. kr. þannig að annaðhvort er ekki gert ráð fyrir að standa við þessi ákvæði kjarasamninganna eða stjórnendum skólanna ætlað að grípa til enn frekari niðurskurðaraðgerða.

Þetta hlýtur að verða að teljast algerlega óviðunandi og ótrúlegt að aðilar vinnumarkaðarins geti gætt sig við að þannig sé farið með hina ýmsu þætti í fjárlögum sem tengjast nýgerðum kjarasamningum.

Vaxtamál.

Einn áhrifaríkasti þátturinn í efnahagsstefnunni og sá sem hefur ef til vill mest áhrif á þróun efnahagsmála er þróun vaxta. Vaxtastefna ríkisstjórnarinnar hefur verið mjög mikið gagnrýnd allt frá því að þessi ríkisstjórn tók við völdum en eitt af hennar fyrstu verkum var veruleg hækkun vaxta á ríkisverðbréfum sem leiddi til þess að vextir hækkuðu um allt að þriðjung. Stjórnarandstaðan hefur hvað eftir annað lagt hart að ríkisstjórninni að grípa til allra tiltækra ráða til þess að knýja fram vaxtalækkun. Einnig hefur krafan um vaxtalækkun verið mjög áberandi af hálfu aðila vinnumarkaðarins, bæði launþega og vinnuveitenda, og hefur það hvað eftir annað komið fram í viðræðum þessara aðila við ríkisvaldið, t.d. í tengslum við kjarasamninga.

Nú á dögunum greip ríkisstjórnin loks til þess ráðs knúin af fyrrgreindum aðilum, stjórnarandstöðu í umræðum á þingi og aðilum vinnumarkaðarins að lækka vexti með aðgerðum sem ávallt hefur verið haldið fram að ríkisstjórnin gæti beitt, þ.e. með því að ákveða vaxtastig á ríkisverðbréfum og með því að knýja á Seðlabankann að grípa til ráðastafana sem gætu haft áhrif á vaxtaþróun í bankakerfinu. Þessar aðferðir hafa sumir kallað handaflsaðgerðir en aðrir kjósa að tala um handleiðslu og má einu gilda hvort heldur er. Aðalatriðið

er það að stjórnvöld sáu sig loks neydd til þess að grípa inn í þróun mála og hefði það sannarlega mátt vera fyrr.

Nokkuð hefur vaxtastigið lækkað við þessar aðgerðir, einkum þó á verðbréfum ríkissjóðs, og voru miklar væntingar við það bundnar að sú þróun mundi einnig ná til vaxtanna í bankakerfinu.

Nú eru hins vegar ýmsar blikur á lofti hvað þetta varðar og má telja nánast sýnt að þessi vaxtalækkun verði skammvinn eða að minnsta kosti hafi hún ekki þau áhrif sem til var ætlast á vaxtaþróun í landinu. Verður því að beita öllum tiltækum ráðum til þess að vextir lækki á öllum sviðum.

Á síðasta vaxtaákvörðunardegi kom í ljós að bankarnir töldu sig ekki hafa frekara svigrúm til vaxtalækkunar og lítur þá út fyrir að raunávöxtun á óverðtryggðum lánum sé á bilinu 12–16%. Þetta verður að teljast algjörlega óviðunandi og ljóst að nafnvextir útlána í bankakerfinu eru ekki í samræmi við þau markaðskjör sem nú gilda t.d. á ríkisverðbréfunum.

En það er víðar en í bankakerfinu sem vaxtaþróunin virðist vera með öðrum hætti heldur en ríkisstjórnin hefur haldið fram eftir þær aðgerðir sem hún greip til um mánaðamótin október/nóvember. Í nýlegu skuldabréfaútboði Húsnæðisstofnunar ríkisins kemur í ljós að stærstu fjárfestarnir eru ekki tilbúnir til þess að sætta sig við það vaxtastig sem boðið er upp á og krefjast hærri raunávöxtunar en þar var miðað við.

Og sömu sögu virðist mega segja varðandi þróun hjá Iðnþróunarsjóði og Iðnlánasjóði en þar eru vextir enn þá mjög háir og hafa ekki lækkað í samræmi við þá vaxtalækkun sem hefur orðið á verðbréfaþingi og á ríkisverðbréfum að undanförnu. Þar er lækkunin aðeins um 0,5% og raunvextir því enn þá mjög háir hjá þessum sjóðum. Þetta sýnir aðeins og sannar það sem stjórnarandstaðan hefur margsinnis haldið fram að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er kolröng. Það eitt að grípa til aðgerða sem áttu að leiða til vaxtalækkunar til lengri tíma nægir ekki nema samræmdar efnahagsaðgerðir fylgi í kjölfarið og fjármunum verið varið til þess að efla þróunar-, rannsókna- og markaðsstarfsemi. Slíkar aðgerðir hefðu orðið til þess að auka bjartsýni, áræðni og þor fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga í landinu og hefði vissulega mátt vænta þess að hér væri um að ræða aðgerðir sem hefðu varað til lengri tíma en nú er útlit fyrir. Vaxtalækkun til skemmri tíma muni hafa lítil áhrif á þróun efnahags- og atvinnumála í landinu á næsta ári.

Mennt og menning.

Íslendingar hafa hingað til talið tilveru sína hér á endimörkum veraldar standa á styrkum stoðum fornrar menningar, einkum bókmenningar. Þessar stoðir sæta nú ágangi nýrra strauma sem borist hafa með nýjum stjórnarháttum. Nýleg skýrsla um stöðu læsis í landinu sýnir svo að ekki verður um villst að íslensk börn og unglingar eru lakar læs en jafnaldrar þeirra í Evrópu. Þrátt fyrir þessa staðreynd vílar ríkistjórnin ekki fyrir sér að skera enn niður framlög til kennslumála sem gerir skólum landsins ófært að efla undirstöðumenntun í landinu með aukinni kennslu og bættum aðbúnaði í skólunum. Með sívaxandi hlutdeild skólans í uppeldi barna og unglinga m.a. vegna óhóflegrar útivinnu foreldra en jafnframt sífelldum niðurskurði á fjárlögum til þessara verkefna vaxa erfiðleikar kennarastéttarinnar við að axla þá ábyrgð. Afleiðingin blasir við þeim sem hana vilja sjá: Vaxandi vandamál unglinga, ofbeldi ólíkt því sem áður hefur þekkst, minnkandi lestrargeta og þar með bóklestur. Þessi þróun er slíkt áhyggjuefni að furðu má sæta að ekki sé brugðist við henni áður en í óefni er komið í stað þess að láta skeika að sköpuðu og draga enn úr framlögum til skólamála.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar var unnið mikið starf við mótum menntastefnu í landinu. Að því verki kom stór hópur skólamanna og sérfræðinga. Ný grunnskóla- og leikskólalög voru samþykkt samhljóða á Alþingi. Ekki hafði ný ríkisstjórn fyrr sest í ráðuneytin en hafist var handa um að hafa þessa miklu vinnu að engu og skera niður fjárframlög til þessara verkefna. Lánasjóður íslenskara námsmanna var skorinn niður við trog og hreykir ríkisstjórnin sér nú af því að „sparast" hafi milljarðar í sjóðnum. Sá sparnaður er í því fólginn að fjöldi námsmanna, ekki síst konur með börn á framfæri, hafa hrökklast frá námi heima og erlendis og úr Tækniskóla Íslands hurfu tugir nemenda á síðasta ári svo að öll áætlun skólans fór úr böndum. Hvernig þetta kemur heim og saman við hin fögru orð menntamálaráðherra um auknar áherslur á rannsóknir og vísindi er spurning sem minni hluti fjárlaganefndar krefst svara við. Minni hlutinn telur að hér sé ferðast á hættulegum slóðum sem leitt gætu þjóðina inn á varasama braut á næstu áratugum. Öllum hugsandi mönnum ætti að vera ljóst að hagsæld þjóðar byggist á þeirri þekkingu og verkmennt sem þjóðin býr yfir á hverjum tíma, og ættu menn ekki að þurfa að leita langt aftur til fyrri tíma til að skilja það. Það væri verðugt verkefni á 50 ára afmæli lýðveldisins að standa vörð um og efla vöxt og viðgang mennta og menningar í þessu landi en því er verr að það frumvarp til fjárlaga, sem nú er lagt fram, ber þeim vilja engin merki.

Háskóli Íslands býr við kost sem er allri þjóðinni til vansa. Svo hefur verið að honum þrengt að hvergi nærri hefur verið unnt að veita kennslu í þeim greinum sem nemendur eru krafnir um kunnáttu í. Uppbygging húsakosts skólans hefur verið háð Happdrætti Háskóla Íslands allt frá árinu 1936 og naut happdrættið um skeið einkaleyfis sem peningahappdrætti. Með sívaxandi fjölda happdrætta af öllu tagi hefur Háskólinn neyðst til að grípa til heldur ógeðfelldra aðferða til fjáröflunar sem engum er sómi að. Bókasafn Háskólans er hvergi nærri sambærilegt öðrum háskólabókasöfnum um bókakost og herðir nú enn að því með þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja að nýju virðisaukaskatt á bækur sem síðasta ríkisstjórn hafði létt af.

Síðast en ekki síst eru laun í landinu orðin slík endaleysa að það bitnar á öllu starfi. Kennarar verða ekki síst fyrir barðinu á lágum launum þar sem þeir koma velflestir til starfa með skuldabagga á bakinu að afloknu löngu námi. Það er áhyggjuefni að ungt menntafólk kunni að velja sér starfsvettvang í öðrum löndum þar sem betri kjör og verðugri aðstaða til rannsókna er í boði og kynni slíkur atgervisflótti að reynast þjóðinni dýrkeyptur.

Sjávarútvegur hefur löngum verið undirstaða tilvistar íslensku þjóðarinnar. Ekki er að sjá að mikil alvara liggi að baki stofnunar sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri. Hafið umhverfis landið er að miklu leyti órannsakað þó að vitað sé um ónýtta fiskstofna sem verða mættu mikil stoð þegar draga þarf úr nýtingu þeirra stofna sem við þekkjum best. Sama fálmið einkennir uppbyggingu iðnaðar í landinu. Handmenntakennslu hefur farið hrakandi í grunnskólanum og iðnmenntun hefur verið allt of lítill sómi sýndur og sú þróun er tæplega leiðin til þess að efla íslenskan iðnað og gera hann samkeppnisfæran í nýrri Evrópu. Minni hlutinn gerir sér enda ljóst að með tilkomu samnings EFTA-þjóða og Evrópubandalags komast Íslendingar ekki upp með að standa þannig að verki og varar þá sem að honum stóðu við þeirri staðreynd.

Breytingartillögur um einstaka liði menntamála í frumvarpi til fjárlaga telur minni hlutinn þjóna litlum tilgangi. Hann auglýsir hins vegar eftir stefnumótun þessarar ríkisstjórnar í menntamálum og bendir á það starf sem þegar hafði verið unnið.

Fjöskyldan á Ári fjölskyldunnar 1994.

Fjölskyldur með ung börn eiga erfiðar uppdráttar hér á landi nú en verið hefur um langt skeið. Allur þorri foreldra á einskis annars kost en að vinna utan heimilis allt of langan vinnudag. Engin nothæf lausn hefur fundist á þeim sjálfsagða rétti fjölskyldna til að hafa þak yfir höfuðið nema eignastefna sú sem Íslendingar hafa trúað á um áratuga skeið. Skuldabaggi heimilanna er því slíkur að undrum þætti sæta alls staðar annars staðar. Laun eru í fullkomnu ósamræmi við það sem fólk þarf að greiða til brýnustu nauðsynja svo að stór hópur launafólks lifir á launum næstu mánaða. Engin leið er því að gera áætlun um fjárhag fjölskyldnanna og því láta menn reka á reiðanum. Þess utan hefur þetta ástand veikt samtök launafólks sem veigra sér við að bjóða stjórnvöldum birginn þegar að þrengir. Vel má vera að sá hafi einmitt verið tilgangurinn með því að skapa slíkt ástand.

Aðstæður ungra barna í landi okkar eru vegna þessa engum til sóma. Sá vinnustaður finnst varla lengur sem ekki hefur á boðstólum einhvers konar máltíð í hádeginu. En þeir sem örast vaxa og mest þarfnast hollrar og góðrar fæðu — börnin í landinu — eru oft og tíðum matarlítil eða matarlaus á sínum vinnustað, þ.e. í skólunum. Og þegar skóla lýkur, löngu áður en foreldrarnir hafa lokið vinnudegi sínum, koma þau að tómu húsi. Þar er engan að finna nema erlendar sjónvarpsstöðvar eða myndbönd með vafasömu afþreyingarefni. Það má vera hverjum manni ljóst að þetta bitnar jafnt á líkamlegum sem andlegum þroska barnanna. Það er afdráttarlaus krafa minni hluta fjárlaganefndar að unnið verði að því að samræma kennslutíma barnanna og vinnutíma foreldranna. Vandræðalegar geymslustofnanir innan skólanna, sem enga aðstöðu hafa til kennslu eða leiks, eru engin lausn á þessum vanda.

Nýleg skýrsla Evrópubandalagsins sýnir að kjarnafjölskyldan á nú í vök að verjast með breyttum atvinnuháttum iðnríkjanna. Barnsfæðingum fer fækkandi svo að menn hafa áhyggjur af verulegri röskun á aldursskiptingu Evrópuþjóða. Í Danmörku er málum svo komið að 60% fullvaxta Dana búa einir eða með börnum sínum. Hingað til hefur tala fæðinga ekki valdið áhyggjum hér á landi en full ástæða er til að búa fjölskyldunni þau skilyrði til farsæls lífs að þjóðin viðhaldi sjálfri sér. Þarf vart mikið hugmyndaflug til að sjá hver áhrif umtalsverð röskun á aldri landsmanna hefði í svo fámennu samfélagi.

Félagsmál.

Í málefnum sem heyra undir félagsmálaráðuneytið gera fjárlögin ráð fyrir ýmsum breytingum. Rekstrarútgjöld og tilfærslur hækka í ráðuneytinu um 993,5 millj. kr. eða 28%.

Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hækkar um 600 millj. kr. Þetta þýðir þó ekki hækkun á rauntekjum sjóðsins því framlagið er í stað landsútsvars sem fellur niður og afnumin er skerðing til sjóðsins upp á 100 millj. kr. sem var á fjárlögum yfirstandandi árs. Sjóðurinn fékk 250 millj. kr. á fjáraukalögum 1993 til að standa straum af greiðslum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga vegna barnsmeðlaga. Ekki er gert ráð fyrir þessari upphæð á fjárlögum fyrir árið 1994 og borið við að innheimta verði betri en á árinu 1993. Ekkert bendir til þess að straumhvörf verði í þessu efni. Allt eins er líklegt að þessi viðbótarútgjöld lendi á sveitarfélögunum á næsta ári.

Þar að auki er alls ósýnt eftir hvaða reglum Jöfnunarsjóðurinn á að vinna í framtíðinni eða hvernig tekjujöfunarframlög hans ríma við frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga sem liggur fyrir félagsmálanefnd Alþingis. Frumvarp um málefni Jöfnunarsjóðsins er í vinnslu og er ekki komið fram. Það er því fullkomin óvissa um hvernig Jöfnunarsjóðurinn getur staðið við skuldbindingar sínar með þeim fjármunum sem honum eru ætlaðir samkvæmt frumvarpinu.

Gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra taki þátt í ákveðnum rekstrarverkefnum, svo sem aðstoð við fatlaða sökum félagslegrar hæfingar og endurhæfingar. Kostnaður við þetta er áætlaður 42,2 millj. kr. Sjóðurinn verður fyrir tekjumissi upp á 30 millj. kr. vegna lægri tekjuáætlunar af erfðafjárskatti. Minni hlutinn bendir á þessar lækkuðu tekjur um leið og sjóðurinn fær aukin verkefni án þess að lagst sé gegn þeirri hugmynd að sjóðurinn taki þátt í afmörkuðum rekstrarverkefnum sem geta samrýmst upprunalegu markmiði hans að jafna stöðu fatlaðra og ófatlaðra í þjóðfélaginu.

Einnig er á það bent að málefni Sólheima í Grímsnesi hafa ekki fengið afgreiðslu fjárlaganefndar en með bréfi frá 18. október 1993 vísar félagsmálaráðuneytið þeim til nefndarinnar. Þjónustusamningur hefur ekki verið gerður og málefni stofnunarinnar eru í fullkominni óvissu með þeim fjárveitingum sem henni eru ætlaðar í frumvarpinu.

Brunamálastofnun er ætlað að hækka sértekjur um 11,9 millj. kr. og Vinnueftirliti ríkisins um 4,1 millj. kr. og er það í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að innheimta skatta í formi sértekna sem nefnd eru þjónustugjöld.

Húsnæðisstofnun ríkisins er ætlað að spara 24 millj. kr. í rekstri á árinu 1994. Ekki liggur nein áætlun að baki þessari tölu. Þótt ljóst sé að einhver sparnaður verði þegar starfsfólk sem sagt var upp á síðasta ári fer af biðlaunum hjá stofnuninni og möguleikar séu á því að leigja húsnæði sem hefur losnað er bent sérstaklega á að á stofnunina hlaðast nú mikil verkefni vegna greiðsluerfiðleika fólks og ráðgjafar vegna þeirra. Þetta er í beinum tengslum við þá efnahagserfiðleika sem eru í þjóðfélaginu og speglast í því að skuldir einstaklinga hafa margfaldast, ekki síst vegna afborgana og vaxta af húsbréfum og lánum vegna húsnæðis.

Liðurinn Vinnumál lækkar frá fyrra ári auk þess sem nýjum verkefnum er beint inn í þennan fjárlagalið. Aðilar vinnumarkaðarins gegna miklu hlutverki í mótun efnahagsstefnu og í því að veita stjórnvöldum aðhald í opinberri umræðu. Styrkurinn hefur verið til þess að efla þetta hlutverk. Auk þess hefur styrkurinn verið notaður til þess að auka hagræðingu hjá aðildarfélögum aðila vinnumarkaðarins.

Til framkvæmdaáætlunar um jafnréttismál er veitt 3,2 millj. kr. Hins vegar gengur frumvarpið skammt til móts við það frumkvæði sem konur hafa sýnt í atvinnumálum. Til atvinnumála kvenna er veitt 15 millj. kr. og hefur félagsmálaráðuneytið sótt um að breyta nafninu á fjárlagaliðnum Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni í: Atvinnumál kvenna. Minni hlutinn telur fulla þörf fyrir stuðning við atvinnumál kvenna um land allt en telur 15 millj. kr. hvergi nærri þeirri þörf sem fyrir hendi er.

Heilbrigðis- og tryggingarmál.

Í stjórnartíð núverandi ríkisstjórnar hefur hvað eftir annað að frumkvæði heilbrigðisráðherra verið gerð hörð hríð að uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar og almannatryggingakerfisins. Stjórnarandstaðan hefur mótmælt þessum aðgerðum harðlega og talið að með þeim væri annars vegar verið að skaða uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar sem gæti haft í för með sér alvarlegar afleiðingar til lengri tíma litið og jafnframt að með

breytingum á almannatryggingarkerfinu væri verið að raska eða breyta verulega þeirri stefnu sem okkar velferðarkerfi hefur byggst á og verið hornsteinn hennar, þ.e. samhjálp þjóðarinnar allrar og samtrygging sem leiddi til þess að þeir sem minna mega sín eða verða undir í lífsbaráttunni af einhverjum ástæðum geti átt það tryggt að almannatryggingakerfið veiti þeim þá aðstoð sem nauðsynleg er. Breytingar þessar hafa verið gerðar undir formerkjum nauðsynlegs aðhalds og sparnaðar í opinberum rekstri og skal síst lítið gert úr þeim viðhorfum og markmiðum en stjórnarandstaðan hefur haldið því fram að þarna hafi ekki verið farið rétt að. Unnið hefur verið flausturslega að ýmsum breytingum og þær oftar en ekki þurft að endurskoðast jafnharðan. Ýmist hafa þær verið dregnar til baka eða breytt verulega og nú þegar hægt er að líta á aðgerðir þessar með nokkurri reynslu þegar tvö ár eru liðin af valdatíma ríkisstjórnarinnar kemur í ljós að sparnaðurinn hefur orðið óraunverulegur ef nokkur af öllu þessu brölti en breytingarnar á hinn bóginn valdið verulegu óhagræði og í sumum tilfellum tjóni.

Verulegur hluti þessara breytinga felst í því að stórauka svokölluð þjónustugjöld, þ.e. greiðslur þeirra sem þurfa á aðstoð heilbrigðis- og tryggingakerfis að halda fyrir þá þjónustu sem veitt er. Þetta er gert með þeirri röksemdafærslu að með því sé verið að auka kostnaðarvitund einstaklinga. Sannleikurinn er sá að hér er um stóraukna skattheimtu að ræða og verið að færa skattálögurnar frá því kerfi að menn greiði skatta sérstaklega eftir efnum og ástæðum í það form að einstaklingarnir greiði sérstaklega fyrir opinbera þjónustu. Með þessu er horfið frá þeirri samhjálp sem þjóðarsátt hefur verið um. Þessu hefur stjórnarandstaðan mótmælt harðlega og gerir enn.

Sé borinn saman ríkisreikningur tveggja seinustu ára, fjárlög þessa árs og fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár, kemur í ljós að veruleg hækkun er á þessum þjónustugjöldum. Er þó ekki allt talið því að greiðslur einstaklinga fyrir lyf og fyrir sérfræðiþjónustu ýmiss konar koma hvergi fram. Þær lækka aðeins þann reikning sem apótekin og sérfræðingarnir senda tryggingakerfinu en sjást hvorki í ríkisreikningi eða öðrum opinberum skýrslum. Þess vegna er ekki auðvelt að átta sig á hversu mikil hækkun hefur orðið á þessum greiðslum á undanförnum árum en ljóst að hún er gífurleg og miklu meiri en fram kemur í opinberum tölum. Ef litið er á hækkun þjónustugjalda og sértekna hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti frá árinu 1990 kemur í ljós að það ár samkvæmt ríkisreikningi hafa þessar tekjur numið 1.516 millj. kr. Árið 1991 er þessi upphæð 2.372 millj. kr. og árið 1992 er upphæðin komin í 2.733 millj. kr. Þetta þýðir hækkun samtals upp á 1.217 millj. kr. eða 80,3%.

Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins er getið um nokkra liði sem eiga að leiða til umtalsverðrar lækkunar á útgjöldum lífeyris- og sjúkratrygginga. Flestar þessar tillögur eru gamlir kunningjar og hefur ekki allt gengið fram á undanförnum missirum eins og ríkisstjórnin hefur áætlað. Má þar fyrst nefna hugmyndir um að lækka eingreiðslu til lífeyrisþega um 200 millj. kr. svo sem áður er getið en síðar er búið að gefa aðilum vinnumarkaðarins loforð um að þessar greiðslur verði svo til óbreyttar á næsta ári.

Í öðru lagi var fyrirhugað að lækka lífeyrisgreiðslur vegna áforma um að tekju- og eignatengja þessar greiðslur og átti að spara 200 millj. kr. Nú er samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu einnig fallið frá þeim hugmyndum enda ekki uppi áform um það taka upp eigna- og fjármagnstekjuskatt en sú skattalagabreyting er forsenda þess að hægt sé að tekju- og eignatengja lífeyrisgreiðslurnar.

Í þriðja lagi var áformað að tekjutengja ekkjulífeyri og átti það að skila um 50 millj. kr. Nú er dregið úr þeim sparnaðaráformum um helming eða 25 millj. kr. Að lokum var áætlað að herða eftirlit með útgreiðslum bóta og átti það að gefa af sér um 75 millj. kr. Slík áform

hljóta þó að vera mjög óljós og óvíst til hvaða sparnaðar þau geta leitt. Þó einhver sparnaður næðist af þessum ráðagerðum má ljóst vera að ákvarðanir sem teknar hafa verið eftir að fjárlagafrumvarpið var samið leiða til lækkunar á sparnaðaráformum um 450–500 millj. kr. á þessum eina lið. Í sjúkratryggingunum var áætlað að spara 730 millj. kr. Hæsta upphæðin þar var tekjur af heilsukortum upp á 400 millj. kr. sem nú hafa verið felldar niður. Annað varðaði breytt greiðslufyrirkomulag til lækna, endurskoðun á greiðslum fyrir röntgenmyndatökur og rannsóknir og endurskoðun á fyrirkomulagi lyfjaverðlagningar.

Sýnt er að frumvarpið er að þessu leytinu til með mörgum óvissuþáttum og hugmyndir sem komið hafa fram síðustu daga og verið sýndar í fjárlaganefnd til að mæta þessu tekjutapi eru ekki mjög trúverðugar svo ekki sé meira sagt. Þar er t.d. gert ráð fyrir að spara enn 180 millj. kr., m.a. með því að draga úr útgjöldum vegna hjálpartækja um 50 millj. með því að hjálpartækin verði boðin út. Draga á úr greiðslum fyrir læknisaðgerðir sem framkvæmdar eru erlendis. Það á að spara 15 millj. kr. en ekki gert ráð fyrir því að það leiði til neins kostnaðarauka á sjúkrastofnunum innan lands sem hlýtur að þýða að það eigi hreinlega að fækka þessum aðgerðum og láta sjúklinga búa við það að fá ekki læknismeðferð ef ekki er hægt að sinna þeim hér heima. Sjúkradagpeningagreiðslur eiga einnig að lækka um 15 millj. kr. með því að draga á úr greiðslum sjúkradagpeninga til einstaklinga sem dveljast lengi á stofnunum. Loks á enn að auka sparnað í lyfjakostnaðinum um 100 millj. kr. Þessu til viðbótar hafa áform heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að ríkið hætti rekstri leikskóla sjúkrastofnana ekki gengið fram. Sú aðgerð átti að spara um 200 millj. kr. Því þarf að hækka fjárveitingar til reksturs skólanna um 80 millj. kr. Nær helmingur af þeirri upphæð er þó tekinn af rekstrarhagræðingarfé ráðuneytisins svo að nettóhækkun er um 40 millj. kr.

Umfjöllun um stóru sjúkrahúsin þrjú í Reykjavík, Ríkisspítala, Borgarspítala og Landakotsspítala, er frestað til 3. umræðu og er því ekki fjallað ítarlega um þau mál hér. Ýmislegt bendir til að lítill sparnaður hafi í heildina orðið af öllum þeim breytingum og tilfæringum sem gerðar hafa verið á rekstri sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum tveimur árum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að taka upp nýjan tekjulið á sviði heilbrigðismála. Er þar um að ræða meðferðargjöld sem áfengissjúklingum er ætlað að greiða fyrir dvöl á meðferðarstofnunum. Á þessi nýi sjúklingaskattur að skila um 40 millj. kr. Þessu hefur ekki enn verið breytt og er þá líklega eina „sparnaðartillaga“ heilbrigðisráðherra sem enn stendur óhögguð. Það verður að teljast í fullu samræmi við aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar á sviði heilbrigðis- og tryggingamála, þ.e. að láta sjúklingana borga.

Ýmsir forsvarsmenn á sviði heilbrigðismála hafa varað eindregið við þessari hugmynd og telja að innheimta muni verða mjög erfið. Prófessor Tómas Helgason, forstöðulæknir á geðdeild Landspítalans, spyr í grein í Morgunblaðinu nýlega hvers vegna þessir sjúklingar séu neyddir til að leita aðstoðar félagsmálastofnana til greiðslu meðferðar frekar en aðrir sjúklingar. Nýlega sendu læknar við FSA frá sér svohljóðandi tillögu: „Fundur læknaráðs Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hinn 6. des. 1993 skorar á heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og alþingismenn að hætta við þá gjaldtöku af áfengissjúklingum á sjúkrastofnunum sem áformuð er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 vegna þess að slík mismunun gagnvart þeim sjúklingahópi samræmist ekki siðum lækna og annarra heilbrigðisstétta og er líkleg til að auka útgjöld þjóðfélagsins vegna heilsutjóns af völdum áfengis og annarra fíkniefna.“

Undir þessa áskorun vill minni hluti fjárlaganefndar taka og væntir þess að heilbrigðisráðherra og aðrir stjórnarliðar komi í veg fyrir þá mismunun sem felst í því að áfengissjúklingar þurfi að greiða fyrir meðferð sjúkdóms síns eða eiga á hættu að skaðinn verði óbætanlegur ef þeir geta ekki borgað.

Dóms- og kirkjumál.

Helsta breytingin sem frumvarpið gerir ráð fyrir er að útgjöld til sýslumannsembætta dragist saman um 90 millj. kr. frá fjárlögum 1993 vegna fækkunar embætta og skipulagsbreytinga sem því fylgja. Fjárlaganefnd hefur engar upplýsingar fengið sem rökstyðja þennan sparnað og draga má í efa að þessi aðgerð njóti stuðnings meiri hluta þingmanna. Minni hluti fjárlaganefndar telur þessa aðgerð lítt grundaða og engan rökstuðning er að finna fyrir því í frumvarpinu að þessi sparnaður nái fram að ganga nema þjónusta þessara embætta skerðist stórlega. Allt er óvíst um framgang þessa máls vegna ósamkomulags í stjórnarliðinu sem er líkt og á fleiri sviðum.

Erindi biskups Íslands um stöður aðstoðarpresta var hafnað. Þar var um að ræða þrjár stöður í fjölmennum prestaköllum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Benda má á í þessu sambandi að álag á stóknarpresta í fjölmennum sóknum er mjög mikið, ekki síst í því efnahags- og atvinnuástandi sem nú er þegar leitað er til þeirra í miklum mæli af þeim sem höllum fæti standa í lífsbaráttunni.

Sömuleiðis var hafnað umsókn um prestsembætti í Gautaborg en benda má á að slíkt embætti þar gæti verið þýðingarmikið vegna fjölda sjúklinga sem leitar sér aðgerða þar í borg en kostnaður ríkissjóðs vegna sérstakra fylgdarmanna þeirra er um 10 millj. kr. á ári. Auk þess gæti prestur í Gautaborg þjónað hinni fjölmennu Íslendingabyggð í Ósló.

Minni hluti fjárlaganefndar telur miður að slík erindi, sem hér um ræðir, skuli ekki fá meiri undirtektir en raun ber vitni.

Landbúnaðarmál.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu dragast útgjöld til málefna sem falla undir landbúnaðarráðuneytið saman um 8%. Þetta er hlutfallslega mesta lækkun útgjalda sem eitt ráðuneyti verður að taka á sig. Landbúnaðurinn er nú í þeirri stöðu að undirbúa sig undir vaxandi samkeppni og hefur orðið að taka á sig mikla lækkun framlaga á undanförnum árum vegna búvörusamninga sem gera ráð fyrir minnkandi framleiðslu.

Engan veginn hefur verið staðið við bókanir vegna búvörusamningsins og í frumvarpinu er ekki að sjá neina stefnumörkun sem gæti auðveldað aukna framleiðni og atvinnusköpun í landbúnaði. Framlög til landgræðslu og skógræktar standa í stað. Stuðningur við leiðbeiningastarfsemina í landbúnaði er skorinn niður ár eftir ár. Búnaðarfélagi Íslands og héraðsbúnaðarsamböndunum er gert að skera niður fyrir lífeyrisskuldbindingum starfsmanna sem alls ekki er almenn regla í ríkiskerfinu eða hliðstæðum stofnunum.

Búnaðarfélag Íslands hefur með höndum lögbundna starfsemi sem löggjafinn hefur falið því að inna af hendi og ríkið hefur kostað. Framlag til þessa er fært á fjárlögum sem styrkur til félagsins. Í fjárlagatillögum var miðað við óbreytta starfsemi en félaginu er gert að skera niður, m.a. fyrir lífeyrisskuldbindingunum og draga enn saman starfsemi sína.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að jarðræktarframlög verði greidd á næsta ári. Nú þegar hefur myndast skuld vegna framkvæmda á árinu 1992 upp á 71 millj. kr. Unnið er eftir óbreyttum lögum en 4. gr. laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, tekur fyrir að framkvæmdastyrkir séu greiddir nema framlög komi á fjárlögum. Því er nú þegar byrjaður að myndast skuldahali sem tekur verðbótum byggingavísitölu samkvæmt lögum.

Jarðræktarlög eru óbreytt og unnið er eftir þeim. Því er verið að sópa útgjöldum undir teppið með þessari afgreiðslu meiri hluta nefndarinnar.

Þó að aðstæður hafi breyst í landbúnaði og framleiðsla dregist saman byggir nútímalandbúnaður á því að viðhalda ræktun til þess að tryggja gæði fóðurframleiðslunnar. Auk þess falla fleiri verkefni undir jarðræktarlög svo sem gróðurhús, garðávaxtageymslur, vatnsveitur, skjólbelti o.fl.

Rökstuddum beiðnum bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri vegna viðhalds húsnæðis og uppbyggingar aðstöðu á Hólum til kennslu og rannsókna í hrossarækt og reiðmennsku var hafnað. Sömuleiðis var umsókn um fjárveitingu vegna reiðnámskeiða fyrir fatlaða hafnað. Jafnframt er áætlað að leggja skólagjöld á nemendur skólanna.

Í áliti landbúnaðarnefndar sem er samhljóða er lagt til að fjárveiting til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri sé tekin upp í fjárlög næsta árs. Minni hlutinn tekur undir þessi sjónarmið.

Samgöngumál.

Svo virðist sem tekjustofnar til vegamála standist í meginatriðum. Það mun þó hafa í för með sér hækkun á bensíngjaldi um 2 kr. á lítra. Útfærsla á þeim lið bíður þriðju umræðu og verður gerð grein fyrir þeim áhrifum í tekjuhlið fjárlaga.

Framlög til ferja og flóabáta eru nú tekin af rekstrarfé Vegagerðarinnar og er þar um 530 millj. kr. að ræða. Þar er á ferðinni stefnubreyting þar sem sérstakt framlag til reksturs ferja og flóabáta hefur ekki áður verið tekið eingöngu af fé til vegamála. Á síðasta ári fóru 330 millj. kr. í þennan lið þótt vitað væri að það nægði ekki, sbr. töflu um áætlaðan kostnað við ferjur og flóabáta árin 1993–1996, sjá fskj. II. Það kemur síðan í ljós í fjáraukalögum fyrir árið 1993 þar sem 50 millj. kr. framlag er til ferjureksturs.

Skerðing á mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar er 370 millj. kr. og lögbundnir tekjustofnar Vegagerðarinnar þannig notaðir til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Þarna eru samtals 900 millj. kr. og er það sama upphæð og ríkisstjórnin kallar framkvæmdaátak í vegagerð á næsta ári eða kr. 900 millj. Framkvæmdaátakið er svo þar að auki fært sem lán hjá Vegagerð sem greiðast skal á næstu árum af mörkuðum tekjustofnum. Minni hlutinn mótmælir þessari málsmeðferð og telur að réttara hefði verið að Vegasjóður héldi sínum tekjustofnum og hið svokallaða framkvæmdaátak hefði verið lækkað um þá upphæð sem nemur skerðingunni. Átakið fer beint í rekstur ferja og flóabáta og sem framlag í ríkissjóð.

Hafnaáætlun tekur mið af frumvarpi til hafnalaga sem tvisvar hefur verið lagt fram á Alþingi án þess að hljóta afgreiðslu. Það er því ljóst að verði frumvarpið ekki samþykkt á þessu þingi þá breytast forsendur hafnaáætlunar þar sem greiðsluhlutfall ríkisins er þar annað en í núgildandi lögum. Minni hlutinn telur það aðfinnsluvert að miða hafnaáætlun við ósamþykkt lög. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu er hins vegar sagt að fjárveitingar til hafnamála miðist við gildandi hafnalög. Þarna er ósamræmi á milli.

Fjarskiptaeftirlit ríkisins er ný stofnun sem á að fjármagnast með sértekjum upp á 56 millj. kr. Þar er verið að auka kostnað þeirra sem þurfa að nota þjónustu stofnunarinnar. Er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar sem í síauknum mæli hleður kostnaði við opinbera þjónustu, sem skylt er að nýta, yfir á notendur þjónustunnar.

Ferðamál.

Virðisaukaskattur á ferðaþjónustu á að taka gildi um áramót samkvæmt ákvörðun fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Sýnt er að það mun verða til þess að draga úr vexti þessarar atvinnugreinar. Þá er þessi skattur alveg sérstaklega erfiður landsbyggðarfólki og atvinnugreinum á landsbyggðinni sem oft þurfa að sækja þjónustu til Reykjavíkur þar sem skatturinn kemur til hækkunar á innanlandsfargjöldum flugfélaganna. Þá veldur skatturinn einnig mismun á milli flugferða innan lands og erlendis og getur orðið erfiður í framkvæmd. Minni hlutinn gagnrýnir þessar álögur sem mismunar fólki eftir búsetu og telur fráleitt að ríkisvaldið standi fyrir slíkri skattlagningu, sjá fskj. I.

Og enn eru skert lögbundin framlög til Ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs. Þannig er hert að starfsskilyrðum þeirrar atvinnugreinar sem hefur verið helsti vaxtarbroddur í atvinnumálum hérlendis. Skerðing framlags á næsta ári er samkvæmt frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum 134 millj. kr. Ekki er enn vitað hvernig Ferðamálaráð mun bregðast við þessum niðurskurði en ástæða er til að óttast að það muni koma harkalega niður á starfsemi þess og ekki síst draga úr nauðsynlegum úrbótum í umhverfismálum.

Ferðamálasamtök landshlutanna, sem víða hafa haldið uppi þróttmiklu starfi, þurfa sífellt að standa í harðri baráttu til að fá einhverja smástyrki. Engin leiðrétting fékkst á stöðu þeirra í fjárlögum hjá meiri hluta fjárlaganefndar en samtökin hafa farið fram á að vera á sjálfstæðum fjárlagalið.

Sjávarútvegsmál.

Niðurskurður fjár til rannsókna í sjávarútvegi og fiskvinnslu annað árið í röð er áhyggjuefni. Í fjárlagaliðnum Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir var framlag skorið niður um meira en helming í fyrra, úr 51,2 millj. kr. í 21,3 millj. kr. Í ár er enn sama skerðing til þessa mikilvæga málaflokks. Þetta merkir m.a. að fjárveiting til aflanýtingarnefndar var skorin niður úr 20 millj. í 9 millj. í ár og líkur á að svipað muni endurtaka sig á næsta ári. Fimm millj. kr. hækkun breytir ekki miklu þar um þar sem verkefni undir þessum safnlið eru aukin. Aflanýtingarnefnd er samstarfsverkefni ýmissa aðila, m.a. Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Á vegum hennar hefur verið veitt fé til ýmissa grunnrannsókna, langtíma rannsóknaverkefna og stutt við nýsköpun í sjávarútvegi og fiskvinnslu.

Í skýrslu OECD, sem vakti mikla athygli á sl. ári, er bent á að Íslendingar veiti allt of litlu fé til grunnrannsókna, tilraunaverkefna og langtímarannsókna. Þessar greinar eru undirstaða framfara í nútímasamfélagi. Skerðing fjár til rannsókna í sjávarútvegi og fiskvinnslu getur því reynst okkur dýr sparnaður.

Í áliti sjávarútvegsnefndar um fjárlagafrumvarpið er lýst áhyggjum vegna skerðingar fjár til rannsókna og þróunar í sjávarútvegi. Undir þær athugasemdir tekur minni hluti fjárlaganefndar. Einnig skal bent á þá óþolandi óvissu sem ríkir um fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar sem á þessu ári varð að bjarga með aukafjárveitingu vegna þess að óraunhæfar hugmyndir um sölu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs brugðust.

Umhverfismál.

Fjárlaganefnd barst ítarlegt álit frá umhverfisnefnd þingsins og var það sameiginlegt álit bæði stjórnar og stjórnarandstöðuþingmanna í nefndinni.

Minni hlutinn áréttar það sem sagt er um Náttúrufræðistofnun Íslands en umhverfisnefnd vekur athygli á því að framsetning í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994 er ekki í samræmi við athugasemdir við 3. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands. Þar er kveðið á um að Náttúrufræðistofnun eigi að hafa sjálfstæðan fjárhag en í því felst m.a. að við afgreiðslu fjárlaga sé tekin ákvörðun um fjárveitingar til hvers seturs fyrir sig og að þau skuli öll hafa eigin stofnananúmer á fjárlögum. Þetta telur minni hlutinn brýnt að gera svo sem fram kemur í áliti umhverfisnefndar.

Fulltrúar minni hlutans hafa mótmælt því mjög eindregið að Veðurstofu Íslands sé ætlað að hefja gjaldtöku vegna veðurþjónustu fyrir innanlandsflug og að sértekjur stofnunarinnar séu hækkaðar umtalsvert þess vegna. Það er því fagnaðarefni að meiri hluti nefndarinnar gerir nú breytingartillögu þar sem fallið er frá þessum óskynsamlegu hugmyndum. Minni hlutinn telur mikilvægt að tekjustofnar Skipulags ríkisins verði endurskoðaðir svo að stofnunin geti annað lögbundnum verkefnum.

Að lokum tekur minni hlutinn undir álit fulltrúa stjórnarandstöðunnar í umhverfisnefnd sem telja að í frumvarpi til fjárlaga sé gert ráð fyrir allt of lágum fjárveitingum til umhverfisráðuneytis í heild. Fulltrúarnir lýsa yfir áhyggjum sínum vegna lágra fjárveitinga til Náttúruverndarráðs enn eitt árið og vekja athygli á að ráðinu er ætlaður þriðjungi lægra fé til starfsemi sinnar en það taldi nauðsynlegt til að geta sinnt verkefnum sínum með fullnægjandi hætti.

Lokaorð.

Í flestum þjóðþingum er það talið meginverkefni þingmanna að setja landi sínu fjárlög. Til fjárlagagerðar eru því gjarnan valdir þeir þingmenn sem langa þingreynslu hafa og mikla þekkingu á ríkisfjármálum vegna starfa sinna innan þings eða utan. Þessi skilningur var enda áréttaður af forsetum Alþingis þegar unnið var að þeirri breytingu að þingið skyldi starfa í einni deild. Lögð var áhersla á að efla sjálfstæði fjárlaganefndar gagnvart framkvæmdavaldinu, sem nokkuð hafði þótt á skorta um árabil, og sérstakur starfsmaður var ráðinn til að vinna með nefndinni. Þá var húsnæðisaðstaða nefndarinnar bætt til muna með því að tekið var á leigu húsið nr. 14 við Austurstræti.

Forsetar Alþingis bentu á að flokkadrættir um smæstu atriði væru ekki við hæfi þegar fjárlagagerðin væri annars vegar þó að viðurkennt væri að kjörinn meiri hluti mótaði að sjálfsögðu meginstefnu. Rétt minni hlutans skyldi virða en hann skyldi jafnframt sæta rétti meiri hlutans.

Forsetar töldu ástæðu til að fjárlaganefndarmenn færu til nágrannalands og kynntu sér hvernig fjárlagavinna færi fram þar sem vitað var að menn hefðu náð góðum árangri við fjárlagagerð. Varð Noregur fyrir valinu. Af einhverjum ástæðum fór þó svo að aðeins þrír nefndarmanna tókust þessa ferð á hendur, formaður nefndarinnar, Karl Steinar Guðnason, sem nú hefur látið af þingmennsku, Sturla Böðvarsson og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og fylgdi þeim starfsmaður nefndarinnar, Sigurður Rúnar Sigurjónsson. Skýrsla Jónu Valgerðar um þessa ferð fylgir með þessu nefndaráliti þingmönnum til upplýsingar.

Það vakti athygli þingmannanna að stjórnarandstæðingur var formaður fjárlaganefndar norska stórþingsins og engar sögur fóru af því að ríkisstjórn Verkamannaflokksins væri í hættu þess vegna. Þar í landi umgangast menn lýðræðið af virðingu og þess vegna virða þingmenn aðra kjörna þingmenn án tillits til flokkspólitískra skoðana. Eftir tveggja ára samstarf við meiri hluta fjárlaganefndar telur minni hluti nefndarinnar fulla ástæðu til að önnur ferð verði farin til að kynna fleiri nefndarmönnum starfshætti þjóðþinga þar sem yfirgangssemi og tillitsleysi er talið rýra traust og virðingu þingsins og vera vísasti vegurinn til aðskilnaðar og vantrausts milli þings og þjóðar.

Alþingi, 8. des. 1993.

Margrét Frímannsdóttir, frsm. Guðmundur Bjarnason. Jón Kristjánsson.

Guðrún Helgadóttir. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Fylgiskjal I.



Fyrirhuguð er að leggja 14% virðisaukaskatt á innanlandsflug frá og með næstu áramótum. Allir landsmenn þurfa að sækja sameiginlega þjónustu til Reykjavíkur. Eftir áramót verður það allt að 10%. dýrara. Hefur þú rætt þetta við þingmanninn þinn?

Hagdeild V.r.
15.04.93
H.M.S.

Áætlaður kostnaður við ferjur vegna VÁ 1993-1996

	1993 Rekstur	1993 Stofn	**1993 Alls**	1994 Rekstur	1994 Stofn	**1994 Alls**	1995 Rekstur	1995 Stofn	**1995 Alls**	1996 Rekstur	1996 Stofn	**1996 Alls**
Herjólfur	95,0	62,5	**157,5**	95,0	169,8	**264,8**	95,0	193,2	**288,2**	95,0	186,1	**281,1**
Akraborg	10,0	19,3	**29,3**	10,0	24,2	**34,2**	10,0	23,1	**33,1**	10,0	21,9	**31,9**
Baldur	33,1	58,0	**91,1**	33,1	91,9	**125,0**	33,1	87,7	**120,8**	33,1	83,5	**116,6**
Fagranes	19,1	5,9	**25,0**	19,5	6,6	**26,1**	19,5	6,4	**25,9**	19,5	6,2	**25,7**
Sæfari	20,5	14,3	**34,8**	20,5	14,3	**34,8**	20,5	13,8	**34,3**	20,5	13,3	**33,8**
Sævar	9,0	0,0	**9,0**	9,0	0,0	**9,0**	9,0	0,0	**9,0**	9,0	0,0	**9,0**
Anný	4,2	0,0	**4,2**	4,2	0,0	**4,2**	4,2	0,0	**4,2**	4,2	0,0	**4,2**
Norðurfj.	1,8	0,0	**1,8**	1,8	0,0	**1,8**	1,8	0,0	**1,8**	1,8	0,0	**1,8**
Ófyrirséð	19,3	8,0	**27,3**	19,3	15,3	**34,6**	19,3	16,2	**35,5**	19,3	15,6	**34,9**
Alls:	212,0	168,0	**380,0**	212,4	322,1	**534,5**	212,4	340,4	**552,8**	212,4	326,6	**539,0**

Forsendur:

Stuðst er við forsendur fjárlaga hvað varðar gengi og liborvexti

USD	62,6
DEM	39,77
JPY	0,506
Libor%	4

Gert er ráð fyrir að áfallnir vextir fram til 31.1992 verði ekki greiddir af V.r.
Helsta óvissan er varðandi endurgreiðslu v/Herjólfs. Hér metin 80 m.kr. sem dreifist á afborganir dollaralána.

Fylgiskjal III.

Ferð fjárlaganefndarmanna til Noregs 25.–26. jan. 1993.

Ferðin var farin til að kynna sér starfsemi fjárlaganefndar norska Stórþingsins og þá aðallega fjárlagavinnuna. Einnig komu starfshættir og skipulag umræðna í Stórþinginu til umfjöllunar. Haldnir voru fundir með nokkrum nefndarmönnum fjárlaganefndarinnar og einnig með Ríkisendurskoðun, fjármálaráðuneytismönnum og riturum og skrifstofustjórum Stórþingsins.

Vinnan við fjárlagagerðina hefst í raun í desember, 13 mánuðum áður en fjárlagaárið gengur í garð. Nánari grein er gerð fyrir ferli fjárlaganna í fjárlaganefnd og fagnefndum í sérstakri skýrslu. Ég ætla að stikla hér á því sem mér fannst sérstaklega athyglisvert og kem þá einnig inn á þingsköp og starfsáætlanagerð norska þingsins.

Þegar fjármálaráðherra leggur fram fjárlagafrumvarp í fyrstu viku október fara engar umræður fram. Frumvarpinu er vísað til fjárlaganefndar og einstökum köflum frumvarpsins er vísað til viðkomandi fagnefnda. Fjárlaganefndin vinnur málið í nefndinni í um einn mánuð og leggur fram nefndarálit (Dokument I) í byrjun nóvember. Þá fer fram umræða í Stórþinginu og samið er um það fyrir fram hve langan tíma hún á að taka. Venjulega eru það tveir dagar, tíu tímar hvorn dag. Tillaga um tímamörkin er borin upp í þinginu og er þá hægt að gera athugasemdir og hugsanlega lengja eða stytta tímann. Ræðutíma er skipt niður á flokka eftir þingstyrk þeirra og menn þurfa að setja sig á mælendaskrá daginn áður en umræðan fer fram. Ræðumenn mega tala tvisvar, 30 mínútur í fyrra skiptið og tíu mínútur í seinna skiptið. Einnig eru leyfð fimm andsvör eftir hverja ræðu. Daginn sem umræðan fer fram er hægt að setja sig á mælendaskrá en þá fær ræðumaður aðeins þrjár mínútur til umráða tvisvar sinnum. Tímamörk sem ákveðin hafa verið standast því nokkuð, geta í mesta lagi farið 2–4 tíma fram úr áætlun í heildina tekið og er þá umræðu haldið áfram fram eftir kvöldi seinni daginn þar til henni lýkur. Af 165 þingmönnum Stórþingsins er algengt að um helmingur þeirra taki til máls um fjárlögin.

Þessar reglur gilda einnig um önnur mál þingsins en þá er venjulega ákveðinn tími styttri, t.d. er algengt að fjórir tímar séu teknir í umræður um lagafrumvörp. Þau eru fyrst tekin fyrir í viðkomandi fagnefnd sem leggur þau fyrir óðalsþingið og ákveður um leið í samráði við forsætisnefndina hve langan tíma umræðan taki. Forseti skiptir tímanum á milli flokka og þingmenn raða sér á þann tíma. Einstakir þingmenn geta fengið orðið í þrjár mínútur tvisvar. Framsögumenn tala yfirleitt í 15–20 mínútur.

Fagnefndir skila síðan af sér hver af annarri sínum málaflokki í fjárlagafrumvarpinu beint inn í Stórþingið (ekki með milligöngu fjárlaganefndar) og umræða um það fer fram eftir því sem það berst og lýkur í nóvember. Frumvarpið getur tekið nokkrum breytingum í meðferð nefndanna en þeim er þó uppálagt að halda sig innan rammans. Þær fjalla bæði um tekjur og gjöld fyrir viðkomandi málaflokk. Verkaskipting er í föstum skorðum í öllum nefndum. Hver nefndarmaður ber ábyrgð á einum málaflokki nefndarinnar, t.d. er í fjárlaganefnd einn með skattamál, annar með gengismál o.s.frv. Í samgöngunefnd er einn með flugmál, annar með hafnir, þriðji með vegamál o.s.frv.

Þegar allar fagnefndir hafa skilað af sér er tekin fyrir svokölluð „salderingstillaga“ ríkisstjórnar í fjárlaganefnd og rædd þar í um viku. Að því loknu leggur fjárlaganefnd fram endanlegar tillögur á þingskjali sem merkt er II. Þá er kominn miður desember og lokaumræða um fjárlög og atkvæðagreiðsla er afgreidd á einum degi í Stórþinginu.

Þegar ég spurði hvort aldrei væru ótímabundnar umræður í þinginu var svarið að það hefði verið fyrir 50 árum og fyrir allmörgum árum var tímalengd ein klukkustund á mann en nú er hálf klukkustund hámark.

Ráðherrar taka varamenn inn þegar þeir taka sæti í ríkisstjórn og starfa ekki sem þingmenn en þeir sitja í þinginu þegar mál sem þá varða eru á dagskrá.

Hver þingmaður situr aðeins í einni þingnefnd. Nefndafundir eru einu sinni til tvisvar í viku og þingfundir þrjá daga í viku. Í fjárlaganefnd situr a.m.k. einn frá hverjum þingflokki, annars fer það eftir þingstyrk. Formaður fjárlaganefndar er oftar en ekki úr stjórnarandstöðu en varaformaður úr stjórnarflokknum. Formenn annarra nefnda eru kosnir eftir þingstyrk og því talsvert um það að stjórnarandstaðan eigi formenn nefnda.

Minnihlutaríkisstjórn þarf að hafa 1% af fjárlögum til þess að koma til móts við óskir þeirra sem vilja styðja hana í þinginu og getur verið um 3–4 milljarða norskra króna að ræða. En þegar á heildina er litið verða ekki miklar breytingar á fjárlagafrumvarpinu í meðförum þingsins og 5% af fjárlögum má færa milli ára.

Yfirleitt er þinghald norska þingsins í mjög föstum skorðum og það er öruggt að þingmenn þar eiga hægara um vik með að skipuleggja tíma sinn en íslenskir kollegar þeirra. Hægt er að velta fyrir sér hvort hið norska lýðræði sé nokkru lakara en hið íslenska þrátt fyrir allströng tímamörk í umræðum. Og fullyrða má að umræður hér á Alþingi fari á stundum fram úr því sem eðlilegt getur talist. Hins vegar þarf á öllum tímum að gæta þess að vinnubrögð séu þannig að sjónarmið, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, komist skilmerkilega á framfæri. Hér er t.d. formennsku í nefndum ekki skipt eftir þingstyrk eins og í Noregi. En ætla má að þar með sé stjórnarandstaðan gerð ábyrgari fyrir afgreiðslu mála.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

335. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Einarsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. Nýr liður: 108 Kvennarannsóknir	3.000
2. Við 4. gr. 02-221 Kennaraháskóli Íslands. 104 Stoðþjónusta. Fyrir „23.600“ kemur	33.600
3. Við 4. gr. 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg starfsemi. Nýr liður: 114 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndunum, UNIFEM	5.600

	Þús. kr.
4. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. 170 Atvinnumál kvenna.	
Fyrir „15.000“ kemur	75.000
5. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.	
a. Við 140 Kvennaathvarf í Reykjavík.	
Fyrir „15.400“ kemur	18.367
b. Við 141 Stígamót.	
Fyrir „6.900“ kemur	7.500

336. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 og brtt. á þskj. 326 [Fjárlög 1994].

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Jóni Kristjánssyni, Agli Jónssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
a. Við 4. gr. 08-381 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.	
Fyrir „288.700“ kemur	290.700
b. Við brtt. 326,57, b-lið (Hjúkrunarheimili aldraðra). Við sundurliðun í sérstöku yfirliti bætist:	
5 Fáskrúðsfjörður	2.000

337. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá Jóni Helgasyni og Guðna Ágústssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 04-311 Landgræðsla ríkisins. Nýr liður:	
191 Til að stöðva eyðingu Lakagíga og Skaftáreldahrauns af völdum Skaftárhlaupa	10.000

338. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Við 6. gr. Nýr liður:

3.60 Að afhenda Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) til eignar eftirtaldar eignir sem þau hafa nú til afnota að Staðarfelli í Dölum:
— gamla skólahúsið,
— kennaraíbúðir (tvö hús),
— kyndi- og rafstöðvarhús.

339. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Ragnari Arnalds,
Kristni H. Gunnarssyni og Ragnari Elbergssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 05-202 Hafrannsóknastofnun. Nýr liður:	
144 Klak- og hrygningarannsóknir á þorski	14.000

340. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 11-371 Orkusjóður. Nýr liður:	
616 Jarðhitaleit í Austur-Skaftafellssýslu	3.000
2. Við 4. gr. 14-201 Náttúruverndarráð. Nýr liður:	
111 Friðland á Lónsöræfum, skipulag, merkingar og landvarsla	1.000
3. Við 4. gr. 14-301 Skipulagsstjóri ríkisins. Nýr liður:	
112 Skipulag miðhálendis	2.500
4. Við 4. gr. 14-310 Landmælingar Íslands. Nýr liður:	
102 DMA-kortagerð	14.000

341. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla. Nýr liður:	
602 Framkvæmdir við félagsaðstöðu	10.000
2. Við 4. gr. 02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík. Nýr liður:	
602 Lagfæring á húsnæði	10.000

342. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá Svavari Gestssyni, Ragnari Arnalds, Kristni H. Gunnarssyni, Ragnari Elbergssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-720 Grunnskólar, almennt. Nýr liður:	
191 Til framkvæmdar grunnskólalaga, óskipt	160.000
2. Við 4. gr. 08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið. 4 Sértekjur.	
Fyrir „24.400“ kemur	7.200

343. Frumvarp til laga [273. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Gunnlaugur Stefánsson.

1. gr.

67. gr. laganna, sbr. 18. gr. laga nr. 44/1993, orðast svo:

Ökutæki, sem skráð er hér á landi, skal færa til almennrar skoðunar árlega frá og með þriðja ári eftir að það er skráð nýtt fyrsta sinni. Bifreiðaskoðun Íslands annast skoðun ökutækja. Þó er heimilt á fjórða ári eftir nýskráningu, fimmta ári og annað hvert ár eftir það að láta skoða ökutæki hjá verkstæði sem öðlast hefur viðurkenningu til að annast almenna skoðun samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Endurskoðun ökutækja má með sama hætti fara fram á verkstæði sem öðlast hefur viðurkenningu, sbr. 1. mgr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um skoðun skráningarskyldra ökutækja, þar á meðal um skilyrði þau er almenn verkstæði skulu uppfylla til að mega skoða ökutæki, hvenær almenn skoðun fer fram og að öðru leyti um framkvæmd hennar.

Dómsmálaráðherra ákveður gjald fyrir skoðun ökutækja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt reglum þeim, sem nú eru í gildi um skoðun ökutækja og settar eru á grundvelli 67. gr. umferðarlaga, er meginreglan sú að skylt er að færa ökutæki hér á landi til almennrar skoðunar hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. Skal skoðun fara fram ár hvert frá og með næsta ári eftir skráningu, þó að undanskildum bifeiðum til fólksflutninga, bifhjólum og skráðum eftirvögnum undir 5.000 kg af leyfðri heildarþyngd en þau ökutæki skal skoða árlega almennri skoðun frá og með þriðja ári eftir að ökutækið var skráð fyrsta sinni. Samkvæmt reglunum ákveður Bifreiðaskoðun Íslands hvar ökutæki skulu færð til almennrar skoðunar. Í öllum tilvikum skal færa ökutæki til skoðunar hjá Bifreiðaskoðun Íslands en þó er heimilt að láta annast endurskoðun á verkstæði ef Bifreiðaskoðunin hefur veitt verkstæðinu heimild til að annast slíka skoðun.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á fyrrgreindri tilhögun. Í breytingunum felst í fyrsta lagi að gert er ráð fyrir að reglan um skoðun þremur árum eftir nýskráningu taki til allra skráðra ökutækja. Í öðru lagi er lagt til að í stað þess að aðeins sé heimilt að láta almenna lögboðna skoðun fara fram hjá Bifreiðaskoðun Íslands verði eigendum ökutækja heimilt að láta skoða þau hjá verkstæðum sem öðlast hafa viðurkenningu til að annast lögbundna skoðun á fjórða og fimmta ári eftir nýskráningu og annað hvert ár þar á eftir. Með þessu munu eigendur ökutækja öðlast þann kost að láta lögboðna skoðun að hluta fara fram á almennum verkstæðum sem uppfylla tilskilin skilyrði í stað þess að þurfa ætíð að færa ökutæki sitt til Bifreiðaskoðunarinnar. Þó þykir ástæða til að sú regla gildi að Bifreiðaskoðun Íslands sjái um skoðun á þriðja og sjötta ári eftir nýskráningu og annað hvert ár þar á eftir enda hefur Bifreiðaskoðunin yfir að ráða mjög fullkomnum tækjabúnaði til skoðunar sem ekki er hægt að skylda almenn verkstæði til að afla sér kostnaðarins vegna. Þá er lagt til að lögbundin verði heimild til að láta endurskoðun fara fram hjá verkstæðum sem uppfylla skilyrði samkvæmt reglum dómsmálaráðherra í stað þeirra reglna að endurskoðun megi aðeins fara fram á verkstæði hafi það fengið heimild til slíkrar skoðunar hjá Bifreiðaskoðuninni.

Full ástæða er til að endurskoða gildandi reglur hér á landi um bifreiðaskoðun. Má í því sambandi benda á að mjög ör þróun hefur orðið í sambandi við öryggisbúnað og endingu ökutækja. Betri endingu bifreiða hér á landi má einnig rekja til vegabóta á síðastliðnum árum. Árleg skoðun ökutækja þjónar samkvæmt framansögðu vart tilgangi nú á tímum og þykir því rétt að sömu reglur verði látnar gilda um öll ökutæki, þ.e. að þau verði fyrst færð til skoðunar á ný á þriðja ári eftir nýskráningu.

Sú tilhögun að Bifreiðaskoðun Íslands hafi einkarétt til almennrar skoðunar byggir á samningi fyrirtækisins við dómsmálaráðuneytið. Sú skipan hefur verið nokkuð umdeild og má einnig nefna að þær ráðagerðir að margir landsmenn þurfi að sækja lögbundna skoðun bifreiða um enn lengri veg en verið hefur eru hvetjandi um endurskoðun á því fyrirkomulagi sem nú er í gildi.

Ljóst er að þær reglur, sem nú eru í gildi, leiða til kostnaðar fyrir eigendur ökutækja sem alls ekki eru í samræmi við öryggissjónarmið þau er ættu að liggja að baki. Markmið frumvarpsins er m.a. hagkvæmni varðandi skoðun og eftirlit. Þannig verður lögbundin skoðun ökutækja aðgengilegri fyrir landsmenn en nú er án þess að dregið verði úr gæðum eða kröfum til öryggis ökutækja.

344. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Ragnari Arnalds, Hjörleifi Guttormssyni og Ragnari Elbergssyni.

	M.kr.
1. Við 3. gr. 4126 Tekjuskattur félaga.	
Fyrir „2.460“ komi	2.980
2. Við 3. gr. 4250 Virðisaukaskattur.	
Fyrir „37.950“ komi	37.400

Greinargerð.

Gert er ráð fyrir að tekjuskattsprósenta félaga verði óbreytt á næsta ári eða 39% eins og nú er. Þá er lagt til að 14% virðisaukaskattur á farþegaflutninga með innanlandsflugi og almenningsfarartækjum og á bækur falli niður, en í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir þeim tekjum.

345. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 og brtt. á þskj. 326 [Fjárlög 1994].

Frá Finni Ingólfssyni, Stefáni Guðmundssyni og Ingibjörgu Pálmadóttur.

	Þús. kr.
1. Við brtt. 326,21, a-lið (Ungmennafélag Íslands).	
Fyrir „10.000“ kemur	14.000
2. Við 4. gr. 02-989 110 Íþróttasamband Íslands.	
Fyrir „24.000“ kemur	32.000

346. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 338 [Fjárlög 1994].

Frá Svavari Gestssyni.

Á eftir orðunum „Staðarfelli í Dölum“ komi: enda verði þar starfrækt áfram meðferðarheimili.

347. Fyrirspurn [274. mál]

til iðnaðarráðherra um útflutning á íslensku vatni í neytendaumbúðum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve mörg fyrirtæki hafa verið stofnuð hér á landi á sl. tíu árum með það að markmiði að flytja út íslenskt drykkjarvatn?
2. Þurfa þeir aðilar, sem ætla að hefja útflutning á neysluvatni, að sækja um framkvæmdar- og/eða starfsleyfi?
3. Ef svo er, hversu margir aðilar hafa sótt um slíkt leyfi?
4. Hefur ráðuneytið eða annar aðili unnið að markaðskönnun varðandi frekari möguleika á útflutningi íslensks drykkjarvatns?

348. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk Finn Sveinbjörnsson og Pál Ásgrímsson frá viðskiptaráðuneytinu á sinn fund til að skýra einstök ákvæði. Þá hefur nefndin fengið umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Byggðastofnun, Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Íslenskri verslun, Verslunarráði Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum verðbréfafyrirtækja og Seðlabanka Íslands. Flestir umsagnaraðilar taka jákvæða afstöðu til frumvarpsins en nokkrir gera þó fyrirvara um breytingar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru eftirfarandi:

1. Breytingar á 2. gr. fela í sér að færa það ákvæði í sama horf og í frumvarpinu þegar það var flutt á síðasta löggjafarþingi og leiðrétta þannig þau mistök sem urðu við frágang frumvarpsins nú.
2. Með breytingu á 3. gr. frumvarpsins er ítrekuð sú almenna regla að lánastofnanir verði einungis stofnaðar sem hlutafélög. Þessar stofnanir fá víðtækar heimildir til að veita margs konar fjármálaþjónustu og farsælasta leiðin til að tryggja samræmd rekstrarskilyrði er að gera kröfu um sams konar rekstrarform. Auk þess gilda um hlutafélög fast-

mótaðar lagareglur. Að sjálfsögðu verður hægt að stofna til lánastofnana með öðrum hætti samkvæmt sérstökum lögum ef það þykir hentugt. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingum að því er varðar þær lánastofnanir sem nú starfa og engin afstaða er tekin til þess hvort skipulagi þeirra skuli breytt.

3. Breytingin á 8. gr. er aðeins orðalagsbreyting til að gera ákvæðið skýrara.
4. Breytingin á 9. gr. felur í sér að það er ráðherra sem á að hafa frumkvæði að setningu reglna um eignarleigustarfsemi en ekki bankaeftirlitið. Nefndin telur eðlilegra að hafa ákvæðið svona þótt ráðherra muni væntanlega hafa um þetta samráð við bankaeftirlitið í framkvæmd.

Ingi Björn Albertsson og Rannveig Guðmundsdóttir voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 1993.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Guðjón Guðmundsson.
	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	

349. Breytingartillögur [131. mál]

við frv. til l. um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Orðin „eða hafa heimild í lögum eða samþykktum til þess að afla sér“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Þrátt fyrir ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði er lánastofnun heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarbanki“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum.
2. Við 3. gr. Framan við 1. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Lánastofnun verður einungis stofnuð sem hlutafélag.
3. Við 8. gr. Lokamálsliður 1. mgr. orðist svo: Um verðbréfaviðskipti lánastofnana gilda auk ákvæða laga þessara ákvæði laga um verðbréfaviðskipti eftir því sem við getur átt.
4. Við 9. gr. Orðin „að fenginni tillögu bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. falli brott.

350. Frumvarp til laga [275. mál]

um breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

4. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 47/1990, orðast svo:

4.1. Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisráðherra að því er varðar 2. gr. og umhverfisráðherra að því er varðar 3. gr. staðfesta“ í 3. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 47/1990, kemur: umhverfisráðherra staðfestir.

3. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vegna 2. gr. og umhverfisráðherra vegna 3. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1993, kemur: umhverfisráðherra.

4. gr.

5. mgr. 13. gr. orðast svo:

13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn umhverfismála, heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að færa yfirstjórn hollustuhátta og heilbrigðiseftirlits til umhverfisráðuneytis. Því fylgir að Hollustuvernd ríkisins færist til umhverfisráðuneytis frá og með næstu áramótum. Í frumvarpi þessu eru gerðar nauðsynlegar breytingar á lögunum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit vegna þessa tilflutnings.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gerð sú breyting að í stað heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis að því er mengunarvarnir varðar komi eingöngu umhverfisráðuneyti. Þá er fellt niður hlutverk landlæknis um að vera ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt sem lýtur að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti. Þykir það óþarfi eftir að málasviðið heyrir ekki lengur undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Um 2. og 3. gr.

Leiðir af tilflutningi yfirstjórnar málasviðsins.

Um 4. gr.

Hér er gerð minni háttar breyting á 5. mgr. 13. gr. til að tryggja það að yfirstjórn heilbrigðismála geti leitað álits Hollustuverndar. Jafnframt er bætt inn í ákvæðið yfirstjórn umhverfismála.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn.

Verði frumvarpið að lögum færist yfirstjórn hollustuhátta og heilbrigðiseftirlits, þar með talið Hollustuvernd ríkisins, frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Ekki verður séð að þessi ákvæði frumvarpsins muni ein og sér leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

351. Skýrsla [276. mál]

utanríkisráðherra um utanríkismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

INNGANGUR

Á þeim átta mánuðum sem liðnir eru frá því síðasta skýrsla um utanríkismál var flutt á Alþingi hafa Íslendingar í auknum mæli orðið þess varir hvernig örlög þeirra og lífsafkoma tengjast atburðarás heimsmálanna. Utanríkismálin hafa bein og óbein áhrif á æ fleiri þætti íslensks þjóðlífs. Landsmálin ráða jafnframt meiru nú en áður um þá ímynd sem Ísland getur af sér í alþjóðlegu samstarfi. Hvað sem landafræði líður er Ísland ekki eyland lengur.

Áhrifin af vaxandi tengslum Íslendinga við umheiminn eru margvísleg. Þær hörmulegu svipmyndir af afleiðingum vopnaðra átaka, náttúruhamfara, hungursneyðar og fátæktar, sem birtast sjónvarpsáhorfendum nær daglega, minna á að Íslendingar hafa skyldum að gegna gagnvart einstaklingum annars staðar á jarðkringlunni. Þær stórfelldu breytingar, sem átt hafa sér stað í öryggismálum Evrópu við lok kalda stríðsins, valda því að íslensk stjórnvöld vilja nú stuðla að eðlilegri aðlögun á starfsemi varnarliðsins hér á landi. Aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hefur þegar haft í för með sér veigamiklar breytingar fyrir íslenska stjórnsýslu og atvinnulíf. Fyrir þjóð, sem háðari er útflutningsviðskiptum en flestar aðrar þjóðir, er mikið í húfi að dregið verði úr tollum og hindrunum í alþjóðaviðskiptum. Árangursrík niðurstaða Uruguay-viðræðnanna um hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT) yrði því ekki síst Íslendingum umtalsverður búhnykkur. Þannig mætti lengi telja.

Möguleikum svo fámennrar þjóðar sem við Íslendingar erum til að láta til sín taka á alþjóðavettvangi eru augljósar skorður reistar. Utanríkisstefnan miðast þó ekki við það eitt að bregðast við ytri áhrifum. Saga þjóðarinnar og menning skapar henni sérstök færi á að leggja sinn skerf af mörkum í sameiginlegri baráttu ríkja heims fyrir betra mannlífi. Með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi, hvort heldur er til eflingar lýðræði, mannréttindum, viðskiptum, umhverfisvernd eða takmörkun vígbúnaðar, stuðla Íslendingar að því að þeir sjálfir geti byggt í friði og farsæld á landi sínu um ókomna tíð. Eftir því sem skilin milli landsmála og utanríkismála verða ógreinilegri geta Íslendingar hins vegar því aðeins orðið gjaldgengir þar sem þeir vilja einkum láta að sér kveða að þeir geri jafnframt ýtrustu kröfur til sjálfra sín við stjórn landsmála. Íslendingar geta þjónað málstað lýðræðis og mannréttinda einungis að því tilskildu að þeir tryggi sínum eigin borgurum lýðræðislega stjórnarhætti og mannréttindavernd. Framlag Íslands til frjálsra viðskipta hlýtur á sama hátt að vera háð því að við leysum miklvæga þætti í atvinnulífi okkar úr viðjum úreltra boða og banna.

Vaxandi skörun utanríkismála og málefna, sem okkur hefur verið tamt að líta á sem innanlandsmál, er eitt af einkennum þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað að loknu kalda stríðinu. Annað einkenni er aukin samtvinnun ólíkra þátta utanríkismála í umræðum um öryggismál. Eftir því sem dregið hefur úr hættunni á hernaðarlegum allsherjarátökum í okkar heimshluta hafa ekki síst mannréttindi, efnahagsmál og viðskipti rutt sér til rúms sem veigamiklir þættir í tilraunum ríkja til að sjá öryggi sínu borgið. Slík útvíkkun öryggishugtaksins leysir stjórnvöld að sjálfsögðu ekki undan þeirri grundvallarskyldu að tryggja öryggi þegna sinna með viðeigandi ráðstöfunum í þágu landvarna. Hún skerpir hins vegar nauðsyn þess að stjórnvöld reki virka stefnu í utanríkismálum á ólíkum vettvangi samtímis.

DRAUMSÝN SEM BRÁST

Kalda stríðinu er lokið, en áhrifin af endalokum þess, sem engin gat séð fyrir, eru enn að koma í ljós. Við hrun kommúnismans fyrir fimm árum bundu menn við það vonir að tímabil sátta og samvinnu væri um það bil að renna upp í Evrópu. Reynslan hefur kennt okkur að draumsýn þessi átti ekki við rök að styðjast. Við áttum okkur nú á að ríki, sem áratuga harðstjórn og miðstýring höfðu nánast komið á vonarvöl, verða ekki endurreist í einu vetfangi. Slík endurreisn og aðlögun að leikreglum lýðræðis og markaðshagkerfis krefst þolinmæði og dyggrar liðveislu utanaðkomandi til lengri tíma litið, svo að komið verði í veg fyrir hættulegan óstöðugleika sem ógnað getur sameiginlegu öryggi Evrópuríkja. Grimmileg átök, sem blossað hafa upp í fyrrverandi Júgóslavíu og á landsvæði Sovétríkjanna fyrrverandi, hafa afhjúpað vanmátt samfélags þjóðanna til að sporna gegn hinum lífseigu öflum haturs og þjóðernisofstækis. Takmarkaður árangur af tilraunum alþjóðasamtaka til að stilla til friðar á blóðugustu vígvöllum Afríku, Angóla og Sómalíu, hefur einnig alið á efasemdum um raunhæfa möguleika á nýrri skipan heimsmála að kalda stríðinu loknu.

En þótt úrlausnarefnin við hinar breyttu aðstæður í alþjóðamálum hafi reynst vandasamari og margþættari en séð varð fyrir væri ósanngjarnt að áfellast þau fjölþjóðasamtök og stofnanir sem farið hafa í fararbroddi fyrir tilraunum til að leggja grunninn að friðsamlegri heimi. Á stuttum tíma hafa t.d. Sameinuðu þjóðunum fallið í skaut fleiri verkefni en þau hafa með góðu móti fengið við ráðið, einkum á sviði friðargæslu. Andstreymi og erfiðleikar við framkvæmd ákveðinna verkefna mega ekki verða til þess að samfélag þjóðanna kippi að sér höndum og snúi baki við þeim sem í nauðum eru staddir.

MIÐ-AUSTURLÖND

Ástæða er til að fagna því að verulegur árangur hefur nýlega náðst í langvinnum deilumálum sem valdið hafa spennu á alþjóðavettvangi. Hið sögulega friðarsamkomulag Ísraelsmanna og Frelsissamtaka Palestínumanna í september sl. er til vitnis um að svo framarlega sem einlægur vilji er fyrir hendi er hægt að greiða jafnvel úr vandamálum sem virst hafa óleysanleg. Samkomulagið ryður vonandi braut fyrir allsherjarlausn á deilum Ísraels og Araba. Ríkisstjórnin vill leggja sitt af mörkum til að friðarsamkomulaginu verði hrint í framkvæmd og hefur ákveðið að leggja fram 90 millj. kr. til uppbyggingarstarfs á svæðinu á næstu fimm árum. Áformað er að aðstoðin verði í formi tækniaðstoðar og beinna framlaga.

SUÐUR-AFRÍKA

Það telst einnig til mikilla tíðinda að stjórnvöld í Suður-Afríku hafa fallist á að deila völdum með blökkumönnum og samtökum þeirra. Samkomulag hefur náðst um stjórnarskrá til bráðabrigða og þing Suður-Afríku hefur stofnað sérstakt framkvæmdaráð sem annast mun undirbúning lýðræðislegra kosninga sem væntanlega fara fram 27. apríl á næsta ári. Framkvæmdaráðið mun starfa samhliða ríkisstjórninni og situr einn fulltrúi í ráðinu frá hverjum þeim samtökum sem tóku þátt í samningaviðræðunum um framtíðarstjórnarskipulag Suður-Afríku. Þrátt fyrir að ýmis vandamál blasi við er allt útlit fyrir að hin illræmda aðskilnaðarstefna í Suður-Afríku verði loks afnumin á næsta ári.

FYRRVERANDI JÚGÓSLAVÍA

Enginn vafi leikur á að ástandið í fyrrverandi Júgóslavíu er öðru fremur sá ásteytingarsteinn sem björtustu vonir manna um nýja Evrópu hafa brotnað á. Friði í Bosníu-Herzegóvínu verður ekki komið á nema stríðandi fylkingar á svæðinu hafi vilja til þess sjálfar. Eigi að síður ætti það að vera öllum siðmenntuðum þjóðum alvarlegt áhyggjuefni þegar sjálfstætt og fullvalda aðildarríki að Sameinuðu þjóðunum er lagt í rúst með blóðugum og hrottafengnum hætti, án þess að samtökin eða önnur bandalög, sem beinna hagsmuna hafa að gæta, geti beitt sér til að stöðva átökin. Þrátt fyrir þetta ber ekki að vanmeta það öfluga hjálparstarf sem átt hefur sér stað á svæðinu undir merkjum Sameinuðu þjóðanna og með tilstuðlan ríkja sem lagt hafa til friðargæslulið. Nú þegar vetrarharðindi sverfa að íbúum á svæðinu er nauðsynlegt að mannúðaraðstoð verði haldið áfram svo að komið verði í veg fyrir enn frekari harmleik. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að slíkum hjálparstörfum verði fram haldið um aldur og ævi. Því er nauðsynlegt að kapp verði lagt á að blása lífi að nýju í friðarviðræðurnar í Genf sem legið hafa að mestu niðri síðan í ágúst. Í tengslum við þessar viðræður hefur nýlega komið til álita að aflétta að hluta refsiaðgerðum Sameinuðu þjóðanna gegn Serbum í skiptum fyrir málamiðlun gagnvart múslimum um landsvæði.

Þátttöku Íslands í alþjóðlegu starfi um málefni fyrrverandi Júgóslavíu voru gerð ítarleg skil í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis í apríl sl. Til viðbótar þeirri aðstoð, sem þar er greint frá, ákvað ríkisstjórnin að veita viðtöku nokkrum fórnarlömbum átakanna í fyrrverandi Júgóslavíu og veita þeim læknismeðferð.

Ríkisstjórnin hefur lagt aukna áherslu á virka og ábyrga þátttöku Íslands í fjölþjóðlegu samstarfi. Breyttar aðstæður í kjölfar kalda stríðsins valda því að þessi áhersla er brýnni en nokkru sinni fyrr. Í skýrslu nefndar ríkisstjórnarinnar um öryggis- og varnarmál er m.a. bent á að „friðargæsluverkefni verða sífellt flóknari og nær nú friðargæsla í sumum tilvikum til mannúðarmála og jafnvel mannréttinda. Íslendingar eiga að leggja áherslu á virka þátttöku í slíku starfi og líta á það sem framlag sitt til að stuðla að stöðugleika og friði í sínum heimshluta og veröldinni allri".

Sérstök könnun á hugsanlegu framlagi Íslands til friðargæslu í fyrrverandi Júgóslavíu leiddi í ljós á sl. sumri að þátttaka Íslands gæti einna helst orðið á sviði heilbrigðisþjónustu. Óskað var samráðs við norsk stjórnvöld um þetta efni og varð niðurstaðan sú að Norðmenn buðu Íslendingum að senda sérhæft starfsfólk til starfa í heilsugæslusveit innan ramma samnorrænnar friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna í Bosníu-Herzegóvínu. Ákvað ríkisstjórnin í september sl. að veita 7,5 millj. kr. til þessa verkefnis, en það felur í sér að hægt verði að senda tvo lækna og fjóra hjúkrunarfræðinga til starfa í sveitinni í sex mánuði fyrst um sinn. Að auki var samþykkt að kanna möguleika á því að gefa íslensk lyf, blóðefni eða vatn til sveitarinnar. Viðræður hafa þegar farið fram um framkvæmd þátttökunnar og er stefnt að því að gert verði sérstakt samkomulag ríkjanna um það efni. Áformað er að hinir íslensku friðargæsluliðar hljóti þjálfun í Noregi og fari til starfa með vorinu. Athygli er vakin á að þátttaka Íslands í friðargæslu af þessu tagi er án hliðstæðu. Eru vonir við það bundnar að hún geti skapað fordæmi sem styrkt geti stöðu Íslands í alþjóðlegu samstarfi til lengri tíma er litið.

RÚSSLAND OG AUSTUR-EVRÓPA

Ástandið í Rússlandi hefur einnig mikil áhrif á stöðugleika í Evrópu. Á síðustu árum — ekki síst á því tímabili sem hér er til umræðu — hefur oft verið tvísýnt um framtíðarþróun í Rússlandi. Síðast þegar stuðningsmenn fulltrúaþingsins fyrrverandi létu til skarar skríða með ofbeldisverkum í Moskvu í byrjun október lýsti ríkisstjórnin áhyggjum vegna átakanna og ítrekaði stuðning sinn við Jeltsín forseta.

Innan fárra daga verða haldnar þingkosningar í Rússlandi. Kosningarnar vekja bjartsýni á að rússnesk stjórnvöld séu staðráðin í að hrinda í framkvæmd stjórnmálalegum og efnahagslegum umbótum. Mikið veltur á að kosningarnar fari vel fram og að nýkjörið þing og ný stjórnarskrá efli lýðræðislega stjórnarhætti í Rússlandi. Ríkisstjórnin hefur tilnefnt einn fulltrúa til að taka þátt í alþjóðlegu eftirliti með framkvæmd kosninganna. Alþingi hefur einnig tilnefnt fulltrúa.

Andstætt því sem margir óttuðust hefur Rússland ekki horfið aftur til hefðbundinnar einangrunar í tortryggni, heldur staðfest að það er órjúfanlegur hluti af Evrópu. Rússnesk utanríkisstefna endurspeglar þannig breytt markmið og aðferðir. Samt er það svo að hagsmunagæsla heimsveldis þróast ekki ætíð í fullu samræmi við yfirlýsta utanríkisstefnu. Rússnesk stjórnvöld hafa áhyggjur af átökum í fyrrverandi Sovétlýðveldum og öryggi landamæra sambandsríkisins og hafa áskilið sér rétt til afskipta af meintum ógnunum í næsta nágrenni Rússlands, á landsvæði Sovétríkjanna fyrrverandi. Sjálftekinn réttur til íhlutunar í innanríkismál sjálfstæðra og fullvalda nágrannaríkja samræmist hins vegar ekki yfirlýstum vilja til samstarfs og samráðs við önnur ríki, auk þess sem hann stríðir gegn alþjóðlegum skuldbindingum ríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Ráðstafanir til verndar öryggi í einu ríki mega ekki verða til þess að skapa öryggisleysi hjá öðrum. Úthlutun áhrifasvæða í anda Yalta-samkomulagsins heyrir til liðinni tíð og er fullkomlega andstæð tilraunum Evrópuríkja til að koma í veg fyrir nýja skiptingu álfunnar.

Í þessu sambandi er ástæða til að víkja sérstaklega að samskiptum Rússlands og Eystrasaltsríkjanna. Rússneskir hermenn eru enn í Eistlandi og Lettlandi og rússnesk stjórnvöld virðast leggja vaxandi áherslu á áframhaldandi stjórn hernaðarmannvirkja í Lettlandi. Þrátt fyrir heitstrengingar um hið gagnstæða hafa rússnesk stjórnvöld í raun ekki horfið frá tengingu brottflutnings hersveita við stöðu rússnesku þjóðernisminnihlutanna í ríkjunum tveimur. Niðurstöður nýlegra sveitarstjórnarkosninga í Eistlandi styrktu í sessi þann dóm evrópskra sérfræðinga að mannréttindi rússneska minni hlutans væru vel tryggð. Jafnvel þótt svo væri ekki gæfi það rússneskum stjórnvöldum ekki rétt til að halda her í landinu gagnstætt vilja réttkjörinna stjórnvalda. Ríkisstjórnin hefur því við ólík tækifæri ítrekað kröfuna um algeran brottflutning rússneskra hersveita frá Eystrasaltsríkjunum og fagnar því að rússnesk stjórnvöld hafa nú lagt til að brottflutningi frá Eistlandi verði lokið fyrir 31. ágúst á næsta ári. Mikilvægt er að skuldbinding um brottflutning herja verði ekki háð skilyrðum og að samkomulag náist um tímaáætlun. Ástæða er einnig til að fagna því að brottflutningi hersveita frá Litháen var lokið fyrir 31. ágúst á þessu ári.

ATLANTSHAFSBANDALAGIÐ

Á þeim umróts- og óvissutímum sem nú fara í hönd verður aðildin að Atlantshafsbandalaginu áfram hornsteinn stefnu Íslendinga í öryggismálum.

Reglulegum fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins er nú nýlokið og fundur ríkisoddvita aðildarríkjanna í aðsigi. Mikil umræða á undanförnum mánuðum um framtíðarhlutverk bandalagsins og öryggismál Evrópu hefur víða vakið væntingar um að þar verði teknar tímamótaákvarðanir um ný verkefni og hugsanlega fjölgun aðildarríkja. Ástæða er til að stilla slíkum væntingum í hóf. Aðlögun Atlantshafsbandalagsins að breyttum aðstæðum í Evrópu hefur gengið vonum framar. Miklu skiptir að þeim árangri verði ekki teflt í tvísýnu.

Stöðugleika og öryggi í Evrópu er nú ekki hægt að miða við friðhelgi landamæra einvörðungu. Líta verður á álfuna sem heild og taka tillit til heildarhagsmuna. Þess vegna bíða Atlantshafsbandalagsins mjög vandasöm úrlausnarefni. Styrkur og aðdráttarafl bandalagsins felst í þeim sameiginlegu hugsjónum sem það aðhyllist, samheldni aðildarríkjanna og sameiginlegum varnarviðbúnaði þeirra. Í sjálfu sér hefur vörn bandalagsins fyrir grundvallarhagsmuni aðildarríkjanna stuðlað að frekari stöðugleika og öryggi í Evrópu og því skiptir miklu að frekari aðlögun þess verði ekki á kostnað þeirra eiginleika sem hafa reynst svo vel. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir smærri aðildarríki Atlantshafsbandalagsins og er í raun einnig markmið ríkja í Mið- og Austur-Evrópu.

Á hinn bóginn verður ekki horft fram hjá því að mörg ríki í Mið- og Austur-Evrópu finna til öryggisleysis. Í ljósi sögunnar og núverandi aðstæðna í þessum heimshluta er það ekki að ástæðulausu. Rík áhersla margra Mið- og Austur-Evrópuríkja á aðild að Atlantshafsbandalaginu endurspeglar styrkleika þess og þó einkum Atlantshafstengslanna. Bandalagsríki mega ekki daufheyrast við væntingum og óskum þessara ríkja.

Jafnframt er ljóst að hvorki öryggi Mið- og Austur-Evrópu, né Vestur-Evrópu, verður tryggt einhliða á kostnað Rússlands, Úkraínu eða annarra ríkja í austurhluta álfunnar. Reyna verður til hins ýtrasta að virkja þann mátt sem Rússland býr yfir í þágu Evrópu sem heildar með því að efla enn frekar tvíhliða og fjölþjóðleg tengsl milli vestur- og austurhluta álfunnar.

Þess vegna ber að fagna nýlegum tillögum bandarískra stjórnvalda um „Samvinnu í þágu friðar", en þær fela í sér aukið og nánara samstarf Atlantshafsbandalagsins við þau ríki í Mið- og Austur-Evrópu sem þess óska. Tillögurnar, sem hlutu stuðning á nýafstöðnum fundi Norður-Atlantshafssamvinnuráðsins, gera m.a. ráð fyrir því að slíkt aukið samstarf, ekki síst á sviði varnarmála, geti rutt brautina fyrir stækkun Atlantshafsbandalagsins síðar. Miðað við núverandi aðstæður mundi það þó hvorki þjóna hagsmunum bandalagsríkja né nýrra umsækjenda um aðild að rasa um ráð fram.

Þegar fjölgun aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins verður tímabær, með þeirri víkkun varnarskuldbindinga sem henni fylgir, þarf að íhuga vel samræmi við aðrar hugsanlegar tvíhliða og fjölþjóðlegar skuldbindingar sem felast til dæmis í aðild að Evrópusambandinu og VES. Að auki þarf að huga að hlutverki og verkaskiptingu milli Norður-Atlantshafssamvinnuráðsins, Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og Evrópuráðsins þegar til lengri tíma er litið.

VESTUR-EVRÓPUSAMBANDIÐ

Meira en ár er nú liðið síðan skjal um aukaaðild Íslands, Noregs og Tyrklands að Vestur-Evrópusambandinu (VES) var undirritað í Róm. Í skjalinu er kveðið á um að ríkin þrjú verði „virkir áheyrnaraðilar" þar til aðild Grikklands að samtökunum hafi verið fullgilt af gríska þinginu. Nú er búist við að þessari fullgildingu verði jafnvel lokið fyrir áramót og þá verður Ísland formlega aukaaðili að VES.

Undanfarið ár hefur verið annasamt innan Vestur-Evrópusambandsins. Höfuðstöðvarnar voru fluttar frá Lundúnum til Brussel, skipulagi breytt og starfsfólki fjölgað. Ný viðfangsefni snerta ekki aðeins innri aðlögun samtakanna og tengsl þeirra við önnur samtök og stofnanir, heldur hafa þau þegar látið að sér kveða í evrópskum öryggismálum með þátttöku í framkvæmd refsiaðgerða Sameinuðu þjóðanna á Adríahafi og áætlunum um þátttöku í friðargæslu í Bosníu-Hersegóvínu.

Þótt aðildarríki VES séu sammála um að efla samtökin og fá þeim nýtt hlutverk virðast þau ekki enn hafa fullmótaða framtíðarsýn. Í Maastricht-sáttmálanum er gert ráð fyrir að VES verði „varnarmálasvið" Evrópusambandsins og í mörgum aðildarríkjum er horft til loka gildistíma Brussel-samningsins árið 1997 sem tímamóta í þróun samtakanna. Ekkert er þó gefið í þessu efni því að sum aðildarríki vilja fara hægt í slíkan samruna, enda telja þau að VES verði að halda nokkru sjálfstæði til að geta sinnt hlutverki sínu sem hin evrópska stoð Atlantshafsbandalagsins sem verði áfram undirstaða vestur-evrópskrar öryggisskipunar.

Á liðnum árum hefur umræðan um eflingu VES að öðrum þræði snúist um aukna evrópska samkennd í öryggis- og varnarmálum. Íslensk stjórnvöld hafa ávallt stutt viðleitni í þá átt að evrópsk aðildarríki Atlantshafsbandalagsins öxluðu stærri hluta af þeim sameiginlegu byrðum sem fylgdu vörnum þessa heimshluta og tækju um leið meira frumkvæði og ábyrgð á stefnumótun á því sviði. Með frekari fækkun í bandarísku herliði í Evrópu verður evrópsk samkennd í öryggis- og varnarmálum ekki einungis göfug hugsjón heldur knýjandi nauðsyn.

Með gildistöku Maastricht-sáttmálans og stofnun Evrópusambandsins hefur nú verið gengið skrefi lengra og grunnur lagður að sameiginlegri utanríkis- og öryggismálastefnu aðildarríkjanna. Fyrirsjáanlega verður mótun og framkvæmd þessarar stefnu hvorki betri né verri en samstaðan innan Evrópusambandsins á hverjum tíma, en af sömu ástæðum og nefndar hafa verið hér að framan er ástæða til að fagna því ef Evrópusambandið verður betur samstiga í utanríkismálum og öryggis- og varnarmálum.

Að dómi ríkisstjórnarinnar er afar mikilvægt að Ísland geri sér far um að fylgjast með aukinni samvinnu ríkja Evrópusambandsins á þessu sviði. Jafnframt ber að árétta viðvarandi mikilvægi Atlantshafstengslanna fyrir evrópsk öryggismál og mun Ísland leggja á þau sérstaka áherslu innan vébanda Vestur-Evrópusambandsins.

ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að Ísland gerðist aðili að Vestur-Evrópusambandinu tók á sínum tíma mið af nauðsyn þess að laga stefnu landsins í öryggismálum að kröfum nýs tíma. Endalok tvískiptingar Evrópu og dvínandi hernaðarógn samfara hruni Sovétríkjanna fyrrverandi setja hins vegar mark sitt óumflýjanlega á aðra þætti íslenskra öryggis- og varnarmála, þar á meðal varnarsamstarfið við Bandaríkin.

Í framsöguræðu um utanríkismál á Alþingi í mars 1992 lýsti utanríkisráðherra eftirfarandi yfir:

„Tvíhliða varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna verður eftir sem áður ein af meginstoðum utanríkisstefnunnar, en jafnhliða ... þurfum við Íslendingar að búa okkur undir að vægi og umsvif varnarliðsins hér á landi minnki á næstu árum. ... Því er ráðlegt og tímabært að íslensk stjórnvöld efni til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um tilhögun og umfang varnarsamstarfsins á komandi árum og eru uppi áform um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að skipa sérstaka nefnd til að sinna því verkefni ..."

Umrædd nefnd, sem tók til starfa í júní 1992, hlaut það verkefni að greina og leggja mat á breyttar aðstæður í öryggismálum og fjalla í því sambandi sérstaklega um tvíhliða varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna. Lagði nefndin fram skýrslu sína í mars sl. og var hún rædd á Alþingi mánuði síðar.

Á grundvelli þeirra niðurstaðna, sem komist er að í skýrslunni, hafa fulltrúar ríkisstjórnarinnar átt ítarlegar viðræður við fulltrúa bandarískra stjórnvalda um öryggismál og fyrirkomulag varnarsamstarfs ríkjanna. Haldnir hafa verið nokkrir viðræðufundir embættismanna í Reykjavík og Washington, auk þess sem forsætisráðherra og utanríkisráðherra hafa haft tækifæri til að gera öryggis- og varnarmálum skil á fundum með varaforseta og utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Ræddi utanríkisráðherra nú síðast við hinn bandaríska starfsbróður sinn í Brussel 2. desember sl.

Í þessum viðræðum ríkjanna um fyrirkomulag varnarsamstarfsins, sem enn er ekki lokið, hefur komið fram að báðir aðilar eru sammála um þær meginforsendur sem máli skipta; annars vegar óskert mikilvægi hins tvíhliða varnarsamnings ríkjanna frá 1951 og hins vegar nauðsyn aðlögunar í varnarviðbúnaði Bandaríkjamanna á Íslandi.

Stjórnvöld í Washington hafa staðfastlega áréttað að þau muni standa við varnarskuldbindingar sínar gagnvart Íslandi. Í sameiginlegri yfirlýsingu viðræðuaðila, sem gefin var út í júní sl. að loknum fyrsta fundi þeirra eftir að stjórnarskipti höfðu orðið í Bandaríkjunum, ítreka þannig báðir aðilar „þær varnarskuldbindingar sem felast í tvíhliða varnarsamningum frá 1951 og áframhald náins öryggismálasamstarfs Íslands og Bandaríkjanna sem er báðum ríkjum gagnlegt".

Báðir aðilar hafa jafnframt verið sammála um að samningurinn feli í sér svigrúm til aðlögunar í ljósi breyttra aðstæðna. Þess er skemmst að minnast að umtalsverð hernaðaruppbygging sovéska Norðurflotans, sem hófst á sjöunda áratugnum, varð til þess að íslensk og bandarísk stjórnvöld ákváðu um miðjan síðasta áratug að efla loftvarnahlutverk varnarliðsins til muna. Á sama hátt hafa íslensk og bandarísk stjórnvöld einnig komið sér saman um að stefna beri að eðlilegum samdrætti í starfsemi varnarliðsins í kjölfar þess að ógnin af Norðurflotanum er nú að mestu leyti úr sögunni við ríkjandi aðstæður.

Í grófum dráttum fjalla þær viðræður Íslands og Bandaríkjanna, sem staðið hafa yfir um nokkurt skeið, um samræmda útfærslu varnarsamstarfsins sem fullnægt getur báðum þessum skilyrðum, þ.e. nauðsynlegri og eðlilegri aðlögun í starfsemi varnarliðsins innan þeirra marka sem viðvarandi öryggishagsmunir Íslands leyfa — á grundvelli varnarsamningsins. Eru vonir við það bundnar að báðir aðilar geti komist að niðurstöðu um slíka útfærslu innan tíðar.

Í þessu samhengi er vert að árétta að það er grundvallarskylda ábyrgra stjórnvalda að tryggja varnir landsins og öryggi. Því ber að fagna að lok kalda stríðsins hafa gert vestrænum ríkjum kleift að draga úr vígbúnaði og beina skattfé ríkisborgaranna til verðugri verkefna á alþjóðavettvangi. Ekkert ríki hefur hins vegar brugðist við þeim straumhvörfum, sem orðið hafa á undanförnum fimm árum, með því að láta varnir sínar fyrir róða. Umfang nauðsynlegs viðbúnaðar er breytingum undirorpið hverju sinni, en jafnvel friðsömustu tímar leysa stjórnvöld ekki undan þeirri kvöð að gæta öryggis þegna sinna með viðeigandi hætti. Verkfærin breytast, en markmiðin eru hin sömu og áður.

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

Aðstæður í heiminum í kjölfar kalda stríðsins hafa aukið áhrif Sameinuðu þjóðanna til muna en jafnframt skapað mikið fjárhagslegt og stjórnunarlegt álag á samtökin. Athygli hefur í auknum mæli beinst að störfum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem öðlast hefur mun meira vægi í samanburði við allsherjarþingið og er á ný orðið starfhæft eftir að hafa verið í fjötrum neitunarvalds Sovétríkjanna fyrrverandi um áratuga skeið. Í upphafi einkenndi bjartsýni afstöðu ríkja til þessa nýja hlutverks öryggisráðsins, en mistök við framkvæmd ályktana ráðsins hafa orðið til að árétta nauðsyn endurskoðunar á starfsemi og skipan þess. Þar sem árangur af störfum öryggisráðsins er mestur, þegar það nýtur víðtæks stuðnings aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, er mikilvægt að víðtæk samstaða náist um slíka endurskoðun.

Ríkisstjórnin er því hlynnt að fjölgað verði í öryggisráðinu, enda hefur aðildarríkjum samtakanna fjölgað verulega frá því að síðasta endurskoðun fór fram. Stjórnvöld geta enn fremur stutt áform um fjölgun fastra sæta í ráðinu að því tilskildu að um mjög fá sæti verði að ræða og að slíkum sætum fylgi ekki neitunarvald. Enn fremur er mikilvægt að viðkomandi ríki verði reiðubúin til að leggja sitt af mörkum við varðveislu heimsfriðar og öryggis.

Undanfarin ár hefur Ísland, ásamt Norðurlöndunum, staðið að tillögum um umbætur á rekstri Sameinuðu þjóðanna. Ráðgera Norðurlöndin að leggja fram ályktunartillögu um eflingu og endurskipulagningu á starfsemi samtakanna á sviði friðargæslu á yfirstandandi allsherjarþingi með það í huga að auka samræmingu á sviði mannúðaraðstoðar, enduruppbyggingar, kosningaeftirlits og verndar mannréttinda. Að því er mannréttindi varðar er Ísland fylgjandi því að komið verði á fót embætti sérstaks mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.

MANNRÉTTINDI

Hin aukna áhersla, sem lögð er á mannréttindi og eflingu lýðræðislegs stjórnarfars í umræðum um alþjóðamál, kom glöggt í ljós á mannréttindaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í júní síðastliðnum. Ráðstefnan áréttaði algildi mannréttinda, það sjónarmið að allir menn njóti tiltekinna lágmarksréttinda og að samfélag þjóðanna eigi rétt á að hlutast til þar sem um alvarleg mannréttindabrot er að ræða í einstökum ríkjum. Mikilvægur árangur náðist í réttindabaráttu barna og fatlaðra, en einnig í málefnum kvenna. Niðurstöður ráðstefnunnar eru gott veganesti fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um réttindi kvenna sem haldin verður í Peking árið 1995. Utanríkisráðuneytið hefur þegar hafið undirbúning að þátttöku í ráðstefnunni og gerir sér vonir um víðtækt samstarf við önnur ráðuneyti og óopinber félagasamtök.

Mannréttindi og efling lýðræðis voru einnig meginviðfangsefni fyrsta leiðtogafundar Evrópuráðsins í október sl. Ein mikilvægasta niðurstaða fundarins var framkvæmdaáætlun um aðgerðir gegn kynþáttamisrétti, útlendingahatri og skorti á umburðarlyndi. Í ljósi vaxandi umræðu hér á landi um málefni nýbúa er tímabært að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir sérstöku kynningarátaki á þessu sviði í samræmi við niðurstöður leiðtogafundarins.

MÁLEFNI FLÓTTAMANNA

Málefni flóttamanna vega æ þyngra á metunum í alþjóðlegu samstarfi vestrænna ríkja. Samkvæmt nýlegum upplýsingum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) eru um 19 milljónir pólitískra flóttamanna í heiminum, auk 24 milljóna manna sem hafa flúið heimili sín af pólitískum ástæðum en eru enn búsettir í heimalöndum. Flóttamannavandinn hefur ekki verið meiri frá lokum síðari heimstyrjaldarinnar.

Hafa þarf hugfast að mannlegar þjáningar og mannréttindabrot gera menn nauðuga að pólitískum flóttamönnum. Sú áhersla, sem Ísland hefur lagt á mannréttindavernd á alþjóðavettvangi, útheimtir að Ísland axli byrðar af móttöku flóttamanna með sama hætti og nágrannaþjóðirnar. Ísland hefur t.d. ekki enn tekið á móti pólitískum flóttamönnum frá ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu. Enginn flóttamaður kom til Íslands árið 1992 og einungis þrír Víetnamar hafa fengið pólitískt hæli hér á landi á þessu ári.

Tímabært er að stjórnvöld marki mannúðlega heildarstefnu um móttöku pólitískra flóttamanna. Stigið hefur verið skref í rétta átt með nýlegri samþykkt ríkisstjórnarinnar um að tilnefna aðila til að semja tillögur um heildarstefnu í málefnum pólitískra flóttamanna á Íslandi.

UMHVERFISMÁL

Á árinu hlaut Ísland kosningu í umhverfisnefnd Sameinuðu þjóðanna sem sett var á fót til þess að vinna að framkvæmd yfirlýsinga ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó de Janeiro árið 1992 um umhverfi og þróun. Meðal þeirra mála sem Ísland leggur áherslu á er að undirbúningi alþjóðlegra aðgerða til eflingar vörnum gegn mengun sjávar frá landstöðvum verði hraðað. Þótt 70–80% af mengun hafsins eigi rætur að rekja til landstöðva er ekki fyrir hendi alþjóðasamningur um samræmdar aðgerðir gegn þessari mengun. Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna mun halda ráðstefnu um þessi málefni í Washington árið 1995, en þrír undirbúningsfundir verða haldnir og hefur Ísland ákveðið að bjóða til síðasta undirbúningsfundarins hér á landi í mars 1995.

Íslendingar njóta þeirrar gæfu að mengun hér er lítil, loft hreint, ár og lækir tærir. Á alþjóðavettvangi hafa þeir gengið fram og barist gegn losun hættulegra efna í sjó og hafa almennt viljað skipa sér í framvarðarsveit í baráttunni gegn mengun í heiminum. Enn er þó langt í land með að fullnægjandi eftirlit sé með því að Íslendingar virði sjálfir þær skuldbindingar sem þeir hafa tekið á sig. Sé mengun hér takmörkuð er það ekki Íslendingum einum að þakka heldur því að iðnaður hér er smár í sniðum og landið afskekkt og vindbarið. Í samningum um EES hafa Íslendingar þurft að skýra út fyrir samningsaðilum að aðstæður á Íslandi leyfi ekki eins strangt eftirlit né harðar reglur í umhverfismálum og tíðkast á meginlandinu. Einnig hér verða Íslendingar að gera sér grein fyrir að einhverju verður að kosta til ætli þeir halda þeim orðstír að Íslendingar vilji standa öðrum framar eða að minnsta kosti jafnfætis þegar kemur að vernd umhverfisins.

Umhverfismálaumræðan hefur einnig haft sívaxandi áhrif á viðskipta milli þjóða. Hvalafriðunarsinnar hafa leitast við að beina viðskiptum frá hvalveiðilöndum. Stórfyrirtæki í iðnþróuðum löndum, sem þurfa að bera talsverðan kostnað vegna mengunarvarna, knýja á um að innflutningur frá löndum, þar sem umhverfisreglur eru ekki eins strangar, verði takmarkaður. Því er talið líklegt að næsta lota í GATT-viðræðunum verði að verulegu leyti helguð viðskiptum og umhverfismálum.

Íslenskar afurðir hafa víða verið auglýstar og markaðsfærðar með góðum árangri á þeim forsendum að um heilnæma og ómengaða vöru sé að ræða. Ef að líkum lætur verður það enn mikilvægara í framtíðinni en hingað til að sýna fram á hreinleika vöru. Sú ímynd er viðkvæm og þarf ekki mikið til að hnekkja henni. Þótt fiskimið umhverfis Ísland séu hreinni en til dæmis Norðursjór eða Miðjarðarhaf bera hafstraumar og vindar með sér norður úrgang frá iðnaðarhéruðum sunnar í álfunni. Eitt kjarnorkuslys í Barentshafi getur orðið til þess að markaður fyrir fisk frá öllu norðurhveli jarðar hrynji. Íslendingar eiga því mikilla beinna hagsmuna að gæta í baráttunni gegn mengun úthafanna.

HAFRÉTTARMÁL

Hafréttarmálin hafa verið snar þáttur íslenskrar hagsmunagæslu hjá Sameinuðu þjóðunum. Þáttaskil urðu í hafréttarmálum í síðasta mánuði þegar sextíu ríki höfðu staðfest hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna. Þar með var skilyrðum um gildistöku samningsins fullnægt og tekur hann gildi í lok næsta árs.

Til þessa hafa fá iðnríki gerst aðilar að hafréttarsamningnum vegna óánægju með kafla hans um vinnslu málma á hafsbotni. Viðræður, sem miða að því að lagfæra samninginn til að auðvelda þessum ríkjum að gerast aðilar, standa yfir undir forustu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Það er von ríkisstjórnarinnar að í þessum viðræðum náist rammasamkomulag sem verði til þess að öll ríki geti gerst aðilar að samningnum.

Á liðnu sumri var haldinn annar fundur ráðstefnunnar um nýtingu og friðun fiskstofna sem halda sig víðar en í efnahagslögsögu eins ríkis eða teljast til mikilla fartegunda. Á ráðstefnunni í sumar lagði Ísland fram tillögu ásamt Argentínu, Kanada, Chile og Nýja-Sjálandi um alþjóðlegt samkomulag um úthafsveiðar og fyrirkomulag þeirra. Tillögurnar byggjast á samráði ríkja og er áhersla lögð á mikilvægi alþjóðastofnana. Gert er ráð fyrir að slíkar stofnanir setji m.a. reglur um verndun og nýtingu stofna á úthafsmiðum, þar á meðal heildarkvóta og úthlutun þeirra. Stefnt er að því að ráðstefnan ljúki störfum næsta sumar og verða niðurstöður hennar lagðar fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

Ísland var forusturíki í hópi strandríkja þegar barist var fyrir útfærslu fiskveiðilögsögu í 200 mílur. Þeirri baráttu lauk með fullum sigri. Mikilvægustu fiskimið Íslendinga eru nú innan íslenskrar lögsögu og svigrúm til frekari útfærslu takmarkast verulega af fiskveiðilögsögu annarra ríkja sem lögsögu eiga upp að henni. En þó svo að áhersla Íslendinga hafi legið undanfarin ár á nýtingu eigin fiskimiða hafa þeir lengi einnig sótt á fjarlæg mið. Þegar deilan kom upp í sumar um veiðar í svonefndri „Smugu" í Barentshafi, alþjóðlegu hafsvæði sem liggur upp að lögsögu Norðmanna og Rússa, var Íslendingum núið því um nasir að þeir hefðu með veiðum sínum þar afneitað fyrri stefnu. Því fer fjarri. Íslendingar geta verið stoltir af þeim árangri sem náðst hefur og standa fast við framkvæmd allra ákvæða hafréttarsáttmálans, þar með talið þeirra sem lúta að ábyrgri stjórn strandríkja á stofnum innan lögsögu þeirra. Það var hins vegar hvorki löglegt að meina íslenskum skipum að stunda veiðar á svæði sem óumdeilanlega er alþjóðlegt, né var hægt að verja það að Íslendingar, einir þjóða á norðurslóðum, ættu enga hlutdeild í ört vaxandi þorskstofni Barentshafsins, allra síst eftir að aflaheimildir á Íslandsmiðum hafa verið skornar jafnharkalega niður og raun ber vitni. Brýnt er nú að leysa þessa deilu í fullri vinsemd og í samstarfi við Norðmenn og Rússa. Áfram verður reynt að finna viðræðum við Norðmenn og Rússa einhvern þann farveg sem dugað getur til lausnar og væri þá eðlilegt að kanna jafnframt viðbrögð þessara þjóða við

aðild Íslands að Svalbarðasamningnum frá 1920. Íslendingar eiga meira erindi að samstarfi um þetta svæði en ýmis þau ríki sem þar eru aðilar þrátt fyrir að vara beri við ýktum væntingum.

RÁÐSTEFNAN UM ÖRYGGI OG SAMVINNU Í EVRÓPU

Mörg þeirra mála, sem vikið var að hér að framan, þar á meðal svæðisbundnar deilur, mannréttindi og málefni flóttamanna, hafa verið efst á baugi innan Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE). Nýlega er lokið fundi utanríkisráðherra þátttökuríkjanna í Róm, en á fundinum var m.a. ákveðið að efla starfsemi ráðstefnunnar með breytingum á stofnunum hennar og aukinni samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir, ekki síst Sameinuðu þjóðirnar og Evrópuráðið.

Að undanförnu hafa störf ráðstefnunnar einkum tekið mið af því að væntingar manna að kalda stríðinu loknu um stöðugleika, eflingu lýðræðis og aukin mannréttindi á því svæði, sem þátttökuríkin 53 ná yfir, hafa ekki náð fram að ganga. Þvert á móti hafa átök, ofbeldisverk og mannréttindabrot víða færst í aukana. Einkum á þetta við í fyrrverandi Júgóslavíu og á landsvæði Sovétríkjanna fyrrverandi, í Nagorno-Karabakh, Georgíu, Moldóvu og Tadsjikistan, þar sem ráðstefnuríkin hafa í auknum mæli beint sjónum sínum.

Undir öflugri forustu síðasta formennskuríkis ráðstefnunnar, Svíþjóðar, náðist engu að síður áþreifanlegur árangur á síðasta ári. Sendinefndir ráðstefnunnar til átakasvæða stuðluðu að betri og beinni tengslum við stjórnvöld á þessum svæðum, auk þess sem sendinefnd til að kanna mannréttindalöggjöf í Eistlandi átti stóran þátt í því að gerðar voru endurbætur á löggjöfinni. Störf sérstaks fulltrúa ráðstefnunnar til að kanna aðstæður þjóðernisminnihluta, hafa einnig orðið til að styrkja hlutverk ráðstefnunnar á sviði átakavarna. Til að bæta skilvirkni ráðstefnunnar frekar ákvað fundur utanríkisráðherranna í Róm m.a. að setja á fót fastanefnd þátttökuríkjanna í Vín og efla skrifstofu nýskipaðs aðalframkvæmdastjóra ráðstefnunnar.

Sökum óumflýjanlegs niðurskurðar hefur engu að síður verið ákveðið að fyrirsvar Íslands gagnvart ráðstefnunni verði flutt frá Vín og sameinað sendiráðinu í Bonn.

ÚTBREIÐSLA GEREYÐINGARVOPNA

Þótt frekari fækkun í herjum og vopnabúrum sé enn mikilvægt markmið flestra lýðræðisríkja, hefur mikilsverður árangur á sviði afvopnunar og einhliða niðurskurður útgjalda til varnarmála í mörgum ríkjum dregið úr þeim áherslum sem áður voru ríkjandi. Að auki hafa vangaveltur um hlutföll í herjum í Evrópu fallið í skugga hættunnar á útbreiðslu hvers kyns gereyðingarvopna. Óþarft er að fjölyrða um þá ógn sem gervöllu mannkyni stafar af keðjuverkandi kapphlaupi um öflun slíkra vopna og hátæknibúnaðar til að beita þeim, einkum og sér í lagi þar sem óábyrgar einræðisstjórnir eru fremstar í flokki. Jafnframt er nú um það rætt í fyllstu alvöru að hryðjuverkamenn kunni að grípa til slíkra vopna í stórborgum Vesturlanda.

Skoða verður aðgerðir Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í Írak og Norður-Kóreu í þessu samhengi. Einnig skýrir það áhyggjur margra ríkja vegna þróunar mála í Úkraínu. Innan Sameinuðu þjóðanna hefur verið vaxandi stuðningur við styrkingu og ótímabundna framlengingu Samningsins um bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT) frá og

með árinu 1995, en bæði fyrrnefnd ríki eru skuldbundin af samningnum. Ef sýnt verður að meiri hluta aðila að þessum og öðrum viðlíka samningum, að ónefndum viðeigandi samtökum og stofnunum, sé ókleift að framfylgja eftirlits- eða refsiákvæðum er voðinn vís. Íslensk stjórnvöld hafa af fremsta megni reynt að styðja viðleitni til takmörkunar útbreiðslu gereyðingarvopna.

Þrátt fyrir að tilraunir með kjarnavopn stuðli ekki að útbreiðslu þeirra með beinum hætti og færa megi tæknileg rök fyrir slíkum tilraunum hefur núverandi tímabundið bann við tilraunum mælst vel fyrir og styrkt stöðu þeirra sem vilja hefta útbreiðslu kjarnavopna. Það verður því að teljast miður að kínversk stjórnvöld hafi kosið að rjúfa þá samstöðu sem myndast hefur í kjölfar kalda stríðsins. Íslensk stjórnvöld vilja stuðla að allsherjarbanni við tilraunum með kjarnavopn sem hægt er að sannreyna, en núverandi aðstæður gefa tilefni til bjartsýni um að slíku markmiði verði náð.

Vonast er til að Samningurinn um bann við framleiðslu, öflun, þróun og notkun efnavopna taki gildi í janúar 1995. Ísland var á meðal stofnaðila samningsins og gert er ráð fyrir að hann verði lagður fram til fullgildingar á Alþingi á næsta ári.

GATT

Auk öryggis- og varnarmála, hafa viðskiptamálin verið efst á baugi í íslenskum utanríkismálum á undanförnum mánuðum. Vonir standa til að áttundu lotu GATT-viðræðna, Uruguay-lotunni, fari senn að ljúka. Mikilvægi hennar, jafnt fyrir þjóðarhag sem heimsviðskipti, hefur áður verið útskýrt á þessum vettvangi. Þjónustuviðskipti eru sífellt stærri þáttur í efnahagslífi þróaðra ríkja, en í þessari lotu hefur í fyrsta sinn verið fjallað um hvaða reglur skuli gilda alþjóðlega um þetta svið. Enn fremur eru settar skýrari reglur um viðskipti með landbúnaðarvörur en þekkst hafa hingað til. GATT sem stofnun mun styrkjast og skorður verða reistar við því að stórveldi neyti aflsmunar í viðskiptum við smáríki. Ísland hefur reynt að fá samþykktar tollalækkanir á sjávarafurðum, bæði í tvíhliða viðræðum við einstök aðildarríki og með því að setja fram kröfu um samningsbundna almenna lækkun. Útlínur hugsanlegs samkomulags skýrast nú óðum og eftir því sem fleiri kurl koma til grafar verður ljósara hversu nauðsynlegt er að leiða samningana farsællega til lykta. Nýleg skýrsla frá OECD metur árlegan efnahagsbata, sem rekja megi beint til samninganna, á 270 milljarða Bandaríkjadala. Ef samningar tækjust ekki og viðskiptastríð brytist út yrði tjónið þó mun meira. Slík átök mundu ekki síst bitna á smærri ríkjum sem háð eru utanríkisviðskiptum.

Þeim fer nú fækkandi sem telja að Ísland komi ár sinni best fyrir borð í alþjóðaviðskiptum með því að segja sig úr lögum við aðrar þjóðir, heyja gegn þeim viðskiptastríð með því að hunsa skuldbindingar en treysta á það að ekki komi til gagnaðgerða vegna smæðar landsins og almennrar velvildar annarra þjóða. Með virkari þátttöku í alþjóðlegu samstarfi höfum við áunnið okkur réttindi, en jafnframt er æ betur fylgst með því að við stöndum við okkar skuldbindingar. Þegar er hafin skoðun á viðskiptastefnu Íslands innan GATT, en lokayfirheyrsla í þeirri skoðun fer fram í Genf í febrúar nk. Þar þurfa fulltrúar Íslands að standa fyrir svörum um það hvernig staðið hefur verið við gerða samninga, en um leið gefst tækifæri til þess að vekja athygli á íslenskum hagsmunum. Sem dæmi má nefna að hætt er við að ýmis ríki innan GATT væru þegar búin að láta undan þrýstingi hvalaverndunarsamtaka og grípa til innflutningstakmarkana á íslenskar afurðir ef GATT-reglur hefðu ekki komið til. Á Frakklandsmarkaði voru nýlega hertar reglur um nafngift á hörpuskel, en það hefur torveldað

útflutning þessarar vöru þangað. Þetta mál hefur þegar verið tekið upp í GATT. Fleira mætti tína til, en ljóst er að ekki er hægt að fara fram á tryggan aðgang að erlendum mörkuðum en beita svo geðþóttareglum við innflutning erlendis frá.

Þetta þýðir hins vegar ekki að GATT-samningurinn þýði afnám allrar verndar. Miklu fremur mætti gagnrýna það tilboð sem Ísland hefur nú lagt fram í GATT fyrir að veita of mikla tollvernd fyrir innlenda framleiðendur en of litla, enda mun ekki reynast nauðsynlegt að nýta nema að hluta það svigrúm sem tilboðið felur í sér til álagningar innflutningsgjalda.

NAFTA

Oft virðist fjallað um svæðisbundið og alþjóðlegt viðskiptasamstarf sem andstæður sem ekki geti farið saman. Þá gleymist að í stofnsamningi GATT er einmitt gert ráð fyrir fríverslunarsamningum einstakra ríkjahópa. Slíkir samningar eru ekki aðeins í fullu samræmi við GATT heldur eiga þeir að geta örvað alþjóðlega fríverslun. Þetta var áberandi þegar NAFTA-samningurinn var samþykktur í bandaríska þinginu. Samningurinn byggir að verulegu leyti á fríverslunarsamningi Bandaríkjanna og Kanada. Aðild Mexikó hefur ekki mikla viðskiptalega þýðingu fyrir Ísland eða önnur Evrópuríki, en samþykkt NAFTA hefur táknræna og pólitíska þýðingu langt út fyrir meginland Ameríku. Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hafa Bandaríkin verið einn helsti merkisberi frjálsrar heimsverslunar. Höfnun NAFTA í Bandaríkjaþingi hefði mátt túlka sem afturhvarf til einangrunar og verndarhyggju sem aftur hefði getað haft neikvæð áhrif á GATT-viðræðurnar.

NAFTA-samningurinn er opinn öðrum ríkjum og fríverslunartengsl NAFTA-ríkjanna þriggja, hvers í sínu lagi eða með ríkjum utan svæðisins, koma vel til greina. Slíkt virðist ekki á döfinni sem stendur, en Chile hefur þó formlega sótt um aðild og verið vel tekið. Ágreiningurinn í Bandaríkjunum vegna NAFTA- og GATT-samninganna, svo og framkvæmd þeirra, valda því að bandarísk stjórnvöld verða ekki í stakk búin til frekari samninga fyrr en síðari hluta næsta árs. Íslenskar afurðir hafa átt greiðan aðgang að Bandaríkjamarkaði og verður sá aðgangur tryggari með samþykkt GATT. Fastmótaðri fríverslunartengsl við Bandaríkin gætu þó tryggt enn meiri festu og öryggi í viðskiptum landanna. Ísland hefur nú gengið frá fríverslunarsamningum við fjölmörg ríki í Mið- og Austur-Evrópu og við Miðjarðarhaf. Ekkert væri því til fyrirstöðu af hálfu íslenskra stjórnvalda að ganga frá svipuðum samningum við ríki í öðrum álfum þar sem efni standa til.

EES

Þingmeðferð EES-samningsins er nú loks lokið í öllum aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis og gildistaka samningsins fyrirsjáanleg um næstu áramót. Margboðuð lok þessa langa og torsótta samningaferils draga óneitanlega úr eftirvæntingunni, en gildi samningsins fyrir íslenskt efnahagslíf hefur síst minnkað á undanförnu ári. Hæpið má telja hvort þingmenn, sem helst lögðust gegn samþykkt EES-samningsins og töldu hann ónýtan eftir að Sviss helltist úr lestinni, vildu nú verða af þeirri hagsbót sem samningnum fylgir.

EES-samningurinn er ef til vill besta dæmið um þá samtvinnun utanríkis- og innanlandsmála sem einkennir nútímann og vikið var að hér í upphafi. Ef íslenskar vörur eiga að vera samkeppnisfærar á erlendum markaði verður að miða alla framleiðslu og atvinnuhætti á Íslandi við það sem best gerist erlendis. Sá gæða- og öryggisstimpill sem fylgir þátttöku í sam-

ræmdu eftirlitskerfi getur unnið bug á þeirri tortryggni sem er í vegi nýrrar vöru inn á markað. Þetta gildir um hefðbundnar íslenskar útflutningsafurðir en jafnvel enn frekar þegar auka á fjölbreytni í íslensku atvinnulífi.

EES-samningurinn tryggir Íslendingum aðgang að mörkuðum og setur samskipti okkar við Evrópusambandið í fastan farveg. Þó svo að Austurríki, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð verði að ósk sinni og þessi ríki fái aðild að Evrópusambandinu þegar árið 1995 verður hægt að byggja viðunandi samskiptamunstur okkar við aðrar evrópskar þjóðir á EES. Engin hætta er á því að efnahagsnauðir hrekji okkur inn í Evrópusambandið. Það leysir okkur hins vegar ekki undan þeirri kvöð að fylgjast grannt með innri þróun Evrópusambandsins og endurmeta með reglulegu millibili hvernig við sjáum hag okkar best borgið. Evrópusamband, sem hefði innan vébanda sinna fleiri norrænar frændþjóðir, sem hefði sett alþjóðlegt viðskiptafrelsi á oddinn og hefði í verki sannað sveigjanleika í samningaviðræðum við önnur Norðurlönd og virðingu fyrir sérstöðu þeirra, gæti verið fýsilegri kostur en það er um þessar mundir. Æskilegt væri að fram færi fræðileg athugun sem tæki til samanburðar á EES annars vegar og aðild að Evrópusambandinu hins vegar, séð frá ýmsum sjónarhornum. Ríkjaráðstefna Evrópusambandsins, sem ráðgerð er árið 1996, ræður úrslitum um það hvern farveg Evrópusamstarfið tekur þegar til lengri tíma er litið, en þangað til verður að nýta tímann til athugunar og umræðu.

NÝJAR ÁHERSLUR

Um þessar mundir er hagvöxtur hvergi meiri að jafnaði en í ríkjum Austur- og Suðaustur-Asíu. Það er því ekki tilviljun ein að iðnríki Evrópu og Ameríku beina æ meir sjónum sínum þangað. Þjóðverjar hyggjast nú endurskipuleggja utanríkisþjónustu sína með aukna áherslu á Asíu í huga og af orðum Clintons Bandaríkjaforseta í Seattle nýlega mátti ráða að tengsl Bandaríkjanna yfir Kyrrahafið yrðu forgangsatriði hans stjórnar. Ísland, þótt smærra sé og fjarlægt, getur ekki leitt þessa þróun hjá sér frekar en stærri ríki. Ríki á þessu svæði eru ekki aðeins markaður með gífurlegan vaxtarþrótt og möguleika heldur má þess og vænta að þau muni beita sér æ meir á hinum pólitíska vettvangi. Það er því brýnt að huga að því hvernig hægt er að styrkja forsvar Íslands gagnvart ríkjum í Asíu. Utanríkisráðherra hefur því þegið boð um að heimsækja Asíuríki á næsta ári og hyggst í framhaldi af því leggja fram tillögur um hvernig best verði staðið að þessu verkefni íslenskrar utanríkisþjónustu.

LOKAORÐ

Á því breytingaskeiði, sem nú gengur yfir í alþjóðamálum, verður ekki hjá því komist að gerðar verði æ meiri kröfur til íslenskrar utanríkisþjónustu. Jafnframt valda krappar aðstæður þjóðarbúsins því að stuðla þarf að sem mestri skilvirkni og nýta til fullnustu starfskraft og sérþekkingu sem fyrir er. En meira þarf til. Í upphafsorðum var á það bent að landsmál og utanríkismál tengist nú margvíslegri og nánari böndum en nokkru sinni fyrr. Aðlögun íslensks þjóðfélags, með staðfasta lífshagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi, er ekki viðfangsefni íslenskrar utanríkisþjónustu einvörðungu heldur einnig annarra stjórnvalda, ríkisstjórnar og Alþingis. Af þeim sökum er nauðsynlegt að stjórnvöld — og raunar allir Íslendingar, hvar í flokki sem þeir standa — taki höndum saman og freisti þess, til lengri tíma litið, að standa vörð um hagsæld þjóðarinnar í friði og öryggi.

352. Frumvarp til laga [277. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal 0,14% gjald, iðnlánasjóðsgjald, á allan iðnað í landinu eins og hann er skilgreindur í lögum um iðnaðarmálagjald. Skal gjaldstofn þess vera velta skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga.

Óheimilt er að leggja gjaldið við verð á vöru eða þjónustu iðnfyrirtækja.

Um álagningu og innheimtu iðnlánasjóðsgjaldsins fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við á.

Í ríkissjóð skal renna 0,5% af innheimtu iðnlánasjóðsgjalds skv. 1. mgr. vegna kostnaðar ríkissjóðs við innheimtu þess.

Iðnlánasjóðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn til þess myndaðist.

Verja skal 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Stjórn sjóðsins ráðstafar þessu fé í samráði við Samtök iðnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal í fyrsta sinn lagt á iðnlánasjóðsgjald samkvæmt þeim árið 1994 á gjaldstofn ársins 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nauðsynlegt er að gera breytingar á 5. gr. laga um Iðnlánasjóð vegna þess að aðstöðugjald hefur verið fellt niður en það hefur verið notað sem gjaldstofn iðnlánasjóðsgjaldsins. Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um iðnaðarmálagjald en aðstöðugjaldið hefur einnig verið gjaldstofn iðnaðarmálagjaldsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gjaldstofninn verður nú velta, sbr. skilgreiningu 11. og 12. gr. laga um virðisaukaskatt, í stað gamla aðstöðugjaldsstofnsins. Velta er í þessu sambandi óháð því hvort hún er undanþegin skattskyldu í skilningi laga um virðisaukaskatt. Gjaldhlutfallið verður 0,14%. Þessu hlutfalli er ætlað að tryggja svipaðar tekjur af þessu gjaldi og verið hafa undanfarin ár. Heildarvelta árið 1992 í þeim atvinnugreinum sem falla undir ákvæði frumvarpsins er áætluð 121,3 milljarðar króna. Þar af er velta ríkisfyrirtækja og annarra fyrirtækja í eigu opinberra aðila sem skulu vera undanþegin gjaldinu um 8,8% af heildarveltu. Nýi gjaldstofninn er því 110,6 milljarðar króna. Álagning iðnlánasjóðsgjalds á árinu 1993 nam 158 m.kr. Til að tryggja óbreyttar tekjur miðað við nýjan gjaldstofn þarf gjaldhlutfallið að vera 0,14%. Komi í ljós að tekjur verði verulega frábrugðnar því sem verið hefði miðað við aðstöðugjaldsstofninn mun iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið beita sér fyrir endurskoðun á gjaldhlutfallinu.

Samsvarandi ákvæði og ákvæði 2. mgr. er að finna í lögum um iðnaðarmálagjald.
Ákvæði 3. mgr. mælir fyrir um óbreytta framkvæmd álagningar og innheimtu gjaldsins.
Ákvæði 4. mgr. er nýmæli en þarfnast ekki sérstakrar skýringar.
Ákvæði 5. mgr. er efnislega samhljóða gildandi lögum.
Lokamálsgreinin er samhljóða gildandi lögum.
Að síðustu er lagt til að ákvæði gildandi laga um að vextir teljist til tekna Iðnlánasjóðs falli niður enda leiðir slíkt af eðli máls.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvörp til laga um iðnaðarmálagjald og breytingar á lögum um Iðnlánasjóð.

Í athugasemdum við frumvörpin kemur fram að nauðsynlegt sé að gera breytingar á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, vegna þess að aðstöðugjald hefur verið fellt niður en gjaldstofn þess hefur verið notaður sem gjaldstofn iðnlánasjóðsgjaldsins. Auk þess hafa orðið verulegar breytingar í starfsemi fyrirtækja og samtaka sem lögin taka til. Svipaðar skýringar liggja að baki breytingum á lögum um iðnaðarmálasjóðsgjald.

Samkvæmt 1. gr. þessara frumvarpa skal leggja 0,14% gjald, iðnaðarmálasjóðsgjald, og 0,08% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnað í landinu eins og hann er skilgreindur í 2. gr. Skal gjaldstofn þess vera skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga.

Um álagningu og innheimtu iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjalds fer samkvæmt ákvæðum í VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við á. Í ríkissjóð skal renna 0,5% af innheimtu gjaldanna vegna kostnaðar ríkissjóðs við framkvæmd hennar.

Heildarvelta 1992 í þeim atvinnugreinum sem falla undir ákvæði frumvarpsins er áætluð 121,3 milljarðar kr. Að mati samtaka iðnaðarins er velta ríkisfyrirtækja og annarra fyrirtækja í eigu opinberra aðila sem skulu vera undanþegin gjaldinu um 8,8% af heildarveltu. Samkvæmt þessu er nýi gjaldstofninn 110,6 milljarðar kr. Álagning iðnaðarmálagjalds og iðnlánasjóðsgjalds 1993 á gjaldstofn 1992 nam samtals 247 m.kr. Þar af er iðnaðarmálagjaldið 88 m.kr. og iðnlánasjóðsgjaldið 159 m.kr. Þetta þýðir að miðað við nýjan gjaldstofn verður iðnaðarmálagjaldið 0,08% og iðnlánasjóðsgjaldið 0,14% eins og áður var komið fram. Ljóst er að þessi áætlun er nokkurri óvissu háð. Í athugasemdum við frumvarpið kemur hins vegar fram að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið mun beita sér fyrir endurskoðun á gjaldhlutfallinu komi í ljós að tekjur af þessum gjöldum verði verulega frábrugðnar því sem til stóð.

Vegna ákvæðisins um 0,5% innheimtulaun er ekki ástæða til að ætla að samþykkt frumvarpanna feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

353. Frumvarp til laga [278. mál]

um iðnaðarmálagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Leggja skal 0,08% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnað í landinu eins og hann er skilgreindur í 2. gr. Skal gjaldstofn þess vera velta skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga.

Óheimilt er að leggja gjaldið við verð á vöru eða þjónustu iðnfyrirtækja.

Um álagningu og innheimtu iðnaðarmálagjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við á.

Í ríkissjóð skal renna 0,5% af innheimtu iðnaðarmálagjalds skv. 1. mgr. vegna kostnaðar ríkissjóðs við innheimtu þess.

Iðnaðarmálagjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn til þess myndaðist.

2. gr.

Til iðnaðar telst öll starfsemi sem fellur undir atvinnugreinanúmer 200–499, 848 og 865–867 í atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

Undanþegin gjaldinu er eftirfarandi starfsemi:

1. Fyrirtæki að öllu leyti í eign opinberra aðila svo og fyrirtæki sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti nema annars sé getið í þeim lögum.
2. Fiskiðnaður, atvinnugreinanúmer 203, 204, 312, 313, 314; slátrun og kjötiðnaður, atvinnugreinanúmer 201; mjólkuriðnaður, atvinnugreinanúmer 202, sbr. atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

3. gr.

Tekjur af iðnaðarmálagjaldi renna til Samtaka iðnaðarins. Tekjunum skal varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Þau skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis teknanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal í fyrsta sinn lagt á iðnaðarmálagjald samkvæmt þeim árið 1994 á gjaldstofn ársins 1993. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1975, um iðnaðarmálagjald.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um iðnaðarmálagjald eru frá árinu 1975. Frá gildistöku þeirra hafa orðið ýmsar breytingar sem leiða til þess að nauðsynlegt er að fram fari heildarendurskoðun laganna. Kemur þar helst tvennt til. Í fyrsta lagi hefur aðstöðugjald verið fellt niður en aðstöðugjaldið hefur verið notað sem gjaldstofn iðnaðarmálagjaldsins. Í annan stað hafa orðið verulegar breytingar í starfsemi fyrirtækja og samtaka sem lögin taka til.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð en aðstöðugjaldið hefur einnig verið gjaldstofn iðnaðarmálagjaldsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gjaldstofninn verður nú velta, sbr. skilgreiningu 11. og 12. gr. gr. laga um virðisaukaskatt, í stað gamla aðstöðugjaldsstofnsins. Velta er í þessu sambandi óháð því hvort hún er undanþegin skattskyldu í skilningi laga um virðisaukaskatt. Gjaldhlutfallið verður 0,08%. Þessu hlutfalli er ætlað að tryggja svipaðar tekjur af þessu gjaldi og verið hafa undanfarin ár. Heildarvelta árið 1992 í þeim atvinnugreinum sem falla undir ákvæði frumvarpsins er áætluð 121,3 milljarðar króna. Þar af er velta ríkisfyrirtækja og annarra fyrirtækja í eigu opinberra aðila sem skulu vera undanþegin gjaldinu um 8,8% af heildarveltu. Nýi gjaldstofninn er því 110,6 milljarðar króna. Álagning iðnaðarmálagjalds á árinu 1993 nam 88 m.kr. Til að tryggja óbreyttar tekjur miðað við nýjan gjaldstofn þarf gjaldhlutfallið að vera 0,08%. Komi í ljós að tekjur verði verulega frábrugðnar því sem verið hefði miðað við aðstöðugjaldsstofninn mun iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið beita sér fyrir endurskoðun á gjaldhlutfallinu.

Ákvæði samhljóða 2. mgr. er að finna í gildandi lögum um iðnaðarmálagjald.

Ákvæði 3. mgr. er um óbreytta framkvæmd álagningar og innheimtu gjaldsins.

Ákvæði 4. mgr. er nýmæli en þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Ákvæði 5. mgr. er efnislega samhljóða gildandi lögum.

Um 2. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir sem greiða gjaldið verði þeir sömu og hingað til auk þess að lagt er til að hugbúnaðarþjónusta eða hugbúnaðariðnaður falli undir iðnað í skilningi laganna. Til að taka af allan vafa um hverjir eru greiðendur gjaldsins er tekin upp tilvísun í atvinnuveganúmer samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar.

Um 3. gr.

Lagt er til að tekjur af iðnðaðarmálagjaldi renni óskiptar til Samtaka iðnaðarins og er hér um breytingu að ræða frá gildandi lögum. Samkvæmt 2. gr. þeirra eiga tekjurnar nú annars vegar að renna til starfsemi í þágu iðnaðar samvinnufélaganna eftir nánari ákvörðun stjórnar Sambands íslenskra samvinnufélaga og hins vegar til Sölustofnunar lagmetis.

Með hliðsjón af breyttum aðstæðum við rekstur iðnaðar hér á landi og stofnun heildarsamtaka fyrirtækja í iðnaði þykir eðlilegt að tekjur af iðnaðarmálagjaldi renni til þessara heildarsamtaka en ekki til einstakra fyrirtækja eða smærri samtaka.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Iðnaður
byggt á atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar

30 Fiskiðnaður
203 Frysting, söltun og hersla
204 Síldarsöltun
312 Hvalvinnsla
313 Lifrarbræðsla, lýsishreinsun og hersla
314 Síldar- og fiskmjölsvinnsla

31 Matvælaiðnaður annar en fiskiðnaður
201 Slátrun og kjötiðnaður
202 Mjólkuriðnaður
205 Niðursuða, niðurlagning o.fl.
206 Brauð- og kökugerð
207 Kexgerð
208 Sælgætisgerð
209 Annar matvælaiðnaður
211 Áfengisiðnaður
213 Öl- og gosdrykkjagerð
220 Tóbaksiðnaður

32 Vefjaiðn., skó- og fatagerð, sútun o.fl.
231 Ullarþvottur, spuni og vefnaður
232 Prjónavöruframleiðsla
233 Veiðarfæraiðnaður
239 Spunavöruiðnaður ót.a.
241 Skógerð önnur en gúmmískógerð
243 Fatagerð
244 Framleiðsla á öðrum vefnaðarvörum
291 Sútun og önnur verkun skinna
293 Leðurvörugerð

33 Trjávöruiðnaður
252-259 Ýmis trjávöruiðnaður
261 Húsgagnagerð, innréttingarsmíði o.fl.

34 Pappírsiðnaður
272 Pappa- og pappírsvörugerð
281-284 Prentun, blaðaútgáfa o.fl.

35 Efnaiðnaður
311 Kemískur undirstöðuiðnaður
315 Málningar-, lakk- og límgerð
319 Sápu- og þvottaefnagerð
329 Asfalt- og tjörupappagerð
398 Plastvöruiðnaður ót.a.

332 Gleriðnaður, þ.m.t. speglagerð
333 Leirsmíði, postulínsiðnaður
334 Sementsgerð
335 Grjót-, malar- og sandnám
336 Saltvinnsla, sjóefnavinnsla
339 Steinsteypugerð og annar steinefnaiðnaður

37 Ál- og kísiljárnsframleiðsla
203 Frysting, söltun og hersla
341 Kísiljárnframleiðsla
342 Álframleiðsla
312 Hvalvinnsla

38 Málmsmíði, vélaviðg., skipasmíðar og -viðg.
350 Málmsmíði, vélaviðgerðir
381 Skipasmíði, skipaviðgerðir

39 Ýmis iðnaður og viðgerðir
386 Flugvélaviðgerðir
389 Önnur flutningatækjag. og viðg.
391 Smíði og viðgerðir mælitækja
394 Skartvörugerð, góðmálmasmíði
395 Smíði og viðgerðir hljóðfæra
397 Burstagerð o.fl.
399 Iðnaður ót.a.

50 Byggingarstarfsemi
410 Bygging og viðgerð
420 Byggingarstarfsemi einkaaðila í eigin þágu
425 Eigin vinna húsbyggj. og bænda v. nýframkvæmda
431 Vega- og brúargerð opinberra aðila
432 Hafnar- og vitaframkv.
433 Raforkuvera- og raforkuframkvæmdir
434 Símaframkvæmdir
438 Starfsemi viðlagasjóðs
439 Önnur byggingarstarfsemi opinberra aðila
450 Unglingavinna sveitarfélaga
490 Starfsemi ræktunarsambanda o.fl.
491 Húsasmíði
492 Húsamálun
493 Múrun
494 Pípulagning
495 Rafvirkjun

496 Veggfóðrun, gólfdúkalagning
497 Teppalögn o.fl.

Ýmis annar iðnaður
242 Skóviðgerðir
300 Gúmvörugerð, hjólbarðaviðgerðir
370 Smíði og viðgerð raftækja
383 Bílaviðgerðir o.fl.
385 Reiðhjólaviðgerðir
393 Úra- og klukkuviðgerðir
848 Hugbúnaðarþjónusta
865 Rakarastofur
866 Hárgreiðslu- og snyrtistofur
867 Ljósmyndastofur

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti, fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvörp til laga um iðnaðarmálagjald og breytingar á lögum um Iðnlánasjóð.

Í athugasemdum við frumvörpin kemur fram að nauðsynlegt sé að gera breytingar á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, vegna þess að aðstöðugjald hefur verið fellt niður en gjaldstofn þess hefur verið notaður sem gjaldstofn iðnlánasjóðsgjaldsins. Auk þess hafa orðið verulegar breytingar í starfsemi fyrirtækja og samtaka sem lögin taka til. Svipaðar skýringar liggja að baki breytingum á lögum um iðnaðarmálasjóðsgjald.

Samkvæmt 1. gr. þessara frumvarpa skal leggja 0,14% gjald, iðnaðarmálasjóðsgjald, og 0,08% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnað í landinu eins og hann er skilgreindur í 2. gr. Skal gjaldstofn þess vera skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga.

Um álagningu og innheimtu iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjalds fer samkvæmt ákvæðum í VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við á. Í ríkissjóð skal renna 0,5% af innheimtu gjaldanna vegna kostnaðar ríkissjóðs við framkvæmd hennar.

Heildarvelta 1992 í þeim atvinnugreinum sem falla undir ákvæði frumvarpsins er áætluð 121,3 milljarðar kr. Að mati Samtaka iðnaðarins er velta ríkisfyrirtækja og annarra fyrirtækja í eigu opinberra aðila sem skulu vera undanþegin gjaldinu um 8,8% af heildarveltu. Samkvæmt þessu er nýi gjaldstofninn 110,6 milljarðar kr. Álagning iðnaðarmálagjalds og iðnlánasjóðsgjalds 1993 á gjaldstofn 1992 nam samtals 247 m.kr. Þar af er iðnaðarmálagjaldið 88 m.kr. og iðnlánasjóðsgjaldið 159 m.kr. Þetta þýðir að miðað við nýjan gjaldstofn verður iðnaðarmálagjaldið 0,08% og iðnlánasjóðsgjaldið 0,14% eins og áður var komið fram. Ljóst er að þessi áætlun er nokkurri óvissu háð. Í athugasemdum við frumvarpið kemur hins vegar fram að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið mun beita sér fyrir endurskoðun á gjaldhlutfallinu komi í ljós að tekjur af þessum gjöldum verði verulega frábrugðnar því sem til stóð.

Vegna ákvæðisins um 0,5% innheimtulaun er ekki ástæða til að ætla að samþykkt frumvarpanna feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

354. Frumvarp til laga [279. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Á eftir orðinu „botnfisktegundar“ í 4. mgr. 10. gr. laganna koma orðin: og síldar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara og til loka yfirstandandi veiðitímabils síldar skulu síldveiðar við það miðaðar að allur aflinn fari til manneldisvinnslu. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Greinargerð.

Á yfirstandandi síldarvertíð eru aflaheimildir samtals um 110 þúsund lestir. Er leyfður heildarafli á þessu fiskveiðiári 100 þúsund lestir en þar við bætast rúmlega 10 þúsund lesta aflaheimildir sem ekki nýttust af aflamarki síðasta fiskveiðiárs og flytjast því yfir á þetta ár. Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu hafði 95 þúsund lestum verið landað 9. þ.m. Samtök fiskvinnslustöðva áætla að til manneldisvinnslu hafi þegar farið samtals tæplega 35 þúsund lestir sem skiptast þannig að í söltun höfðu farið 19 þúsund lestir en tæpar 16 þúsund lestir í frystingu. Einungis eru óveiddar 15 þúsund lestir af aflaheimildum yfirstandandi vertíðar en Samtök fiskvinnslustöðva ætla að rúmar 16 þúsund lestir þurfi til að standa við þegar gerða samninga um sölu á frystri og saltaðri síld en auk þess eru taldar líkur á að frekari samningar geti tekist. Af framansögðu er ljóst að í nokkurt óefni horfir varðandi manneldisvinnslu á síld á yfirstandandi vertíð verði ekki gripið til sérstakra ráðstafana.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem stuðla ættu að því að takist að standa við gerða samninga. Er annars vegar lagt til að árlega verði hverju skipi heimilað að veiða allt að 5% umfram aflamark sitt hvert fiskveiðiár af síld enda dragist það frá aflamarki næsta fiskveiðiárs. Er þetta sama regla og gildir varðandi botnfiskveiðar. Með þessu gætu aflaheimildir á yfirstandandi vertíð aukist um allt að 5 þúsund lestir. Hins vegar er lagt til að til loka yfirstandandi síldarvertíðar verði einungis heimilt að stunda síldveiðar til manneldisvinnslu. Með því móti ættu milli 15 og 20 þúsund lestir af síld að vera til ráðstöfunar til frystingar og söltunar sem er nálægt því magni sem Samtök fiskvinnslustöðva telja til þurfa.

355. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1994.

(Eftir 2. umr., 10. des.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-HLUTI

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr. hljóðar svo:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur

	M.kr.	M.kr.
Tekjur		**103.471,0**
Beinir skattar	20.565,0	
Óbeinir skattar	75.356,0	
Vaxtatekjur	4.100,0	
Aðrar tekjur	3.450,0	
Gjöld		**114.041,7**
Samneysla	46.410,3	
Rekstrargjöld	43.249,7	
Viðhald	3.160,6	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	43.951,6	
Vaxtagreiðslur	11.700,0	
Fjárfesting	11.979,8	
Stofnkostnaður	7.321,8	
Fjármagnstilfærslur	4.658,0	
Gjöld umfram tekjur		**10.570,7**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		1.200,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	6.300,0	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	–5.100,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		500,0
Viðskiptareikningar		500,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**12.770,7**
Afborganir af teknum lánum		15.900,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**28.670,7**
Lántökur		27.950,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-720,7**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1994 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		M.kr.	M.kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.082,1**
	Embætti forseta Íslands	48,9	
	Alþingi og stofnanir þess	838,1	
	Ríkisstjórn	59,1	
	Annað	136,0	
01	**Forsætisráðuneyti**		**423,8**
	Ráðuneyti	93,2	
	Annað	330,6	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**16.716,6**
	Ráðuneyti	258,2	
	Háskólar og rannsóknir	2.790,5	
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	4.414,7	
	Grunnskólar og sérskólar	5.094,5	
	Önnur fræðslumál	354,4	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.620,0	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1.186,8	
	Annað	997,5	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1.537,2**
	Ráðuneyti	323,3	
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	142,4	
	Sendiráð og fastanefndir	482,4	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	589,1	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**6.844,0**
	Ráðuneyti	99,0	
	Landbúnaðarstofnanir	473,6	
	Skógrækt og landgræðsla	404,6	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.216,0	
	Ýmis framlög	650,8	
	Flutt		26.603,7

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1994 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3.190,0**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1.545,0	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	150,0	
4111	Eignarskattur félaga	930,0	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	190,0	
4116-7	Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	75,0	
4118	Erfðafjárskattur	300,0	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**16.960,0**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	14.500,0	
4126	Tekjuskattur félaga	2.460,0	
413	**Aðrir beinir skattar**		**415,0**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	415,0	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.125,0**
4200	Tollar	1.125,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**398,0**
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	7,0	
42153	Fóðurgjald, grunngjald	85,0	
42154	Kartöflugjald	165,0	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	31,0	
4217	Jöfnunartollur	110,0	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**180,0**
4222	Gjald af sölu erlends gjaldeyris	180,0	
	Flutt		22.268,0

Gjöld:

		M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		26.603,7
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**1.093,0**
	Ráðuneyti	156,2	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	936,8	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**5.453,6**
	Ráðuneyti	135,0	
	Dómsmál	663,3	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	1.948,2	
	Sýslumenn	1.861,5	
	Fangelsismál	370,7	
	Kirkjumál	469,6	
	Rekstrarhagræðing	5,3	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**5.774,5**
	Ráðuneyti	99,3	
	Húsnæðismál	901,0	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	149,1	
	Málefni barna og ungmenna	234,1	
	Málefni fatlaðra	1.872,5	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.846,0	
	Annað	662,9	
	Rekstrarhagræðing	9,6	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**47.805,6**
	Ráðuneyti	127,3	
	Tryggingamál	29.323,3	
	Sjúkrastofnanir	16.096,5	
	Heilsugæsla	1.579,1	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	269,0	
	Annað	351,5	
	Rekstrarhagræðing	58,9	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**16.540,3**
	Ráðuneyti	402,2	
	Skatta- og tollamál	1.496,5	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.335,0	
	Vextir	11.700,0	
	Annað	1.601,4	
	Rekstrarhagræðing	5,2	
	Flutt		103.270,7

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		22.268,0
423	**Vörugjöld**		**11.656,0**
4232	Vörugjald af ökutækjum	2.050,0	
4233	Vörugjald af bensíni, almennt	2.025,0	
4234	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.145,0	
4235-6	Vörugjald, almennt	3.350,0	
4239	Framleiðslugjald af áli	86,0	
425	**Virðisaukaskattur**		**37.950,0**
4250	Virðisaukaskattur	37.950,0	
426	**Skattar af orku**		**85,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	85,0	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6.377,0**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6.370,0	
4273	Gjald af einkasöluvörum	7,0	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**82,0**
42801	Skemmtanaskattur	75,0	
42802	Miðagjald	7,0	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**844,0**
4290	Aukatekjur	835,0	
42942	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**10.850,0**
43001	Tryggingagjald	10.850,0	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**5.809,0**
4310	Þinglýsingar	87,0	
4311	Stimpilgjald	1.940,0	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1.400,0	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	560,0	
43131	Bifreiðagjald	1.380,0	
43142	Vitagjald	50,0	
43143	Skipaskoðunargjald	52,0	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	300,0	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	40,0	
	Flutt		95.921,0

Gjöld:

		M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		103.270,7
10	**Samgönguráðuneyti**		**8.908,2**
	Ráðuneyti	200,9	
	Vegamál	6.980,0	
	Siglingamál	1.100,2	
	Flugmál	532,2	
	Annað	94,9	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**971,4**
	Ráðuneyti	55,4	
	Iðnaðarmál	221,3	
	Orkumál	694,7	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**168,2**
	Ráðuneyti	78,9	
	Viðskiptamál	89,3	
13	**Hagstofa Íslands**		**146,7**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**576,5**
	Ráðuneyti	129,9	
	Náttúruvernd	83,7	
	Skipulagsmál	94,3	
	Rannsóknir o.fl.	264,1	
	Rekstrarhagræðing	4,5	
	Gjöld samtals		114.041,7

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		95.921,0
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**500,0**
4719	Sala eigna	500,0	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**4.100,0**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.750,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2.350,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.600,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	530,0	
48206	Póstur og sími	850,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	1.100,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	120,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**350,0**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250,0	
4999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		103.471,0
	Gjöld umfram tekjur		10.570,2
	Samtals		114.071,7

Eftirtaldir liðir 4. gr. breytast og hljóða svo:

00–201 Alþingi	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		646 800
1 01 Alþingiskostnaður	248 900	
1 02 Aðalskrifstofa	54 700	
1 03 Þingmálaskrifstofa	109 600	
1 04 Rekstrarskrifstofa	155 800	
1 05 Alþjóðasamstarf þingmanna	25 000	
1 06 Norðurlandaráð	20 900	
1 07 Hús Jóns Sigurðssonar	6 200	
1 08 Hið íslenska þjóðvinafélag	500	
1 10 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	25 200	
Viðhaldsverkefni:		12 000
5 20 Fasteignir	12 000	
Stofnkostnaður:		12 000
6 01 Tæki og búnaður	12 000	
Gjöld samtals		670 800

00–401 Hæstiréttur		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		38 500
1 01 Hæstiréttur	38 500	
Gjöld samtals		38 500
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	37 800	
52–58 Önnur gjöld	700	
5 Gjöld samtals		**38 500**

00–610 Umboðsmaður Alþingis		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		22 700
1 01 Umboðsmaður Alþingis	22 700	
Gjöld samtals		22 700
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	12 600	
52–58 Önnur gjöld	10 100	
5 Gjöld samtals		**22 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 300
1 01	Yfirstjórn	59 600	
1 20	Stjórnarráðshús	9 700	
Viðhaldsverkefni:			3 000
5 20	Stjórnarráðshús	3 000	
	Gjöld samtals		72 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 100	
52–58	Önnur gjöld	37 200	
5	Gjöld samtals		**72 300**
01–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	3 300	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	800	
1 23	Hrafnseyri	1 500	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 800	
1 90	Ýmis verkefni	3 600	
Viðhaldsverkefni:			4 900
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	4 100	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	800	
	Gjöld samtals		15 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 300	
52–58	Önnur gjöld	9 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 800	
5	Gjöld samtals		**15 900**
01–211 Þjóðhagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 200
1 01	Þjóðhagsstofnun	87 200	
	Gjöld samtals		87 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 100	
52–58	Önnur gjöld	32 100	
5	Gjöld samtals	87 200	
4	Sértekjur	42 400	
	Mismunur		**44 800**

01–221 Byggðastofnun

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			185 000
6 01	Byggðastofnun	185 000	
	Gjöld samtals		185 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	185 000	
5	Gjöld samtals		**185 000**

02–203 Raunvísindastofnun Háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			181 600
1 01	Yfirstjórn	16 200	
1 02	Rekstur fasteigna	11 900	
1 03	Rannsóknastofur	153 500	
	Gjöld samtals		181 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	111 900	
52–58	Önnur gjöld	69 700	
5	Gjöld samtals	181 600	
4	Sértekjur	59 900	
	Mismunur		**121 700**

02–204 Stofnun Sigurðar Nordals

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 800
1 01	Stofnun Sigurðar Nordals	6 500	
1 11	Íslenskukennsla erlendis, óskipt	2 300	
	Gjöld samtals		8 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 200	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals		**8 800**

02–221 Kennaraháskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			278 900
1 01	Yfirstjórn	30 900	
1 02	Rannsóknastarfsemi	16 900	
1 03	Rekstur fasteigna	41 200	
1 04	Stoðþjónusta	23 600	
1 05	Kennsla	146 000	
1 20	Endurmenntun	20 300	
Viðhaldsverkefni:			19 000
5 01	Fasteign	15 000	
5 10	Varmaland	4 000	
Stofnkostnaður:			11 000
6 01	Tæki og búnaður	11 000	
	Gjöld samtals		308 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	207 500	
52–58	Önnur gjöld	78 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 200	
5	Gjöld samtals	308 900	
4	Sértekjur	12 400	
	Mismunur		**296 500**

02–299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 500
1 15	Nýsköpunarsjóður	10 000	
1 21	Rannsóknatengt framhaldsnám	25 000	
1 90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	26 500	
Stofnkostnaður:			5 000
6 12	Félagsstofnun stúdenta, byggingarstyrkur	5 000	
	Gjöld samtals		66 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	66 500	
5	Gjöld samtals		**66 500**

02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			94 000
5 80	Viðhald herma	9 000	
5 90	Viðhald	85 000	
Stofnkostnaður:			550 500
6 40	Tæki og búnaður	9 000	
6 50	Tölvubúnaður	10 000	
6 90	Byggingarframkvæmdir	531 500	
	Gjöld samtals		644 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	298 000	
52–58	Önnur gjöld	346 500	
5	Gjöld samtals		**644 500**

02–319 Framhaldsskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			301 700
1 11	Sameiginleg þjónusta	5 400	
1 12	Orlof kennara	23 900	
1 13	Forfallakennsla	23 000	
1 14	Sérkennsla	32 000	
1 15	Prófkostnaður	23 000	
1 16	Nýjungar í skólastarfi	13 500	
1 17	Námsskrárgerð	21 500	
1 18	Námsefnisgerð	8 000	
1 19	Kennslueftirlit	4 000	
1 20	Framhaldsdeildir	15 200	
1 21	Nám tannsmiða og aðstoðarfólks tannlækna	14 000	
1 22	Námskeið skipstjórnarmanna	5 000	
1 30	Endurmenntun	16 000	
1 33	Myndlistarskólinn Akureyri	8 000	
1 34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	4 000	
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	85 200	
	Gjöld samtals		301 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	235 200	
52–58	Önnur gjöld	9 500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	12 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	20 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	25 000	
5	Gjöld samtals		**301 700**

02–352 Flensborgarskóli, fjölbraut

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 200
1 01	Kennsla í dagskóla	57 400	
1 02	Annað en kennsla	24 500	
1 09	Önnur kennsla	5 300	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		88 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 700	
52–58	Önnur gjöld	14 700	
5	Gjöld samtals	88 400	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**84 000**

02–354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			132 900
1 01	Kennsla í dagskóla	86 800	
1 02	Annað en kennsla	41 300	
1 09	Önnur kennsla	4 800	
Stofnkostnaður:			2 600
6 01	Tæki og búnaður	2 600	
	Gjöld samtals		135 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	107 900	
52–58	Önnur gjöld	27 600	
5	Gjöld samtals	135 500	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**130 400**

02–361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		26 600
1 01 Kennsla í dagskóla	18 000	
1 02 Annað en kennsla	7 600	
1 09 Önnur kennsla	1 000	
Stofnkostnaður:		600
6 01 Tæki og búnaður	600	
Gjöld samtals		27 200
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	21 600	
52–58 Önnur gjöld	5 600	
5 Gjöld samtals	27 200	
4 Sértekjur	1 000	
Mismunur		**26 200**

02–524 Þroskaþjálfaskóli Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		24 300
1 01 Kennsla í dagskóla	14 400	
1 02 Annað en kennsla	9 900	
Stofnkostnaður:		1 100
6 01 Tæki og búnaður	1 100	
Gjöld samtals		25 400
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	17 300	
52–58 Önnur gjöld	8 100	
5 Gjöld samtals	25 400	
4 Sértekjur	300	
Mismunur		**25 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–601	**Héraðsskólinn Reykholti**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 800
1 01	Kennsla	14 100	
1 02	Annað en kennsla	11 700	
Stofnkostnaður:			400
6 90	Snorralaug, umhirða	400	
	Gjöld samtals		26 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 200	
52–58	Önnur gjöld	9 000	
5	Gjöld samtals	26 200	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**23 200**
02–902	**Þjóðminjasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 600
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	77 600	
1 10	Byggða- og minjasöfn	13 000	
Viðhaldsverkefni:			20 000
5 90	Verndun gamalla húsa	20 000	
Stofnkostnaður:			47 700
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 03	Nesstofa	10 000	
6 10	Byggða- og minjasöfn	5 700	
6 90	Húseign við Suðurgötu	30 000	
	Gjöld samtals		158 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 900	
52–58	Önnur gjöld	74 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	13 000	
5	Gjöld samtals	158 300	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**154 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–919	**Söfn, ýmis framlög**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 600
1 10	Listasafn ASÍ	2 000	
1 11	Nýlistasafn	2 000	
1 12	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4 500	
1 30	Sögusafn alþýðu	800	
1 31	Kvennasögusafn	800	
1 90	Söfn, ýmis framlög	3 500	
Stofnkostnaður:			6 300
6 90	Söfn, stofnkostnaður	6 300	
	Gjöld samtals		19 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	13 600	
5	Gjöld samtals		**19 900**
02–988	**Æskulýðsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 500
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 500	
1 12	Ungmennafélag Íslands	10 000	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	6 000	
1 90	Æskulýðsmál	13 000	
	Gjöld samtals		30 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	30 500	
5	Gjöld samtals		**30 500**
02–989	**Ýmis íþróttamál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 000
1 10	Íþróttasamband Íslands	24 000	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	3 000	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 500	
1 14	Íþróttasamband fatlaðra	8 500	
1 16	Íþróttafélög, styrkir	14 500	
1 18	Íþróttamiðstöð Íslands	1 300	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	6 000	
1 25	Skákskóli Íslands	2 500	
1 90	Ýmis íþróttamál	10 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			5 000
6 11	Skáksamband Íslands, byggingarstyrkur	5 000	
	Gjöld samtals		77 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	71 000	
5	Gjöld samtals		**77 000**

04–211 Rannsóknarstofnun landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			139 200
1 01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	139 200	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Viðhald	4 000	
Stofnkostnaður:			12 900
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 20	Fasteignir	9 900	
	Gjöld samtals		156 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	105 900	
52–58	Önnur gjöld	50 200	
5	Gjöld samtals	156 100	
4	Sértekjur	27 600	
	Mismunur		**128 500**

04–231 Yfirdýralæknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			110 300
1 01	Yfirdýralæknir	68 900	
1 25	Sauðfjárveikivarnir	40 400	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	1 000	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 90	Dýralæknisbústaðir, óskipt	4 000	
	Gjöld samtals		114 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 800	
52–58	Önnur gjöld	31 500	
5	Gjöld samtals	114 300	
4	Sértekjur	5 200	
	Mismunur		**109 100**

05–190 Ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 300
1 20	Eldi sjávardýra	19 000	
1 21	Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur	2 900	
1 31	Stjórn fiskveiða	11 700	
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	26 700	
1 40	Nefnd um upptöku ólögmæts sjávarafla	2 100	
1 51	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	5 000	
1 52	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	10 400	
1 53	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	2 500	
	Gjöld samtals		80 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	15 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	19 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	42 100	
5	Gjöld samtals		**80 300**

05–201 Fiskifélag Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 800
1 01	Yfirstjórn	6 800	
	Gjöld samtals		6 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 800	
5	Gjöld samtals		**6 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–211 Héraðsdómur Reykjavíkur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			162 400
1 02	Héraðsdómur Reykjavíkur	162 400	
	Gjöld samtals		162 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	120 100	
52–58	Önnur gjöld	42 300	
5	Gjöld samtals		**162 400**
06–212 Héraðsdómur Vesturlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 600
1 02	Héraðsdómur Vesturlands	12 600	
	Gjöld samtals		12 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals		**12 600**
06–213 Héraðsdómur Vestfjarða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 300
1 02	Héraðsdómur Vestfjarða	12 300	
	Gjöld samtals		12 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 000	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals		**12 300**
06–215 Héraðsdómur Norðurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 000
1 02	Héraðsdómur Norðurlands	28 000	
	Gjöld samtals		28 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 200	
52–58	Önnur gjöld	8 800	
5	Gjöld samtals		**28 000**

06–216 Héraðsdómur Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 600
1 02	Héraðsdómur Austurlands	12 600	
	Gjöld samtals		12 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals		**12 600**

06–217 Héraðsdómur Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 600
1 02	Héraðsdómur Suðurlands	22 600	
	Gjöld samtals		22 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 900	
52–58	Önnur gjöld	8 700	
5	Gjöld samtals		**22 600**

06–218 Héraðsdómur Reykjaness

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 500
1 02	Héraðsdómur Reykjaness	52 500	
	Gjöld samtals		52 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 500	
52–58	Önnur gjöld	13 000	
5	Gjöld samtals		**52 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–395 Landhelgisgæsla Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			603 000
1 90	Landhelgisgæsla Íslands	603 000	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		609 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	309 000	
52–58	Önnur gjöld	300 000	
5	Gjöld samtals	609 000	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**606 000**
06–431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 300
1 01	Yfirstjórn	19 100	
1 20	Löggæsla	22 900	
1 30	Hreppstjórar	1 300	
	Gjöld samtals		43 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 800	
52–58	Önnur gjöld	10 500	
5	Gjöld samtals	43 300	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**42 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–790 Kirkjumál, ýmis kostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 900
1 11	Langamýri í Skagafirði	1 300	
1 12	Ráðgjöf í fjölskyldumálum	2 200	
1 14	Kirkjumiðstöð Austurlands	1 400	
Stofnkostnaður:			27 000
6 10	Skálholtsstaður	8 000	
6 11	Hallgrímskirkja	13 000	
6 12	Hóladómkirkja	4 000	
6 13	Snorrastofa	2 000	
	Gjöld samtals		31 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 500	
52–58	Önnur gjöld	27 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 400	
5	Gjöld samtals		**31 900**
07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			265 300
1 01	Svæðisskrifstofa	21 900	
1 20	Sambýli	72 000	
1 30	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	25 500	
1 31	Verndaður vinnustaður	14 300	
1 40	Leikfangasafn Akureyri	2 400	
1 60	Skammtímavistun	8 200	
1 70	Vistheimilið Sólborg	121 000	
	Gjöld samtals		265 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	208 400	
52–58	Önnur gjöld	53 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 400	
5	Gjöld samtals	265 300	
4	Sértekjur	23 500	
	Mismunur		**241 800**

07–981 Vinnumál

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 500
1 10	Félagsdómur	3 500	
1 13	Sjómannasamtök, lögskráning	500	
1 51	Sjómannadagsráð	200	
1 70	Atvinnumál kvenna	15 000	
1 90	Ýmislegt	32 300	
	Gjöld samtals		51 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 600	
52–58	Önnur gjöld	900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	48 000	
5	Gjöld samtals		**51 500**

08–301 Landlæknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 300
1 01	Yfirstjórn	44 700	
1 10	Læknaráð	1 900	
1 20	Sjúkraflutningaráð	700	
	Gjöld samtals		47 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 900	
52–58	Önnur gjöld	13 400	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	11 000	
5	Gjöld samtals		**47 300**

08–325 Hollustuvernd ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 000
1 01	Hollustuvernd ríkisins	26 100	
1 02	Heilbrigðiseftirlit	14 100	
1 03	Rannsóknastofa	24 300	
1 04	Mengunarvarnaeftirlit	23 300	
1 05	Eiturefnaeftirlit	6 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		96 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	65 100	
52–58	Önnur gjöld	30 900	
5	Gjöld samtals	96 000	
4	Sértekjur	15 200	
	Mismunur		**80 800**

08–340 Málefni fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 200
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	11 100	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	4 100	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	9 700	
1 40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	11 000	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2 000	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	4 400	
1 70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	1 500	
1 90	Ýmis starfsemi	3 400	
Stofnkostnaður:			20 000
6 90	Styrkir til ýmissa framkvæmda	20 000	
	Gjöld samtals		67 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	67 200	
5	Gjöld samtals		**67 200**

08–350 Sjúkrahúsið Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			445 900
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	445 900	
	Gjöld samtals		445 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	311 500	
52–58	Önnur gjöld	134 400	
5	Gjöld samtals	445 900	
4	Sértekjur	37 000	
	Mismunur		**408 900**

08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 244 100
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 244 100	
Viðhaldsverkefni:			15 800
5 01	Fasteign	15 800	
Stofnkostnaður:			40 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	30 000	
	Gjöld samtals		1 299 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	845 700	
52–58	Önnur gjöld	454 200	
5	Gjöld samtals	1 299 900	
4	Sértekjur	145 500	
	Mismunur		**1 154 400**

08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			177 900
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	177 900	
	Gjöld samtals		177 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	129 900	
52–58	Önnur gjöld	48 000	
5	Gjöld samtals	177 900	
4	Sértekjur	17 500	
	Mismunur		**160 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			187 100
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	187 100	
	Gjöld samtals		187 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	129 500	
52–58	Önnur gjöld	57 600	
5	Gjöld samtals	187 100	
4	Sértekjur	20 400	
	Mismunur		**166 700**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 562 800
1 01	Ríkisspítalar	6 562 800	
Viðhaldsverkefni:			79 000
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	79 000	
Stofnkostnaður:			269 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	95 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	174 000	
	Gjöld samtals		6 910 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 218 300	
52–58	Önnur gjöld	2 692 500	
5	Gjöld samtals	6 910 800	
4	Sértekjur	750 000	
	Mismunur		**6 160 800**
08–372 Borgarspítalinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 112 300
1 01	Borgarspítalinn	3 112 300	
Viðhaldsverkefni:			40 000
5 01	Fasteign	40 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Tæki og búnaður	25 000	
	Gjöld samtals		3 177 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 096 600	
52–58	Önnur gjöld	1 080 700	
5	Gjöld samtals	3 177 300	
4	Sértekjur	450 000	
	Mismunur		**2 727 300**

08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			930 100
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	930 100	
Viðhaldsverkefni:			6 600
5 01	Viðhald	6 600	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		946 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	620 700	
52–58	Önnur gjöld	326 000	
5	Gjöld samtals	946 700	
4	Sértekjur	201 000	
	Mismunur		**745 700**

08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			45 000
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	25 000	
5 90	Viðhald starfsmannaíbúða, óskipt	20 000	
Stofnkostnaður:			311 100
6 60	Tækjakaup, óskipt	17 400	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	288 700	
6 93	Hlaðgerðarkot	5 000	
	Gjöld samtals		356 100
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	62 400	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	288 700	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals	356 100	
4	Sértekjur	20 000	
	Mismunur		**336 100**

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			247 100
1 25	Neyslu- og manneldismál, manneldisráð	10 000	
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	98 500	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	9 000	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	3 700	
1 37	Hjartavernd	8 100	
1 40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1 000	
1 42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	44 900	
1 50	Tannverndarsjóður	10 000	
1 53	Tóbaksvarnir	8 900	
1 54	Erfðafræðirannsóknir	5 000	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	6 200	
1 72	Bláalónsnefnd	10 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	8 400	
1 90	Ýmis framlög	12 000	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 400	
	Gjöld samtals		247 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 200	
52–58	Önnur gjöld	43 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	195 100	
5	Gjöld samtals	247 100	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**247 000**

08–400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			244 700
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	244 700	
	Gjöld samtals		244 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	169 200	
52–58	Önnur gjöld	75 500	
5	Gjöld samtals	244 700	
4	Sértekjur	44 500	
	Mismunur		**200 200**

08–408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			129 900
1 01	Sunnuhlíð, Kópavogi	129 900	
	Gjöld samtals		129 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	92 800	
52–58	Önnur gjöld	37 100	
5	Gjöld samtals	129 900	
4	Sértekjur	13 300	
	Mismunur		**116 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–422 Hlaðgerðarkot			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 800
1 01	Hlaðgerðarkot	35 800	
	Gjöld samtals		35 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 200	
52–58	Önnur gjöld	14 600	
5	Gjöld samtals	35 800	
4	Sértekjur	2 800	
	Mismunur		**33 000**
08–511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 600
1 10	Heilsugæslustöðin Árbæ	32 800	
1 20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	21 800	
	Gjöld samtals		54 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 600	
52–58	Önnur gjöld	18 000	
5	Gjöld samtals	54 600	
4	Sértekjur	8 300	
	Mismunur		**46 300**
08–512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 600
1 10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	39 300	
1 20	Heilsugæslustöðin Mjódd	31 300	
	Gjöld samtals		70 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 200	
52–58	Önnur gjöld	20 400	
5	Gjöld samtals	70 600	
4	Sértekjur	12 700	
	Mismunur		**57 900**

08–513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 500
1 10	Heilsugæslustöðin Fossvogi	25 500	
	Gjöld samtals		25 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 800	
52–58	Önnur gjöld	5 700	
5	Gjöld samtals	25 500	
4	Sértekjur	3 700	
	Mismunur		**21 800**

08–514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 900
1 10	Heilsugæslustöðin Hlíðum	24 300	
1 20	Heilsugæslustöðin Miðbæ	29 600	
	Gjöld samtals		53 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 300	
52–58	Önnur gjöld	13 600	
5	Gjöld samtals	53 900	
4	Sértekjur	7 600	
	Mismunur		**46 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–531 Heilsugæslustöðin Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 300
1 01	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	21 300	
	Gjöld samtals		21 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 100	
52–58	Önnur gjöld	8 200	
5	Gjöld samtals	21 300	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**16 200**
08–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 900
1 90	Rekstrarhagræðing	58 900	
	Gjöld samtals		58 900
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	58 900	
5	Gjöld samtals		**58 900**
09–212 Skattamál, ýmis útgjöld			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 100
1 01	Ýmis sameiginleg útgjöld	5 300	
1 10	Skatteftirlit	63 500	
1 30	Skattkerfisbreytingar	20 300	
Stofnkostnaður:			13 000
6 01	Tæki og búnaður	13 000	
	Gjöld samtals		102 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 500	
52–58	Önnur gjöld	38 600	
5	Gjöld samtals		**102 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 300
1 01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	54 300	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		55 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 800	
52–58	Önnur gjöld	12 500	
5	Gjöld samtals		**55 300**
10–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			132 700
1 12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	26 400	
1 21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	1 000	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3 200	
1 23	Slysavarnaskóli sjómanna	31 500	
1 24	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	18 200	
1 25	GPS-staðsetningarkerfi	7 600	
1 26	Alþjóðasiglingamálastofnunin IMCO	1 100	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	16 700	
1 31	Landsbjörg	9 000	
1 32	Rannsóknanefnd flugslysa	4 500	
1 33	Flugeftirlitsnefnd	1 200	
1 34	Flugskóli Íslands	10 000	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1 000	
1 91	Ráðstefna um öryggi fiskiskipa	1 300	
	Gjöld samtals		132 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 200	
52–58	Önnur gjöld	1 800	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	26 400	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	22 800	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	76 500	
5	Gjöld samtals		**132 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–211 Vegagerð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			250 000
1 01	Yfirstjórn	250 000	
Viðhaldsverkefni:			2 481 000
5 05	Þjónustuviðhald	1 280 000	
5 10	Stofnviðhald	1 201 000	
Stofnkostnaður:			4 249 000
6 10	Nýframkvæmdir	2 280 000	
6 11	Framkvæmdaátak vegna atvinnumála	900 000	
6 30	Fjallvegir	65 000	
6 40	Tilraunir	30 000	
6 51	Sýsluvegir	176 000	
6 52	Þéttbýlisvegir	268 000	
6 55	Ferjur og flóabátar	530 000	
	Gjöld samtals		6 980 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	176 000	
52–58	Önnur gjöld	6 006 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	268 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	530 000	
5	Gjöld samtals		**6 980 000**
10–333 Hafnamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 400
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	29 400	
Stofnkostnaður:			943 000
6 10	Tæki og búnaður	4 000	
6 20	Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	19 000	
6 30	Hafnamannvirki	728 600	
6 32	Lendingarbætur	5 000	
6 39	Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði	21 400	
6 40	Sjóvarnargarðar	75 000	
6 70	Hafnabótasjóður, framlag	90 000	
	Gjöld samtals		972 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	33 400	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	90 000	
	5912 Til sveitarfélaga	728 600	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	120 400	
5	Gjöld samtals	972 400	
4	Sértekjur	128 000	
	Mismunur		**844 400**

11–201 Iðntæknistofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			259 000
1 01	Iðntæknistofnun Íslands	251 600	
1 93	Verkefni um nýsköpun í atvinnulífinu	7 400	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		265 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	143 400	
52–58	Önnur gjöld	121 100	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	500	
5	Gjöld samtals	265 000	
4	Sértekjur	168 500	
	Mismunur		**96 500**

11–299 Iðja og iðnaður, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 700
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	9 800	
1 15	Alþjóðastaðlar, CEN-CENELEC	14 600	
1 16	Verkstjórnarfræðsla	1 500	
1 17	Parísarsamþykkt um vernd á sviði iðnaðar	1 300	
1 19	Staðlaráð	2 600	
1 30	Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf	9 900	
1 40	Smáiðnaður í dreifbýli	11 000	
1 50	Nýsköpun og markaðsmál	8 000	
	Gjöld samtals		58 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	22 500	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	33 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 800	
5	Gjöld samtals		**58 700**

12–301 Löggildingarstofan

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 900
1 01	Löggildingarstofan	43 900	
Stofnkostnaður:			6 900
6 01	Tæki og búnaður	6 900	
	Gjöld samtals		50 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 000	
52–58	Önnur gjöld	24 800	
5	Gjöld samtals	50 800	
4	Sértekjur	40 800	
	Mismunur		**10 000**

12–902 Samkeppnisstofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 300
1 01	Samkeppnisstofnun	66 300	
Stofnkostnaður:			2 200
6 01	Tæki og búnaður	2 200	
	Gjöld samtals		68 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 600	
52–58	Önnur gjöld	21 900	
5	Gjöld samtals		**68 500**

14–190 Ýmis verkefni		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 900
1 12	Uppgræðsla og gróðurvernd	1 000	
1 20	Ósonmál	1 000	
1 22	Stefnumörkun í umhverfismálum	3 000	
1 23	Ýmis umhverfisverkefni	9 600	
1 24	Rannsóknir á loftmengun	1 500	
1 26	Stefnumörkun í frárennslismálum	1 500	
1 27	Útgáfu- og fræðslumál	2 000	
1 28	Átak í sorphirðumálum	9 000	
1 29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6 500	
1 30	Alþjóðasamstarf	2 500	
1 34	Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls	2 000	
1 35	Umhverfisvöktun	11 000	
1 37	Gróðurkortagerð	2 000	
1 39	Mengunarslys	500	
1 40	Alþjóðastofnanir	6 500	
1 50	Náttúrustofa á Austurlandi	1 500	
1 51	Rannsóknir á íslenskum vötnum	1 000	
1 52	Náttúrugripasafn á Vestfjörðum	800	
	Gjöld samtals		62 900
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	54 100	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	2 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 500	
5	Gjöld samtals		**62 900**

14–410 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			282 300
1 01	Almenn starfsemi	205 100	
1 70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	77 200	
Stofnkostnaður:			10 700
6 01	Tæki og búnaður	10 700	
	Gjöld samtals		293 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	188 500	
52–58	Önnur gjöld	104 500	
5	Gjöld samtals	293 000	
4	Sértekjur	85 500	
	Mismunur		**207 500**

5. gr.

Samhljóða 5. gr. á þskj. 1.

6. gr.

Samhljóða 6. gr. á þskj. 1.

SÉRSTÖK YFIRLIT

1. Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	3.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð, viðhald	4.000	
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	2.000	
4. Kvennaskólinn, viðhald	1.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti		
viðhald	5.000	
(lyfta)	4.000	
6. Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðhald	2.000	
7. Sjómannaskólinn í Reykjavík,		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	16.500	
8. Fósturskóli Íslands, viðhald	1.000	
9. Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, viðhald	1.000	
10. Myndlista- og handíðaskóli Íslands, viðhald	2.000	
11. Skóli í Borgarholti, nýbygging	121.500	
		168.000
Reykjanes:		
1. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	4.000	
2. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ,		
viðhald	4.000	
byggingarframkvæmdir	30.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja,		
byggingarframkvæmdir	38.500	
4. Menntaskólinn í Kópavogi,		
byggingarframkvæmdir	48.500	
5. Fiskvinnsluskólinn, viðhald	2.000	
		127.000
Vesturland:		
1. Fjölbrautaskóli Vesturlands,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	15.000	
2. Héraðsskólinn Reykholti, viðhald	6.000	
		23.000
Vestfirðir:		
Framhaldsskóli Vestfjarða		
verknámshús	10.000	
viðhald	5.000	
		15.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Norðurland vestra:		
1. Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki,		
byggingarframkvæmdir	35.000	
byggingarframkvæmdir, heimavist	2.000	
viðhald	2.000	
2. Héraðsskólinn Reykjum, viðhald	3.000	
		42.000
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri, viðhald	2.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	50.000	
3. Framhaldsskólinn á Laugum,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	3.000	
4. Framhaldsskólinn á Húsavík,		
byggingarframkvæmdir	17.000	
		77.000
Austurland:		
1. Alþýðuskólinn á Eiðum, viðhald	4.000	
2. Menntaskólinn á Egilsstöðum,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	3.500	
3. Húsmæðraskólinn Hallormsstað, viðhald	1.000	
4. Verkmenntaskóli Austurlands,		
viðhald	1.000	
byggingarframkvæmdir, heimavist	25.200	
5. Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	3.500	
		43.200
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands,		
byggingarframkvæmdir	41.300	
2. Skólar á Laugarvatni, byggingarframkvæmdir.	50.000	
3. Héraðsskólinn Skógum, viðhald	5.000	
4. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
byggingarframkvæmdir	17.000	
		113.300
Óskipt		8.000
		616.500

2. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Akranes, sjúkrahús	18.000	
2. Ólafsvík, H2	4.000	
3. Grundarfjörður, H1	13.100	
4. Stykkishólmur, sjúkrahús	11.100	
5. Stykkishólmur, H2	4.500	
6. Þingeyri, H1	7.200	
7. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	32.100	
8. Hvammstangi, sjúkrahús	12.500	
9. Blönduós, sjúkrahús og H2	12.000	
10. Ólafsfjörður, H1	1.500	
11. Akureyri, H2	17.500	
12. Húsavík, sjúkrahús og H2	7.700	
13. Þórshöfn, læknisbústaður	1.500	
14. Vopnafjörður	4.500	
15. Eskifjörður, H2	13.300	
16. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	12.500	
17. Selfoss, sjúkrahús	7.700	
18. Laugarás, H2	10.000	
19. Keflavík, sjúkrahús	20.000	
20. Kópavogur, H2	20.000	
21. Reykjavík, heilsugæslustöðvar	20.000	
		250.700
2. Hjúkrunarheimili aldraða:		
1. Höfn í Hornafirði	14.000	
2. Kirkjubæjarklaustur	5.000	
3. Hella	5.000	
4. Hafnarfjörður	14.000	
		38.000
		288.700

3. Hafnamannvirki (10-333 630).

Vesturland:		
5. Akranes	20.300	
6. Arnarstapi	300	
7. Rif	23.600	
8. Ólafsvík	6.300	
9. Grundarfjörður	3.100	
10. Stykkishólmur	16.200	
		69.800

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vestfirðir:		
1. Patreksfjörður	15.300	
2. Tálknafjörður	8.700	
3. Bíldudalur	500	
4. Flateyri	6.500	
5. Suðureyri	2.300	
6. Ísafjörður	50.000	
7. Súðavík	4.400	
8. Norðurfjörður	3.300	
9. Drangsnes	3.100	
10. Hólmavík	10.000	
		104.100
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	3.600	
2. Blönduós	37.700	
3. Skagaströnd	3.500	
4. Sauðárkrókur	20.200	
5. Hofsós	8.300	
6. Siglufjörður	9.100	
		82.400
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	52.400	
2. Hrísey	16.600	
3. Hjalteyri	600	
4. Akureyri	12.300	
5. Grenivík	5.800	
6. Grímsey	10.000	
7. Húsavík	32.600	
8. Kópasker	3.700	
9. Raufarhöfn	9.600	
10. Þórshöfn	39.800	
		183.400
Austurland:		
1. Bakkafjörður	12.000	
2. Vopnafjörður	1.000	
3. Borgarfjörður eystri	5.100	
4. Seyðisfjörður	3.500	
5. Neskaupstaður	16.000	
6. Eskifjörður	16.300	
7. Reyðarfjörður	5.100	
8. Fáskrúðsfjörður	5.200	
9. Stöðvarfjörður	400	
10. Breiðdalsvík	16.800	
11. Djúpivogur	23.600	
12. Höfn í Hornafirði	13.900	
		118.900

	Þús. kr.	Þús. kr.
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	32.600	
2. Þorlákshöfn	11.400	
		44.000
Reykjanes:		
1. Grindavík	42.200	
2. Hafnir	600	
3. Sandgerði	46.300	
4. Sandgerði, bátalægi fyrir björgunarbát	500	
5. Keflavík–Njarðvík	13.500	
6. Vogar	1.900	
7. Hafnarfjörður	15.200	
8. Garðabær	1.300	
		121.500
Óskipt		4.500
		728.600

4. Sjóvarnargarðar (10-333 640).

1. Akranes	10.700	
2. Ólafsvík	1.000	
3. Patreksfjörður	1.500	
4. Flateyri	8.000	
5. Suðureyri	2.000	
6. Ísafjörður	3.900	
7. Héraðsnefnd V-Hún.	2.500	
8. Dalvík	2.000	
9. Hrísey	2.000	
10. Svalbarðsstrandarhreppur	1.500	
11. Borgarfjarðarhreppur	3.200	
12. Höfn	20.000	
13. Mýrdalshreppur	1.600	
14. Ölfushreppur	3.000	
15. Grindavík	800	
16. Njarðvík	3.900	
17. Vatnsleysustrandarhreppur	2.000	
18. Seltjarnarnesbær	4.700	
		74.300
Óskipt		700
		75.000

356. Beiðni um skýrslu [280. mál]

frá félagsmálaráðherra um skuldastöðu heimilanna í landinu.

Frá Guðna Ágústssyni, Finni Ingólfssyni, Páli Péturssyni,
Jóni Helgasyni, Halldóri Ásgrímssyni, Stefáni Guðmundssyni,
Valgerði Sverrisdóttur, Guðmundi Bjarnasyni,
Ingibjörgu Pálmadóttur og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að félagsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um skuldastöðu heimilanna.

Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði á hverju ári allt frá árinu 1980 til og með 1992–93:

1. Hver er þróunin á meðalskuldastöðu íslenskra heimila?
2. Hver er hlutdeild heimilanna í heildarútlánum lánastofnana?
3. Hver er samsetning skulda heimilanna, skipt í fjárfestingar vegna húsnæðis annars vegar og aðrar skuldir hins vegar?
4. Hverjar eru taldar helstu orsakir þeirrar þróunar sem vart verður á skuldastöðu heimilanna umrætt tímabil?
5. Hver er þróunin á vaxtabyrði heimilanna og hversu hátt hlutfall ráðstöfunartekna þeirra hefur farið í fjármagnskostnað?
6. Hvernig háttar þessum atriðum á Íslandi í samanburði við helstu nágranna- og viðskiptalönd okkar?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

357. Frumvarp til laga [281. mál]

um breytingu á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar
(HÁ, VE, IBA, RG, JGS, SP, GuðjG).

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt.

2. gr.

Við a-lið 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.

3. gr.

Við c-lið 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Lögaðilar með heimili í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.

4. gr.

Í stað lokamálsliðar 8. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir er orðast svo: Þetta gildir þó ekki um ríkisborgara aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Viðskiptaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja undanþágu frá þessu ákvæði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að laga reglur um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi að ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem tekur gildi 1. janúar næstkomandi. Frumvarpið felur aðeins í sér lágmarksbreytingar á gildandi lögum. Þegar liggur fyrir efnahags- og viðskiptanefnd mun ítarlegra frumvarp um breytingar á sömu lögum. Þar sem mjög skammur tími er fram til þess að EES-samningurinn taki gildi telur nefndin farsælli leið að leggja hér fram sérstakt frumvarp og koma þannig til móts við þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til aðildarríkja í þessu efni. Þannig mun vinnast mun betri tími til að afgreiða stærstu ágreiningsefni hins frumvarpsins síðar.

Samkvæmt ákvæðum EES-samningsins skal aðilum í einu ríki innan EES vera heimilt án takmarkana að fjárfesta í atvinnurekstri í öðru ríki á svæðinu. Í XII. viðauka með samningnum er Íslandi veitt heimild til að viðhalda ótímabundið gildandi banni við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Jafnframt er stjórnvöldum samkvæmt samningnum heimilt að krefjast þess að innlend fyrirtæki losi sig við fjárfestingu í fiskveiðum eða fiskvinnslu ef þau komast að öllu leyti eða að hluta til í eigu erlendra aðila. Þá er Íslandi veittur frestur til 1. janúar 1996 til að laga gildandi reglur um fjárfestingu erlendra aðila í öðrum atvinnugreinum að ákvæðum samningsins.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að gagnkvæmnisskilyrðið í niðurlagi 3. gr. laganna: „enda njóti íslenskir aðilar ekki lakari réttar til fjárfestingar í heimaríki hlutaðeigandi aðila“, verði fellt brott. Ólíklegt verður að telja að fjárfesting erlends aðila á Íslandi verði nokkru sinni svo mikið hagsmunamál í heimaríki hans að stjórnvöld þar breyti eigin reglum um fjárfestingu erlendra aðila til að veita Íslendingum sama rétt þar í landi og þegnar viðkomandi ríkis njóta á Íslandi. Vandséð er að gagnkvæmnisskilyrði af þessu tagi þjóni hagsmunum íslensks atvinnulífs sem lengstum hefur búið við skort á áhættufjármagni. Þá ber þess að geta að Ísland er aðili að tveimur samþykktum OECD um aukið frelsi í gjaldeyrismálum, þar með talið fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri. Í því felst skuldbinding um að þrengja ekki gjaldeyrisreglur nema þá tímabundið þegar öryggisákvæðum er beitt. Með samþykkt laganna um fjárfestingu erlendra aðila var hins vegar lögfest almennt gagnkvæmnisákvæði. Í því fólst þrenging á gildandi reglum. Með þessu gekk Ísland gegn ákvæðum samþykkta OECD um að þrengja ekki ákvæði gjaldeyrisreglna. Tvær af sérfræðinganefndum OECD hafa bent á þetta og OECD-ráðið hefur hvatt íslensk stjórnvöld til að falla frá þessu ákvæði. Hér er lagt til að það verði gert.

Í 2. og 3. gr. frumvarpsins eru sett inn undanþáguákvæði fyrir ríkisborgara og lögaðila á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi breyting er nauðsynleg vegna EES-samningsins, enda fellur þetta atriði ekki undir þann aðlögunarfrest sem Íslandi er gefinn varðandi breytingu á reglum um erlenda fjárfestingu. Af sömu ástæðu er í 4. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir nýjum lokamálsliðum í 8. gr. laganna.

358. Lög [279. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 354.

359. Frumvarp til laga [282. mál]

um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk Þróunarsjóðs er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Í því skyni kaupir sjóðurinn fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra og greiðir styrki vegna úreldingar fiskiskipa til að draga úr afkastagetu í sjávarútvegi. Jafnframt getur sjóðurinn stuðlað að skipulagsbreytingum í sjávarútvegi í samvinnu við lánastofnanir enda leiði slík endurskipulagning til verulegrar hagræðingar. Þá er sjóðnum heimilt að veita ábyrgðir, lán og styrki til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar þrjá menn í stjórn Þróunarsjóðs til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi en tveir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann sjóðstjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

3. gr.

Þróunarsjóður tekur við öllum eignum og skuldbindingum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 65/1992, eignum og skuldbindingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja, sbr. lög nr. 42/1991, og öllum eignum og skuldbindingum hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, sbr. lög nr. 42/1991. Yfirtakan miðast við stöðu eigna og skulda við gildistöku laga þessara að frádregnum 950 milljóna króna endurlánum ríkissjóðs til atvinnutryggingardeildar sem ríkissjóður tekur að sér að greiða. Jafnframt ábyrgist Þróunarsjóður gagnvart ríkissjóði það sem á kann að falla vegna ríkisábyrgðar á verðbættu nafnvirði A-hlutdeildarskírteina hlutafjárdeildar. Halda skal fjárreiðum framangreindra sjóða aðskildum í bókhaldi sjóðsins. Þá skal ríkissjóður leggja

sjóðnum til að láni jafnvirði 4.000 milljóna króna á árunum 1993, 1994 og 1995. Skal hver hluti lánsins afborgunarlaus fyrstu tvö árin en endurgreiðast síðan með jöfnum árlegum afborgunum þannig að þau verði að fullu greidd árið 2005.

Þróunarsjóðsgjald.

4. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brúttótonn og stærri, sem skráð eru á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins hinn 1. janúar ár hvert, skulu árlega greiða gjald til Þróunarsjóðs. Skal gjaldið nema 750 kr. af hverju brúttótonni en þó skal gjaldið aldrei nema hærri fjárhæð en 285.000 kr. fyrir hvert skip. Gjalddagi þróunarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttótonnamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttórúmlest.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á vátryggingareikning skipa skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessu gjaldi til Þróunarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjaldið ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Þróunarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir þróunarsjóðsgjaldi.

Þróunarsjóðsgjald skv. 1. mgr. er grunngjald. Ráðherra er heimilt með reglugerð að breyta gjaldi þessu þannig að það breytist í réttu hlutfalli við þá breytingu sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingavísitölu í ágúst 1993, þ.e. 192,5 stig.

5. gr.

Eigendur fasteigna sem nýttar eru til fiskvinnslu skulu greiða sérstakt gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Gjaldskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, svo og opinberum aðilum sem eiga fasteignir sem nýttar eru til fiskvinnslu.

Stofn til þróunarsjóðsgjalds skal vera fasteignamatsverð í árslok á fasteign sem nýtt er til fiskvinnslu, ásamt tilheyrandi lóð enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar. Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

Við ákvörðun á því hvaða eignir mynda stofn til þróunarsjóðsgjalds skal miða við raunverulega notkun fasteignanna til fiskvinnslu. Með fiskvinnslu er átt við vinnslu sjávarafurða hverju nafni sem nefnist, t.d. frystingu, söltun, fiskbræðslu, þurrkun og herslu. Niðurlagning og niðursuða sjávarafurða, umstöflun afla í gáma og starfsemi fiskmarkaða telst ekki til fiskvinnslu í þessu sambandi. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um hvers konar starfsemi teljist fiskvinnsla samkvæmt þessari grein og hvaða eignir fiskvinnslunnar falla undir gjaldskylduna. Sé sama eignin notuð til fiskvinnslu og annars skal við ákvörðun gjaldstofns skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

Með skattframtali skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þessarar greinar ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra eða eftir atvikum kostnaðarverð eins og það var í lok næstliðins árs. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í lok 4. mgr. þessarar greinar.

Aðilar sem gjaldskyldir eru skv. 2. mgr. þessarar greinar en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu skulu fyrir hvert ár skila skrám skv. 5. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

Þróunarsjóðsgjald skal nema 0,75% af gjaldstofni skv. 3. mgr. þessarar greinar. Gjald sem ekki nær 10.000 kr. skal fella niður við álagningu.

Um álagningu og innheimtu gjalds samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Ríkisbókhald skal skila mánaðarlega til Þróunarsjóðs innheimtum gjöldum.

Gjald samkvæmt þessari grein telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

6. gr.

Frá og með því fiskveiðiári sem hefst 1. september 1996 skal Fiskistofa innheimta gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins af úthlutuðu aflamarki. Skal gjaldið nema a.m.k. 1.000 kr. fyrir hverja þorskígildislest miðað við þá verðmætastuðla af einstökum tegundum sem sjávarútvegsráðuneytið ákveður. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum hvert fiskveiðiár, hinn 1. september, 1. janúar og 1. maí. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skipsins niður. Fiskistofa skal standa Þróunarsjóði jafnharðan skil á innheimtu gjalda.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að breyta gjaldinu í samræmi við þær breytingar sem kunna að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í ágúst 1993, þ.e. 192,5 stig.

Fækkun fiskiskipa.

7. gr.

Styrkur vegna úreldingar fiskiskipa skal vera tiltekið hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskips að hámarki 45%. Skal ráðherra ákveða styrkhlutfall fyrir upphaf hvers almanaksárs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Greiði sjóðurinn styrk vegna úreldingar skips, sem orðið hefur fyrir tjóni sem bætt er af vátryggingarfélagi, skal samtala tjónbóta og úreldingarstyrks aldrei nema hærri fjárhæð en húftryggingarmati skipsins. Úreldingarstyrkur vegna hvers einstaks skips skal þó aldrei vera hærri en 75 millj. kr. Sú fjárhæð er grunnfjárhæð sem breytist í sama hlutfalli og gjald til sjóðsins skv. 4. mgr. 4. gr.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru skv. 1. mgr. 4. gr. Skal styrkur miðaður við það hlutfall er gilti á því ári er umsókn um styrkinn barst og styrkur reiknaður af húftryggingarverðmæti skips í upphafi þess árs.

8. gr.

Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði sameinaðar aflaheimildum annarra skipa.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrki fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá Fiskistofu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Þá er óheimilt að veita skipi leyfi til veiða í atvinnuskyni ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar þess.

Kaup á fiskvinnslustöðvum.

9. gr.

Sjóðnum er heimilt fram til ársloka 1996 að kaupa fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra í því skyni að auka arðsemi fiskvinnslu í landinu.

Varðandi kaupverð þeirra fiskvinnslustöðva og fiskvinnslutækja sem sjóðurinn festir kaup á skal stjórn sjóðsins taka mið af markaðsverði sambærilegra eigna en þó skal kaupverð aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur 75% af fasteignamati fasteigna og 25% af verðmæti framleiðslutækja samkvæmt mati sjóðsins. Skal miða við fasteignamat fasteigna eins og það var í upphafi þess árs er kaupin eru gerð.

Halda skal fjárreiðum vegna eignakaupa samkvæmt þessari grein aðskildum í bókhaldi sjóðsins.

10. gr.

Skilyrði fyrir því að stjórn sjóðsins sé heimilt að festa kaup á fiskvinnslustöð er að viðkomandi stöð hafi fengið útgefið fullgilt vinnsluleyfi af Fiskistofu, sbr. lög nr. 93/1992, eða fiskvinnsla hafi verið stunduð í fasteigninni með tilskildu vinnsluleyfi á árinu 1991 eða 1992 og henni hafi ekki verið ráðstafað varanlega til annarra nota. Það er jafnframt skilyrði að þær eignir, sem sjóðurinn festir kaup á, séu afhentar veðbandalausar. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að inna kaupverð að hluta eða öllu leyti af hendi með því að taka við áhvílandi veðlánum.

Stjórn sjóðsins skal leitast við að selja fasteignir, sem sjóðurinn eignast, til óskyldrar starfsemi. Skal þeirri kvöð þinglýst á fasteignirnar að þær verði ekki framar nýttar til fiskvinnslustarfsemi.

Þátttaka í verkefnum erlendis.

11. gr.

Þróunarsjóði er heimilt að stuðla að þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Í því felst að sjóðnum er heimilt að veita styrki, lán og ábyrgðir vegna slíkra verkefna.

Enn fremur er stjórn sjóðsins heimilt að leggja fram keypt framleiðslutæki sem hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjum utan Íslands eða hlutafélögum sem stofnuð eru hér á landi til að taka þátt í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Þá er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé í reiðufé til slíkra fyrirtækja, veita þeim ábyrgðir eða víkjandi lán enda liggi fyrir að alþjóðleg lánastofnun hafi á grundvelli fyrirliggjandi arðsemisáætlana mælt með fjármögnun viðkomandi verkefnis.

Hlutafjárdeild og atvinnutryggingardeild.

12. gr.

Hlutverk hlutafjárdeildar er að fara með og selja hlutabréf í eigu deildarinnar. Hlutafjárdeild er óheimilt að kaupa ný hlutabréf. Deildinni er þó heimilt við samruna félaga eða skipti á hlutabréfum að taka við nýjum hlutabréfum sem samsvara fyrri hlutabréfaeign. Hlutafé í eigu deildarinnar skal boðið til sölu a.m.k. einu sinni á ári og skal starfsfólk og aðrir eigendur fyrirtækisins, sem í hlut á, njóta forkaupsréttar. Hlutdeildarskírteini deildarinnar skulu skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjárdeild skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum.

13. gr.

Hlutverk atvinnutryggingardeildar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar. Henni er óheimilt að veita ný lán. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að skuldbreyta lánum atvinnutryggingardeildar í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu sjávarútvegsfyrirtækja, í samvinnu við aðrar lánastofnanir, við sameiningu eða verulega minnkun á afkastagetu einstakra fyrirtækja. Byggðastofnun annast reikningshald og innheimtu fyrir atvinnutryggingardeild eftir nánara samkomulagi við stjórn Þróunarsjóðs.

Ýmis ákvæði.

14. gr

Stjórn Þróunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Hún ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk til að annast daglegan rekstur hans eða semur um það við fjármálastofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.

Fyrir upphaf hvers starfsárs skal stjórn sjóðsins leggja fyrir sjávarútvegsráðherra sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár til staðfestingar.

15. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán til að jafna misræmi milli innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn á að standa skil á.

16. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem sjóðurinn kann að eignast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn tekur, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

17. gr.

Ársreikningum skal fylgja skrá yfir ráðstafanir á fjármunum Þróunarsjóðs, svo sem vegna greiðslu úreldingarstyrkja vegna fiskiskipa, kaupa á fasteignum og framleiðslutækjum, sölu á hlutabréfum hlutafjárdeildar og þátttöku í hagræðingaraðgerðum.

18. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Þróunarsjóður er í eigu ríkisins. Miða skal við að þróunarsjóðsgjöld skv. 4., 5. og 6. gr. standi undir skuldbindingum og rekstrarkostnaði sjóðsins. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Þróunarsjóðs og skal hún árlega gera sérstaka athugun á möguleikum sjóðsins til að standa undir skuldbindingum sínum miðað við stöðu efnahagsreiknings og áætlun um framtíðarútgjöld og tekjur, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

Komi í ljós að framtíðartekjur sjóðsins séu ekki í samræmi við skuldbindingar skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögur um breytingar á tekjustofnum sjóðsins, sbr. 4., 5. og 6. gr.

20. gr.

Sá hluti eigna og skuldbindinga atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar, sem ekki er vegna sjávarútvegsfyrirtækja, skal vera í fjárhagslega sjálfstæðri deild við Byggðastofnun. Hlutverk atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar. Henni er óheimilt að veita ný lán. Stjórn Byggðastofnunar er því aðeins heimilt að gefa eftir hluta lána eða gera á þeim breytingar að það sé talið nauðsynlegt vegna innheimtuhagsmuna deildarinnar og það sé liður í skuldaskilasamningum sem aðrir kröfuhafar taka þátt í.

21. gr.

Þróunarsjóði er heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini hlutafjárdeildar.

22. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um starfsemi Þróunarsjóðs sjávarútvegsins með reglugerð.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 65/1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Gilda ákvæði 4. gr. laga þessara um innheimtu gjalds sem þegar hefur verið lagt á eigendur fiskiskipa skv. 4. gr. laga nr. 65/1992 og rennur gjald, sem innheimtist eftir gildistöku laga þessara, til Þróunarsjóðs. Enn fremur falla úr gildi 3.–12. gr. laga nr. 9 2. mars 1989, um aðgerðir í efnahagsmálum, svo og lög nr. 42 27. mars 1991, um breytingu á þeim lögum. Ákvæði 4. gr. um gjald á fiskiskip koma til framkvæmda frá og með árinu 1994. Ákvæði 5. gr. um gjald á fiskvinnslustöðvar koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 vegna gjaldstofns ársins 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Of mikil afkastageta bæði í veiðum og vinnslu hefur lengi verið eitt meginvandamál sjávarútvegsins. Þessi umframafkastageta birtist m.a. í mikilli skuldsetningu sjávarútvegsfyrirtækja og er nú svo komið að skuldir greinarinnar eru áætlaðar um 110 milljarðar króna. Þessi mikla skuldsetning dregur úr möguleikum greinarinnar á að takast á við ytri áföll, svo sem lækkandi markaðsverð og slæmt ástand þorskstofnsins vegna lélegrar nýliðunar síðustu sjö árin.

Í vor áætlaði Þjóðhagsstofnun að samanlagður halli botnfisksveiða og -vinnslu næmi 8,8% af tekjum miðað við rekstrarskilyrði á þeim tíma. Frá þeim tíma hefur tryggingargjald verið fellt niður og gengi krónunnar fellt um 7,5%. Stofnunin telur að samanlagður halli botnfisksveiða og -vinnslu í september 1993 hafi verið um 2,2% af tekjum. Ljóst er að afkoma sjávarútvegsins mun versna þegar áhrifa samdráttar í þorskafla fer að gæta í haust og í vetur. Þjóðhagsstofnun hefur áætlað að afkoma sjávarútvegsins í heild muni versna um 2,2% þegar aflasamdrátturinn á milli fiskveiðiára verður að fullu kominn fram ef tekið er mið af afurðaverði í september 1993 þannig að afkoman verði neikvæð um 4,4%. Líklegt er að nokkur hagnaður sé í öðrum greinum sjávarútvegsins en botnfisksveiðum og -vinnslu. Þjóðhagsstofnun telur óvarlegt að áætla þann hagnað meiri en sem nemur um 1% af heildarafkomu sjávarútvegsins.

Þjóðhagsstofnun hefur á síðustu árum athugað afkomudreifingu og eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja. Þá hefur stofnunin lagt mat á hver yrðu áhrif þess á meðaltalsafkomu greinarinnar ef framleiðslan yrði flutt frá lakast settu fyrirtækjunum til þeirra fyrirtækja sem betri afkomu skila. Er það mat stofnunarinnar á grundvelli lauslegrar athugunar á ársreikningum sjávarútvegsfyrirtækja að hægt sé að bæta afkomu sjávarútvegsins í heild um 2–3 prósentustig ef framleiðsla 25% lakast settu fyrirtækjanna flyttist til þeirra fyrirtækja sem mestri arðsemi skila. Þetta frumvarp felur ekki í sér heildarlausn á umframafkastagetu í sjávarútveginum en mun þó geta auðveldað hagræðingu í mörgum tilvikum.

Eins og kunnugt er hafa á undanförnum árum verið settar víðtækar reglur um stjórn fiskveiða. Öll fiskiskip og bátar sem stunda veiðar í atvinnuskyni þurfa sérstök veiðileyfi og ekkert nýtt skip fær leyfi nema sambærilegt skip hverfi úr flotanum í þess stað. Til viðbótar takmörkunum í formi veiðileyfa hefur leyfilegum heildarafla flestra nytjastofna verið skipt upp á milli einstakra skipa. Með því að takmarka aðganginn með útgáfu veiðileyfa og úthluta skipunum framseljanlegum aflaheimildum hafa verið sköpuð skilyrði fyrir minnkun flotans. Nokkur árangur hefur náðst í þessum efnum en það veldur hins vegar vonbrigðum að ekki hafi fiskiskipum fækkað meira en raun ber vitni. Ýmsar ástæður geta þó legið þar að baki. Í fyrsta lagi voru lög um stjórn fiskveiða framan af sett til eins, tveggja eða þriggja ára í senn. Þessi skammi gildistími laganna skapaði óvissu og í mörgum tilfellum varð það til að draga úr viðleitni til að sameina aflaheimildir á færri skip. Í öðru lagi höfðu reglur um sóknarmark og frjálsræði í veiðum smábáta áhrif til að stækka flotann. Í þriðja lagi má rekja hluta af þeirri miklu endurnýjun, sem átt hefur sér stað á fiskiskipum, til þeirra takmarkana sem voru í gildi allt fram á miðjan síðasta áratug til að endurnýja skip. Þegar þeim takmörkunum var aflétt leiddi það til mikillar skriðu nýfjárfestinga. Í fjórða lagi má loks benda á að vegna offjárfestinga í fiskiskipum víða um heim hefur verð á notuðum skipum lækkað mjög. Þessi þróun hefur annars vegar leitt til þess að erfitt hefur reynst að losna við skip úr íslenska flotanum og hins vegar til þess að íslenskum útvegsmönnum hafa boðist nýleg erlend skip til kaups fyrir brot af smíðaverði slíkra skipa.

Aðgangur hefur hins vegar ekki verið almennt takmarkaður fyrir þá sem vilja stunda fiskvinnslu ef undan eru skilin fyrirtæki í rækju- og skelfisksvinnslu en þar er krafist sérstakra leyfa. Allir þeir sem uppfylla tiltekin efnisleg skilyrði varðandi hreinlæti og búnað hafa fengið leyfi til að stunda fiskvinnslu. Í lok síðasta árs komu til framkvæmda lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Samkvæmt þeim lögum eru gerðar ríkari kröfur en áður í hreinlætis- og gæðamálum til fiskvinnslustarfsemi til samræmis við kröfur okkar helstu markaðsþjóða.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk sjóðsins er að auðvelda sjávarútvegsfyrirtækjum að losna við umframafkastagetu jafnt í veiðum sem vinnslu. Í því skyni mun sjóðurinn taka við því hlutverki Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins að greiða styrki vegna úreldingar fiskiskipa en jafnframt mun sjóðurinn stuðla að fækkun fiskvinnslustöðva. Með fiskvinnslustöð í lagafrumvarpi þessu er átt við mannvirki á landi þar sem fram fer vinnsla á sjávarafla, þar á meðal fasteignir þar sem fram fer bræðsla á loðnu, síld, öðrum afla og fiskúrgangi. Enn fremur er gert ráð fyrir því að sjóðurinn kaupi framleiðslutæki sem eru í fasteignunum enda sé um að ræða tæki sem hægt yrði að nýta til vinnslu í öðrum fasteignum. Kaup sjóðsins á fasteignum og framleiðslutækjum eiga að leiða til minni afkastagetu í fiskvinnslu í landinu. Þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti stuðlað að sameiningu sjávarútvegsfyrirtækja með því að taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu í samvinnu við lánastofnanir.

Til að stuðla að minni afkastagetu í veiðum og vinnslu og enn fremur til að auka útflutningstekjur þjóðarbúsins er lagt til að Þróunarsjóði verði heimilt að stuðla að þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Í þessu felst m.a. að sjóðurinn getur selt eða ráðstafað framleiðslutækjum, sem hann hefur eignast, til sjávarútvegsverkefna erlendis. Þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti veitt styrki eða ábyrgðir vegna slíkra verkefna og jafnvel gerst beinn þátttakandi í slíkum verkefnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um heiti sjóðsins, hlutverk hans og hvernig því skuli sinnt. Í fyrsta lagi er hlutverk Þróunarsjóðs að draga úr stærð fiskiskipaflotans og auka þar með hagkvæmni í útgerð. Þessu hlutverki sinnir sjóðurinn með því að veita styrki til úreldingar fiskiskipa. Skilyrði fyrir veitingu styrkja til úreldingar fiskiskipa er að tryggt sé að ný skip bætist ekki í flotann eða réttur til endurnýjunar verði nýttur með öðrum hætti. Í þessu felst að aflaheimildir þess skips, sem úrelda á, eru fluttar til annarra skipa sem fyrir eru í flotanum en veiðileyfið fellt endanlega úr gildi. Þessi starfsemi sjóðsins leiðir því til þess að aflaheimildir þeirra skipa sem eftir verða í flotanum aukast þegar fram líða stundir. Í öðru lagi skal sjóðurinn stuðla að aukinni arðsemi fiskvinnslufyrirtækja. Í því skyni er sjóðnum heimilt að kaupa fasteignir sem nýttar eru til fiskvinnslu og framleiðslutæki sem kunna að vera í þeim fasteignum. Stjórn sjóðsins skal tryggja að þær fiskvinnslustöðvar, sem sjóðurinn kann að eignast, verði ekki nýttar til fiskvinnslu. Er lagt til að þeirri kvöð verði þinglýst á eignirnar. Stjórn sjóðsins er hins vegar heimilt að selja þær fasteignir, sem sjóðurinn eignast, til aðila sem hyggjast stunda aðra starfsemi en fiskvinnslu í fasteigninni eða nýta þau lóðarréttindi sem þeim fylgja. Reynist nýtanleg tæki og vélar í fasteignum sem sjóðurinn eignast skal við það miðað að ráðstöfun þeirra leiði ekki til þess að afkastageta fiskvinnslunnar í landi aukist. Það getur sjóðurinn t.d. gert með því að selja framleiðslutækin úr landi. Í þriðja lagi er sjóðnum heimilt að taka þátt í samræmdum aðgerðum lánastofnana við fjárhagslega og rekstrarlega endurskipulagningu sjávarútvegsfyrirtækja eða aðgerðum sem beinast að því að draga úr afkastagetu fiskvinnslunnar. Þessi heimild er bundin þeim skilyrðum að um sé að ræða sameiningu tveggja eða fleiri fyrirtækja og sýnt þyki að sú endurskipulagning muni leiða til aukinnar arðsemi í sjávarútvegi eða um sé að ræða verulega minnkun í afkastagetu einstakra fyrirtækja. Í fjórða lagi er sjóðnum heimilt að greiða fyrir þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Það getur sjóðurinn annars vegar gert með því að veita styrki, lán eða ábyrgðir til einstaklinga og fyrirtækja vegna þátttöku þeirra í slíkum verkefn-

um og hins vegar með beinni eignaraðild sjóðsins að slíkum fyrirtækjum. Er gert ráð fyrir að bein þátttaka sjóðsins í félögum, sem starfa að sjávarútvegsverkefnum erlendis, sé bundin því skilyrði að alþjóðlegar lánastofnanir hafi á grundvelli arðsemisáætlana mælt með fjármögnun viðkomandi verkefnis.

Um 2. gr.

Lagt er til að þrír menn verði í stjórn Þróunarsjóðs. Tveir stjórnarmenn verða skipaðir af sjávarútvegsráðherra án tilnefningar en einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann sjóðstjórnar. Er lagt til að skipunartími stjórnar verði fjögur ár.

Um 3. gr.

Eignir og skuldbindingar Þróunarsjóðs koma frá þremur sjóðum. Í fyrsta lagi fær sjóðurinn allar fjáreignir Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins eins og þær verða þegar lögin koma til framkvæmda. Er áætlað að eignir Hagræðingarsjóðs, sem lagður verður niður verði frumvarp þetta að lögum, hafi numið um 550 milljónum króna 31. ágúst sl. Í öðru lagi tekur Þróunarsjóður við eignum og skuldbindingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja eins og þær verða við gildistöku laganna að frádregnum lánum til deildarinnar að fjárhæð 950 milljónir króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt miðað við gengi 31. desember 1992 sem ríkissjóður yfirtekur af lánum til deildarinnar. Samkvæmt uppgjöri 31. ágúst 1993 er áætlað að eignir deildarinnar vegna lánveitinga til sjávarútvegsfyrirtækja hafi numið um 6.919 milljónum króna en skuldir um 8.479 milljónum króna. Neikvætt eigið fé deildarinnar var því áætlað um 1.578 milljónir króna þann 31. ágúst sl. Þróunarsjóður mun því taka á sig neikvætt eigið fé deildarinnar umfram yfirtöku ríkissjóðs reiknaðrar samkvæmt framansögðu. Í þriðja lagi tekur Þróunarsjóður við öllum eignum og skuldbindingum hlutafjárdeildar Byggðastofnunar miðað við stöðu efnahagsreiknings við gildtöku laga þessara. Hlutafjárdeildin á hlutabréf í níu sjávarútvegsfyrirtækjum og einu iðnaðarfyrirtæki. Hinn 31. ágúst sl. nam bókfært virði hlutabréfanna 500 milljónum króna en bókfært virði hlutdeildarskírteina 1.450 milljónum króna. Hlutdeildarskírteini eru tvenns konar, A-hlutdeildarskírteini sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs og B-hlutdeildarskírteini sem eru án ríkisábyrgðar. Ábyrgð ríkissjóðs náði þó einungis til greiðslu á 600 milljónum króna sem var uppfært með verðbótum til 850 milljóna króna 31. ágúst sl. Það ræðst af endanlegu söluverðmæti hlutabréfa hlutafjárdeildar hverjar endanlegar skuldbindingar Þróunarsjóður tekur á sig. Áætlað hefur verið að hér geti verið um 350 milljónir króna að ræða en uppgjöri hlutdeildarskírteina skal að fullu lokið árið 2005.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður láni Þróunarsjóði 4.000 milljónir króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og skulu fjárhæðir miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna. Lánið skal koma til útborgunar á árunum 1993, 1994 og 1995. Skal hver lántaka afborgunarlaus fyrstu tvö árin og einungis greiddir vextir. Lán tekið á árinu 1993 endurgreiðist með jöfnum árlegum greiðslum vaxta og afborgana á árunum 1996 til 2005 eða á 10 árum. Lán tekið 1994 endurgreiðist á sama hátt á árunum 1997 til 2005 sem og lán tekið á árinu 1995 á árunum 1998 til 2005.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sérstakt gjald til Þróunarsjóðs verði lagt á fiskiskipaflotann. Gjaldskyldan nær til allra fiskiskipa 10 brúttólesta og stærri sem skráð eru á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins hinn 1. janúar hvert ár. Ekki er því lagt gjald á skip það ár sem það er skrásett, þ.e. ef það er skrásett 2. janúar eða síðar. Hins vegar er greitt fullt árgjald vegna skipa árið sem þau eru tekin af skrá. Er þetta í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið í Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins. Gjaldið samsvarar þeirri fjárhæð sem lagt hefur verið á fiskiskip af Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins og er áætlað að það muni skila Þróunarsjóði um 80 milljónum króna á ári.

Samkvæmt reglum nr. 244/1987 um mælingar skipa eiga skip sem eru 24 metrar eða lengri og stunda alþjóðlegar siglingar og skráð eru á Íslandi að taka upp nýjar mælingar og mælibréf. Samkvæmt reglugerð nr. 294/1993 um breytingu á reglugerð nr. 244/1987 taka hinar nýju reglur að fullu gildi 18. júlí 1994. Í tilefni af setningu þessarar reglugerðar ritaði samgönguráðuneytið sjávarútvegsráðuneytinu bréf þann 8. júlí sl. og fór þess á leit að það hlutaðist til um að nauðsynlegar breytingar yrðu gerðar á lögum og reglum er undir sjávarútvegsráðuneytið heyra til samræmis við þessar nýju mælingarreglur. Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að við álagningu á þróunarsjóðsgjaldi vegna fiskiskipa verði miðað við brúttótonn en ekki brúttórúmlestir eins og í gildandi lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Engu að síður er til öryggis kveðið á um í 1. mgr. að liggi brúttótonnamæling ekki fyrir þá skuli þess í stað miðað við brúttórúmlestir. Þessi breyting á gjaldstofni leiðir til þess að gjald vegna einstakra skipa getur bæði hækkað og lækkað frá því sem nú er í Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins. Það ræðst af því hvort brúttótonnamælingin er hærri eða lægri en brúttórúmlestamælingin sem notuð var sem gjaldstofn í Hagræðingarsjóði. Við ákvörðun gjaldsins var hins vegar miðað við að heildartekjur Þróunarsjóðs af gjaldi á fiskiskip yrðu þær sömu og tekjur Hagræðingarsjóðs. Þar sem skip mælast í flestum tilvikum stærri í brúttótonnum en brúttórúmlestum er lagt til að gjaldið verði 750 kr. á brúttótonn en til samanburðar þá nam gjald til Hagræðingarsjóðs árinu 1993 945 kr. á brúttórúmlest. Hámarksgjald á hvert fiskiskip verður 285.000 kr.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að gjald verði lagt á fiskvinnslustöðvar til samræmis við það gjald sem lagt er á fiskiskip skv. 4. gr. Gjaldinu er ætlað að skila Þróunarsjóði um 80 milljónum króna í árlegar tekjur og verður það lagt á í fyrsta sinn árið 1994. Lagt er til að stofn til gjaldtöku verði fasteignamat fasteigna sem nýttar eru til fiskvinnslustarfsemi. Ekki liggja fyrir ítarlegar skrár um fasteignamat þessara eigna þar sem fiskvinnslueignir eru ekki sérstaklega skráðar hjá Fasteignamati ríkisins. Áætlað er að 0,75% gjald af fasteignamatsverði muni skila sjóðnum þeim tekjum sem að er stefnt.

Um 6. gr.

Frá og með því fiskveiðiári sem hefst hinn 1. september 1996 verður lagt gjald á úthlutað aflamark til einstakra fiskiskipa. Er lagt til að gjaldið nemi a.m.k. 1.000 krónum á hverja þorskígildislest miðað við þau verðmætahlutföll milli fisktegunda sem sjávarútvegsráðherra ákveður í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir hvert fiskveiðiár. Í þessari tillögu felst ekki að ráðherra geti hækkað gjaldið umfram þessa fjárhæð. Það sem felst í ákvæðinu er hins vegar það að ef til þess kemur að taka þurfi ákvörðun gjaldsins til endurskoðunar á grundvelli ákvæða 19. gr. þá verði tillögugerð ráðherra við það miðuð að gjaldið verði ekki

lækkað niður fyrir 1.000 kr. á hverja þorskígildislest.

Við ákvörðun gjaldsins var miðað við meðalafla kvótabundinna fisktegunda á árunum 1987 til 1991 og er miðað við að gjaldið hefði að meðaltali gefið um 525 milljónir árlega í tekjur á því tímabili. Ljóst er að gjaldið getur á einstökum árum skilað sjóðnum bæði lægri og hærri fjárhæð en heildartekjur af gjaldinu ráðast af ákvörðunum um leyfilegan heildarafla. Miðað við leyfilegan heildarafla yfirstandandi fiskveiðiárs hefði gjaldið t.d. skilað um 417 milljónum króna. Þá er lagt til að ráðherra verði heimilt að breyta gjaldinu í samræmi við þær breytingar sem kunna að verða á vísitölu byggingarkostnaðar.

Lagt er til að Fiskistofu verði falið að annast innheimtu gjaldsins sem fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum ár hvert. Verður gjaldið innheimt í fyrsta skipti á því fiskveiðiári sem hefst hinn 1. september 1996.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það hvernig sjóðurinn sinnir því hlutverki sínu að stuðla að fækkun fiskiskipa. Það gerir sjóðurinn með því að greiða styrki þegar skipi, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, er fargað eða selt úr landi án þess að nýtt skip bætist í flotann í þess stað. Styrknum er ætlað að hvetja til þess að sameina aflaheimildir á færri skip og stuðla þannig að betri rekstrarafkomu þeirra skipa sem eftir verða. Til að hraða fækkun fiskiskipa er lagt til að hámark styrkhlutfallsins verði allt að 45% af húftryggingarverðmæti fiskiskips í stað 30% í gildandi lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Enn fremur er lagt til að samanlögð fjárhæð úreldingarstyrks og tjónbóta, sem greiddar eru af tryggingafélögum vegna skipa sem verða fyrir tjóni án þess að viðgerð fari fram, geti aldrei orðið hærri fjárhæð en sem nemur húftryggingarverðmæti skips. Með þessu móti er tryggt að staða þeirra aðila, sem verða fyrir hlutatjóni, verði aldrei betri en þeirra sem verða fyrir altjóni en sjóðurinn greiðir ekki styrki vegna skipa sem verða fyrir altjóni og eru að fullu bætt af tryggingafélögum. Loks er gerð tillaga um að fjárhæð úreldingarstyrks geti aldrei orðið hærri en sem nemur 75 milljónum króna vegna einstaks skips en í gildandi lögum um Hagræðingarsjóð er þessi fjárhæð 50 milljónir króna. Hámarksfjárhæðin tekur sömu verðlagsbreytingum og gjald sem lagt er á skipin skv. 4. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu úreldingarstyrks er að ekki bætist nýtt skip í flotann í þess stað að réttur til endurnýjunar skipsins verði nýttur á annan hátt. Í hvert skipti sem sjóðurinn greiðir styrk með þessum hætti fækkar því þeim skipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni. Styrknum er því ætlað að hvetja til að útvegsmenn sameini aflaheimildir og stuðla að því að takmarkaður afli sé sóttur með sem minnstum tilkostnaði.

Á árinu 1991 voru greidd iðgjöld af 637 fiskiskipum til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Samanlagt voru þessi skip 117.226 brúttórúmlestir að stærð. Á þessu ári eru greidd iðgjöld af 590 fiskiskipum sem eru samtals 117.376 brúttórúmlestir að stærð. Fiskiskipum 10 brúttórúmlestir og stærri hefur því fækkað um 47 frá því í ársbyrjun 1991. Hagræðingarsjóður hefur greitt og veitt úreldingarstyrki vegna 41 skips en heildarfjárhæð styrkja og loforða nemur 406 milljónum króna. Sum þeirra skipa sem sjóðurinn hefur greitt úreldingarstyrki fyrir hafa verið seld úr landi en öðrum eytt. Samanlagt voru þessi 41 skip 2.496 brúttórúmlestir eða um 2% af samanlagðri stærð þess flota sem iðgjöld eru greidd af til sjóðsins.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þau skilyrði sem sett eru fyrir greiðslu úreldingarstyrkja vegna fiskiskipa. Eru skilyrðin þau sömu og í gildandi lögum nr. 65/1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. eru gefnar almennar leiðbeiningar um þau markmið sem sjóðurinn skal stefna að með kaupum á fiskvinnslustöðvum og framleiðslutækjum sem kunna að vera í þeim fasteignum sem sjóðurinn festir kaup á. Er lagt til að heimild sjóðsins til kaupa á fiskvinnslustöðvum falli niður í árslok 1996. Hér er því um tímabundna ráðstöfun að ræða.

Kaup sjóðsins á fasteignum fiskvinnslustöðva fara eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma. Við mat á því hvort sjóðurinn festir kaup á fasteignum fiskvinnslustöðva þarf stjórnin að taka tillit til margra þátta og sérstaklega að hafa í huga að kaupin leiði til betri rekstrarskilyrða fyrir þær fiskvinnslustöðvar sem halda áfram rekstri. Að þessu leyti eru verkefni sjóðsins vegna fiskvinnslustöðva og fækkunar fiskiskipa ólík. Sjóðnum er skylt að greiða úreldingarstyrki vegna fiskiskipa ef tilteknum skilyrðum er fullnægt. Sjóðnum er hins vegar ekki á nokkurn hátt skylt að kaupa fiskvinnslustöðvar sem honum kunna að verða boðnar til kaups.

Sjóðurinn þarf að nýta vel þá takmörkuðu fjármuni sem hann hefur til ráðstöfunar og því þarf að haga kaupum á fasteignum fiskvinnslustöðva þannig að þau leiði til sem mestrar arðsemi fyrir þá fiskvinnslustarfsemi sem eftir verður. Þá er ljóst að ekki er í öllum tilvikum nægjanlegt að festa einungis kaup á fiskvinnslustöðvunum sjálfum heldur verður jafnframt að tryggja að öll framleiðslutæki viðkomandi stöðvar verði ekki nýtt til að auka afkastagetu í öðrum fiskvinnslustöðvum.

Í 2. mgr. eru ákvæði er varða kaupverð fiskvinnslustöðva og framleiðslutækja þeirra. Er lagt til að aðalreglan verði sú að sjóðurinn kaupi fasteignir og framleiðslutæki á markaðsverði. Þó er lagt til að sú regla verði lögfest að sjóðurinn geti ekki greitt hærra verð fyrir fasteign en sem nemur 75% af fasteignamati og 25% af verðmæti framleiðslutækja samkvæmt mati sjóðsins.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um þau skilyrði sem sett eru fyrir kaupum sjóðsins á fiskvinnslustöðvum. Er lagt til að sjóðnum sé einungis heimilt að kaupa fiskvinnslustöð sem hefur fengið útgefið fullgilt vinnsluleyfi af Fiskistofu í samræmi við ákvæði laga nr. 93/1992. Þetta skilyrði á að tryggja að takmarkaðir fjármunir sjóðsins sé nýttir til að kaupa raunverulega afkastagetu, þ.e. fiskvinnslustöðvar sem fullnægja reglum sem settar eru fyrir leyfi til framleiðslu og útflutnings sjávarafurða. Þó eru ákvæði þess efnis að sjóðnum sé heimilt að festa kaup á fiskvinnslustöð sem hefur starfað með fullgilt vinnsluleyfi á árinu 1991 eða 1992. Skilyrði fyrir kaupum sjóðsins á slíkum stöðvum er að viðkomandi stöð hafi ekki verið ráðstafað varanlega til annarrar starfsemi. Með þessu móti er komið til móts við þau fyrirtæki sem hafa hagrætt í rekstri á undanförnum árum. Þá er sjóðnum óheimilt að greiða út andvirði fasteigna og framleiðslutækja fyrr en öllum veðum, sem á þessum eignum kunna að hvíla, hefur verið aflétt.

Eignist sjóðurinn fasteignir og framleiðslutæki þarf að sjá til þess að endurráðstöfun þeirra leiði ekki til aukinnar afkastagetu. Sjóðnum er einungis heimilt að ráðstafa fasteignum til óskyldrar starfsemi og er gert ráð fyrir að þeirri kvöð verði þinglýst á eignirnar að þær verði ekki framar nýttar til fiskvinnslustarfsemi. Sjóðurinn þarf jafnframt að tryggja að endurráðstöfun framleiðslutækja leiði ekki til þess að afkastageta fiskvinnslunnar aukist. Það getur sjóðurinn t.d. gert með tvennum hætti; með því að ráðstafa tækjunum úr landi, t.d. í samræmi við ákvæði 11. gr., eða þá að skipta þeim innan lands og fá í staðinn sambærileg tæki hvað afkastagetu varðar. Þeim framleiðslutækjum sem sjóðurinn fengi í staðinn yrði síðan eytt eða þeim ráðstafað úr landi.

Um 11. gr.

Á undanförnum árum hefur áhugi á þátttöku íslenskra fyrirtækja í sjávarútvegsverkefnum erlendis farið vaxandi. Kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi búa Íslendingar yfir mikilli þekkingu á flestum sviðum sjávarútvegsmála sem hefur orðið til þess að margar þjóðir, sem eru að byggja upp sjávarútveg sinn, hafa haft frumkvæði að því að reyna að fá íslenska aðila til samstarfs. Í öðru lagi hefur minnkandi afli og breytt ráðstöfun hans leitt til mikillar umframafkastagetu í veiðum og vinnslu. Ýmsar hindranir hafa þó staðið í vegi fyrir þátttöku Íslendinga í slíkum verkefnum þó svo að margt hafi áunnist á síðustu árum. Að sumu leyti stafa þessir erfiðleikar af skorti á fjármagni bæði til að undirbúa og taka þátt í slíkum verkefnum og eins af vandkvæðum við að afla nýrra trygginga fyrir þær lánastofnanir sem eiga veð í skipum og framleiðslutækjum sem íslensk fyrirtæki vildu leggja fram í slík verkefni. Þar sem meginhlutverk Þróunarsjóðs er að stuðla að minni afkastagetu í veiðum og vinnslu hér á landi er lagt til að sjóðnum verði heimilt að stuðla að slíkum verkefnum erlendis. Er lagt til að Þróunarsjóður geti með veitingu ábyrgða og styrkja greitt fyrir þátttöku íslenskra aðila og fyrirtækja í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Þá er enn fremur lagt til að sjóðurinn geti með beinum hætti tekið þátt í slíkum verkefnum með hlutafjárframlagi. Það framlag getur bæði verið í því formi að sjóðurinn leggi fram sem hlutafé framleiðslutæki, sem hann hefur fest kaup á skv. 9. og 10. gr., og eins með beinu fjárframlagi eða ábyrgðum enda liggi fyrir að alþjóðleg lánastofnun hafi á grundvelli arðsemisáætlana mælt með fjármögnun viðkomandi verkefnis.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er kveðið á um starfsemi hlutafjárdeildar sem Þróunarsjóður tekur við frá Byggðastofnun, sbr. ákvæði 3. gr. Ekki er lagt til að neinar breytingar verði gerðar á starfsemi deildarinnar að öðru leyti. Hlutverk Þróunarsjóðs verður að fara með eignarhlut deildarinnar í þeim fyrirtækjum sem hún á hlutabréf í og standa eigendum hlutdeildarskírteina skil á andvirði þeirra í samræmi við ábyrgð ríkissjóðs.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um þann þátt í starfsemi Þróunarsjóðs sem felst í því að sjóðurinn tekur við eignum og skuldbindingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja. Hlutverk sjóðsins verður fyrst og fremst að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar og er lagt til að Þróunarsjóður feli Byggðastofnun að annast þessa starfsemi með sama hætti og verið hefur. Lagt er til að stjórn sjóðsins verði heimilt að skuldbreyta lánum til einstakra fyrirtækja ef tilteknum skilyrðum er fullnægt. Er lagt til að slík skuldbreyting verði einungis heimiluð við fjárhagslega endurskipulagningu í tengslum við sam-

einingu sjávarútvegsfyrirtækja eða ef um er að ræða verulega minnkun á afkastagetu einstakra fyrirtækja sem sýnt þykir að leiða muni til betri rekstrarskilyrða annarra sjávarútvegsfyrirtækja.

Um 14. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs hefur fullt forræði yfir allri daglegri starfsemi sjóðsins. Það verður því verkefni stjórnarinnar að ákveða vistun sjóðsins og taka ákvarðanir um ráðningu framkvæmdastjóra og annars starfsfólks ef þörf krefur.

Í 2. mgr. er lagt til að sú vinnuregla verði lögfest að stjórn sjóðsins leggi fyrir sjávarútvegsráðherra fyrir upphaf hvers starfsárs sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár. Er þetta í fullu samræmi við það sem viðgengst varðandi þær stofnanir sem heyra undir ýmis ráðuneyti.

Um 15. gr.

Misræmi verður á milli innborgana og útborgana sjóðsins, sérstaklega á árunum 1995 til 2002. Til að jafna þetta misræmi er í þessari grein kveðið á um að stjórn sjóðsins verði heimilað að taka lán til viðbótar láni til sjóðsins skv. 3. gr. til að jafna greiðslustreymi sjóðsins. Þessar lántökur sem og aðrar lántökur sjóðsins koma til kasta Alþingis á hverjum tíma í tengslum við lánsfjárlög fyrir hvert ár.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að sjóðurinn þurfi ekki að greiða fasteignagjöld af þeim fasteignum sem hann eignast. Þetta þykir eðlilegt þar sem engin starfsemi mun fara fram í þessum fasteignum á meðan þær eru í eigu sjóðsins. Verði þeim hins vegar síðar ráðstafað af sjóðnum til annarra nota yrðu fasteignagjöld lögð á að nýju. Þá er lagt til að skjöl viðvíkjandi lánum, er sjóðurinn tekur, skuli undanþegin stimpilgjöldum.

Um 17. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þær upplýsingar um fjármálalegar ráðstafanir sem sjóðnum verður gert að birta samhliða ársreikningi hvers árs.

Um 18. gr.

Hér er kveðið á um þagnarskyldu stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er tekinn af allur vafi um að Þróunarsjóður verði í eigu ríkisins og þróunarsjóðsgjald skuli standa undir öllum skuldbindingum sjóðsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Ríkisendurskoðun skuli árlega gera sérstaka athugun á stöðu sjóðsins þar sem sérstaklega verði kannaðir möguleikar hans til að standa undir skuldbindingum sínum miðað við stöðu efnahagsreiknings og áætlun um framtíðartekjur og -útgjöld sjóðsins. Er jafnframt í 3. mgr. lagt til að ráðherra verði falið að leggja tillögur fyrir Alþingi um breytingar á tekjustofnum sjóðsins reynist áætlun sjóðsins um framtíðartekjur og -útgjöld ekki í samræmi við skuldbindingar.

Um 20. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að Þróunarsjóði sé heimilt að festa kaup á hlutdeildarskírteinum hlutafjárdeildar. Eins og rakið var í athugasemdum við 3. gr. eru hlutdeildarskírteini hlutafjárdeildar tvenns konar, þ.e. A-hlutdeildarskírteini og B-hlutdeildarskírteini. A-skírteinin eru með ábyrgð ríkissjóðs og ábyrgist Þróunarsjóður greiðslu ríkisins ef eignir hlutafjárdeildar duga ekki til. B-skírteinin eru hins vegar ekki með ríkisábyrgð. Það ræðst af mati eigenda þessara skírteina, sem fyrst og fremst eru fjármálastofnanir, hvert framtíðarvirði skírteinanna er en samkvæmt gildandi lögum um hlutafjársjóð á að leysa sjóðinn upp árið 2005 og greiða handhöfum skírteinanna út virði þeirra.

Um 22. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku laganna. Þá er í síðasta málslið kveðið á um að gjald á fiskvinnslustöðvar verði fyrst lagt á við álagningu gjalda á árinu 1994 vegna gjaldstofns ársins 1993.

360. Frumvarp til laga [283. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Falli veiðileyfi skips skv. 1. mgr. þessarar greinar niður má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað enda hafi slíkum rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Er heimilt að veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips er úr flotanum hverfur eða úrelda fleiri en eitt skip í stað skips er í flotann bætist enda sé tryggt að afkastageta fiskiskipaflotans aukist ekki við skiptin. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa.

2. gr.

Framan við 6. gr. laganna bætast sex nýjar málsgreinar er orðast svo:

Bátar minni en 6 brl. sem velja að stunda veiðar með línu og handfærum skv. I. ákvæði til bráðabirgða skulu frá og með fiskveiðiárinu er hefst 1. september 1994 sæta veiðitakmörkunum eins og kveðið er á um í 2.–6. mgr. þessarar greinar.

Veiðar skulu bannaðar í desember og janúar sem og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Veiðar skulu enn fremur bannaðar sjö síðustu daga hvers mánaðar. Falli banndagar þessir saman við banndaga um páska eða verslunarmannahelgi flytjast þeir fram sem því nemur.

Fiskveiðiárinu skal skipt upp í fjögur veiðitímabil og hámarksafli þessara báta ákveðinn á hverju tímabili. Veiðitímabil eru sem hér segir:

1. tímabil 1. september til 30. nóvember
2. tímabil 1. febrúar til 30. apríl
3. tímabil 1. maí til 30. júní
4. tímabil 1. júlí til 31. ágúst

Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta er undir þessa grein falla telst á hverju fiskveiðiári meðalafli þeirra í þorskígildum talið á fiskveiðiárunum sem hófust 1. september 1991 og 1. september 1992 og skal honum skipt þannig milli veiðitímabila að á fyrsta tímabil falla 24%, á annað tímabil 11%, á þriðja tímabil 32%, á fjórða tímabil 33%.

Fari afli á einhverju veiðitímabili fram úr fyrrgreindu hámarki skal banndögum á sama tímabili á næsta fiskveiðiári fjölgað. Í því sambandi skal reikna meðalafla á dag á umræddu veiðitímabili liðins fiskveiðiárs og finna viðbótarbanndaga með því að deila þeirri tölu í viðkomandi umframafla. Skal banndögum fjölgað um heila daga og broti sleppt. Hámarksafli skv. 4. mgr. á viðkomandi tímabili næsta fiskveiðiárs skal lækka sem umframaflanum nemur.

Viðbótarbanndögum skal bætt framan við mánaðarlega banndaga á viðkomandi tímabili og skipt eins jafnt á mánuðina og unnt er. Skal ráðherra birta auglýsingu um endanlega banndaga hvers nýbyrjaðs fiskveiðiárs jafnskjótt og aflaupplýsingar liggja fyrir, þó ekki síðar en 20. september ár hvert.

3. gr.

Í stað 4. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna komi ný málsgrein er orðast svo:

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar skal draga eftirtalinn afla frá:

1. Áætlaðan afla báta er stunda veiðar með línu og handfærum skv. 1.–6. mgr. 6. gr.
2. Línuafla í samræmi við 6. mgr. 10. gr. og skal línuaflinn skiptast milli þorsks og ýsu á grundvelli skiptingar á síðasta fiskveiðiári.
3. Aflaheimildir sem nota skal til jöfnunar, sbr. 9. gr.

4. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skulu aflaheimildir af botnfiski, er nema 12.000 þorskígildum í lestum talið, vera til ráðstöfunar til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Skal þessum aflaheimildum skipt milli botnfisktegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla af einstökum tegundum og verðmætahlutföll sem ráðherra ákveður.

Veruleg telst breyting í þessu sambandi ef aflaheimildir af einstökum tegundum dragast svo mikið saman að fyrirsjáanlegt er að tekjur þeirra skipa sem háðust eru veiðum af viðkomandi tegund rýrni um meira en 10% milli fiskveiðiára. Skal ráðherra árlega ákveða með reglugerð ráðstöfun þessara heimilda þannig að þær nýtist útgerðum þeirra skipa sem fyrir mestri skerðingu hafa orðið.

Sé aflaheimildum ekki ráðstafað til uppbóta samkvæmt þessari grein bætast þær við heildaraflamark viðkomandi tegunda og koma til úthlutunar í samræmi við aflahlutdeild einstakra skipa.

5. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að flytja allt að 10% af aflamarki hverrar botnfiskstegundar og aflamarki úthafsrækju, humars og síldar frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta.

6. gr.

1. málsl. 6. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Fiskur, sem veiðist á línu í mánuðunum nóvember, desember, janúar og febrúar, skal aðeins að hálfu talinn til aflamarks þar til sameiginlegur línuafli af þorski og ýsu hefur náð 34.000 lestum miðað við óslægðan fisk.

7. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætast sjö nýjar málsgreinar er orðast svo:

Heimilt er að framselja aflahlutdeild til aðila sem reka vinnslu sjávarafurða hér á landi með þeim skilyrðum og takmörkunum sem nánar er kveðið á um í þessari grein.

Með vinnslu sjávarafurða er í þessu sambandi átt við vinnslu er fellur undir skilgreiningu 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, enda sé fyrir hendi gilt vinnsluleyfi fyrir viðkomandi starfsemi samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Aldrei má framselja aflahlutdeild til vinnslustöðvar sem ekki stundar vinnslu á viðkomandi tegund og aldrei má aflahlutdeild í einstökum tegundum verða hærri en svo að aflamark af þeirri tegund verði meira en sem nam meðaltalsvinnslu viðkomandi tegundar í vinnslustöðinni næstliðin þrjú almanaksár. Botnfiskur telst ein tegund í þessu sambandi.

Tafarlaust skal leita staðfestingar Fiskistofu á að skilyrðum fyrir flutningi aflahlutdeildar sé fullnægt og öðlast flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir.

Aflamark, sem úthlutað er á grundvelli aflahlutdeildar aðila er rekur fiskvinnslu, er heimilt að framselja til skipa er leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni enda hafi það skip sem fært er til aflahlutdeild í þeirri tegund sem framseld er og gildir 2. mgr. 12. gr. um tilkynningu varðandi slíkan flutning. Ekki er heimilt að flytja aflamark til aðila er rekur fiskvinnslu.

Hætti aðili, sem fengið hefur framselda til sín aflahlutdeild, rekstri eða missi hann vinnsluleyfi fellur aflahlutdeild hans niður og hækkar hlutdeild annarra sem hafa aflahlutdeild í viðkomandi tegund í samræmi við það. Sama gildir um þann hluta aflahlutdeildar viðkomandi aðila sem er umfram meðaltalsvinnslu hans af viðkomandi tegund næstliðin þrjú almanaksár.

Aðilum gefst þrátt fyrir ákvæði 12. mgr. þriggja mánaða frestur frá því að rekstri er hætt, vinnsluleyfi féll niður eða frá upphafi þess fiskveiðiárs er aflamark fer umfram meðaltalsvinnslu síðustu þriggja ára til að framselja aflahlutdeild sína.

8. gr.

Aftan við 3. mgr. 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Aldrei er heimilt að flytja aflamark milli skipa leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

9. gr.

1. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 36/1992, er verður 5. mgr., orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 25% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.

10. gr.

Aftan við 4. mgr. 12. gr. laganna, er verður 5. mgr., bætist nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo:

Ráðherra er þó heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar ef fiskiskipi með leyfi til veiða í atvinnuskyni er haldið til veiða fyrir utan íslenska fiskveiðilögsögu samfleytt í 12 mánuði eða lengur.

11. gr.

Við 1. mgr. 16. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo:

Starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningsförum, fiskverkunum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að vigta sjávarafla eða hafa eftirlit með vigtun hans. Hafnaryfirvöld skulu senda Fiskistofu jafnharðan upplýsingar um landaðan afla í því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð.

12. gr.

Orðið „ráðuneytisins“ í 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna fellur niður.

13. gr.

Aftan við 18. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar er verða 5.–7. mgr. greinarinnar og orðast svo:

Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar milli skipa skal útgerð þess skips sem flutt er frá greiða 1.500 kr.

Séu fleiri en tíu tilkynningar sendar Fiskistofu um flutning aflamarks frá skipi á sama fiskveiðiárinu skal greiða sérstakt gjald er nema skal 10.000 kr. fyrir hverja tilkynningu sem umfram er.

Gjald skv. 5. og 6. mgr. er grunngjald er miðast við byggingarvísitölu í janúar 1994 og breytist í hlutfalli við þær breytingar er á henni kunna að verða.

14. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Beita skal ákvæðum laga nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum, vegna brota gegn þessum lögum eftir því sem við á.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. og 4. gr. laganna koma þó ekki til framkvæmda fyrr en frá og með því fiskveiðiári er hefst 1. september 1994, sbr. þó I. og II. bráðabirgðaákvæði.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Útgerðum báta, sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum skv. 6. mgr. II. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, gefst fyrir upphaf fiskveiðiársins, er hefst 1. september 1994, kostur á að velja milli aflahlutdeildar eða línu- og handfæraveiða með dagatakmörkunum skv. 1.–6. mgr. 6. gr.

Hlutdeild einstakra báta í leyfðum heildarafla einstakra botnfiskstegunda skal vera jöfn hlutdeild þeirra í heildarafla viðkomandi tegunda á tímabilinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1993. Við mat á þeirri aflareynslu skal einungis tekið tillit til afla en ekki frátafa eða annarra atvika. Skal Fiskistofa birta útgerðum einstakra báta bréflega hvert úthlutað aflamark þeirra hefði orðið á fiskveiðiárinu 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 ásamt forsendum fyrir þeirri úthlutun og gefa hæfilegan frest til að koma að athugasemdum.

Útgerðir skulu tilkynna Fiskistofu fyrir 1. júlí 1994 um val sitt skv. 2. mgr. Berist slíkar tilkynningar ekki í tæka tíð skal úthluta aflamarki til viðkomandi báts.

II.

Banndagar skv. 2. mgr. 6. gr. taka frá gildistöku laga þessara til veiða þeirra báta sem stundað hafa línu- og handfæraveiðar með dagatakmörkunum skv. 6. mgr. II. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 38/1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við ákvæði VII til bráðabirgða við lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skipaði sjávarútvegsráðherra í ágústmánuði árið 1991 nefnd til að endurskoða lögin. Síðastliðið vor kynnti nefndin drög að skýrslu sinni fyrir sjávarútvegsnefnd Alþingis og helstu hagsmunasamtökum í sjávarútvegi. Þá héldu formenn nefndarinnar fjölmarga fundi víða um land þar sem efni skýrslunnar var rætt. Nefndin skilaði síðan áliti sínu með bréfi til sjávarútvegsráðherra hinn 19. maí sl. sem fylgir frumvarpinu sem fskj. I.

Í skýrslu nefndarinnar eru gerðar tillögur um fjölmarga þætti sem snerta fiskveiðistjórnunina, starfsskilyrði sjávarútvegsins, rannsóknir á sviði sjávarútvegsmála, vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Tillögur nefndarinnar er að finna í 2. kafla álitsins sem fylgir frumvarpi þessu sem fskj. II. Þá er í skýrslu nefndarinnar fjallað um ástand og nýtingu fiskstofna, viðskipta- og sjávarútvegssamninga Íslands við önnur ríki, fiskiskipastól landsmanna, fiskvinnslustarfsemina í landinu og afkomumál sjávarútvegsins. Loks er fjallað um stjórn fiskveiða bæði hér á landi og eins hjá öðrum þjóðum.

Hvað varðar stjórn fiskveiða þá leggur nefndin til að byggt verði á aflamarkskerfinu sem verið hefur í þróun allt frá árinu 1984 og sú aðferð við fiskveiðistjórnun fest í sessi. Telur nefndin að það kerfi við stjórn fiskveiða muni leiða til mestrar hagkvæmni í sjávarútvegi. Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á gildandi lögum. Þær helstu eru að heimilt verði að framselja aflahlutdeild frá fiskiskipum til fiskvinnslustöðva, að aflahlutdeild krókaleyfisbáta verði tvöfölduð frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum og allur línuafli í nóvember, desember, janúar og febrúar teljist að fullu til aflamarks og að heimilt verði að veita tveim eða fleiri skipum veiðileyfi í stað skips sem hverfur úr rekstri enda sé samanlögð rúmtala nýju skipanna ekki meiri en rúmtala þess skips sem hverfur úr rekstri.

Með frumvarpi þessu er lagt til að farið verði að megintillögum nefndarinnar þótt lagt sé til að vikið verði frá tillögum hennar í nokkrum atriðum.

Meginatriði frumvarpsins eru:

— Lagt er til að reglum um endurnýjun fiskiskipa verði breytt. Er annars vegar gerð tillaga um að heimilt verði að hafa fiskiskip, sem veiðileyfi hefur verið flutt af, á innlendri skipaskrá og hins vegar að heimilt verði að veita tveim eða fleiri skipum veiðileyfi í stað eins sem hverfur úr flotanum.
— Lagt er til að útgerðum báta sem stunda nú krókaveiðar verði heimilt að velja á milli veiðileyfis með aflahlutdeild eða krókaleyfis með banndögum. Jafnframt verði banndögum fjölgað nokkuð frá því sem nú er.
— Lagt er til að heimilt verði á hverju fiskveiðiári að verja 12.000 þorskígildislestum af botnfiski til að jafna verulega skerðingu í aflaheimildum á milli fiskveiðiára.
— Lagt er til að flutningur aflaheimilda frá einu fiskveiðiári til þess næsta nemi aldrei meira en 10% af aflamarki í stað 20% samkvæmt gildandi lögum.
— Lagt er til að sérreglu varðandi línuveiðar yfir vetrarmánuðina verði breytt þannig að þegar samanlagður afli af þorski og ýsu hefur náð 34.000 lestum þá teljist viðbótaraflinn að fullu til aflamarks.
— Lagt er til að heimilt verði að framselja aflahlutdeild fiskiskips yfir á vinnslustöð enda sé fyrir hendi gilt vinnsluleyfi og viðkomandi aflahlutdeild sé í samræmi við vinnslu viðkomandi stöðvar á næstliðnum þremur árum.
— Lagt er til að ekki verði heimilt að flytja aflamark til fiskiskips ef sýnt þykir að flutningurinn leiði til þess að aflaheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Þá er lagt til að lagt verði á 10.000 kr. gjald á hverja tilkynningu um flutning aflamarks umfram tíu.

Í skýrslu nefndarinnar var mælt með því að allir smábátar yrðu teknir inn í aflamarkskerfið. Þegar skýrslan var kynnt varð fljótlega ljóst að mikil andstaða var gegn slíkum aðgerðum og í skilabréfi sínu til sjávarútvegsráðherra bendir nefndin á þann möguleika að koma á banndagakerfi með hámarksafla á einstökum tímabilum þannig að umframafli á einu tímabili leiði til fækkunar róðrardaga á hinu næsta. Ákvarðanir um að allir verði settir undir sama kerfi geta komið misjafnlega við útgerðir smábáta og því er lagt til að þeim verði heimilað að velja milli tveggja kosta. Er lagt til að bátum með krókaleyfi verði gefinn kostur á að velja milli þess að fá úthlutað aflahlutdeild og hlíta þeim reglum sem gilda um aflamarkskerfið eða halda áfram í kerfi sem byggir á krókaleyfum þar sem heildarafli er takmarkaður með banndögum. Með þessu móti gefst hverri útgerð færi á að velja þann kost er best hentar útgerðarháttum hennar.

Samkvæmt I. bráðabirgðaákvæði gefst einstökum útgerðum kostur á aflahlutdeild í einstökum tegundum sem er jöfn hlutdeild þeirra í heildarafla viðkomandi tegunda á tveim síðustu fiskveiðiárum. Í því skyni að auðvelda valið skal útgerðum allra þessara báta sent yfirlit yfir afla þeirra af hverri kvótabundinni tegund á því tímabili og hvert úthlutað aflamark þeirra hefði orðið á yfirstandandi fiskveiðiári. Um þá báta sem kjósa áfram að standa utan aflamarkskerfisins eru ákvæði í 2. gr. frumvarpsins. Er þessum bátum einungis heimilt að veiða með línu og handfærum og eru veiðar þeirra takmarkaðar með banndögum líkt og í núgildandi krókakerfi. Föstum banndögum er þó fjölgað nokkuð og verða þeir 146 samkvæmt frumvarpinu í stað 82 samkvæmt gildandi lögum. Felst breytingin í því að banndögum um páska og verslunarmannahelgi fækkar úr tíu í sjö en við er bætt sjö banndögum í lok hvers mánaðar en veiðar verða áfram bannaðar í desember og janúar. Jafnframt er lagt til að fari afli þessara báta samanlagt umfram tiltekinn hámarksafla á einhverju veiðitímabili skuli banndögum fjölgað á sama tímabili á næsta fiskveiðiári. Er árinu í þessu skyni skipt

upp í fjögur veiðitímabil; 1. september til 30. nóvember, 1. febrúar til 30. apríl, 1. maí til 30. júní og 1. júlí til 31. ágúst. Miðast hámarksafli við afla þeirra báta er þennan kost velja á tveim síðustu fiskveiðiárum og er honum skipt niður á tímabil í sömu hlutföllum og afli þessara báta skiptist milli tímabilanna síðustu tvö fiskveiðiár.

Varðandi línuveiðar yfir vetrarmánuðina miðar frumvarpið að því að koma í veg fyrir að aflamark þeirra skipa sem ekki stunda línuveiðar skerðist meira en orðið er vegna línuveiðanna. Miðað er við að meginatriði núgildandi fyrirkomulags haldist. Jafnframt yrði fest í lög að þegar heildarlínuafli í nóvember, desember, janúar og febrúar er orðinn 34 þúsund lestir miðað við óslægðan fisk þá teljist allur viðbótarafli línubáta að fullu til aflamarks.

Í frumvarpinu eru tvö ákvæði er þrengja möguleika til framsals á aflamarki. Er það í 7. gr. þar sem lagt er til að flutningur aflamarks til skips takmarkist við það sem skipið ræður við að veiða og í 13. gr. þar sem lagt er til að sérstakt 10.000 kr. gjald sé lagt á vegna hverrar tilkynningar um aflamarksflutning frá skipi ef þær eru umfram 10 á ári. Af hálfu sjómanna og samtaka þeirra hefur því verið haldið fram að allnokkur brögð séu að því að sjómenn séu látnir taka þátt í kostnaði við að kaupa aflaheimildir til skipa. Slíkt sé í andstöðu við gildandi kjarasamninga og þann grundvöll fyrir skiptaverði sem lagður er með ákvæðum laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun. Hafa vegna þessa verið settar fram kröfur af hálfu samtaka sjómanna um að banna allt framsal aflamarks milli skipa. Er útilokað að verða við þeim óskum þar sem flutningur aflamarks milli skipa er forsenda þeirrar hagræðingar er af kvótakerfinu leiðir og liggur raunar í augum uppi að án slíkrar heimildar yrði allt kerfið ákaflega stirt í vöfum og gæfi ekki færi á nauðsynlegri aðlögun að ríkjandi aðstæðum á hverjum tíma. Þrátt fyrir þetta og enda þótt það hljóti fyrst og fremst að vera mál samningsaðila að halda uppi ákvæðum kjarasamninga á þessu sviði sem öðrum þykir engu að síður rétt að koma til móts við sjónarmið sjómanna með því að þrengja heimildir til framsals aflamarks með þeim hætti er að framan getur. Er með því þræddur sá meðalvegur að viðhalda sveigjanleika kerfisins með fullu frelsi til eðlilegs flutnings aflamarks milli skipa en jafnframt draga úr hættu á misnotkun þess frelsis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er það forsenda fyrir því að nýtt eða nýkeypt skip fái veiðileyfi að annað sambærilegt hverfi varanlega úr rekstri. Hefur það skilyrði jafnan verið túlkað svo að í því fælist að taka þyrfti eldra skipið af skipaskrá, eyða því eða selja það úr landi. Á síðari árum hefur áhugi íslenskra útgerða á veiðum í lögsögu annarra ríkja og á úthafinu farið vaxandi. Hefur jafnframt vaknað áhugi á að nýta skip sem hverfa úr hinum eiginlega íslenska fiskiskipaflota til slíkra veiða. Með 1. málsl. þessarar greinar er lagt til að slíkt verði heimilað. Samkvæmt henni verður þess ekki lengur krafist, til þess að nýtt skip öðlist veiðileyfi, að það skip sem veiðileyfið missir sé máð af skipaskrá. Fiskiskip á íslenskri skipaskrá munu því í framtíðinni, ef tillagan nær fram að ganga, verða tvenns konar. Annars vegar skip sem tilheyra hinum eiginlega íslenska fiskiskipaflota með almennt veiðileyfi og hins vegar veiðileyfislaus skip sem einungis gætu veitt utan fiskveiðilögsögunnar. Ljóst er að fjölmargar spurningar vakna varðandi réttarstöðu þessara veiðileyfislausu skipa og heimildir íslenskra stjórnvalda til að setja reglur um veiðar þeirra. Meðal annars af þeim sökum er hafinn undirbúningur að endurskoðun laga nr. 34/1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Hingað til hefur meginreglan varðandi endurnýjun fiskiskipaflotans verið sú að ekki sé heimilt að fjölga skipum í flotanum. Ný skip hafa því aðeins getað fengið veiðileyfi að sambærilegt skip eða sambærileg skip hyrfu úr rekstri. Með þessari grein er einnig lagt til að opnuð verði heimild til að fleiri en eitt skip komi í stað eins skips er missir veiðileyfi enda aukist afkastagetan ekki við skiptin. Er ráðherra ætlað að setja nánari ákvæði um þetta með reglugerð. Má reikna með að stærð skipanna (rúmmál) verði fyrst og fremst höfð til viðmiðunar framvegis sem hingað til þegar sambærileiki skipa er metinn. Ekki er þó loku fyrir það skotið að önnur atriði sem máli skipta um afkastagetu verði höfð til viðmiðunar.

Með þessari grein er jafnframt lagt til að felld verði niður tilvitnun í aflaheimildir í eigu Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til samræmis við breytingu sem gerð var á lögum sjóðsins með lögum nr. 4/1992, sbr. nú lög nr. 65/1992.

Um 2. gr.

Eins og nánar er lýst í almennum athugasemdum og athugasemdum við I. ákvæði til bráðabirgða er með frumvarpi þessu lagt til að útgerðir þeirra báta, sem nú stunda veiðar með krókaleyfi, geti fyrir upphaf fiskveiðiársins er hefst 1. september 1994 valið milli þess að fá aflahlutdeild í einstökum tegundum eftir þeim reglum sem lýst er í fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði eða stunda áfram krókaveiðar með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein.

Lagt er til að takmarkanir á veiðum þessara báta verði tvenns konar. Annars vegar verði heimildir þeirra til notkunar veiðarfæra takmarkaðar og þeim aðeins heimilað að stunda veiðar með línu og handfærum. Er því ekki gerð tillaga um breytingar að þessu leyti frá því sem verið hefur varðandi krókaleyfisbáta. Í þessu sambandi skal bent á að ákvæði núgildandi laga hafa ekki verið túlkuð þannig að þau standi í vegi fyrir hefðbundnum hrognkelsaveiðum þessara báta og er ekki gert ráð fyrir breytingum þar á. Hins vegar verði sóknardagafjöldi takmarkaður. Er gert ráð fyrir að veiðar verði bannaðar í samtals 146 daga á ári þannig að banndögum fjölgar um 64 frá því sem gilt hefur varðandi krókabátana. Eftir sem áður verða veiðar þessara báta bannaðar yfir háveturinn í desember og janúar. Þá er lagt til að áfram verði í gildi veiðibönn um páska og verslunarmannahelgi en þau verði stytt úr tíu dögum í sjö. Loks er lagt til að veiðar þessara báta verði bannaðar sjö síðustu daga hvers mánaðar. Heildarfjöldi banndaga er samkvæmt þessu mun minni en samkvæmt þeim samþykktum sem Fiskiþing hefur gert undanfarin tvö ár. Þeir dreifast hins vegar jafnt á þá mánuði ársins sem veiðar eru heimilar, en daglegur meðalafli krókabáta er mjög misjafn eftir árstíma og má því segja að það sé fremur tímasetning banndaganna en fjöldi þeirra sem mestu ræður um hversu virkir þeir eru til að takmarka afla. Með því að láta banndagana dreifast jafnt á alla mánuði ársins er jafnræðis gætt gagnvart aðilum með mismunandi útgerðarhætti en eins og alkunna er þá eru sumir þessara báta gerðir út allt árið en aðrir aðeins á ákveðnum árstímum og þá einkum yfir sumarið.

Í 3.–6. mgr. er lagt til að ef veiðar þeirra báta er þennan kost velja fari úr böndunum á einhverju tímabili þrátt fyrir fjölgun fastra banndaga þá skuli við því brugðist með fjölgun banndaga á sama tímabili á næsta ári þannig að jafnvægi verði náð. Í því skyni er árinu skipt upp í fjögur veiðitímabil og hámarksafli ákveðinn fyrir hvert tímabil. Tímabilin eru 1. september til 30. nóvember, 1. febrúar til 30. apríl, 1. maí til 30. júní og 1. júlí til 31. ágúst. Sameiginlegur hámarksafli þessara báta á einstökum tímabilum tekur mið af meðalafla þeirra tvö síðustu fiskveiðiár og er honum skipt hlutfallslega milli veiðitímabila á grundvelli aflareynslunnar þau ár. Hver þessi hámarksafli verður ræðst að sjálfsögðu af því

hvaða bátar velja þennan kost. Velji útgerðir allra þeirra báta er nú stunda krókaveiðar þennan kost yrði árlegur hámarksafli 20.139 þorskígildislestir. Af því falla 24% eða 4.833 þorskígildislestir á fyrsta tímabil, 11% eða 2.215 lestir á annað tímabil, 32% eða 6445 lestir á þriðja tímabil og 33% eða 6.646 lestir á fjórða tímabil. Fari aflinn á einhverju tímabili fram úr hámarksafla tímabilsins er ákveðið hvernig fjölga skuli banndögum á sama tímabili á næsta ári. Þar sem fyrsta fiskveiðiárið sem þessar reglur ná til hefst 1. september 1994 getur ekki komið til fjölgunar banndaga fyrr en í fyrsta lagi á fiskveiðiárinu er hefst 1. september 1995.

Í 5. og 6. mgr. eru nákvæmar reglur um hvernig viðbótarbanndagarnir skuli ákvarðaðir og þarfnast þær ekki nánari skýringa.

Um 3. gr.

Í frumvarpi þessu er lagt til með 2. gr. að sérstakt banndagakerfi verði notað til að stjórna veiðum báta undir 6 brl. sem þann kost kjósa; í 4. gr. er lagt til að tilteknar veiðiheimildir skuli árlega vera til ráðstöfunar til að mæta áföllum vegna verulegra tekjubreytinga af veiðum af einstökum tegundum og í 6. gr. er lagt til að línuafli yfir vetrarmánuðina teljist að hálfu leyti utan kvóta innan viss hámarks. Við ákvörðun árlegs aflamarks einstakra skipa er nauðsynlegt að tillit sé tekið til þessara aflaheimilda sem eru utan hins eiginlega aflamarkskerfis. Er hér lagt til að það sé gert með því að draga þessar aflaheimildir frá leyfðum heildarafla áður en til skiptingar hans kemur milli einstakra skipa í flotanum. Til þess að það sé unnt verður að áætla skiptingu línuaflans milli einstakra tegunda og skal í því sambandi miða við aflasamsetningu á næstliðnu fiskveiðiári og línutímabili.

Um 4. gr.

Með þessari grein er lagt til að aflaheimildir er nemi 12.000 þorskígildislestum verði árlega til ráðstöfunar til að mæta áföllum vegna rýrnunar aflatekna vegna breytinga á aflamarki einstakra tegunda milli fiskveiðiára. Núgildandi ákvæði 9. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna um slíka jöfnun hefur ekki reynst fullnægjandi. Bæði er að einungis er mögulegt samkvæmt því að jafna tekjusveiflur við aðrar veiðar en botnfisksveiðar og eins hitt að skilyrðin til að beita sveiflujöfnunaraðgerðum samkvæmt þeirri grein eru mjög þröng. Hefur reyndin orðið sú að 9. gr. hefur ekki verið beitt en á hverju fiskveiðiári hefur verið tilefni til sérstakrar löggjafar til að ráðstafa tilteknum aflaheimildum til að mæta tekjusveiflum af þessu tagi, sbr. lög nr. 13 27. mars 1991, bráðabirgðaákvæði laga nr. 4 27. janúar 1992, IV. kafla bráðabirgðalaga nr. 86 28. maí 1993, sbr. nú lög nr. 112/1993, og frumvarp til laga um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs á þessu fiskveiðiári sem flutt er samhliða frumvarpi þessu. Hefur reynslan ótvírætt sýnt að þörf er á slíkri jöfnun og er því lagt til að 12.000 þorskígildislestir séu árlega teknar frá í þessu skyni. Er ráðherra ætlað að ákveða ráðstöfun aflaheimildanna með reglugerð og er það skilyrði til að heimildinni megi beita að aflaheimildir af einstökum tegundum dragist svo mikið saman að fyrirsjáanlegt sé að tekjur þeirra skipa sem háðust eru veiðum af viðkomandi tegund rýrni um meira en 10% milli fiskveiðiára. Sé þessum skilyrðum fullnægt er ráðherra heimilt með reglugerð að ráðstafa aflaheimildum til að mæta áfallinu. Í greininni er að finna leiðbeiningar um hvernig það skuli gert en nánari útfærsla hlýtur að ráðast af atvikum hverju sinni. Að sjálfsögðu yrði ráðstöfun heimildanna í reglugerðinni að vera almenn þannig að öllum þeim sem fyrir viðkomandi áfalli hafa orðið sé bætt það á sama hátt.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að heimild til að flytja hluta af aflamarki einstakra botnfiskstegunda og úthafsrækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta verði lækkuð úr 20% í 10%. Tilgangurinn með því að heimila tilflutning aflamarks milli ára er fyrst og fremst að skapa sveigjanleika í fiskveiðistjórnunarkerfinu þannig að einstakar útgerðir þurfi ekki að hafa af því áhyggjur þótt aflabrögð í lok fiskveiðiárs séu með öðrum hætti en gert var ráð fyrir. Slíkur sveigjanleiki átti með öðrum orðum að koma í veg fyrir að útgerðir þyrftu af þeim sökum í stórum stíl að flytja frá sér eða til sín aflaheimildir í árslok. Reynslan hefur ótvírætt sýnt að 10% geymsluréttur er nægilegur í þessu skyni en samkvæmt lögum nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða, og eldri lögum um sama efni mátti geyma 10% af einstökum botnfiskstegundum milli ára. Jafnframt er ljóst að 20% geymsluréttur skapar meiri óvissu um árlegan heildarafla en forsvaranlegt er. Gangi veiðar einhverrar tegundar erfiðlega hefur gildandi ákvæði leitt til þess að 20% geymsluréttur flotans er nær allur nýttur með millifærslu í lok fiskveiðiárs. Þessar geymdu aflaheimildir sem nema allt að 20% af leyfðum heildarafla af viðkomandi tegund geta síðan verið óveiddar og færst milli fiskveiðiára uns aflabrögð glæðast og geta því komið sem óvænt aflaaukning jafnvel mörgum fiskveiðiárum eftir að til þeirra var stofnað.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að óbreytt verði sú regla að einungis helmingur þess afla er veiðist á línu í nóvember, desember, janúar og febrúar teljist til aflamarks. Til að tryggja að þetta ákvæði leiði ekki til meiri skerðingar á aflaheimildum annarra skipa en þegar er orðin er lagt til að þegar línuafli af þorski og ýsu hefur samanlagt náð 34.000 lestum teljist allur aflinn til aflamarks. Fiskistofa mun fylgjast með línuafla á þessu tímabili og gera viðvart þegar og ef þessu hámarki er náð.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að heimilt verði að framselja aflahlutdeild frá fiskiskipum til aðila sem reka vinnslu sjávarafurða enda sé tilteknum skilyrðum fullnægt. Með vinnslu sjávarafurða er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðurlagningu, niðursuðu og hverja þá verkun sem ver fisk eða sjávarafurðir skemmdum, þar með talda bræðslu og mjölvinnslu. Það er skilyrði að fiskvinnslustarfsemin falli undir skilgreiningu 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Með þessu ákvæði á að vera tryggt að erlendir aðilar geti ekki fengið ráðstöfunarrétt yfir fiskveiðiauðlindinni. Þá er það skilyrði fyrir framsali aflahlutdeildar til aðila sem rekur fiskvinnslu að sú starfsemi hafi fullgilt vinnsluleyfi útgefið af Fiskistofu fyrir viðkomandi starfsemi í samræmi við ákvæði laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Í 3. mgr. er lagt til að einungis sé heimilt að framselja til vinnslustöðvar aflahlutdeild í þeim tegundum sem viðkomandi stöð hefur unnið. Í þessu sambandi telst botnfiskur ein tegund. Samkvæmt þessu yrði svo dæmi sé tekið ekki heimilt að framselja aflahlutdeild í loðnu, síld, hörpuskel og rækju til fiskvinnslustöðvar sem einungis hefur unnið botnfisk á undanförnum árum. Á sama hátt yrði ekki heimilt að framselja botnfisksaflahlutdeild til fyrirtækja sem einungis hafa brætt loðnu. Þá er lagt til að ekki verði heimilt að framselja hærri aflahlutdeild í einstökum tegundum til vinnslustöðva en sem nemur meðaltalsvinnslu stöðvarinnar af viðkomandi tegund undangengin þrjú ár. Gert er ráð fyrir að þeir aðilar sem óska eftir flutningi á aflahlutdeild til vinnslustöðvar þurfi með þeirri beiðni að leggja fyrir Fiski-

stofu upplýsingar um framleiðslu stöðvarinnar þrjú undangengin ár. Uppfylli aðili öll skilyrði mun Fiskistofa annast flutning aflahlutdeildar. Fiskistofu verður jafnframt falið að hafa eftirlit með að skilyrðum vinnslustöðvar til að hafa aflahlutdeild sé fullnægt. Þarf Fiskistofa að fylgjast með því við upphaf hvers fiskveiðiárs að meðaltalsframleiðsla undangenginna þriggja almanaksára sé í samræmi við það aflamark sem stöðinni er úthlutað á grundvelli aflahlutdeildarinnar. Þá þarf Fiskistofa að fylgjast með að stöðin sé í rekstri og að hún hafi fullgilt vinnsluleyfi. Ef vinnslustöð, sem hefur aflahlutdeild, uppfyllir ekki framangreind skilyrði gefst vinnslustöðinni þriggja mánaða frestur til að framselja aflahlutdeild sína. Að öðrum kosti fellur hún niður og kemur til hlutfallslegrar hækkunar á aflahlutdeild annarra skipa og vinnslustöðva.

Ekki er heimilt að framselja aflamark til vinnslustöðva. Það aflamark sem vinnslustöðvar fá árlega úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar sinnar geta þær hins vegar framselt til fiskiskipa á grundvelli ákvæða 12. gr. laganna.

Um 8. gr.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1990 er ekki heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa ef flutningurinn leiðir til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Með þessari grein er lagt til að hliðstæð regla verði í lög leidd varðandi flutning aflamarks. Heimild til flutnings aflaheimilda milli skipa er nauðsynleg forsenda þess að aflamarkskerfið geti leitt til þeirrar hagræðingar í veiðunum sem að er stefnt. Slíkur flutningur er þó aðeins nauðsynlegur og eðlilegur að hann sé innan þeirra marka sem það skip sem flutt er til ræður við að veiða. Með öllu er óeðlilegt að veiðiheimildum sé safnað á einstök skip umfram veiðigetu þeirra og á það jafnt við um varanlega aflahlutdeild sem árlegt aflamark. Nokkuð hefur á undanförnum árum borið á því að einstök skip séu notuð sem nokkurs konar miðstöðvar kvótaviðskipta þar sem til þeirra er safnað miklum veiðiheimildum og tilkynningar um flutning aflamarks til þeirra og frá þeim nema mörgum tugum og jafnvel hundruðum á ári hverju. Er ákvæðum þessarar greinar og ákvæðum 13. gr. um gjald vegna flutnings aflamarks ætlað að koma í veg fyrir þetta. Er með þeim stefnt að því að viðhalda sveigjanleika kerfisins með fullu frelsi til eðlilegs flutnings aflamarks milli skipa en sporna jafnframt við misnotkun þess frelsis.

Um 9. og 10. gr.

Í gildandi lögum er ákvæði um að sé a.m.k. 25% af aflamarki skips ekki veitt tvö ár í röð falli aflahlutdeild þess niður. Er tilgangur þessa ákvæðis að knýja útgerðarmenn til að sameina aflaheimildir skipa og koma í veg fyrir að skipum sem lítt eða ekki er haldið til veiða sé úthlutað aflamarki ár eftir ár. Í ljós hefur komið að unnt er að fara í kringum gildandi ákvæði með því að flytja aflahlutdeild tímabundið af viðkomandi skipi. Er hér lagt til að þeirri smugu verði lokað með því að kveða á um að bæði veiðileyfi og aflamark skips falli varanlega niður þegar svo er ástatt sem í greininni segir. Í 9. gr. er jafnframt lagt til að ráðherra sé fengin heimild til að víkja frá þessum ákvæðum ef ástæða þess að skip nýtir ekki aflaheimildir sínar í íslenskri lögsögu er sú að því er haldið til veiða á fjarlægum miðum. Er full ástæða til að hvetja íslenska útvegsmenn til að leita sér verkefna í lögsögu annarra ríkja eða á alþjóðlegu hafsvæði og var það ekki tilgangur 4. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990 að torvelda slíka þróun.

Um 11. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1990 skulu hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað hafa yfirumsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla. Samstarf hafnaryfirvalda, sjávarútvegsráðuneytisins og Fiskistofu í þessum efnum hefur tvímælalaust skilað miklum ávinningi fyrir alla aðila. Ábyrgð og störf eru færð heim í hérað þar sem þetta samstarf ásamt tölvukerfinu Lóðsinum hefur leitt til þess að söfnun og innsláttur allra upplýsinga um landaðan afla hefur flust til löndunarhafna um leið og kerfið nýtist í rekstri hafnanna. Hefur í þessu sambandi nokkuð þótt skorta ákvæði sem tryggðu hafnaryfirvöldum nauðsynlegar eftirlitsheimildir til að sinna hlutverki sínu og jafnframt ákvæði um skyldu hafnanna til að skila upplýsingum um landaðan afla inn í aflaupplýsingakerfið. Er með þessari grein lagt til að úr því verði bætt.

Um 12. gr.

Með gildistöku laga nr. 36 27. maí 1992 var starfsemi veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytisins flutt til Fiskistofu. Við þá lagabreytingu láðist að gera þá breytingu á orðalagi 18. gr. sem hér er lögð til.

Um 13. gr.

Hér er í 1. mgr. (er verður 5. mgr. 18. gr. laganna) lagt til að tekið verði upp fast gjald, 1.500 kr., fyrir hverja staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar. Allmikil vinna er samfara flutningi aflahlutdeildar þar sem m.a. þarf að ganga úr skugga um að samþykki þeirra sem veð áttu í skipinu fyrir 1. janúar 1991 liggi fyrir. Er þessu gjaldi ætlað að standa undir kostnaði er af þeirri vinnu leiðir.

Í 2. mgr. (er verður 6. mgr. 18. gr. laganna) er hins vegar lögð til gjaldtaka af öðru tagi. Skráning tilkynninga um flutning aflamarks er í sjálfu sér tiltölulega einföld aðgerð hjá Fiskistofu og er ekki gerð tillaga um að upp sé tekið almennt gjald vegna þeirrar skráningar. Á því hefur hins vegar borið að fjöldi tilkynninga um flutning aflamarks til einstakra skipa keyri úr hófi og eru dæmi um að margir tugir eða jafnvel hundruð slíkra tilkynninga séu send varðandi einstök skip á sama fiskveiðiárinu. Með því er verið að misnota þá möguleika til hagræðingar sem felast í framseljanlegu aflamarki og skapa óþarfa fyrirhöfn við skráningu. Er því lagt til að lagt verði á sérstakt gjald séu fleiri en tíu tilkynningar sendar Fiskistofu um flutning aflamarks frá skipi á sama fiskveiðiárinu. Er lagt til að gjaldið verði 10.000 kr. fyrir hverja tilkynningu umfram tíu. Í þessu sambandi yrði að líta svo á að hver tilkynning geti varðað færslu á mörgum tegundum frá einu skipi til annars en eigi að flytja aflamark frá skipi til fleiri en eins skips þurfi sérstaka tilkynningu varðandi hvert skip. Gert er ráð fyrir að gjald samkvæmt þessari grein renni til að standa undir rekstri veiðieftirlits á sama hátt og önnur gjaldtaka, sbr. 18. gr. laga nr. 38/1990, sbr. 1. mgr. greinarinnar.

Um 14. gr.

Um gjaldtöku vegna ólögmæts sjávarafla gilda nú ákvæði laga nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Hér er því einungis lagt til að texta 1. mgr. 20. gr. verði breytt til samræmis við þá breytingu sem þegar er orðin.

Um 15. gr.

Lögum þessum er ætlað að öðlast gildi strax og koma þegar til framkvæmda. Ákvæði 4. gr. geta þó ekki efni sínu samkvæmt komið til framkvæmda fyrr en við upphaf næsta fiskveiðiárs eftir gildistöku laganna. Með sérstöku frumvarpi sem flutt er samhliða frumvarpi þessu eru gerðar tillögur um ráðstöfun sambærilegra aflaheimilda Hagræðingarsjóðs á yfirstandandi fiskveiðiári. Ákvæðum 2. gr. um veiðar smábáta með línu og handfærum er heldur ekki ætlað að koma til framkvæmda að fullu fyrr en frá og með næsta fiskveiðiári. Í II. bráðabirgðaákvæði er hins vegar lagt til að fastir banndagar skv. 2. mgr. 6. gr. komi til framkvæmda strax við gildistöku laganna gagnvart öllum þeim bátum sem stunda veiðar með krókaleyfi skv. 6. mgr. II. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 38/1990. Af þessu leiðir að á fiskveiðiárinu er hefst 1. september 1994 munu hinir föstu banndagar einir gilda og í fyrsta lagi getur komið til fjölgunar banndaga skv. 3.–6. mgr. 6. gr. á fiskveiðiárinu er hefst 1. september 1995.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í I. bráðabirgðaákvæði er gerð tillaga um fyrirkomulag á veiðum þeirra báta undir 6 brl. sem stundað hafa veiðar með krókaleyfi samkvæmt II. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 38/1990. Samkvæmt núgildandi fiskveiðistjórnunarlögum gafst útgerðum báta undir 6 brl. á árinu 1990 kostur á að velja milli þess að stunda veiðar eftir hinu almenna aflamarkskerfi eða að stunda veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum. Völdu rúmlega 1100 bátar síðari kostinn. Samkvæmt gildandi lögum er krókaleyfiskosturinn þó tímabundinn. Forsenda fyrir því að heimila ákveðnum hluta flotans að nota annað kerfi en hið almenna var sú að með banndagakerfinu tækist að hafa hemil á afla þessa hluta flotans með hliðstæðum hætti og varðandi önnur skip. Því kveða lögin svo á að reynist banndagakerfið þess ekki megnugt og hlutdeild þessara báta í heildarbotnfisksafla vaxi meira en nemur 25% að meðaltali á árunum 1991 til 1993 skuli krókaleyfiskosturinn falla niður og krókaleyfisbátum skuli úthlutað aflahlutdeild frá og með 1. september 1994. Það sem til skipta skal koma milli þessara báta samkvæmt gildandi lögum er samanlögð sú aflahlutdeild sem þessir bátar áttu kost á á árinu 1990 og skal hún skiptast milli bátanna á grundvelli aflareynslu hvers og eins á árunum 1991 til 1993. Samanlögð hlutdeild þessara báta er 2,18% í þorski, 0,55% í ýsu, 0,81% í ufsa, 0,0002% í karfa og 0,09% í skarkola. Miðað við úthlutað aflamark á yfirstandandi fiskveiðiári og gildandi verðmætastuðla nemur geymd hlutdeild þessara báta samtals 2.970 þorskígildislestum.

Eins og alkunna er hafa þær forsendur að banndagakerfi krókaleyfisbátanna héldi afla þeirra í skefjum brugðist gjörsamlega. Hefur afli þeirra aukist verulega þau þrjú ár sem liðin eru frá gildistöku laga nr. 38/1990. Er ljóst að afli þeirra á þeim þremur árum sem til viðmiðunar eru eykst langt umfram þau 25% sem gildandi lög miða við. Raunar hefur þessi flokkur báta margfaldað hlutdeild sína á þessum stutta tíma. Er því ljóst að komi ekki til lagasetningar munu framangreindar reglur í II. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 38/1990 koma til framkvæmda í lok yfirstandandi fiskveiðiárs.

Í skýrslu nefndar um mótun sjávarútvegsstefnu er lagt til að allir smábátar fari inn í aflamarkskerfið en aflahlutdeild krókabátanna verði tvöfölduð frá því sem lög nr. 38/1990 ákveða. Að auki er gert ráð fyrir úthlutun sérstakra viðbótaraflaheimilda til þessara báta meðan leyfilegur heildarafli er svo lítill sem raun ber vitni þannig að heildaraflamark þeirra nái 13.275 þorskígildislestum.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum og athugasemdum við 2. gr. þótti ekki fært að fara að tillögum nefndarinnar hvað smábáta með krókaleyfi varðar. Í 2. gr. er gerð tillaga um veiðistjórnun með banndögum gagnvart þeim útgerðum sem þess óska. Stýring á grundvelli aflamarks er aftur á móti meginregla fiskveiðistjórnunarinnar og því þykir rétt að gefa þeim útgerðum er hingað til hafa haft leyfi til krókaveiða kost á að komast inn í aflamarkskerfið og hagnýta sér þá möguleika til hagræðingar sem í því felast. Í bráðabirgðaákvæði I er því kveðið á um að þeim útgerðum sem stundað hafa veiðar með krókaleyfum verði gefinn kostur á að velja milli áframhaldandi veiða með krókaleyfi eða að fá úthlutað aflamarki. Skulu útgerðirnar hafa valið annan kostinn og tilkynnt Fiskistofu um val sitt fyrir 1. júlí 1994. Berist tilkynning um val ekki í tæka tíð skal úthluta viðkomandi báti aflamarki. Áður en val þetta fer fram skal útgerðum bátanna gerð grein fyrir því aflamarki sem þeim hefði verið úthlutað á yfirstandandi fiskveiðiári ef þeir hefðu haft aflahlutdeild. Skal Fiskistofa senda þeim þessar upplýsingar í tæka tíð ásamt forsendum fyrir úthlutuninni og gefa hæfilegan frest til að koma að athugasemdum. Útvegsmönnum gefst þá tækifæri til að bera forsendur Fiskistofu saman við eigin upplýsingar um afla á tímabilinu. Reikna skal hlutdeild einstakra báta í heildarafla hverrar tegundar á tímabilinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1993, þ.e. tvö heil fiskveiðiár. Við útreikning á hlutdeild einstakra báta í leyfðum heildarafla í hverri tegund, sem þeir fengju ef þeir veldu aflamark, skal miða við að hún verði jöfn hlutdeild þeirra í heildarafla á ofangreindu tímabili. Ekki skal tekið tillit til annarra atriða en afla hvers einstaks báts á tímabilinu, svo sem bilana eða frátafa af öðrum orsökum. Sérstaklega er ástæða til að benda á að úthlutunin miðast við afla einstakra báta án tillits til þess hvort eigendaskipti hafi orðið á þeim á tímabilinu. Hafi aðilar orðið sammála um aðra tilhögun við eigendaskipti að bátum verða þeir að óska flutnings á aflahlutdeild eftir að úthlutun er lokið.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Með II. bráðabirgðaákvæði er lagt til að banndagar skv. 2. mgr. 6. gr. komi til framkvæmda gagnvart öllum þeim bátum sem nú stunda veiðar með krókaleyfi strax frá gildistöku laganna og komi þeir þá í stað banndaga samkvæmt 6. mgr. II. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 38/1990.

Fylgiskjal I.

Bréf nefndar til sjávarútvegsráðherra um mótun sjávarútvegsstefnu.

(19. maí 1993.)

Nefnd um mótun sjávarútvegsstefnu hefur að undanförnu rætt við lögbundna samráðsaðila hugmyndir sínar um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða frá 1990 og önnur atriði sem fram koma í drögum að skýrslu nefndarinnar til sjávarútvegsráðherra frá 2. apríl 1993. Þar á meðal hafa formenn nefndarinnar haldið tíu fundi á vegum sjávarútvegsráðuneytis í öllum kjördæmum sem voru sóttir af um 1500 manns. Nefndin hefur nú í ljósi þessa samráðs gert minni háttar lagfæringar á drögum að skýrslunni og fylgir hún með bréfi þessu í endanlegu formi ásamt umsögnum hagsmunaaðila. Að auki vill nefndin leggja eftirfarandi atriði fyrir sjávarútvegsráðherra:

1. Hugmyndir nefndarinnar um að setja utankvótategundir í aflamark byggjast á því að Hafrannsóknastofnun verði falið að kanna betur en verið hefur veiðiþol þessara stofna. Ekki er gert ráð fyrir að tegundir fari í aflamark ef viðkomandi stofnar þola þær veiðar sem á þeim eru. Enn fremur þarf að huga að því að aflamark á þessar tegundir komi ekki í veg fyrir nýtingu á vannýttum tegundum eða nýjum miðum.
2. Nefndin leggur til að við afnám línutvöföldunar sé reynt að leita leiða til þess að úthlutun viðbótaraflamarks hafi ekki í för með sér minni afla í mánuðunum nóvember til febrúar.
3. Nefndin hefur rætt sérstaklega um kvótasetningu krókaleyfisbáta í ljósi þeirra viðbragða sem meiri hluti nefndarinnar fékk við tillögum sínum, en þau byggðust á harðri gagnrýni, bæði var sagt að of hart væri gengið að smábátum og eins líka að of langt væri komið til móts við þessa aðila. Meiri hluti nefndarinnar telur aðalatriði málsins og sanngjarna niðurstöðu að heildarafli smábáta undir 6 brl. verði í takt við tillögur sínar. Vissulega eru ýmsar leiðir til að ná þessu marki en meiri hluti nefndarinnar ítrekar að sú tillaga sem fram kemur í skýrslunni sé sú skynsamlegasta að mati hans.

Meiri hluti nefndarinnar treystir sér ekki til að leggja til þá leið sem sjávarútvegsráðherra lagði til í drögum að lagafrumvarpi, en hún var rædd í starfi nefndarinnar. Meiri hluti nefndarinnar bendir hins vegar á aðrar leiðir, svo sem að útfæra banndagakerfi með hámarksafla á einstökum tímabilum þannig að umframafli á einu tímabili leiði til fækkunar róðrardaga á hinu næsta. Þá bendir meiri hluti nefndarinnar á þann möguleika að aflamarki verði að hluta eða öllu leyti úthlutað eftir stærð bátanna. Nefndin bendir þó á að allar leiðir aðrar en sú sem meiri hluti nefndarinnar lagði til koma verr út fyrir þá sem hafa útgerð smábáta að aðalstarfi.

Með ofangreindum athugasemdum telur nefndin að störfum hennar sé lokið.

Virðingarfyllst,
Þröstur Ólafsson.
Vilhjálmur Egilsson.
Björn Dagbjartsson.
Örn Traustason.
Árni Vilhjálmsson.
Pétur Bjarnason.

Á fskj. II var birt skýrsla nefndar um mótun sjávarútvegsstefnu („tvíhöfðanefndar"), drög, 2. apríl 1993, 173 bls., en í henni eru gerðar tillögur um fjölmarga þætti sem snerta stjórn fiskveiða, starfsskilyrði sjávarútvegsins, rannsóknir á sviði sjávarútvegsmála og vinnslu á markaðssetningu sjávarafurða. Þar að auki er fjallað í skýrslunni um ástand og nýtingu fiskstofna, viðskipta- og sjávarútvegssamninga Íslands við önnur ríki, fiskiskipastól landsmanna, fiskvinnslustarfsemi í landinu, afkomumál sjávarútvegsins og stjórn fiskveiða.

Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum, nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frumvarpið hefur ekki í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs. Hugsanleg aukning á eftirliti Fiskistofu á að rúmast innan fjárheimilda stofnunarinnar. Í frumvarpinu er Fiskistofu veitt heimild til að taka gjald fyrir staðfestingu á varanlegum flutningi aflaheimilda á milli skipa. Samkvæmt frumvarpinu verður gjaldið 1.500 kr. á hverja staðfestingu og er áætlað að heildartekjur á ári verði um 700 þús. kr. sé miðað við fjölda staðfestinga fiskveiðiárið 1992–93. Til að hamla gegn óhóflegum fjölda tilkynninga um flutning á aflamarki frá sama skipi er Fiskistofu heimilað að innheimta 10.000 kr. fyrir hverja tilkynningu sem er umfram tíu á fiskveiðiárinu. Reiknað er með að tekjur af gjaldinu verði óverulegar, enda er því fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir að mikill fjöldi tilkynninga sé sendur til stofnunarinnar. Loks er í 14. gr. breytt lagatilvísun vegna brota á lögum um stjórn fiskveiða. Ekki er um efnislega breytingu að ræða frá því sem nú er.

361. Frumvarp til laga [284. mál]

um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til að vega á móti skerðingu þorskveiðiheimilda.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Aflaheimildum Hagræðingarsjóðs vegna fiskveiðiársins 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 skv. 5. gr. laga nr. 65/1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sem óráðstafað er við gildistöku laga þessara, skal úthlutað án endurgjalds til þeirra fiskiskipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári.

Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir meira en 9,8% skerðingu aflamarks í þorskígildum talið á milli fiskveiðiáranna, sbr. 2. gr., þannig að skerðing umfram framangreind mörk verði að fullu bætt. Skal aflaheimildum skipt milli tegunda í hlutfalli við samsetningu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og úthlutað þannig til einstakra skipa.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir fiskveiðiárið er hófst 1. september 1992 og hins vegar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips í hverri tegund 7. desember 1993. Skal miðað við úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki innan hvors fiskveiðiárs. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs, sbr. lög nr. 112/1993. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. 5. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 274/1993. Sú hlutfallslega breyting, sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Leyfilegur heildarafli á þorski hefur verið dreginn verulega saman eða úr 205 þúsund lestum á síðasta fiskveiðiári í 165 þúsund lestir á yfirstandandi fiskveiðiári. Að auki hefur leyfilegur hámarksafli á fleiri mikilvægum tegundum verið minnkaður þó í minna mæli sé. Afleiðingar þessa verða augljóslega að útgerðin mætir auknum vandkvæðum í rekstri og sér í lagi þær útgerðir sem hafa stærstan hluta sinna aflaheimilda í þorski. Til að létta undir með þeim útgerðum sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu í aflaheimildum af þessum sökum er lagt til að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs verði úthlutað útgerðum endurgjaldslaust en sjóðurinn ræður yfir aflaheimildum er nema 12.000 þorskígildislestum. Er það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 27. júní sl. Í 7. gr. laga nr. 65/1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, er kveðið á um að sveitarfélög geti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum fengið forkaupsrétt að aflaheimildum sjóðsins. Fjórar umsóknir bárust sjóðnum vegna yfirstandandi fiskveiðiárs og var ein þeirra tekin til greina og viðkomandi sveitarfélagi boðinn forkaupsréttur. Var hann nýttur að tæplega 162 þorskígildislestum. Langmestum hluta aflaheimilda sjóðsins er því óráðstafað. Í frumvarpi þessu er lagt til að þeim aflaheimildum Hagræðingarsjóðs sem hefur ekki verið ráðstafað verði úthlutað endurgjaldslaust til að bæta hlut þeirra fiskiskipa sem hafa orðið fyrir mestri hlutfallslegri skerðingu í aflaheimildum milli fiskveiðiáranna er hófust 1. september 1992 og 1. september 1993. Verði frumvarp þetta að lögum mun ekkert fiskiskip verða fyrir meiri skerðingu en sem nemur 9,8% í þorskígildum talið. Fyrst og fremst eru það þær útgerðir sem háðar eru þorskveiðum sem hér eiga í hlut. Í frumvarpinu er lagt til að sami háttur verði hafður á við úthlutun uppbótanna og gert var með bráðabirgðalögum nr. 86/1993 sl. vor varðandi úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs á síðastliðnu fiskveiðiári, sbr. nú lög nr. 112/1993.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að þeim aflaheimildum Hagræðingarsjóðs sem ekki hefur verið ráðstafað verði úthlutað endurgjaldslaust til þeirra fiskiskipa sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu á úthlutuðu aflamarki milli ára. Ljóst er að heimildir sjóðsins nægja til að bæta þeim skipum sem orðið hafa fyrir meiri skerðingu milli fiskveiðiáranna en sem nemur 9,8% í þorskígildum talið. Eftir að úthlutunin hefur farið fram mun því ekkert skip hafa orðið fyrir meiri skerðingu en 9,8%. Er um að ræða 781 fiskiskip sem mundi fá úthlutað viðbótaraflamarki ef frumvarp þetta nær fram að ganga. Aflaheimildir Hagræðingarsjóðs eru í þorski, ýsu, ufsa, karfa, grálúðu og skarkola. Gert er ráð fyrir að úthlutunin fari þannig fram að hverju skipi verði úthlutað viðbótaraflamarki sem nemur skerðingu þess umfram 9,8% í þorskígildum talið þannig að hlutfallsleg skipting milli tegunda endurspegli samsetningu tegundanna sem Hagræðingarsjóði var úthlutað.

Um 2. gr.

Í greininni er lýst þeirri aðferð sem nota skal við að reikna út þá skerðingu sem skipin hafa orðið fyrir vegna samdráttar í aflaheimildum milli fiskveiðiára. Lagt er til að sami háttur verði hafður á nú og þegar aflaheimildum Hagræðingarsjóðs var úthlutað í sama tilgangi sl. vor, sbr. nú lög nr. 112/1993. Aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiáranna fyrir sig skal reiknað út miðað við úthlutaðan heildarafla í hverri kvótabundinni tegund og aflahlutdeild skipanna eins og hún var í skrá Fiskistofu 7. desember sl. Einnig skal tekið tillit til breytinga á leyfilegum hámarksafla sem orðið hafa innan hvors fiskveiðiárs fyrir sig. Þá skal aflamark í hverri tegund reiknað til þorskígilda og heildaraflamark hvers skips í þorskígildum fundið hvort fiskveiðiárið fyrir sig. Við umreikning aflamarks til þorskígilda er gert ráð fyrir að við bæði fiskveiðiárin sé notast við verðmætastuðla, sbr. 5. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 274/1993.

Gert er ráð fyrir að sú hlutfallslega breyting á aflamarki einstakra skipa í þorskígildum talið sem á þennan hátt kemur fram verði lögð til grundvallar þegar ákveða skal úthlutun aflamarks úr Hagræðingarsjóði skv. 1. gr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

362. Frumvarp til laga [285. mál]

um breytingu á lögum nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð eða reglugerðir að höfðu samráði við önnur ráðuneyti sem fara með einstaka málaflokka er snerta umhverfismál og í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.

3.2. Í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun þar sem m.a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
2. Endurskoðun starfsleyfa vegna verulegra breytinga á atvinnurekstri eða vegna tækniþróunar.
3. Áhættumat fyrir nýjan og starfandi atvinnurekstur þar sem hætta er á stórslysum vegna aðferða og efna sem notuð eru við starfsemina og endurskoðun áhættumats, svo og upplýsingar sem ábyrgðaraðilum atvinnurekstrar er skylt að láta í té beri slys að höndum.
4. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
5. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
6. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði þar sem m.a. skulu fram koma viðmiðunarmörk vegna losunar tiltekinna efna.
7. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
8. Frárennsli og skolp þar sem m.a. skulu koma fram reglur um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk.
9. Varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk og/eða gæðamarkmið fyrir vatn.
10. Varnir gegn loftmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir loftgæði.
11. Hávaða og titring þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
12. Varmamengun þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
13. Önnur sambærileg atriði.

Enn fremur skal setja ákvæði um:

14. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun þær skuli háðar, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
15. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins, svo og dagsektir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið til þess að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í frumvarpinu eru tvær greinar. Í 1. gr. er lagt til að 1. og 2. mgr. 3. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit verði breytt þannig að þær falli að efnisinnihaldi þeirra tilskipana sem EES-samningurinn inniheldur og varða mengunarmál og varnir gegn mengun. Eins og 3. gr. er nú upp byggð er orðalag greinarinnar í nokkrum tilfellum of takmarkað fyrir þá nýju þætti sem setja þarf í mengunarvarnareglugerð vegna aðildar Íslands að EES-samningnum. Í 2. gr. frumvarpsins er gildistökuákvæði.

Frumvarp þetta var lagt fram á 116. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju og hafa örfáar breytingar verið gerðar á því. Í fyrsta lagi er orðalagi 6. tölul. 2. mgr. breytt lítillega og í öðru lagi er nýjum tölulið, 9. tölul., bætt við sömu málsgrein.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting sú sem lögð er til að gerð verði á 3. gr. er í samræmi við ítarlegri og fjölbreyttari mengunarvarnalöggjöf sem leiðir af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Við 1. mgr. 3. gr. er lagt til að bætt verði við tilvísun til alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, einkum í þeim tilgangi að styrkja grundvöll mengunarvarnareglugerðar með tilliti til þeirra tilskipana sem eru í XX. viðauka EES-samningsins og fjalla um umhverfismál.

Lagt er til að nýjum tölulið verði bætt við 2. mgr. 3. gr. um endurskoðun starfsleyfa. Í nokkrum tilskipunum, sem eru í XX. viðauka EES-samningsins og fjalla um mengunarvarnir, eru ákvæði þess efnis að endurskoða skuli starfsleyfi fyrirtækja ef verulegar breytingar verða á starfsemi þeirra eða breytingar verða vegna tækniþróunar. Dæmi um þetta má finna í tilskipunum nr. 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE.

Einnig er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 2. mgr. 3. gr. um áhættumat vegna tilskipunar nr. 82/501/EBE, sbr. 87/216/EBE og 88/610/EBE. Tilskipunin fjallar um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna iðnaðarstarfsemi. Tilskipuninni fylgja viðaukar þar sem skilgreindar eru aðferðir og talin upp efni sem notuð eru við starfsemina og marka viðaukarnir gildissvið tilskipunarinnar. Í tilskipuninni er enn fremur kveðið á um að rekstraraðilar iðnaðarstarfsemi, sem reglurnar gilda um, verði að gefa ítarlegar upplýsingar um starfsemina og skilgreina hættu á meiri háttar óhöppum með tilliti til framleiðsluaðferða, notkunar hættulegra efna og geymslu þeirra ásamt lýsingu á aðstæðum öllum. Ef slys ber að höndum er þeim sem ábyrgð bera á iðnaðarstarfsemi skylt að veita upplýsingar m.a. um aðstæður við slysið, tiltæk gögn svo að hægt sé að meta áhrif þess á menn og umhverfi, neyðarráðstafanir sem gripið er til og ráðstafanir sem eru fyrirhugaðar til þess að draga úr áhrifum slyssins til lengri eða skemmri tíma.

Jafnframt er lagt til að hugtök verði samræmd með þeim hætti að í 7. tölul., sem verður 10. tölul., verði notað hugtakið viðmiðunarmörk í stað viðmiðunarreglna og enn fremur er bætt við 4. tölul., sem verður 6. tölul., ákvæðum um viðmiðunarmörk vegna losunar tiltekinna efna í vatn.

Loks er lagt til að bætt verði við 6. tölul., sem verður 8. tölul. sem fjallar um frárennsli og skolp, reglum um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk. Er breyting þessi vegna tilskipunar nr. 91/271/EBE um hreinsun skolps frá þéttbýli.

Að lokum er lagt til að nýr töluliður, 9. tölul., bætist við varðandi viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir vatn. Er breyting þessi m.a. lögð til vegna tilskipunar nr. 76/464/EBE.

Að öðru leyti er 3. gr. óbreytt nema hvað númer einstakra töluliða breytast í samræmi við framangreindar breytingar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Með lagafrumvarpi þessu birtist sem fylgiskjal umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið. Um fylgiskjalið vísast til fylgiskjals á þskj. 684, 390. mál 116. löggjafarþings, bls. 4041–4045 í A-deild Alþt. 1992–93. Fylgiskjalið í þessu máli er samhljóða á 116. og 117. þingi nema á einum stað í textanum. Þar sem stendur á bls. 4043 í 13. línu að neðan „í ferskvatn“ komi: í ármynni.

363. Frumvarp til laga [286. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Nú eru sveitarfélög sameinuð og skulu þá umdæmi fjallskiladeilda haldast óbreytt frá því sem áður gilti og upprekstrarréttur standa óbreyttur miðað við eldri skipan nema um annað sé samið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., er hver sýsla fjallskilaumdæmi er skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum nema héraðsnefnd hafi fallist á aðra skiptingu. Kaupstaður er einnig sérstök fjallskiladeild og telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu sem kaupstaðalandið hefur áður legið undir. Samkvæmt 2. gr. laganna hefur héraðsnefnd á hendi yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála í sínu umdæmi, en hreppsnefnd/bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild.

Með sameiningu sveitarfélaga fækkar fjallskiladeildum fjallskilaumdæma nema héraðsnefnd og sveitarstjórn í sameinuðu sveitarfélagi ákveði að halda óbreyttri skipan fjallskiladeilda. Í þeim umræðum sem fram hafa farið um sameiningu sveitarfélaga hefur komið fram óvissa um fyrirkomulag afrétta- og fjallskilamála, sérstaklega að því er varðar upprekstrarrétt á einstaka afrétti og áhrif þeirra breytinga sem fylgja sameiningu sveitarfélaga á afnot afrétta ef sveitahreppar sameinast stærri heildum. Miðar 1. gr. frumvarps þessa, sem samið er í landbúnaðarráðuneytinu, að því að tryggja að sameining sveitarfélaga raski ekki núverandi fyrirkomulagi fjallskiladeilda og upprekstrar á einstaka afrétti nema sveitarfélög semji á annan veg.

364. Frumvarp til laga [287. mál]

um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja bændum og öðrum notendum fullnægjandi vöru í samræmi við vörulýsingar og kröfur til landbúnaðarafurða um hollustuhætti.

2. gr.

Lög þessi gilda um eftirlit með framleiðslu, geymslu og sölu á fóðri sem ætlað er búfé sem haldið er til matvælaframleiðslu og sölufóðri annarra dýra, svo og alla sáðvöru, tilbúinn áburð og önnur jarðvegsbætandi efni.

3. gr.

Eftirlit með þeim vörum sem lög þessi taka til skal vera undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Skal það nefnast aðfangaeftirlit og skipar ráðherra forstöðumann þess sem hefur á hendi umsjón með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

Til aðstoðar aðfangaeftirlitinu skipar landbúnaðarráðherra þrjár nefndir til fjögurra ára í senn sem hafa það hlutverk að vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum:

1. *Fóðurnefnd,* skipuð búfjárræktarráðunaut tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, fóðursérfræðingi tilnefndum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og dýralækni tilnefndum af yfirdýralækni. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.
2. *Sáðvörunefnd,* skipuð jarðræktarráðunaut tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, jarðræktarfræðingi tilnefndum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Einn nefndarmanna skipar landbúnaðarráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.
3. *Áburðarnefnd,* skipuð jarðræktarráðunaut tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands og jarðvegsfræðingi tilnefndum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Ráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

II. KAFLI
Aðfangaeftirlit.

4. gr.

Aðfangaeftirlitið skal halda skrá yfir þá aðila sem framleiða hér á landi eða flytja inn þær vörur sem lög þessi taka til. Óheimilt er að skrá framleiðanda eða innflutningsaðila sem ekki sýnir fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem tilkynnt er um.

5. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða pakka hér á landi vörum sem lög þessi taka til, nema tilkynna þær fyrst og láta skrá hjá aðfangaeftirlitinu sem staðfestir skráningu vörunnar. Aðfangaeftirlitið skal aðeins skrá vörur er þeim hefur verið lýst á fullnægjandi hátt.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að höfðu samráði við sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, hvaða upplýsingar skylt er að láta fylgja vörum sem lög þessi ná yfir. Enn fremur skal kveðið á um merkingar og lýsingu á notkun einstakra vöruflokka.

6. gr.

Aðfangaeftirlitið skal með sýnatökum fylgjast með að vörur þær sem skráðar hafa verið séu í samræmi við gildandi vörulýsingar. Aðfangaeftirlitið skal hafa aðgang að eftirlitsskyldum vörum hvar og hvenær sem þess er óskað. Kaupandi vöru getur óskað eftir því að fram fari sérstök athugun á vegum aðfangaeftirlitsins vegna gruns um að varan sé ófullnægjandi. Kostnað af ítrekuðum tilefnislausum rannsóknum greiðir kaupandi samkvæmt reikningi.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um sýnatöku og önnur atriði er varða framkvæmd aðfangaeftirlitsins, svo og ákvæði um merkingar vöru og pökkun hennar og ákvæði um hámark óæskilegra efna eða bann við notkun þeirra.

III. KAFLI
Eftirlitssjóður.

8. gr.

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd aðfangaeftirlitsins skal innheimta eftirlitsgjald sem miða skal við raunkostnað við eftirlit með vörum þeim sem lög þessi ná til. Sértækt eftirlitsgjald skal greiða eftir reikningi.

Eftirlitsgjald af innfluttum vörum skal innheimt við tollafgreiðslu vörunnar. Af innlendri framleiðslu skal greiða gjaldið samkvæmt söluskýrslum sem skila ber tvisvar á ári. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu á eftirlitsgjöldum, upphæð þeirra, álagningu, gjalddaga og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna. Eftirlitsgjöld má taka lögtaki.

IV. KAFLI
Refsiákvæði, gildistaka o.fl.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53 16. maí 1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur, og lög nr. 106 28. desember 1992, um breytingu á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi samþykkti vegna gildistöku samnings um EES lög nr. 106/1992 þar sem sniðnir voru af lögum nr. 53/1978 viðskiptatæknilegir vankantar.

Um nokkurn tíma hefur verið ljós sú brýna þörf sem er á heildarendurskoðun gildandi laga og reglugerða. Eftir að frumvarp það, er varð að lögum nr. 106/1992, var lagt fram skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til slíkrar heildarendurskoðunar. Í þeirri nefnd eiga sæti Jón Höskuldsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir og Gunnar Sigurðsson deildarstjóri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er byggt á tillögum nefndarinnar. Var það lagt fyrir búnaðarþing 1993 sem mælti fyrir sitt leyti með lögfestingu þess, enda væru breytingar þær sem frumvarpið felur í sér til bóta fyrir málaflokkinn. Frumvarpið var lagt fram á 116. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt án efnislegra breytinga.

Um athugasemdir við frumvarp þetta ásamt fylgiskjölum vísast til athugasemda og fylgiskjala á þskj. 900, 542. mál 116. löggjafarþings, bls. 5034–5039 í A-deild Alþt. 1992–93. Athugasemdir og fylgiskjöl þessa máls eru samhljóða á 116. og 117. þingi. Á fskj. I var birt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið, á fskj. II kafli úr ákvæðum EES-samningsins, viðauka I, um fóður, og á fskj. III kafli úr ákvæðum EES-samningsins, viðauka II, um áburð.

365. Frumvarp til laga [288. mál]

um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 36. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Lagafrumvörp, sem varða breytingar á skattalöggjöf, skal leggja fram eigi síðar en sex mánuðum áður en þau eiga að taka gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um langt árabil hefur sú óheppilega venja ríkt á Alþingi að breytingar á lögum um skattheimtu ríkisins og sveitarfélaga eru unnar í tímaþröng rétt fyrir gildistöku laganna. Oftast er þetta bein afleiðing þess að frumvörp eru ekki lögð fram fyrr en á síðustu stundu.

Það má öllum vera ljóst að hér er um ófullnægjandi vinnubrögð að ræða. Kemur þar bæði til að Alþingi gefst ekki tóm til þess að vinna að málunum sem skyldi og oft er hér um að ræða flókna löggjöf sem gerir miklar kröfur til þeirra sem eiga að vinna eftir henni.

Hér er lagt til að frumvörp til laga um skattalagabreytingar verði lögð fram eigi síðar en sex mánuðum fyrir gildistöku þeirra. Þetta þýðir í raun að frumvarp að skattalagabreytingu, sem taka á gildi um áramót, verður að fá þinglega meðferð á næstliðnu vorþingi og frumvörp, sem verða að lögum á haustþingi, taka í fyrsta lagi gildi 1. apríl á næsta ári.

Með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, yrði höfuðverkefni Alþingis á haustþingi, hvað varðar fjármál ríkisins, að vinna að fjárlögum samkvæmt fyrirliggjandi tekjuramma.

366. Nefndarálit [148. mál]

um till. til þál. um fullgildingu bókunar um breytingar á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar. Nefndin sendi tillöguna til umsagnar sjávarútvegsnefndar og umhverfisnefndar og mæltu báðar nefndirnar með samþykkt hennar. Umsagnir nefndanna eru birtar sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Geir H. Haarde.
Páll Pétursson.	Hjörleifur Guttormsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni R. Árnason.		Jón Helgason.

Fylgiskjal I.

Umsögn sjávarútvegsnefndar til utanríkismálanefndar.
(24. nóvember 1993.)

Sjávarútvegsnefnd tók bréf utanríkismálanefndar, dags. 15. nóvember 1993, þar sem nefndin er beðin um umsögn varðandi tillögu til þingsályktunar um fullgildingu bókunar um breytingar á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, til umfjöllunar á fundi sínum í morgun. Nefndin telur að hér sé um mjög þarft mál að ræða og leggur til að tillagan verði samþykkt.

Matthías Bjarnason, form.
Steingrímur J. Sigfússon.
Stefán Guðmundsson.
Guðmundur Hallvarðsson.
Jóhann Ársælsson.
Jónas Hallgrímsson.
Árni R. Árnason.

Fylgiskjal II.

Umsögn umhverfisnefndar til utanríkismálanefndar.
(3. desember 1993.)

Umhverfisnefnd hefur, sbr. bréf utanríkismálanefndar dags. 15. nóvember sl., fjallað um 148. mál, um fullgildingu bókunar um breytingar á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar. Nefndin fékk á sinn fund við yfirferð málsins Þóri Ibsen, deildarsérfræðing í umhverfisráðuneytinu, og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur deildarstjóra.

Umhverfisnefnd mælir með því að framangreind þingsályktunartillaga verði samþykkt þannig að Íslendingar fái af sinni hálfu fullgilt bókunina. Nefndin gerir ekki efnislegar athugasemdir við bókunina. Fullgilding hennar mun ekki hafa breytingar í för með sér hér á landi þar sem lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, ná yfir það svið sem bókunin varðar. Fram kom við umfjöllun um málið að samningur sá sem hér um ræðir hefur verið sameinaður Parísarsamningnum frá 4. júní 1974, um mengun frá landstöðvum, sem öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 19. júlí 1981. Nefnist hinn nýi samningur OSPAR. Ekki er gert ráð fyrir að hann hljóti gildi fyrr en eftir fimm til átta ár. Umhverfisnefnd telur því eðlilegt að bókun sú sem hér um ræðir verði samþykkt óháð framangreindum breytingum.

Virðingarfyllst,

Kristín Einarsdóttir, form.

367. Nefndarálit [149. mál]

um till. til þál. um staðfestingu bókunar við alþjóðasamning um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og bókunar við alþjóðasamning um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar. Nefndin sendi tillöguna til umsagnar umhverfisnefndar og mælti nefndin með samþykkt tillögunnar. Umsögn umhverfisnefndar er birt sem fylgiskjal með áliti þessu.

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Geir H. Haarde.
Páll Pétursson.	Hjörleifur Guttormsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni R. Árnason.		Jón Helgason.

Fylgiskjal.

Umsögn umhverfisnefndar
til utanríkismálanefndar.
(3. desember 1993.)

Umhverfisnefnd hefur, sbr. bréf utanríkismálanefndar dags. 15. nóvember sl., fjallað um 149. mál, um staðfestingu bókunar við alþjóðasamning um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og bókunar við alþjóðasamning um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar. Nefndin fékk á sinn fund við yfirferð málsins Þóri Ibsen, deildarsérfræðing í umhverfisráðuneytinu, og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur deildarstjóra.

Umhverfisnefnd mælir með því að framangreind þingsályktunartillaga verði samþykkt þannig að Íslendingar fái af sinni hálfu staðfest bókanir þær sem tillagan varðar. Nefndin gerir ekki efnislegar athugasemdir við bókanirnar, enda varða þær einungis breytingar á þeim gjaldmiðli sem hafður er til viðmiðunar í samningunum. Í stað þess að miða við gullfranka verði miðað við einingunina SDR, sérstök dráttarréttindi.

Nefndin vill á hinn bóginn benda á að þær bókanir, sem hér um ræðir, voru samþykktar árið 1976 eða fyrir rúmlega 17 árum. Nefndin telur gagnrýnivert hve langur tími hefur liðið þangað til bókanirnar eru nú lagðar fyrir Alþingi til staðfestingar.

Virðingarfyllst,

Kristín Einarsdóttir, form.

368. Fyrirspurn [289. mál]

til forsætisráðherra um skuldbreytingar sjávarútvegsfyrirtækja.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hve mörg sjávarútvegsfyrirtæki hafa fengið skuldbreytingar á lánum sínum í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að mæta aflasamdrætti frá 27. júní í sumar og hver er heildarupphæð þeirrar fyrirgreiðslu?
2. Hve margir smábátaeigendur hafa sótt um slíkar skuldbreytingar, hve margir hafa fengið úrlausn sinna mála og hver er heildarupphæð þeirrar fyrirgreiðslu?

369. Frumvarp til laga [290. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er hljóðar svo:

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur skv. 1. og 2. mgr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

2. gr.

8. gr. laganna hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt að veita slökkviliðsmanni löggildingu þegar hann hefur lokið grunnnámi fyrir slökkviliðsmenn og jafnframt gegnt slökkvistarfi eða starfað við brunavarnir að aðalstarfi í a.m.k. eitt ár samfellt.

Félagsmálaráðherra setur nánari ákvæði um grunnnám og aðra menntun slökkviliðsmanna í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samningsréttarmál slökkviliðsmanna hafa verið óleyst um nokkurn tíma. Viðsemjendur slökkviliðsmanna, þ.e. samninganefnd ríkisins, launanefnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg, hafa ekki viðurkennt rétt Landssambands slökkviliðsmanna til að fara með samningsumboð við gerð kjarasamninga fyrir slökkviliðsmenn. Helsta ástæðan fyrir þessum ágreiningi er sú að viðsemjendur slökkviliðsmanna hafa ekki talið Landssamband slökkviliðsmanna uppfylla skilyrði laga til að geta talist fagstéttarfélag, sbr. 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í því skyni að leysa fyrrgreindan ágreining er lagt til í þessu frumvarpi að starfsréttindi slökkviliðsmanna verði bundin í lög þannig að félagsmálaráðherra verði heimilt að veita slökkviliðsmönnum löggildingu að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum um menntun og starfsreynslu.

Athugasemdir við einstakar greinar lagafrumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að núverandi 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna flytjist í 7. gr. og verði þar 3. og 4. mgr. Engar efnislegar breytingar eru lagðar til á ákvæðunum.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er lagt til að 8. gr. laganna fjalli um starfsréttindi slökkviliðsmanna. Þannig verði félagsmálaráðherra veitt heimild til að veita slökkviliðsmanni löggildingu er hann hefur lokið grunnnámi fyrir slökkviliðsmenn, sbr. nú reglugerð nr. 197/1991 um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna. Jafnframt er gert ráð fyrir því að sá sem vill fá löggildingu sem slökkviliðsmaður hafi öðlast tiltekna starfsreynslu á því sviði, þ.e. verið slökkviliðsmaður að aðalstarfi í a.m.k. eitt ár samfellt.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það sé flutt til þess að leysa samningsréttarmál slökkviliðsmanna sem hafa verið óleyst um nokkurn tíma. Viðsemjendur slökkviliðsmanna hafa ekki viðurkennt rétt Landssambands slökkviliðsmanna til að fara með samningsumboð við gerð kjarasamninga fyrir slökkviliðsmenn. Helsta ástæðan fyrir ágreiningnum er að Landssambandið uppfylli ekki skilyrði laga til að geta talist fagstéttarfélag skv. 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Tilgangur lagabreytingarinnar er að leysa þennan ágreining þannig að félagsmálaráðherra verði heimilt að veita slökkviliðsmönnum löggildingu að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum um menntun og starfsreynslu.

Út af fyrir sig leiðir samþykkt frumvarpsins ekki til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort samningsréttur Landsambandsins leiði til hærri launa slökkviliðsmanna. Slíkar hækkanir koma niður á viðkomandi sveitarfélögum en samkvæmt ákvæðum í 4. gr. laga um brunavarnir og brunamál greiðist kostnaður við slökkvistarf og eldvarnaeftirlit úr sveitarsjóði.

370. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið samhliða frumvarpi til laga um félagslega aðstoð, 84. mál, en þessum tveimur frumvörpum er ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um almannatryggingar, nr. 67/1971. Við yfirferð yfir frumvörpin komu á fund nefndarinnar Dögg

Pálsdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Helgi Seljan og Ásgerður Ingimarsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands. Þá hefur nefndin stuðst við umsagnir um frumvörpin, m.a. frá 116. þingi, og gögn sem aflað var við umfjöllun um málið.

Við gildistöku samningsins um Evrópskt efnahagssvæði þarf að gera tilteknar breytingar á íslenskri almannatryggingalöggjöf til að hún samræmist þeim reglum sem gilda munu á því sviði. Þannig er nauðsynlegt að mæta með einhverjum hætti svonefndri útflutningsreglu, sem felur í sér að bótaþegi eigi rétt á að fá almannatryggingabætur greiddar úr landi, á grundvelli nánar tiltekinna reglna. Til að mæta þessu hafa stjórnvöld kosið að aðgreina bætur almannatrygginga og skipa þeim í tvö frumvörp, annars vegar í frumvarp til laga um almannatryggingar, hins vegar í frumvarp til laga um félagslega aðstoð.

Í frumvarp til laga um almannatryggingar hefur verið skipað þeim bótum sem ótvírætt eru taldar hafa yfirbragð tryggingabóta og falla þar af leiðandi undir útflutningsregluna. Í frumvarp til laga um félagslega aðstoð hefur svo verið skipað þeim bótum sem þykja bera keim félagslegrar aðstoðar og þurfi þar af leiðandi ekki að greiða úr landi. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu eru skilyrði þess að bætur teljist til félagslegrar aðstoðar einkum þríþættar, að einstaklingsbundið mat ráði hvort viðkomandi fái bætur, að tekjustaða hafi áhrif á bótarétt og að bætur greiðist beint úr ríkissjóði. Þrátt fyrir þetta fær minni hlutinn ekki séð að ástæða sé til að gera þær grundvallarbreytingar að ýmsir bótaflokkar, sem nú er skylt að greiða samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, breytist í heimildarbætur sem jafnframt verði tekjutengdar.

Við samanburð á frumvörpunum tveimur kemur í ljós að skilin á milli þeirra eru ekki jafnglögg og haldið hefur verið fram. Þannig má finna heimildarákvæði í frumvarpi til laga um almannatryggingar sem og heimild til tekjutengingar og bætur almannatrygginga eru að auki að öllu leyti greiddar beint úr ríkissjóði. Því má segja að í raun séu í frumvarpi til laga um almannatryggingar ákvæði sem bera keim félagslegrar aðstoðar, þ.e. einstaklingsbundið mat og tekjustaða geta þar haft áhrif á bótarétt. Þá eru bætur, sem kveðið er á um í frumvarpi til laga um félagslega aðstoð, fjármagnaðar af ríkissjóði á sama hátt og bætur í frumvarpi til laga um almannatryggingar. Minni hlutinn fær því ekki séð hvaða rök mæla með því að gera þá gjörbreytingu sem boðuð er með frumvarpi til laga um félagslega aðstoð. Því leggur minni hlutinn til að heimildarákvæðum frumvarpsins um félagslega aðstoð verði breytt í skylduákvæði.

Benda má á að við meðferð nefndarinnar hafa stjórnvöld ítrekað haldið því fram að markmið með þessum breytingum sé ekki að draga úr útgjöldum á almannatryggingasviðinu. Því verður ekki séð að þær breytingar, sem minni hlutinn leggur til, muni leggja auknar byrðar á ríkissjóð. Þá telur minni hluti nefndarinnar að framangreindar breytingar beri vott um þróun í þá átt að færa bætur, sem hingað til hafa tilheyrt almannatryggingakerfinu, yfir á sveitarfélög og telur ástæðu til að stemma þar stigu fyrir.

Minni hlutinn mælir með samþykkt þessa frumvarps með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Jafnframt stendur minni hlutinn að breytingartillögum ásamt meiri hluta nefndarinnar á þskj. 312.

Efnisbreytingar, sem minni hlutinn vill gera á frumvarpinu, eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að við ákvörðun launa starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins verði tekið tillit til þess að þeir hafi stundað nám við tryggingaskóla stofnunarinnar. Gerð er tillaga um að kveðið verði á um stofnun slíks skóla í nýrri grein er verði 9. gr. frumvarpsins. Fyrir liggur að starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins búa almennt við léleg launakjör í samanburði við aðra opinbera starfsmenn. Samhliða því að gerðar verði til þeirra auknar kröfur um þekkingu og bætta þjónustu er hér lagt til að kjör þeirra verði bætt.
2. Hér er lagt til að gert verði að skilyrði að trúnaðarmenn Tryggingastofnunar ríkisins hafi lokið námi frá tryggingaskóla stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að þeim starfsmönnum, sem þegar starfa sem trúnaðarmenn stofnunarinnar, verði gert að sækja námskeið við skólann og að námið verði metið þeim til launahækkunar, sbr. breytingu sem lögð er til á 3. gr.
3. Lagt er til að í frumvarpið bætist ný grein, 9. gr., þar sem kveðið verði á um að á vegum Tryggingastofnunar ríkisins skuli starfræktur tryggingaskóli. Slíkir skólar eru starfræktir í nágrannalöndum okkar, oft í tengslum við aðrar menntastofnanir. Svið almannatrygginga er mjög flókið. Auk þeirra lagaákvæða, sem gilda á þessu sviði, hafa verið settar fjölmargar reglugerðir sem kveða nánar á um útfærslu einstakra bótaþátta. Mikilvægt er að opinberir þjónustuaðilar séu færir um að veita þeim sem til þeirra leita áreiðanlegar upplýsingar með litlum fyrirvara. Það á ekki síst við um bætur almannatrygginga þar sem þeir sem þeirra njóta byggja iðulega framfærslu sína á þeim. Lögð er áhersla á að haft verði fullt samráð við menntamálayfirvöld við stofnsetningu tryggingaskóla.
4. Breytingin, sem lögð er til á 10. gr., er til samræmis við þá breytingu sem lögð er til varðandi skipan endurhæfingarlífeyris.
5. Lagt er til að brott falli 3. mgr. 11. gr. Breytingin er byggð á sanngirnissjónarmiðum. Ekki er talið rétt að ellilífeyrir hjóna sé ákvarðaður lægri en ellilífeyrir einstaklinga.
6. Lagt er til að ákvæði um endurhæfingarlífeyri í 8. gr. frumvarps til laga um félagslega aðstoð verði skipað í frumvarp til laga um almannatryggingar. Öryrkjabandalag Íslands hefur gagnrýnt tilflutning bótanna og telja verður óeðlilegt að slíta í sundur örorkulífeyri og örorkustyrk annars vegar og endurhæfingarlífeyri, sem greiddur er öryrkjum, hins vegar. Þá er lagt til að greiðsla endurhæfingarlífeyris verði skyldubundin en ekki heimild eins og 8. gr. frumvarps til laga um félagslega aðstoð gerir ráð fyrir.
7. Hér er lagt til að foreldrum skuli tryggðar dánarbætur slysatrygginga við fráfall barna sinna hafi þeir á annað borð notið stuðnings þeirra. Heimild þessa efnis er í lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, og óeðlilegt þykir að fella hana niður, ekki síst þar sem slysabætur byggjast á iðgjaldagreiðslum. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins er hér um fámennan hóp að ræða.

8. Lagt er til að bætt verði við 36. gr. ákvæði um uppihaldsstyrk. Þetta ákvæði er nýmæli en ekki leikur vafi á því að landsmenn búa við mjög ójafnar aðstæður að þessu leyti. Ekki er einungis um það að ræða að íbúar í dreifbýli þurfi mjög oft að leita sér læknisþjónustu til höfuðborgarinnar, heldur þarf einnig stór hluti þjóðarinnar að sækja þjónustu á milli staða innan síns landsvæðis. Af þessu getur hlotist verulegur kostnaður.

Alþingi, 14. des. 1993.

Finnur Ingólfsson, frsm. Ingibjörg Pálmadóttir. Margrét Frímannsdóttir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

371. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (FI, IP, MF, ISG).

1. Við 3. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Nám við tryggingaskóla skal metið starfsmönnum til launahækkunar.
2. Við 8. gr. Á eftir fyrri málslið 3. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Trúnaðarmenn skulu hafa stundað nám við tryggingaskóla Tryggingastofnunar ríkisins.
3. Á eftir 8. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Á vegum Tryggingastofnunar ríkisins skal starfræktur tryggingaskóli. Hlutverk hans er að mennta og þjálfa starfsmenn stofnunarinnar og svæðisskrifstofa með það að markmiði að tryggja hæfni þeirra og þekkingu á sviði tryggingamála. Ráðherra skal, að fengnum tillögum tryggingaráðs og í samvinnu við menntamálaráðuneyti, semja skipulagsskrá og starfsreglur fyrir skólann.
4. Við 10. gr. Á eftir orðinu „örorkulífeyris“ komi: endurhæfingarlífeyris.
5. Við 11. gr. 3. mgr. falli brott.
6. Á eftir 12. gr. komi ný grein, *Endurhæfingarlífeyrir*, svohljóðandi:
   Þegar ekki verður séð hver örorka einstaklings verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys skal greiða honum endurhæfingarlífeyri í allt að tólf mánuði eftir að greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar lýkur eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Skilyrði er að viðkomandi gangist undir greiningu eða meðferð á sjúkrastofnun eða utan slíkrar stofnunar eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir. Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og grunnlífeyrir örorkulífeyris ásamt tekjutryggingu. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur.
7. Við 30. gr. Á eftir c-lið 1. mgr. komi nýr stafliður er orðist svo:
   d. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en 193.055 kr. og allt að 579.165 kr. eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

8. Við 36. gr. Á eftir k-lið komi nýr stafliður er orðist svo:
   l. Uppihaldsstyrk til sjúklings og fylgdarmanns ef dvelja þarf 14 daga samfellt eða lengur á 12 mánaða tímabili vegna læknismeðferðar utan heimabyggðar. Uppihaldsstyrkur greiðist frá og með 15. degi. Skilyrði er að ekki sé hægt að veita sjúklingi nauðsynlega meðferð í heimabyggð. Styrkur til sjúklings miðast við dvöl hans utan sjúkrahúss. Ráðherra skal setja frekari reglur um greiðslu uppihaldsstyrks.

372. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um félagslega aðstoð.

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið samhliða frumvarpi til laga um almannatryggingar og vísast til almennrar umfjöllunar í nefndaráliti minni hlutans með því frumvarpi.

Minni hlutinn mælir með samþykkt þessa frumvarps með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Jafnframt stendur minni hlutinn að breytingartillögum ásamt meiri hluta nefndarinnar á þskj. 314.

Efnisbreytingar við frumvarpið eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að niður verði felld heimild til tekjutengingar í 2. mgr. 1. gr. Talið er varasamt að fela stjórnvöldum á hverjum tíma, með þeim hætti sem þar er gert ráð fyrir, að ákvarða forsendur fyrir rétti manna til að njóta grundvallarbóta almannatrygginga.
2. Lagt er til að ákvæðum 2.–7. gr. og 9. gr. verði breytt á þann hátt að bótagreiðslur byggist á rétti bótaþega, en ekki verði einungis um heimildarbætur að ræða eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Um þetta efni vísast að öðru leyti til nefndarálits minni hlutans með frumvarpi til laga um almannatryggingar.
3. Lagt er til að 5. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að kveðið verði á um að sá sem annast elli- eða örorkulífeyrisþega á heimili sínu og getur af þeim sökum ekki stundað fulla vinnu sér til framfæris eigi rétt á umönnunarbótum. Slíkar umönnunarbætur eru nýmæli og er ætlað að koma í stað makabóta. Upphæð bótanna er samanlögð upphæð grunnlífeyris og tekjutryggingar almannatrygginga.
4. Lagt er til að gerð verði sú grundvallarbreyting á 7. gr. frumvarpsins að í stað réttar til ekkjulífeyris verði kveðið á um rétt til makalífeyris. Fram að þessu hafa konur einar átt rétt á lífeyri frá hinu opinbera vegna fráfalls maka síns. Sú skipan sem frumvarpið gerir ráð fyrir og verið hefur í lögum um langt skeið samræmist ekki þeim hugmyndum sem fólk hefur í dag um jafnrétti kynjanna, sem hlotið hafa staðfestingu í lögum nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Draga verður í efa að 7. gr. frumvarpsins standist ákvæði þeirra laga. Þá má telja líklegt að ákvæði frumvarpsins standist ekki jafnréttistilskipun EB 76/207. Þá er lagt til að brott verði felld heimild til niðurfellingar ekkjulífeyris ef ekkja tekur upp óvígða sambúð. Samkvæmt íslenskum rétti skapast ekki gagnkvæm framfærsluskylda með óvígðri sambúð og því verður að telja óeðlilegt að óbreyttu að ekkjulífeyrir falli niður við þær aðstæður.

5. Lagt er til að 8. gr. frumvarpsins verði skipað í frumvarp til laga um almannatryggingar ásamt öðrum ákvæðum um bætur til öryrkja. Ekki verður séð hvaða rök mæla með því að skilja í sundur þær bætur sem öryrkjum eru ætlaðar með þeim hætti sem frumvörpin gera ráð fyrir.

Alþingi, 14. des. 1993.

Finnur Ingólfsson, frsm. Ingibjörg Pálmadóttir. Margrét Frímannsdóttir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

373. Breytingartillögur [84. mál]

við frv. til l. um félagslega aðstoð.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar (FI, IP, MF, ISG).

1. Við 1. gr. Síðari málsliður 2. mgr. falli brott.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „Heimilt er að greiða“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Greiða skal.
   b. Í stað orðanna „Tryggingaráði er heimilt að“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: Tryggingaráð skal.
   c. Í stað orðanna „Tryggingaráði er og heimilt að“ í síðari málslið 3. mgr. komi: Tryggingaráð skal og.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna „er heimilt að“ í 1. málsl. komi: skal.
4. Við 4. gr. Í stað orðanna „Heimilt er að greiða“ í 1. málsl. komi: Greiða skal.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Makabætur.
   Maki eða sá sem heldur heimili með og annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum einungis stundað vinnu utan heimilis að takmörkuðu leyti á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 35.013 kr. á mánuði. Bæturnar skerðast sem nemur tekjum af vinnu utan heimilis og öðrum greiðslum samkvæmt lögum þessum.
6. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „Heimilt er að greiða“ í fyrri málsgrein komi: Greiða skal.
   b. Í stað orðanna „er heimilt að“ í síðari málsgrein komi: skal.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Makalífeyrir.
   Greiða skal eftirlifandi maka, sem lögheimili á hér á landi og orðinn er 50 ára við lát maka síns, makalífeyri til 67 ára aldurs, enda hafi eftirlifandi maki átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin áður en hann lést.
   Makalífeyrir miðast við aldur eftirlifandi maka þegar lífeyrisréttur stofnaðist og lögheimilistíma þess hjóna sem lengri réttindatíma átti. Við ákvörðun lögheimilistímans skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs. Sé lögheimilistíminn a.m.k. 40 ár og aldur eftirlifandi maka a.m.k. 60 ár greiðist fullur lífeyrir. Fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar í 60 ára aldur, lækkar lífeyririnn um 5%. Sé lögheimilistíminn skemmri en 40 ár greiðist hlutfallslega lægri makalífeyrir.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu, eftir því sem við getur átt, einnig gilda um eftirlifandi maka, fráskilið eða ógift foreldri ef það er orðið 50 ára, þegar það hættir að taka barnalífeyri eða meðlag.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka makalífeyri frá 50 ára aldri þótt hann hafi verið yngri er maki hans lést, enda hafi hjónabandið staðið a.m.k. 20 ár.

Makalífeyrir fellur niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband.

Fullur árlegur makalífeyrir skal vera 147.948 kr.

8. 8. gr. falli brott.
9. Við 9. gr. Í stað orðanna „Heimilt er að greiða“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Greiða skal.

374. Frumvarp til laga [131. mál]

um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

2. gr.

Með lánastofnun er í lögum þessum átt við félög eða stofnanir sem hafa það að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, sbr. þó 9. gr.

Lánastofnun er óheimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og stunda aðra starfsemi en þá sem fjallað er um í lögum þessum.

Þrátt fyrir ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði er lánastofnun heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarbanki“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

II. KAFLI
Stofnun og starfsleyfi.

3. gr.

Lánastofnun verður einungis stofnuð sem hlutafélag. Óheimilt er að hefja starfsemi lánastofnunar nema að fengnu starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skráning í hlutafélagaskrá veitir ekki sjálfkrafa rétt til að hefja slíka starfsemi. Ráðherra getur bundið starfsleyfi því skilyrði að hefjist starfsemi hlutaðeigandi stofnunar ekki innan tiltekins tíma eftir veitingu leyfisins falli það úr gildi.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir hlutafélagsins og jafnframt upplýsingar um stofnendur, hlutafé, hluthafa og hlut hvers um sig, svo og aðrar upplýsingar og gögn sem nánar skal fyrir mælt í reglugerð sem ráðherra setur.

Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um starfsleyfi skal hann leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Birta skal tilkynningar um starfsleyfi lánastofnana í Lögbirtingablaði.

Um veitingu starfsleyfis til lánastofnana, synjun umsókna um starfsleyfi og afturköllun starfsleyfis gilda að öðru leyti ákvæði II., III. og XIII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

4. gr.

Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur lánastofnunar.

Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir búsetuskilyrði 1. mgr. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

5. gr.

Lánastofnun verður ekki stofnuð með lægra hlutafé en 400 milljónum króna og skal hlutafé aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku myntein-ingarinnar ecu miðað við kaupgengi hennar 11. maí 1993.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að stofna eignarleigufyrirtæki, sbr. 9. gr., með 80 milljóna króna hlutafé hið lægsta og skal það aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi tekur sömu breytingum og um getur í 1. mgr.

6. gr.

Um stofnun lánastofnunar fer að öðru leyti eftir ákvæðum um stofnun hlutafélagsbanka í II. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

III. KAFLI
Stjórnun og starfsemi.

7. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum lánastofnunar samkvæmt því sem lög og samþykktir stofnunarinnar ákveða.

Stjórn lánastofnunar skal kjörin af hluthöfum á aðalfundi. Hún fer með málefni félagsins milli hluthafafunda. Stjórnin skal skipuð eigi færri en þremur mönnum og jafnmörgum til vara.

Stjórn lánastofnunar ræður framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hennar sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Um stjórnendur og stjórnun lánastofnunar gilda að öðru leyti ákvæði um stjórn viðskiptabanka og sparisjóða í 38.–43. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

8. gr.

Starfsemi lánastofnana felst í því að veita lán í eigin nafni og afla sér í því sambandi fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Til starfsemi þeirra telst einnig að veita þjónustu sem er í eðlilegum tengslum við slíka lánastarfsemi. Nánar tiltekið felst starfsemi þeirra í:

1. Útlánastarfsemi, m.a.:
   a. neytendalánum,
   b. langtímaveðlánum,
   c. kröfukaupum og kaupum skuldaskjala og
   d. viðskiptalánum.
2. Fjármögnunarleigu.
3. Greiðslumiðlun.
4. Útgáfu og umsýslu greiðslumiðla, t.d. greiðslukorta, ferðatékka og víxla.
5. Að veita ábyrgðir og tryggingar.
6. Viðskiptum fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
   a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
   b. erlendan gjaldeyri,
   c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
   d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
   e. verðbréf.
7. Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskiptum tengdum slíkum útboðum.
8. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
9. Peningamiðlun.
10. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa.
11. Vörslu og ávöxtun verðbréfa.
12. Upplýsingum um lánstraust (lánshæfni).
13. Útleigu geymsluhólfa.

Um verðbréfaviðskipti lánastofnana gilda auk ákvæða laga þessara ákvæði laga um verðbréfaviðskipti eftir því sem við getur átt.

Lánastofnunum er heimilt að stunda vátryggingastarfsemi með stofnun dótturfyrirtækis.

Þeim er einnig heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. mgr., enda sé slík hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af meginstarfsemi þeirra. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki bankaeftirlitsins sem jafnframt getur ákveðið að hún skuli stunduð í sérstöku félagi.

Um starfsemi lánastofnana fer að öðru leyti eftir ákvæðum V. kafla í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði að undanskildum ákvæðum um innlánsreikninga og innlánsskilríki.

9. gr.

Með eignarleigufyrirtæki er átt við lánastofnun sem hefur eignarleigu að meginstarfsemi sinni, óháð því hvernig sú starfsemi er fjármögnuð. Með eignarleigu er átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- og afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum. Eignarleigufyrirtæki er þó einnig heimilt að veita þjónustu á þeim sviðum sem talin eru upp í 1. mgr. 8. gr., enda verði þar aldrei um að ræða meginstarfsemi viðkomandi fyrirtækis.

Ráðherra getur sett nánari reglur um eignarleigustarfsemi þar sem m.a. koma fram skilgreiningar á hinum ýmsu flokkum eignarleigu og þau atriði sem að lágmarki skal kveðið á um í eignarleigusamningum.

IV. KAFLI
Eigið fé, ársreikningur, endurskoðun, slit og samruni.

10. gr.

Eigið fé lánastofnunar skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum hlutaðeigandi félags og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli sem Seðlabankinn setur.

Um eigið fé lánastofnana gilda að öðru leyti ákvæði VI. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Ákvæði um laust fé viðskiptabanka og sparisjóða gilda þó ekki um lánastofnanir heldur fer um það samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands.

11. gr.

Um ársreikning, endurskoðun og samstæðureikningsskil lánastofnana fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

12. gr.

Um slit lánastofnana eða samruna við aðrar stofnanir fer samkvæmt ákvæðum VIII. og IX. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

V. KAFLI
Starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi og innlendra stofnana erlendis.

13. gr.

Erlendar lánastofnanir, sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlotið hafa starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki, geta stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þess efnis frá eftirlitsaðilum í heimaríkinu. Útibúinu er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til, enda sé hlutaðeigandi stofnun heimiluð slík þjónusta í heimaríki hennar.

Stofnunum, sem um ræðir í 1. mgr., er einnig heimilt að veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús þegar bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum eftirlitsaðilum í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar. Þessum stofnunum er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til skv. 8. gr., enda hafi eftirlitsaðilar í heimaríki þeirra staðfest að starfsleyfið taki til slíkrar þjónustu.

Um heimildir erlendra lánastofnana, annarra en um ræðir í 1. mgr., til starfsemi hér á landi fer eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Um starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi gilda að öðru leyti ákvæði XI. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

14. gr.

Lánastofnanir, sem hlotið hafa starfsleyfi ráðherra skv. 3. gr. og óska eftir að starfrækja útibú í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu tilkynna það bankaeftirlitinu ásamt upplýsingum um:

1. í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú,
2. lýsingu á starfsemi útibúsins, skipulagi og fyrirhugaðri starfsemi,
3. heimilisfang útibúsins og
4. nöfn stjórnenda þess.

Óski lánastofnun að veita þjónustu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins án þess að stofna þar útibú skal tilkynna það bankaeftirlitinu. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki eigi í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

Hyggist lánastofnun hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt bankaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

Um starfsemi innlendra lánastofnana erlendis fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

VI. KAFLI
Eftirlit.

15. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi lánastofnana sé í samræmi við ákvæði laga, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir hlutaðeigandi stofnana. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands.

Bankaeftirlitið skal rannsaka fjárhag lánastofnana sem skulu veita allar þær upplýsingar sem eftirlitið telur nauðsynlegar. Í þeim mæli, sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu lánastofnunar, hefur það rétt til að afla upplýsinga og framkvæma vettvangsrannsókn hjá tengdum fyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum.

16. gr.

Eftirlitsaðilum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlendra stofnana hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til bankaeftirlitsins.

17. gr.

Bankaeftirlitinu er heimilt að banna erlendri lánastofnun með aðalstöðvar í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi stofnun brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármála- og lánastofnanir, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot samkvæmt tilmælum eða viðurlögum þessara laga.

Málsmeðferð skv. 1. mgr. fer að ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á.

18. gr.

Bankaeftirlitið skal halda skrá yfir starfandi lánastofnanir og útibú þeirra. Í skránni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um hlutaðeigandi stofnun. Allar breytingar á áður skráðum upplýsingum, þar á meðal fjölgun eða fækkun útibúa, skulu tilkynntar bankaeftirlitinu fyrir fram.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Starfandi lánastofnunum við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það hlutafé sem mælt er fyrir um í 5. gr. er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laganna. Nú fer eigið fé niður fyrir framangreind mörk og er þá bankaeftirlitinu heimilt að veita hlutaðeigandi stofnun hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli stofnunin ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hennar afturkallað samkvæmt ákvæðum II. kafla, sbr. ákvæði XIII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Yfirtaki nýir aðilar starfsemi lánastofnunar, sem starfar skv. 1. mgr., skal eigið fé stofnunarinnar hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 1. eða 2. mgr. 5. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. falla Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna ekki undir ákvæði laga þessara.

21. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

22. gr.

Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum greiðist af hlutaðeigandi lánastofnun.

23. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

1. Lög nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi.
2. 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 4.–9. gr. laga nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð).
3. 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 4.–9. gr. laga nr. 45/1972, um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Lánastofnanir, sem falla undir skilgreiningu laga þessara og starfandi eru við gildistöku þeirra, skulu hafa aðlagað starfsemi sína ákvæðum laganna eigi síðar en 1. janúar 1995. Þar til sú aðlögun hefur farið fram er þeim óheimilt að opna útibú eða bjóða fram þjónustu sína í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ekki skylt að breyta félagsformi lánastofnunar, sem starfandi er við gildistöku laga þessara, í hlutafélag. Starfandi lánastofnun, sem breytt er í hlutafélag og skattlögð hefur verið samkvæmt lögum um skattskyldu innlánsstofnana, skal skattlögð þannig áfram.

II.

Til og með 31. desember 1995 gilda ákvæði laga þessara um stjórnun og starfsemi, sbr. III. kafla, ekki um Iðnþróunarsjóð að því leyti er fer í bága við ákvæði samnings ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs sem gerður var í Reykjavík 12. desember 1969 og ákvæði laga nr. 9/1970 um staðfestingu á þeim samningi. Þangað til er sjóðnum óheimilt að opna útibú eða bjóða fram þjónustu sína í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

375. Þingsályktun [271. mál]

um sjálfbæra atvinnuþróun í Mývatnssveit.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 329.

376. Lög [131. mál]

um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 374.

377. Þingsályktun [149. mál]

um staðfestingu bókunar við alþjóðasamning um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og bókunar við alþjóðasamning um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 166.

378. Þingsályktun [148. mál]

um fullgildingu bókunar um breytingar á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 165.

379. Lög [270. mál]

um breytingu á lögum nr. 110/1992, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 86/1991.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 327.

380. Lög [281. mál]

um breytingu á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 357.

381. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Magnús Pétursson, Halldór Árnason og Jón Ragnar Blöndal frá fjármálaráðuneytinu, Birgir Ísl. Gunnarsson og Yngvi Örn Kristinsson frá Seðlabanka Íslands, Þórður Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Guðmundur Malmquist frá Byggðastofnun, Hilmar Þórisson frá Húsnæðisstofnun, Lárus Jónsson og Guðjón Valdimarsson frá LÍN, Snorri Tómasson frá Ferðamálasjóði, Bragi Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvarður Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði og Hannes Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Fram kom í máli framangreindra aðila að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á næsta ári er um 22,9 milljarðar kr. Reyndar er reiknað með að lántökur á árinu 1994 verði mun minni en þær hafa verið 1993, en afborganirnar verða hins vegar mun hærri á næsta ári. Þannig vaxa afborganir ríkissjóðs úr 6,2 milljörðum kr. á árinu 1993 í 15,9 milljarða kr. árið 1994.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að fjármálaráðherra verði heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku fyrir Bæjarveitur Vestmannaeyja að fjárhæð 35,3 m.kr. til skuldbreytingar eldri lánum.
2. Lagt er til að fjármálaráðherra sé heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku fyrir Minjavernd til skuldbreytingar lánum sem tekin voru vegna uppbyggingar Bernhöftstorfu á sínum tíma.
3. Þá er einnig lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að gefa út eða selja, innan heildarlántökuheimilda ársins, einn eða fleiri flokka alþjóðabréfa ríkissjóðs er hljóði upp á greiðslu í erlendri mynt. Til að ráðherra sé mögulegt að selja slík alþjóðabréf sem handhafabréf er tekið fram að ákvæði 39. gr. laga um stjórn efnahagsmála o.fl. víki fyrir þeirri heimild.

Alþingi, 14. des. 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, frsm. Vilhjálmur Egilsson. Sólveig Pétursdóttir.

Ingi Björn Albertsson. Guðjón Guðmundsson.

382. Breytingartillögur [75. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, IBA, RG, SP, GuðjG).

1. Við 5. gr. Við greinina bætist tveir nýir töluliðir er orðist svo:
   3. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 35,3 m.kr. til skuldbreytingar eldri lánum.
   4. Minjavernd, allt að 25 m.kr. til skuldbreytingar eldri lánum.
2. Á eftir 10. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út og selja, innan heimilda lánsfjárlaga hvers árs, einn eða fleiri flokka alþjóðabréfa ríkissjóðs er hljóði upp á greiðslu í erlendri mynt. Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., er fjármálaráðherra heimilt að gefa þessi bréf út í formi handhafabréfa, enda skal sala til innlendra aðila fara fram með milligöngu aðila sem hafa leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar og þau varðveitt á sérstökum nafnskráðum reikningum viðskiptamanns, sbr. 16. gr. laga nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti.

383. Frumvarp til laga [291. mál]

um vátryggingarstarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Gildissvið. Mörk við aðra starfsemi.

1. gr.

Lög þessi gilda um vátryggingarstarfsemi. Rísi deilur um hvort starfsemi falli undir ákvæði laga þessara sker ráðherra vátryggingarmála úr.

2. gr.

Lögin gilda ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta, starfshópa og fyrirtækja eða um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð og hliðstæðar stofnanir sem reknar eru samkvæmt sérstökum lögum nema að því leyti sem þessir aðilar kunna að hafa með höndum vátryggingarstarfsemi.

3. gr.

Hlutafélög, gagnkvæm félög eða félög sem stofnuð eru með sérlögum mega reka vátryggingarstarfsemi hér á landi.

Um vátryggingarhlutafélög gilda ákvæði laga um hlutafélög og um gagnkvæm vátryggingarfélög sem stofnuð eru og rekin í samvinnufélagsformi, ákvæði laga um samvinnufélög nema annað leiði af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Félög, sem stofnuð eru með sérlögum til að reka vátryggingarstarfsemi, mega reka þessa starfsemi í hlutafélagsformi sem gagnkvæm félög eða á öðru lögmæltu félagsformi enda búi þau við sömu rekstrarskilyrði og einkafélög. Sama gildir um erlend vátryggingarfélög sem leyfi fá til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi.

4. gr.

Nú á vátryggingarfélag svo mikinn hlut í öðru félagi að það fer með meiri hluta atkvæða í félaginu og telst þá fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag.

Nú á dótturfélag eða móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum, eða fleiri en eitt dótturfélag í sameiningu, svo mikinn hlut í öðru félagi sem um ræðir í 1. mgr. og telst þá síðastnefnda félagið dótturfélag móðurfélagsins.

Ef vátryggingarfélag hefur annars sem eigandi eignarhluta eða vegna samninga yfirráð í öðru félagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess telst fyrrnefnda félagið einnig móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag. Móður- og dótturfélög eru í sameiningu félagasamstæða.

5. gr.

Lög þessi gilda um félagasamstæður þegar móðurfélagið er vátryggingarfélag, sbr. 4. gr.

Vátryggingareftirlitið getur ákveðið að ákvæði laganna um samstæður skuli eiga við um tengsl félags sem ekki er vátryggingarfélag og vátryggingarfélaga þegar litið væri á hið fyrrnefnda sem móðurfélag samkvæmt lögum þessum ef það ræki vátryggingarstarfsemi.

Vátryggingareftirlitið getur einnig ákveðið að lögin taki til félaga sem teljast ekki félagasamstæður skv. 4. gr. þegar veruleg innbyrðis tengsl eru á milli þeirra. Félögin skulu þá tilnefna eitt þeirra sem móðurfélag.

6. gr.

Vátryggingarfélag má ekki reka aðra starfsemi en vátryggingarstarfsemi. Til vátryggingarstarfsemi telst hliðarstarfsemi sem henni tengist, sbr. 7. gr.

Vátryggingarfélag telst reka aðra starfsemi en vátryggingarstarfsemi ef félagið hefur ákvörðunarvald eða virk yfirráð, eitt sér eða ásamt öðru vátryggingarfélagi, í félagi sem rekur aðra starfsemi en vátryggingarstarfsemi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er vátryggingarfélagi heimilt að eiga meiri hluta í félagi sem rekur fjármálastarfsemi enda sé starfsemin háð eftirliti opinberra aðila.

Vátryggingarfélag má ekki taka á sig ábyrgðir sem ekki eru vátryggingar. Því er óheimilt að taka á sig skuldbindingar sem ekki eru í tengslum við eðlilegan rekstur vátryggingarfélags.

7. gr.

Hliðarstarfsemi af því tagi, sem hér greinir, telst til vátryggingarstarfsemi samkvæmt lögum þessum:

1. Umboð fyrir vátryggingarfélög sem leyfi hafa til að starfa hér á landi og fyrir önnur félög sem lúta eftirliti Vátryggingareftirlitsins eða annarra opinberra aðila.
2. Að reisa, eiga og reka fasteignir sem lið í fjárfestingu til ávöxtunar á fjármunum félagsins til lengri tíma.
3. Tjónsuppgjör og tjónavarnarstarfsemi.
4. Rekstur og umsjón með sjóðum er tengjast eða eru hliðstæðir vátryggingarstarfsemi.
5. Önnur umsýsla í beinu framhaldi af og í eðlilegum tengslum við vátryggingarstarfsemi sem hliðarstarfsemi.

Starfsemi skv. 5. tölul. er háð leyfi Vátryggingareftirlitsins. Vátryggingareftirlitið getur ákveðið að starfsemi sem fellur undir 5. tölul. skuli rekin af sjálfstæðu félagi.

8. gr.

Vátryggingarstarfsemi skal rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingarviðskiptum og með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Verði misbrestur á skal Vátryggingareftirlitið gefa fyrirmæli um að ráðin verði bót á því sem úrskeiðis hefur farið.

9. gr.

Líftryggingarstarfsemi má ekki reka með annarri vátryggingarstarfsemi. Þó má sama félag hafa með höndum endurtryggingar á líftryggingum með annarri vátryggingarstarfsemi. Einnig má veita líftryggingarfélagi starfsleyfi í slysa- og sjúkratryggingum.

Vátryggingareftirlitið má veita vátryggingarfélagi sem rekur aðra starfsemi en líftryggingarstarfsemi heimild til að hafa með höndum áhættulíftryggingar þegar sú tegund vátrygginga er hluti vátryggingarsamninga eða í beinum tengslum við aðra vátryggingarsamninga þess félags enda séu áhættulíftryggingarnar ekki teknar til lengri tíma í senn en 10 ára.

10. gr.

Greinaflokkarnir farmtryggingar, flugtryggingar, sjótryggingar, greiðslu- og efndatryggingar í atvinnurekstri, svo og skaðatryggingar stórfyrirtækja teljast stóráhætta. Aðrar vátryggingar, einkum fjölskyldna, heimila og minni fyrirtækja svo og persónutryggingar stórfyrirtækja teljast fjöláhætta. Greint er á milli líftrygginga sem líftryggingartaki tekur að eigin frumkvæði og án atbeina líftryggingarfélaga eða annarra sem starfa á þeirra vegum eða fyrir þau og líftrygginga þar sem slíkur atbeini eða öflun líftrygginga á sér stað í atvinnuskyni. Teljast þær líftryggingar sem fyrr eru nefndar til þjónustu sem veitt er án fastrar atvinnustöðvar, en hinar síðarnefndu til starfsemi í fjöláhættugreinum, sbr. VI. kafla.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari skilgreiningu á greinaflokkum vátrygginga, skilyrðum þess að vátrygging teljist stóráhætta og fjöláhætta og skilyrði þess að fyrirtæki teljist stórfyrirtæki í merkingu laga þessara.

11. gr.

Vátryggingarfélag má ekki hefja vátryggingarstarfsemi eða stofna til vátryggingarsamninga fyrr en það hefur fengið starfsleyfi. Ekki má skrá félag sem vátryggingarfélag í hlutafélagaskrá eða aðra félagaskrá fyrr en starfsleyfi hefur verið gefið út.

Heimilt er að skrá félagsmenn með það fyrir augum að stofna gagnkvæmt vátryggingarfélag svo framarlega sem ekki er stofnað til vátryggingarsamninga og ábyrgðar vegna þeirra eða innheimtu iðgjalda áður en félagið hefur verið skráð.

12. gr.

Í nafni vátryggingarfélags skal koma greinilega fram að um vátryggingarfélag sé að ræða. Aðrir en þeir sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi mega ekki bera heiti sem kunna að benda til eða gefa í skyn að þeir reki vátryggingarstarfsemi eða láta neitt frá sér fara opinberlega, í prentuðu máli eða á annan hátt, sem skilja mætti á þann veg að vátryggingarstarfsemi sé rekin.

Félagsform vátryggingarfélags skal koma greinilega fram í heiti þess. Þegar gefnar eru upplýsingar opinberlega eða á annan hátt með tilkynningum til almennings um upphæð hlutafjár, stofnfjár eða annars ábyrgðarfjár skal bæði koma fram skráð fé og hversu mikið er innborgað.

Nafn og aðsetur þess vátryggingarfélags sem áhættuna ber skal ávallt koma fram á vátryggingarskírteinum, bréfum og öðrum tilkynningum til vátryggingartaka og í öllum gögnum sem skuldbinda hann, svo og nafn og aðsetur aðalstöðva félagsins þegar um útibú eða umboð er að ræða, sbr. þó 44. gr. Ávallt skal upplýsa vátryggingartaka um þessi atriði áður en hann er skuldbundinn samkvæmt vátryggingarsamningi.

II. KAFLI

Stofnun vátryggingarfélags. Starfsleyfi og skráning í vátryggingarfélagaskrá.

1. Stofnun vátryggingarfélags.

13. gr.

Stofnendur vátryggingarfélags skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning. Í stofnsamningi skulu vera drög að samþykktum félagsins og ákvarðanir um þau atriði sem tilgreind eru í 14. gr.

Stofnendur skulu hið fæsta vera þrír. Meiri hluti stofnenda skal vera búsettur á Íslandi. Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög á Íslandi og stofnanir þeirra, vátryggingarfélög með heimilisfang hér á landi, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög svo og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti með aðsetur hér á landi. Stofnendur skulu hafa náð tuttugu ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Ráðherra getur veitt undanþágu frá kröfunni um búsetu stofnenda á Íslandi.

Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi nema á greiðslu þess hlutafjár eða stofnfjár sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

14. gr.

Í stofnsamningi vátryggingarfélags skal eftirfarandi koma fram:

1. Nöfn og heimilisföng stofnenda.
2. Hve mikið skuli greiða fyrir hvern hlut í félaginu.
3. Frestir sem kunna að vera veittir til áskriftar fyrir hlutum og til greiðslu þeirra.
4. Reglur um innborgun hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár.
5. Ákvarðanir um að stofnendur eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda eða hlunninda í félaginu.
6. Ákvarðanir um að gert skuli samkomulag við stofnendur eða aðra sem hefði í för með sér verulegar fjárskuldbindingar fyrir félagið.
7. Ákvarðanir um að félagið taki við verðmætum sem ekki er greitt fyrir með hlutum í félaginu.
8. Hvenær halda skuli stofnfund og hvernig til hans skuli boðað nema það leiði af ákvæðum 17. gr. að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.
9. Hvort félagið skuli bera kostnað við stofnunina og, ef svo er, hversu hár sá kostnaður megi vera. Kostnaður þessi má ekki fara yfir 5% af skráðu fé þegar frá eru talin opinber útgjöld og kostnaður við matsgerð, sbr. 15. gr. Vátryggingareftirlitið getur veitt undanþágu frá hámarki stofnkostnaðar. Ekki má greiða stofnendum þóknun vegna stofnunarinnar.

Í stofnsamningi gagnkvæms vátryggingarfélags skal jafnframt getið:

10. Ábyrgðar félagsmanna og ábyrgðarmanna á skuldbindingum félagsins og skuldbindingar þeirra innbyrðis hvers gagnvart öðrum.
11. Hvort og að hvaða marki félagið á að geta tekið að sér endurtryggingar án gagnkvæmrar ábyrgðar.
12. Eftir hvaða reglum stofnfé skuli ávaxtað.

Í stofnsamningi skal gerð grein fyrir þeim atriðum sem nauðsynleg eru og máli skipta til þess að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti er félagið hyggst taka við.

Sé stofnað til félagsins með það fyrir augum að yfirtaka vátryggingarstarfsemi eða vátryggingarstofn annars vátryggingarfélags skal þess getið í stofnsamningi og það tekið fram hvort samningsdrög um yfirfærslu vátryggingarstofns hafi verið gerð og umfjöllun Vátryggingareftirlits liggi fyrir, sbr. VIII. kafla.

Skjöl, sem hafa að geyma mikilvæg efnisatriði sem ekki koma fram í stofnsamningi, skulu fest við hann og teljast hluti stofnsamningsins.

Allir samningar um atriði sem fjallað er um í stofnsamningi, en voru ekki samþykkt við gerð hans, eru ógildir gagnvart félaginu.

15. gr.

Hlutir skulu greiddir í reiðufé. Vátryggingareftirlitið getur veitt heimild til að greiðsla fari fram með öðrum hætti.

Framlög til greiðslu hluta í öðru en reiðufé skulu vera þannig að unnt sé að meta fjárhagslegt verðmæti þeirra. Í þeim má ekki felast skuldbinding um að leggja fram vinnu eða þjónustu og framlög mega ekki vera í formi krafna á aðra stofnendur eða þá sem skrá sig fyrir hlutum þótt kröfurnar séu tryggðar með veði.

Sé ætlunin að greiða hluti á annan hátt en í reiðufé skal senda Vátryggingareftirlitinu umsókn ásamt matsgerð. Matsgerðin skal unnin af einum eða fleiri óvilhöllum, sérfróðum matsmönnum sem Vátryggingareftirlitið samþykkir. Matsmönnum skal heimill aðgangur að öllum gögnum til að unnt sé að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar og þeir geta krafið stofnendur eða félagið um allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem þeir álíta sig þurfa við verk sitt. Fallist Vátryggingareftirlitið á umsóknina má gera stofnsamning.

Telji Vátryggingareftirlitið ástæðu til að ætla að verðmæti framlaga hafi breyst frá því að matsgerð var framkvæmd og stofnfundur er haldinn getur það krafist yfirlýsingar matsmanna um verðmætið eða nýrrar matsgerðar.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við taki félagið við fjármunum af stofnendum, hluthöfum eða ábyrgðarmönnum sem ekki eru til greiðslu hluta og greiðsla skal innt af hendi innan tveggja ára frá dagsetningu stofnsamnings, eða greiðsla nemur meir en tíunda hluta hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár.

16. gr.

Stofnendur skulu gera tillögu að samþykktum vátryggingarfélags og skulu eftirfarandi atriði koma fram:

1. Heiti félagsins og heimilisfang.
2. Tilgangur félagsins, starfssvið og starfssvæði.
3. Heildarupphæð hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár, fjárhæð hluta og atkvæðisréttur.
4. Hvort hlutir eiga að geta gengið kaupum og sölum og reglur um innlausn og sérstök réttindi er þeim kunna að fylgja, svo og skorður sem reistar kunna að vera við heimildum eigenda hluta til meðferðar á þeim.
5. Fjöldi manna í stjórn og varastjórn ásamt endurskoðendum og kjörtímabil þeirra.
6. Hvernig boðað skuli til félagsfundar.
7. Hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund.
8. Hvert skuli vera reikningsár félags.
9. Ráðstöfun tekjuafgangs og hvernig mæta skal halla.
10. Úthlutun arðs og ágóðahluta.
11. Hvernig ráðstafa megi eignum félagsins og hvernig fara skuli með eignir þess við félagsslit.

Í samþykktum gagnkvæms félags skal enn fremur kveðið á um:

12. Skilyrði aðildar félagsmanna að félaginu og um brottfall aðildar.
13. Atriði samkvæmt ákvæðum 10.–12. tölul. 14. gr.

17. gr.

Ákvörðun um stofnun vátryggingarfélags skal tekin á stofnfundi.

Stofnendur skulu sjá um að áskriftarskrár og þeir samningar og gögn sem um ræðir í stofnsamningi, þar með talin matsgerð og yfirlýsing, ef við á sbr. 15. gr., séu til sýnis í eina viku fyrir stofnfund á stað sem greinir í fundarboði.

Ef áskrift fæst að öllum hlutum á stofnfundi og allir viðurkenndir áskrifendur eru sammála þar um er unnt að taka ákvörðun um stofnun félagsins án frekari funda. Sé svo ekki skulu stofnendur boða alla áskrifendur til stofnfundar.

Á stofnfundi skulu lögð fram gögn sem fjallað er um í 2. mgr. og gerð skal grein fyrir útgjöldum sem um getur í 9. tölul. 1. mgr. 14. gr. Einnig skal veita upplýsingar um það hlutafé, stofnfé eða ábyrgðarfé sem samþykkt hefur verið og um skiptingu hluta og innborgaðra fjárhæða. Upplýsingar þessar skulu færðar í fundargerðabók.

2. Starfsleyfi og skráning í vátryggingarfélagaskrá.

18. gr.

Umsókn um starfsleyfi skal send Vátryggingareftirlitinu innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings ásamt tilkynningu til skráningar í vátryggingarfélagaskrá, sbr. 21. gr.

Í umsókn skulu koma fram þær vátryggingargreinar sem sótt er um leyfi fyrir. Henni skulu fylgja staðfest endurrit stofnsamnings og fundargerðar stofnfundar úr fundargerðabók, drög að samþykktum til staðfestingar, ásamt áætlun um starfsemi félagsins, sbr. 19. gr. Teljist vátryggingargrein fjöláhætta í merkingu 10. gr. laga þessara skulu einnig fylgja umsókn sýnishorn almennra vátryggingarskilmála og iðgjaldagrundvallar.

Berist umsóknin ekki innan tilskilins frests, sbr. 1. mgr., skal synja um skráningu félagsins. Fari svo falla burtu skuldbindingar þeirra er hafa skráð sig fyrir hlutafé, stofnfé eða ábyrgðarfé. Sama gildir ef skráningu er synjað af öðrum ástæðum. Eftir þetta er ekki hægt að skrá félagið nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi og má þá skrá félagið þó að fresturinn sé liðinn.

Ekki má skrá vátryggingarfélag í vátryggingarfélagaskrá nema hlutafé, stofnfé eða ábyrgðarfé, sem skráð er við stofnun, sé að fullu greitt.

Vátryggingarfélag má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur fengið starfsleyfi og verið skráð í vátryggingarfélagaskrá.

19. gr.

Í áætlun um starfsemina, sem fylgja skal umsókn um starfsleyfi, skal eftirfarandi koma fram:

1. Skýrsla um endurtryggingarvernd og hámark þess sem félagið hyggst bera í eigin áhættu án endurtryggingar í hverri vátryggingargrein.
2. Skrá yfir eignir sem eiga að koma á móti ábyrgðarsjóði, sbr. 26. gr.
3. Rökstutt mat á kostnaði við að koma starfseminni á fót og hvernig ætlað er að mæta þeim kostnaði.
4. Áætluð staða félagsins samkvæmt efnahagsreikningi í lok þriggja fyrstu bókhaldsáranna ásamt áætlun um árlegar tekjur og gjöld.
5. Áætlun um hvernig félagið hyggst standa við skuldbindingar sínar og uppfylla kröfur um gjaldþol og ábyrgðarsjóð fyrstu þrjú bókhaldsárin.

Sé sótt um leyfi fyrir greiðsluvátryggingum skal auk gagna skv. 1. mgr. gerð sérstök grein fyrir eignum sem ætlað er að mæta vátryggingarskuld félagsins.

20. gr.

Vátryggingareftirlitið metur umsókn félags um starfsleyfi. Umsögn Vátryggingareftirlits skal liggja fyrir innan þriggja mánaða frá móttöku umsóknarinnar og allra gagna sem fylgja eiga umsókn.

Uppfylli félagið skilyrði um gjaldþol og ábyrgðarsjóð og mæli Vátryggingareftirlitið að öðru leyti með umsókninni veitir ráðherra starfsleyfi og að því fengnu má skrá félagið í vátryggingarfélagaskrá. Í starfsleyfi skulu koma fram upplýsingar um þá vátryggingarstarfsemi sem félagið má reka. Ráðherra ákveður að öðru leyti hvað koma skal fram í starfsleyfi. Mæli Vátryggingareftirlitið ekki með umsókninni skal það stutt rökum og tilkynnt umsækjanda skriflega.

Vátryggingarfélag, sem hefur starfsleyfi og hyggst taka upp nýja grein vátrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi til Vátryggingareftirlitsins fyrir hinni nýju starfsemi og senda gögn í samræmi við 19. gr. eftir því sem við á og nauðsynleg eru til að Vátryggingareftirlitið geti metið umsóknina. Uppfylli félagið skilyrði um gjaldþol og ábyrgðarsjóð að teknu tilliti til hinnar nýju starfsemi og fallist Vátryggingareftirlitið að öðru leyti á umsóknina veitir eftirlitið leyfi fyrir starfseminni. Starfsleyfi og leyfi fyrir nýrri starfsemi skulu þegar í stað skráð í vátryggingarfélagaskrá.

21. gr.

Halda skal vátryggingarfélagaskrá um öll félög sem stjórnvöld hér á landi veita starfsleyfi og skal hún vera í vörslu Vátryggingareftirlitsins. Heimill skal almennur aðgangur að vátryggingarfélagaskrá.

Í vátryggingarfélagaskrá skal skrá eftirfarandi:

1. Dagsetningu stofnsamnings, stofnfundargerðar og samþykkta.
2. Nafn, félagsform og starfssvæði, lögheimili og varnarþing.
3. Starfssvið og tilgang.
4. Dagsetningu starfsleyfis og skrá yfir þær vátryggingargreinar sem félag hefur fengið leyfi til að reka og um aðra starfsemi skv. 2. mgr. 7. gr.
5. Skráð og innborgað hlutafé, stofnfé og ábyrgðarfé, og eigið hlutafé.
6. Stjórn og varastjórn, endurskoðendur og tryggingastærðfræðinga.
7. Nöfn þeirra er skuldbinda mega félag.
8. Aðalumboðsmann og atvinnustöð erlends félags hér á landi og þegar við á, þann sem hefur með höndum uppgjör í ábyrgðartryggingum ökutækja hér á landi.
9. Dagsetningu yfirfærslu/yfirtöku vátryggingarstofna ásamt skrá yfir vátryggingargreinar sem yfirfærðar/yfirteknar eru.
10. Dagsetningu skipunar skilastjórnar og hverjir skipa skilastjórn, dagsetningu afturköllunar starfsleyfis, slita félags og þegar félag er máð úr vátryggingarfélagaskrá.

Allar breytingar varðandi atriði sem tilkynna skal til vátryggingarfélagaskrár skulu, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar, tilkynntar til skrárinnar ásamt gögnum er sanni samþykkt þeirra og lögmæti. Tilkynningar skulu berast á sérstökum eyðublöðum er Vátryggingareftirlitið lætur í té.

Ákvörðun um breytingu á samþykktum vátryggingarfélags öðlast ekki gildi fyrr en Vátryggingareftirlitið hefur staðfest breytinguna. Beiðni um staðfestingu á breytingum á samþykktum félags skal senda Vátryggingareftirlitinu innan eins mánaðar. Félagið skal senda dagsett eintak af samþykktunum í heild með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið innan tveggja mánaða frá því að félaginu hefur verið tilkynnt um staðfestinguna.

Ákvörðun um að taka upp nýja vátryggingargrein, eða að breyta starfsemi í verulegum atriðum, öðlast ekki gildi fyrr en hún hefur verið skráð í vátryggingarfélagaskrá.

22. gr.

Ef tilkynningar til vátryggingarfélagaskrár fullnægja ekki fyrirmælum laga eða samþykkta félags, eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem fyrir er mælt í lögum eða samþykktum félags, skal synja um skráningu. Tilkynna skal skriflega um synjun og um ástæður hennar.

Birta skal árlega í Lögbirtingablaði skrá um þau félög sem hafa fengið leyfi stjórnvalda hér á landi til að reka vátryggingarstarfsemi. Enn fremur skal birta þar tilkynningu um skráningu nýs félags í vátryggingarfélagaskrá, um yfirfærslu og yfirtöku vátryggingarstofna og tilkynningu um að vátryggingarfélag hafi verið máð úr vátryggingarfélagaskrá og ástæður þess.

23. gr.

Óskráð vátryggingarfélag getur hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Það getur ekki heldur verið aðili í dómsmálum nema málum er varða áskrift hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár.

Séu vátryggingarsamningar gerðir, þrátt fyrir ákvæði 11. gr., ábyrgjast þeir sem gert hafa vátryggingarsamningana fyrir hönd félagsins sameiginlega að halda gerða samninga eða eru samábyrgir um það. Viðurkenni félagið skuldbindingar þær, sem í samningunum felast innan fjögurra vikna frá skráningu félagsins, fellur ábyrgð viðkomandi niður nema talið verði að hagsmunir vátryggingartaka skerðist verulega ella. Samningar af þessu tagi eru ekki bindandi fyrir vátryggingartaka nema viðurkenning félagsins á skuldbindingunum liggi fyrir.

Innritun félagsmanns í gagnkvæmt félag í samræmi við 2. mgr. 11. gr. er því aðeins bindandi að tilkynnt sé um félagið til vátryggingarfélagaskrár innan árs frá innritun. Sé félaginu neitað um skráningu fellur samningurinn úr gildi.

Um aðra löggerninga, sem gerðir eru fyrir hönd vátryggingarfélags áður en það er skráð, gildir að þeir sem tekið hafa þátt í gerningum eða ákvörðunum bera óskipt ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum sem leiddi af stofnsamningi eða félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

Ef gerður er löggerningur áður en félag er skráð og hinn samningsaðilinn vissi að félagið var ekki skráð getur hann, nema um annað sé samið, rift gerningnum svo fremi tilkynning til vátryggingarfélagaskrár sé ekki gerð innan þess frests er um ræðir í 18. gr. eða skráningar hafi verið synjað. Vissi viðsemjandinn ekki að félagið var óskráð getur hann rift löggerningnum meðan félagið er ekki skráð.

III. KAFLI
Fjárhagsgrundvöllur. Fjárhagsleg skilyrði.

24. gr.

Gjaldþol vátryggingarfélags er heildareign þess að frádregnum nauðsynlegum afskriftum og niðurfærslum, óefnislegum eignum svo og hvers konar skuldum og skuldbindingum, þar með talinni vátryggingarskuld. Til gjaldþols teljast eignir samsvarandi eftirtöldum efnahagsliðum:

1. Innborgað hlutafé, stofnfé eða ábyrgðarfé.
2. Helmingur óinnborgaðs hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár enda nemi innborgað fé minnst 25% heildarfjárins.
3. Sjóðir sem mæta eiga tapi en eru ekki skuldbindingar félags.
4. Óráðstafaður hagnaður að frádregnu ójöfnuðu tapi.
5. Helmingur framlaga sem eigendur gagnkvæmra vátryggingarfélaga hafa skuldbundið sig til að leggja fram en ekki greitt enda nemi heildarframlög minna en 50% gjaldþols.

Vátryggingareftirlitið getur heimilað að duldir sjóðir, sem ekki koma fram í efnahagsreikningi og myndast hafa vegna þess að eignir eru taldar undir raunvirði, verði taldir með til gjaldþols enda megi reikna með að hinir duldu sjóðir séu af varanlegum toga.

Ráðherra setur nánari reglur um gjaldþol vátryggingarfélaga að fengnum tillögum Vátryggingareftirlitsins.

25. gr.

Gjaldþol vátryggingarfélags skal á hverjum tíma nema tilteknu lágmarki sem miðast við þá vátryggingarstarfsemi sem félagið rekur eða hyggst reka og þá áhættu sem í henni felst. Ráðherra setur nánari reglur um hvernig lágmarksgjaldþol skuli reiknað að fengnum tillögum Vátryggingareftirlitsins.

Verði breytingar á högum félags þannig að ástæða sé til að ætla að gjaldþol sé lægra en tilskilið lágmarksgjaldþol í lok reikningsárs eða á öðrum tíma skulu þegar í stað gerðar ráðstafanir til úrbóta og gripið til viðeigandi aðgerða þegar þörf krefur og í samræmi við ákvæði IX. kafla.

26. gr.

Ábyrgðarsjóður vátryggingarfélags nemur þriðjungi reiknaðs lágmarksgjaldþols en þó eigi lægri fjárhæð en hér greinir í evrópskum reiknieiningum, ecu:

1. Í líftryggingarfélagi	800.000
2. Í félagi sem rekur ábyrgðartryggingar eða greiðslu- og efndavátryggingar aðrar en skv. 6. tölul.	400.000
3. Í félagi sem rekur skaðatryggingar aðrar en ábyrgðartryggingar	300.000
4. Í félagi sem rekur persónutryggingar aðrar en líftryggingar	300.000
5. Í félagi sem rekur réttaraðstoðarvátryggingar eða ýmsar eignatryggingar	200.000
6. Í félagi sem rekur greiðsluvátryggingar og ársiðgjöld nema að lágmarki 2.500.000 ecu eða 4% heildariðgjalda	1.400.000

Reki vátryggingarfélag fleiri en eina grein vátrygginga skal miða við þá fjárhæð sem hæst er skv. 1. mgr.

Verði gjaldþol vátryggingarfélags á einhverjum tíma lægra en sem svarar ábyrgðarsjóði skal þegar í stað gripið til aðgerða til að rétta við hag þess, sbr. IX. kafla.

Vátryggingareftirlitið getur heimilað að lágmarksgjaldþol gagnkvæms vátryggingarfélags og lágmark ábyrgðarsjóðs sé lægra en í vátryggingarhlutafélagi að teknu tilliti til ábyrgðar vátryggingartaka samkvæmt samþykktum félagsins, sbr. 29. gr. Lágmarkið má þó aldrei vera lægra en þrír fjórðu hlutar tilskilins lágmarksgjaldþols eða ábyrgðarsjóðs vátryggingarhlutafélags.

Við stofnun vátryggingarfélags og meðan félagið starfar á grundvelli framlagðrar áætlunar um starfsemina, sbr. 19. gr., skulu tilskilið lágmarksgjaldþol og fjárhæð ábyrgðarsjóðs ákveðin á grundvelli þeirrar áætlunar og endurskoðunar hennar ef forsendur áætlunarinnar breytast.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fjárhæð ábyrgðarsjóðs í einstökum vátryggingargreinum.

27. gr.

Vátryggingarskuldin skal metin þannig að hún samsvari heildarskuldbindingum vátryggingarfélags vegna gerðra vátryggingarsamninga og skal vátryggingarfélag sjá til þess að tilteknar eignir séu fyrir hendi hjá félaginu til jöfnunar vátryggingarskuldinni á hverjum tíma.

Vátryggingarfélag skal halda skrá yfir þær eignir sem um ræðir í 1. mgr. og sjá til þess að nýjar eignir verði skráðar á reikningsárinu þegar breytingar eiga sér stað. Afrit skrárinnar, staðfest af löggiltum endurskoðanda, skal sent Vátryggingareftirlitinu með ársreikningi og á öðrum tíma ef talin er ástæða til.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um þær eignir, sem telja má til jöfnunar vátryggingarskuld félags, um tegund þeirra og samsetningu.

28. gr.

Vátryggingarhlutafélag má sjálft aldrei eiga meira en 10% hlutafjárins. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum sem vátryggingarhlutafélag á sjálft.

Gagnkvæmt vátryggingarfélag má ekki afla eigin ábyrgðarhluta til eignar eða að veði gegn greiðslu. Dótturfélag slíks félags má ekki afla ábyrgðarhluta í móðurfélaginu til eignar eða að veði gegn greiðslu.

Megi greiða nýja hluti með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé við hækkun áhættufjár skulu reglur þar að lútandi koma fram í ákvörðun félagsfundar um hækkunina og gilda ákvæði 15. gr. eftir því sem við getur átt. Ákvörðun um að innborgun nýrra hluta geti farið fram með skuldajöfnuði skal hljóta samþykki Vátryggingareftirlitsins.

Allar ákvarðanir um lækkun áhættufjár í vátryggingarfélagi skulu háðar samþykki Vátryggingareftirlitsins. Stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags má ekki lækka eða endurgreiða nema samþykki eftirlitsins liggi fyrir.

Í gagnkvæmum vátryggingarfélögum og félögum, sem starfa samkvæmt sérlögum, skal halda bók um ábyrgðarhluti. Ábyrgðarhlutirnir skulu skráðir í bókina með upplýsingum um nafn og heimilisfang ábyrgðarmanns. Ábyrgðarhluturinn skal hafa áritun félagsins um skrásetninguna.

29. gr.

Hver sá sem vátryggir hjá gagnkvæmu vátryggingarfélagi er sameigandi þess. Settar skulu reglur um ábyrgð vátryggingartaka á skuldbindingum félagsins í samþykktum þess.

Undanþiggja má vátryggingarfélag, sem endurtryggir hjá gagnkvæmu félagi, slíkri ábyrgð samkvæmt heimild í samþykktum félagsins. Endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, mega ekki nema meira en 10% af heildariðgjöldum félagsins án samþykkis Vátryggingareftirlitsins.

Ábyrgð vátryggingartaka skal miða við almanaksár og fellur hún niður, miðað við hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur vátryggingartaka innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs er vátrygging féll úr gildi.

Einungis skiptastjóri þrotabús eða skilastjórn gagnkvæms vátryggingarfélags geta krafið vátryggingartaka um greiðslu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum þeirra en ekki einstakir kröfuhafar félagsins. Vátryggingareftirlitið getur heimilað stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags að krefja vátryggingartaka um slíka greiðslu enda sé slíks þörf til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Slíka heimild má þó einungis veita til eins árs í senn.

Ákvæði laga um einstök vátryggingarfélög varðandi ábyrgð félagsmanna og vátryggingartaka halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Á hverju vátryggingarskírteini, sem gagnkvæmt vátryggingarfélag gefur út, skal koma skýrt fram hvernig ábyrgð vátryggingartaka er háttað. Ákvæði þetta gildir einnig um þau vátryggingarfélög sem starfa samkvæmt sérlögum.

IV. KAFLI
Stjórn. Endurskoðun og reikningsskil.

30. gr.

Stjórn vátryggingarfélags skal kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og skal skipuð þremur mönnum hið fæsta. Stjórnin hefur almennt eftirlit með því að starfsemi félagsins fari að lögum og samþykktum, þar á meðal eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð tuttugu ára aldri, hafa óflekkað mannorð og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðinu um búsetu hér á landi.

Stjórnin boðar til aðalfunda. Sé ekki boðað til aðalfundar sem halda skal í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar boðar Vátryggingareftirlitið til hans að kröfu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða aðila sem atkvæðisbær er á aðalfundi. Vátryggingareftirlitið tilnefnir fundarstjóra og skal stjórnin afhenda honum skrá yfir þá sem atkvæðisbærir eru, gerðabók aðalfunda og endurskoðunarbók. Félagið greiðir kostnað við aðalfundinn.

Fái stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar þóknun eða aðrar tekjur af vátryggingum, sem félagið yfirtekur eða lætur af hendi, vegna þátttöku í umboðs- eða miðlunarstarfsemi eða vegna fjárhagslegra hagsmuna í slíkri starfsemi, skal Vátryggingareftirlitinu send tilkynning þar að lútandi.

Stjórn móðurfélags ber að tilkynna Vátryggingareftirliti þegar mynduð er samstæða eða vátryggingarfélag öðlast meiri hluta eða virk yfirráð í öðru félagi.

Stjórn og framkvæmdastjórn skulu án tafar gera Vátryggingareftirliti viðvart hafi þeir vitneskju um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.

31. gr.

Ársreikningur vátryggingarfélags skal gerður í því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð. Innan mánaðar frá aðalfundi, en þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok hvers reikningsárs, skal félagið senda Vátryggingar eftirlitinu ársreikning ásamt þeim gögnum sem það óskar um starfsemina. Vátryggingareftirlitið skal birta meginniðurstöður ársreikninga í Lögbirtingablaði.

Ef ársreikningur vátryggingarfélags er ekki í samræmi við lög og reglugerðir eða samþykktir félags getur Vátryggingareftirlitið krafist breytinga á reikningnum og að hann verði tekinn á ný til umfjöllunar á félagsfundi. Skal Vátryggingareftirlitið þá setja félaginu hæfilegan frest.

32. gr.

Aðalfundur kýs endurskoðendur í samræmi við samþykktir félags og skal að minnsta kosti einn vera löggiltur. Sé vátryggingarfélagið hluti samstæðu skal löggiltur endurskoðandi vera sameiginlegur fyrir samstæðuna í heild. Ef um er að ræða félag af því tagi sem getið er í 2. mgr. 7. gr. getur Vátryggingareftirlitið gert kröfu um að a.m.k. einn löggiltur endurskoðandi sé sameiginlegur fyrir öll félögin.

Endurskoðendur félags eiga rétt á að sitja stjórnar- og félagsfundi í vátryggingarfélagi og er skylt að mæta á aðalfundi, æski stjórn eða atkvæðisbær maður þess.

Endurskoðendum vátryggingarfélags er skylt að veita Vátryggingareftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar er það óskar og um öll þau atriði er skipta máli við mat á stöðu félags, rekstri þess og efnahag.

Birti félag eða samstæða félaga ársreikninga opinberlega skal form og orðalag vera í samræmi við hina árituðu og endurskoðuðu ársreikninga og með áritun löggilts endurskoðanda. Ef ársreikningar eru birtir opinberlega í styttri útgáfu skal auk upplýsinga um fyrirvara við undirritun, ef einhverjir eru, einnig koma fram að um stytta útgáfu sé að ræða.

33. gr.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og óbundnu fé, eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað, svo og það fé sem samkvæmt lögum og samþykktum skal lagt í sérstaka sjóði, enda sé ljóst að félagið uppfylli kröfur um tilskilið lágmark eigin fjár, þess hafi verið gætt að leggja til hliðar nægilegt fé fyrir vátryggingarskuld félagsins, svo og að settum reglum um mat á eignum félagsins og fyrningu þeirra hafi verið fylgt.

34. gr.

Stjórn vátryggingarfélags skal sjá til þess að félagið hafi yfir að ráða nægilegri sérþekkingu til þess að meta og reikna út vátryggingarskuld félagsins og til að sjá um tryggingatæknilega útreikninga og athuganir fyrir félagið. Skal félagið tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings eða sérfræðings með sambærilega menntun, sem Vátryggingareftirlitið viðurkennir, til að annast slíka útreikninga og athuganir. Tilkynningu þess efnis til Vátryggingareftirlitsins skulu fylgja þau gögn er eftirlitið óskar. Samþykki Vátryggingareftirlitið ekki tryggingastærðfræðing eða sérfræðing sem félag hefur mælt með skal eftirlitið gera félaginu grein fyrir ástæðum þess.

Vátryggingareftirlitið getur veitt vátryggingarfélagi undanþágu frá skyldunni að ráða tryggingastærðfræðing skv. 1. mgr. sé starfsemi félags takmörkuð eða þess eðlis að ekki sé talin þörf á sérstökum sérfræðilegum athugunum, m.a. til að meta vátryggingarskuldina.

35. gr.

Tryggingastærðfræðingur vátryggingarfélags skal fylgjast með og meta reiknigrundvöll iðgjalda og gera þær athuganir varðandi mat á tjónareynslu og vátryggingarskuld sem hann telur nauðsynlegar á hverjum tíma með tilliti til þeirrar áhættu sem félagið ber og gildandi reglna um gjaldþol og greiðsluþol vátryggingarfélaga.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingarfélags skal fylgjast með því að farið sé eftir reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar og að fylgt sé settum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra líftrygginga.

Tryggingastærðfræðingur félags getur krafist allra gagna og upplýsinga af félaginu til að hann geti innt starf sitt af hendi. Hann getur krafist þess að stjórnin sé kölluð saman og hefur að jafnaði rétt til þess að vera viðstaddur og tjá sig á fundum stjórnarinnar. Sé hann ekki sammála ákvörðun stjórnar hefur hann rétt til að láta skrá álit sitt í gerðabók félagsins.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu að félagið fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði skal hann tafarlaust tilkynna það Vátryggingareftirliti. Vátryggingareftirlitið getur krafið tryggingastærðfræðing vátryggingarfélags um þær upplýsingar sem því þykir þurfa við eftirlit með iðgjaldagrundvelli, mati á tjónareynslu, vátryggingarskuld og fjárhagsstöðu vátryggingarfélags.

V. KAFLI
Stjórnsýsla. Eftirlit.

36. gr.

Ráðherra vátryggingarmála fer með yfirstjórn þeirra málefna sem falla undir lög þessi.

Sérstök stofnun, Vátryggingareftirlitið, annast stjórnsýslu og eftirlit með þeirri starfsemi sem lögin taka til í umboði ráðherra. Ráðherra skipar forstöðumann Vátryggingareftirlitsins en forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Forstöðumaður annast stjórn stofnunarinnar og gætir þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma, allt undir yfirstjórn tryggingamálaráðuneytis og ráðherra.

Ráðherra setur nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Vátryggingareftirlitsins með reglugerð.

37. gr.

Starfsmenn Vátryggingareftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar vátryggingarfélags eða annars félags sem er undir eftirliti þess. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slík félög eða samtök þeirra.

Starfsmenn Vátryggingareftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti og rekstur vátryggingarfélags og starfsemi sem lög þessi ná til. Þagnarskylda helst þótt starfsmenn láti af störfum.

Vátryggingareftirlitið má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með vátryggingarstarfsemi og slík upplýsingagjöf sé nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti með henni. Slíkar upplýsingar má einungis veita með því skilyrði að um þær gildi þagnarskylda í hlutaðeigandi landi. Sama gildir um upplýsingar sem Vátryggingareftirlitið fær frá eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja.

38. gr.

Vátryggingareftirlitið kannar þá þætti vátryggingarstarfseminnar sem lög þessi ná til og það telur ástæðu til. Vátryggingarfélög skulu veita Vátryggingareftirlitinu þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar í þessu skyni án tafar. Vátryggingareftirlitið getur með sama hætti aflað gagna og gert kannanir hjá félögum sem beint eða óbeint tengjast vátryggingarfélögum vegna hliðarstarfsemi, sbr. 7. gr., að því marki sem nauðsyn krefur.

Vanræki vátryggingarfélag að láta í té þau gögn sem krafist er skv. 1. mgr. eða geri ekki þær ráðstafanir sem Vátryggingareftirlitið telur nauðsynlegar í framhaldi slíkra kannana innan þess frests sem settur er skal Vátryggingareftirlitið tilkynna ráðherra um málið og gera tillögur um hvað gera skuli. Áður en ráðherra er tilkynnt um málið skal vátryggingarfélagið þó upplýst um að slík tilkynning verði send og hvenær.

39. gr.

Vátryggingareftirlitið skal a.m.k. árlega kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingarfélaga á grundvelli ársreiknings fyrir sl. reikningsár og annarra gagna og upplýsinga um starfsemina sem nauðsynleg eru til að slík könnun geti farið fram. Vátryggingareftirlitið leggur mat á það að lokinni könnun hvort það telur gjaldhæfi og greiðsluhæfi fullnægjandi og tilkynnir félaginu hafi það athugasemdir fram að færa. Sé nauðsynlegt að grípa til ráðstafana vegna þessa eiga ákvæði IX. kafla við.

Vátryggingareftirlitið leggur árlega mat á vátryggingarskuld vátryggingarfélaga til að tryggt verði að nægilegt fé sé á hverjum tíma lagt til hliðar til að mæta henni, þar á meðal að tekið sé á fullnægjandi hátt tillit til óvissu í mati með nauðsynlegu álagi. Vátryggingarfélög skulu í gögnum til Vátryggingareftirlitsins með ársreikningi gera grein fyrir því hvernig vátryggingarskuldin er ákveðin. Vátryggingareftirlitið getur sett sérstakar almennar reglur um mat á vátryggingarskuldinni og hvaða gögn skuli fylgja í því sambandi auk ársreikningsins.

Vátryggingareftirlitið kannar vátryggingarskilmála vátryggingarfélaga og gætir þess að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í vátryggingum. Telji Vátryggingareftirlitið að svo sé ekki, eða ekki sé með nægilega skýrum hætti gerð grein fyrir innihaldi þeirra, skal eftirlitið gera kröfu um að slíkum ákvæðum verði breytt eða þau verði afnumin. Jafnan skal leita samþykkis Vátryggingareftirlitsins á vátryggingarskilmálum lögboðinna vátrygginga. Skilmálar vátrygginga sem boðnir eru hér á landi skulu vera á íslensku.

Vátryggingareftirlitið kannar iðgjaldagrundvöll vátryggingargreina með það fyrir augum að gætt sé samræmis milli iðgjalda annars vegar og áhættu og kostnaðar við rekstur félags hins vegar og í því skyni að tryggt verði að vátryggingarfélag geti staðið við skuldbindingar sínar og fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru um fjárhagsstyrk þeirra. Telji Vátryggingareftirlitið að svo sé ekki eða að iðgjöld vátrygginga, sem boðin eru, séu ósanngjörn í garð vátryggingartaka skal eftirlitið gera athugasemd og rökstyðja kröfur sínar um breytingar.

Vátryggingareftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum vátryggingarfélaga sem reka vátryggingarstarfsemi eða bjóða vátryggingar hér á landi, sölustarfsemi þeirra og tjónsuppgjöri. Vátryggingareftirlitið skal gera þær kannanir sem það telur nauðsynlegar í þessu efni hjá vátryggingarfélögum. Við eftirlitið skal starfrækt neytendamáladeild. Vátryggingareftirlitið skal setja almennar reglur um starfsemi deildarinnar og kynna þær vátryggingarfélögunum.

Vátryggingareftirlitið skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal og greint frá þróun vátryggingarstarfseminnar og um afkomu einstakra vátryggingargreina.

40. gr.

Vátryggingarfélög, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi hér á landi svo og þeir sem leyfi hafa til miðlunar- og umboðsstarfsemi, sbr. VII. kafla, greiða allan kostnað af starfsemi Vátryggingareftirlitsins. Fyrir 1. desember ár hvert skal Vátryggingareftirlitið áætla kostnað við starfsemi sína næsta ár og jafna niður á þessa aðila.

Kostnaði, sem jafnað er árlega á vátryggingarfélögin, skal jafna í hlutfalli við bókfærð iðgjöld þeirra samkvæmt ársreikningi viðkomandi reikningsárs. Gera má vátryggingarfélagi að greiða allt að 0,33% af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum og 0,04% af bókfærðum fengnum endurtryggingariðgjöldum, sbr. þó 5. mgr. Eftirlitsgjald erlendra vátryggingarfélaga með atvinnustöð hérlendis og félaga sem hafa heimild til að veita hér þjónustu án atvinnustöðvar reiknast á sama hátt af bókfærðum iðgjöldum vegna seldra vátrygginga hérlendis.

Vátryggingareftirlitið skal áætla bókfærð iðgjöld vátryggingarfélaga á yfirstandandi reikningsári á grundvelli seinasta ársreiknings þeirra, verðlagsbreytinga og almennra breytinga á markaðnum. Bókfærð iðgjöld, þannig áætluð, mynda álagningarstofn eftirlitsgjalds til bráðabirgða sem Vátryggingareftirlitið innheimtir ársfjórðungslega fyrir fram á næsta ári. Þegar ársreikningur vátryggingarfélags vegna reikningsársins liggur endanlega fyrir skal Vátryggingareftirlitið, eins fljótt og unnt er, endurreikna eftirlitsgjaldið miðað við sama álagningarhlutfall og leiðrétta álagt gjald félags til hækkunar eða lækkunar í þeim ársfjórðungum sem eftir eru á árinu. Þegar reikningsskil Vátryggingareftirlitsins liggja fyrir um heildarkostnað við starfsemi þess á rekstrarárinu skal eftirlitið, eins fljótt og auðið er, reikna út eftirstöðvar eða inneign félaga og senda tilkynningu um endanlegt eftirlitsgjald með innheimtutilkynningu næsta ársfjórðungs á eftir. Skal greiðsla, á hvorn veginn sem er, innt af hendi með eftirlitsgjaldi þess ársfjórðungs.

Vátryggingareftirlitið skal ákveða gjald það sem lagt er á þá sem leyfi hafa til umboðs- og miðlunarstarfsemi skv. VII. kafla í samræmi við þær reglur sem ráðherra setur.

Vátryggingareftirlitið getur gert vátryggingarfélagi að greiða sérstaklega samkvæmt reikningi kostnað vegna sérstakra kannana sem Vátryggingareftirlitið telur nauðsynlegt að framkvæma vegna eftirlits með starfsemi á þess vegum og eðlilegt telst að ekki verði jafnað á öll vátryggingarfélögin.

Áætlun Vátryggingareftirlitsins skv. 2. og 4. mgr. skal send ráðherra vátryggingarmála til staðfestingar. Þeir sem gjald er lagt á, og samtök þeirra, eiga rétt á upplýsingum hjá Vátryggingareftirlitinu um það hvernig eftirlitsgjaldið er ákveðið og um þær áætlanir sem lagðar eru til grundvallar útreikningi þess.

VI. KAFLI
Starfsemi erlendra vátryggingarfélaga hér á landi.
1. Félög með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði.
41. gr.

Erlend vátryggingarfélög með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði geta fengið leyfi til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi samkvæmt lögum þessum.

Veita má hinu erlenda félagi leyfi til að starfrækja hér dótturfélag, útibú eða umboð. Einnig má heimila starfsemi atvinnustöðvar á öðru formi sem rekin er í nafni félagsins, enda sé starfsemin skráð hér á landi, félagið hafi hér sérstakan fulltrúa er komi fram fyrir hönd félagsins í málefnum er varða starfsemina hér og hann hafi heimild til að skuldbinda félagið vegna hennar, sbr. þó 43. gr.

Vátryggingarfélag, hlutafélag, samvinnufélag eða sameignarfélag hér á landi getur haft með höndum starfsemi fyrir erlent vátryggingarfélag, enda sé hið erlenda félag skráð hér á landi og hafi hér sérstakan fulltrúa, sbr. 2. mgr.

42. gr.

Erlent vátryggingarfélag með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði, sem hyggst reka vátryggingarstarfsemi hér á landi er telst fjöláhætta, sbr. 10. gr., skal senda Vátryggingareftirlitinu umsókn um starfsleyfi og um skráningu í vátryggingarfélagaskrá í samræmi við ákvæði 2. mgr. 18. gr. og 21. gr. eftir því sem við á. Einnig skal áætlun um starfsemina fylgja í samræmi við 19. gr. Vátryggingareftirlitið metur umsókn félagsins, sbr. 20. gr., og skulu félaginu tilkynntar niðurstöður innan sex mánaða frá því að öll tilskilin gögn hafa borist.

Félagið skal tilkynna til vátryggingarfélagaskrár allar breytingar á þeim atriðum sem kveðið er á um í 21. gr., þar á meðal breytingar á samþykktum félagsins er varða starfsemi þess hér á landi og skulu gögn er, sanni samþykkt þeirra og lögmæti, fylgja. Sé gerð ný áætlun skv. 19. gr. skal hún einnig send Vátryggingareftirlitinu.

Framangreind gögn skal senda Vátryggingareftirlitinu á íslensku í þýðingu löggilts skjalaþýðanda nema Vátryggingareftirlitið heimili annað.

43. gr.

Heimila má erlendum vátryggingarfélögum með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði að veita þjónustu hér á landi án sérstakrar atvinnustöðvar í vátryggingargreinum sem teljast til stóráhættu og í líftryggingum sem teknar eru að eigin frumkvæði líftryggingartaka, sbr. 10. gr. Félag skal tilkynna eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis í hvaða vátryggingargreinum það hyggst veita slíka þjónustu hér á landi. Eftirlitsstjórnvöld skulu láta Vátryggingareftirlitinu í té vottorð um að félagið uppfylli skilyrði III. kafla um gjaldþol og ábyrgðarsjóð varðandi starfsemi þess í heild, um þær vátryggingargreinar sem félagið hefur starfsleyfi fyrir og í hvaða greinum það hyggst veita þjónustu hér á landi, svo og vottorð um að eftirlitsstjórnvöld heimaríkis geri ekki athugasemdir við að það veiti slíka þjónustu erlendis.

Félag, sem veitir þjónustu skv. 1. mgr. í lögboðnum ábyrgðartryggingum ökutækja, skal vera aðili að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og láta Vátryggingareftirlitinu í té skriflega staðfestingu þess efnis. Félagið skal lúta reglum sem hér gilda um uppgjör og greiðslu bóta af völdum óþekktra og óvátryggðra ökutækja og skal tilnefna sérstakan fulltrúa sinn með aðsetri á Íslandi til að annast fyrir hönd félagsins tjónsuppgjör vegna skuldbindinga félagsins hér á landi í ábyrgðartryggingum ökutækja. Honum skal einnig skylt að veita lögbærum aðilum hér á landi upplýsingar um, hvort ábyrgðartrygging sé fyrir hendi og um gildistíma. Nafn og heimilisfang fulltrúans skal tilkynnt Vátryggingareftirlitinu og til vátryggingarfélagaskrár.

Félagið má hefja starfsemi hér á landi þegar Vátryggingareftirlitið hefur fengið í hendur öll gögn skv. 1. og 2. mgr. og staðfesting þess liggur fyrir.

Samtryggingar á Evrópsku efnahagssvæði skulu háðar sömu skilyrðum um starfsleyfi og starfsemi og þjónusta í greinum sem teljast til stóráhættu.

44. gr.

Erlent vátryggingarfélag, sem starfsleyfi hefur hér á landi skv. 42. gr., skal gefa greinilega til kynna nafn sitt og aðsetur svo og aðalstöðva félagsins í öllum gögnum sem frá félaginu fara til almennings. Öll bindandi tilboð og vátryggingarsamningar af hálfu félags, sem hér starfar skv. 42. eða 43. gr., skulu hafa að geyma upplýsingar um nafn og aðsetur þess félags sem ber áhættuna og aðalstöðvar þess. Ávallt skal upplýsa vátryggingartaka um þessi atriði áður en hann er skuldbundinn samkvæmt tilboði eða vátryggingarsamningi,

hvort sem um er að ræða vátryggingar sem teljast stóráhætta eða fjöláhætta.

45. gr.

Erlent vátryggingarfélag, sem hér rekur starfsemi skv. 42., skal uppfylla skilyrði laga þessara um gjaldþol og ábyrgðarsjóð í samræmi við starfsemi þess hér, sbr. 24.–26. gr., og skulu fjármunir a.m.k. samsvarandi ábyrgðarsjóði vera til ráðstöfunar hér á landi.

Erlent vátryggingarfélag, sem hér rekur starfsemi skv. 42., skal ávaxta á Íslandi fjármuni er samsvara vátryggingarskuld þess vegna starfseminnar hér á landi og í samræmi við útreiknings- og matsreglur er hér gilda, sbr. 27. gr. Sama gildir þegar erlent félag veitir þjónustu hér á landi skv. 43. gr. í ábyrgðartryggingum ökutækja.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða gögn skuli send Vátryggingareftirlitinu um starfsemi og þjónustu erlends vátryggingarfélags hér á landi.

46. gr.

Vátryggingareftirlitið getur heimilað erlendu vátryggingarfélagi, sem rekur starfsemi hér á landi skv. 42. gr., að flytja vátryggingarstofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags, sem hefur aðsetur á Evrópsku efnahagssvæði, í samræmi við ákvæði VIII. kafla, að því tilskildu að eftirlitsstjórnvöld heimaríkis hins síðarnefnda hafi staðfest að félagið uppfylli tilskildar kröfur um gjaldþol og ábyrgðarsjóð að lokinni yfirtöku stofnsins.

Veiti erlent vátryggingarfélag hér þjónustu skv. 43. gr. og óski það eftir að flytja vátryggingarstofn sinn hér á landi til annars félags með aðsetur á Evrópsku efnahagssvæði geta eftirlitsstjórnvöld heimaríkis hins fyrrnefnda heimilað flutning stofnsins að fenginni staðfestingu eftirlitsstjórnvalda heimaríkis hins síðarnefnda um að tilskildar kröfur um gjaldþol séu uppfylltar að lokinni yfirtöku stofnsins og að fengnu samþykki Vátryggingareftirlitsins. Ákvæði 2. mgr. 60. gr. gilda um tilkynningar í Lögbirtingablað hér á landi og til vátryggingartaka.

Um réttindi og skyldur vátryggingartaka, vátryggðra og annarra samkvæmt vátryggingarsamningum fer skv. 4. mgr. 60. gr.

47. gr.

Ákvæði laga þessara eiga við um eftirlit með starfsemi og þjónustu erlends vátryggingarfélags hér á landi skv. 42. og 43. gr. svo og ákvæði um afturköllun starfsleyfis, sbr. 3. mgr. Áður en starfsleyfi félags er afturkallað skal Vátryggingareftirlitið hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis um málið. Telji Vátryggingareftirlitið nauðsynlegt að félagið hætti starfsemi áður en þeirri umfjöllun er lokið skal Vátryggingareftirlitið þegar í stað tilkynna með rökstuddum hætti álit sitt til eftirlitsstjórnvalda heimaríkis.

Vátryggingareftirlitið skal veita eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis erlends félags, sem hér rekur vátryggingarstarfsemi, allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina til að þau geti lagt heildarmat á gjaldþol hins erlenda félags.

Brjóti erlent vátryggingarfélag, sem hér veitir þjónustu skv. 43. gr., ákvæði laga og reglugerða um vátryggingarstarfsemi skal Vátryggingareftirlitið gera kröfu um að ráðstafanir til úrbóta verði gerðar án tafar. Sinni félagið ekki kröfum Vátryggingareftirlitsins skal eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis, eða eftir atvikum þess ríkis þar sem félagið hefur aðsetur, gert viðvart. Þau skulu gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og tilkynna Vátryggingareftirlitinu hverjar þær eru. Geri eftirlitsstjórnvöld ekki nauðsynlegar ráðstafanir eða reynist þær ófullnægjandi getur Vátryggingareftirlitið gripið til viðeigandi ráðstafana eftir að hafa til-

kynnt hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöldum um málið, þar á meðal, ef nauðsyn ber til, lagt bann við því að félagið veiti frekari þjónustu hér á landi.

2. Félög með aðalstöðvar utan Evrópsks efnahagssvæðis.

48. gr.

Erlend vátryggingarfélög með aðalstöðvar utan Evrópsks efnahagssvæðis, sem leyfi hafa til að reka vátryggingarstarfsemi í heimalandi sínu, geta fengið leyfi til að reka slíka starfsemi á Íslandi í samræmi við lög þessi enda hafi íslensk vátryggingarfélög ekki lakari rétt í heimalandi þeirra.

Félagið skal skráð hér á landi, hafa hér fasta atvinnustöð (aðalumboð) og aðalumboðsmann sem kemur fram fyrir þess hönd í málefnum er varða starfsemina og hefur heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess á Íslandi. Aðalumboðsmaður skal vera einn hér á landi. Hann skal vera búsettur hér á landi, hafa náð tuttugu ára aldri, hafa óflekkað mannorð og má aldrei hafa verið sviptur forræði á búi sínu.

Vátryggingarfélag, hlutafélag, samvinnufélag eða sameignarfélag hér á landi getur haft með höndum aðalumboð, enda tilkynni sá aðili sérstakan fulltrúa til Vátryggingareftirlitsins sem kemur fram fyrir hönd félagsins í málefnum er varða vátryggingarstarfsemi þess hér á landi.

Ákvæði 44. gr. eiga við um alla starfsemi hins erlenda félags hér á landi. Félagið skal hafa varnarþing hér á landi að því er varðar starfsemi þess hér og má lögsækja það fyrir dómstólum á Íslandi til fullnustu á kröfum sem stofnast hafa vegna starfseminnar.

49. gr.

Erlent vátryggingarfélag með aðsetur utan Evrópsks efnahagssvæðis, sem hyggst koma á fót fastri atvinnustöð hér á landi og reka vátryggingarstarfsemi, skal senda Vátryggingareftirlitinu umsókn um starfsleyfi og um skráningu í vátryggingarfélagaskrá og láta fylgja gögn sem kveðið er á um í 42. gr.

Félagið skal uppfylla skilyrði 24.–26. gr. um gjaldþol og ábyrgðarsjóð er miðast við starfsemi þess hér og skulu fjármunir, sem því svarar, vera til ráðstöfunar hér á landi. Fjárhæð samsvarandi fjórðungi þess lágmarks, sem krafist er, skal lögð fram sem geymslufé í upphafi og varðveitt á stað sem Vátryggingareftirlitið samþykkir. Geymsluféð skal einungis notað til að tryggja að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar vegna gerðra vátryggingarsamninga hér á landi. Einstakir vátryggðir geta ekki gert kröfu um fullnustu greiðslu nema að því marki sem það að mati Vátryggingareftirlitsins skerðir ekki rétt annarra vátryggðra til fullnustu á vátryggingarskuldbindingum félagsins.

Félagið skal ávaxta á Íslandi fjármuni er samsvara vátryggingarskuld þess vegna starfseminnar hér eins og þær eru samkvæmt útreiknings- og matsreglum er gilda hér á landi. Enn fremur skal fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

50. gr.

Aðalumboðsmaður skal senda Vátryggingareftirlitinu ársreikning hins erlenda félags, svo og ársreikning vegna starfseminnar hér á landi, eigi síðar en mánuði eftir að þeir hafa verið samþykktir ásamt ársskýrslu með undirritun stjórnar og áritun endurskoðanda, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok hvers reikningsárs. Tilskilin gögn samkvæmt reglum sem ráðherra setur, sbr. 31. gr., skulu fylgja, þar á meðal gögn skv. 27. gr. um þær eignir sem koma eiga á móti vátryggingarskuldinni.

Aðalumboðsmaður skal án tafar tilkynna Vátryggingareftirlitinu skriflega geri eftirlitsstjórnvöld í heimalandi félagsins athugasemd við starfsemi þess, hafi greiðslustöðvun verið ákveðin, ákvörðun verið tekin um að slíta félaginu eða bú þess tekið til gjaldþrotaskipta.

51. gr.

Brjóti félagið lög og reglugerðir um vátryggingarstarfsemi eða vanræki skyldur sínar samkvæmt þeim þannig að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé stefnt í hættu skal Vátryggingareftirlitið veita félaginu tiltekinn frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan þess frests og telji Vátryggingareftirlitið að hagsmunir vátryggingartaka og vátryggðra séu í hættu getur eftirlitið útnefnt nýjan aðalumboðsmann til að ljúka viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar hér á landi. Hefur hann í því skyni leyfi til ráðstöfunar á eignum félagsins hér á landi að því marki er Vátryggingareftirlitið heimilar.

Vátryggingareftirlitið getur heimilað að vátryggingarstofn félagsins eða hluti hans verði fluttur til vátryggingarfélags sem leyfi hefur til að reka hliðstæða vátryggingarstarfsemi hér á landi og gilda ákvæði 60. gr. um flutninginn.

52. gr.

Ráðherra getur að fenginni tillögu Vátryggingareftirlitsins afturkallað starfsleyfi félagsins uppfylli félagið ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

Þegar starfsleyfi félags er afturkallað tekur Vátryggingareftirlitið ákvörðun um hvort þess skuli freistað að yfirfæra vátryggingarstofninn til eins eða fleiri vátryggingarfélaga sem reka vátryggingarstarfsemi hér á landi eða hvort félagið skuli á annan hátt reyna að ljúka skuldbindingum sínum vegna vátryggingarsamninga sem gerðir hafa verið. Þegar rekin er líftryggingarstarfsemi getur Vátryggingareftirlitið ákveðið að líftryggingarstofninum verði komið undir sérstaka stjórn, sbr. 68. gr.

Við afturköllun á starfsleyfi félags getur Vátryggingareftirlitið takmarkað eða bannað félaginu yfirráð yfir fjármunum sínum og eignum.

53. gr.

Félagið skal máð úr vátryggingarfélagaskrá missi það starfsleyfi skv. 52. gr. enda sé viðskiptum þess og uppgjöri skuldbindinga hér á landi að fullu lokið.

Tilkynni félag að það óski eftir að hætta starfsemi hér á landi og að atvinnustöð þess verði máð úr vátryggingarfélagaskrá skal það því aðeins gert að Vátryggingareftirlitið álíti að atvinnustöðin þurfi ekki að starfa áfram vegna skuldbindinga sem á henni hvíla. Sama gildir sé atvinnustöðin án aðalumboðsmanns og enginn hafi verið útnefndur innan frests sem Vátryggingareftirlitið hefur sett. Getur eftirlitið þá útnefnt aðalumboðsmann í samræmi við ákvæði 51. gr.

Leysa má geymslufé, sem lagt er til hliðar skv. 49. gr., þá fyrst er starfsleyfi félagsins hefur verið afturkallað og félagið getur sannað að staðið hafi verið við allar skuldbindingar félagsins hér á landi eða nógu há trygging fyrir skuldbindingum hafi að mati Vátryggingareftirlitsins verið lögð fram.

VII. KAFLI
Miðlun. Umboð. Sala vátrygginga.

54. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því að aðilar hér á landi, íslensk skip eða eignir á Íslandi sé frumtryggt annars staðar en hjá vátryggingarfélögum sem hér hafa starfsleyfi. Starfsleyfi vátryggingarfélags á Evrópsku efnahagssvæði telst jafngilda starfsleyfi hér á landi, sé um að ræða vátryggingar í greinum sem teljast til stóráhættu, eða líftryggingar teknar að eigin frumkvæði líftryggingartaka, sbr. 10. gr., enda sé ákvæðum 43. gr. fullnægt.

Vátryggingareftirlitið getur, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, heimilað undanþágur frá banni skv. 1. málsl. 1. mgr.

55. gr.

Með vátryggingarmiðlun og vátryggingarmiðlara er í lögum þessum átt við lögaðila eða einstakling sem starfar að öllu leyti sjálfstætt og ekki á vegum einstakra vátryggingarfélaga, og ekki í endurtryggingum einvörðungu, er veitir einstaklingum og öðrum upplýsingar, ráðgjöf og aðstoð á faglegum grunni við að koma á vátryggingarsamningi eða við framkvæmd ákvæða slíks samnings gagnvart vátryggingarfélagi.

Með vátryggingarumboði og vátryggingarumboðsmanni er átt við lögaðila eða einstakling sem rekur sjálfstæða atvinnustarfsemi og starfar fyrir eitt eða fleiri vátryggingarfélög við ráðgjöf og aðstoð af því tagi sem 1. mgr. kveður á um, með eða án heimildar til að skuldbinda með vátryggingarsamningi þau vátryggingarfélög sem hann starfar fyrir.

Með vátryggingarsölumanni er átt við einstakling sem hefur með höndum sölu vátrygginga á vegum einstakra félaga.

Þegar lögaðili rekur vátryggingarmiðlun eða vátryggingarumboð eiga heitin vátryggingarmiðlari og vátryggingarumboðsmaður við um þá starfsmenn sem starfa samkvæmt skilgreiningu 1. og 2. mgr.

56. gr.

Sérhver vátryggingarmiðlari og vátryggingarumboðsmaður, sbr. 1., 2. og 4. mgr. 55. gr., sem hyggst starfa hér á landi, skal skráður hjá Vátryggingareftirlitinu sem hefur með höndum eftirlit með starfsemi þeirra. Sá einn sem skráður hefur verið má nota þessi heiti. Engan má í senn skrá sem vátryggingarmiðlara og vátryggingarumboðsmann.

Skilyrði skráningar er að einstaklingar séu búsettir hér á landi, hafi náð tuttugu ára aldri, hafi óflekkað mannorð og hafi aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og búi yfir þeirri þekkingu sem nauðsynleg er vegna starfans og teljist að öðru leyti hæfir til að reka þessa starfsemi. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um búsetu hér á landi.

Vátryggingarmiðlarar mega ekki vera háðir vátryggingarfélögum eða félögum í þeirra eigu á nokkurn hátt vegna eignaraðildar eða fjárhagslegra tengsla. Þeir skulu leggja fram vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu til að bæta tjón sem kann að hljótast af störfum þeirra. Skráning vátryggingarmiðlara eða vátryggingarumboðsmanna hér á landi skal bundin við skaðatryggingar, persónutryggingar eða allar greinar frumtrygginga.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um starfsábyrgðartryggingu og um önnur skilyrði skráningar.

57. gr.

Vátryggingarmiðlari skal veita vátryggingartaka þær upplýsingar og þá aðstoð sem hann þarf á að halda til að meta skilmála og kjör vátrygginga sem í boði eru og vátryggingarþörf áður en vátryggingarsamningur er gerður. Hann skal gera vátryggingarfélaginu fullnægjandi grein fyrir tegund og umfangi vátryggingaráhættunnar til að félagið geti gert vátryggingartaka tilboð. Hann skal einnig aðstoða vátryggingartaka eftir að samningur er kominn á, þar á meðal að veita honum leiðbeiningar verði tjón samkvæmt vátryggingarsamningi sem hann hefur komið á.

Vátryggingarumboðsmenn og vátryggingarsölumenn skulu, svo sem unnt er áður en vátryggingarsamningur er gerður, upplýsa hlutaðeigandi um iðgjöld og vátryggingarskilmála. Vátryggingarfélög skulu sjá til þess að starfsemi sölumanna, sem starfa á þeirra vegum, sé þannig að öflun vátrygginga fari fram með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum.

Vátryggingarmiðlari má ekki miðla frumtryggingum til annarra vátryggingarfélaga en þeirra sem starfsleyfi hafa eða heimild til að veita þjónustu hér á landi. Líftryggingartaki, sem að eigin frumkvæði leitar aðstoðar vátryggingarmiðlara um líftryggingu hjá líftryggingarfélagi erlendis, skal undirrita yfirlýsingu um að hann óski eftir að vátryggingarmiðlarinn afli upplýsinga fyrir hans hönd. Hann skal einnig undirrita yfirlýsingu um að honum sé ljóst að eftirlitsreglur heimaríkis hlutaðeigandi líftryggingarfélags gilda og að eftirlit með starfsemi líftryggingarfélagsins sé á ábyrgð þeirra eftirlitsstjórnvalda sem hið erlenda félag heyrir undir. Vátryggingareftirlitið lætur í té form slíkrar yfirlýsingar.

Vátryggingarumboðsmaður skal sjá til þess að líftryggingartaki undirriti þá yfirlýsingu sem tilgreind er í 3. málsl. 3. mgr. á formi er Vátryggingareftirlitið lætur í té.

Vátryggingarmiðlari má ekki taka við þóknun eða greiðslum af neinu tagi frá vátryggingarfélagi nema vátryggingarsamningur hafi komist á milli vátryggingarfélagsins og vátryggingartaka. Vátryggingarmiðlari má taka við iðgjöldum fyrir hönd vátryggingarfélags samkvæmt skriflegri heimild þess. Fjármunum, sem vátryggingarmiðlari veitir viðtöku fyrir hönd vátryggingarfélags eða vátryggingartaka vegna vátryggingarsamnings eða við undirbúning og gerð þeirra, skal, svo fljótt sem auðið er, skilað til rétts aðila. Fjármunum þessum skal miðlarinn að öllu leyti halda aðgreindum frá öðrum fjármunum í sinni eigu eða vörslu.

Vátryggingarmiðlari skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar venjur í vátryggingarviðskiptum bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum og gæta hagsmuna þeirra og gæta þess að aðila séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum. Vátryggingarmiðlara er skylt að upplýsa þá sem hann starfar fyrir um umboðslaun og þóknun sem hann þiggur frá vátryggingarfélagi vegna viðskiptanna fari þeir fram á það sérstaklega. Vátryggingarmiðlara er skylt að veita Vátryggingareftirlitinu, hvenær sem er, allar upplýsingar, sem það óskar, um vátryggingarsamninga sem hann hefur komið á.

58. gr.

Vátryggingarmiðlari skal láta koma fram í öllu sem til almennings fer um starfsemina að hún sé skráð hér á landi, sbr. 59. gr., og að starfsemin sé óháð einstökum vátryggingarfélögum. Vátryggingarumboðsmaður skal einnig láta koma fram að starfsemin sé skráð og að um umboðsstarfsemi sé að ræða. Sérhver vátryggingarsölumaður skal framvísa skilríkjum við störf sín sem útgefin eru og undirrituð af því vátryggingarfélagi eða vátryggingarfélögum sem hann starfar fyrir.

Hafi aðili með höndum milligöngu eða verktöku um vátryggingar fyrir vátryggingarfélag skal nafn og aðsetur þess vátryggingarfélags sem tekur á sig skuldbindingu samkvæmt vá-

tryggingarsamningi koma skýrt fram í öllu prentuðu máli til almennings vegna starfseminnar og á öllum tilboðum og samningum sem sá aðili gerir fyrir hönd félagsins.

Ársreikninga vátryggingarmiðlunar eða vátryggingarumboðs skal senda Vátryggingareftirlitinu innan mánaðar frá því að þeir eru samþykktir, þó eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningarnir skulu undirritaðir af stjórn, endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Ársreikningum vátryggingarmiðlunar skal fylgja greinargerð um það hvernig starfsemin dreifist á einstök vátryggingarfélög.

59. gr.

Vátryggingareftirlitið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til miðlunar- og umboðsstarfsemi hér á landi. Skrá skal nafn, heimilisfesti, tegund starfsemi og skráningardag. Þegar vátryggingarmiðlun eða vátryggingarumboð er skráð skal einnig skrá nöfn þeirra starfsmanna sem heimild hafa til að starfa sem vátryggingarmiðlarar eða vátryggingarumboðsmenn.

Þeir sem skráðir hafa verið og leyfi hafa fengið til miðlunar- eða umboðsstarfsemi hér á landi skulu greiða gjald til Vátryggingareftirlitsins sem ráðherra ákveður vegna kostnaðar sem eftirlit með starfseminni hefur í för með sér.

Séu skilyrði leyfis til miðlunar- eða umboðsstarfsemi ekki lengur uppfyllt samkvæmt lögum þessum skal Vátryggingareftirlitið þegar í stað taka nafn hlutaðeigandi af skrá. Vátryggingareftirlitinu er þó heimilt, áður en til þess kemur að veita frest til nauðsynlegra úrbóta og eftir atvikum, að veita viðvörun telji eftirlitið það fullnægjandi. Sé skráningarskyld miðlunar- eða umboðsstarfsemi rekin án leyfis skal Vátryggingareftirlitið gera kröfu um að slíkri starfsemi verði hætt og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja þeirri kröfu.

Birta skal í Lögbirtingablaði nöfn miðlara og umboðsmanna við skráningu þeirra. Árlega skal birta lista yfir þá sem á skrá eru hjá Vátryggingareftirlitinu.

VIII. KAFLI
Yfirfærsla stofna. Samruni félaga.

60. gr.

Óski vátryggingarfélag eftir að flytja vátryggingarstofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags skulu bæði félögin senda Vátryggingareftirlitinu umsókn um færsluna ásamt drögum að samkomulagi milli félaganna og þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Vátryggingareftirlitið kannar umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla að færslan geti skaðað vátryggingartaka og vátryggða hjá félögunum.

Telji Vátryggingareftirlitið að synja beri um leyfi til yfirfærslunnar skal það án tafar tilkynnt félaginu. Að öðrum kosti skal Vátryggingareftirlitið birta tilkynningu í Lögbirtingablaði vegna yfirfærslubeiðninnar og óska eftir skriflegum athugasemdum vátryggingartaka og vátryggðra innan tiltekins frests sem eigi má vera skemmri en einn mánuður. Félagið skal greina vátryggingartaka skriflega frá fyrirhugaðri yfirfærslu og hvenær tilkynningin var birt í Lögbirtingablaði.

Vátryggingareftirlitið veitir leyfi til færslunnar að liðnum fresti skv. 2. mgr. telji það, að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið, að orðið skuli við yfirfærslubeiðninni.

Réttindi og skyldur vátryggingartaka, vátryggðra og annarra samkvæmt vátryggingarsamningum halda sjálfkrafa gildi sínu frá flutningsdegi. Vátryggingartakar geta sagt upp vátryggingarsamningi sínum við félagið frá þeim degi er flutningur stofnsins á sér stað tilkynni þeir uppsögn skriflega innan mánaðar frá flutningsdegi.

61. gr.

Óski vátryggingarfélag eftir því að samruni með yfirtöku eins eða fleiri vátryggingarfélaga eigi sér stað með slitum þeirra þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar að öllu leyti til annars félags án þess að til skiptameðferðar komi, skulu öll félögin senda Vátryggingareftirlitinu umsókn ásamt drögum að samkomulagi milli félaga um samrunann, sbr. 62. gr., og með þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Sama gildir óski tvö eða fleiri vátryggingarfélög eftir því að samruni með stofnun nýs vátryggingarfélags eigi sér stað með slitum án skiptameðferðar þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar til hins nýja félags. Skilyrði samruna er að leyfi til yfirfærslu vátryggingarstofna sé veitt, sbr. 60. gr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um félög skv. 7. gr. sem óska eftir að yfirfæra eignir og skuldir að öllu leyti án skiptameðferðar til vátryggingarfélags.

Heimila má að samruni með yfirtöku eða með stofnun nýs félags geti farið fram þótt eitt eða fleiri félaga sem yfirtekin eru, eða lögð verða niður, gangist undir skiptameðferð að því tilskildu að sá kostur sé bundinn við félög sem hafa ekki enn hafist handa við að úthluta eignum sínum til eigenda.

62. gr.

Í drögum að samkomulagi um samruna sem fylgja skal umsókn, sbr. 61. gr., skal m.a. koma fram hvernig greiðslum er háttað fyrir hluti í félögum sem hætta vátryggingarstarfsemi, hvenær hlutir, sem kunna að vera notaðir sem greiðsla, veiti rétt til arðs og annarra réttinda, hvaða réttindi eigendur hluta í félagi, sem hættir starfsemi, öðlast í því félagi sem tekur við eignum og skuldum, svo og aðrar ráðstafanir sem kunna að hafa í för með sér breytingar á réttindum eigenda. Einnig skal koma fram hvort stjórnarmenn, fulltrúaráðsmenn eða framkvæmdastjórar skuli njóta sérstakra hlunninda og þá hverra.

Lögð skulu fram staðfest reikningsuppgjör sem sýna eignir og skuldir hvers félags á þeim degi þegar samruni er fyrirhugaður ásamt sameiginlegri upphafsstöðu eftir samrunann og má uppgjörið ekki vera meir en sex mánaða gamalt þegar ákvörðun er tekin um að samruni eigi sér stað. Vátryggingareftirlitið getur þó heimilað að miðað sé við ársuppgjör félaganna í lok seinasta reikningsárs.

Ef samruni með stofnun nýs félags á sér stað skulu drög að nýjum samþykktum þess einnig lögð fram. Sama gildir verði gerðar breytingar á samþykktum félaga, aðrar en breytingar á nafni.

63. gr.

Vátryggingareftirlitið veitir leyfi til samrunans að uppfylltum skilyrðum 60.–62. gr. enda telji eftirlitið að hagsmuna kröfuhafa annarra en vátryggingartaka eða vátryggðra sé nægilega gætt eftir að samruni hefur átt sér stað. Starfsleyfi félags eða félaga, sem hætta vátryggingarstarfsemi, skulu afturkölluð frá þeim degi er Vátryggingareftirlitið tiltekur og félagið eða félögin máð úr vátryggingarfélagaskrá.

IX. KAFLI
Sérstakar ráðstafanir. Brottfall starfsleyfis. Félagsslit.

64. gr.

Uppfylli vátryggingarfélag ekki lágmarkskröfur um gjaldþol samkvæmt ársuppgjöri eða á öðrum tíma, sbr. 25. gr., skal félagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og á hvern hátt markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Vátryggingareftirlitið sem ákveður hvort þær ráðstafanir, sem gera á, teljist fullnægjandi.

Sé gjaldþol vátryggingarfélags minna en þriðjungur þess sem tilskilið er eða minna en sú lágmarksfjárhæð sem tilgreind er fyrir þá starfsemi sem félagið rekur, sbr. 26. gr., hvort sem hærra er skal áætlun skv. 1. mgr. miða að því að rétta við fjárhag félagsins á skömmum tíma og skal Vátryggingareftirlitið setja félaginu ákveðinn frest í því efni.

Sé vátryggingarskuld félags vanmetin samkvæmt ársuppgjöri eða á öðrum tíma að mati Vátryggingareftirlitsins, eða hafi fjárhagsstaða þess með öðrum hætti versnað þannig að tilskildar kröfur um gjaldþol eru ekki uppfylltar, sbr. 1. og 2. mgr., skal með sama hætti og þar er tilgreint grípa til viðeigandi ráðstafana.

Vátryggingareftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum og eignum sé það liður í aðgerðum til að koma fjárhag þess á réttan kjöl.

Starfi félagið eftir sérstakri áætlun um starfsemina, sbr. 18. og 19. gr., og hafi fjárhagsstaða félagsins rýrnað miðað við þessa áætlun skal Vátryggingareftirlitið taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir og gera kröfu um að ný áætlun til þriggja ára verði lögð fram ef þörf er á.

65. gr.

Sinni vátryggingarfélag ítrekað ekki tilmælum Vátryggingareftirlits um breytingar á vátryggingarskilmálum eða iðgjaldagrundvelli, um ráðstafanir til að meta á fullnægjandi hátt vátryggingarskuld sína eða að tryggja örugga ávöxtun fjármuna sem ætlað er að mæta henni, brjóti lög og reglugerðir um vátryggingarstarfsemi eða samþykktir sem það starfar eftir skal Vátryggingareftirlitið setja félaginu ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur.

Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan settra tímamarka getur Vátryggingareftirlitið lagt til við ráðherra að starfsleyfi félagsins verði afturkallað. Vátryggingareftirlitið getur þó veitt frekari frest telji það líkur benda til að þær ráðstafanir, sem félagið hefur þegar gert, muni innan skamms tíma hafa í för með sér tilskildar úrbætur.

66. gr.

Váryggingareftirlitið skal leggja til við ráðherra að starfsleyfi vátryggingarfélags verði afturkallað hafi félagið ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta við fjárhag sinn, sbr. 64. gr., uppfylli félagið ekki lengur skilyrði starfsleyfis eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum um vátryggingarstarfsemi þannig að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé stefnt í hættu.

67. gr.

Verði starfsleyfi vátryggingarfélags afturkallað skv. 64.–66. gr. skal ráðherra að fengnum tillögum Vátryggingareftirlitsins skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar. Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum hvernig komið er.

Vátryggingareftirlitið skal að höfðu samráði við skilastjórn taka ákvörðun um hvort félagið skuli leitast við að flytja vátryggingarstofn sinn til eins eða fleiri vátryggingarfélaga sem reka vátryggingarstarfsemi hér á landi eða hvort félagið skuli freista þess að ljúka uppgjöri vegna hans með öðrum hætti. Vátryggingareftirlitið getur þegar um líftryggingarfélag er að ræða ákveðið að líftryggingarstofninn sæti sérstakri meðferð, sbr. 68. gr.

Skilastjórn skal í samráði við Vátryggingareftirlitið taka ákvörðun um hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram. Vátryggingareftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum og gert kröfu um að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta telji það líkur á að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé að öðrum kosti stefnt í hættu.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiðast af eignum hlutaðeigandi vátryggingarfélags sem krafa utan skuldaraðar.

68. gr.

Ef skipuð er skilastjórn í líftryggingarfélagi og ákveðið er að líftryggingarstofninn skuli sæta sérstakri meðferð, sbr. 2. mgr. 67. gr., skal Vátryggingareftirlitið þegar í stað taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga líftryggingarskuldinni, láta endurreikna skuldbindingarnar og leggja mat á verðmæti eigna. Ljúka skal greiðslu áfallinna og tilkynntra líftryggingarkrafna samkvæmt reglum sem giltu áður en skilastjórn var skipuð. Líftryggingarkröfur, sem falla til útborgunar síðar, má greiða út að því marki er Vátryggingareftirlitið telur forsvaranlegt með tilliti til eignarstöðu. Endurkaup eru óheimil nema sem greiðsla á lánum gegn veði í líftryggingum hjá félaginu.

Þegar að loknu endurmati skv. 1. mgr. skal Vátryggingareftirlitið leita til annarra líftryggingarfélaga um yfirtöku líftryggingarstofns og líftryggingarskuldar. Vátryggingareftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það sem það telur hagkvæmast fyrir vátryggða. Vátryggingareftirlitið skal með tilkynningu í Lögbirtingablaði greina frá helstu atriðum tilboðsins sem það hefur valið og skal jafnframt auglýst eftir athugasemdum frá vátryggingartökum og vátryggðum sem berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Að fengnum athugasemdum getur Vátryggingareftirlitið framselt stofninn líftryggingarfélagi því er Vátryggingareftirlitið valdi ásamt eignum sem mæta eiga líftryggingarskuldinni enda tekur viðtakandi þá við öllum skuldbindingum vegna líftrygginganna.

Þeir vátryggingartakar eða vátryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingarstofn eða komi ekki fram þau tilboð er Vátryggingareftirlitið vill mæla með skulu eignir hinna vátryggðu greiddar þeim í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra.

69. gr.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á búi líftryggingarfélags skal ekki telja eignir, sem mæta eiga líftryggingarskuldinni, með eignum þrotabúsins eða skuldbindingar með skuldum þess. Ákvæði 68. gr. um sérstaka meðferð líftryggingarstofnsins gilda og getur Vátryggingareftirlitið krafist allra gagna frá þrotabúinu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri hans og ráðstöfun. Hafi sérstök meðferð líftryggingarstofns verið ákveðin áður en beiðst er gjaldþrotaskipta, sbr. 67. gr., hefur það ekki áhrif á framkvæmd samkvæmt þessari og 68. gr.

70. gr.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta í vátryggingarfélagi sem rekur aðra starfsemi en líftryggingarstarfsemi skal Vátryggingareftirlitið, jafnskjótt og búið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, meta í samráði við skiptastjóra, hvort hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra verði best gætt með því að yfirfæra vátryggingarstofna að öllu leyti eða að hluta til eins eða fleiri vátryggingarfélaga sem reka vátryggingarstarfsemi hér á landi.

Berist tilboð er Vátryggingareftirlitið metur hagkvæmt fyrir vátryggingartaka og vátryggða skal eftirlitið leggja fram tillögu til samkomulags um flutning stofnsins og tilkynna í Lögbirtingablaði um helstu efnisatriði slíks samkomulags. Einnig skal auglýsa eftir athugasemdum vátryggingartaka og vátryggðra er berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Að teknu tilliti til þeirra skal Vátryggingareftirlitið að frestinum loknum taka ákvörðun um hvort unnt sé að yfirfæra vátryggingarstofna á þann hátt sem lagt er til.

71. gr.

Þegar tekin er ákvörðun um frjáls slit vátryggingarfélags samkvæmt samþykktum þess skal félagið leggja fyrir Vátryggingareftirlitið greinargerð um óuppgerðar vátryggingarskuldbindingar félagsins og á hvern hátt ætlunin sé að ljúka þeim.

Vátryggingareftirlitið skal, eins og segir í 2. mgr. 67. gr., meta og taka ákvörðun um hvort hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra teljist best borgið með flutningi til annars eða annarra félaga, svo og þegar um líftryggingarstofn er að ræða hvort stofninn skuli sæta sérstakri meðferð, sbr. 68. gr.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

72. gr.

Ráðherra vátryggingarmála setur reglugerðir um þau efni sem í lögum þessum greinir.

73. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

74. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði og falla þá úr gildi lög nr. 50 16. maí 1978, um vátryggingarstarfsemi, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga um vátryggingarstarfsemi, nr. 50/1978, og reglugerðar nr. 77/1975 um ársreikninga vátryggingarfélaga ásamt breytingum, svo og reglugerðar nr. 482/1981 um könnun á gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingarfélaga skulu gilda um reikningsskil og ársuppgjör vátryggingarfélaga fyrir reikningsárið 1993, eftir því sem við getur átt. Ákvæði þeirra laga og reglugerða um gjaldþol og lágmarksgjaldþol skulu einnig gilda um tiltekin starfandi vátryggingarfélög samkvæmt sérstökum lista sem Vátryggingareftirlitið leggur fram sem fá aðlögunartíma til ársloka 1994 til að uppfylla fjárhagsskilyrði og mega ekki starfa annars staðar á Evrópsku efnahagssvæði en á Íslandi fyrr en skilyrðin eru uppfyllt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ágúst 1989 skipaði þáverandi tryggingamálaráðherra, Guðmundur Bjarnason, nefnd til að endurskoða lög um vátryggingarstarfsemi en tímabært þótti að endurskoða gildandi lög sem eru frá 1978. Í nefndina voru skipaðir Erlendur Lárusson tryggingafræðingur, forstöðumaður Tryggingaeftirlitsins, formaður, Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur, Guðný Björnsdóttir lögfræðingur, Jón Magnússon lögfræðingur, fulltrúi Neytendasamtakanna, og Sigmar Ármannsson lögfræðingur, fulltrúi Sambands íslenskra tryggingafélaga. Ritari nefndarinnar var Rúnar Guðmundsson lögfræðingur.

Nefndin hélt samtals 47 fundi þar af 6 á árunum 1989 og 1990, 20 á árinu 1991 og 21 fund á árinu 1992. Í þann mund er nefndin var skipuð hófust samningaviðræður EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um myndun Evrópsks efnahagssvæðis. Nefndin taldi rétt að við heildarendurskoðun gildandi laga um vátryggingarstarfsemi yrði tekið tillit til nauðsynlegrar aðlögunar að Evrópulöggjöfinni og niðurstaðna samningaviðræðna EFTA og EB á þessu sviði. Störf nefndarinnar á árunum 1989 og 1990 voru því einkum fólgin í undirbúningsvinnu, öflun gagna og upplýsinga og að fylgjast með þeirri þróun sem átti sér stað á alþjóðavettvangi á þessu sviði.

Samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði sem samþykktur var 2. maí 1992 skuldbindur Ísland sig til að lögfesta að efni til sams konar reglur um vátryggingarstarfsemi og í gildi eru innan Evrópubandalagsins. Á vátryggingarsviði er þessar reglur að finna í eftirfarandi tilskipunum ásamt breytingum á þeim. Auk þess eru talin tvenn tilmæli sem aðildarríki skulu taka tillit til:

1. Tilskipun 64/225/EBE um endurtryggingar.
2. 1. tilskipun 73/239/EBE um skaðatryggingar með breytingum samkvæmt tilskipunum 76/580/EBE, 84/641/EBE, 87/343/EBE, 87/344/EBE, 88/357/EBE og 90/618/EBE.
3. Tilskipun 73/240/EBE um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda o.fl.
4. Tilskipun 78/473/EBE um samtryggingar.
5. Tilskipun 84/641/EBE um ferðamannaaðstoð.
6. Tilskipun 87/344/EBE um réttaraðstoð.
7. 2. tilskipun 88/357/EBE um skaðatryggingar með breytingum samkvæmt tilskipun 90/618/EBE.
8. 1. tilskipun 72/166/EBE um ábyrgðartryggingar ökutækja með breytingum samkvæmt tilskipunum 72/430/EBE, 84/5/EBE, 90/232/EBE og ákvörðun 91/323/EBE.
9. 2. tilskipun 84/5/EBE um ábyrgðartryggingar ökutækja með breytingum samkvæmt tilskipun 90/232/EBE.
10. 3. tilskipun 90/232/EBE um ábyrgðartryggingar ökutækja.
11. 1. tilskipun 79/267/EBE um líftryggingar með breytingum samkvæmt tilskipun 90/619/EBE.
12. 2. tilskipun 90/619/EBE um líftryggingar.
13. Tilskipun 77/92/EBE um vátryggingarmiðlara.
14. Tilmæli 74/165/EBE um gildistíma ábyrgðartrygginga ökutækja í öðru aðildarríki.
15. Tilmæli 81/76/EBE um að flýta tjónsuppgjöri í ábyrgðartryggingum ökutækja.

Frumvarpið var lagt fyrir 116. löggjafarþing en varð ekki útrætt. Það er lagt fram nú óbreytt nema að því er varðar skipulag Tryggingaeftirlitsins. Um það var ágreiningur í nefnd þeirri sem samdi frumvarpið. Ráðuneytið hefur breytt frumvarpinu þannig að ekki er gert ráð fyrir breytingum á núgildandi fyrirkomulagi. Nauðsyn ber til að fullnægt verði þeim skyldum sem Ísland hefur tekið á sig vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði

eigi síðar en við formlega gildistöku hans og þetta frumvarp felur í sér þær breytingar sem gera verður á vátryggingarsviði nú. Þess ber að geta að fram undan eru mjög veigamiklar breytingar á lögum um vátryggingarstarfsemi vegna svonefndrar þriðju kynslóðar tilskipana EB sem þegar hafa verið samþykktar hjá Evrópubandalaginu. Þessar breytingar verða til umfjöllunar eftir að EES-samningurinn hefur formlega tekið gildi.

1. Löggjöf um vátryggingarstarfsemi.

Sérstök löggjöf er hvarvetna í gildi um vátryggingarstarfsemi undir eftirliti opinberra stjórnvalda. Heildarlöggjöf um vátryggingarstarfsemi var sett mun seinna á Íslandi en í nágrannalöndum eða á árinu 1973 með lögum nr. 26/1973. Var þá löggjöf Norðurlanda einkum höfð til hliðsjónar en hún stendur á mjög gömlum merg. Lögin voru endurskoðuð 1978 í nokkrum atriðum og eru gildandi lög um vátryggingarstarfsemi, nr. 50/1978.

Í greinargerð með fyrsta frumvarpinu frá 1973 er gerð grein fyrir ástæðum þess að rétt þykir að setja sérstök lög um vátryggingarstarfsemi og er það sem þar segir enn í fullu gildi:

„Vátryggingar skipta miklu máli í nútímaþjóðfélagi og varða flesta ef ekki alla þegna þjóðfélagsins. Um hendur vátryggingaraðila rennur mjög mikið fjármagn. Það er þjóðfélagsnauðsyn að vátryggingar séu reknar á heilbrigðum grundvelli og gætt sé hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra. Vátryggingartakar og vátryggðir hafa yfirleitt ekki aðstöðu til að meta fjárhagsstöðu þeirra vátryggingaraðila sem þeir skipta við og gera sér í raun grein fyrir þeim kjörum sem þeir semja um. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að ríkisvaldið taki að sér að hafa eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og fái rúmar heimildir til að taka í taumana ef eitthvað fer úrskeiðis."

Gildandi lög um vátryggingarstarfsemi hér á landi eru ekki eins ítarleg og löggjöf nágrannaþjóða, svo sem Norðurlanda. Miklar breytingar hafa átt sér stað á þessu og mörgum öðrum sviðum þjóðfélagsins frá því að lögin voru sett og ör þróun á sér stað með æ nánari samskiptum og samvinnu á alþjóðavettvangi þar sem aflétt er hömlum og reglur eru rýmkaðar, m.a. á sviði viðskipta-, fjármála- og þjónustustarfsemi. Skortir hér á landi lagaákvæði um ýmsa þætti vátryggingarstarfseminnar, m.a. til að tryggja réttarstöðu vátryggingartaka og vátryggðra og þörf er skilvirkari og skýrari ákvæða um mörg atriði varðandi starfsemi vátryggingarfélaga og eftirlit með henni. Þá þarf að setja ýmis sérákvæði í lög vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Nefndin hefur kynnt sér löggjöf nágrannaþjóða á þessu sviði, einkum Norðurlanda. Hefur í því sambandi mjög verið litið til dönsku laganna en dönsk lög hafa verið löguð að reglum Evrópubandalagsins sem ætlað er að gilda á Evrópsku efnahagssvæði. Einnig hefur nefndin fylgst með því lagastarfi sem á sér stað annars staðar á Norðurlöndum vegna EES-samningsins og aflað gagna og upplýsinga frá Finnlandi, Noregi og Svíþjóð í því sambandi.

2. Meginefni og helstu nýmæli frumvarpsins.

Frumvarpið er á mörgum sviðum mun ítarlegra en gildandi lög og ný ákvæði að finna um mörg atriði. Jafnframt því sem heimildir vátryggingarfélaga til starfsemi eru rýmkaðar og felld eru niður ýmis skilyrði á markaðs- og fjármálasviði eru sett ákvæði til eflingar neytendavernd og heimildir eftirlitsaðilans til afskipta eru skýrari og í ýmsum tilvikum auknar. Ákvæði hafa ekki verið áður í lögum um afskipti eftirlitsins af vátryggingarstofni og vátryggingarskuldbindingum félaga eftir að starfsleyfi hefur verið afturkallað og við félagsslit og sérstakur kafli er um vátryggingarmiðlun og vátryggingarumboð sem engin laga-

ákvæði hafa verið til um hér á landi áður. Þá eru sérkaflar annars vegar um starfsemi erlendra félaga sem eiga staðfestu á Evrópsku efnahagssvæði og hins vegar um félög sem eru utan þess en ákvæði um hin síðarnefndu eru nokkuð ítarlegri en í gildandi lögum.

Frumvarpið er við það miðað að fullnægt verði ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem undirritaður var 2. maí 1992 í Óporto í Portúgal og þeim gerðum á vátryggingarsviði sem eru hluti þess samnings.

Samningurinn gerir ekki nú þegar ráð fyrir myndun eins sameiginlegs vátryggingarmarkaðar með fjárhagslegu eftirliti heimaríkis og frelsi til að veita og fá þjónustu hvar sem er á svæðinu. Hafa menn farið mun hægar hjá Evrópubandalaginu á vátryggingarsviðinu en á ýmsum öðrum sviðum fjármála, viðskipta og þjónustu í þá átt að samræma löggjöf, að aflétta hömlum og falla frá gildandi reglum heima fyrir. Vegna hins sérstaka eðlis og hlutverks vátrygginga verða neytendahliðin og hin viðskiptalega hlið að fylgjast að en menn hafa verið nokkuð á eftir að móta stefnu og setja reglur á sviði neytendaverndar.

Fyrst um sinn verður samkvæmt samningnum eingöngu skylt að aflétta tilteknum hömlum í skaðatryggingum sem einkum tengjast atvinnurekstri og í líftryggingum þegar líftryggingartaki hefur eigin frumkvæði að töku líftryggingar og geta lög annarra aðildarríkja þá átt við um slíka vátryggingarsamninga og fjárhagslegt eftirlit með slíkri starfsemi verður í höndum erlends ríkis. Að öðru leyti gilda lög og reglur heimaríkis um þá starfsemi sem þar fer fram og eftirlit með henni en ýmsar reglur t.d. varðandi hin fjárhagslegu skilyrði eru samræmdar. Í náinni framtíð er þó ætlunin að lagareglur sem opna hliðstæða möguleika í öðrum greinum vátrygginga verði hluti EES-samningsins.

Að fjárhagslegt eftirlit verður í höndum erlendra eftirlitsstjórnvalda þýðir þó engan veginn að öllu slíku eftirliti heima fyrir verði hætt. Þvert á móti er það almenn stefna í þessum málum að samhliða því að hömlum er aflétt verði eftirlit og neytendavernd eflt og eftirlitsstjórnvöld koma til með að hafa áfram ríkar heimildir til afskipta í samræmi við gildandi löggjöf heima fyrir og gert er ráð fyrir nánu samstarfi milli eftirlitsstjórnvalda aðildarríkjanna. Samstarf hefur raunar um langt skeið átt sér stað á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu á sviði eftirlitsmála.

Frumvarpið gerir sem sé ráð fyrir að reglum EES-samningsins, eins og hann liggur fyrir nú, verði fullnægt en síðar verði lögum breytt eftir þörfum og eftir því sem ný samningsákvæði verða hluti samningsins.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru sem hér segir:

Í I. kafla eru heimildir vátryggingarfélaga til að reka hliðarstarfsemi, sem tengist vátryggingarstarfsemi, t.d. á fjármálasviði, rýmkaðar. Vátryggingarfélög mega samkvæmt frumvarpinu eiga meiri hluta eða hafa virk yfirráð í félagi sem rekur hliðarstarfsemi sem hingað til hefur verið óheimilt. Þetta er í samræmi við þróunina almennt og styrkir samkeppnisaðstöðu íslenskra vátryggingarfélaga á markaðnum. Jafnframt er gert ráð fyrir heimildum Tryggingaeftirlitsins til að hafa eftirlit með félögum sem reka hliðarstarfsemi.

Þá er kveðið á um að félög, sem stofnuð eru með sérlögum, skuli, með sama hætti og einkavátryggingarfélög, vera í hlutafélagsformi, gagnkvæmu formi eða öðru lögmæltu félagsformi. Lagareglur EES-samningsins kveða á um að félög stofnuð með lögum skuli starfa á jafnréttisgrundvelli og við sömu rekstrarskilyrði og einkafélög.

Gerður er greinarmunur á „stóráhættu“ og „fjöláhættu“ í samræmi við ákvæði EES-samningsins, sbr. nánari umfjöllun í VI. kafla.

Þá er neytendaákvæði sem kveður á um skyldu vátryggingarfélaga til að upplýsa almennt um hvaða félag beri áhættuna og hvar það er áður en vátryggingartaki er skuldbundinn gagnvart vátryggingarfélagi og að vátryggingarsamningur beri ávallt þessar upplýsingar með sér.

Í II. kafla eru þau nýmæli fyrst og fremst að ítarlegri ákvæði er nú að finna um hvernig standa skuli að stofnun vátryggingarfélags en um það hafa hingað til eingöngu verið ákvæði í hlutafélagalögum. Í nokkrum atriðum eru reglur samkvæmt frumvarpinu strangari eins og þegar um er að ræða mat á greiðslu hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár í öðru en reiðufé, og varðandi samþykktir sem ávallt skulu háðar samþykki Tryggingaeftirlitsins. Þá eru sérákvæði um gagnkvæm félög sem ekki hefur áður verið að finna í lögum um vátryggingarstarfsemi.

Ákvæði er um hvað koma skuli fram í umsókn um starfsleyfi og hvað skuli skráð í vátryggingarfélagaskrá sem áður hafa verið í reglugerð. Nýmæli í samræmi við reglur EES-samningsins er að krafist er áætlunar um rekstur og efnahag næstu þrjú árin er fylgja skal umsókn um starfsleyfi.

Þá eru felld niður skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt stofnenda en almennt krafist búsetu hér og hæfisskilyrða. Nýmæli hér á landi er að kveða á um að viðkomandi hafi óflekkað mannorð og hafi aldrei misst forræði á búi sínu. Ráðherra hefur heimild til að víkja frá skilyrðum um búsetu.

Í III. kafla eru alfarið teknar upp þær reglur sem eiga að gilda á Evrópsku efnahagssvæði um gjaldþol, lágmarksgjaldþol og um ábyrgðarsjóð. Gert er ráð fyrir nánari útfærslu í reglugerð.

Nýmæli er að vátryggingarfélag skal á hverjum tíma, og í öllum greinum vátrygginga, halda skrá yfir eignir samsvarandi vátryggingarskuldinni en í gildandi lögum eru slík ákvæði einvörðungu á sviði líftrygginga. Í samræmi við reglur EES-samningsins eru hér settar strangari reglur á sviði skaðatrygginga en reglurnar rýmkaðar á sviði líftrygginga, með það fyrir augum að tryggja að ávallt séu fyrir hendi eignir í vátryggingarfélagi til að mæta skuldbindingum vegna gerðra vátryggingarsamninga og á hinn bóginn að aflétta hömlum er tengjast fjármálasviði.

Nýmæli er einnig að ákvarðanir um lækkun áhættufjár, eða ef greiða á nýja hluti á annan hátt en í reiðufé, er háð samþykki Tryggingaeftirlitsins.

Í IV. kafla er helsta nýmælið að kveðið er á um skyldu vátryggingarfélags að hafa í þjónustu sinni tryggingastærðfræðing eða sérfræðing með sambærilega menntun, m.a. til að meta vátryggingarskuld félags en til þessa hefur skyldan verið bundin við líftryggingarstarfsemi einvörðungu. Markmiðið er að tryggja betur en áður mat á áhættuþáttum vátryggingarstarfseminnar sem ekki er síður mikilvægt á sviði skaðatrygginga en líftrygginga.

Þá er nýmæli að kveðið er á um hæfisskilyrði stjórnarmanna og skilyrði um búsetu meiri hluta stjórnar á Íslandi. Ráðherra er heimilt að víkja frá kröfum um búsetu á Íslandi.

Í V. kafla eru stefnumarkandi ákvæði um hlutverk Tryggingaeftirlitsins. Nýmæli er að kveðið er sérstaklega á um að við stofnunina skuli starfrækt neytendamáladeild og að eftirlit skuli haft með viðskiptaháttum, sölumennsku og tjónsuppgjöri vátryggingarfélaga.

Þá er lagt til að ábyrgð ríkissjóðs á útgjöldum eftirlitsins umfram álagðar sértekjur verði felld niður og að rekstur stofnunarinnar verði alfarið reistur á sértekjum.

Í VI. kafla er það nýmæli að gerður er greinarmunur á vátryggingarfélögum sem eru á Evrópsku efnahagssvæði og félögum utan þess. Ákvæði um hin fyrrnefndu eru samræmd ákvæðum EES-samningsins að því er varðar staðfesturétt og heimildir til að veita hér þjónustu en varðandi hin síðarnefndu eru ákvæðin í aðalatriðum efnislega hliðstæð gildandi ákvæðum en ítarlegri, m.a. varðandi eftirlit og heimildir eftirlitsins til afskipta.

Meginstefna frumvarpsins varðandi félög á Evrópsku efnahagssvæði er ríkar heimildir Tryggingaeftirlitsins hér á landi til afskipta af starfseminni í samráði við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis um starfsleyfismál og fjárhagsleg skilyrði.

VII. kafli er nýmæli í heild sinni að fáeinum ákvæðum undanskildum. Sérstök ákvæði um vátryggingarmiðlun og vátryggingarumboð hafa ekki verið í lögum hér á landi. Talið er víst að miðlunar- og umboðsstarfsemi muni gegna æ mikilvægara hlutverki á vátryggingarmarkaði í náinni framtíð í framhaldi myndunar Evrópsks efnahagssvæðis og sameiginlegs innri vátryggingarmarkaðar. Neytendur muni í auknum mæli þurfa á upplýsingum og aðstoð að halda um kjör og innihald við kaup vátrygginga og við tjónsuppgjör þegar tjónsatburður á sér stað. Er því mikilvægt að settar verði reglur í þágu neytenda um þessa starfsemi og að eftirlit verði haft með henni.

Sérstök tilskipun hefur verið sett hjá EB um þessa starfsemi og er hún hluti EES-samningsins. Auk þess var nýlega (1992) ítrekað með sérstökum tilmælum frá EB, sem einnig verða tekin upp í EES-samninginn, að setja beri nánari reglur m.a. um skráningu þessarar starfsemi og kröfur gerðar um menntun og þekkingu en reglur aðildarríkjanna eru mjög mismunandi í þessum efnum. Sums staðar eru mjög vægar kröfur gerðar og starfsemin ekki háð sérstöku starfsleyfi, annars staðar hafa verið sett sérstök lög.

Hér á landi hefur miðlun eða umboðsstarfsemi, a.m.k. síðari ár, verið rekin í mjög litlum mæli sem sjálfstæð atvinnustarfsemi. Innlend vátryggingarfélög hafa sölumenn starfandi innan sinna veggja og reka umboð út um land og allalgengt hefur verið að vátryggingarfélög ráði sölumenn til lengri eða skemmri tíma sem ganga í hús og selja vátryggingar. Hér er lagt til að ákvæði um þessa starfsemi verði í lögum um vátryggingarstarfsemi enda verði eftirlit með henni í höndum Tryggingaeftirlitsins og ráðherra vátryggingarmála.

Í VIII. kafla eru hugtök samræmd hugtökum samkvæmt reglum EES-samningsins og ákvæðin eru ítarlegri. Nýmæli er m.a. að drög að samrunaáætlun fylgi umsókn til eftirlitsins og nánar er kveðið á um hvað þar skal koma fram og hvaða gögn skuli að öðru leyti fylgja.

IX. kafli er að miklu leyti nýmæli. Að öðru leyti en varðar líftryggingar hafa engin ákvæði verið í gildandi lögum um vátryggingarstarfsemi um afskipti Tryggingaeftirlitsins þegar grípa þarf til sérstakra ráðstafana eða eftir að starfsleyfi er afturkallað. Kveðið er á um mismunandi stig aðgerða eftir eðli og efni máls. Í frumvarpinu er mælt fyrir um afskipti Tryggingaeftirlitsins við ráðstöfun vátryggingarstofns og vátryggingarskuldar til að gæta hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra. Ákvæðin um hvernig brugðist skal við þegar félag uppfyllir ekki fjárhagskröfur eru í samræmi við reglur EES-samningsins.

Í X. kafla er gildistökuákvæði og við það miðað að lögin taki gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur formlega tekið gildi.

Í bráðabirgðaákvæði kemur fram að sérákvæði er í EES-samningnum fyrir Ísland varðandi tiltekin vátryggingarfélög sem fá aðlögunartíma til ársloka 1994 til að uppfylla fjárhagsskilyrði frumvarpsins og er um að ræða nokkur minni líf- og skaðatryggingarfélög.

Þá er einnig kveðið á um að núgildandi lög og reglur skuli gilda um reikningsskil og ársuppgjör fyrir árið 1993.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að „á viðskiptagrundvelli“ verði fellt niður, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi (LUV). Lögin eiga við um vátryggingarstarfsemi almennt en ekki er til tæmandi skilgreining á því hvað í slíkri starfsemi felst. Vátryggingarstarfsemi er viðskiptalegs, fjármálalegs og félagslegs eðlis og er rekin hér á landi af einkafélögum og félögum og stofnunum samkvæmt sérlögum er gegna hlutverki af ýmsum toga á þessu sviði.

Lagt er til eins og í gildandi lögum að ráðherra vátryggingarmála skeri úr ef ágreiningur kemur upp um það hvort starfsemi falli undir ákvæði laganna.

Um 2. gr.

Lagt er til að lögin taki til þeirra aðila sem taldir eru í 1. mgr. 2. gr. LUV hafi þessir aðilar með höndum vátryggingarstarfsemi.

Um 3. gr.

Meginbreytingin er, sbr. 3. gr. LUV, að skilgreining á félagsformi vátryggingarfélaga nær nú einnig til félaga sem starfa samkvæmt sérlögum, þ.e. þau mega vera á hlutafélagsformi, gagnkvæmu félagsformi eða á öðru lögmæltu félagsformi, að því tilskildu að þau starfi við hliðstæð skilyrði og einkafélög. Þetta er í samræmi við lagareglur EB sem gilda samkvæmt EES-samningi.

Eins og í 9. gr. LUV er kveðið á um að ákvæði hlutafélagalaga gildi nema annað leiði af ákvæðum laga þessara en hér er bætt við samsvarandi ákvæði um að lög um samvinnufélög gildi um gagnkvæm vátryggingarfélög sem stofnuð eru og rekin í samvinnufélagsformi nema annað leiði af ákvæðum þessara laga og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Um 4. gr.

Sbr. 4. gr. LUV. Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. hlutafélagalaga, nr. 32/1978, sbr. lög nr. 69/1989 (HFL), en á hér einnig við um vátryggingarfélög sem ekki eru hlutafélög.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli og tengist tillögum um breytingar á starfssviði vátryggingarfélaga, sbr. 6. og 7. gr., þar sem lagt er til að heimildir vátryggingarfélaga til að reka ýmiss konar hliðarstarfsemi, sem tengist vátryggingarstarfsemi, verði rýmkaðar verulega frá gildandi lögum. Lögin eiga við um tengsl félags sem ekki er vátryggingarfélag og vátryggingarfélaga ef litið væri á hið fyrrnefnda sem móðurfélag ef það ræki vátryggingarstarfsemi og sama gildir þó að skilyrði 4. gr. um félagasamstæður séu ekki uppfyllt ef veruleg innbyrðis tengsl eru á milli þeirra og skulu félögin þá tilnefna eitt þeirra sem móðurfélag.

Lagt er til að sú stofnun, sem eftirlit hefur með vátryggingarstarfseminni, nefnist Vátryggingareftirlit til samræmis við vátryggingarstarfsemi, vátryggingarfélög o.s.frv. í stað Tryggingaeftirlits samkvæmt LUV. Orðið „trygging“ er notað bæði um ábyrgðir, um almannatryggingar o.fl. og er í frumvarpinu eftir því sem unnt er leitast við að skeyta „vá-“ fyrir framan, þó ekki t.d. í ýmsum samsetningum, sbr. eignatryggingar, slysatryggingar o.s.frv.

Um 6. gr.

Eins og í LUV, sbr. 4. gr., er grundvallarskilyrði að vátryggingarfélag reki ekki starfsemi sem er óskyld vátryggingarstarfsemi og er nýmæli að reynt er að skilgreina hvenær starfsemi telst óskyld starfsemi, sbr. 2. mgr. Á hinn bóginn er talið rétt að rýmka möguleika vátryggingarfélaga á að reka hliðarstarfsemi sem tengist hinni hefðbundnu vátryggingarstarfsemi, sbr. 7. gr., og að ávaxta fjármuni sína þegar það er liður í eðlilegri starfsemi á þessu sviði. Er það í samræmi við þróun sem hvarvetna hefur átt sér stað að undanförnu. Er hér lagt til að vátryggingarfélög megi eiga meiri hluta í fyrirtæki sem rekur fjármálastarfsemi að því tilskildu að fyrirtækið sé háð opinberu eftirliti, svo sem hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands eða sambærilegri stofnun.

Samkvæmt 4. mgr. er vátryggingarfélögum alfarið bannað að taka á sig ábyrgðir sem ekki eru vátryggingar og er fellt niður ákvæði 4. mgr. 4. gr. LUV þar sem slíkt er heimilt „í sambandi við eðlilegan rekstur félags". Í breytingunni felst að vátryggingarfélag verður alfarið að reka slíka starfsemi sem vátryggingarstarfsemi í formi greiðslu- eða efndavátrygginga sem eru sérstakir greinaflokkar vátrygginga.

Um 7. gr.

Hér er, eins og í 4. gr. LUV, skilgreint hvers konar hliðarstarfsemi telst heimil vátryggingarstarfsemi en 5. tölul. er nýmæli þar sem um verulega rýmkun á starfssviði vátryggingarfélaga er að ræða. Starfsemi skv. 5. tölul. er ávallt háð sérstöku leyfi Tryggingaeftirlitsins og er undir eftirliti þess og getur eftirlitið gert kröfu um að starfsemin verði rekin í sérstöku félagi.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða ákvæði í eldri lögum nr. 26/1973, um vátryggingarstarfsemi, en ákvæðið var fellt niður við endurskoðun laganna 1978. Ástæða þykir til að vekja ákvæði þetta til lífs, m.a. í ljósi rýmkunar á starfssviði vátryggingarfélaga. Ákvæðið er stefnumarkandi og lögð er áhersla á það meginhlutverk vátryggingarfélaga að reka starfsemi sína með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum.

Um 9. gr.

Meginreglan er, eins og í núgildandi lögum, sbr. 4. gr. LUV, að líftryggingar skuli reka í sérstöku félagi. Rétt þykir þó að heimila undanþágu frá því þegar um áhættulíftryggingar er að ræða sem eru teknar með öðrum vátryggingum og eigi til lengri tíma í senn en 10 ára, og megi þá reka þær í skaðatryggingarfélagi. Þetta á t.d. við um hóptryggingar fyrirtækja og félagasamtaka sem teknar eru sem ein heild í líf-, sjúkra- og slysatryggingum og eðlilegt þykir að verið geti hjá einu og sama félagi.

Um 10. gr.

Nýmæli er að gerður er greinarmunur á svonefndri „stóráhættu" og „fjöláhættu" í frumtryggingum, en til hinnar fyrrnefndu teljast skaðatryggingar einkum í atvinnurekstri og í tilteknum greinaflokkum skaðatrygginga hjá stærri fyrirtækjum en skaðatryggingar hins almenna vátryggingartaka, fjölskyldna og heimila teljast til hinnar síðarnefndu. Flokkunin er í samræmi við lagareglur EB sem eru hluti EES-samnings og eru samsvarandi hugtök í ensku máli „large risks" og „mass risks". Þá er gerður greinarmunur á líftryggingum sem líftryggingartaki tekur að eigin frumkvæði og líftrygginga þar sem um virka sölumennsku

er að ræða af hálfu líftryggingarfélags við öflun líftrygginga. Talin er minni þörf á að vernda vátryggingartaka er teljast til fyrrnefndu flokkanna með lagasetningu og opinberu eftirliti en hina síðarnefndu en þá er talin sérstök þörf á neytendavernd. Eru því ýmis laga-ákvæði varðandi starfsemi vátryggingarfélaga mismunandi eftir tegund þeirrar starfsemi sem vátryggingarfélagið rekur, t.d. varðandi skilyrði og veitingu starfsleyfis, eftirlit með starfseminni, skil á gögnum o.fl.

Nauðsynlegt er að skilgreina nánar með reglugerð hina ýmsu greinaflokka, mörkin milli stór- og fjöláhættu og hvað átt er við með stórfyrirtækjum og minni fyrirtækjum í þessu sambandi. Framangreind skipting er áfangi á leið til frekari rýmkunar reglna hjá EB er einnig er ætlunin að gildi á Evrópsku efnahagssvæði.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. er að finna í 5., 14. og 34. gr. LUV. Í 2. mgr. er nýmæli en rétt þykir að heimila að skrá megi félagsmenn með það fyrir augum að stofna gagnkvæmt félag þó að félagið hafi ekki verið skráð að því tilskildu að ekki sé stofnað til vátryggingarsamninga eða ábyrgða eða iðgjöld innheimt.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru nýmæli í samræmi við lagareglur EB sem gilda eiga samkvæmt EES-samningnum. Í 2. mgr. er m.a. gerð krafa um að bæði skráð og innborgað hlutafé skuli koma fram í öllum tilkynningum frá félaginu til almennings.

Einnig er nýmæli, sbr. 3. mgr., að ávallt skal geta nafns og aðseturs aðalstöðva vátrygg-ingarfélags, svo og þess félags sem áhættuna ber. Ekki er samt talin ástæða til að binda í lög samsvarandi ákvæði varðandi vátryggingar er teljast til stóráhættu nema þegar vátrygg-ingartaki er skuldbundinn samkvæmt vátryggingarsamningi. Þá skulu þessar upplýsingar ávallt koma fram, hvort sem um fjöl- eða stóráhættu er að ræða og ávallt í líftryggingum.

Um 13. gr.

Þessi grein er efnislega að miklu leyti samhljóða 3. gr. HFL en á hér við um öll félags-form vátryggingarfélaga. Hér er gerð krafa um að stofnendur skuli vera þrír hið fæsta en til þessa hefur þess verið krafist að stofnendur vátryggingarfélags væru minnst fimm, sbr. 6. og 10. gr. LUV. Samkvæmt HFL skulu þeir vera tveir hið fæsta.

Felld hefur verið niður krafan um íslenskan ríkisborgararétt stofnenda en gerð krafa um búsetu hér á landi. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá búsetuskilyrðinu enda leiðir það af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Nýmæli er að krafist er óflekkaðs mannorðs og að stofnendur hafi aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði frumvarpa sem lögð hafa verið fram að undanförnu í tengslum við EES-samninginn á fjármálasviði og þykir rétt að gera eigi minni kröfur á vátryggingarsviði en á öðrum svið-um fjármálastarfsemi. Þau sjónarmið komu fram í nefndinni að ákvæðið um að menn hafi aldrei misst forræði á búi sé of strangt og ekki í samræmi við viðtekin viðhorf og venjur á Íslandi.

Um 14. gr.

Engin ákvæði eru í LUV eða reglugerðum samkvæmt þeim um það sem koma á fram í stofnsamningi vátryggingarfélags. Í 4. og 5. gr. HFL eru ákvæði þessa efnis. Þykir rétt að hliðstæð ákvæði séu í lögum er þá gilda um öll félagsform vátryggingarfélaga.

Nýmæli er að koma verður fram í stofnsamningi ef stofnað er til félagsins með það fyrir augum að yfirtaka vátryggingarstofna, sbr. 4. mgr., og komi þá fram hvort samningsdrög liggi fyrir og hvort Tryggingaeftirlitið hafi fjallað um málið.

Ákvæðin eru að öðru leyti efnislega hin sömu og í HFL nema leita þarf undanþágu hjá Tryggingaeftirlitinu ef ætlunin er að greiðslur á hlutum í félaginu verði í öðru en reiðufé, sbr. 15. gr.

Um 15. gr.

Samkvæmt 6. gr. LUV teljast eingöngu greiðslur í peningum til innborgaðs hlutafjár, en engin hliðstæð ákvæði eru um greiðslur stofnfjár eða ábyrgðarfjár. Hér er lagt til að féð megi að fenginni heimild Tryggingaeftirlitsins greiða með öðrum hætti, en þá liggi fyrir matsgerð um verðmæti þess sem greitt er með. Sama gildir um aðra fjármuni sem lagðir eru fram samkvæmt nánari reglum og ekki eru ætlaðir til greiðslu hluta, sbr. 5. mgr.

Um 16. gr.

Ekki eru í LUV eða reglugerðum samkvæmt þeim ákvæði um það hvað skuli koma fram í samþykktum vátryggingarfélags nema í 13. gr. laganna um félagsslit í gagnkvæmum félögum. Í 6. gr. HFL eru ákvæði þessa efnis og þykir rétt að mæla svo fyrir um öll félagsform vátryggingarfélaga. Ákvæðin eru hliðstæð ákvæðum HFL nema ávallt skal getið í samþykktum hvernig ráðstafa skuli hagnaði og mæta skuli halla, svo og hvernig fara skuli með eignir félags við félagsslit. Þá eru nokkur sérákvæði varðandi gagnkvæm félög.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 9. gr. HFL.

Um 18. gr.

Í þessari grein er kveðið á um umsókn um starfsleyfi og gögn sem henni eiga að fylgja. Nýmæli er að kveðið er á um að Tryggingaeftirlitið skuli staðfesta samþykktir vátryggingarfélags.

Ákvæðið um tilkynningu til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings er efnislega hliðstætt ákvæðum HFL en hér er kveðið á um að áhættufé skuli að fullu greitt áður en unnt er að skrá félag sem vátryggingarfélag.

Nýmæli er í samræmi við gerðir samkvæmt EES-samningi að einungis skal gera kröfu um skil sýnishorna vátryggingarskilmála og iðgjaldagrundvallar þegar um fjöláhættu er að ræða, sbr. 10. gr. Eftirlit með öðrum skilmálum og iðgjaldagrundvelli þeirra er þó ekki fellt niður, sbr. 39. gr., en ekki verður um kerfisbundna skoðun fyrir fram að ræða eins og verið hefur.

Um 19. gr.

Nýmæli er í samræmi við gerðir samkvæmt EES-samningnum að áætlun um fyrirhugaða starfsemi skal lögð fram með umsókn um starfsleyfi. M.a. skal áætla stöðu vátryggingarfélags næstu þrjú bókhaldsárin og gera grein fyrir því hvernig félag hyggst mæta kostnaði og skuldbindingum sínum.

Um 20. gr.

Í LUV er ekki fjallað um meðferð umsóknar um starfsleyfi að öðru leyti en því að í 34. gr. er kveðið á um að eftirlitið skuli kanna hvort félag, sem sækir um starfsleyfi, fullnægi skilyrðum laga og reglugerða um vá tryggingarstarfsemi. Í 5. gr. nefndra laga segir að félag megi ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur fengið starfsleyfi og í 14. og 34. gr. að ráðherra veiti leyfi.

Hér er lagt til almennt ákvæði um að Tryggingaeftirlitið skuli leggja mat á umsókn félags um starfsleyfi og hefur eftirlitið þrjá mánuði, eftir að öll gögn hafa borist, til að ljúka umsögn sinni. Samkvæmt EES-samningnum er gert ráð fyrir sex mánaða fresti í þessu sambandi sem telja verður óþarflega langan tíma miðað við íslenskar aðstæður.

Lagt er til að ráðherra veiti starfsleyfi eins og í núgildandi lögum en jafnframt að meðmæli Tryggingaeftirlitsins liggi fyrir. Jafnframt er krafist, líkt og í gerðum EES-samnings, að það skuli stutt rökum og tilkynnt umsækjanda skriflega mæli eftirlitið gegn umsókninni. Hafi félag hins vegar þegar fengið starfsleyfi en hyggst taka upp nýja grein vátrygginga eða breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum er lagt til að Tryggingaeftirlitið veiti leyfi.

Um 21. gr.

Ákvæði um skráningu í vátryggingarfélagaskrá eru nú í reglugerð nr. 463/1981. Hér er lagt til að þessi og önnur atriði um vátryggingarfélagaskrá komi fram í lögunum sjálfum.

Nýmæli er, sbr. einnig 18. gr., að breytingar á samþykktum vátryggingarfélags öðlast ekki gildi fyrr en Tryggingaeftirlitið hefur samþykkt þær.

Um 22. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í reglugerð nr. 463/1981.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 12. gr. HFL nema bætt er við sérákvæðum um gagnkvæm vátryggingarfélög sem eigi hafa verið áður í lögum um vátryggingarstarfsemi.

Um 24. gr.

Hér er skilgreint hvaða efnahagsliði skuli telja til gjaldþols vátryggingarfélags. Hliðstæð ákvæði er að finna í reglugerð nr. 482/1981 en þær eru í allnokkrum atriðum samhljóða ákvæðum EES-samningsins. Hér eru notuð sömu hugtök og í núgildandi LUV, þ.e. gjaldþol er eigið fé félags þegar frá hafa verið dregnar óefnislegar eignir og eignaliðir hafa verið afskrifaðir eða færðir niður nægilega til öryggis og þegar tekið hefur verið tillit til dulinna varasjóða í eignum sem taldir eru af varanlegum toga. Gjaldþol vátryggingarfélags þarf því ekki að vera hið sama og bókfært eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi.

Þó er ekki lagt til hér, eins og í reglum EB, að telja megi til gjaldþols tiltekinn framtíðarhagnað af líftryggingum sem heimilt er að reikna með samkvæmt nánari reglum. Í meginatriðum eru til gjaldþols taldar eignir samsvarandi áhættufé og sjóðum sem ekki er ætlað að mæta skuldbindingum félagsins en gegna því hlutverki að mæta tapi. Óheimilt er að telja með óefnislegar eignir svo sem viðskiptavild.

Um 25. gr.

Gjaldþol vátryggingarfélaga skal á hverjum tíma nema tilteknu lágmarki sem reiknað er út eftir ákveðnum reglum með tilliti til þeirrar starfsemi sem rekin er og áhættunnar sem í henni felst. Skilyrði í vátryggingarrekstri er að vátryggingarfélag ráði ávallt yfir nægu fé til að geta örugglega staðið við skuldbindingar sínar og mætt þeirri áhættu sem í starfseminni felst.

Bregðast verður við hvenær sem ástæða er til að ætla að gjaldþol sé lægra en lágmarksgjaldþol og eru ráðstafanir mismunandi eftir aðstæðum. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið nánar á um hin tæknilegu atriði útreiknings á lágmarksgjaldþoli, sbr. núgildandi reglugerð nr. 482/1981 um það efni. Reglur samkvæmt þeirri reglugerð eru um margt hliðstæðar reglum EB samkvæmt EES-samningnum en í nokkrum atriðum eru gerðar meiri kröfur en nú eru gerðar. Einnig þarf að setja sérstakar reglur um líftryggingarfélög þar eð um þau gilda að nokkru leyti aðrar reglur.

Um 26. gr.

Greinin er nýmæli og er reist á samsvarandi ákvæðum lagareglna EB og EES-samnings. Mikilvæg forsenda starfsemi og eftirlits með henni á Evrópsku efnahagssvæði er samræmdar lágmarkskröfur um fjárhagsstyrk vátryggingarfélaga.

Skilgreindur er sérstakur ábyrgðarsjóður vátryggingarfélags sem nemur þriðjungi hins reiknaða lágmarksgjaldþols. Þó má hann aldrei vera lægri en þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í þessari grein en lágmarkið er mismunandi eftir tegund vátrygginga. Sem dæmi má nefna að sé lágmarksgjaldþol líftryggingarfélags reiknað 1,5 millj. ecu skal ábyrgðarsjóður skv. 1. mgr. nema 800 þús. ecu en ekki 500 þús. ecu. Ef sama félag rekur ábyrgðartryggingar ökutækja er ábyrgðarsjóður hins vegar 500 þús. ecu (þriðjungur lágmarksgjaldþols) en ekki lágmarkið 400 þús. ecu skv. 1. mgr. af því að það er lægra. Með ábyrgðarsjóði eru skilgreind þau mörk gjaldþols sem talin eru hættumörk í starfsemi vátryggingarfélags, þ.e. að grípa þurfi til ábyrgðarsjóðs til að mæta skuldbindingum er talin slík hætta á ferðum að grípa verður til skjótra aðgerða til að rétta við hag félagsins, sbr. IX. kafla.

Fjárhæðirnar eru í samræmi við reglur EB og með því að hafa þær í hinni evrópsku reiknieiningu, ecu, verður ekki þörf á að setja reglugerð ef breyta þarf fjárhæðum til samræmis við gengis- eða verðlagsbreytingar.

Í gagnkvæmum félögum má taka tillit til ábyrgðar félagsmanna, en þó má aldrei lækka ábyrgðarsjóð um meira en fjórðung saman borið við hlutafélög.

Um 27. gr.

Greinin er nýmæli. Meginatriðið er að á móti vátryggingarskuldinni skal ávallt vera til staðar hjá félagi tilteknar eignir sem að fjárhæð samsvara henni. Skulu í reglugerð settar sérstakar reglur um tegund og samsetningu þessara eigna. Þetta á bæði við um líftryggingar og aðrar vátryggingar og er hér gert ráð fyrir að reglurnar gildi bæði um frum- og endurtryggingar. Á hinn bóginn eru ekki settar sérstakar reglur um eignir félags aðrar en þær sem þarf til að mæta vátryggingarskuldinni.

Mjög strangar reglur eru í gildi í þessu efni varðandi líftryggingar skv. 29. og 30. gr. LUV en engar um aðrar greinar vátrygginga nema um erlend félög. Samkvæmt frumvarpinu eru felldar niður kröfur um að tilgreina ákveðnar eignir á móti líftryggingarskuldinni og um áritun sérstakra verðbréfa og annarra eigna sem henni samsvarar. Telja má að það kerfi, sem í gildi hefur verið, hafi verið þungt í vöfum og þjóni ekki þeim tilgangi sem því var ætlað.

Annars vegar eru því reglur um ávöxtun líftryggingarskuldarinnar í líftryggingarfélögum rýmkaðar mjög frá því sem nú er en hins vegar eru settar sérstakar reglur um vátryggingarskuld annarra greina sem engar reglur hafa gilt um til þessa. Tillögur þessar eru í samræmi við þær reglur sem nú og í náinni framtíð verða í gildi á Evrópsku efnahagssvæði. Tilgangur þessa er að ávallt sé til staðar í vátryggingarfélagi fé sem samsvarar vátryggingarskuldbindingum þess og að settar verði haldgóðar reglur um samsetningu og dreifingu þessa fjár.

Í 2. mgr. er nýmæli að kveðið er á um að vátryggingarfélag skuli halda skrá yfir þær eignir sem ætlað er að mæta vátryggingarskuld þess og það skal sjá til þess að nýjar eignir verði skráðar þegar breytingar verða. Senda skal Tryggingaeftirlitinu afrit skrárinnar með ársuppgjöri og á öðrum tíma, t.d. þegar eftirlitið telur ástæðu til að kanna þennan þátt sérstaklega. Þetta fyrirkomulag kemur í stað núgildandi fyrirkomulags varðandi líftryggingarfélögin en er nýmæli varðandi aðrar vátryggingargreinar.

Um 28. gr.

Í 3. og 4. mgr. eru settar reglur um hækkun og lækkun áhættufjár sem ekki eru í núgildandi lögum um vátryggingarstarfsemi. Lækkun áhættufjár skal ávallt háð samþykki Tryggingaeftirlitsins, einnig ef greiða á hækkun áhættufjár með skuldajöfnuði eða á annan hátt en í reiðufé. Í greininni eru einnig ákvæði um ábyrgðarhluti í gagnkvæmu félagi sem ekki er að finna í núgildandi lögum.

Um 29. gr.

Greinin er í aðalatriðum efnislega hliðstæð 11. gr. LUV. Þó er lágmarksfjárhæð ábyrgðar vátryggingartaka ekki tilgreind í frumvarpinu en gert ráð fyrir að alfarið verði kveðið á um ábyrgðina í samþykktum gagnkvæms vátryggingarfélags. Einnig er sú breyting að ekki má undanþiggja vátryggingarfélag sem endurtryggir í gagnkvæmu félagi ábyrgð ef endurtryggingariðgjöld nema meira en 10% heildariðgjalda félagsins. Hlutfallið er nú 20%. Tryggingaeftirlitið getur þó veitt undanþágu í þessu efni.

Um 30. gr.

Eins og í núgildandi lögum er lagt til að stjórn vátryggingarfélags skipi þrír menn hið fæsta. Hins vegar er lagt til að fellt verði niður ákvæði 3. mgr. 6. gr. um að a.m.k. einn stjórnarmanna vátryggingarhlutafélags skuli valinn sérstaklega með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna vátryggðu reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingarstarfsemi. Ekki hefur að ráði reynt á ákvæði þetta í framkvæmd og lítt verið leitað til þeirra stjórnarmanna sem þannig hafa verið valdir um úrlausnir mála. Þó hefur komið fyrir að stjórnvöld hafi bent á þennan sérstaka fulltrúa vátryggingartaka þegar kvartanir hafa beinst gegn tilteknum félögum. Neytendaþjónusta Tryggingaeftirlitsins hefur starfað með formlegum hætti síðan 1981 og er hlutverk hennar m.a. að gegna hliðstæðu hlutverki. Auk þess er neytendaþjónusta í boði á vegum fleiri aðila á vátryggingarsviði. Verður að telja slíkt form heppilegra en það fyrirkomulag sem hér er nú í gildi.

Ákvæðin um búsetu og hæfisskilyrði stjórnarmanna eru nýmæli, sbr. athugasemdir við 13. gr.

Ákvæði 2. mgr. er einnig nýmæli í lögum um vátryggingarstarfsemi en er hliðstætt 2. mgr. 70. gr. HFL en hér ber Tryggingaeftirlitinu að boða til aðalfundar í vátryggingarfélagi.

Þá er ákvæði 3.–5. mgr. nýmæli. Þar er kveðið á um tilkynningarskyldu stjórnar til Tryggingaeftirlitsins við tilteknar aðstæður, þ.e. þegar stjórnendur öðlast vitneskju um málefni sem geta haft úrslitaþýðingu um starfsemi félagsins, þegar stjórnendur hafa sérstakra fjárhagslegra hagsmuna að gæta vegna þátttöku í umboðs- eða miðlunarstarfsemi vátrygginga og þegar samstæða vátryggingarfélaga er mynduð eða félag mun öðlast meiri hluta eða virk yfirráð í öðru félagi.

Um 31. gr.

Í LUV eru ákvæði um efni þessarar greinar, sbr. 17. og 39. gr. Helstu frávik frá þeim eru að ekki er gert ráð fyrir ítarlegri upptalningu í lögum á þeim gögnum sem fylgja eiga ársreikningi til Tryggingaeftirlitsins og eðlilegt talið að um það verði settar reglur í reglugerð eða að Tryggingaeftirlitið setji sjálft slíkar reglur enda getur eftirlitið ávallt krafist þeirra gagna sem það óskar.

Önnur breyting samkvæmt frumvarpinu er að eftirlitið skal setja félagi hæfilegan frest þegar krafa er gerð um að ársreikningur, sem ekki er í samræmi við lög, reglugerðir eða samþykktir félags, skuli tekinn fyrir á ný á aðalfundi.

Um 32. gr.

Í 17. gr. og 39. gr. LUV er að finna ákvæði um sama efni en þau eru ítarlegri í nokkrum atriðum samkvæmt frumvarpinu. Tekið er fram að löggiltur endurskoðandi skuli vera sameiginlegur fyrir félagasamstæðu í heild og að Tryggingaeftirlitið geti krafist þess að vátryggingarfélög og hin sérstöku félög, sem mega reka hliðarstarfsemi skv. 7. gr., hafi sama löggilta endurskoðanda. Samsvarandi ákvæði eru í 80. gr. HFL en á hér við um öll félagsform vátryggingarfélaga.

Samkvæmt 90. gr. HFL. eiga endurskoðendur hlutafélags rétt á að sitja hluthafafundi. Hér er lagt til að þetta gildi um félagsfundi almennt í vátryggingarfélagi, óháð félagsformi. Þá er lagt til að endurskoðendum verði skylt að mæta á aðalfundi, æski stjórn eða atkvæðisbær maður þess, sbr. 2. mgr.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega hliðstætt samsvarandi ákvæði í 39. gr. LUV en á hér við um endurskoðendur félags yfirleitt en ekki einvörðungu um löggilta endurskoðendur.

Í 4. mgr. er nýmæli en þar er kveðið á um á hvaða formi ársreikningur félags skuli vera og um orðalag þegar félag eða samstæða félaga birtir reikning sinn opinberlega.

Um 33. gr.

Efnislega hliðstæð ákvæðum í 8. og 12. gr. LUV og 107. gr. HFL. Hér er tekið tillit til sérstöðu vátryggingarfélaga sem felst m.a. í kröfum um að gjaldþolsskilyrðum sé fullnægt og vátryggingarskuld félags hafi verið metin með nægilegu öryggi áður en til arðsúthlutunar má koma.

Um 34. gr.

Hér eru lagðar til verulegar breytingar frá gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að vátryggingarfélag verði almennt að tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings eða sérfræðings með sambærilega menntun en samkvæmt LUV nær sú skylda eingöngu til líftryggingarfélaga, sbr. 25. og 26. gr. þeirra laga. Ljóst er að jafnmikil nauðsyn getur verið á þjónustu af þessu tagi í félögum sem reka aðra starfsemi en líftryggingarstarfsemi. Mat á áhættu og skuldbindingum vátryggingarfélaga krefst almennt sérfræðiþekkingar enda getur það skipt sköpum um fjárhagsstöðu vátryggingarfélags að rétt sé að því mati staðið. Samkvæmt frumvarpinu er stjórn vátryggingarfélags skylt að sjá til þess að félagið hafi yfir að ráða nægilegri sérþekkingu á þessu sviði. Þó má veita undanþágu frá skyldunni að hafa tryggingastærðfræðing sé að mati Tryggingaeftirlitsins ekki talin þörf á slíku, starfsemin er takmörkuð eða af öðrum ástæðum, sbr. 2. mgr.

Nýmæli er að lagt er til að tryggingastærðfræðingurinn þurfi ekki sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra eins og nú en að viðurkenning Tryggingaeftirlitsins þurfi að koma til. Samþykki eftirlitið ekki tryggingastærðfræðing sem félag hefur mælt með, er eftirlitinu skylt að rökstyðja ákvörðun sína.

Um 35. gr.

Hér er hlutverk tryggingastærðfræðings skilgreint í aðalatriðum, sbr. 1. og 2. mgr., en honum ber m.a. að meta reiknigrundvöll, tjónareynslu og vátryggingarskuld félags. Á hinn bóginn er fellt niður ákvæði um að tryggingastærðfræðingur beri ábyrgð á að félagið, sem hann starfar fyrir, fari að tilkynntum reiknigrundvelli líftrygginga o.s.frv., sbr. 26. gr. LUV. Gömul hefð er fyrir svo víðtækri ábyrgð tryggingastærðfræðings í líftryggingarfélagi, einkum á Norðurlöndum, en tímabært þykir að fella niður sérstakar kröfur til þeirra í þessu efni umfram þá ábyrgð sem þeir eins og aðrir bera í störfum sínum.

Samkvæmt 3. mgr. getur tryggingastærðfræðingur krafist hvers konar gagna frá félaginu sem hann þarf á að halda til að geta gegnt starfi sínu, sbr. núgildandi ákvæði 26. gr. LUV sem á við um líftryggingar eingöngu en á hér við um allar greinar vátrygginga. Nýmæli er einnig að hann hefur samkvæmt frumvarpinu að jafnaði rétt til að sitja stjórnarfundi og m.a. að láta skrá álit sitt í gerðabók félagsins.

Nýmæli er einnig skv. 4. mgr., líkt og gildir um endurskoðendur vátryggingarfélaga, að Tryggingaeftirlitið getur krafið tryggingastærðfræðing um upplýsingar um félagið á starfssviði hans.

Um 36. gr.

Lagt er til að stofnunin, sem eftirlit hefur með starfsemi vátryggingarfélaga, heiti „Vátryggingareftirlitið“ í stað „Tryggingaeftirlitið“ og í frumvarpinu er almennt reynt að fylgja þeirri stefnu eins og unnt er að skeyta „vá-“ fyrir framan „trygging“ til aðgreiningar en trygging merkir einnig ábyrgðir og er oft notað um almannatryggingar. Í samsetningum er þó yfirleitt „-vá-“ sleppt, sbr. eignatryggingar, slysatryggingar o.s.frv.

Hér er ekki gerð tillaga um að sérstök stjórn verði sett yfir Tryggingaeftirlitið. Ágreiningur var um það í þeirri nefnd sem samdi frumvarpið upphaflega. Ljúka þarf afgreiðslu frumvarps þannig að Ísland standi við ákvæði EES-samningsins og þeirra gerða sem eru hluti hans þegar hann tekur formlega gildi. Ákvörðunum um framtíðarskipulag eftirlitsins er því skotið á frest og ákvæði óbreytt frá gildandi lögum.

Um 37. gr.

Skilyrði er skv. 1. mgr. að starfsmenn eftirlitsins séu í störfum sínum óháðir vátryggingarfélögunum eða þeim aðilum öðrum sem falla undir lög þessi og eigi ekki hagsmuna að gæta í þeim eða samtökum þeirra.

Í 3. mgr. er nýmæli þar sem lagt er til að Tryggingaeftirlitinu verði heimilað að veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar á því sviði er lögin ná til sé það liður í samstarfi ríkja um eftirlit með vátryggingarstarfsemi og það sé nauðsynlegt til að framfylgja lögmæltu eftirliti. Þagnarskylda í hlutaðeigandi landi er ávallt skilyrði. Sama gildir um upplýsingar sem Tryggingaeftirlitið kann að fá frá öðrum eftirlitsaðilum. Ákvæði þessi eru sett vegna aukinna alþjóðlegra samskipta og aukins frelsis þjónustuviðskipta sem munu hafa í för með sér nauðsyn víðtæks samstarfs eftirlitsaðila í hinum ýmsu löndum og upplýsingamiðlun í auknum mæli og samræmingu eftirlitsreglna.

Um 38. gr.

Eins og í LUV, sbr. 39. og 42. gr., eru samkvæmt frumvarpinu engar takmarkanir á heimildum Tryggingaeftirlitsins til að gera þær kannanir sem eftirlitið telur ástæðu til hverju sinni á hinum ýmsu þáttum starfseminnar og það á rétt á að fá öll þau gögn og upplýsingar sem það telur þörf á til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Samkvæmt frumvarpinu ná þessar heimildir nú einnig til leyfilegrar hliðarstarfsemi félaganna, sbr. 7. gr., að því leyti sem nauðsyn krefur, svo og til starfsemi miðlara og umboðsmanna, sbr. VII. kafla.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvað gera skuli ef vátryggingarfélag lætur ekki í té gögn skv. 1. mgr. eða ráðstafanir sem krafist er í framhaldi kannana eru ekki gerðar innan tilskilins frests. Þá ber Tryggingaeftirlitinu að tilkynna það ráðherra og gera tillögu um hvað gera skuli. Í 43. gr. LUV er mjög almennt ákvæði sem spannar mjög vítt svið um það hvenær eftirlitið skuli grípa til ráðstafana og tilkynna ráðherra um mál, svo sem vegna athugasemda við skilmála eða þegar félag er ekki gjaldhæft, og þar er ekki kveðið á um fresti. Í frumvarpinu er skilgreint nánar hvenær beri að vísa málum til ráðherra og með hvaða hætti og hvenær tillögur skuli lagðar fyrir hann um frekari ráðstafanir, sbr. IX. kafla. Mál af þessu tagi eru mjög viðkvæm og mikilvægt að vel sé að þeim staðið, nægra upplýsinga og gagna sé aflað og framhaldið fari eftir eðli þess og mikilvægi og eftir því hverjar afleiðingarnar kunna að verða hverju sinni. Því er, sbr. seinasta málslið 2. mgr., gert ráð fyrir í tilvikum sem hér um ræðir að félagið verði upplýst um stöðu máls áður en tilkynning til ráðherra er send þannig að því gefist lokakostur á að koma að frekari gögnum eða að gera umbeðnar úrbætur.

Um 39. gr.

Í þessari grein eru meginatriðin á verksviði Tryggingaeftirlitsins skilgreind, þ.e. könnun á gjaldhæfi og greiðsluhæfi, að leggja mat á vátryggingarskuldina, að kanna skilmála og iðgjaldagrundvöll, að hafa eftirlit með viðskiptaháttum, sölustarfsemi og tjónsuppgjöri og að starfrækja neytendamáladeild. Öll þessi svið hafa verið á verkefnaskrá Tryggingaeftirlitsins frá upphafi enda talin rúmast innan ramma LUV þótt ákvæði þar að lútandi séu misítarleg. Starfsemin hefur og verið reist á almennri stefnumörkun og markmiðum laga um vátryggingarstarfsemi.

Ákvæði 1. mgr. um könnun á gjaldhæfi og greiðsluhæfi er að finna í 41. gr. LUV og í reglugerð nr. 482/1981 um það efni. Lagt er til að regla 3. mgr. 41. gr. falli niður. Eftirlitið skuli því aðeins tilkynna félagi um niðurstöður könnunar hafi það athugasemdir fram að færa. Ekki er þörf á að kveða sérstaklega á um í lögum að félagi skuli almennt gefinn kostur á að koma að athugasemdum eða skýringum þar eð slíkt leiðir af eðlilegu verklagi í eftirlitsstarfi. Hins vegar getur staða félags verið þannig að grípa þurfi til ráðstafana þegar í stað í samræmi við ákvæði IX. kafla og Tryggingaeftirlitið verður í slíkum tilvikum að geta tekið ákvarðanir án tafar.

Ítarleg og ströng ákvæði eru í LUV um eftirlit með vátryggingarskilmálum og iðgjöldum vátryggingarfélaga, sbr. 40. gr. LUV. Senda skal alla fyrirhugaða skilmála og breytingar á þeim fyrir fram til eftirlitsins til skoðunar og getur eftirlitið krafist þess að ákvæði sem það samþykkir ekki verði numin brott. Sama gildir samkvæmt lögunum um iðgjöld. Samkvæmt 3. og 4. mgr. frumvarpsins eru ákvæðin um eftirlit fyrir fram með skilmálum og iðgjöldum felld niður. Samkvæmt því verða skilmálar og iðgjöld vátryggingarfélaga alfarið á ábyrgð félaganna en Tryggingaeftirlitið skal eftir sem áður hafa eftirlit með þessum þáttum og það getur áfram krafist gagna hvenær sem er og gert þær kannanir sem það telur þörf á með sama hætti og á öðrum sviðum starfseminnar. Senda skal almenna skilmála og upplýsingar um iðgjaldagrundvöll með umsókn um starfsleyfi og þegar félag hyggst taka upp nýjar greinar vátrygginga í greinum sem teljast til fjöláhættu, sbr. 18. gr. frumvarpsins, og ávallt þegar um lögboðnar vátryggingar er að ræða.

Engin bein ákvæði eru um starfsrækslu neytendamáladeildar í LUV en Tryggingaeftirlitið hefur eftir föngum sinnt kvörtunarþjónustu frá upphafi (1974) en frá 1981 hefur verið um formlega auglýsta þjónustu að ræða. Þjónusta af því tagi er nauðsynlegur þáttur í eftirliti með vátryggingarskilmálum og iðgjöldum, sölustarfsemi, tjónsuppgjöri og viðskiptaháttum vátryggingarfélaga. Slík starfsemi veitir eftirlitsaðila mikilvæga vitneskju um hvar skórinn helst kreppir í þessum efnum og hvaða atriði það eru sem eftirlitinu ber að fylgja eftir með sérstökum könnunum og öðrum ráðstöfunum. Neytendaþjónustan hefur um árabil mætt þörf sem óumdeilanlega hefur verið fyrir hendi á þessu sviði. Hér er lagt til að lögfest verði, sbr. 5. mgr., að eftirlitið skuli rækja neytendamáladeild og að um hana verði settar almennar reglur sem kynntar skuli vátryggingarfélögunum.

Starfræksla neytendamáladeildar hjá Tryggingaeftirlitinu sem liður í eftirliti með vátryggingarstarfsemi og eftirliti með framkvæmd laga um þá starfsemi kemur ekki í veg fyrir að þörf geti verið fyrir neytendaþjónustu á þessu sviði á vegum fleiri aðila eins og tíðkast í nálægum löndum, svo sem á vegum vátryggingarfélaga og neytendasamtaka.

Um 40. gr.

Hér er kveðið á um hvernig standa skuli straum af kostnaði við rekstur Tryggingaeftirlitsins. Er sú stefna óbreytt samkvæmt frumvarpinu sem verið hefur og er í nálægum löndum að litið er svo á að starfsemi eftirlitsins sé fyrst og fremst í þágu vátryggingartaka og vátryggðra og því rétt að kostnaður við starfsemi eftirlitsins sé borinn af þeim og greiddur af vátryggingaraðilum.

Lagt er til að fyrirkomulag álagningar og innheimtu eftirlitsgjaldsins verði í aðalatriðum óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 46. gr. LUV, sbr. lög nr. 56/1982, nema einnig er lagt gjald á miðlunar- og umboðsstarfsemi, sbr. VII. kafla, þar eð slík starfsemi verður samkvæmt frumvarpinu skráningar- og eftirlitsskyld starfsemi.

Gerðar eru nokkrar efnislegar breytingar á fyrirkomulagi álagningar, útreiknings og innheimtu. Í stað þess að ákveðið verði fyrir fram tiltekið álagningarhlutfall iðgjalda er lagt til að endanleg álagning verði ákveðin þegar reikningsskil eftirlitsins og heildarútgjöld liggja fyrir frá Ríkisbókhaldi. Álagning eftirlitsgjalds til bráðabirgða verði þó, eins og nú, leiðrétt þegar á yfirstandandi ári þegar ársreikningar félaganna hafa borist.

Nýmæli er samkvæmt frumvarpinu að felld er niður ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu kostnaðar umfram álagt gjald. Í staðinn er lagt til að hámark eftirlitsgjalds verði hækkað til að auka svigrúm vegna óvæntra útgjalda, t.d. vegna ófyrirséðra verðlagsbreytinga. Hér er lagt til að hámark þess sem leggja má á vátryggingarfélag í frumtryggingu hækki um þriðjung frá núgildandi lögum. Á hinn bóginn er álagning vegna endurtrygginga lækkuð um þriðjung þar eð í raun eru lögð tvisvar á innlend endurtryggingariðgjöld með núgildandi fyrirkomulagi. Álagning á endurtryggingariðgjöld eru óverulegur hluti eftirlitsgjalds og hefur sú lækkun því lítil áhrif á heildartekjur eftirlitsins.

Þá er nýmæli að heimilt verður samkvæmt frumvarpinu, sbr. 5. mgr., að leggja á einstök félög sérstakt gjald þegar þörf er sérstakra kannana sem ekki telst eðlilegt að jafna á öll félögin og ákveði Tryggingaeftirlitið álagningu þess.

Kostnaðaráætlun eftirlitsins skal senda ráðherra til staðfestingar. Miðlunar- og umboðsstarfsemi er nú mjög lítil hér á landi og gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um álagningu gjalds á slíka starfsemi.

Gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi aðilar eigi greiðan aðgang að áætlunum eftirlitsins og upplýsingum um það sem að baki þeim liggur.

Um 41. gr.

Samkvæmt 16. gr. LUV er skilyrði þess að erlent vátryggingarfélag megi reka vátryggingarstarfsemi hér á landi að það hafi hér fasta atvinnustöð (aðalumboð) og einn aðalumboðsaðila sem hefur heimild til að skuldbinda félagið hér á landi og það hafi hér varnarþing. Samkvæmt EES-samningnum er gert ráð fyrir að einnig megi heimila á Evrópsku efnahagssvæði að reka vátryggingarstarfsemi þótt ekki sé um formleg aðalumboð eða útibú að ræða, annaðhvort með starfsliði hins erlenda félags eða af sjálfstæðum aðila, enda sé skilyrði að félagið tilnefni og tilkynni fulltrúa sem heimild hefur til að skuldbinda það hér á landi og að slík starfsemi verði skráð hér. Þegar um er að ræða vátryggingargreinar sem teljast til stóráhættu eða líftryggingar sem teknar eru að eigin frumkvæði líftryggingartaka er þó ekki krafist sérstakrar atvinnustöðvar eða sérstaks fulltrúa nema í undantekningartilvikum, sbr. 43. gr.

Um 42. gr.

Erlend félög, sem hafa í hyggju að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi í fjöláhættugreinum, skulu senda umsókn um starfsleyfi og skráningu í vátryggingarfélagaskrá til Tryggingaeftirlitsins með sama hætti og innlend félög og eru reglur samkvæmt frumvarpinu óbreyttar frá því sem verið hefur í þessum efnum. Gert er ráð fyrir að eftirlitið hafi sex mánuði til að fjalla um umsóknina og er sú regla í samræmi við ákvæði EES-samningsins.

Um 43. gr.

Reglur tilskipana EB um skaðatryggingar, sem eru hluti EES-samningsins, opna leið fyrir vátryggingarfélög með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði að bjóða vátryggingar á svæðinu í stóráhættugreinum án sérstakrar atvinnustöðvar þar sem vátryggt er. Samsvarandi reglur um líftryggingar heimila einstaklingum að kaupa líftryggingar hjá líftryggingarfélagi sem starfar án atvinnustöðvar í heimaríki hans kaupi hann líftrygginguna að eigin frumkvæði, þ.e. félagið má ekki með auglýsingum og sölumennsku eða með öðrum hætti sækjast eftir viðskiptunum. Skilyrði er að félagið hafi fengið starfsleyfi eftirlitsstjórnvalda í heimaríki sínu og skal umsókn um leyfi til að veita þjónustu með þessum hætti beint til þeirra. Umsóknina má skoða sem tilkynningu um að félagið hafi í hyggju að veita umrædda þjónustu. Eftirlitsstjórnvöld þess ríkis skulu þá senda Tryggingaeftirlitinu hér á landi m.a. staðfestingu þess að félagið uppfylli tilskildar kröfur um gjaldþol vegna starfseminnar í heild og að það hafi starfsleyfi í þeim greinum sem það hyggst veita þjónustu. Félaginu er ekki skylt að hafa hér á landi sérstakan fulltrúa nema um sé að ræða þjónustu án atvinnustöðvar í lögboðnum ábyrgðartryggingum ökutækja.

Ekki eru gefin út sérstök starfsleyfi og félagið má hefja starfsemina og veita þjónustu þegar Tryggingaeftirlitið hefur fengið öll tilskilin gögn í hendur.

Um 44. gr.

Sambærilegt ákvæði þessarar greinar er í 12. gr. frumvarpsins og er nýmæli. Mikilvægt er að fram komi í gögnum til almennings og til vátryggingartaka sem erlent vátryggingarfélag sendir frá sér vegna starfsemi hér á landi, hvar aðalstöðvar þess eru erlendis og hvar það félag er sem ber vátryggingaráhættuna ef ekki er um sama félag að ræða og það er mikilvægt að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en gengið er frá vátryggingarsamningum.

Ekki er talin ástæða til að vernda með sama hætti í lögum þá sem vátryggja stóráhættu hjá erlendum félögum og er þá vátryggingarfélaginu ekki skylt að láta þessar upplýsingar ávallt koma fram nema í bindandi tilboðum frá félaginu og í vátryggingarsamningum þar sem skylt er að þær komi fram, svo og ávallt í líftryggingum.

Um 45. gr.

Ákvæði III. kafla um fjárhagsskilyrði gilda einnig um erlend félög á Evrópsku efnahagssvæði en reglur þessar verða í samræmi við gerðir EB sem eru hluti EES-samningsins. Hér er kveðið á um að í fjöláhættugreinum skuli fjármunir er nema minnst ábyrgðarsjóði vera til ráðstöfunar hér á landi, svo og fjármunir er samsvara vátryggingarskuldinni. Ekki er samkvæmt EES-samningnum heimilt að gera kröfu um bundið geymslufé, sbr. samsvarandi ákvæði 49. gr. frumvarpsins um félög utan EES.

Um 46. gr.

Hér er kveðið á um flutning vátryggingarstofna erlendra félaga sem hafa aðsetur á Evrópsku efnahagssvæði. Meginreglan er að eftirlitsstjórnvöld heimaríkis félags, sem tekur við stofninum, skal staðfesta að gjaldþol þess félags sé fullnægjandi að teknu tilliti til hins nýja stofns. Samþykki Tryggingaeftirlitsins fyrir flutningi stofnsins þarf þó ávallt að liggja fyrir, einnig í þeim tilvikum er félag rekur starfsemi í stóráhættugreinum eða í líftryggingum án atvinnustöðvar. Auglýsa skal í Lögbirtingablaði og tilkynna vátryggingartökum eftir reglum sem gilda hér á landi.

Þegar félagið, sem tekur við stofninum, er ekki staðsett í heimaríki sínu, þ.e. ekki er um aðalstöðvar þess að ræða, þarf einnig að hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld þess ríkis um flutninginn.

Um 47. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að erlend vátryggingarfélög sem hér starfa, hvort sem þau eru staðsett innan eða utan Evrópsks efnahagssvæðis, séu almennt háð opinberu eftirliti hér á landi með hliðstæðum hætti og innlend vátryggingarfélög og að Tryggingaeftirlitið hafi yfirleitt sömu skyldum að gegna í eftirlitshlutverki sínu og hafi jafnríkar heimildir til afskipta af starfseminni, hvort sem um innlend eða erlend félög er að ræða. Stefnumörkunina í þessum efnum er að finna í 38. og 39. gr. frumvarpsins og þær greinar eiga einnig við um erlend félög sem hér starfa.

Þó ber að hafa í huga að EES-samningurinn hefur í för með sér að starfsleyfi í stóráhættugreinum og að hluta í líftryggingum er gefið út í heimaríki félags og það gildir alls staðar á Evrópsku efnahagssvæði. Eftirlit, einkum fjárhagslegt eftirlit með þeirri starfsemi, er að miklu leyti í höndum eftirlitsstjórnvalda heimaríkis, t.d. eftirlit með því að skilyrðum um gjaldþol sé fullnægt, mat á vátryggingarskuld, afturköllun starfsleyfis o.s.frv. Þó getur Tryggingaeftirlitið undir vissum kringumstæðum gripið til ráðstafana þegar starfsemi er rekin án atvinnustöðvar, sbr. 3. mgr.

Þegar um fjöláhættugreinar er að ræða er starfsleyfi atvinnustöðvar gefið út hér á landi en ábyrgðin á því að gjaldþolskröfum sé fullnægt hvílir engu að síður á eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis hins erlenda félags, svo og mat á vátryggingarskuldinni. Skal eftirlitið hér á landi veita eftirliti heimaríkis allar nauðsynlegar upplýsingar í þessum efnum, sbr. 2. mgr. Einnig skal samráð haft við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis áður en starfsleyfið hér er afturkallað, sbr. 1. mgr.

Óháð því sem hér segir um eftirlitsskyldu erlendra eftirlitsstjórnvalda með starfsemi erlendra félaga hér á landi er sú stefna mörkuð í frumvarpinu að Tryggingaeftirlitinu sé skylt að hafa eftirlit með starfsemi félaga sem hér starfa með hliðstæðum hætti, hvort sem um er að ræða innlend eða erlend félög og hvort sem þau eru staðsett innan eða utan Evrópsks efnahagssvæðis. Afskipti af starfseminni og kröfur um ráðstafanir yrðu þó í ríkari mæli í samráði við erlend eftirlitsstjórnvöld þegar um er að ræða erlend félög á Evrópsku efnahagssvæði.

Um 48. gr.

Um erlend félög sem hafa aðsetur utan Evrópsks efnahagssvæðis gilda samkvæmt frumvarpinu hliðstæðar reglur og í gildi eru samkvæmt núgildandi LUV, þ.e. hér verður að vera föst atvinnustöð í formi aðalumboðs og einn aðalumboðsmaður með heimilisfesti hér á landi og varnarþing.

Gert er að skilyrði starfsleyfis hér á landi að íslensk vátryggingarfélög njóti ekki lakari réttar í heimalandi félagsins en hið erlenda félag hér. Það hefur væntanlega í för með sér að eftirlitsstjórnvöldum hér á landi yrði skylt að kanna hjá eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis hvort sambærilegt félag gæti fengið starfsleyfi þar og með hvaða skilyrðum áður en afstaða yrði tekin til starfsleyfisveitingar.

Þess má geta að samkvæmt EES-samningnum ber eftirlitsstjórnvöldum hér á landi að hafa samráð við stofnanir EB og EFTA um veitingu starfsleyfis til félaga utan svæðisins og sérreglur gilda um aðild þeirra að svæðinu öllu. Sama gildir að sjálfsögðu um eftirlitsstjórnvöld aðildarríkja gagnvart eftirlitsstjórnvöldum hér á landi.

Um 49. gr.

Hér er gert ráð fyrir að erlend vátryggingarfélög utan Evrópsks efnahagssvæðis lúti yfirleitt hliðstæðum reglum og skilyrðum og félög innan þess þegar umsókn um starfsleyfi og skilyrði leyfis eru annars vegar. Þó er sá munur á að sömu reglur gilda um stóráhættugreinar og fjöláhættugreinar þegar félög utan svæðisins sækja um starfsleyfi enda er þeim ekki heimilt að reka hér starfsemi án fastrar atvinnustöðvar. Þá er krafist geymslufjár af þessum félögum eins og nánar segir í 2. mgr. og þau skulu meta og ávaxta vátryggingarskuldina eftir þeim reglum sem gilda hér á landi.

Um 50. gr.

Hér er með hliðstæðum hætti og í LUV kveðið á um skil á gögnum til Tryggingaeftirlitsins um starfsemina hér á landi en einnig um ársreikning hins erlenda félags sem skal sendur eftirlitinu. Nýmæli er að kveðið er á um skyldu aðalumboðsmanns að skýra eftirlitinu frá því ef eftirlitsstjórnvöld heima fyrir gera athugasemd við starfsemi þess eða meiri háttar breytingar verði á högum þess, sbr. 2. mgr.

Um 51. gr.

Tryggingaeftirlitið setur félaginu tiltekinn frest til úrbóta brjóti félagið lög og reglugerðir um vátryggingarstarfsemi eða vanræki skyldur sínar og hefur eftirlitið mjög víðtækar heimildir til afskipta geri félagið ekki nauðsynlegar úrbætur innan þess frests og sé talið að hagsmun um vátryggingartaka og vátryggðra sé stefnt í hættu ef ekkert verður að gert.

Nýmæli er að Tryggingaeftirlitið getur útnefnt nýjan aðalumboðsmann til að ljúka viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar hér og heimilað honum að ráðstafa eignum félagsins. Tryggingaeftirlitið getur einnig heimilað flutning vátryggingarstofnsins til annarra félaga sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi hér á landi og sett líftryggingarstofn undir sérstaka stjórn.

Um 52. gr.

Ákvæðin eru hliðstæð ákvæðum IX. kafla. Tryggingaeftirlitinu ber að taka ákvörðun um ráðstöfun vátryggingarstofns hins erlenda félags sé þannig komið málum að starfsleyfi hefur verið afturkallað. Skal ákveðið hvort þess skuli freistað að yfirfæra stofninn til eins eða fleiri félaga hér á landi eða skuldbindingum skuli lokið á annan hátt. Þá getur Tryggingaeftirlitið takmarkað og jafnvel bannað félaginu yfirráð yfir eignum sínum og fjármunum hér á landi.

Um 53. gr.

Gert er ráð fyrir að hið erlenda félag verði ekki máð úr vátryggingarfélagaskrá fyrr en viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar er að fullu lokið og tekur Tryggingaeftirlitið ákvörðun um hvenær það getur átt sér stað.

Ekki er unnt að leysa geymslufé sem félagið hefur lagt fram fyrr en félagið hefur fært sönnur á að staðið hafi verið við allar skuldbindingar eða nægilega há trygging hafi að mati Tryggingaeftirlitsins verið lögð fram.

Um 54. gr.

Vátryggingarstarfsemi er háð sérstöku starfsleyfi stjórnvalda. Almenna reglan er sú, sbr. 1. mgr. 22. gr. LUV, að enginn megi hafa atvinnu af því að miðla vátryggingum til vátryggingarfélaga sem ekki hafa starfsleyfi á Íslandi og gildir sú meginregla áfram samkvæmt frumvarpinu. Á hinn bóginn er fellt niður ákvæði 2. mgr. 22. gr. LUV sem gerir einstaklingum og öðrum skylt að sækja um leyfi til ráherra hyggist þeir vátryggja erlendis verðmæti sem eru eign viðkomandi. Erfitt er um vik að framfylgja slíku ákvæði og það er í andstöðu við almenn ákvæði EES-samningsins.

Heimilt verður að miðla vátryggingum í stóráhættugreinum til vátryggingarfélaga á Evrópsku efnahagssvæði, svo og líftryggingum teknum að eigin frumkvæði líftryggingartaka, enda verði gætt skilyrða 43. gr., m.a. um tilkynningarskyldu vátryggingarfélagsins til eftirlitsstjórnvalda heimaríkis og um skyldu þess eftirlits að láta Tryggingaeftirlitinu í té tiltekin gögn og upplýsingar.

Rétt þykir að veita heimild til undanþágu frá meginreglunni þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. 2. mgr. sem er nýmæli, svo sem þegar áhætta er af því tagi að hún fæst ekki vátryggð hjá félögum sem hér hafa starfsleyfi eða stærðargráða hennar, umfang eða eðli er slíkt að æskilegt sé, eða jafnvel nauðsyn beri til, að fá fleiri aðila til að taka þátt í að bera vátryggingaráhættuna.

Um 55. gr.

Greinin er nýmæli. Hér er miðlunar- og umboðsstarfsemi í vátryggingum, sem rekin er sem sjálfstæð atvinnustarfsemi, skilgreind. Skilgreiningin er í samræmi við ákvæði tilskipunar EB á þessu sviði sem er hluti EES-samningsins. Gerður er greinarmunur á vátryggingarmiðlurum sem starfa hlutlaust gagnvart vátryggingarfélögum og ekki á vegum þeirra og vátryggingarumboðsmönnum sem starfa fyrir tiltekin vátryggingarfélög. Þriðji hópur starfsmanna á þessu sviði eru vátryggingarsölumenn einstakra vátryggingarfélaga sem bjóða vátryggingar í þeirra nafni og eru annaðhvort fastir starfsmenn þeirra eða lausráðnir til sölustarfa.

Um 56. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skilyrði leyfis til miðlunar- og umboðsstarfsemi sem rekin er sem sjálfstæð atvinnustarfsemi og hún skal skráð hjá Tryggingaeftirlitinu og vera undir eftirliti þess. Hér á landi er nú enga sérmenntun eða þjálfun að fá á þessu sviði og er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur þar um, svo og um tryggingar sem lagðar skulu fram.

Um 57. gr.

Í þessari grein eru starfssvið og starfsreglur þeirra sem þessi kafli fjallar um skilgreind. Auk hlutverks síns að aðstoða við að koma á vátryggingarsamningi ber vátryggingarmiðlara einnig skv. 1. mgr. að veita áfram almenna aðstoð, svo sem við endurnýjun samnings og leiðbeiningar þegar tjón ber að höndum, hafi hann miðlað vátryggingunni. Sérstakar reglur eru settar um miðlun líftrygginga til líftryggingarfélaga sem hér hyggjast veita þjónustu án

sérstakrar atvinnustöðvar og um undirritun sérstakra yfirlýsinga hjá miðlara í þeim efnum, sbr. 3. mgr. Þessar reglur eru í samræmi við ákvæði 2. tilskipunar um líftryggingar er gildir samkvæmt EES-samningnum og er ætlað að tryggja það að líftryggingartaka sé ljóst frá byrjun að um hið erlenda líftryggingarfélag, sem hann leitar upplýsinga hjá, gilda reglur sem áhrif geta haft á réttarstöðu hans samkvæmt vátryggingarsamningi og að eftirlitsreglur erlends ríkis gilda. Einnig felst í yfirlýsingunni staðfesting líftryggingartakans á því að hann leiti að eigin frumkvæði upplýsinganna.

Vátryggingarumboðsmaður skal einnig láta líftryggingartaka undirrita yfirlýsinguna um að honum sé ljóst að lög og reglur erlends ríkis geta í einstökum atriðum gilt um þá líftryggingu sem hann hyggst taka og um það líftryggingarfélag sem hann hyggst skuldbinda sig hjá. Yfirlýsingar um „eigið frumkvæði líftryggingartaka“ er hins vegar ekki þörf í því tilviki þar eð vátryggingarfélagi því, sem umboðsmaðurinn starfar fyrir hér á landi, ber að hafa hér starfsleyfi eða heimild til að veita þjónustu.

Skilyrði þóknunar til miðlara er að vátryggingarsamningur hafi komist á og hann skal svo fljótt sem auðið er koma fjármunum sem hann tekur við og eru í vörslu hans í hendur réttra aðila. Hann skal að öllu leyti halda fjármunum þessum aðgreindum frá eigin fjármunum. Þá er hann skyldugur að upplýsa viðskiptavini um þá þóknun er hann fær frá vátryggingarfélagi vegna viðskiptanna ef þess er óskað.

Miðlarinn er einnig skyldugur að veita Tryggingaeftirlitinu upplýsingar um þá samninga sem hann á aðild að og er það ákvæði í samræmi við EES-samninginn. Samsvarandi upplýsinga getur eftirlitið aflað um vátryggingarumboðsmenn sem starfa fyrir félög sem starfsleyfi hafa hér á landi.

Í 1. málsl. 2. mgr. er kveðið á um sjálfsagða skyldu umboðsmanna og sölumanna að upplýsa viðskiptavini um skilmála og iðgjöld áður en gengið er frá vátryggingarsamningi. Í 2. málsl. sömu málsgreinar er vátryggingarfélagi gert skylt að sjá til þess að starfsemi sölumanna þeirra fari fram með hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum.

Um 58. gr.

Hér er gerð sú krafa að í öllu sem frá vátryggingarmiðlurum eða vátryggingarumboðsmönnum fer til almennings skuli koma fram að þeir séu skráðir. Sölumenn skulu bera og framvísa skilríkjum við störf sín. Í 23. gr. LUV eru ákvæði um að sölumenn skuli bera skilríki en hér er gengið lengra og kveðið á um skyldu til að framvísa þeim.

Einnig er kveðið á um hliðstæða almenna reglu um upplýsingaskyldu þegar annar aðili en vátryggingarfélagið sjálft annast milligöngu um viðskiptin við vátryggingartaka og vátryggða en þá ber ávallt að láta þess getið í gögnum hvaða vátryggingarfélag beri áhættuna. Dæmi um þetta er móðurfélag sem rekur tilteknar greinar en annast þjónustu og sölumennsku fyrir dótturfélag eða félög í öðrum greinum. Í 23. gr. LUV eru ákvæði af hliðstæðum toga.

Þá er kveðið á um þá skyldu að senda Tryggingaeftirlitinu undirritaða ársreikninga og þeir skulu vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Tryggingaeftirlitinu ber að hafa eftirlit með því að vátryggingarmiðlarinn starfi sjálfstætt og skal miðlarinn gera grein fyrir því hversu dreifð viðskiptin eru á einstök vátryggingarfélög. Þetta ákvæði er samhljóða ákvæði í gerðum EES-samningsins.

Um 59. gr.

Halda skal sérstaka skrá hjá Tryggingaeftirlitinu yfir vátryggingarmiðlanir og vátryggingarumboð sem skráð eru og um þá starfsmenn sem heimild hafa til að bera heitin vátryggingarmiðlari og vátryggingarumboðsmaður.

Þeir sem skráðir hafa verið greiða gjald til Tryggingaeftirlitsins vegna eftirlits með starfseminni og setur ráðherra reglur þar um.

Séu skilyrði leyfis til starfseminnar ekki lengur uppfyllt skal fella viðkomandi miðlara eða umboðsmann af skrá. Þó er gert ráð fyrir að veita megi viðvörun og frest telji Tryggingaeftirlitið það fullnægjandi, eðli máls samkvæmt.

Tryggingaeftirlitinu ber einnig að fylgjast með því að starfsemi af þessu tagi sé ekki rekin hér á landi án leyfis og að gera kröfur um að slíkri starfsemi verði hætt og fylgja eftir slíkum kröfum.

Um 60. gr.

Greinin er í aðalatriðum hliðstæð 20. gr. LUV en nokkuð ítarlegri. Tekið er fram að drög að samningi um flutning vátryggingarstofns skuli liggja fyrir þegar sótt er um leyfi og að drögin skuli fylgja umsókninni. Sú kvöð er lögð á eftirlitið að taka án tafar afstöðu til þess hvort ástæða sé til að synja strax um færslu stofnsins. Þá er tekið fram að athugasemdir vátryggingartaka og vátryggðra skuli vera skriflegar og að frestur til að skila þeim skuli eigi vera skemmri en einn mánuður. Einnig er kveðið á um að samtímis auglýsingu í Lögbirtingablaði skuli hverjum og einum tilkynnt um fyrirhugaða færslu og vakin athygli á auglýsingu eftirlitsins.

Lagt er til að Tryggingaeftirlitið veiti leyfi til yfirfærslu stofna, sbr. 3. mgr. Samkvæmt 20. gr. LUV veitir ráðherra leyfi að fengnum meðmælum eftirlitsins.

Tryggingaeftirlitinu ber að gæta þess að réttarstaða vátryggingartaka og vátryggðra verði eigi lakari eftir flutning stofns en áður. Vátryggingarsamningar halda sjálfkrafa gildi sínu, vátryggingartakar eru ekki sjálfkrafa lausir frá samningum sínum við flutning stofnsins. Nýmæli er að heimild er til að segja upp samningi skriflega innan eins mánaðar frá flutningsdegi, sbr. 4. mgr.

Um 61. gr.

Sbr. 21. gr. LUV. Orðalagi og hugtökum er breytt í það horf sem er að finna í tilskipunum félagaréttar EB um hlutafélög sem verða hluti EES-samningsins. Gilda hér hliðstæð ákvæði um öll félagsform vátryggingarfélaga.

Í þessari grein er fjallað um samruna af tvennum toga. Annars vegar er átt við „samruna með yfirtöku“ þegar félag yfirtekur allar eignir eins eða fleiri félaga sem slitið er án þess að skiptameðferð komi til og án stofnunar nýs félags, hins vegar „samruna með stofnun nýs félags“ þegar hið sama og áður segir á sér stað nema nýtt félag er stofnað sem yfirtekur allar eignir og skuldir. Á þessu er ekki ýkja mikill munur frá sjónarmiði laga um vátryggingarstarfsemi og skilyrði er ávallt að leyfi til yfirfærslu stofna liggi fyrir fyrir skv. 60. gr.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig, eftir því sem við getur átt, um félög sem reka hliðarstarfsemi sem vátryggingarfélögum er heimilt að reka í sérfélögum, sbr. 7. gr.

Nýmæli er að kveða á um að heimila megi samruna þó að einhver þeirra félaga sem hlut eiga að máli gangist undir skiptameðferð, sbr. 3. mgr. Skilyrði er þá ávallt að ekki hafi verið hafist handa við að úthluta eignum til eigenda í þeim félögum.

Um 62. gr.

Greinin er nýmæli. Tilgreind eru helstu atriðin sem koma eiga fram í samrunasamningi, svo sem skiptihlutföll bréfa og greiðslur fyrir hluti, réttindi til arðs og hlunninda og um breytingar sem verða á réttindum eigenda við samrunann. Einnig er gerð krafa um að lögð verði fram reikningsuppgjör, svo og nýjar samþykktir eða breytingar á þeim. Skort hefur ákvæði um þessi atriði varðandi vátryggingarfélög en í hlutafélagalögum og í gerðum EB, sem eru hluti EES-samningsins, eru samsvarandi ákvæði.

Um 63. gr.

Hér er lagt til að Tryggingaeftirlitið veiti leyfi til samruna eins og til yfirfærslu stofna. Nýmæli er að eftirlitið skal, áður en það veitir leyfi, leggja mat á hvort það telji nægilega gætt hagsmuna annarra kröfuhafa en vátryggingartaka og vátryggðra.

Um 64. gr.

Í 43. gr. LUV er almennt ákvæði um ráðstafanir sem grípa skal til gagnvart vátryggingarfélögum við ýmsar aðstæður. Þær eru fólgnar í því að eftirlitið skal tilkynna ráðherra um málið og gera tillögur til úrbóta. Ráðherra skal setja félaginu „hæfilegan“ frest til að bæta úr því sem úrskeiðis hefur farið. Eins og kom fram í athugasemdum við 38. gr. er í þessu frumvarpi lagt til að nánar verði kveðið á um til hvaða ráðstafana sé gripið eftir eðli máls hverju sinni og eftir því hve mál eru talin alvarleg og aðkallandi.

Í 1. og 2. mgr. eru ákvæði um hvernig bregðast skuli við uppfylli vátryggingarfélag ekki tilskildar lágmarkskröfur um gjaldþol samkvæmt ársuppgjöri eða á öðrum tíma. Félagið skal þegar í stað leggja fyrir Tryggingaeftirlitið áætlun um hvernig það hyggst ná tilskildu marki og ef gjaldþol er minna en þriðjungur þess sem tilskilið er eða lægra en nemur ábyrgðarsjóði, skal gerð neyðaráætlun sem miðar að því að rétta við hag félagsins innan tiltekins frests sem eftirlitið setur. Tryggingaeftirlitið leggur mat á hvort það telur ráðstafanirnar fullnægjandi. Nýmæli er að skv. 4. mgr. hefur Tryggingaeftirlitið heimildir til að takmarka eða jafnvel banna ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum þegar það er liður í nauðsynlegum aðgerðum til að koma fjárhag félags á réttan kjöl.

Einnig skal gripið til hliðstæðra ráðstafana sé vátryggingarskuld félags vanmetin eða fjárhagsstaða þess hafi versnað af öðrum ástæðum þannig að félagið uppfyllir ekki tilskildar gjaldþolskröfur. Vanmat vátryggingarskuldarinnar getur haft afgerandi áhrif á fjárhagsstöðu vátryggingarfélags vegna hins mikla vægis hennar í rekstri og efnahag og vegna vandkvæða sem geta verið fyrir hendi á því að meta hana réttilega.

Um 65. gr.

Í þessari grein er fjallað um ráðstafanir sem gripið skal til þegar vátryggingarfélag sinnir ekki tilmælum Tryggingaeftirlits í ýmsum nánar skilgreindum tilvikum, öðrum en þeim er varða gjaldþol, sbr. umfjöllun um 64. gr., og skal eftirlitið þá setja félaginu tiltekinn frest. Eftirlitið skal þó áður hafa ítrekað tilmæli sín og veita má frekari fresti ef búast má við að mál séu komin vel á veg og úrbóta að vænta innan skamms. Málalok geta engu að síður orðið þau að eftirlitið leggi til við ráðherra að starfsleyfi verði afturkallað. Ákvæði af þessu tagi hefur vantað í lög um vátryggingarstarfsemi.

Um 66. gr.

Hér er kveðið á um hvenær Tryggingaeftirlitið skuli skilyrðislaust leggja til við ráðherra að starfsleyfi verði afturkallað, en það er þegar ekki hefur tekist að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta við fjárhaginn innan þess frests sem settur var skv. 64. gr., eða þegar félagið uppfyllir ekki skilyrði starfsleyfis eða vanrækir gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum um vátryggingarstarfsemi þannig að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé stefnt í hættu. Ekkert sambærilegt ákvæði er í LUV en í 2. mgr. 43. gr. segir að ráðherra geti afturkallað starfsleyfi séu nauðsynlegar úrbætur ekki gerðar innan tilskilins frests.

Um 67. gr.

Í 2. mgr. 43. gr. LUV er kveðið á um skipun skilastjórnar afturkalli ráðherra starfsleyfi. Hér er hliðstætt ákvæði í 1. mgr. en það er nýmæli að Tryggingaeftirlitinu er jafnframt fengið það hlutverk að ákveða meðferð og ráðstöfun vátryggingarstofnsins, sbr. 2. mgr., en um það hafa engin ákvæði verið í lögum. Eftirlitið skal hafa samráð við skilastjórn í þeim efnum.

Þá er einnig nýmæli að þegar ákveðið er að beiðast gjaldþrotaskipta, en ákvörðun um það skal tekin í samráði við Tryggingaeftirlitið, getur Tryggingaeftirlitið takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum telji eftirlitið líkur á að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé annars stefnt í hættu. Tryggingaeftirlitið getur einnig við slíkar aðstæður gert kröfu um að félag verði tekið til gjaldþrotaskipta. Það getur einnig ákveðið að líftryggingarstofn skuli sæta sérstakri meðferð.

Um 68. gr.

Sbr. 31. og 32. gr. LUV. Hér er lagt til það nýmæli að Tryggingaeftirlitið, í stað skilastjórnar, taki í sína vörslu eignir sem eiga að mæta líftryggingarskuldinni ákveði eftirlitið að líftryggingarstofninn skuli sæta sérstakri meðferð, sbr. 67. gr. Einnig er nýmæli að greiða skal út áfallnar og tilkynntar líftryggingarkröfur eftir gildandi reglum og að greiða má út líftryggingarkröfur sem falla til útborgunar síðar ef eftirlitið telur það forsvaranlegt með tilliti til eigna sem fyrir hendi eru til að mæta líftryggingarskuldinni.

Meðferð stofnsins er að öðru leyti í aðalatriðum í samræmi við gildandi reglur samkvæmt LUV.

Um 69. gr.

Greinin er um gjaldþrotaskipti á búi líftryggingarfélags og er efnislega samhljóða 2. mgr. 31. gr. LUV en einnig er kveðið á um rétt Tryggingaeftirlitsins til að krefjast allra gagna frá þrotabúinu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri og ráðstöfun stofnsins í samræmi við sérstaka meðferð hans skv. 67. og 68. gr.

Um 70. gr.

Greinin er nýmæli. Með sama hætti og þegar skilastjórn er skipuð í vátryggingarfélagi skal Tryggingaeftirlitið, þegar beiðst er gjaldþrotaskipta, gegna því hlutverki í samráði við skiptastjóra að meta hvort hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra sé best gætt með því að yfirfæra vátryggingarstofna til annarra vátryggingarfélaga hér á landi. Skal Tryggingaeftirlitið meta fram komin tilboð og leggja fram tillögur til samkomulags um flutning stofnsins, svo og tilkynna helstu efnisatriði í Lögbirtingablaði telji það tilboðin hagkvæm fyrir hina vátryggðu.

Um 71. gr.

Þessi grein er nýmæli. Gert er ráð fyrir að þegar frjáls slit vátryggingarfélags eru fyrirhuguð skuli Tryggingaeftirlitið hafa hönd í bagga með uppgjöri vátryggingarskuldbindinga og er félaginu gert að leggja fyrir eftirlitið greinargerð um skuldbindingarnar og hvernig þeim skuli lokið. Þrátt fyrir frjáls slit hefur Tryggingaeftirlitið heimild til að ákveða að stofnar verði fluttir til annarra félaga og þegar um líftryggingar er að ræða að sá stofn skuli sæta sérstakri meðferð sé það mat eftirlitsins að með þessu móti verði hagsmunum hinna vátryggðu best borgið.

Um 72.–74. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

Þar eð gildandi lög nr. 50/1978 eru felld niður ásamt reglugerðum sem settar hafa verið er nauðsynlegt að kveða á um framkvæmd ársuppgjörs og reikningsskila vátryggingarfélaga fyrir árið 1993 og skal þá miðað við núgildandi laga- og reglugerðaákvæði. Á hinn bóginn munu ákvæði nýrra laga gilda um fjárhagsleg skilyrði starfseminnar nema um þau félög sem samkvæmt sérstökum lista fá aðlögunartíma til ársloka 1994 til að uppfylla þessi skilyrði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vátryggingarstarfsemi.

Frumvarpið er endurskoðun á núverandi löggjöf um vátryggingarstarfsemi og eru ákvæði þess mun ítarlegri en gildandi löggjöf í samræmi við löggjöf Norðurlanda. Einnig hefur verið tekið tillit til nauðsynlegrar aðlögunar vegna samnings um EES.

Samkvæmt frumvarpinu verður hlutverk tryggingaeftirlits víðtækara en áður og samstarf þess við erlendar eftirlitsstofnanir aukið. Þá er starfsemi vátryggingarfélaga rýmkuð og kveðið er á um stofnun sérstakrar neytendamáladeildar og að eftirlit skuli vera með viðskiptaháttum, sölumennsku og tjónsuppgjöri vátryggingarfélaga. Ákvæði sem gilda eiga á Evrópsku efnahagssvæði um gjaldþol og ábyrgðarsjóði eru tekin upp.

Erfitt er að segja til um hver heildaráhrif frumvarpsins verða á iðgjöld tryggingafélaga vegna þess að þar vegast á auknar kröfur og meira svigrúm til fjármálastarfsemi og samkeppni. Rekstrarkostnaður vegna tryggingaeftirlits mun aukast vegna aukinna krafna og er hann borinn uppi af iðgjöldum tryggingafélaganna. Hækkun iðgjalda vegna reksturs eftirlitsins verður þó óveruleg. Líkur eru á að iðgjöld lækki vegna aukinnar samkeppni þegar litið er til lengri tíma.

Kveðið er á um að eftirlitsgjöld standi undir kostnaði af starfsemi Tryggingaeftirlitsins eins og verið hefur en nýmæli að felld er niður ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu kostnaðar umfram álagt gjald. Í raun hefur ekki reynt á gildandi ákvæði og eftirlitsgjöld staðið undir

kostnaði við rekstur. Lagt er til í frumvarpinu að hámark eftirlitsgjalds verði hækkað vegna þessa til að mæta óvæntum sveiflum í útgjöldum. Einnig er veitt heimild til að innheimta gjald vegna miðlunar- og umboðsstarfsemi.

Frumvarpið mun því ekki hafa bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs þar sem hugsanleg aukning á umfangi mun verða greidd af þjónustugjöldum. Stofnunin mun eftir sem áður vera hluti af ríkisstarfseminni og eftirlit með fjármálum hennar mun verða óbreytt. Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins um vátryggingarstarfsemi nái ekki yfir slysatryggingar Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við gildandi lög.

384. Frumvarp til laga [292. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að innheimta verðmiðlunargjald af afurðum nautgripa og sauðfjár. Skal gjald þetta teljast til heildsölu- og dreifingarkostnaðar sé hann ákveðinn af fimmmannanefnd. Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð gjaldsins hverju sinni og má það aldrei vera hærra en 3,5% af heildsöluverði viðkomandi búvöru.

Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m.a. varið þannig:

a. til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna og til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum, sbr. 60. gr.,
b. til að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva,
c. til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað.

Við ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjaldi er heimilt að taka tillit til stærðar og staðsetningar afurðastöðva svo að unnt sé að styrkja sérstaklega rekstur þeirra þar sem það þykir hagkvæmur kostur vegna landfræðilegrar einangrunar.

Áður en ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjöldum skal leita tillagna frá Framleiðsluráði landbúnaðarins og samtaka þeirra afurðastöðva sem um ræðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu, sem flutt er að beiðni landbúnaðarráðherra, er lagt til að breytt verði ákvæði 19. gr. búvörulaga um fyrirkomulag á verðmiðlun mjólkurafurða. Gert er ráð fyrir að í stað skyldu til að að haga verðmiðlun þannig að afurðastöðvum sé gert kleift að greiða framleiðendum sama verð fyrir sams konar búvöru verði aðeins um að ræða heimild til innheimtu verðmiðlunargjalds.

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 112/1992, um breytingu á lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, var gerð tillaga að breytingu á 19. gr. gildandi búvörulaga. Var ætlunin að koma í framkvæmd tillögu sjömannanefndar um breytt fyrirkomulag á verðmiðlun mjólkurafurða. Við meðferð frumvarpsins hjá landbúnaðarnefnd varð niðurstaðan sú að fyrirhugaðar breytingar gætu náð fram að ganga að óbreyttum lögum. Byggðist það á þeirri framkvæmd verðmiðlunar sem fyrirhuguð var á grundvelli tillagna sjömannanefndar.

Í tillögum sjömannanefndar er gert ráð fyrir að horfið sé frá verðmiðlun mjólkurafurða í núverandi mynd. Gert er ráð fyrir að verðmiðlun takmarkist við svonefnda flutningsjöfnun og/eða rekstrarstyrki til einstakra mjólkurbúa til að skapa þeim rekstrargrundvöll teljist það hagkvæmari kostur en að flytja alla mjólk að og frá viðkomandi svæði.

Við undirbúning reglugerðar um breytta framkvæmd verðjöfnunar hefur komið í ljós að til þess að ná markmiðum tillagna sjömannanefndar verður að gera víðtækari breytingar en heimilt er að óbreyttum lögum. Í breytingunum felst einkum að afnuminn verði sá almenni réttur sem mjólkurbúin eiga í dag til þess að hljóta verðmiðlun. Þess í stað verði eingöngu veittur slíkur réttur við sérstakar aðstæður. Með því er horfið frá að verðmiðlun í mjólkuriðnaði feli í sér rekstrartryggingu fyrir mjólkurbúin en þess í stað verði aðeins þær afurðastöðvar styrktar til áframhaldandi rekstrar sem hagkvæmt þykir að starfrækja af landfræðilegum ástæðum. Þá eru lagðar til þær skipulagsbreytingar að verðmiðlunargjöld verði að hámarki 3,5% af heildsöluverði viðkomandi búvöru og felst í því nægjanlegt svigrúm til að ná fram markmiðum þessa frumvarps.

385. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á 116. og 117. löggjafarþingi og fengið á fund sinn til viðræðna frá dómsmálaráðuneytinu Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, og Ólaf W. Stefánsson skrifstofustjóra, frá utanríkisráðuneytinu Pétur G. Thorsteinsson sendifulltrúa, Markús Sigurbjörnsson prófessor, Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómara, Ögmund Jónasson, formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og frá Bandalagi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins Pál Halldórsson formann og Birgi Björn Sigurjónsson. Nefndinni bárust umsagnir frá Davíð Þór Björgvinssyni dósent og Þór Vilhjálmssyni hrd. Einnig kynnti nefndin sér drög að starfsreglum fyrir EFTA-dómstólinn er henni bárust frá dómsmálaráðuneytinu. Þá studdist nefndin við umsagnir, er henni bárust á 116. löggjafarþingi, frá Alþýðusambandi Íslands, réttarfarsnefnd, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Lögmannafélagi Íslands, Bandalagi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins, Neytendasamtökunum, Dómarafélagi Íslands og Bandalagi stafsmanna ríkis og bæja.

Í frumvarpi þessu felst í meginatriðum að dómari getur kveðið upp úrskurð um að leitað skuli ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á atriðum dómsmáls þar sem taka þarf afstöðu til skýringar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Á þetta við um rekstur dómsmála fyrir héraðsdómstólum, Hæstarétti og félagsdómi. Er hér um heimild dómara að ræða þegar vafaatriði koma upp um skýringu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og er álit EFTA-dómstólsins ráðgefandi en ekki bindandi.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Er þar aðeins um formbreytingu að ræða sem ekki þarfnast nánari skýringa.

Alþingi, 14. des. 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Gísli S. Einarsson. Björn Bjarnason.

Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.

386. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til l. um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar (SP, GE, BBj, EKJ).

1. Við 2. gr. 2. mgr. falli brott.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Hæstiréttur getur jafnan kveðið upp úrskurð, eins og lýst er í 1. og 2. mgr. 1. gr., í máli sem fyrir honum er rekið.

387. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á 116. og 117. löggjafarþingi og fengið á fund sinn frá dómsmálaráðuneytinu Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, og Ólaf W. Stefánsson skrifstofustjóra, frá félagsmálaráðuneytinu Berglind Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra og frá utanríkisráðuneytinu Pétur G. Thorsteinsson sendifulltrúa, Markús Sigurbjörnsson prófessor við Háskóla Íslands, Tryggva Gunnarsson hrl. og Eirík Tómasson hrl.

Nefndinni bárust umsagnir frá BHMR, Samtökum landflutningamanna, lögreglustjóranum í Reykjavík, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Lögfræðingafélagi Íslands, Ökukennarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Félagi fasteignasala, Sýslumannafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Dómarafélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda,

BSRB, héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu, réttarfarsnefnd, Búnaðarfélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, héraðsnefnd Suðurnesja, Stéttarsambandi bænda og Umferðarráði. Auk þess barst nefndinni erindi frá Amnesty International.

Frumvarp þetta skiptist í tíu kafla þar sem fjallað er um breytingar á lögum í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og eru þær í meginatriðum eftirfarandi:

Í fyrsta lagi leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að þegnar annarra ríkja, sem njóta réttinda samkvæmt samningnum, munu samkvæmt ákvæðum hans verða jafnsettir innlendum þegnum á sama stað, m.a. hvað varðar atvinnuréttindi og heimildir til fjárfestingar. Í þessu tilliti er kveðið á um breytingar á þrennum lögum sem áskilja íslenskt ríkisfang til að öðlast tiltekin réttindi. Eru það lög um prentrétt, nr. 57/1956, lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, og lög um fasteigna- og skipasölu, 34/1986. Þá er mælt fyrir um breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, um heimildir útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér og meðferð mála, sem að þessu snúa, fyrir stjórnvöldum.

Í öðru lagi er mælt fyrir um breytingar á lögum vegna reglna sem settar hafa verið um viðurkenningu á prófskírteinum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Snýr það einkum að skilyrðum sem sett eru fyrir réttindum eða starfsgengi sem bundin hafa verið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Eru það lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74/1938, lög um málflytjendur, nr. 61/1942, lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Í þriðja lagi er mælt fyrir um breytingar á lögum um leyfisbundna þjónustustarfsemi málflutningsmanna, fasteigna- og skipasala og niðurjöfnunarmanna sjótjóns.

Loks er gert ráð fyrir breytingum á lögum um gagnaöflun fyrir dómstólum. Varðar það almenn hegningarlög, nr. 19/1940, og lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. | Gísli S. Einarsson. | Björn Bjarnason.

Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.

388. Svar [187. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um kynningu og eftirlit með framkvæmd samnings um réttindi barna.

1. Hvernig hefur verið staðið að kynningu á meginreglum og ákvæðum samnings um réttindi barna sem var fullgiltur fyrir Íslands hönd 28. október 1992, sbr. 42. gr. hans?

Í júlímánuði 1992 komu fulltrúar samtakanna Barnaheilla á fund dómsmálaráðherra og buðu fram aðstoð sína við íslensk stjórnvöld við að kynna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. 11. september sama ár barst ráðherra síðan bréf samtakanna þar sem framangreint tilboð var ítrekað og jafnframt lýst með hvaða hætti kynningin væri fyrirhuguð. Var þar getið um ráðstefnu dagana 30. og 31. október 1992 þar sem fjalla átti um samn-

inginn frá ýmsum sjónarhornum og einstakar greinar hans. Um svipað leyti átti að koma út bæklingur þar sem helstu greinar samningsins yrðu skýrðar á aðgengilegan hátt í máli og myndum. Þá kom fram að Barnaheill hefðu látið gera stuttmynd um samninginn sem fyrirhugað væri að sýna í sjónvarpi. Loks var getið um kennsluefni um samninginn fyrir grunnskólabörn, fyrirlestra í framhaldsskólum og meðal frjálsra félagasamtaka o.fl. Í bréfinu var lausleg kostnaðaráætlun við kynninguna tilgreind 2.250.000 kr.

Af tilefni bréfs Barnaheilla fól ráðherra starfsmanni ráðuneytis að tilkynna fulltrúa samtakanna að hann væri þá þegar reiðubúinn að leggja fram 200 þús. kr. til kynningar á samningnum og til viðræðu um framhaldið. Var það gert í símtali við þáverandi varaformann Barnaheilla 24. september 1992. Var talið að kynning á samningnum væri eftir það í höndum samtakanna Barnaheilla í samræmi við það sem fram kom í fyrrgreindu bréfi enda var hvorki haft samband við ráðherra né starfsmenn ráðuneytisins eftir það fyrr en starfsmenn ráðuneytisins könnuðu málið af tilefni fyrirspurnar þessarar. Starfsmenn ráðuneytisins fylgdust með því að fyrirhuguð ráðstefna var haldin í lok október 1992 og að erindi þau, sem þar voru haldin, voru birt í myndarlegu blaði samtakanna, 1. tölublaði 1993. Þá barst ráðuneytinu bæklingur sá sem greint var frá í bréfinu.

Er fyrirspurn þessi kom fram hafði starfsmaður ráðuneytisins samband við fulltrúa samtakanna til þess að kanna hvað frekar hefði verið aðhafst af þeirra hálfu til kynningar á samningnum. Í símtali starfsmanns ráðuneytisins við núverandi varaformann 11. nóvember sl. og í framhaldi af því í bréfum samtakanna frá 15. nóvember sl. kom fram að samtökin hefðu ekki tekið við þeim 200 þús. kr. er boðnar voru í september 1992 og jafnframt var tekið fram að stjórn Barnaheilla hefði aldrei litið svo á að samtökin hefðu formlega tekið að sér að kynna samninginn. Í bréfinu er loks tekið fram að stjórnin lýsi sig reiðubúna til samstarfs við stjórnvöld um nánari kynningu samningsins. Tilboð Barnaheilla er nú til skoðunar í ráðuneytinu á nýjan leik og verður svarað fljótlega.

Auk þeirrar kynningar, er samtökin Barnaheill hafa staðið að, hefur lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu haldið erindi um samninginn á málþingum á vegum Rauða krossins og Bernskunnar, Íslandsdeildar OMEP-samtakanna, sem síðan voru gefin út á prenti. Þá hefur birst grein um samninginn í tímariti laganema, Úlfljóti, 2. tölublaði 1993, eftir lögfræðing í dómsmálaráðuneytinu og þjóðréttarfræðing í utanríkisráðuneytinu. Loks hefur samningurinn verið gefinn út ásamt öðrum alþjóðlegum mannréttindasamningum í riti er málflutningsstofa hér í Reykjavík gaf út í fyrra.

Varðandi áframhaldandi kynningu á samningnum um réttindi barna, sem ljóst er að fara þarf fram reglulega í framtíðinni, hefur ráðherra ákveðið að skipa starfshóp með fulltrúum frá dómsmálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu til þess að kanna og gera tillögur um hvernig rétt sé að standa að frekari kynningu á samningnum en þegar hefur verið gert og til skoðunar á öðru því er íslenskum stjórnvöldum ber að vinna að samkvæmt ákvæðum samningsins.

2. *Hver er áætlaður kostnaður við kynningu á samningnum á næsta ári?*

Kostnaður við kynningu á samningnum á næsta ári hefur ekki verið áætlaður nákvæmlega. Á sparnaðartímum sem þessum verður leitast við að kynna samninginn á fullnægjandi hátt án mikils tilkostnaðar. Mun starfshópur sá, sem getið er um í fyrsta lið að framan, m.a. taka þetta atriði til skoðunar.

3. Hvernig er staðið að eftirliti með framkvæmd samningsins?

Sérstakir eftirlitsaðilar hafa ekki verið skipaðir til þess að hafa eftirlit með framkvæmd samningsins enda ekki ráð fyrir því gert í samningnum. Við gerð skýrslu þeirrar, sem ríkisstjórninni er skylt að láta í té skv. 44. gr. samningsins, mun verða safnað upplýsingum frá hverju ráðuneyti á þeim sviðum er undir það heyra. Starfshópur sá, er greint hefur verið frá, mun m.a. taka þetta atriði til skoðunar.

4. Hvernig miðar skýrslugerð um framkvæmd samningsins sem láta skal í té eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna innan tveggja ára frá gildistöku samningsins?
Hverjir vinna að gerð skýrslunnar?

Skýrslugerð um framkvæmd samningsins er ekki hafin en þess má vænta að undirbúningur að gerð hennar hefjist í ársbyrjun 1994.

389. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna frá félagsmálaráðuneytinu Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Sturlaug Tómasson deildarstjóra, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson formann og Þórð Skúlason framkvæmdastjóra, frá Alþýðusambandi Íslands Láru V. Júlíusdóttur framkvæmdastjóra og Gylfa Arnbjörnsson hagfræðing, frá Vinnuveitendasambandi Íslands Þórarin V. Þórarinsson framkvæmdastjóra og Hannes G. Sigurðsson hagfræðing, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja Ögmund Jónasson formann og Rannveigu Sigurðardóttur hagfræðing, frá Fasteignamati ríkisins Magnús Ólafsson forstjóra og Elís Reynarsson rekstrarstjóra, frá Reykjavíkurborg Eggert Jónsson borgarhagfræðing og frá Neytendasamtökunum Jóhannes Gunnarsson formann. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sveitarstjórn Breiðdalshrepps, bæjarstjórn Selfoss, sveitarstjórn Hofshrepps, borgarstjóranum í Reykjavík, bæjarstjórn Sauðárkróks, sveitarstjórn Laxárdalshrepps, bæjarstjórn Egilsstaðabæjar, bæjarstjórn Vestmannaeyja, bæjarstjórn Akraness, bæjarstjórn Grindavíkur, Fasteignamati ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, sveitarstjórn Hofshrepps, sveitarstjórn Hólmavíkurhrepps, bæjarstjórn Mosfellsbæjar, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, fjármálaráðuneytinu, bæjarstjórn Hafnarfjarðar, bæjarstjórn Kópavogs, bæjarstjórn Seltjarnarness og bæjarstjórn Garðabæjar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

1. Lögð er til breyting á 6. gr. frumvarpsins. Í gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru ákvæði um að útsvar megi ekki vera hærra en 7,5% af útsvarsstofni. Hvað útsvarið varðar gerir frumvarpið ekki ráð fyrir öðrum breytingum en þeim að þetta tiltekna hámark verði 9,2%. Í breytingartillögunni felst að lágmarksútsvar verði lögbundið 8,4% og eru veigamestu rökin fyrir þeirri breytingu að mismunur á útsvarsálagningu sveitarfélaganna verður minni og útsvarsgreiðslur íbúa landsins jafnari.

2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 10. gr. frumvarpsins sem er nýtt ákvæði til bráðabirgða. Lagt er til að aukið verði við 1. efnismgr., í fyrsta lagi til að taka af tvímæli um að viðbótarfasteignaskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á árinu 1994, sem ákvæðið veitir heimild til, skuli renna óskiptur til sveitarsjóðs og í öðru lagi að álagning og innheimta þessa skatts verði í höndum sveitarstjórnar en hún geti jafnframt falið sérstökum innheimtuaðila þá innheimtu.

   Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. efnismgr. Í fyrsta lagi er lagt til að í stað þess að tímafrestur eigenda til að senda skrá yfir eignir ásamt tilgreindum upplýsingum miðist við árslok 1993 verði framkvæmdin sú að viðkomandi sveitarstjórn auglýsi hver frestur þessi verði, en vegna þess hve langt er nú liðið á árið er ekki mögulegt að miða við næstu áramót. Í öðru lagi er felldur brott þáttur Fasteignamats ríkisins í viðtöku skráa og upplýsinga samkvæmt ákvæðinu. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur, að skrár yfir eignir séu sendar sveitarfélögunum, auk þess sem það einfaldar framkvæmdina að hafa hana hjá einum og sama aðila. Í þriðja lagi er síðan lögð til viðbót við 2. efnismgr. sem er í samræmi við gildandi framkvæmd, að skattayfirvöld séu ráðgjafaraðili sveitarstjórna við framkvæmd skattlagningar.

   Loks eru lagðar til breytingar á 10. gr. sem miða að því að taka af öll tvímæli um að viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði tekjustofn sveitarfélaga þar til ákvörðun hefur verið tekin um að koma þeirri skattheimtu fyrir með öðrum hætti. Markmiðið er að hinn sérstaki fasteignaskattur verði aðeins lagður á á árinu 1994, en rétt þykir, svo að réttarstaða sveitarfélaganna sé ljós að þessu leyti, að leggja til að við greinina bætist ný málsgrein þess efnis að ákvæðið verði í gildi þar til félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafi unnið að nánari útfærslu málsins auk þess sem að ártöl eru felld brott úr 1. efnismgr. í sama tilgangi.
3. Lagt er til að í 10. gr. frumvarpsins bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Í 26. gr. laganna segir að sveitarsjórn skuli ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á næsta ári og skuli tilkynna ákvörðun sveitarstjórnar til fjármálaráðuneytisins eigi síðar en 15. desember á sama ári. Með bráðabirgðaákvæðinu er lagt til að ráðherra verði heimilt, þrátt fyrir ákvæði 26. gr., að auglýsa á árinu 1993 sérstaka fresti sveitarstjórna til að ákveða hundraðshluta útsvars en tilkynning til ráðuneytis skuli hafa borist eigi síðar en tveimur dögum eftir að ákvörðun sveitarstjórnar átti að liggja fyrir. Breytingin helgast af gildistöku þessa frumvarps. Þá er einnig lagt til að heimilt verði að miða við ákvörðun fyrra árs að viðbættu 1,5% vanræki sveitarstjórn tilkynningarskyldu sína samkvæmt ákvæðinu. Væri viðmið fyrra árs 7,5% yrði niðurstaðan þannig 9% hjá viðkomandi sveitarfélagi. Er þessi áætlunarheimild í samræmi við ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1988.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm. Guðjón Guðmundsson. Eggert Haukdal.

Einar K. Guðfinnsson. Valgerður Gunnarsdóttir.

390. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (RG, EH, EKG, GuðjG, VG).

1. Við 6. gr. Á eftir „9,2%“ komi: og eigi lægra en 8,4%.
2. Við 10. gr.
   a. Eftirfarandi breytingar verði á 1. efnismgr.:
      1. Orðin „á árinu 1994“ í 1. málsl. falli brott.
      2. Í stað orðanna „árslok 1993“ í 4. og 6. málsl. komi: árslok áður en álagning fer fram.
      3. Við málsgreinina bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Skattur samkvæmt ákvæði þessu rennur óskiptur til sveitarsjóðs. Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skattsins en getur falið sérstökum innheimtuaðila innheimtuna.
   b. 2. efnismgr. orðist svo:
      Eigendur fasteigna skulu senda því sveitarfélagi, sem eign er í, skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þetta ásamt upplýsingum um síðasta heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem einnig eru notaðar til annars en verslunarreksturs og skrifstofuhalds. Sveitarstjórn auglýsir frest eigenda til að skila upplýsingum þeim er að framan greinir. Vanræki húseigandi að senda skrá yfir eignir sem ákvæði þetta tekur til er sveitarstjórn heimilt að nota aðrar uppýsingar til viðmiðunar við álagningu þar til húseigandi bætir úr. Skattyfirvöld skulu veita sveitarstjórnum þær upplýsingar sem þörf er á í sambandi við framkvæmd ákvæðis þessa, þar á meðal skal heimila sveitarstjórnum aðgang að skrám yfir aðila sem skattlagðir voru á grundvelli V. kafla laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo:
      Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa unnið að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að þessi sérstaki viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga.
3. Við 10. gr. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, II, sem orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 26. gr. er ráðherra heimilt á árinu 1993 að auglýsa sérstaka fresti sveitarstjórnum til handa til að ákveða hundraðshluta útsvars. Tilkynning til fjármálaráðuneytis, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal hafa borist eigi síðar en tveimur dögum eftir að ákvörðun sveitarstjórnar átti að liggja fyrir. Vanræki sveitarstjórn að tilkynna innan tiltekins frests skal miða við ákvörðun fyrra árs að viðbættu 1,5%.

391. Frumvarp til laga [293. mál]

um alferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga, sem gerðir eru á milli farkaupa og ferðaheildsala eða ferðasmásala, um kaup á alferðum, svo og um aðra viðskiptahætti þar að lútandi.

2. gr.

Í lögum þessum merkja eftirfarandi hugtök:

Alferð er fyrir fram ákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða, þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 klst. eða í henni felst gisting:

a. flutnings,
b. gistingar,
c. annarrar þjónustu við ferðamenn sem tekur til verulegs hluta ferðarinnar.

Það telst alferð þótt reikningar séu gerðir sérstaklega fyrir hvert atriði.

Ferðaheildsali er sá sem setur saman alferð og býður hana til sölu, hvort heldur beint eða gegnum ferðasmásala.

Ferðasmásali er sá sem býður til sölu alferð sem ferðaheildsali hefur sett saman.

Farkaupi er einstaklingur eða lögpersóna sem:

a. gerir samning um kaup á alferð (aðalsamningsaðili),
b. aðalsamningsaðilinn semur um kaup á alferð fyrir,
c. fengið hefur alferð framselda frá aðalsamningsaðila eða þeim sem aðalsamningsaðili samdi um kaup á alferð fyrir.

II. KAFLI
Gerð og efni samnings.

3. gr.

Í bæklingum og auglýsingum um alferðir skal tilgreina verð og allar upplýsingar sem ferðina snerta á greinargóðan og nákvæman hátt. Upplýsingar í bæklingi eru bindandi fyrir ferðaheildsala, nema farkaupa hafi verið tilkynnt um breytingar áður en samningur er gerður, samkomulag hafi orðið um breytingar eða verðbreytingar séu heimilaðar skv. 7. gr.

4. gr.

Samning um kaup á alferðum skal gera skriflega eða á annan hátt sem er ótvíræður og aðgengilegur fyrir farkaupa. Farkaupi skal fá afrit af samningnum.

Áður en samningur um alferð er gerður, veitir ferðaheildsali eða smásali farkaupa almennar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru til vegabréfa og vegabréfsáritana og frest til að útvega slíkt, auk upplýsinga um heilbrigðisráðstafanir sem krafist er í viðkomandi ríkjum. Skulu upplýsingarnar veittar skriflega eða á annan ótvíræðan hátt.

Ferðaheildsali eða smásali skal einnig veita farkaupa nánari upplýsingar um þau atriði sem eru nauðsynleg til að alferð sé farin. Skulu þær veittar skriflega eða á annan ótvíræðan hátt.

III. KAFLI
Afpöntun, framsal og verðbreytingar á alferð.

5. gr.

Afpanti farkaupi alferð getur seljandi krafist þóknunar sem er ákveðin með tilliti til þess hvenær afpantað er og hvers eðlis alferðin er. Áður en samningur er gerður skal farkaupa tilkynnt hvaða skilmálar gilda um afpantanir.

Farkaupi hefur rétt til að afpanta alferð vegna stríðsaðgerða, borgarastyrjaldar, lífshættulegra smitsjúkdóma eða annars, sem hefur afgerandi áhrif á framkvæmd alferðar á áfangastað eða nálægt honum, þegar a.m.k. 14 dagar eða færri eru til brottfarar. Í slíkum tilvikum á farkaupi kröfu á því að fá fulla endurgreiðslu að frádregnu staðfestingargjaldi. Þetta gildir þó ekki ef farkaupi hefði mátt sjá fyrir um ofangreinda atburði og ástand er samningur var gerður.

Áður en samningur um alferð er gerður skal seljandi veita farkaupa upplýsingar um það hvaða möguleikar eru á að gera tryggingarsamning eða tryggja sig á annan hátt gegn fjárhagslegu tjóni í þeim tilvikum að farkaupi getur ekki tekið þátt í alferð.

6. gr.

Þegar farkaupi getur ekki nýtt sér alferð getur hann framselt bókun sína til aðila sem fullnægir þátttökuskilyrðum. Ferðaheildsali eða ferðasmásali skulu fá vitneskju um þetta með sanngjörnum fyrirvara áður en ferðin hefst.

Framseljandi alferðar og framsalshafi eru þá sameiginlega og hvor í sínu lagi ábyrgir gagnvart ferðaheildsala eða smásala að því er varðar greiðslu á eftirstöðvum og öllum aukakostnaði er kann að leiða af slíku framsali.

7. gr.

Verð það sem sett er fram í samningnum skal haldast óbreytt nema því aðeins að þar sé skýrt tekið fram að verð geti hækkað eða lækkað og nákvæmlega sé tilgreint hvernig reiknað skuli út breytt verð. Einungis skal heimila breytingar á:

a. flutningskostnaði, þar með töldum eldsneytiskostnaði,
b. álögum, sköttum eða sérgreiðslum fyrir tiltekna þjónustu, svo sem lendingargjöldum eða gjöldum fyrir að fara um borð eða frá borði í höfnum og á flugvöllum,
c. gengi því sem á við um hina tilteknu alferð.

Síðustu tuttugu daga fyrir brottfarardag má ekki hækka verð það sem í samningi segir.

IV. KAFLI
Vanefndir ferðaheildsala eða ferðasmásala og réttindi farkaupa.

8. gr.

Geri ferðaheildsali breytingar á alferð áður en hún hefst ber honum að tilkynna það farkaupa svo fljótt sem unnt er. Sé um verulega breytingu að ræða ber farkaupa að tilkynna ferðaheildsala eða smásala eins fljótt og unnt er, hvort hann óski eftir að rifta samningnum eða gera viðbótarsamning er tilgreini þær breytingar sem gerðar eru á upphaflega samningnum og áhrif þeirra á verð og önnur kjör.

Um leið og farkaupa er tilkynnt um breytingar á alferð skal upplýsa hann um tilkynningarskyldu hans skv. 1. mgr., sem og um afleiðingar þess að sinna henni ekki. Eins skal upplýsa hann um það hvert ber að beina slíkri tilkynningu.

9. gr.

Ef farkaupi riftir samningi skv. 1. mgr. 8. gr. eða ef ferðaheildsali aflýsir ferðinni á farkaupi rétt á að fá fulla endurgreiðslu eða taka í staðinn aðra alferð sambærilegaað gæðum eða betri ef ferðaheildsali eða smásali getur boðið slík skipti. Ef ferðin, sem boðin er í staðinn, er ódýrari, fær farkaupi verðmismuninn endurgreiddan. Ef ferðin er dýrari greiðir farkaupi mismuninn.

10. gr.

Verði farkaupi fyrir tjóni vegna verulegra breytinga á ferðatilhögun eða vegna þess að ferð hefur verið aflýst á hann rétt á skaðabótum, nema því aðeins að ferðinni sé aflýst:

a. vegna þess að fjöldi skráðra þátttakenda er minni en sú lágmarkstala sem til þarf enda sé farkaupa tilkynnt um aflýsingu skriflega innan ákveðins frests sem samið hefur verið um fyrir fram eða
b. eða breytt vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna sem sá er ber þær fyrir sig fær engu um ráðið og hefði ekki getað komið í veg fyrir afleiðingar þeirra.

11. gr.

Ef alferðin fullnægir ekki ákvæðum alferðarsamnings getur farkaupi krafist þess að ráðin sé bót á því, nema það hafi í för með sér óeðlilegan kostnað eða veruleg óþægindi fyrir ferðaheildsala eða smásala. Ef ekki er hægt að bæta úr því sem á vantar eða einungis með lakari þjónustu á farkaupi rétt á verðlækkun á ferðinni sem jafngildir mismuninum á þeirri þjónustu sem samið var um og þeirri sem veitt er.

Ef verulegur hluti þeirrar þjónustu sem samningur kveður á um er ekki veittur eða er verulega ófullnægjandi getur farkaupi rift samningnum nema ferðaheildsali eða ferðasmásali ráði bót á vandanum innan sanngjarnra tímamarka farkaupa að kostnaðarlausu. Ef flutningur er þáttur alferðar og farkaupi kýs að rifta samningi getur hann krafist þess að vera fluttur sér að kostnaðarlausu til þess staðar þar sem alferð hófst eða á annan stað sem aðilar hafa samið um.

Farkaupi verður að tilkynna þeim er hann gerði alferðarsamning við eða fulltrúa hans, eins fljótt og kostur er, um hverja þá vanefnd er hann verður var við á framkvæmd samnings. Þessa skyldu verður að taka skýrt fram í samningnum.

12. gr.

Ferðaheildsali og ferðasmásali bera sameiginlega og hvor í sínu lagi ábyrgð gagnvart farkaupa á því að staðið sé við framkvæmd samningsins, hvort sem hún er í höndum þeirra sjálfra eða annarra þjónustuaðila.

13. gr.

Verði farkaupi fyrir meiðslum eða eignatjóni vegna þess að alferð er ófullnægjandi á hann rétt á skaðabótum, nema því aðeins að vanefnd á framkvæmd samnings verði ekki rakin til vanrækslu seljanda eða annars þjónustuaðila af því að vanefndirnar eru:

a. sök farkaupa,
b. sök þriðja aðila sem ekki tengist þeirri þjónustu sem samið var um og eru ófyrirsjáanlegar eða óhjákvæmilegar,
c. vegna óviðráðanlegra aðstæðna (force majeure) eða atburðar sem veitandi þjónustunnar gat með engu móti séð fyrir eða komið í veg fyrir.

14. gr.

Ferðaheildsali eða ferðasmásali geta takmarkað skaðabætur sem þeim ber að greiða skv. 13. gr. í samræmi við takmarkanir sem kveðið er á um í landslögum eða alþjóðasamningum, sem gilda um einstaka þætti alferðar.

V. KAFLI
Skyldur farkaupa.

15. gr.

Farkaupa ber að hlýða fyrirmælum fararstjóra og starfsmönnum annarra þjónustuaðila við framkvæmd alferðarsamnings.

Sé um að ræða verulegar vanefndir farkaupa á skyldum hans samkvæmt lögum þessum og 1. mgr. getur ferðaheildsali eða ferðasmásali útilokað hann frá frekari þátttöku í viðkomandi alferð eða komið í veg fyrir að hann hefji hana og krafið hann um fullt verð fyrir ferðina. Ef ferð er hafin verður farkaupi sjálfur að standa straum af viðbótarkostnaði sem leiðir af útilokun hans frá ferðinni.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

16. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessara laga, m.a. um efni upplýsingabæklings til farkaupa, afpöntunarskilmála og aðrar upplýsingar um alferðir og atriði sem taka þarf fram í samningi.

17. gr.

Eftirlit með framkvæmd laga þessara er í höndum Samkeppnisstofnunar.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi gilda ekki um alferðir sem samið hefur verið um fyrir gildistöku þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt um EES og ferðamál.

Frumvarp þetta var lagt fram til kynningar á 116. löggjafarþingi 1992–1993 og er nú lagt aftur fram með nokkrum orðalagsbreytingum.

Með lagafrumvarpi þessu er lögfest efni tilskipunar ráðherraráðs Evrópubandalagsins nr. 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, sumarleyfis- og skoðunarferðapakka, sem tilgreind er í viðauka með samningi um Evrópska efnahagssvæðið milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 2/1993.

Tilskipunin er 7. gerð XIX. viðauka með samningnum. Með samningi um Evrópska efnahagssvæðið er Ísland skuldbundið til að koma í íslenskan rétt þeim gerðum sem þar eru taldar upp í viðaukum.

Við samningu frumvarps þessa var ákveðið að fara svipaða leið og önnur ríki á Norðurlöndum með setningu sérstakra laga sem byggð eru á áðurnefndri tilskipun Evrópubandalagsins og er frumvarp þetta efnislega samhljóða þeim frumvörpum sem lögð hafa verði fram á löggjafarsamkomum annarra ríkja á Norðurlöndum.

Um ferðamál almennt er fjallað í VI. hluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, „Samvinna utan marka fjórþætta frelsisins“, einkum í 78. og 79. gr. Einnig er í 8. gr. 31. bókunar með samningnum fjallað um nánari samvinnu og aðgerðir á sviði ferðamála.

Í VII. viðauka samningsins er fjallað um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi. Til að mynda er í G-lið 38. tölul. þess viðauka fjallað um aðgerðir á sviði ferðamála. Í 43. tölul. sama viðauka er fjallað um samvinnu og aðgerðir er varða rekstur veitinga- og gististaða.

II. Aukin neytendavernd.

Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skuldbinda samningsaðilar sig til að taka upp ýmsar reglur á sviði neytendaverndar og hafa aðildarríkin sett sér það markmið að á hinum innri markaði ríki víðtæk neytendavernd. Aukið frelsi í viðskiptum á því ekki að vera á kostnað nauðsynlegrar neytendaverndar.

Í inngangi að tilskipun Evrópubandalagsins er m.a. á það bent að ferðaþjónusta gegni æ stærra hlutverki í efnahagslífi aðildarríkja bandalagsins. Alferðir eru undirstöðuatriði í ferðaþjónustu. Slík þjónusta hlyti hvatningu til frekari vaxtar og grósku ef samþykktar væru sameiginlegar lágmarksreglur þannig að atvinnugreinina mætti stunda í bandalaginu sem heild. Þetta yrði þó ekki aðeins til hagsbóta fyrir ríkisborgara bandalagsins er keyptu alferðir sem væru settar saman á grundvelli slíkra reglna, heldur mundi það einnig laða að ferðamenn úr löndum utan bandalagsins er sæktust eftir alferðum er uppfylltu viðurkennda staðla.

Löggjöf Evrópubandalagsins á sviði neytendaverndar er víðtækari en íslensk löggjöf og því er nauðsynlegt að setja nýjar reglur á því sviði.

Engar sérstakar reglur hafa gilt um viðskipti með alferðir hér á landi. Neytendavernd í ferðaþjónustu byggir einkum á IV. kafla laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála. Þar eru ákvæði um ferðaskrifstofur, rekstrarleyfi, tryggingarfé o.fl. Reglugerð nr. 266/1978 um almennar ferðaskrifstofur tekur einnig til þessa sviðs. Þá er og um að ræða tvær auglýsingar; nr. 328/1990 um ferðaskrifstofur og auglýsingu nr. 23/1990 um tryggingarfé ferðaskrifstofa. Einnig er vísað til reglugerðar nr. 21/1985 um leiguflug, en þar eru ýmis ákvæði farkaupanum til verndar.

Löggjöf um skipulag ferðamála er nú í endurskoðun þar sem m.a. verður lögð aukin áhersla á vernd neytenda.

Hjá Félagi íslenskra ferðaskrifstofa (FÍF) hafa verið í gildi reglur um almenna skilmála milli ferðaskrifstofanna og þeirra er kaupa ferðir. Ferðaskilmálar þessir voru settir einhliða af Félagi íslenskra ferðaskrifstofa og síðast samþykktir með breytingum á fundi hjá þeim 3. febrúar 1993, sbr. fskj. 3.

Breytingar þær er síðast voru samþykktar á fundi hjá FÍF eru að mestu í anda þessa frumvarps, enda höfðu forráðamenn samtakanna tilskipun Evrópubandalagsins og drög að lagafrumvarpi þessu til viðmiðunar. Í eldri ferðaskilmálum var m.a. heimilt að undanskilja flugvallaskatta, innlenda og erlenda, svo og forfallagjald í auglýstu verði. Þess í stað mátti tilkynna fjárhæð þessara þátta sérstaklega. Með síðustu breytingum ferðaskilmálanna skuldbinda ferðaskrifstofurnar sig til að auglýsa eitt verð ferðar í fjölmiðlum þar sem innifalin eru öll gjöld er farkaupi þarf að greiða í alferðinni. Einnig var sett inn í nýjustu ferðaskilmálana ákvæði um framsal alferðarbókunar til einhvers annars aðila. Þá var einnig í samræmi við frumvarp þetta sett inn ákvæði er bannar verðbreytingar á alferð síðustu tuttugu dagana fyrir brottför. Með breytingunum var einnig numið brott ákvæði um að ferðaskrifstofurnar beri ekki ábyrgð á vanefndum sem upp kunna að koma, vegna annarra þjónustuaðila sem veita þjónustu samkvæmt alferðarsamningi. Að öðru leyti er vísað til ferðaskilmála FÍF í fskj. 3.

Er hér einnig vísað til reglna sem fyrrum Verðlagsstofnun setti 1. febrúar 1992 um samræmdar verðupplýsingar o.fl. í auglýsingum á ferðum hjá ferðaskrifstofum, ferðafélögum, flugfélögum, skipafélögum og öðrum, sbr. fskj. 4.

Drög að þessu lagafrumvarpi voru send til umsagnar Félags íslenskra ferðaskrifstofa og til Verðlagsstofnunar (nú Samkeppnisstofnunar). FÍF gerði nokkrar athugasemdir og vonast er til að þeim hafi flestum verið komið til skila í frumvarpi þessu. Verðlagsstofnun hafði hins vegar engar athugasemdir við frumvarpið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni gildir frumvarpið annars vegar um samninga milli farkaupa og ferðaheildsala eða ferðasmásala og hins vegar um aðdraganda samningsgerðarinnar, þar með taldar auglýsingar og kynningar á ferðum. Auk þess fjallar frumvarpið um afleiðingar vanefnda á samningi um alferð. Við það er miðað að lög þessi séu ófrávíkjanleg þannig að óheimilt er að setja reglur farkaupanum í óhag. Hins vegar er ferðaheildsala eða ferðasmásala í sjálfsvald sett að veita farkaupa betri vernd. Lögin taka jafnt til alferða sem farnar eru hér á landi og erlendis, hvort sem farkaupi er Íslendingur eða erlendur ríkisborgari.

Um 2. gr.

Í frumvarpi þessu er hugtakið *alferð* notað um fyrirfram ákveðna samsetningu ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 klukkustunda eða í henni felst gisting. Þessi atriði eru: flutningur, gisting og önnur þjónusta við ferðamenn sem ekki er viðbót við flutning eða gistingu og tekur til verulegs hluta af ferðinni.

Fyrir fram ákveðin samsetning tekur jafnt til ferða eins og þeim er lýst í bæklingum eða verðskrám ferðaskrifstofa og þegar gerð er breyting á ferð að ósk farþega. Þá getur samsetning alferðar átt sér stað um leið og bókun er gerð og ekki skiptir máli að sala allra atriða alferðar eigi sér stað á sama tíma.

Rökin fyrir því að nota hugtakið alferð í stað pakkaferðar eru einkum þau að hugtakið alferð hefur verið notað í íslenskum rétti um sambærilegar ferðir. Þannig var hugtakið alferð notað í reglugerð um leiguflug nr. 21/1985, sbr. II. kafla, einkum 7. og 8. gr. Í 7. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Alferð nefnist leiguflug þar sem allt hið leigða rými skal notað eingöngu til flutnings á farþegum og farangri þeirra.“ Síðan eru talin upp í 8. gr. þau atriði er fram þurfa að koma svo að um alferð sé að ræða. Vakin er athygli á því að hugtakið er notað í þrengri merkingu í leiguflugsreglugerðinni en í frumvarpi þessu.

Einnig notaði flugorðanefnd samgönguráðuneytisins, sem lauk störfum árið 1992, hugtakið alferð með sama hætti og gert er í þessu frumvarpi.

Í frumvarpi þessu er notað hugtakið *ferðaheildsali* um þann er setur saman alferð og selur hana eða býður til sölu, hvort heldur beint eða gegnum ferðasmásala. Er það þýðing á enska hugtakinu „tour organizer“. Hugtakið ferðaheildsali í skilningi frumvarps þessa nær fremur yfir bæði ensku hugtökin „tour operator“ (ferðaskipuleggjandi) og „tour organizer“ (ferðaheildsali).

Í fyrrnefndri tilskipun Evrópubandalagsins er ferðaheildsali sá sem setur saman alferð „oftar en stöku sinnum“. Hið sama gildir í dönsku og ensku lögunum um alferðir. Í frumvarpi þessu er hins vegar gert ráð fyrir því að um ferðaheildsala sé að ræða þó hann setji saman aðeins einungis eina ferð. Það er í samræmi við lög um skipulag ferðamála, nr. 79/1985.

Þessi hugtök í íslenskri ferðaþjónustu hafa verið nokkuð á reiki, enda ferðamarkaðurinn lítill og sem fyrr segir hafa engin sérstök lög verið til um alferðir. Þannig hefur hugtakið „framleiðandi“ verið algeng málnotkun yfir hugtakið „tour organizer“ í íslenskri ferðaþjónustu.

En hver er munurinn á ferðaskipuleggjanda („tour organizer“) og ferðaheildsala („tour operator“)? Munurinn er sá að hinn fyrrnefndi er skipuleggjandi alferða í öllum tilvikum. Hinn síðarnefndi er einnig í söluhlutverkinu. Í skilningi frumvarpsins er ferðaheildsali hvort tveggja.

Ferðasmásali er sá sem selur eða býður til sölu alferð sem ferðaheildsali hefur sett saman. Í upphaflegri þýðingu tilskipunar ráðherraráðs Evrópubandalagsins nr. 90/314/EBE frá 13. júní 1990 er enska hugtakið „retailer“ þýtt sem ferðasmásali. Hugtakið ferðasmásali í frumvarpi þessu svipar til „travel agency“ í enskri hugtakanotkun.

Hugtakið *farkaupi* hefur mjög sambærilega merkingu og hugtakið neytandi hefur í íslenskri málnotkun. Í tilskipun Evrópubandalagsins er hugtakið „consumer" notað. Hins vegar var talið betra að nota hugtakið farkaupi. Vakin er athygli á því að hugtakið nær ekki einungis yfir þann aðila er gerir samning um kaup á alferð, eða þann sem aðalsamningsaðilinn semur um kaup á alferð fyrir, heldur einnig þann aðila sem aðalsamningsaðili eða sá sem samið hefur verið fyrir hefur framselt alferð til.

Orðið farkaupi hefur ekki verið notað áður í þessari merkingu en Íslensk málstöð hefur mælt með notkun þess.

Um 3. gr.

Mikilvægur þáttur verndar farkaupa í alferðarviðskiptum er að tryggja að ferðaheildsali eða ferðasmásali gefi ekki villandi upplýsingar og að bæklingar, sem farkaupi fær í hendur, veiti réttar og greinargóðar upplýsingar.

Rétt er að taka fram að með þessu ákvæði er ekki verið að skylda ferðaheildsala eða ferðasmásala til að gefa út bæklinga. Einungis er verið að tryggja að ef slíkt upplýsingaefni er gefið út gildi um það samræmdar reglur.

Í áðurnefndri tilskipun um ferðapakka, sumarleyfis- og skoðunarferðapakka eru settar fram ákveðnar reglur um að í upplýsingabæklingi um alferðir skuli tilgreina á læsilegan, skiljanlegan og greinargóðan hátt bæði verð og fullnægjandi upplýsingar varðandi eftirtalin atriði:

a. ákvörðunarstað og þau samgöngutæki sem notuð eru, eiginleika þeirra og gæðaflokk,
b. tegund gistingar, staðsetningu, gæða- eða þægindaflokk og helstu einkenni, samþykkt hennar og ferðamannaflokkun samkvæmt reglum hlutaðeigandi gistiríkis,
c. ráðgerðar (innifaldar) máltíðir,
d. ferðaáætlun,
e. almennar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru um vegabréf og vegabréfsáritanir fyrir ríkisborgara þeirra ríkja sem í hlut eiga og heilbrigðisráðstafanir sem krafist er fyrir ferðina og dvölina,
f. fyrirframgreiðslu, tilgreinda fjárhæð eða hundraðshluta heildarverðs sem greiða þarf fyrir fram, sem og hvenær skuli greiða eftirstöðvarnar,
g. hvort krafist er lágmarksfjölda fólks til þess að af ferðinni verði og í því tilviki hvenær farkaupa skuli tilkynnt um niðurfellingu ferðar í síðasta lagi.

Í ákvæðum hér að ofan er vísað til gæða- eða þægindaflokkunar gististaða og helstu einkenni, samþykkt gististaða og ferðamannaflokkun samkvæmt reglum hlutaðeigandi gistiríkis. Á það skal bent að á Íslandi er ekki til nein gæða- eða þægindaflokkun fyrir gisti- og veitingastaði. Í 8. gr. laga um um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, eru þó gististaðir flokkaðir niður, en ekki samkvæmt gæða- eða þægindaflokkun sem um er rætt í tilskipun Evrópubandalagsins.

Ljóst er að ekki er hægt að gera sömu kröfu um magn upplýsinga í auglýsingum og í ferðabæklingum. Þannig er krafan um að „veita allar upplýsingar sem ferðina snerta á greinargóðan og nákvæman hátt" ekki eins rík í auglýsingum, t.d. í dagblöðum, og í útgáfu bæklinga. Aðalatriðið er að farkaupi eigi greiðan aðgang að upplýsingum um alferð. Hins vegar er eðlilegt að setja samræmdar reglur um þau atriði er taka þarf fram í auglýsingum alferða. Auglýsingar mega t.d. ekki vera villandi fyrir farkaupa; eitt sameiginlegt verð þarf að koma fram í auglýsingu alferðar, en ekki sundurliðað verð með tilvísunum og neðanmálsathugasemdum sem er til þess fallið að villa um fyrir væntanlegum farkaupum. Á sama

hátt er óeðlilegt að auglýsa verð alferðar miðað við ákveðinn fjölda kaupenda eða viðbótarþjónustu sem farkaupa er skylt að kaupa með alferðinni.

Ein gerða EES-samningsins fjallar um þetta atriði með beinum hætti. Það er tilskipun ráðherraráðs Evrópubandalagsins nr. 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar. Hún er í XIX. viðauka er fjallar um neytendavernd. Er vísað til nánari ákvæða hér að lútandi í þeirri tilskipun.

Í fskj. 4 með frumvarpi þessu eru reglur sem fyrrum Verðlagsstofnun (nú Samkeppnisstofnun) setti 1. febrúar 1992 um samræmdar verðupplýsingar o.fl. í auglýsingum á ferðum hjá ferðaskrifstofum, ferðafélögum, flugfélögum, skipafélögum og öðrum, en 3. gr. frumvarps þessa er í anda þeirra reglna.

Í 16. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir heimild til handa samgönguráðherra til að setja nánari reglur um upplýsingar er fram þurfa að koma í auglýsingum og ferðabæklingum.

Um 4. gr.

Í viðskiptum sem þessum er afar mikilvægt að samningar séu formbundnir og að tryggt sé að farkaupi fái ítarlegar upplýsingar um tilhögun ferðar. Farkaupi þarf að geta gengið að skráðum samningsskilmálum er gilda um alferðina. Auðvelt ætti að vera að koma þessu í kring með kröfu um að allir samningsskilmálar séu skráðir í því formi að skiljanlegt sé og farkaupa tiltækt og að hann fái afrit af því.

Rökin fyrir kröfunni um skriflega alferðarsamninga eru ekki eingöngu nauðsynleg upplýsingaskylda heldur einnig þau að vegna eðlis þessara viðskipta og möguleikanum á vanefndum og hugsanlegum skaðabótakröfum þykir rétt að formbinda samningsgerðina.

Í viðauka með tilskipun Evrópubandalagsins um alferðir eru talin upp eftirfarandi atriði sem tilgreina þarf í samningi um alferðir:

a. ákvörðunarstað(i) ferðar og þar sem um dvöl er að ræða tímabil þau sem við á með dagsetningum,
b. samgöngutæki sem nota á, eiginleika þeirra og gæðaflokk, dagsetningar, tímasetningar og brottfarar- og heimkomustaði,
c. þegar gisting er innifalin í pakkanum, staðsetning hennar, ferðamanna- eða þægindaflokk, helstu eiginleika, hvort hún er í samræmi við reglur hlutaðeigandi ríkis og ráðgerðar máltíðir sem innifaldar eru í alferðinni,
d. hvort tiltekinn fjölda þátttakenda þarf til þess að af ferðinni verði og í því tilviki, hvenær frestur til að tilkynna farkaupa um hugsanlega aflýsingu ferðarinnar rennur út,
e. ferðaáætlunin/leiðin,
f. heimsóknir, skoðunarferðir eða önnur þjónusta sem er í umsömdu verði heildarpakkans
g. nafn og heimilisfang ferðaheildsalans, ferðasmásalans og vátryggjanda þar sem það á við,
h. verð pakkans, vísbending um möguleika á endurskoðun verðs skv. 7. gr., gengi þess gjaldmiðils sem á við um alferðina og vísbending um hugsanlegar álögur, skatta eða sérstakar greiðslur fyrir tiltekna þjónustu (lendingargjöld, að ganga frá borði eða fara frá borði í höfnum og á flugvöllum, ferðamannaskattar) þegar slík útgjöld eru ekki innifalin í pakkanum,

i. greiðsluáætlun og greiðslutilhögun,
j. sérstakar kröfur sem farkaupi hefur kunngert ferðaheildsala eða ferðasmásala við bókun og báðir hafa samþykkt,
k. frestur sá er farkaupi hefur til þess að setja fram kvörtun um vanefndir á framkvæmd eða um ranga framkvæmd samningsins.

Í 2. mgr. er vísað til upplýsinga sem ferðaheildsala eða ferðasmásala er skylt að láta farkaupa í té, skriflega eða á annan viðeigandi hátt, fyrir samningsgerð. Um er ræða almennar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru til vegabréfa og vegabréfsáritanir að því er varðar hlutaðeigandi ríki, og frest til að útvega slíkt, auk upplýsinga um heilbrigðisráðstafanir sem krafist er fyrir ferðina. Eðlilegt verður að teljast að slíkar upplýsingar séu veittar skriflega eða á annan ótvíræðan hátt áður en samningur er undirritaður.

Ferðaheildsali eða ferðasmásali skal einnig veita farkaupa, áður en alferð hefst, nánari upplýsingar um þau atriði sem eru nauðsynleg til að alferð verði farin. Skulu þær veittar skriflega eða á annan ótvíræðan hátt með góðum fyrirvara fyrir brottför. Í 4. gr. áðurnefndrar tilskipunar Evrópubandalagsins um alferðir eru þessar upplýsingar taldar upp. Þessi atriði eru eftirfarandi:

„i) tíma og staði þar sem höfð er viðdvöl á leiðinni og tengiferðir ásamt nánari upplýsingum um það rými sem ferðamanninum er ætlað, þ.e. klefa eða legurúm í skipi eða svefnklefa í lest;

ii) nafn, heimilisfang og símanúmer fulltrúa skipuleggjanda og/eða ferðasmásala á hverjum stað eða, sé ekki um það að ræða, ferðaskrifstofur á þeim stöðum sem neytandi í erfiðleikum gæti leitað til. Þar sem ekki eru neinir slíkir fulltrúar eða ferðaskrifstofur verður engu að síður að láta neytanda í té neyðarsímanúmer eða einhverjar aðrar upplýsingar er geri honum kleift að hafa samband við ferðaheildsala og/eða ferðasmásalann;

iii) þegar um er að ræða ferðir ólögráða barna til útlanda eða dvöl þeirra erlendis, upplýsingar er gera kleift að ná beinu sambandi við barnið eða ábyrgðaraðila á þeim stað er barnið dvelst;

iv) upplýsingar um tryggingarsamninga er gera megi til að mæta kostnaði við aðstoð, þar með talinn flutning aftur til heimalands, ef slys eða veikindi ber að höndum."

Gert er ráð fyrir því í 16. gr. frumvarpsins að samgönguráðherra hafi heimild til að setja nánari ákvæði um áðurnefnd atriði í reglugerð.

Um 5. gr.

Eðlilegt er að farkaupi eigi rétt á því, við tilteknar aðstæður, að falla frá samningi um alferð fyrir brottför. Í greininni er gert ráð fyrir að farkaupi geti afpantað alferð sem hann hefur keypt en þó getur seljandi krafist þóknunar í ákveðnum tilvikum ef farkaupi afpantar. Skal sú upphæð ákveðin með tilliti til þess hvenær afpantað er og hvers eðlis alferðin er.

Vegna neytendaverndar er einnig áréttuð í 1. mgr. upplýsingaskylda ferðaheildsala og ferðasmásala. Líkt og kveðið er á um í 4. gr. skal farkaupa tilkynnt áður en samningur er gerður hvaða skilmálar gilda um afpantanir alferðar.

Þær aðstæður kunna að koma upp að farkaupa er gert ómögulegt að fullnægja skyldum sínum samkvæmt samningnum. Um er að ræða ástand á áfangastað eða nálægt honum, svo sem stríðsaðgerðir, borgarastyrjöld, lífshættulegir smitsjúkdómar eða annað sem hefur afgerandi áhrif á framkvæmd alferðar. Við slíkar aðstæður verður að teljast eðlilegt að farkaupi hafi rétt á að afpanta alferð og fá endurgreitt verð. Hér er miðað við þegar 14 dagar eða færri eru til brottfarar. Í slíkum tilvikum ætti farkaupi að eiga rétt á að fá fulla endur-

greiðslu að frádregnu staðfestingargjaldi. Hafi farkaupi hins vegar mátt sjá fyrir um ofangreinda atburði og ástand er samningur var gerður, gildir þetta þó ekki.

Í 3. mgr. 5. gr. er ítrekuð upplýsingaskylda ferðaheildala og ferðasmásala. Áður en samningur um alferð er gerður skal veita farkaupa upplýsingar um það hvaða möguleikar eru á að gera tryggingarsamning eða tryggja sig á annan hátt til að mæta fjárhagslegu tjóni í þeim tilvikum að farkaupi getur ekki tekið þátt í alferð. Þetta er enn fremur eitt þeirra atriða sem ferðaheildsala eða ferðasmásala er gert skylt að upplýsa farkaupa um skv. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Hér er sett inn ákvæði um að hægt sé að framselja bókun alferðar. Þó er gert ráð fyrir að farkaupi geti einungis framselt bókunina til aðila er uppfyllir skilyrði til þátttöku í alferðinni.

Á framsali alferðar eru annmarkar. Hugsanlegt er að þeir aðilar er selja þjónustu í alferð hafi sett ákveðin skilyrði í upphafi og að það sé ekki á valdi ferðaheildsala eða ferðasmásala að breyta þeim. Einn helsti annmarkinn eru þær reglur er gilda um framsal flugfarseðla bæði hjá Alþjóðasambandi flugfélaga (IATA) og Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO). Samkvæmt þeim er flugfarseðill ekki framseljanlegur þegar búið er að gefa hann út, sjá einkum 1. tölul. d 3. gr., Almennir flutningsskilmálar farþega og farangurs IATA, mars 1988. Þetta er m.a. vegna þess að farseðill er ekki eingöngu staðfesting á sæti í flugvél heldur einnig kvittun fyrir tryggingu. Framsalsheimildin gildir því aðeins þangað til flugfarseðill er gefinn út. Hér er einnig vísað til athugasemda með 14. gr. frumvarps þessa.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði sú meginregla að ekki megi breyta umsömdu verði alferða nema við ákveðnar kringumstæður sem ekki eru á valdi ferðaheildsala eða ferðasmásala og slíkt sé beinlínis heimilað í samningnum, sbr. athugasemdir með 4. gr. frumvarpsins. Þessi atriði eru breytingar á: flutningskostnaði, þar með töldum eldsneytiskostnaði; sköttum eða gjöldum fyrir tiltekna þjónustu, svo sem lendingargjöldum eða gjöldum fyrir að fara um borð eða frá borði í höfnum og á flugvöllum, og gengi þess gjaldmiðils sem á við um hina tilteknu ferð.

Athuga ber að heimild til verðbreytinga gildir jafnt til hækkunar eða lækkunar á umsömdu verði alferðar. Farkaupi skal þannig njóta góðs af gengisbreytingum eða öðrum breytingum á verði alferðar allt fram að tuttugu dögum fyrir brottför.

Heimild til verðhækkunar gildir þó ekki síðustu 20 daga áður en alferð hefst. Gengisbreytingar og aðrar breytingar á því tímabili geta því ekki breytt verði alferðarinnar, nema hugsanlega til verðlækkunar. Þetta ákvæði, sem er nýlunda í íslenskum ferðaskilmálum, er þýðingarmikið skref í átt til aukinnar neytendaverndar.

7. gr. frumvarps þessa er samhljóða 4. tölul. 4. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins um ferðapakka, sumarleyfis- og skoðunarferðapakka.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um að tilkynna skuli farkaupa allar breytingar sem verða á alferð áður en hún hefst. Ef breyting er veruleg á farkaupi þess kost að rifta samningnum eða gera viðbótarsamning vegna breytinganna. Ef farkaupi óskar ekki að taka þátt í breyttri alferð á hann þess ætíð kost að rifta samningnum og fá endurgreitt allt það sem hann hefur lagt út,

sbr. 9. gr. og 10. gr. Ákvæði greinar þessarar er í samræmi við 5. tölul. 4. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að farkaupi eigi rétt á endurgreiðslu á allri upphæðinni sem hann hefur greitt ferðaheildsala eða smásala samkvæmt samningi um alferð. Þetta á þó einungis við þegar hann riftir samningi vegna breytinga á alferð skv. 8. gr. og þegar ferðaheildsali eða ferðasmásali aflýsir alferð án þess að fullnægt sé skilyrðum um lausn undan ábyrgð skv. 10. gr. Jafnframt getur farkaupi tekið í staðinn sambærilega alferð að gæðum eða betri ef ferðaheildsali eða smásali geta boðið slík skipti.

Um 10. gr.

Verði farkaupi fyrir tjóni vegna verulegra breytinga á alferð skv. 8. gr. eða aflýsinga á alferð á hann rétt á bótum, en hér eru nefnd tvö tilvik þar sem ferðaheildsali eða ferðasmásali skulu leystir undan ábyrgð.

Í fyrsta lagi um að ræða þau tilvik þegar alferð er aflýst vegna þess að færri hafa skráð sig í alferðina en nemur þeirri lágmarkstölu sem ferðaheildsali hefur tilskilið. Forsenda þess að þessu ákvæði verði beitt er sú að ferðaheildsali hafi upplýst þegar samningur er gerður að farið sé fram á lágmarkstölu þátttakenda til þess að af ferð geti orðið. Einnig að upplýst hafi verið hvaða dag ber að láta farkaupa vita í síðasta lagi ef ferðinni er aflýst. Þótt það sé ekki sagt berum orðum í tilskipuninni að skyldu beri til að upplýsa um nákvæma lágmarkstölu þátttakenda hlýtur það þó að vera skilyrði þess að ákvæðið hafi merkingu í reynd. Þetta skilyrði kemur reyndar skýrt fram í ákvæðunum um lausn undan ábyrgð þar sem notað er orðalagið „sú lágmarkstala sem ferðaheildsali hefur krafist“. Enn fremur væri mikil hætta á því að ferðaheildsalar komi sér hjá þessu ákvæði ef þeir þurfa ekki að gefa upp hvaða lágmarksþátttöku er krafist til þess að hægt sé að framkvæma alferðina. Því ber ferðaheildsalanum skylda til að gefa upp þann lágmarksfjölda sem krafist er þótt ef til vill geti verið erfitt að meta það fyrir fram. Til þess að ferðaheildsalar eða ferðasmásalar teljist lausir undan ábyrgð hlýtur að mega krefjast þess að talan sé ákvörðuð með sanngirni. Enn fremur er forsenda þess að ferðaheildsali eða ferðasmásali séu lausir undan ábyrgð að farkaupi sé upplýstur um að alferðinni hafi verið aflýst áður en sá frestur rennur út sem er veittur þegar samningur er gerður.

Í öðru lagi er ferðaheildsali og ferðasmásali enn fremur lausir undan ábyrgð á því að alferð hafi verið aflýst, ef aflýsingin er af völdum ófyrirsjáanlegra aðstæðna (force majeure). Með ófyrirsjáanlegum aðstæðum er átt við aðstæður, sem sá er þær ber fyrir sig fær engu um ráðið og hefði ekki getað komið í veg fyrir afleiðingar. Í þessu sambandi telst yfirbókun ekki til ófyrirsjáanlegra aðstæðna.

Dómstóll Evrópubandalagsins hefur sett það fordæmi að hugtakið „force majeure“ vísar einkum til utanaðkomandi aðstæðna, sem gera verknað óframkvæmanlegan. Þótt það sé ekki gert að skilyrði í hugtakinu að verknaðurinn sé óframkvæmanlegur með öllu, er kveðið á um að um algerlega óvenjulega og ófyrirsjáanlega erfiðleika sé að ræða, sem eru óháðir vilja viðkomandi persónu og með engu móti hægt að sjá fyrir um þótt öll sú aðgát hafi verið við höfð, sem með sanngirni má krefjast. Miklar kröfur eru gerðar til þeirrar persónu eða fyrirtækis, sem þarf að sýna fram á að um „force majeure“ sé að ræða. „Force majeure“ getur ekki byggst á mistökum starfsmanna eða annarra, sem viðkomandi ber ábyrgð á.

Hér koma til greina skaðabætur vegna aukaútgjalda, sem og útgjalda vegna bólusetningar, vegabréfsáritunar, trygginga og fleiri atriða sem reynast óþörf. Enn fremur kemur til greina að greiða útgjöld vegna barnapössunar, gæslu dýra, afleysinga í fyrirtæki eða landbúnaði o.s.frv. að því tilskildu að farkaupi verði að standa straum af þessum kostnaði, þó svo ekkert verði af ferðinni. Farkaupa ber þó skylda til að koma í veg fyrir tjón eftir mætti.

Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að fylgt sé sama fordæmi og hingað til, að ekki sé hægt að krefjast skaðabóta fyrir hugsanlegt tjón sem felst í því að alferð á sér ekki stað eins og samið var um.

Um 11. gr.

Grein þessi fjallar um úrræði farkaupa ef í ljós kemur eftir brottför að ferðin fullnægir ekki ákvæðum samningsins. Farkaupann skiptir það mestu að alferðin reynist í samræmi við þann samning sem gerður hefur verið og að leyst verði úr þeim hnökrum sem upp kunna að koma sem fyrst þannig að farkaupi verði fyrir sem minnstum óþægindum. Ef ekki er unnt að bæta úr því sem á vantar eða þjónustan, sem veitt er, er minna virði en sú sem samið var um á farkaupi rétt á hlutfallslegum afslætti.

Einungis í undantekningartilvikum ber að veita farkaupa riftunarrétt eftir að ferð er hafin og þarf þá að vera um að ræða verulegar vanefndir á framkvæmd samningsins. Tækifæri til riftunar á þessum tíma getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir ferðaheildsala og ferðasmásala og því eðlilegt að farkaupi eigi frekar rétt á bótum en rétt til riftunar ef ákvæðum samnings um alferð er ekki fullnægt.

Eðlilegt verður að teljast að farkaupi þurfi að tilkynna ferðaheildsala eða ferðasmásala eða fulltrúa þeirra eins fljótt og kostur er og á fullnægjandi hátt, um vanefndir á samningi, svo að úr megi bæta. Í 4. tölul. 5. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins er ákvæði um þessa tilkynningarskyldu farkaupa og að þessir samningsskilmálar séu formbundnir. Þetta kemur einnig fram í k. lið viðauka, er fylgir með tilskipuninni.

En hvert á farkaupi að beina kvörtuninni? Í 4. gr. frumvarps þessa og 4. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins er sett fram krafa um að ferðaheildsali eða ferðasmásali veiti farkaupa, áður en alferð hefst, nánari upplýsingar um þau atriði sem eru nauðsynleg til að alferð verði farin. Til að farkaupi geti komið fram kvörtunum um vanefndir þarf ferðaheildsali eða ferðasmásali að hafa veitt þessar upplýsingar. Þessi atriði eru m.a.: nafn, heimilisfang og símanúmer fulltrúa skipuleggjanda og/ eða ferðasmásala á hverjum stað eða, sé ekki um það að ræða, ferðaskrifstofur á þeim stöðum sem farkaupi í erfiðleikum gæti leitað til. Þar sem ekki eru neinir slíkir fulltrúar eða ferðaskrifstofur verður engu að síður að láta neytenda í té neyðarsímanúmer eða einhverjar aðrar upplýsingar er geri honum kleift að hafa samband við ferðaheildsalann og/eða ferðasmásalann.

Gert er ráð fyrir því í 16. gr. frumvarpsins að samgönguráðherra geti sett nánari ákvæði um áðurnefnd atriði í reglugerð.

Um 12. gr.

Hér er skýrt kveðið á um að ferðaheildsali og ferðasmásali beri báðir ábyrgð gagnvart farkaupa á því að staðið sé við framkvæmd samningsins, óháð því hvort hún er í höndum þeirra sjálfra eða annarra þjónustuaðila. Ákvæði þetta er í samræmi við 1. tölul. 5. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins, en þar kemur fram að aðildarríki skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að ferðaheildsali eða ferðasmásali beri ábyrgð gagnvart farkaupa á því að staðið sé við framkvæmd þeirra skuldbindinga sem samningurinn kveður á

um, hvort sem ferðaheildsala eða ferðasmásala ber að annast framkvæmdina sjálfir eða hún er í höndum annars þjónustuaðila. Slíkar reglur mega ekki takmarka rétt ferðaheildsala eða ferðasmásala til þess að krefjast efnda af hálfu annarra þjónustuaðila.

Ferðaskilmálum Félags íslenskra ferðaskrifstofa hefur þegar verið breytt til samræmis við ákvæði 12. gr., sbr. fskj. 3. Í fyrri ferðaskilmálum var skýrt kveðið á um að íslenskar ferðaskrifstofur bæru enga ábyrgð á vanefndum annarra þjónustuaðila samkvæmt samningum.

Um 13. gr.

Hér verður farkaupi fyrir tjóni, af öðrum sökum en þeim sem getið er um í 10. gr. vegna þess að alferð var ófullnægjandi. Hann á þá rétt á skaðabótum nema ferðaheildsali eða ferðasmásali geti sýnt fram á að tjónið sé ekki vegna vanrækslu, hvorki af hans hálfu né nokkurs aðila sem falin hefur verið framkvæmd hluta af alferðinni, t.d. flutningsaðila eða hóteleiganda. Í þessu efni miðast við að ferðaheildsali eða ferðasmásali hafi valið viðkomandi þjónustuaðila en ekki farkaupi. Hafi farkaupi t.d. valið sérstakt hótel sem ferðaheildsali eða ferðasmásali hefur engin viðskiptatengsl við, heldur einungis pantað að ósk farkaupa, á bótaábyrgðin ekki við.

Bætur vegna ágalla, sem koma í ljós eftir að ferð er hafin, geta náð til þeirra viðbótarútgjalda sem lenda á farkaupa vegna þeirra, t.d. útgjalda vegna flutninga, neyslu eða annarrar þjónustu sem var hluti umsaminnar alferðar, en ekki var boðið upp á eða reyndist svo ábótavant að farkaupi varð að leggja fram viðbótarútgjöld til að öðlast umsamda þjónustu. Leiði seinkun á heimkomu til þess að farkaupi glati vinnulaunum, ætti hann rétt á bótum skv. venjulegum skaðabótareglum.

Ekki er um að ræða hvers kyns meiðsli eða tjón sem farkaupi kann að verða fyrir í alferðinni, heldur einungis þau sem farkaupi verður fyrir vegna þess að ekki hefur verið staðið við samninginn. Verði farkaupi fyrir meiðslum við að nota þjónustu sem ekki er hluti af alferðinni, t.d. bíl sem farkaupi hefur sjálfur leigt, kveða reglur tilskipunarinnar á um að ferðaheildsali eða ferðasmásali beri ekki skaðabótaábyrgð vegna þeirra meiðsla sem farkaupi kann að verða fyrir vegna galla í farartækinu.

Ferðaheildsali eða ferðasmásali eru enn fremur leystir undan ábyrgð ef farkaupi á sjálfur sök á að ekki er staðið við samning eða um sé að ræða óviðráðanlegar aðstæður.

Í samræmi við venjulegar reglur í skaðabótarétti ber farkaupa að sýna fram á að alferðin hafi verið gölluð, að um tjón eða slys hafi verið að ræða og að orsakasamhengi sé þarna á milli. Enn fremur ber að nota venjuleg sjónarmið um hvað er við hæfi.

Tilskipunin segir ekkert til um það fyrir hvaða tjónaliði tjónþoli getur krafist skaðabóta og hvernig meta skal skaðabætur. Samkvæmt frumvarpi þessu getur farkaupi hins vegar krafist bóta fyrir vanefndir á samningi, þ.e. þá tjónaliði sem rekja má til vanefnda á samningi.

Um 14. gr.

Samkvæmt 14. gr. er heimiluð takmörkun bóta í samræmi við landslög eða alþjóðasamninga um þjónustu þá sem felst í alferðum. Þannig er hægt að takmarka skaðabætur í samræmi við þá alþjóðlegu flutningasamninga sem Ísland hefur staðfest. Hér kemur einkum til álita Varsjársamningurinn frá 1929 um alþjóðlega loftflutninga. Með sérlögum geta skaðabætur verið takmarkaðar og má sem dæmi nefna lög um loftferðir nr. 34/1964, siglingalög nr. 34/1985 og lög um flutningasamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi nr. 24/1982.

Enn fremur er gert ráð fyrir því í tilskipun Evrópubandalagsins, 2. mgr. 5. gr., að aðildarríkin geti takmarkað bætur samkvæmt samningum ef um er að ræða annað tjón en meiðsli á mönnum. Tekið er sérstaklega fram í tilskipuninni að slík takmörkun megi þó ekki vera ósanngjörn.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um skyldur farkaupa meðan á alferð stendur. Þessar skyldur, sem upp eru taldar, eru ekki tæmandi. Heimilt er að kveða nánar á um skyldur farkaupa í alferðarsamningi og þá eftir því hvers eðlis ferðin er.

Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í tilskipun Evrópubandalagsins, en eðlilegt er að samfara þeim réttindum sem frumvarp þetta veitir farkaupa beri hann einnig skyldur lögum samkvæmt. Jafnframt eru ákvæði í loftferða- og siglingalögum um skyldur farkaupa í þessum efnum.

Um 16. gr.

Eðlilegt verður að teljast að ýmis framkvæmdaratriði laga þessara verði ákveðin með reglugerð. Í greininni er samgönguráðherra heimilað að setja nánari reglur um framkvæmdina og talin eru upp þau atriði sem helst er ástæða til að fjalla nánar um í reglugerð. Það eru t.d. ákvæði um innihald upplýsingabæklings til viðskiptavinar og þau atriði sem taka þarf fram í alferðarsamningi.

Um 17. gr.

Þótt samgönguráðuneytið fari með yfirumsjón ferðamála að íslenskum lögum falla neytendamál að öllu jöfnu undir Samkeppnisstofnun, sbr. samkeppnislög nr. 8/1993. Hér er lagt til að eftirlit með framkvæmdinni verði í höndum Samkeppnisstofnunar.

Um 18. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 19. gr.

Ákvæðið um gildistöku þarfnast ekki nánari skýringar.

Um fylgiskjöl frumvarpsins vísast til samhljóða fylgiskjala á þskj. 773, 447. mál 116. löggjafarþings, bls. 4338–4344 í A-deild Alþt. 1992–93.

Fimm fylgiskjöl voru birt með frumvarpinu. Á fskj. 1 var birt tilskipun ráðherraráðs Evrópubandalagsins frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka. Á fskj. 2 var sama tilskipun prentuð í enskri útgáfu. Á fskj. 3 voru birtir ferðaskilmálar Félags íslenskra ferðaskrifstofa, samþykktir með breytingum á fundi þess 3. febrúar 1993, og á fskj. 4 reglur sem Verðlagsstofnun (nú Samkeppnisstofnun) setti 1. febrúar 1992 um samræmdar verðupplýsingar o.fl. í auglýsingum á ferðum hjá ferðaskrifstofum, ferðafélögum, flugfélögum, skipafélögum og öðrum. Á fskj. 5 var birt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið.

392. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1994.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hluti nefndarinnar getur ekki mælt með afgreiðslu frumvarps til lánsfjárlaga við þær aðstæður sem ríkja þegar meiri hlutinn leggur til afgreiðslu málsins út úr nefndinni.

Eins og málin standa ríkir mikil óvissa um ýmsa veigamikla þætti í efnahagsmálum og ríkisfjármálum og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hefur enn ekki komið sér saman um afgreiðslu ýmissa mikilvægra tekjuöflunarfrumvarpa og hvernig haga skuli álagningu skatta á komandi ári. Alla heildarsýn yfir efnahagsmálin vantar og verður ekki séð að neinni mótaðri stefnu sé fylgt varðandi hina einstöku þætti ríkisfjármála og efnahagsmála.

Minni hlutinn varaði sterklega við losarabrag á stjórn efnahagsmála á síðasta vetri og má í því sambandi vísa bæði í nefndarálit um frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1993, sem dagsett er 21. desember 1992, og í framhaldsnefndarálit sem minni hlutinn skilaði 12. janúar á þessu ári, en þar var við því varað að ríkisstjórninni hefði með öllu mistekist að ná tökum á efnahagsmálum og ríkisfjármálum og að greinilega stefndi í meiri halla ríkissjóðs en gefið var í skyn í fjárlögum og mikla óvissu um ýmsa þætti efnahagsmála, vaxtamála og fleira.

Þessi gagnrýni hefur nú sannast í ljósi reynslunnar og nægir í því sambandi að vitna til þess að eitt af verkefnum efnahags- og viðskiptanefndar á undanförnum vikum hefur verið að afgreiða „lánsfjáraukalög“ eða frumvarp til laga um breytingu á lánsfjárlögum fyrir yfirstandandi ár þar sem lántökuheimildir ríkissjóðs voru auknar um u.þ.b. 5 milljarða kr. vegna stóraukins halla ríkissjóðs, en hann stefnir nú eins og kunnugt er í hátt á annan tug milljarða kr.

Þess ber að geta að fyrir liggur fjárlagafrumvarp sem sett er upp með um 10 milljarða kr. halla og í ljósi reynslunnar undangengin ár, og ekki síst í ljósi þeirra losarataka sem einkennt hafa vinnubrögð núverandi ríkisstjórnar á þessu sviði, verður að draga þá ályktun að veruleg óvissa sé um lánsfjárþörf ríkissjóðs og ýmissa fjárfestingalánasjóða og opinberra aðila á næsta ári.

Minni hlutinn teldi því skynsamlegast að fresta afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1994, a.m.k. þar til meira hefur skýrst um afdrif fjáröflunarfrumvarpa og skattafrumvarpa ríkisstjórnarinnar, og í ljósi þess hversu seint slík mál eru fram komin og stjórnarmeirihlutanum hefur gengið illa að ná um þau samkomulagi, sem auðvitað er forsenda afgreiðslu þeirra á þinginu, bendir flest til þess að vænlegast væri að afgreiða lánsfjárlög í upphafi næsta árs.

Minni hlutinn vísar því ábyrgð á afgreiðslu málsins, ef hún verður engu að síður knúin í gegn af stjórnarmeirihlutanum, alfarið á hendur ríkisstjórn og meiri hluta hennar á Alþingi.

Um efni frumvarpsins er í ljósi þess er að framan greinir ekki ástæða til að hafa mörg orð. Það er nú sett upp með þeim hætti að enginn greinarmunur er gerður á innlendri og erlendri lántöku og sömuleiðis er frumvarpið að öðru leyti einfaldara í sniðum en áður þar sem ýmis skerðingarákvæði í svonefndum „þráttfyrirkafla“ hafa nú verið flutt yfir í annað frumvarp, frumvarp ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við lántökuheimildir einstakra aðila í frumvarpinu. Benda má þó á að minni lántökuheimild fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna er bein afleiðing af þeim breytingum sem ríkisstjórnin hefur gert á úthlutunarreglum Lánasjóðsins og er nú að koma á daginn það sem spáð var að upptaka vaxta á námslán og hertar útlánareglur mundu flæma ungt fólk frá námi. Er það auðvitað alvarlegt áhyggjuefni, ekki síst í ljósi þess hvernig atvinnuástand er í landinu sem aftur þýðir að það unga fólk, sem verður að hverfa frá námi, á í fæstum tilvikum að miklu að hverfa út á vinnumarkaðinum.

Þá er í öðru lagi rétt að nefna sérstaklega fjármögnun húsnæðismálanna og byggingarsjóðanna. Ljóst er að mikil óvissa ríkir um hvernig sjóðunum mun ganga að afla fjármagns á innlendum markaði miðað við þau vaxtakjör sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið. Reyndar er þegar uppi umræða um það vegna þess hve litlum árangri sjóðirnir hafa náð í þeim tveimur útboðum á vegum Húsnæðisstofnunar sem hafa farið fram síðan 29. október sl. að stofnunin neyðist til að fara út á erlendan lánamarkað, jafnvel í verulegum mæli, til þess að fullnægja fjárþörf sinni. Það er svo aftur sérstakt umhugsunarefni í ljósi erlendrar skuldastöðu þjóðarbúsins út á hvaða braut við Íslendingar erum að halda ef við hefjum að fjármagna almennar húsbyggingar í landinu í stórum stíl með erlendum lántökum.

Minni hlutinn ítrekar gagnrýni sína á þau vinnubrögð sem ríkisstjórn og stjórnarmeirihluti hefur ástundað nú eins og á fyrri þingum varðandi ríkisfjármál og efnahagsmál. Vísar hann ábyrgð af afleiðingunum á hendur ríkisstjórninni og mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1993.

Halldór Ásgrímsson, form. Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

393. Frumvarp til laga [294. mál]

um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimildir til niðurfærslu viðskiptaskulda í 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. málsl. 5. tölul. 74. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda ekki um skattskylda aðila samkvæmt lögum þessum.

Frá tekjum viðskiptabanka og sparisjóða má draga þau almennu og sérstöku framlög í afskriftareikningi útlána sem gjaldfærð eru í rekstrarreikningi í samræmi við gildandi reglur um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða. Staða afskriftareiknings útlána í árslok dregst frá við uppgjör á eignarskattsstofni.

Færsla á tillögum í afskriftareikning innan eigin fjár er ekki heimilt að draga frá tekjum. Þessi eiginfjárreikningur skal ekki dreginn frá við uppgjör á eignarskattsstofni.

Skattskyldum aðilum samkvæmt lögum þessum, öðrum en bönkum og sparisjóðum, er auk sannanlegra útlánatapa heimilt að færa fjárhæð til gjalda í afskriftareikning útlána vegna almennrar útlánaáhættu sem nemur 1% af aukningu útlána og veittra ábyrgða á rekstrarárinu. Heildarfjárhæð þessa hluta afskriftareiknings skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en 1% af heildarfjárhæð útlána og veittra ábyrgða í árslok. Fari fjárhæðin eitthvert ár fram úr þessum mörkum skal mismunurinn teljast til tekna.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Þær stofnanir, sjóðir og félög sem skattskyld eru samkvæmt lögum þessum skulu undanþegin stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum sem þau kunna að taka á sig.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1995 vegna tekjuársins 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á því ári þegar lög þessi öðlast gildi skulu viðskiptabankar og sparisjóðir samkvæmt þeim leysa upp og færa til skattskyldra tekna þá upphæð sem stendur á afskriftareikningi útlána sem byggist á ákvæði 3. gr. laga nr. 65/1982, sbr. 2. gr. laga nr. 51/1984. Miða skal tekjufærslu við stöðu reikningsins 31. desember 1993. Ákvæði 1. gr. laga þessara skulu síðan gilda um skattaleg reikningsskil viðkomandi skattaðila frá því tímamarki.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á reglum laganna um afskriftareikning útlána að því er varðar viðskiptabanka og sparisjóði. Á hinn bóginn gerir frumvarpið ráð fyrir að regla 3. gr. laganna, eins og hún er í dag, haldi sér hvað varðar aðrar stofnanir sem skattskyldar eru samkvæmt lögunum. Tekið skal fram að reikna má með að þær breytingar, sem hér er gerð tillaga um, hafi ekki áhrif á tekjur ríkissjóðs þegar til langs tíma er litið. Ljóst er þó að um einhverjar tilfærslur verður að ræða milli ára en gera má ráð fyrir að þau áhrif verði óveruleg.

Viðskiptabankar og sparisjóðir færa nú afskriftir útlána til gjalda í skattframtali með tvennu móti.

Annars vegar er um að ræða svokölluð „sannanleg útlánatöp“ á grundvelli almennra ákvæða í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Um skattalega meðferð sannanlegra útlánatapa gildir sama regla hjá fjármálafyrirtækjum og öðrum atvinnufyrirtækjum.

Hins vegar byggjast útlánaafskriftir til skatts á heimild í 3. gr. laganna um skattskyldu innlánsstofnana en þar segir að færa megi til gjalda 1% af aukningu útlána og veittra ábyrgða á rekstrarárinu. Hér er um að ræða einfalda en um leið mjög ónákvæma aðferð til að meta afskriftaþörf vegna almennrar útlánaáhættu. Þessi aðferð er hagstæð þeim stofnunum sem eru í takmörkuðum mæli í áhættusömum útlánum því reglan felur það í sér að afskriftin er óháð raunverulegri afskriftaþörf. Á hinn bóginn er reglan óhagstæð gagnvart þeim stofnunum sem eru í áhættusömum útlánum þar sem þá getur raunveruleg afskriftaþörf verið töluvert meiri en sem nemur 1%. Lögbundið afskriftahlutfall af þessu tagi er ekki einsdæmi í skattalöggjöfinni því sambærilegar reglur er að finna í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hvað varðar niðurfærslu viðskiptaskulda en afskrift skv. 3. gr.

þeirra laga sem hér er lögð til breyting á kemur einmitt í stað slíkrar niðurfærslu viðskiptaskulda.

Rökin fyrir þessum skattalegu reglum eru fyrst og fremst framkvæmdalegs eðlis. Talið er að ef horfið yrði frá fastbundnum reglum um þetta efni fyrir atvinnureksturinn í heild mundi það veikja um of möguleika skattyfirvalda til aðhalds og eftirlits á þessu sviði. Þótt þessi sjónarmið eigi almennt við um atvinnurekstur í landinu er svo ekki um viðskiptabanka og sparisjóði eins og nú verður gerð nánari grein fyrir.

Vegna aukinnar áhættu í útlánastarfsemi hafa þær fjárhæðir sem færðar eru til gjalda í rekstrarreikningi banka og sparisjóða sem töpuð útlán farið hlutfallslega hækkandi síðustu árin. Stjórnendur þessara stofnana hafa lagt á það vaxandi áherslu að þeim verði heimilað að gjaldfæra sömu útlánaafskriftir til skatts og færðar eru í reikningsskil þeirra. Í því sambandi hefur og verið bent á nauðsyn þess að löggjöf verði sem mest sniðin að þeim reglum sem gilda í nágrannalöndum okkar. Á þetta enn frekar við um þessar mundir þegar Ísland er að ganga inn í Evrópska efnahagssvæðið sem hefur það í för með sér að bankar þurfa að vera tilbúnir að mæta harðri samkeppni erlendis frá. Skattareglur hérlendis þurfa því að vera með því sniði að þær veiki ekki samkeppnisstöðu gagnvart erlendum samkeppnisaðilum. En þau lönd sem við höfum litið mest til í þessu sambandi, þ.e. Norðurlöndin, hafa á síðustu árum öll breytt reglum sínum varðandi afskriftareikning útlána í þá átt sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Rök fyrir þessum breytingum bæði hér á landi og erlendis eru meðal annars þessi:

— um reikningsskil banka og sparisjóða gilda nákvæmar opinberar reikningsskilareglur, þar á meðal um mat á útlánaafskriftum,
— bankar og sparisjóðir eru háðir ströngu opinberu eftirliti og ársreikningar þeirra eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum,
— bankar og sparisjóðir eru háðir mjög ströngum alþjóðlegum reglum um lágmarkshlutfall eigin fjár (svokallaðar BIS-reglur). Fari eiginfjárhlutfall niður fyrir tilskilið lágmark verður viðkomandi banki eða sparisjóður að hætta starfsemi innan tiltölulega skamms tíma ef eiginfjárstaðan er ekki lagfærð. Til þess að viðhalda eiginfjárstöðunni verður hver banki að sýna góðan rekstrarhagnað að jafnaði enda er hagnaður grundvöllur innri eiginfjármyndunar og forsenda þess að nýtt eigið fé fáist með sölu hlutafjár. Úr því að banki eða sparisjóður verður að sýna góðan hagnað að jafnaði og séu skattareglur þær sömu og reikningsskilareglur hlýtur bankinn eða sparisjóðurinn (og/eða hluthafar hans) að skila tilætluðum tekjuskatti í ríkissjóð enda þótt skattareglur séu þær sömu og opinberar reikningsskilareglur.

Í heild skapa þessi atriði traustan ramma um meðferð útlánaafskrifta í reikningsskilum sem ekki er ástæða til að víkja frá í uppgjöri til skatts.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er því í frumvarpinu lagt til að tekin verði upp sams konar regla um afskriftir útlána og gildir annars staðar á Norðurlöndum. Þannig verði viðskiptabönkum og sparisjóðum heimilað að gjaldfæra sömu fjárhæðir til skatts vegna útlánaafskrifta og þeim er leyft að gjaldfæra í reikningsskilum. Sérstök regla er sett í bráðabirgðaákvæði um uppgjör á skattskyldum tekjum ársins 1994 vegna lagaskila en skv. 3. gr. er gert ráð fyrir að frumvarpið komi til framkvæmda við álagningu á árinu 1995.

Ítrekað skal að sú breyting sem hér er lögð til á 3. gr. nær eingöngu til viðskiptabanka og sparisjóða. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að regla 3. gr. um lögbundið afskriftahlutfall gildi áfram um aðrar stofnanir sem skattskyldar eru samkvæmt lögunum en viðskiptabanka og sparisjóði. Það skal þó tekið fram að hér kann að verða lögð til breyting á þar sem fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um aðrar lánastofnanir sem hefur það í för með sér að þessar stofnanir verða að mörgu leyti látnar lúta sömu reglum og viðskiptabankar og sparisjóðir, m.a. að því er varðar eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, eiginfjárkröfur o.fl. Verði það frumvarp að lögum óbreytt hefur fjármálaráðherra í hyggju að leggja til að ákvæði þessara laga verði breytt þannig að sömu reglur gildi um afskriftareikning þessara stofnana og lagt er til í frumvarpi þessu að gildi um viðskiptabanka og sparisjóði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Forsendur þessarar breytingar sem hér eru lagðar til á afskriftareikningi útlána banka og sparisjóða hafa verið raktar í almennum athugasemdum og vísast til þeirra þar að lútandi.

Með framlögum í afskriftareikning útlána er átt við sérstök og almenn framlög í afskriftareikning útlána en ekki tillög í afskriftareikning innan eigin fjár. Með sérstökum framlögum í afskriftareikning er átt við framlög til að mæta líklegum töpum á skuldbindingum þeirra lánþega sem sérstaklega hafa verið metnir í tapshættu. Með almennum framlögum er átt við framlög til að mæta töpum sem talin eru líkleg miðað við aðstæður á uppgjörsdegi vegna skuldbindinga annarra lánþega en þeirra sem sérstaklega hafa verið metnir í tapshættu, sbr. skilgreiningu á sérstökum framlögum í afskriftareikning útlána hér á undan. Með tillögum í afskriftareikning innan eigin fjár er átt við tillög sem ætlað er að mæta tapshættu á skuldbindingum lánþega í framtíðinni vegna aðstæðna sem kunna að eiga sér stað eftir uppgjörsdag.

Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla samkvæmt hinni nýju 2. mgr. greinarinnar miðist við þær heimildir sem rúmast innan þess ramma sem settur er í reglum nr. 77/1986 um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða með síðari breytingum.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á 6. gr. laganna. Breytingin felur það í sér að sömu reglur eru látnar gilda um stimpilskyldu skjala vegna lántaka allra þeirra stofnana sem undir lögin heyra. Í reynd er ákvæði hér að lútandi að finna í ýmsum sérlögum en eðlilegra þykir að kveðið sé á um þetta í sömu lögunum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í þessu ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um hvernig lagaskilum skuli háttað. Gert er ráð fyrir að við uppgjör á skattskyldum tekjum ársins 1994 skuli tekið tillit til stöðu afskriftareiknings útlána í árslok 1993 að frádregnum fjárhæðum sem ekki voru dregnar frá tekjum í skattuppgjörum fyrri ára. Regla þessi hefur ekki áhrif á deilumál sem hafa risið eða kunna að rísa vegna skattuppgjöra banka og sparisjóða síðustu ár.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum, nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frumvarpið mun hafa óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs á næsta ári. Það byggir ekki hvað síst á skattalegri stöðu banka um þessar mundir. Varðandi langtímaáhrif verða þau engin á tekjur ríkissjóðs þar sem viðskiptabankar og sparisjóðir afskrifa raunverulega töpuð útlán þegar þau eru endanlega töpuð samkvæmt almennum reglum skattalaga. Þá munu breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

394. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi og þá athugað ítarlega í samgöngunefnd. Meiri hluti nefndarinnar flutti þá allmargar breytingartillögur við frumvarpið en það náði þó eigi afgreiðslu Alþingis. Frumvarpið var endurflutt á þessu þingi með þeim breytingum sem meiri hluti nefndarinnar lagði til fyrir þinglok sl. vor.

Nefndin hefur athugað frumvarpið að nýju, einkum með tilliti til athugasemda sem fram komu við 1. umræðu um málið og í starfi nefndarinnar. Fram hefur komið að nýju umsögn um frumvarpið frá hafnarstjórn Reykjavíkur. Þá kom á fund nefndarinnar Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu.

Nefndin varð eigi sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu og flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að fellt verði niður ákvæði um að hlutafélög geti orðið eigendur hafna samkvæmt lögum þessum. Þetta er gert vegna þess að eigi fengust skýlaus svör við því hver yrði staða hafna í eigu hlutafélaga gagnvart skattalögum.
2. Fellt verði niður ákvæði um að ráðherra skuli setja reglugerð fyrir „hverja höfn“. Í stað þess setji hann reglugerð um hafnir með tilliti til þess að ein reglugerð gæti gilt fyrir hafnir sem standa sameiginlega að hafnasamlagi.
3. Fellt verði niður ákvæði um að ráðherra skuli setja í reglugerð ákvæði um hafnsögu en það fellur undir ákvæði laga um leiðsögu skipa.
4. Lagt er til að tekin séu af tvímæli um að hið sérstaka 25% vörugjald skuli lagt á samkvæmt almennri gjaldskrá, sem staðfest er af samgönguráðherra, þannig að hugsanleg frávik frá þeirri gjaldskrá hafi eigi áhrif á innheimtu þess.
5. Lagt er til að bætt verði við ákvæði sem er í samræmi við 6. gr. laga nr. 112/1993, um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, þannig að einstökum hafnarstjórnum verði heimilt að lækka gjöld af sjávarafla.

6. Lagt er til að ákvæðum um bótagreiðslur verði breytt þannig að bætur verði ákveðnar samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms þar sem samkomulag næst eigi.
7. Lagt er til að ákvæði 36. gr. og 2. mgr. 39. gr. verði felld brott þar sem þau höfðu þegar verið felld brott úr lögum nr. 68/1984.
8. Lagt er til að ráðherra verði eigi settur frestur til setningar reglugerðar um framkvæmd laganna og jafnframt að inn verði tekin ákvæði 6. gr. laga nr. 62/1993 um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál, vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu, sem samþykkt voru 5. maí 1993.
9. Loks er lagt til að felld verði niður eldri lög ásamt öllum breytingum sem á þeim hafa verið gerð.

Meiri hlutinn telur það ótvírætt að ef hafnarsjóðir eiga aðild að hlutafélögum, sbr. 8. og 14. gr. frumvarpsins, verði þau hlutafélög skattlögð sem hver önnur slík starfsemi. Jafnframt telur meiri hlutinn einboðið að þar sem hafnarsjóðir verja fé til slíkrar starfsemi verði framlög ríkisins til framkvæmda skert frá hámarki skv. 26. gr. Um slíka skerðingu ríkisframlaga verði sett ákvæði í reglugerð svo sem kveðið er á um í 27. gr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum.

Alþingi, 15. des. 1993.

Pálmi Jónsson, form., frsm. | Petrína Baldursdóttir. | Sturla Böðvarsson.

Egill Jónsson. | Árni Johnsen.

395. Breytingartillögur [193. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (PJ, PBald, StB, EgJ, ÁJ).

1. Við 8. gr. 1. málsl. orðist svo: Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög.
2. Við 10. gr.
   a. 1. málsl. orðist svo: Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum eigenda hafna reglugerð fyrir hafnir.
   b. 5. tölul. falli brott.
3. Við 11. gr. 6. tölul. 1. mgr. orðist svo: Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs, sbr. 4. mgr. 12. gr.
4. Við 12. gr. 3. málsl. 4. mgr. orðist svo: Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld eins og þau eru ákveðin í hinni almennu gjaldskrá, önnur en aflagjald, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr.
5. Við 13. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar er einstökum hafnarstjórnum heimiluð frávik til lækkunar á hinni almennu gjaldskrá fyrir hafnir vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávarafla.

6. Við 21. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.
   b. 3. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. falli brott.
7. 36. gr. falli brott.
8. 2. mgr. 39. gr. falli brott.
9. Við 40. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.
   Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði hafnamála að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði, sbr. lög nr. 2 13. janúar 1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.
10. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
    Með lögum þessum eru felld úr gildi hafnalög, nr. 69 28. maí 1984, með síðari breytingum.

396. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Frá heilbrigðis- og tryggingganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk við yfirferð þess á sinn fund Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Þá studdist nefndin við umsagnir um hliðstætt frumvarp sem hún hafði til meðferðar á 116. þingi en í frumvarpi því, sem nú er til meðferðar, hefur verið tekið tillit til þeirra flestra. Frumvarpinu er ætlað að samræma ákvæði ýmissa laga á sviði heilbrigðis- og tryggingamála reglum EES-samningsins. Nefndin fellst á þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir og gerir ekki athugasemdir við einstök ákvæði þess.

Við meðferð frumvarpsins nefndinni kom fram ósk frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um að felld yrðu inn í frumvarpið ákvæði um breytingu á lögum um bátaábyrgðarfélög, lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, lögum um Brunabótafélag Íslands og lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur til að fullnægja ákvæðum EES-samningsins varðandi þau svið. Nefndin féllst á að flytja breytingartillögur varðandi lög um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976, og lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, nr. 37/1978, með síðari breytingu, og samræma lögin þannig samkeppnisreglum EES-samningsins, enda eru jafnt hagsmunaaðilar sem tryggingayfirvöld sammála um að þær breytingar eigi fullan rétt á sér. Nefndin ákvað hins vegar að fresta afgreiðslu þess þáttar sem varðar Brunabótafélag Íslands og brunatryggingar utan Reykjavíkur, ekki síst þar sem réttarstaða þeirra virðist ekki nægilega ljós með tilliti til EES-samningsins.

Við meðferð þessa þáttar fékk nefndin á sinn fund Svein Hjört Hjartarson og Pál Sigurðsson frá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Kristján Ragnarsson og Jónas Haraldsson frá LÍÚ, Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Ólaf B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Þá studdist nefndin við gögn sem hún aflaði við meðferð málsins og upplýsingar frá Tryggingaeftirliti ríkisins.

Nefndin mælir með samþykkt þessa frumvarps með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Þær meginbreytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpinu, lúta að því að fella niður einkarétt bátaábyrgðarfélaga á því að tryggja vélskip með þilfari 100,49 brúttórúmlestir að stærð eða minni, sbr. 2. gr. laga nr. 18/1976, og skattaívilnanir sem bátaábyrgðarfélögin hafa notið. Þá er á sama hátt lagt til að niður verði felldur einkaréttur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum á því að endurtryggja fyrir bátaábyrgðarfélögin. Að auki er lagt til að felldar verði niður skattaívilnanir sem Samábyrgðin hefur notið en hún hefur verið undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi, sbr. 17. gr. laga nr. 37/1978. Bátaábyrgðarfélögin hafa líkt og Samábyrgðin verið undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi, sbr. 21. gr. laga nr. 18/1976, og lagt er til að þau verði með sama hætti felld brott. Framangreind ákvæði í núgildandi lögum brjóta eins og fyrr segir í bága við samkeppnisreglur EES-samningsins.

Samkvæmt upplýsingum, sem fram komu við meðferð málsins hjá nefndinni, mun Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja hafa notið skattfríðinda án sérstakrar lagaheimildar. Nefndin leggur því áherslu á að þau skattfríðindi verði afnumin á sama hátt og skattfríðindi annarra bátaábyrgðarfélaga.

Nefndin ákvað að leggja til, auk framangreindra breytinga til samræmis við samkeppnisreglur EES-samningsins, að felld verði niður 19. gr. laga nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög, og 16. gr. laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum en þau ákvæði fjalla um að ágreiningsmál á grundvelli laganna beri að leysa fyrir gerðardómi. Í máli hagsmunaaðila kom fram að þessi ákvæði væru óþörf og jafnvel til trafala. Því er lagt til að ákvæðin verði felld niður en af því leiðir að ágreiningsmál sem leiða kunna af lögunum munu lúta almennum réttarfarsreglum.

Þá vill nefndin vekja athygli á því að lagt er til að sett verði bráðabirgðaákvæði sem veita bátaábyrgðarfélögum og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum svigrúm til að aðlaga sig þeim grundvallarbreytingum sem hér eru lagðar til. Fyrir liggur að þessir aðilar hafa þegar gert samninga um tryggingar fyrir næsta ár. Þó er lagt til að ef um eigendaskipti verður að ræða á bátum sem tryggðir eru á grundvelli laganna verði hinum nýju eigendum frjálst að velja sér tryggingafélag.

Að lokum vekur nefndin athygli á því að skv. 2. gr. laga nr. 18/1976, um bátaábyrgðafélög, eru opnir bátar undanþegnir ákvæðum um skyldutryggingu. Nefndin leggur á þessu stigi ekki til breytingu varðandi það atriði en telur mikilvægt að það verði tekið til sérstakrar athugunar hið fyrsta þannig að koma megi í veg fyrir að ótryggðir bátar séu á sjó hér við land.

Alþingi, 15. des. 1993.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Ingibjörg Pálmadóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Finnur Ingólfsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

397. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til l. um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Í II. kafla frumvarpsins bætist nýr undirkafli, *Breytingar á lögum um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976*, með 11 nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (9. gr.)

Eftirtaldar breytingar verði á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Allir skipaeigendur, sem eiga vélskip með þilfari 100,49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir að vátryggja þau hjá bátaábyrgðarfélagi sem starfar samkvæmt lögum þessum eða hjá öðru vátryggingafélagi sem hlotið hefur starfsleyfi, og með þeim skilmálum sem settir eru í lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

b. 3. mgr. fellur brott.

b. (10. gr.)

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur heimilað bátaábyrgðarfélagi að reka aðrar greinar vátrygginga í samræmi við ákvæði laga um vátryggingarstarfsemi.

c. (11. gr.)

6. gr. laganna orðast svo:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt, sé þess óskað, að tryggja fiskiskip, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð ákvæðum 14. gr. um aðstoð.

d. (12. gr.)

2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Á hverju vátryggingarsvæði skal vera eitt bátaábyrgðarfélag. Bátaábyrgðarfélagi eða vátryggingafélagi á tilteknu vátryggingarsvæði er skylt, sé þess óskað, að vátryggja vátryggingarskyld fiskiskip sem skrásett eru á því svæði.

e. (13. gr.)

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Félögin geta óskað endurtryggingar hjá Samábyrgðinni á þeim hluta áhættunnar í hinum vátryggðu skipum sem þau bera ekki sjálf og getur hún ekki undan því skorast.

f. (14. gr.)

15. gr. laganna fellur brott.

g. (15. gr.)
1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:
Ef fjárhagur gagnkvæms bátaábyrgðarfélags telst ekki sæmilega traustur getur ráðherra ákveðið að lagt skuli aukaiðgjald á vátryggðu. Gjald þetta má eigi vera hærra en 20% af iðgjöldum af vátryggðum skipum og 100% af iðgjöldum trygginga sem snerta útgerð fiskiskipa. Gjald þetta renni í sjóð félaganna.

h. (16. gr.)
19. gr. laganna fellur brott.

i. (17. gr.)
21. gr. laganna orðast svo:
Ákvæði laga þessara gilda eftir því sem við getur átt um vátryggingafélög önnur en bátaábyrgðarfélög sem vátryggja fiskiskip 100,49 rúmlestir eða minni.

j. (18. gr.)
22. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um vátryggingaskilmála.

k. (19. gr.)
Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

1. (I.)
Setja skal bátaábyrgðarfélögum félagssamþykktir, þar á meðal ákvæði um eignarhald og félagsslit eigi síðar en á aðalfundi 1994.

2. (II.)
Bátaábyrgðarfélög hafa frest til 1. janúar 1995 til að færa starfsemi sína að fullu til samræmis við ákvæði laga þessara. Vátryggingasamningar halda gildi sínu fram til þess tíma, að því undanskildu að við eigendaskipti á bátum sem undir lögin falla er nýjum eiganda frjálst að skipta um tryggingafélag.

2. Við II. kafla frumvarpsins bætist enn nýr undirkafli, *Breytingar á lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, nr. 37/1978, með síðari breytingu*, með fimm nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (20. gr.)
1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:
Samábyrgðin tekst á hendur:
a. Endurtryggingu á skipum.
b. Aðrar endurtryggingar.
c. Frumtryggingar á skipum.
d. Frumtryggingar á skipum sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á.
e. Aðrar greinar vátrygginga sem ráðherra heimilar í samræmi við ákvæði laga um vátryggingarstarfsemi.
f. Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgerðar sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar og rúmast innan laga um vátryggingarstarfsemi.

b. (21. gr.)
3. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

c. (22. gr.)
16. gr. laganna fellur brott.

d. (23. gr.)
17. gr. laganna fellur brott.

e. (24. gr.)
Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum hefur frest til 1. janúar 1995 til að færa starfsemi sína að fullu til samræmis við ákvæði laga þessara. Endurtryggingasamningar félagsins halda gildi sínu fram til þess tíma. Vátryggingasamningar halda og gildi sínu fram til þess tíma að því undanskildu að við eigendaskipti á bátum, sem undir lögin falla, er nýjum eiganda frjálst að skipta um tryggingafélag.

398. Frumvarp til laga [83. mál]

um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

I. KAFLI
Skipulag og stjórn.
1. gr.

Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:
1. Lífeyristryggingar.
2. Slysatryggingar.
3. Sjúkratryggingar.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur umsjón með allri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

Hver grein tryggginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar. Að öðru leyti er forstjóra heimilt, að fengnu samþykki tryggingaráðs og ráðherra, að skipa starfsemi stofnunarinnar í deildir eftir því sem henta þykir.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Ráðherra skipar og skrifstofustjóra, tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, aðalgjaldkera og deildarstjóra, að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs, og tryggingalækni, að fengnum tillögum forstjóra, tryggingaráðs og tryggingayfirlæknis.

Um ákvörðun launa fastra starfsmanna samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

4. gr.

Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum sem settar eru. Hann ræður alla starfsmenn stofnunarinnar sem ekki eru skipaðir af ráðherra.

Deildarstjórar annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sína deild. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

Heimilt er að ráða tannlækni eða semja við aðila utan stofnunarinnar til að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara er lúta að tannlækningum.

5. gr.

Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna.

6. gr.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti þess.

Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

a. hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar,
b. ársreikningum stofnunarinnar,
c. ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir,
d. öllum heimildarsamningum við heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstofnanir,
e. meginreglum um notkun heimildarákvæða,
f. öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og -sölum,
g. öðrum þeim atriðum sem lög þessi ákveða.

Önnur mál skulu borin undir tryggingaráð ef ráðið óskar þess eða forstjóra finnst ástæða til.

7. gr.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Máli skal skjóta til úrskurðar tryggingaráðs eigi síðar en þremur mánuðum eftir að ákvörðun lá fyrir í málinu. Tryggingaráði er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá þriggja mánaða frestinum.

Komi ágreiningur fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.

8. gr.

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnunin hafa umboðsskrifstofur og fer um staðarval, fyrirkomulag og rekstur eftir ákvörðun tryggingaráðs.

Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins, skal sveitarstjórn heimilt í samráði við tryggingaráð að tilnefna sérstakan trúnaðarmann Tryggingastofnunarinnar sem annast upplýsingastörf og tengsl íbúa sveitarfélags við umboðsskrifstofu. Tryggingastofnunin ákveður og greiðir þóknun til trúnaðarmanna.

9. gr.

Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir sl. ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs skulu reikningarnir sendir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem síðan lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

Tryggingastofnunin skal með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar.

Tryggingastofnunin skal kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi.

II. KAFLI
Lífeyristryggingar.

A. Almenn ákvæði.

10. gr.

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, tekjutryggingar, örorkustyrkja, barnalífeyris og bóta í fæðingarorlofi.

B. Bætur.

11. gr.

Ellilífeyrir.

Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur árlegur ellilífeyrir, 147.948 kr., greiðist þeim einstaklingum sem átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs, sbr. þó 2. mgr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við lögheimilistímann.

Ellilífeyri skal skerða ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en 853.397 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða ellilífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né tekjur úr lífeyrissjóðum. Skerðing samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei ná til þess hluta ellilífeyris sem einstaklingur á rétt á vegna frestunar á töku ellilífeyris sem ákveðin var fyrir 1. janúar 1992.

Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að miða lífeyri beggja við lögheimilistíma þess sem á lengri réttindatíma, sbr. síðasta málslið 2. mgr. Þá er og heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri ef þau eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum er tryggingaráð metur jafngildar.

Hver, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eða skip gert út af íslenskum aðilum eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

Nú hefur sjómaður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur að hluta eða öllu leyti á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brl. eða af öðrum ástæðum ekki borið skylda til lögskráningar og er þá heimilt að úrskurða honum ellilífeyri frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sú sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi meðan á henni stóð.

12. gr.

Örorkulífeyrir.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn sem lögheimili eiga á Íslandi, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, eru á aldrinum 16–67 ára og:

a. hafa átt lögheimili á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér lögheimili,
b. eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur.

Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera 147.948 kr. og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, sbr. þó 4. mgr. Við ákvörðun lögheimilistíma, sbr. 1. mgr. 11. gr., skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs umsækjanda.

Örorkulífeyri skal skerða ef árstekjur örorkulífeyrisþega eða hjóna, hvors um sig, sem bæði eru örorkulífeyrisþegar, eru hærri en 871.373 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða örorkulífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né tekjur úr lífeyrissjóðum.

13. gr.

Örorkustyrkur.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. 12. gr. að öðru leyti en því er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má enn fremur veita þeim sem stundar fullt starf en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki og skulu þær staðfestar af ráðherra.

14. gr.

Barnalífeyrir.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Hvorki skerðingarákvæði 2. mgr. 11. gr. né 4. mgr. 12. gr. takmarka rétt til barnalífeyris.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpforeldris ef barnið á framfærsluskylt foreldri á lífi. Eigi skal heldur greiða barnalífeyri vegna fráfalls eða örorku ættleiðanda, nema barnið hafi verið á framfæri hans a.m.k. tvö síðustu árin áður en lífeyrisréttur gat stofnast. Heimilt er tryggingaráði að stytta þennan frest ef sýnt þykir að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega, svo og með barni manns sem sætir gæslu- eða refsivist, enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað.

Barnalífeyrir greiðist foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera 123.600 kr. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna er njóta örorkulífeyris.

15. gr.

Fæðingarstyrkur.

Fæðingarstyrkur skal vera 25.090 kr. á mánuði í sex mánuði við hverja fæðingu til móður sem á lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hefur átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna, sbr. þó 2. mgr. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Upphæð fæðingarstyrks skal hækka með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum þann tíma er óskert laun eru greidd.

Greiða skal fæðingarstyrk í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur í tvo mánuði.

Greiðslur fæðingarstyrks falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skal fæðingarstyrkur þó aldrei greiddur skemur en í tvo mánuði eftir fæðingu.

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu. Framlengja skal og greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með vottorði læknis og staðfest af tryggingaráði.

Fæðingarstyrkur skal og greiddur ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri vegna töku barns yngra en fimm ára í fimm mánuði frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

16. gr.

Fæðingardagpeningar.

a. Foreldrar í fæðingarorlofi, sem átt hafa lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu.
b. Fæðingardagpeningar skulu vera tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.
c. Fæðingardagpeningar skulu greiddir í sex mánuði.
d. Fullra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 1.032–2.064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Hálfra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 516–1.031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Launuð vinna í grein þessari merkir öll vinna að tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega. Um mat á atvinnuþátttöku foreldris skal setja ákvæði í reglugerð.
e. Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði og miðast greiðsla fæðingardagpeninga við þann tíma. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingardagpeninga við fæðingardag.
f. Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Foreldrar geta og skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið bæði í orlofi á sama tíma að fullu eða hluta, þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en sex mánaða fæðingardagpeningum, sbr. c-lið.
g. Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof, sem þeir eiga rétt á, falla niður fæðingardagpeningagreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.
h. Fæðingarorlof og greiðslur fæðingardagpeninga framlengjast um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fæðast fleiri í einu.
i. Framlengja skal og greiðslu fæðingardagpeninga um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni þann mánuð.
j. Þegar sérstaklega stendur á vegna heilsufars barns er heimilt að fengnu vottorði læknis sem annast hefur barnið að foreldri taki hluta af fæðingarorlofi án þess að því sé gert skylt að ljúka því í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en mánuður.
k. Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hætta störfum meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki komið við breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.
l. Greiðslur fæðingardagpeninga falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skulu fæðingardagpeningar þó aldrei greiddir skemur en tvo mánuði eftir fæðingu. Greiða skal fæðingardagpeninga í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðast fæðingardagpeningar í tvo mánuði.

m. Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi vegna töku barns yngra en fimm ára.
n. Fæðingardagpeningar greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.
o. Útgjöld lífeyristrygginga vegna fæðingardagpeninga skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga.
p. Enginn getur samtímis notið fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga.

17. gr.

Tekjutrygging.

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 210.989 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 272.208 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 210.989 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 210.989 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 279.840 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 210.989 kr. skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

18. gr.

Við ákvörðun um hækkanir bóta skv. 17. gr. skulu umsóknir rökstuddar t.d. með skattframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega. Hliðsjón skal höfð af því hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti að það valdi synjun hækkunar.

Með reglugerð skal fjárhæðum 17. gr. breytt 1. júlí árlega til samræmis við almennar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að aðrar tekjufjárhæðir skv. 17. gr. gildi um lífeyristekjur en aðrar tekjur.

C. Tekjur.

19. gr.

Kostnaður vegna lífeyristrygginga almannatrygginga greiðist úr ríkissjóði, m.a. af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi.

20. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal ár hvert haga áætlanagerð sinni vegna útgjalda lífeyristrygginga fyrir næsta almanaksár í samræmi við reglur fjárlagagerðar og senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til frekari meðferðar. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs, allt að 2% af áætluðum útgjöldum, skv. II. og III. kafla laga þessara.

Árleg heildarútgjöld lífeyristrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum hvers árs.

21. gr.

Framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginganna skv. 19. og 20. gr. skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum greiðslum í byrjun hvers mánaðar.

III. KAFLI
Slysatryggingar.
A. Almenn ákvæði.

22. gr.

Slysatryggingar taka til slysa við vinnu, iðnnám, björgunarstörf, hvers konar íþróttaæfingar, íþróttasýningar og íþróttakeppni, enda sé sá sem fyrir slysi verður tryggður samkvæmt ákvæðum 24. eða 25. gr.

Maður telst vera við vinnu:

a. Þegar hann er á vinnustað á þeim tíma sem honum er ætlað að vera að störfum, svo og í matar- og kaffitímum.
b. Í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um lengri ferðir af þessu tagi ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni.

Slys telst ekki verða við vinnu ef það hlýst af athöfnum slasaða sjálfs sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna. Tryggingin tekur þó til allra slysa á sjómanni sem verða um borð í skipi hans eða þegar hann ásamt skipinu er staddur utan heimahafnar skips eða útgerðarstaðar.

Til slysa teljast sjúkdómar er stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu sem ríkjandi eru í hæsta lagi fáeina daga og rekja verður til vinnunnar.

Ákveða skal með reglugerð að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir samkvæmt þessum kafla.

23. gr.

Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskylt samkvæmt þessum kafla, skal atvinnurekandi eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Hinum slasaða eða þeim öðrum, sem gera vilja kröfu til bóta vegna slyssins, ber að fylgjast með því að tilkynningarskyldunni sé fullnægt og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin eða annar hvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirsvarsmaður hans, óskar þess skal lögreglustjóri rannsaka málið.

Ef sá sem átti að tilkynna slys hefur vanrækt það skal það eigi vera því til fyrirstöðu að sá sem fyrir slysi varð eða eftirlátnir vandamenn hans geti gert kröfu til bóta ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið bar að höndum. Tryggingaráð getur þó ákveðið að greiða bætur þó að lengri tími líði ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði er máli skipta.

24. gr.

Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru:

a. Launþegar sem starfa hér á landi, að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í íslensku skipi eða íslenskri flugvél jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið.
b. Nemendur við iðnnám samkvæmt iðnfræðslulögum.
c. Útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar.
d. Þeir sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.
e. Íþróttafólk sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára. Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.
f. Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.

Tryggingaráð getur veitt undanþágu frá slysatryggingu skv. a-lið 1. mgr. ef hlutaðeigandi er sannanlega tryggður samkvæmt erlendri slysatryggingalöggjöf. Þá er tryggingaráði heimilt að verða við beiðni íslensks fyrirtækis um slysatryggingu starfsmanna þess sem erlendis starfa.

Launþegi telst hver sá sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

Undanskilin slysatryggingu samkvæmt þessari grein er lausavinna sem ekki er í sambandi við atvinnurekstur né hefur í för með sér sérstaka áhættu. Með reglugerð skal ákveða nánar hvað telja skuli lausavinnu í þessu sambandi.

Maki atvinnurekanda og börn hans, yngri en 16 ára, teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein.

25. gr.

Eftirtöldum mönnum skulu tryggðar slysabætur samkvæmt lögum þessum, nema tekið sé fram í skattframtali í byrjun árs að tryggingar sé ekki óskað:

a. Atvinnurekendum í landbúnaði, sem vinna landbúnaðarstörf, mökum þeirra og börnum á aldrinum 12–16 ára.
b. Atvinnurekendum sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum.
c. Launþegum sem að staðaldri vinna störf sem falla undir ákvæði 4. mgr. 24. gr.

Þeir sem heimilisstörf stunda geta tryggt sér rétt til slysabóta við þau störf með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi. Á sama hátt geta atvinnurekendur skv. b-lið tryggt mökum sínum og börnum innan 16 ára, sem með þeim starfa að atvinnurekstrinum, rétt til slysabóta. Sama gildir um börn atvinnurekenda í landbúnaði innan 12 ára aldurs.

B. Bætur.

26. gr.

Bætur slysatrygginga eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

27. gr.

Nú veldur bótaskylt slys sjúkleika og vinnutjóni í minnst 10 daga og skal þá greiða nauðsynlegan kostnað vegna lækningar hins slasaða og tjóns á gervilimum eða hjálpartækjum svo sem hér segir:

1. Að fullu skal greiða:
   a. Læknishjálp samkvæmt samningum sjúkratrygginga.
   b. Sjúkrahúsvist, svo lengi sem afleiðingar slyssins gera hana nauðsynlega. Greiðsla sjúkrahúsvistar færist þó yfir á sjúkratryggingarnar þegar hinn slasaði er orðinn 70 ára, enda séu þá full tvö ár frá slysdegi.
   c. Lyf og umbúðir.
   d. Viðgerð vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað sem ætla má að orðið hefði ef þær hefðu verið heilbrigðar.
   e. Gervilimi eða svipað hjálpartæki, svo og viðgerð á þeim eða endurnýjun ef viðgerð telst ekki fullnægjandi. Sama gildir um gervitennur.
   f. Sjúkraflutning með sjúkraflugvél eða sjúkrabíl fyrst eftir slys eða þegar ella verður nauðsynlegt að senda sjúkling með slíkum farartækjum til meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, þó ekki fyrir einstakar ferðir þegar um stundun er að ræða. Sama gildir um flutning með skipi þegar öðrum farartækjum verður ekki við komið.
   g. Sjúkraþjálfun og orkulækningar.
2. Að hluta skal greiða:
   a. Að hálfu ferðakostnað til læknis með leigubíl, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili eða sama bæ né bifreið í eigu venslamanna hins slasaða.
   b. Að ¾ kostnað við sams konar ferðir með áætlunarbíl eða -skipi, enda sé um meira en 15 km vegalengd að ræða. Geti sjúklingur ekki ferðast með áætlunarbíl skal greiða ferð með áætlunarflugvél að ¾.
3. Heimilt er að greiða:
   a. Hjúkrun í heimahúsum, veitta af vandalausum.
   b. Styrk upp í kostnað vegna löskunar á tönnum þegar framkvæmdar hafa verið kostnaðarsamar aðgerðir á þeim sem ónýst hafa við slysið.
   c. Ferðakostnað að ¾ hlutum með áætlunarbíl eða strætisvagni eða samkvæmt kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eða strætisvagnaferðir eru ekki fyrir hendi þegar sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni á sjúkrahúsi eða sjúkrastofnun, svo sem í endurhæfingu eða sjúkraþjálfun, með eða án innlagningar, þótt vegalengd sé skemmri en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á sex mánaða tímabili.

Að svo miklu leyti sem sérstakir samningar sjúkratrygginga ná ekki yfir sjúkrahjálp samkvæmt framansögðu getur tryggingaráð ákveðið endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti.

Nú veldur slys ekki óvinnufærni í 10 daga, en hefur þó í för með sér kostnað sem um ræðir í grein þessari og má þá greiða hann að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá sjúkratryggingum.

28. gr.

Dagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slysið varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þangað til hinn slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 52 vikur.

Tryggingaráði er heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum og óvíst er hvort um varanlega örorku verður að ræða og líkur eru til að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

Dagpeningar eru 665,70 kr. á dag fyrir hvern einstakling og 142,80 kr. fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis sem hinn slasaði sannanlega greiðir með samkvæmt úrskurði stjórnvalds, staðfestu samkomulagi eða skilnaðarleyfisbréfi.

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr ¾ af vinnutekjum bótaþega við þá atvinnu er hann stundaði er slysið varð og mega ekki ásamt vinnutekjum nema meira en upphæð dagpeninga að viðbættum þriðjungi. Í reglugerð skal ákveðið hvernig meta skuli í þessu sambandi vinnutekjur maka og barna atvinnurekenda sem tryggð eru skv. a-lið 1. mgr. eða 2. mgr. 25. gr.

Nú greiðir vinnuveitandi hinum slasaða laun í slysaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt þessari grein til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur ¾ hlutum launanna.

29. gr.

Ef slys veldur varanlegri örorku skal greiða þeim er fyrir því varð örorkulífeyri eftir reglum 3. mgr. 12. gr. eða örorkubætur í einu lagi.

Ef örorkan er 50% eða meiri greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig sem við bætist uns örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir. Skerðingarákvæði 4. mgr. 12. gr. skulu ekki taka til örorkulífeyris samkvæmt þessari grein.

Nú er örorkan metin meiri en 50% og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 18 ára, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys bar að höndum, eftir reglum b- og c-liða 1. mgr. 30. gr.

Ef örorkan er 75% eða meiri skal greiða fullar bætur og gildir það bæði vegna barna sem voru á framfæri bótaþega þegar slys átti sér stað, svo og þeirra sem hann framfærir síðar. Sé orkutapið minna en 75% lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1% sem vantar á 75% örorku.

Ef orkutap er minna en 50% er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lífeyri hlutaðeigandi um tiltekið árabil samkvæmt reglum er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

Örorkubætur greiðast ekki ef orkutapið er metið minna en 10%. Þó skal heimilt að greiða bætur vegna f-liðar 1. mgr. 24. gr. í þessum tilvikum í samræmi við nánari reglur sem ráðherra setur.

30. gr.

Ef slys veldur dauða innan tveggja ára frá því er það bar að höndum skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hlýtur bætur, 15.448 kr. á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný. Nú andast ekkja eða ekkill sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar áður en bætur hafa verið greiddar að fullu og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.
b. Barnalífeyri, 123.600 kr. á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 14. gr.
c. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en 193.055 kr. og allt að 579.165 kr., eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur ef örorka er minni en 33%.

Bætur skv. a- og c-liðum skulu eigi vera lægri en 270.281 kr. fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur sem rétt eiga til bóta samkvæmt þessum staflíðum og skal þá bæta slysið með 270.281 kr. sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur er greiddar hafa verið í einu lagi skv. 4. mgr. 29. gr. vegna sama slyss.

C. Tekjur.

31. gr.

Útgjöld slysatrygginga skulu borin af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi. Launþegar skv. c-lið 25. gr. skulu standa skil á iðgjöldum sínum. Þá skal árlega ákveða í fjárlögum framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra sem um getur í e- og f-liðum 24. gr.

Tryggingastofnunin skal ár hvert gera áætlun um bótagreiðslur og rekstrarkostnað slysatrygginga næsta almanaksár að meðtöldu tillagi til varasjóðs, allt að 5% af útgjöldum.

Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald af trillubátum og meiri háttar heimilisaflvélum.

Iðgjöld til slysatrygginga, önnur en þau sem nefnd eru í 1. og 3. mgr., skulu ákveðin sem hundraðshluti af hæfilega áætlaðri stofnfjárhæð vegna hvers einstaklings.

IV. KAFLI
Sjúkratryggingar.
A. Almenn ákvæði.

32. gr.

Sá sem átt hefur lögheimili í landinu í sex mánuði, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, og 1. mgr. 5. gr. laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingu, telst sjúkratryggður, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að greiða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstilfellum þótt biðtíminn sé ekki liðinn.

Börn og unglingar, 16 ára og yngri, eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

Sjúkratryggingadeild eða hlutaðeigandi umboðsskrifstofa gefur út réttindaskírteini til hvers þess sem sjúkratryggður er.

Ráðherra getur að fengnum tillögum tryggingaráðs sett ákvæði í reglugerð um undanþágur frá sex mánaða lögheimilisskilyrði, um fyrirkomulag og framkvæmd sjúkratrygginga og um starfsemi sjúkratryggingadeildar.

B. Bætur.

33. gr.

Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins er að annast sjúkratryggingar samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er það hlutverk sjúkratryggingadeildar:

a. Að veita styrk til að afla hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.
b. Að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.
c. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 37. gr. nær til, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum tryggingaráðs.
d. Að greiða kostnað við yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
e. Að greiða ferðastyrk til sjúklinga sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun styrkja samkvæmt þessum staflið.
f. Að greiða kostnað samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geta notið slíkrar fyrirgreiðslu.

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja samkvæmt a- og b-liðum. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnuninni fyrir fram. Tryggingayfirlæknir getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis eða þjálfunar.

Ráðherra getur ákveðið að sjúkratryggingadeild greiði:

a. Gjald fyrir rannsóknir og læknishjálp sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar heilbrigðisstofnanir.
b. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af sjúkrahjálp við erlenda ríkisborgara sem dveljast hér um stundarsakir.

34. gr.

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 32. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, þar með talið á fæðingarstofnunum, sbr. þó 35. og 39. gr. eða ákvæði sérlaga. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

35. gr.

Nú er sjúkratryggðum brýn nauðsyn á að vistast í erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslensku sjúkrahúsi og greiðir þá sjúkratryggingadeild kostnað við sjúkrahúsvistina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar. Ráðherra skipar nefnd sem úrskurðar um hvort fyrrgreind skilyrði eru fyrir hendi, svo og hvar sjúkratryggður skuli vistaður erlendis. Nú er sjúkratryggður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landspítalann, yfirlækni á Borgarspítalanum og yfirlækni við St. Jósefsspítalann Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

36. gr.

Til viðbótar þeim réttindum, sem þegar eru upptalin, skulu sjúkratryggingar veita þá hjálp sem hér segir:

a. Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings sem Tryggingastofnunin hefur gert samning við. Með reglugerð má ákveða gjald sem hinn sjúkratryggði greiði fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun til sjúklings. Sjúkratryggingar hafa heimild til að ákveða að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu og endurgreiða sjúkratryggingar þá sjúklingi sinn hluta.
b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum eða stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Ráðherra hefur heimild til þess að ákveða að skilyrði fyrir greiðslu sjúkratrygginga skuli háð tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Fyrir hverja komu til sérfræðings samkvæmt tilvísun greiði sjúklingur gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Með reglugerð skal sömuleiðis setja nánari reglur um notkun tilvísana, þar á meðal í hvaða tilvikum og með hvaða hætti Tryggingastofnun ríkisins geti tekið þátt í greiðslu kostnaðar vegna rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum þótt sjúklingur hafi ekki tilvísun.
c. Lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk greiðir sjúkratryggður það. Eftir að lyf hefur verið skráð hér á landi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveða hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu viðkomandi lyfs.
d. Röntgengreining og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 900 kr. fyrir hverja röntgengreiningu.
e. Sjúkradagpeningar skv. 38. gr.
f. Kostnað vegna aðstoðar ljósmóður við fæðingu í heimahúsum, ákveðinn með þeim hætti sem um ræðir í 39. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því fæðing hefst.
g. Tannlækningar skv. 37. gr.
h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað læknis til þeirra sjúkratryggðu sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 100 kr. fyrir hverja ferð.

i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands að ⅞ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþega- og flutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður aldrei meira en 2.400 kr. Sjúkraflutningur innan bæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðist ⅞ af fargjaldi fylgdarmanns, jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar.

k. Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir og reglum sem tryggingaráð setur.

Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum sjúkratryggðra samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga í lyfjaávísunum. Ráðherra er með reglugerð heimilt að ákveða að gjald skv. a-, b-, c- og d-liðum skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess gjalds sem sjúklingi ber að greiða. Þá er ráðherra og heimilt með reglugerð að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratryggðra fyrir sérhæfða göngudeildarþjónustu skv. b-lið.

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða víðtækari hjálp vegna veikinda en mælt er fyrir um í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 37. gr. og ákveða með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.

37. gr.

Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um tannlæknaþjónustu, alla eða að hluta, aðra en tannréttingar.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir tannlækningar barna og unglinga, 15 ára og yngri, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 75%.
2. Fyrir tannlækningar 16 ára unglinga, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 50%.
3. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð hjá börnum og unglingum, 16 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.
4. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta fullrar tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en 50% kostnaðar sé tekjutrygging skert, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Reikningi fyrir tannlæknaþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. mgr. skulu börn og unglingar, 15 ára og yngri, eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.

38. gr.

Sjúkratryggingar greiða sjúkradagpeninga ef sjúkratryggður, sem orðinn er 16 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður sé um þær að ræða.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verður að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr., skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en í þrjá mánuði.

Sjúkratryggðir njóta sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a.m.k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðfest af lækni.

Fullir dagpeningar skulu nema 526,20 kr. fyrir einstakling og 142,80 kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 18 ára, þar með talin börn utan heimilis sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt úrskurði stjórnvalds, staðfestu samkomulagi eða skilnaðarleyfisbréfi.

Fullra dagpeninga njóta þeir sem fella niður heils dags launaða vinnu. Hálfra dagpeninga njóta þeir sem fella niður launaða vinnu sem nemur minna en heils dags vinnu en a.m.k. hálfs dags starfi. Sé felld niður launuð vinna sem nemur minna en hálfs dags starfi greiðast dagpeningar er nema ¾ misstra launatekna, allt að hálfum dagpeningum. Launuð vinna merkir í grein þessari alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega.

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema helmingi fullra dagpeninga, að viðbættum ½ hluta sannaðrar greiðslu fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp ½ dag í viku, allt að fullum dagpeningum. Slík útgjöld skulu sönnuð með skýrum kvittuðum reikningum er tilgreini vinnutíma, greidd laun og kennitölu viðtakanda. Útgjöld umfram dagvinnukaup samkvæmt taxta hlutaðeigandi stéttarfélags teljast ekki með. Umsækjandi, sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu, fær ekki helming dagpeninga vegna niðurfalls heimilisstarfa en aftur á móti viðbót vegna útgjalda samkvæmt framanskráðu.

Það skal ekki tálma greiðslu hálfra eða fullra dagpeninga vegna niðurfalls launaðrar vinnu skv. 5. mgr. þótt umsækjandi geti sinnt léttu heimilisstarfi.

Nú tekur sjúklingur, sem unnið hefur heils dags launavinnu, upp allt að hálfs dags launað starf í afturbata og er þá heimilt að greiða honum hálfa dagpeninga meðan svo stendur, þó ekki lengur en í þrjá mánuði.

Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði við það miða hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Námsfólk á ekki rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi, nema að því leyti sem forföllin valda töfum á að námsáfangi náist.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur til hans þann tíma, að undanskilinni barnaviðbót sem fellur niður, þó aldrei hærri greiðsla en nemur ¾ hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

39. gr.

Tryggingastofnun ríkisins gerir samninga um greiðslur samkvæmt þessum kafla. Náist ekki samningar skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði dómurinn ekki fullskipaður þannig tilnefnir Hæstiréttur þá sem vanta kann.

Daggjöld sjúkrahúsa, sem ekki eru á föstum fjárlögum, svo og gjaldskrár fyrir slysa- og röntgendeildir, skulu ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að höfðu nánu samráði við viðkomandi stofnanir. Daggjöld og gjaldskrár skulu ákveðin þannig að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma miðað við þá þjónustu sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti.

Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða jafngildir það samningi ef hlítt er ákvörðun ráðherra um daggjöld er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu. Að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, þrátt fyrir ákvæði 34. gr., að sjúklingum skuli greidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

40. gr.

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því eins og um læknishjálp innan lands væri að ræða. Þetta nær þó ekki til þeirra sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar að því er varðar þá sjúkrahjálp sem samningarnir fjalla um.

Nú verður sjúkratryggður maður fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss erlendis og fær hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti frá sjúkratryggingum og er þá tryggingaráði heimilt að ákveða að sjúkratryggingadeild taki meiri þátt í slíkum kostnaði.

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis í aðildarríki EES-samningsins og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því samkvæmt reglum EES-samningsins á sviði almannatrygginga.

41. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt lögum þessum. Slíkan samning má gera í framhaldi af útboði. Í þeim tilvikum ákveður sjúkratryggingadeild hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg getur sjúkratryggingadeild ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.

C. Tekjur.

42. gr.

Kostnaður sjúkratrygginga greiðist að fullu úr ríkissjóði. Árleg heildarútgjöld sjúkratrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum hvers árs.

Framlag ríkissjóðs til sjúkratryggingganna greiðist Tryggingastofnun ríkisins með reglulegum greiðslum í hverjum mánuði.

V. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.
A. Bætur.

43. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra sem veitt er á annan hátt.

Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum. Saman mega þó fara:

a. Bætur til ekkju eða ekkils skv. a-lið 30. gr. og allar aðrar bætur.
b. Barnalífeyrir og dagpeningar.
c. Slysadagpeningar og ellilífeyrir.
d. Örorkulífeyrir/slysalífeyrir og bætur skv. f-lið 1. mgr. 24. gr.
e. Aðrar bætur ef svo er fyrir mælt í lögunum.

Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni sem ekki geta farið saman má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta sem veittar eru til langs tíma og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

Sjúkrakostnað slysatrygginga vegna manns, sem einnig er sjúkratryggður, greiða sjúkratryggingar gegn endurgreiðslu frá slysatryggingum.

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfellt á stofnun eða vistheimili sem er á föstum fjárlögum eða þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en fjórir mánuðir undanfarna 24 mánuði. Tryggingaráði er þó heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu er heimilt að greiða lífeyri allt að því sem á vantar. Hafi hlutaðeigandi innan við 3.000 kr. í tekjur á mánuði er heimilt að greiða honum 10.170 kr. á mánuði í vasapeninga. Tekjur umfram 3.000 kr. skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við árstekjur sem nema 223.754 kr. Ef tekjur hlutaðeigandi eru af vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu eða föndur er heimilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingaráhrif á vasapeningana. Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en tvöfaldir sjúkradagpeningar hverju sinni.

44. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðaraðila slysabætur.

Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá.

45. gr.

Tryggingastofnunin getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur ef ástæða er til að ætla að bæturnar séu notaðar á þann hátt að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd ef um er að ræða barnalífeyri.

46. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

47. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar, eftir því sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur eða endurskoða bótarétt.

Ekki verður krafist umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

Starfsfólk Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnunarinnar.

48. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna. Bætur skv. II. kafla, aðrar en lífeyrir skv. III. kafla, reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar er bótarétti lýkur.

Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár. Sjúkradagpeningar skulu að jafnaði eigi úrskurðaðir lengra aftur í tímann en tvo mánuði, en heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að lengja þetta tímabil í allt að sex mánuði í tilvikum þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

49. gr.

Bætur skal greiða þriðja virkan dag hvers mánaðar. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný ef rökstudd umsókn berst.

50. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum og á þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Má og draga upphæðina frá bótum sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla skv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega getur Tryggingastofnunin látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

51. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun skulu falla niður allar bætur til hans meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsgrein 43. gr.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, maka hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila sem sér um að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

52. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

53. gr.

Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 21/1990, og skal hún þá leita úrskurðar dómara, enda getur hún beiðst rannsóknar og úrskurðar með sama hætti og þjóðskrá og sveitarfélag skv. 11. gr. nefndra laga. Sjúkratryggingar eiga einnig rétt á að óska rannsóknar og úrskurðar um lögheimili sjúkratryggðra.

54. gr.

Greiða skal bótaþegum, búsettum í þeim ríkjum sem ríkisstjórn gerir samninga við eða ráðherra hefur samið við með stoð í 64. gr., sömu bætur og viðkomandi hefði átt rétt á hefði hann verið búsettur hér á landi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að frá bótum, sem bótaþegi á rétt á hér á landi, dragist bætur sem hann fær samkvæmt erlendri löggjöf fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar fyrir hér á landi.

B. Um iðgjöld, innheimtu o.fl.

55. gr.

Iðgjöld skv. 31. gr. skal skattstjóri leggja á með tekjuskatti og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, og skulu ákvæði 99. gr. þeirra laga og ákvæði laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, gilda um iðgjöld eftir því sem við á.

Í reglugerð skv. 4. mgr. 31. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra er þar greinir.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

56. gr.

Iðgjöld til slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum. Ákvæði laga nr. 75/1981, þar á meðal um dráttarvexti og fjárnámsrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

57. gr.

Iðgjöld skv. 31. gr. vegna sjómanna og iðgjöld af aflvélum samkvæmt sömu grein skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

C. Önnur ákvæði.

58. gr.

Tekjur varasjóðs lífeyristrygginga eru vextir af höfuðstólnum og tillag skv. 1. mgr. 20. gr. Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi skv. 2. mgr. 31. gr. Fé, sem ekki þarf að nota til dagslegs rekstrar tryggginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

59. gr.

Foreldri, sem fær úrskurð stjórnvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur samkvæmt úrskurði innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur um fjárhæð meðlags og aldur barna. Sama skal gilda um foreldri sem leggur fram staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur og aðrar greiðslur skv. III. kafla barnalaga, nr. 20/1992.

Á sama hátt skal barnsmóðir fá samkvæmt stjórnvaldsúrskurði eða staðfestu samkomulagi greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins:

a. Framfærslulífeyri í allt að þrjá mánuði skv. 1. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992.
b. Hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að níu mánuði skv. 2. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992.
c. Kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 1. mgr. 22. gr. barnalaga, nr. 20/1992.

Þegar eftir að sýslumaður hefur veitt viðtöku ósk frá móður um að aflað verði faðernisviðurkenningar hjá lýstum barnsföður getur hún fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar sem stjórnvaldsúrskurður, staðfestur samningur eða vottorð sýslumanns um að hann hafi veitt viðtöku ósk móður um öflun faðernisviðurkenningar berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

Þeir sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmætum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri eftir því sem við getur átt.

Með reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, má ákveða hámarksgreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi.

60. gr.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu skv. 59. gr. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.–3. mgr. 59. gr. mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Um skil vegna óinnheimtra skulda fer eftir ákvæðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 4. mgr. 59. gr. þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

61. gr.

Tryggingastofnunin getur tekið að sér að annast reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir einstaka lífeyrissjóði.

62. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskírteini. Enn fremur getur stofnunin með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

63. gr.

Ráðherra getur ákveðið að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja áhættu þá vegna bótaskyldra slysa og veikinda sem þeir bera skv. 36. gr. laga nr. 35/1985, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Dagpeningar skv. 28. og 38. gr. skulu renna til Tryggingastofnunarinnar þann tíma sem greiðsla kaups eða aflahlutar á sér stað og skulu iðgjöld útgerðarmanna fyrir aukatryggingu þessa ákveðin með það fyrir augum að þau ásamt dagpeningunum nægi fyrir útgjöldum.

64. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að semja við erlend ríki og ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæman rétt til þeirra hlunninda sem almannatryggingar veita. Í slíkum samningum má m.a. kveða svo á að lögheimilistímabil, atvinnutímabil eða tryggingatímabil í öðru samningsríki skuli talin jafngilda lögheimilistíma á Íslandi, hvort sem um er að ræða íslenska þegna eða þegna annarra samningsríkja. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um rétt til bótagreiðslna samkvæmt almannatryggingalögum við búsetu í öðru samningsríki, sbr. 11. gr., 54. gr. og 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

65. gr.

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skal ráðherra þá innan sex mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum samkvæmt 59. gr. í samræmi við það. Heimilt skal að fjárhæðir skv. 17. gr. taki sömu hlutfallsbreytingum og kveðið er á um í 1. málsl. þessarar greinar um upphæðir bóta og greiðslur skv. 59. gr. Heimilt er að breyta fjárhæðum skv. 2. mgr. 11. gr., svo og 4. mgr. 12. gr., þó þannig að aldrei komi til skerðingar lífeyris samkvæmt þessum málsgreinum hjá þeim sem rétt eiga á tekjutryggingu, skertri eða óskertri, samkvæmt ákvæðum 17. gr.

66. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar.

67. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og EES-samningurinn. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þó skulu ákvæði laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, um slysatryggingu ökumanna gilda til 31. desember 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Bætur, sem úrskurðaðar hafa verið fyrir gildistöku laga nr. 67/1971, skulu ekki skerðast vegna ákvæða II. kafla um bótagreiðslur í hlutfalli við þann tíma sem bótaþegi hefur átt lögheimili á Íslandi, sbr. þó 2. mgr.

   Nú á ellilífeyrisþegi eða umsækjandi um ellilífeyri ekki lögheimili á Íslandi og skal þá einungis reikna til réttindatíma skv. 12. gr. þann tíma sem hlutaðeigandi hefur átt lögheimili á Íslandi eftir árslok 1946. Heimilt er tryggingaráði að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.
2. Ráðherra er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu öryrkja sem fá greiddan örorkulífeyri, örorkustyrk, endurhæfingarlífeyri eða slysaörorkubætur undir 50% og hafa vinnugetu sem ekki hefur nýst á vinnumarkaði og ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur almannatrygginga. Skerðing bóta á starfstímabilinu fer eftir almennum skerðingarreglum á hverjum tíma. Í reglugerð skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.
3. Á meðan vextir, verðbætur og gengishagnaður eru frádráttarbærar tekjur við ákvörðun tekjuskattsstofns skulu þessar tekjur hvorki hafa áhrif á tekjur til skerðingar elli- og örorkulífeyris, sbr. 11. og 12. gr., né tekjutryggingar, sbr. 17. og 18. gr. laga um almannatryggingar.
4. Þeir sem ákveðið hafa frestun ellilífeyris fyrir 1. janúar 1992, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, skulu halda rétti sínum. Tryggingastofnun ríkisins skal breyta fjárhæðum vegna frestunarinnar til samræmis við breytingar sem verða á fjárhæðum almannatrygginga hverju sinni. Nú andast maður sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur fyrir 1. janúar 1992 og lætur eftir sig maka á lífi og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin lífeyri eiga rétt á þeirri hækkun sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar.
5. Hafi tannrétting sannanlega hafist fyrir 1. nóvember 1989 skal henni lokið samkvæmt ákvæðum sem giltu fyrir 1. janúar 1990, sbr. og lokamálsgrein þessa töluliðar.

   Þrátt fyrir ákvæði 37. gr. laganna skulu þeir sem njóta áttu endurgreiðslna fyrir tannréttingar á árinu 1991 samkvæmt reglum nr. 63/1991 um endurgreiðslur sjúkratrygginga af tannréttingakostnaði samkvæmt lögum um almannatryggingar njóta þess réttar áfram, enda hafi þeir sent umsóknir sínar hér að lútandi fyrir 15. mars 1992 á þar til gerðum eyðublöðum Tryggingastofnunarinnar í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

   Greiðslum skv. 5. tölul. skal ljúka 31. desember 1993.

399. Frumvarp til laga [84. mál]

um félagslega aðstoð.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

1. gr.

Bætur félagslegrar aðstoðar eru mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, umönnunarbætur, endurhæfingarlífeyrir, makabætur, ekkju- og ekklabætur, ekkjulífeyrir, heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, uppbætur vegna sérstakra aðstæðna, uppbót vegna reksturs bifreiðar og bifreiðakaupastyrkir.

Bætur félagslegrar aðstoðar greiðast eingöngu þeim sem lögheimili eiga hér á landi, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, og að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim. Þar er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur.

Lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins skal annast greiðslu félagslegrar aðstoðar samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 12. gr.

Kostnaður við bætur félagslegrar aðstoðar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun fjárlaga og fjáraukalaga hverju sinni.

2. gr.

Mæðra- og feðralaun.

Heimilt er að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri og eiga lögheimili hér á landi. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslu mæðra- og feðralauna. Þar er einnig heimilt að skilyrða greiðslu mæðra- og feðralauna við að meðlagsúrskurður hafi verið kveðinn upp eða fyrir liggi staðfest samkomulag um greiðslu framfærslueyris.

Árleg mæðra- og feðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	12.000 kr.
Með tveimur börnum	60.000 kr.
Með þremur börnum eða fleiri	129.600 kr.

Tryggingaráði er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun. Tryggingaráði er og heimilt að greiða maka einstaklings sem sætir gæslu- eða refsivist mæðra- eða feðralaun, enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

Mæðra- og feðralaun falla niður einu ári eftir að viðtakandi launanna skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð með öðrum en foreldri barnsins eða barnanna, sbr. og 44. gr. laga um almannatryggingar. Nú skráir viðtakandi launanna sig í óvígða sambúð með foreldri barnsins eða barnanna, fyrrverandi sambýlisaðila eða gengur í hjúskap og falla þá launin strax niður.

3. gr.

Barnalífeyrir.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir. Samkvæmt málsgrein þessari greiðist eingöngu einfaldur barnalífeyrir. Lífeyrisdeild metur sönnun um skólavist og starfsþjálfun. Skilyrði er að námið og þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Ef um er að ræða óreglulegt nám eða námskeið skal námstími reiknaður í kennslustundafjölda á almanaksárinu og telst þá sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum. Brot úr mánuði telst heill mánuður. Ungmennið sjálft sækir um barnalífeyri samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur frestað afgreiðslu barnalífeyris þar til sex mánaða námstíma er náð. Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992, eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa uppi á því og er þá tryggingaráði heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur krafist framlagningar skattframtala með umsóknum um barnalífeyri. Tryggingaráði er og heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám ef ljóst er að ungmenninu er ókleift að innheimta greiðslur samkvæmt úrskurði á grundvelli 1. mgr. 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Ef efnahagur er sérstaklega góður, umsækjandi hefur t.d. tekið arf, getur lífeyrisdeild hafnað umsókn en skjóta skal slíkum málum til tryggingaráðs sem úrskurðar í málinu.

4. gr.

Umönnunargreiðslur.

Heimilt er að greiða framfærendum fatlaðra og sjúkra barna, sem dveljast í heimahúsi, eða á sjúkrahúsi um stundarsakir, styrk, allt að 9.247 kr., eða umönnunarbætur, allt að 47.912 kr., á mánuði ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu. Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar og annast greiðslu styrks og umönnunarbóta að fengnum tillögum svæðisstjórna samkvæmt lögum um málefni fatlaðra ef um fatlað barn er að ræða. Greiðsla styrks skal miðuð við 10–40 klst. þjónustu á mánuði en greiðsla umönnunarbóta 40–175 klst. þjónustu á mánuði sem tryggingaráði er heimilt að hækka í allt að 200 klst. mæli sérstakar ástæður með því að mati svæðisstjórna. Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir umönnunarbætur. Um framkvæmd greinarinnar fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

5. gr.

Makabætur.

Heimilt er, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega makabætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

6. gr.

Dánarbætur.

Heimilt er að greiða hverjum þeim, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs, bætur í sex mánuði eftir lát maka, 15.448 kr. á mánuði.

Ef hlutaðeigandi er með barn yngra en 18 ára á framfæri er heimilt að greiða bætur í 12 mánuði til viðbótar, 11.583 kr. á mánuði.

7. gr.

Ekkjulífeyrir.

Heimilt er að greiða konu, sem lögheimili á hér á landi og orðin var 50 ára við lát mannsins, ekkjulífeyri til 67 ára aldurs, enda hafi hún átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða hinn látni hafi átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin áður en hann lést.

Ekkjulífeyrir miðast við aldur konunnar þegar lífeyrisréttur stofnaðist og lögheimilistíma þess hjónanna sem lengri réttindatíma átti. Við ákvörðun lögheimilistímans skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs. Sé lögheimilistíminn a.m.k. 40 ár og aldur konunnar a.m.k. 60 ár greiðist fullur lífeyrir. Fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar í 60 ára aldur, lækkar lífeyririnn um 5%. Sé lögheimilistíminn skemmri en 40 ár greiðist hlutfallslega lægri ekkjulífeyrir.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu, eftir því sem við getur átt, einnig gilda um ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður ef þær eru orðnar 50 ára þegar þær hætta að taka barnalífeyri eða meðlag.

Heimilt er að veita ekkju ekkjulífeyri frá 50 ára aldri þótt hún hafi verið yngri er maður hennar lést, enda hafi hjónabandið staðið a.m.k. 20 ár.

Ekkjulífeyrir fellur niður ef ekkja gengur í hjónaband eða tekur upp óvígða sambúð.

Fullur árlegur ekkjulífeyrir skal vera 147.948 kr.

8. gr.

Endurhæfingarlífeyrir.

Heimilt er þegar ekki verður séð hver örorka einstaklings verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að tólf mánuði eftir að greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar lýkur eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Skilyrði er að viðkomandi gangist undir greiningu eða meðferð á sjúkrastofnun eða utan slíkrar stofnunar eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir. Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og grunnlífeyrir örorkulífeyris ásamt tekjutryggingu. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur.

9. gr.

Heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót.

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, að auki heimilisuppbót, 7.711 kr. á mánuði. Eigi viðkomandi rétt á skertri tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar skal lækka heimilisuppbótina eftir sömu reglum.

Ef einhleypingur hefur eingöngu tekjur úr lífeyristryggingum almannatrygginga skal hann til viðbótar við heimilisuppbót eiga rétt á sérstakri heimilisuppbót, 5.304 kr. á mánuði.

10. gr.

Frekari uppbætur.

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess.

11. gr.

Bifreiðakostnaður.

Heimilt er að greiða til elli- og örorkulífeyrisþega, örorkustyrkþega og umönnunarbótaþega uppbót vegna kaupa á bifreið sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af án uppbótarinnar.

Sama gildir um rekstur bifreiðar eigi í hlut elli- eða örorkulífeyrisþegi og örorkustyrkþegar.

12. gr.

Endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf.

Nú verða útgjöld sjúkratryggðs vegna læknishjálpar og lyfja umtalsverð og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að endurgreiða hlutaðeigandi þennan kostnað að hluta eða að fullu að teknu tilliti til tekna og í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur.

Sjúkratryggingadeild annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Ákvæði laga um almannatryggingar gilda um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á, m.a. um kærurétt til tryggingaráðs og um hækkun bóta.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð sett frekari ákvæði um greiðslu félagslegrar aðstoðar samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og EES-samningurinn.

400. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið með svipuðum hætti og verið hefur á undanförnum löggjafarþingum. Kannað var hvort umsóknir, sem nefndinni bárust, uppfylltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisfangs, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi. Til að auðvelda málsmeðferð fóru formaður og tveir nefndarmanna yfir umsóknir sem bárust nefndinni áður en nefndin í heild fjallaði um einstakar umsóknir með tilliti til fyrrgreindra skilyrða.

Umsóknir um íslenskan ríkisborgararétt, sem ekki hljóta afgreiðslu nú, munu væntanlega koma aftur til umfjöllunar á vorþingi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Valgerður Gunnarsdóttir. Björn Bjarnason.

Jón Helgason. Anna Ólafsdóttir Björnsson. Ey. Kon. Jónsson.

Ingi Björn Albertsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

401. Breytingartillaga [216. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adelaide Maria Pedro Runólfsdóttir, nemi í Grundarfirði, f. 20. apríl 1979 á Grænhöfðaeyjum.
2. Alfreðsson, Cathleen Josephine, verkakona á Þórshöfn, f. 21. október 1960 á Írlandi.
3. Anat Egilsson, verkakona í Reykjavík, f. 20. mars 1959 í Ísrael.
4. Andersen, Björgvin Richard, nemi í Reykjavík, f. 8. apríl 1959 í Reykjavík.
5. Ankry, Aliza Haya, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. júlí 1947 í Túnis.
6. Benoto, Rebekka Kristín, verkakona á Hellissandi, f. 6. ágúst 1969 í Bandaríkjunum.
7. Berner, Loryane Daria, nemi á Selfossi, f. 8. ágúst 1962 í Sviss.
8. Biard, Jean-Pierre Robert, kortagerðarmaður í Reykjavík, f. 17. desember 1946 í Frakklandi.
9. Buenaventura, Estelita Perez, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. janúar 1959 á Filippseyjum.
10. Carmen Jósefsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 7. nóvember 1978 í Reykjavík.
11. Davis, Barbara Guðrún, fóstra á Akranesi, f. 21. febrúar 1964 á Akranesi.
12. Do Amaral Barbosa, Sandra Carla, verkakona á Dalvík, f. 17. mars 1963 í Mósambik.
13. Ellenberger, Íris, nemi í Reykjavík, f. 16. desember 1977 í Reykjavík.
14. Ellingsen, Marianne, húsmóðir á Akranesi, f. 4. september 1952 í Noregi.
15. Elliot, Tracee Lea, fulltrúi í Reykjavík, f. 7. maí 1962 í Bandaríkjunum.
16. Everett, Helen Rosemary, kennari í Reykjavík, f. 22. júní 1961 í Englandi.
17. Goethe, Friðrik Þór, vélstjóri í Reykjavík, f. 6. desember 1965 í Reykjavík.
18. Goethe, Ragnhildur Mosel, búfræðingur í Reykjavík, f. 3. desember 1961 í Reykjavík.
19. Goto, Julio Edwardo Soares, vélstjóri á Akureyri, f. 14. september 1959 á Grænhöfðaeyjum.

20. Guerro Sanchez, Rosenda, starfsstúlka í Reykjavík, f. 17. október 1954 í Kólumbíu.
21. Halliwell, Clive Barrie, hjúkrunarfræðingur á Akranesi, f. 17. júní 1946 í Englandi.
22. Hansen, Knud Óskar, forstjóri í Reykjavík, f. 20. apríl 1939 í Reykjavík.
23. Harimache, Abdenbi, verkamaður í Reykjavík, f. 5. janúar 1961 í Marokkó.
24. Hartranft, Lísa Ann, læknaritari í Reykjavík, f. 11. júlí 1963 í Bandaríkjunum.
25. Hearn, Jo Ann, þroskaþjálfi í Kópavogi, f. 25. september 1953 í Bandaríkjunum.
26. Kambsenni, Marnhild, dagmóðir í Mosfellsbæ, f. 2. júní 1956 í Færeyjum.
27. Kolbrún Magnhildur Gunnlaugsdóttir, verkakona á Eskifirði, f. 14. nóvember 1949 í Innri-Njarðvík.
28. Lima, Carlos Silva Sousa, verkamaður í Reykjavík, f. 11. júlí 1963 á Grænhöfðaeyjum.
29. Lutley, Erik Davíð, nemi í Vestmannaeyjum, f. 4. mars 1974 í Reykjavík.
30. Lynch, David Dominic, myndlistarmaður í Reykjavík, f. 30. september 1960 í Bretlandi.
31. Maríanna Barbara Kristjánsson, húsmóðir á Ísafirði, f. 7. október 1960 í Póllandi.
32. Matthews, Lísa Bryndís, lagermaður í Reykjavík, f. 10. október 1971 í Englandi.
33. McEvoy, Bridget, hjúkrunarfræðingur í Hveragerði, f. 28. september 1953 á Írlandi.
34. McKee, David Thomas, afgreiðslustjóri í Reykjavík, f. 10. febrúar 1950 á Nýja-Sjálandi.
35. McManus, Sonja Ellen, nemi í Reykjavík, f. 12. nóvember 1975 í Reykjavík.
36. Molitor, Margareta Gertrud, hjúkrunarfræðingur í Garðabæ, f. 19. júlí 1944 í Þýskalandi.
37. Old, Janette Sue, verkakona í Grýtubakkahreppi, f. 28. ágúst 1965 á Nýja-Sjálandi.
38. Phermwilai, Surairat, verkakona í Hafnarfirði, f. 3. september 1962 í Tælandi.
39. Pollock, Michael, verkamaður í Reykjavík, f. 23. nóvember 1953 í Bandaríkjunum.
40. Roa, Maria Helena Sarabia, nemi í Reykjavík, f. 1. september 1966 í Kólumbíu.
41. Rodriques, Viktor Pétur, nemi í Borgarnesi, f. 8. október 1979 á Akranesi.
42. Rosento, Violeta Chaves, verkakona í Reykjavík, f. 26. febrúar 1949 á Filippseyjum.
43. Rosio, Bertha Calvi Lozano, þjónn í Mosfellsbæ, f. 20. júlí 1967 í Bólivíu.
44. Schmidhauser, Anton Örn, nemi í Reykjavík, f. 6. ágúst 1969 í Reykjavík.
45. Schmidhauser, Guðrún Þórunn, meinatæknir í Reykjavík, f. 16. júní 1968 í Reykjavík.
46. Shackelford, Debbie, verkakona í Keflavík, f. 15. janúar 1976 í Keflavík.
47. Shwaiki, Faraj, verkamaður í Reykjavík, f. 20. maí 1967 í Ísrael.
48. Sicat Schade, Marisa, húsmóðir í Grindavík, f. 7. maí 1958 á Filippseyjum.
49. Soffía Kristín Sigurðardóttir, þroskaþjálfi í Reykjavík, f. 14. nóvember 1958 í Reykjavík.
50. Soon, Nilma, verkakona á Flateyri, f. 17. febrúar 1962 á Filippseyjum.
51. Stephenson, Beverly Louise, verkakona á Ísafirði, f. 17. maí 1960 á Jamaíka.
52. Strizova, Eva, verkakona í Hafnarfirði, f. 9. desember 1957 í Slóvakíu.
53. Sun, Bo Liang, veitingamaður í Reykjavík, f. 1. júní 1955 í Kína.
54. Tangolamos Cavan, Lorenza, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. febrúar 1960 á Filippseyjum.
55. Thompson, Kristófer, nemi í Reykjavík, f. 20. nóvember 1981 í Reykjavík.
56. Thompson, Tómas Júlíus, nemi í Reykjavík, f. 15. október 1977 í Reykjavík.
57. Torres, Violeta Tolo, verkakona í Kópavogi, f. 30. apríl 1967 á Filippseyjum.

58. Tómasína Einarsdóttir, ritari í Reykjavík, f. 12. febrúar 1948 í Garði, Gullbringusýslu.
59. Tuankrathok, Ruam, húsmóðir í Kópavogi, f. 13. nóvember 1955 í Tælandi.
60. Turchi, Paolo Maria, rithöfundur í Reykjavík, f. 9. desember 1964 á Ítalíu.
61. Unnar Miguel Jósefsson, nemi í Reykjavík, f. 15. desember 1975 í Hafnarfirði.
62. Valladolid Chaves, Doralisa, húsmóðir í Reykjavík, f. 17. júní 1950 í Perú.
63. Vestergaard, Elínborg María Elisabeth, verkakona í Keflavík, f. 30. júlí 1949 í Færeyjum.
64. Walker, Kristján Michael, nemi í Sandgerði, f. 16. júní 1981 í Keflavík.
65. Wechner, Maria Elisabeth, húsmóðir á Akranesi, f. 25. desember 1951 í Sviss.
66. Wheeler, Adam David, nemi í Reykjavík, f. 23. janúar 1980 í Englandi.
67. Wootita, Nongkran, verkakona í Reykjavík, f. 1. janúar 1961 í Tælandi.
68. Woube, Zewdu, verkamaður í Reykjavík, f. 22. júlí 1962 í Eþíópíu.
69. Zogaj, Gani, atvinnulaus í Reykjavík, f. 15. apríl 1960 í Júgóslavíu.
70. Zogaj, Melihate, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. febrúar 1964 í Júgóslavíu.
71. Zogu, Halima, húsmóðir í Reykjavík, f. 18. nóvember 1970 í Júgóslavíu.
72. Zogu, Idriz, vélamaður í Reykjavík, f. 2. ágúst 1967 í Júgóslavíu.
73. Þorvarður Davíð Ólafsson, nemi í Reykjavík, f. 30. apríl 1979 í Reykjavík.
74. Þórður Daníel Ólafsson, nemi í Reykjavík, f. 30. apríl 1979 í Reykjavík.

402. Nefndarálit [244. og 245. mál]

um frv. til l. um prestssetur og frv. til l. um kirkjumálasjóð.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málin og með vísan til 1. mgr. 30. gr. þingskapa skilar hún einu áliti um þau bæði. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna frá dómsmálaráðuneytinu Þorstein Geirsson ráðuneytisstjóra og Guðmund Þ. Guðmundsson deildarstjóra, Geir Waage, formann Prestafélags Íslands, Þorbjörn Hlyn Árnason biskupsritara og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Baldri Vilhelmssyni, prófasti Ísafjarðarprófastsdæmis, Jóni Dalbú Hróbjartssyni, prófasti Reykjavíkurprófastsdæmis vestra, Einari Þór Þorsteinssyni, prófasti Múlaprófastsdæmis, Hauki Guðlaugssyni, söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, Erni Friðrikssyni, prófasti Þingeyjarprófastsdæmis, Braga Benediktssyni, prófasti Barðastrandarprófastsdæmis, Hjálmari Jónssyni, prófasti Skagafjarðarprófastsdæmis, Guðmundi Þorsteinssyni, dómprófasti Reykjavíkurprófastsdæmis eystra, Jóni E. Einarssyni, prófasti Borgarfjarðarprófastsdæmis, Braga Friðrikssyni, prófasti Kjalarnesprófastsdæmis, Þorleifi Kristmundssyni, prófasti Austfjarðaprófastsdæmis, Tómasi Guðmundssyni, prófasti Árnessprófastsdæmis, Árna Sigurðssyni, prófasti Húnavatnsprófastsdæmis, Fjölskyldu þjónustu kirkjunnar og Ríkisendurskoðun.

Frumvörpin um prestssetur og kirkjumálasjóð eru flutt samhliða og er markmið þeirra að færa stjórnsýslu á sviði kirkjumála frá ríkisvaldi til þjóðkirkju. Frumvörpin hafa verið kynnt bæði fyrir kirkjuráði og kirkjuþingi sem samþykkti þau fyrir sitt leyti.

Með frumvarpi til laga um prestssetur er lagt til að sérstök lög gildi um prestssetur landsins. Frumvarpinu er ætlað að taka af öll tvímæli um að sérstakar reglur og sjónarmið gilda um prestssetur. Hingað til hefur lögum um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, nr. 27/1968, verið beitt um prestsbústaði og að nokkru leyti einnig um íbúðarhús á prestssetursjörðum. Verði frumvarpið lögfest mun verða breyting þar á. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að sérstakur sjóður, prestssetrasjóður, verði stofnaður er annist um stjórnsýslu og rekstur prestssetra. Engin afstaða er tekin til eignarréttar yfir prestssetrunum í frumvarpinu enda eru að störfum sérstakar nefndir ríkis og kirkju sem hafa það hlutverk að fjalla um framtíðarskipan kirkjueigna.

Í frumvarpi til laga um kirkjumálasjóð er mælt fyrir um stofnun sérstaks sjóðs, kirkjumálasjóðs, er lúti stjórn kirkjuráðs. Sjóðnum eru ætlað að skila ár hvert fjárhæð er renni til prestssetrasjóðs, eftir nánari ákvörðun kirkjuráðs, en auk þess er kirkjumálasjóði ætlað að standa straum af ýmsum verkefnum sem talin eru upp í 4. gr. frumvarpsins. Kirkjumálasjóði er einnig ætlað að standa straum af kostnaði við prestssetur landsins að miklu leyti.

Nefndin leggur til að frumvörp þessi verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á aðgreindum þingskjölum. Breytingartillögurnar við frumvörpin eru hliðstæðar. Lagt er til að aukið verði við 9. gr. laga um prestssetur og 5. gr. laga um kirkjumálasjóð þannig að í báðum frumvörpunum verði tilvísun til laga um Ríkisendurskoðun, sem nú eru nr. 12 frá árinu 1986, á viðeigandi stöðum. Er hér ekki um efnisbreytingar að ræða.

Alþingi, 15. des. 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Valgerður Gunnarsdóttir. Björn Bjarnason.

Ey. Kon. Jónsson. Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.

403. Breytingartillaga [244. mál]

við frv. til l. um prestssetur.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, VG, BBj, EKJ, IBA).

Við 2. mgr. 9. gr. bætist: í samræmi við lög um Ríkisendurskoðun, ásamt síðari breytingum.

404. Breytingartillaga [245. mál]

við frv. til l. um kirkjumálasjóð.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, VG, BBj, EKJ, IBA).

Við 2. mgr. 5. gr. bætist: í samræmi við lög um Ríkisendurskoðun, ásamt síðari breytingum.

405. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fund hennar komu frá fjármálaráðuneytinu Bolli Þór Bollason skrifstofustjóri, Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri, Maríanna Jónasdóttir deildarstjóri, Snorri Olsen deildarstjóri, Jón H. Steingrímsson deildarstjóri og Bragi Gunnarsson lögfræðingur. Þá komu Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Jón Guðmundsson, forstöðumaður virðisaukaskattsdeildar, og Friðleifur Jóhannsson, forstöðumaður tekjuskattsskrifstofu ríkisskattstjóraembættisins, Skúli Eggert Þórðarson, skattrannsóknarstjóri ríkisins, Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, Jóhann Rúnar Björgvinsson og Stefán Jensen frá Þjóðhagsstofnun, Benedikt Davíðsson, formaður ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, hagfræðingur ASÍ, Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur BSRB, Páll Halldórsson, formaður BHMR, Birgir Björn Sigurjónsson, hagfræðingur BHMR, Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri VSÍ, Árni Benediktsson, framkvæmdastjóri Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Wilhelm Wessman, formaður Sambands veitinga- og gistihúsa, Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Sambands veitinga- og gistihúsa, Áslaug Alfreðsdóttir, varaformaður Sambands veitinga- og gistihúsa, Kolbeinn Arinbjarnarson, forstöðumaður innanlandsflugs hjá Flugleiðum, Ómar Benediktsson, framkvæmdastjóri hjá Íslandsflugi hf., Hörður Guðmundsson framkvæmdastjóri hjá Flugfélaginu Erni hf., Guðni Steinar Gústafsson, löggiltur endurskoðandi, Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Þórleifur Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, Gunnlaugur Júlíusson, hagfræðingur Stéttarsambands bænda, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri, Bjarni Finnsson, formaður Kaupmannasambands Íslands, Jónas Þór Steinarsson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambands Íslands, Stefán S. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna, Birgir Rafn Jónsson, formaður Íslenskrar verslunar, Jóhannes Jónsson kaupmaður, Sigurbergur Sveinsson kaupmaður, Jónas Friðrik Jónsson frá Verslunarráði Íslands, Ellert B. Schram, forseti Íþróttasambands Íslands, Stefán Konráðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Íþróttasambands Íslands, Sæmundur Runólfsson, framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands, Þórir Haraldsson, varaformaður Ungmennafélags Íslands, Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður þróunarsviðs hjá Byggðastofnun, Kjartan Lárusson, formaður Félags íslenskra ferðaskrifstofa, Karl Sigurhjartarson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra ferðaskrifstofa, Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Úrvals-Útsýnar, Alexander Eðvardsson, löggiltur endurskoðandi, Kristmann Magnússon, varaformaður Félags raftækjasala, Kristín Sigurðardóttir, formaður Samtaka landflutningamanna, Guðmundur Arnaldsson, framkvæmdastjóri Landvara, Pétur Davíðsson formaður Trausta, félags sendibifreiðastjóra, Gunnar Sveinsson, framkvæmdastjóri Umferðamiðstöðvarinnar, Pétur Fenger, framkvæmdastjóri Almenningsvagna bs., Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Ingvar Viktorsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, Hörður Gíslason og Sveinn Andri Sveinsson frá stjórnarnefnd um almenningssamgöngur í Reykjavík og Magnús Oddson formaður Ferðamálaráðs Íslands. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Almenningsvögnum bs., ASÍ, BHMR, BSRB, Ferðaþjónustu bænda, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Íslenskri verslun, ÍSÍ, Kaupmannasamtökunum, Kristmanni Magnússyni, Landssambandi smábátaeigenda, Neytenda-

samtökunum, Olíufélaginu hf., Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Skeljungi hf., Sambandi veitinga- og gistihúsa, Samtökum iðnaðarins, Samtökum landflutningamanna, stjórnarnefnd um almenningssamgöngur í Reykjavík, Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, Verslunarráði Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og VSÍ.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir þeirri breytingu að samlagsfélög með ótakmarkaða ábyrgð geti ekki verið sjálfstæðir skattaðilar. Breyting þess efnis er gerð á 1. og 10. gr.

Í öðru lagi er lögð til leiðrétting á 3. gr. frumvarpsins þannig að greinin nái til allra sem starfa á vegum stjórnarráðsins við sendiráð Íslands en ekki aðeins starfsmanna á vegum utanríkisráðuneytisins.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að taka inn í 3. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, orðin „ábyrgðir" og „lánveitingar" og víkka ákvæðið þannig út frá því sem gilt hefur fram til þessa en í ákvæðinu eins og það er í dag er aðeins talað um viðskiptaskuldir. Orðið lánveitingar er einnig tekið upp í 2. mgr. 5. tölul. 74. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Einnig er gerð tillaga um þá efnisbreytingu á lokamálslið þess ákvæðis að „aðrar lánveitingar sem beint tengjast atvinnurekstrinum" falla einnig þarna undir.

Í fjórða lagi er kveðið á um að tekinn sé af allur vafi um að skattrannsóknarstjóra ríkisins beri í hvívetna að gæta ákvæða laga um meðferð opinberra mála í samskiptum sínum við þá aðila sem til rannsóknar eru en þeirri reglu hefur verið fylgt í starfi hans hingað til.

Í fimmta lagi er lagt til að loðdýrabændum sem fengið hafa niðurfærslu skulda hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 108/1992 og ríkisábyrgðasjóði verði heimiluð sérstök fyrning eigna sem tengjast loðdýrabúskap. Ákvæði þetta er sett inn vegna þeirrar tekjufærslu til varð hjá umræddum aðilum við niðurfærslu skulda og geta þeir þannig fyrnt eignir að því marki að gjöld vegi upp tekjur.

Í sjötta lagi er lagt til að 16. gr. falli brott. Sú grein var ekki lögð til sem efnisbreyting á lögunum heldur sett fram til að einfalda framkvæmd skattheimtu á fólksflutningafyrirtækjum sem njóta niðurgreiðslna opinberra aðila. Lagt er til að horfið verði frá þessari grein vegna ótta um að það kunni að verða túlkað íþyngjandi fyrir ýmsar opinberar stofnanir.

Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir þeirri breytingu á 18. gr. að flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, verði færður niður í lægra skattþrepið eins og gildir um farþegana. Slíkt mun einfalda alla skráningu og uppgjör. Þá er lögð til sú breyting á 30. gr. að hægt verði með skriflegum samningi að fela öðrum aðila að sjá um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts. Í ljós hefur komið að verulegum erfiðleikum er bundið að fylgja hefðbundnum reglum vegna sérstakra viðskiptahátta og uppgjörsaðferða varðandi sölu flugfarseðla. Einföldun ákvæðisins felst í því að heimila flugfélagi að skila skattinum þó svo að sala fari fram í gegnum ferðaskrifstofur enda séu öll viðskipti tryggilega skráð í sölukerfi sem skattyfirvöld samþykkja.

Í áttunda lagi er lagt til að 37. gr. verði felld brott þannig að sömu reglur gildi sem hingað til um frádráttarbærni tryggingargjalds.

Í níunda lagi leggur 1. minni hluti til að hætt verði við fyrirhugaða tolla á jurtaolíur þar sem reikna má með að slík tollahækkun hafi óheppileg áhrif á samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda.

Í tíunda lagi er lagt til að málningarvörur, einangrunarplast og þakpappi verði flutt úr 10% vörugjaldi í gjaldflokk 6% vörugjaldi í gjaldflokki A. Til að vega upp tekjutap ríkissjóðs vegna þessarar breytingar er lagt til að vörugjald af þeim vörum sem eftir standa í

gjaldflokki B, þ.e. ýmsum byggingarvörum og snyrtivörum, hækki í 11% í stað 10%.

Í ellefta lagi er lagt til að lagfærð verði upptalning tollnúmera í gjaldflokki D í viðauka I við lög um vörugjald.

Loks leggur 1. minni hluti til að við frumvarpið bætist tveir nýir kaflar sem eiga rót sína að rekja til afnáms aðstöðugjalds sem tekjustofn fyrir sveitarfélög. Annars vegar kafli um breytingar á tekjugreinum laga nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands. Í stað aðstöðugjalds er gerð tillaga um að tekið verði upp svokallað markaðsgjald sem lagt verði á veltu fyrirtækja. Sett er inn sérstakt ákvæði til að koma í veg fyrir að fyrirtæki velti þessu gjaldi beint út í verðlagið. Hins vegar er um að ræða nýjan kafla um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða. Til að mæta tekjutapi kirkjugarða þjóðkirkjunnar vegna afnáms aðstöðugjaldsins er lagt til að kirkjugarðar fái í sinn hlut vissar fjárhæðir af innheimtu framangreinds markaðsgjalds.

Alþingi, 15. des. 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, frsm. Guðjón Guðmundsson. Sólveig Pétursdóttir.

Árni R. Árnason.

406. Breytingartillögur [251. mál]

við frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (RG, SP, GuðjG, ÁRÁ).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Samlagsfélög með ótakmarkaðri ábyrgð minnst eins félagsaðila geta ekki verið sjálfstæðir skattaðilar.
2. Við 3. gr. Orðin „á vegum utanríkisráðuneytisins“ í síðari málslið efnismgr. falli brott.
3. Við 4. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. 1. efnismgr. b-liðar orðist svo:
      Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.
   b. Við greinina bætist tveir nýir stafliðir er orðist svo:
      c. 3. tölul. orðast svo:
         Tap á útistandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum, sem beint tengjast atvinnurekstrinum, á því tekjuári sem eignir þessar sannanlega eru tapaðar.
         Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar, sbr. 1. mgr., í árslok, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.

d. Við 4. tölul. bætist ný málsgrein er orðast svo:
Sannanlega tapað hlutafé sem verðbréfasjóðir, samkvæmt lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og fjárfestingafélög skv. 23. gr. laga nr. 9/1984 hafa fjárfest í á því tekjuári er hlutafé tapast.

4. Við 10. gr. Síðari efnismgr. orðist svo:
Tekjuskattur sameignarfélaga, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr., skal vera 41% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

5. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 74. gr. laganna:
a. 2. mgr. 5. tölul. orðast svo:
Útistandandi kröfur skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs, nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi viðskiptakrafna og lánveitinga er þó heimilt að draga allt að 5% og mynda með því mótreikning fyrir kröfum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast vegna sölu á vörum og þjónustu og aðrar lánveitingar sem beint tengjast atvinnurekstrinum.
b. Við 5. tölul. bætist ný málsgrein er orðast svo:
Útistandandi skuldir á hendur viðurkenndum sjálfseignarstofnunum, sem samhliða veita kröfuhafa íbúðarrétt, má telja til eignar samkvæmt fasteignamati viðkomandi íbúðar.

6. Á eftir 12. gr. komi ný grein er orðist svo:
Við 102. gr. A laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
Við rannsóknaraðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins skal gætt ákvæða laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við getur átt, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna á rannsóknarstigi.

7. Á eftir 14. gr. komi ný grein er orðist svo:
Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
Skattaðila, sem fengið hefur að niðurfæra skuldir sem færðar hafa verið niður hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 108/1992 eða hefur fengið eftirgefnar skuldir á grundvelli 33. gr. laga nr. 3/1992, er heimilt að fyrna eignir, sem fyrnanlegar eru skv. 32. gr. og tengjast loðdýrabúskap, um fjárhæð sem nemur niðurfærslunni eða eftirgjöfinni. Ekki má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessu ákvæði og ekki má nota þær til að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.

8. 16. gr. falli brott.

9. Við 18. gr. Við bætist nýr stafliður, a-liður, er orðist svo:
Við 1. tölul. bætist nýr málsliður er orðist svo: Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflið.

10. Orðin „við kaup af óskattskyldum aðilum“ í efnismgr. 19. gr. frumvarpsins falli brott.

11. Við 30. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
Ný málsgrein bætist við 49. gr. laganna sem verði 3. mgr. og orðast svo:
Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að skattskyldur aðili geti á grundvelli skriflegs samnings tekið að sér að sjá um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts af skattskyldri sölu á vöru eða þjónustu annars aðila.

12. 37. gr. falli brott.
13. 45. gr. orðist svo:
    Eftirfarandi breytingar verða á tollskrá í viðauka I við tollalög:
    1. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmeri 1517.1011 verði 66 krónur á hvert kíló, þó þannig að tollurinn verði aldrei hærri en 70% af tollverði vörunnar.
    2. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmeri 1517.1019 verði 40 krónur á hvert kíló, þó þannig að tollurinn verði aldrei hærri en 70% af tollverði vörunnar.
    3. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmeri 1517.1021 verði 66 krónur á hvert kíló, þó þannig að tollurinn verði aldrei hærri en 70% af tollverði vörunnar.
    4. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmeri 1517.1029 verði 30 krónur á hvert kíló, þó þannig að tollurinn verði aldrei hærri en 70% af tollverði vörunnar.
14. Við 47. gr. Í stað „10%“ í 2. tölul. komi: 11%.
15. Við 49. gr. Eftirfarandi breytingar verða á greininni:
    a. Í stað „10%“ í B-flokki viðauka I kemur: 11%.
    b. Eftirfarandi tollskrárnúmer flytjast úr B-flokki í viðauka I A-flokk:

3208.1001	3208.9002	3209.9009	3921.1902
3208.1002	3208.9003	3210.0011	3921.9002
3208.1003	3208.9009	3210.0012	4811.1000
3208.1004	3209.1001	3210.0019	4823.9005
3208.1009	3209.1002	3210.0021	7019.3101
3208.2001	3209.1009	3808.2001	7019.3901
3208.2002	3209.9001	3921.1101	7019.9003
3208.2009	3209.9002	3921.1201	7019.9009
3208.9001			

    c. Eftirfarandi tollskrárnúmer bætist við D-lið í viðauka I: 1704.9006, 1704.9007, 1905.3011 og 1905.3019.
    d. Eftirfarandi tollskrárnúmer falli brott úr D-lið í viðauka I: 1905.3091 og 1905.3099.
16. Við bætist nýr kafli, VIII. kafli, **Breyting á lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með síðari breytingum**, með þremur nýjum greinum er orðist svo:
    a. (51. gr.)
       3. gr. laganna orðast svo:
       Tekjur Útflutningsráðs eru:
       1. 0,015% gjald, markaðsgjald, sem lagt er á veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún er skilgreind skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga.
       2. Framlag ríkissjóðs.
       3. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
       4. Sérstök framlög og aðrar tekjur.

       Markaðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist. Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

b. (52. gr.)

Við lögin bætast fjögur ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

1. (I.)

Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um fyrirframgreiðslu markaðsgjalds á árunum 1994–1996, sbr. 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. (II.)

Hjá atvinnufyrirtækjum skal þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga þessara leggja á markaðsgjald á árunum 1994, 1995 og 1996 vegna veltu áranna 1993, 1994 og 1995 samkvæmt þessu ákvæði:

a. Fiskvinnsla og iðnaður, þar með talið byggingarstarfsemi, greiði 0,049% af gjaldstofni skv. 3. gr. á árinu 1994, 0,037% á árinu 1995, 0,026% á árinu 1996.

b. Fiskveiðar greiði 0,035% af gjaldstofni skv. 3. gr. á árinu 1994, 0,028% á árinu 1995 og 0,022% á árinu 1996.

c. Samgöngur greiði 0.022% af gjaldstofni skv. 3. gr. á árinu 1994, 0.019% á árinu 1995 og 0.017% á árinu 1996.

3. (III.)

Af innheimtu markaðsgjalds, samkvæmt framanskráðu, greiðist kirkjugörðum fjárhæð samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

4. (IV.)

Á árinu 1998 skal endurskoða lög um Útflutningsráð og frá og með árinu 1999 skal álagning markaðsgjalds falla niður hafi lögin þá ekki verið endurskoðuð.

c. (53. gr.)

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994. Skal í fyrsta sinn lagt á markaðsgjald skv. 51. gr. á árinu 1994 á gjaldstofn ársins 1993.

17. Við bætist nýr kafli, IX. kafli, **Um breyting á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu**, með þremur nýjum greinum er orðist svo:

a. (54. gr.)

38. gr. laganna fellur niður.

b. (55. gr.)

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Greiða skal hluta af innheimtu markaðsgjaldi sem lagt er á á árunum 1994, 1995 og 1996 samkvæmt lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með síðari breytingum. Greiða skal kirkjugörðunum 46% af innheimtu markaðsgjaldi sem lagt er á á árinu 1994, 36% af innheimtu markaðsgjaldi sem lagt er á á árinu 1995 og 22% af innheimtu markaðsgjaldi sem lagt er á á árinu 1996. Einstakir kirkjugarðar fái sama hlutfall þessara greiðslna og þeir höfðu af heildarinnheimtu kirkjugarðsgjalda atvinnurekstrarins á árinu 1993.

c. (56. gr.)

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994.

407. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hluti félagsmálanefndar telur nauðsynlegt að tryggja sveitarfélögunum fasta tekjustofna í stað aðstöðugjalds sem fellt var niður með lögum frá Alþingi á síðasta ári. Það var skattkerfisbreyting sem miðaði að því að bæta samkeppnisaðstöðu fyrirtækja. Samkomulag var um að ríkissjóður bætti sveitarfélögunum tekjumissinn miðað við 80% innheimtu aðstöðugjaldsins og það fyrirkomulag yrði til bráðabirgða í eitt ár, þ.e. árið 1993.

Mörg atriði þess frumvarps orka tvímælis og önnur mikilvæg atriði eru óljós. Má þar fyrst nefna að gert er ráð fyrir að útsvarsprósenta hækki úr 7,5% að hámarki í 9,2%. Á móti er gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts um 1,5% sem síðan er reyndar hækkaður aftur um 0,35%. Ljóst er að hér er verið að hækka staðgreiðslu einstaklinga um a.m.k. 400 millj. kr. ef tekið er mið af 1,5% lækkun tekjuskatts og 1,7% hækkun útsvars, en 800 millj. kr. ef tekið er mið af 1,15% hækkun tekjuskatts á móti útsvarshækkuninni. Með þessu er ríkisvaldið að auka skattheimtu á einstaklinga og blanda henni inn í þá kerfisbreytingu sem hér um ræðir.

Minni hlutinn telur útilokað að ganga frá þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir nema ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga liggi fyrir og hægt sé að meta áhrif hennar á tekjur einstakra sveitarfélaga.

Sveitarfélögunum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að hækka fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði og er um tvenns konar hækkun að ræða: Í fyrsta lagi hækkar skatturinn úr 1% í 1,12%. Í öðru lagi er lagt til að efra þrepið verði í formi álagningar á skrifstofu- og verslunarhúsnæði að hámarki 1,25%. Hér er með bráðabirgðaákvæði verið að flytja skattheimtu á verslunar- og skrifstofuhúsnæði frá ríkinu til sveitarfélaganna og flækja með henni ákvæði um álagningu fasteignagjalda. Er þetta enn eitt dæmi þess að málið er í raun ekki frágengið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Landsútsvar fellur niður og er gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður fái framlag úr ríkissjóði til þess að bæta þann tekjumissi. Ekki er gert ráð fyrir að niðurfelling landsútsvars, t.d. af olíuvörum, lækki vöruverð þar sem gert er ráð fyrir hækkun bensíngjalds á móti að upphæð 143 millj. kr.

Minni hlutinn telur frumvarpið allt of seint fram komið og ekki hafa fengið þá umfjöllun sem nauðsynleg er. Með því er verið að auka skattheimtu á einstaklinga og fyrirtæki þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um annað. Mikilvæg atriði eins og starfsreglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggja ekki fyrir. Það er ekki góð stjórnsýsla að breyta í sífellu jafnviðkvæmum og flóknum málaflokki og skattamálin óneitanlega eru. Það er því skoðun minni hlutans að mun betur hefði þurft að standa að þessu máli og taka tekjustofnamál sveitarfélaganna til heildstæðrar skoðunar í Alþingi.

Á síðustu stigum komu tillögur frá ríkisstjórn um að lágmarksálagning útsvars skyldi vera 8,4% og gerði meiri hlutinn það tillögu að sinni. Með þessum aðgerðum er verið að svipta sveitarfélögin sjálfræði um að slá af útsvarsálagningu sinni. Ekkert tóm gafst til þess að fá álit umsagnaraðila á þessum tillögum.

Af þessum ástæðum, sem hér hafa verið taldar, getur minni hlutinn ekki borið ábyrgð á þessu máli.

Alþingi, 14. des. 1993.

Ingibjörg Pálmadóttir, frsm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Jón Kristjánsson.

Kristinn H. Gunnarsson.

Nefndaráliti þessu fylgdu sjö fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt umsögn um frumvarpið, dags. 14. des., frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Á fskj. II var umsögn borgaryfirvalda í Reykjavík um frumvarpið, á fskj. III kafli úr umsögn Alþýðusambands Íslands um málið, á fskj. IV umsögn bæjaryfirvalda á Akranesi, á fskj. V töflur frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis með upplýsingum um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á árinu 1992, á fskj. VI minnisblað um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga frá félagsmálaráðuneyti og á fskj. VII bréf forsrh., félmrh. og fjmrh. til félagsmálanefndar Alþingis um heimild sveitarfélaga til útsvarsálagningar í tekjustofnalögum. Bréfi þessu fylgdi bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til félmrh., dags. 10. des.

Um fylgiskjöl þessi vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

408. Breytingartillaga [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá minni hluta félagsmálanefndar (IP, ISG, JónK).

Við 6. gr. Í stað „9,2“ komi: 9.

409. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar á mörgum fundum. Þrátt fyrir ítarlega umfjöllun gefst nefndinni ekki tími til að fara yfir frumvarpið með þeim hætti sem nauðsynlegt væri vegna þess hve seint það kom fram og einnig vegna þess að nauðsynleg úttekt á áhrifum þeirra breytinga, sem lagðar eru til, liggur ekki fyrir. Undirritaðir nefndarmenn hafa sjaldan orðið vitni að öðrum eins vinnubrögðum og

þeim sem beitt hefur verið í þessu máli og lýsa allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni vegna þeirrar ringulreiðar sem nú ríkir í skattamálum.

Skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar felur í sér margar breytingar en þeirra veigamest er sú ákvörðun að lækka virðisaukaskatt á matvælum í 14%. Það hefur um árabil verið skoðun undirritaðra nefndarmanna og stjórnmálasamtaka, sem þeir eru fulltrúar fyrir, að það beri að lækka verð á matvælum, einkum þeim sem vega þyngst í matarkaupum fjölskyldnanna í landinu. Breytingar á sköttum, svo og endurgreiðslum, koma auðvitað sterklega til greina þegar leitað er leiða til lækkunar matarverðs. Ríkisstjórnin hefur hins vegar staðið þannig að verki við undirbúning og afgreiðslu þess máls sem hér er til umræðu að ógjörningur er að styðja það.

Á síðasta vori gerðu ASÍ, VSÍ og ríkisstjórnin kjarasamninga sem fólu í sér auknar niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum þannig að þær bera nú 14% virðisaukaskatt. Þar með voru flestar þær matvörur, sem skipta heimilin í landinu, ekki síst heimili láglaunafólks, mestu máli, lækkaðar í verði. Síðan var samið um að lækka virðisaukaskatt á öðrum matvælum niður í 14% frá og með næstu áramótum. Þar er fyrst og fremst um að ræða innflutt matvæli og hráefni (80%). Þessi lækkun felur í sér tekjutap ríkissjóðs upp á 2,6 milljarða kr. Til að mæta tekjutapi ríkissjóðs var m.a. gert ráð fyrir að komið yrði á fjármagnstekjuskatti, auk annarra aðgerða. Þrátt fyrir að kjarasamningar væru til lykta leiddir fyrir mitt ár og ljóst væri að þarna væri um viðamikla breytingu á virðisaukaskattkerfinu að ræða hefur nánast enginn undirbúningur átt sér stað til að mæta breytingunni og frumvarp til laga vegna þeirra leit ekki dagsins ljós fyrr en í lok nóvember. Ríkisstjórnin gafst enn einu sinni upp á því að koma á fjármagnstekjuskatti.

Þau gögn, sem liggja fyrir um áhrif lækkunar virðisaukaskatts á matvælum á hag heimilanna, eru mjög misvísandi. Það er þó ljóst að sú lækkun á virðisaukaskatti, sem ætlað er að taka gildi um næstu áramót, skilar ótrúlega litlu í krónum talið og jafnar kjörin lítið. Í þeim gögnum, sem nefndarmönnum tókst að útvega sér eftir krókaleiðum úr fjármálaráðuneytinu, kemur fram að þegar á heildina er litið fer meiri hlutinn af þeirri upphæð, sem þessi lækkun skilar, til þeirra fjölskyldna sem meiri tekjur hafa auk þess sem milliliðir og skattsvik taka drjúgan toll. Í því áliti sem efnahags- og viðskiptanefnd barst frá ASÍ segir:

„Samninganefnd ASÍ var þegar í vor ljóst að lækkun matarskattsins væri ekki sú markvissasta tekjujöfnunaraðgerð sem hægt væri að grípa til, hins vegar mætti meta slíka breytingu sem tiltölulega varanlega aðgerð."

Önnur samtök launafólks, svo sem BSRB og BHMR, hafa gagnrýnt lækkun virðisaukaskatts sem leið til kjarajöfnunar og benda á að við núverandi aðstæður séu aðrar leiðir betri og að þessi lækkun muni koma í bak launafólki á einn eða annan hátt sem reyndar má þegar sjá stað í öðrum skattahækkunum. Það er því ljóst að hér er verið að fara umdeilda leið sem samningsaðilum er ljóst að skilar láglaunafólki litlu.

Þá er þess að geta að þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir nefndarmanna liggur ekkert mat fyrir á því hvað þessi breyting á skattkerfinu muni kosta ríkissjóð, m.a. í auknu eftirliti, kynningu o.fl., hvað þá fyrirtækin sem eiga að framkvæma þessa breytingu. Þar við bætist að kaupmenn telja fyrirvarann allt of skamman þar sem reglur liggi ekki fyrir og óljóst hvaða vörur lenda í hvoru þrepi.

Í umræðunni um lækkun virðisaukaskatts á matvælum hefur mikið verið um það rætt hversu heppilegt sé að koma á tveggja þrepa virðisaukaskatti. Það er mál sem þarfnast miklu meiri umræðu, könnunar og úttektar, ekki síst í ljósi þeirrar reynslu sem aðrar þjóðir hafa af slíku og þess að víðast hvar er unnið að einföldun á virðisaukaskattskerfum þannig að þau verði ódýrari, skilvirkari og gefi minni kost á undanskotum. Það er því tillaga 2. minni hluta að komið verði á fót nefnd til að kanna hvernig best megi jafna kjör landsmanna í gegnum skattkerfið og að jafnframt verði skoðaðir kostir þess og gallar að koma á tveggja þrepa virðisaukaskattskerfi.

Það er niðurstaða 2. minni hluta að með þeim breytingum á skattalögum, sem ríkisstjórnin leggur til, sé verið að vinna tjón á skattkerfinu, auka óréttlæti og leggja stein í götu fyrirtækja, m.a. í flugi og landflutningum, sem kunni að hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir landsmenn. Þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar hafnar 2. minni hlutinn og telur að hægt sé að bæta kjör landsmanna, ekki síst hinna lægst launuðu, með öðrum og hagkvæmari aðferðum en samið var um sl. vor og leggur því til viðamiklar breytingar á því frumvarpi til breytinga á skattalögum sem hér er fjallað um.

Eitt þrep eða tvö.

Á undanförnum árum hafa farið fram athuganir á því hvort hagstætt er að taka upp tvö þrep í virðisaukaskatti. Allar þessar athuganir benda til þess að ekki náist fram þau tekjujöfnunaráhrif sem almennt er verið að sækjast eftir. Í nágrannalöndunum hafa farið fram ítarlegar úttektir á sama máli og allar skýrslur, sem fram hafa komið um það, benda til sömu niðurstöðu, að það sé óráðlegt að taka upp tvö þrep í virðisaukaskatti.

Nýlega fór fram úttekt á málinu í Noregi sem leiddi til þess að hætt var við að taka upp tvö þrep og í stað þess var ákveðið að auka endurgreiðslur á fyrsta stigi. Eina landið, sem hefur ákveðið að ganga til baka í þessa átt, er Svíþjóð en þar er virðisaukaskattur 21% á matvælum en 24% á öðrum vörum. Þessi ákvörðun var tekin þrátt fyrir að allar athuganir bentu til þess að hægt væri að ná betri niðurstöðu á annan hátt.

Fjármálaráðherra hefur upplýst að engin formleg skýrsla liggi til grundvallar þessari ákvörðun á Íslandi. Hann hefur neitað að afhenda nefndinni þau gögn sem liggja fyrir skrifuð í ráðuneytinu um málið. Með því sýnir fjármálaráðherra Alþingi vanvirðingu og telur rétt að gögn málsins séu ekki lögð á borðið þegar löggjafarþingið tekur ákvörðun. Þessum gögnum hefur hins vegar verið dreift til annarra aðila í þjóðfélaginu eins og forustumanna aðila vinnumarkaðarins og margra annarra. Formanni efnahags- og viðskiptanefndar hefur tekist að afla gagna um málið eftir krókaleiðum. Á lokastigi málsins varð breyting á og hefur á síðustu stundu tekist að fá skýrari mynd af því.

Þetta gerist á sama tíma og ætlunin var að auka sjálfstæði Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þar hefur engin breyting orðið á og ríkisstjórnin stýrir störfum með sama hætti og áður. Þótt augljóslega sé verið að framkvæma einhver verstu afglöp í skattamálum sem sögur fara af er ekkert tillit tekið til rökstuðnings og gagna um málið. Öll áhersla er lögð á að stinga sannleikanum undir stól, slökkva ljósin og hlaupa út í myrkrið. Svör meiri hluta Alþingis og ríkisstjórnarinnar er að samið hafi verið um málið við aðila vinnumarkaðarins en engin tilraun er gerð til að ná betri niðurstöðu. Ábyrgðin er ríkisstjórnarinnar því að það var hún sem bauð þessa leið og engin önnur raunhæf tilboð, sem eru aðgengileg fyrir verkalýðshreyfinguna, hafa verið sett fram.

Meginatriði í breytingartillögum 2. minni hluta eru eftirfarandi:

Virðisaukaskattur.

Tillögurnar gera ráð fyrir því að virðisaukaskattur verði lækkaður í 23% í stað þess að taka upp tvö skattþrep, 14 og 24½%. Samkvæmt útreikningum lækka meðalútgjöld fjölskyldunnar jafnmikið ef virðisaukaskattur er lækkaður úr 24½% í 23% og þegar tvö virðisaukaskattsþrep eru tekin upp. Meðalútgjöldin lækka því aðeins meira ef virðisaukaskattur fer í 23%. Mismunandi áhrif á neysluútgjöld eru vart merkjanleg eða um og innan við 0,05%. Lágtekjufólk fær mjög svipað úr tveggja þrepa kerfi og með lækkun virðisaukaskattsins í 23%. Annar minni hluti leggur áherslu á að virðisaukaskattur á landbúnaðinn og aðrar neysluvörur verði endurgreiddur þannig að greiðslur samsvari 14% skatti miðað við útsöluverð. Í því felst jöfnun en frekari jöfnun er mun betra að ná með öðrum leiðum. Tekjujöfnunin, sem felst í því að taka upp tvö þrep eftir að endurgreiðsla virðisaukaskatts á brýnustu nauðsynjar hefur verið ákveðin, er því nánast engin. Upptaka kerfisins mun kosta ríkissjóð 150–200 millj. kr. og áætlað hefur verið að skattundandráttur geti aukist verulega. Auk þess mun breytingin kosta atvinnulífið miklar fjárhæðir sem engin leið er að áætla með vissu. Annar minni hluti telur eðlilegt að áfram verði haldið við að kanna kosti og galla tveggja þrepa kerfis en telur að það sé algjörlega ótímabært að taka það upp nú um áramótin. Það verði verkefni nefndar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða að kanna málið og skila niðurstöðu á miðju ári. Ef niðurstaðan verður jákvæð má breyta um í ársbyrjun 1995.

Virðisaukaskattur á Íslandi er hærri en almennt gerist í nágrannalöndunum. Almenn lækkun hans mun því bæta samkeppnisstöðu íslenskrar verslunar gagnvart erlendri. Auk þess mun lægra hlutfall skattsins auka skilvirkni hans og draga úr skattsvikum.

Tekjujöfnunaraðgerðir.

Virðisaukaskattur er áhrifalítil leið til tekjujöfnunar. Persónuafsláttur, skatthlutfall, vaxtabætur og barnabætur eru auðveldasta leiðin til að færa fjármuni frá þeim sem betur mega sín til þeirra sem lægri tekjur hafa. Í þessum tillögum er gert ráð fyrir að hækka barnabótaauka um u.þ.b. 10 þús. kr. með hverju barni. Barnabótaaukinn skerðist síðan hjá þeim sem hærri tekjur hafa og eiga miklar eignir. Barnabótaaukinn mun því fyrst og fremst ganga til að bæta hag barnafólks með lægri tekjur og er útgjaldaaukinn um það bil 325 millj. kr.

Samkvæmt núgildandi reglum byrja vaxtabætur að skerðast við 3 millj. kr. eign hjá einstaklingi og 5 millj. kr. eign hjá hjónum og falla niður þegar eignir eru annars vegar komnar í 4,8 millj. kr. hjá einstaklingi og 8 millj. kr. hjá hjónum. Þessi aukna skerðing mun sérstaklega koma illa við fólk í aldurshópnum 35–45 ára sem varð fyrir barðinu á verðtryggingunni á sínum tíma. Í tillögunum er gert ráð fyrir að draga úr þessari skerðingu þannig að vaxtabætur skerðist ekki að fullu fyrr en við 6 millj. kr. eign hjá einstaklingi og 10 millj. kr. hjá hjónum. Þessi breyting mun kosta um það bil 200 millj. kr. og gagnast fyrst og fremst fólki með lægri tekjur og eignir innan þeirra marka sem áður eru greindar.

Skattamál félaga.

Í tillögum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að tekjuskattur félaga lækki úr 39% í 33%. Í breytingartillögum 2. minni hluta er gert ráð fyrir að tekjuskatturinn lækki í 35% sem mun bæta stöðu ríkissjóðs um 150 millj. kr. Einnig er gert ráð fyrir að hætt verði við 0,35% tryggingagjald af launum sem sparar atvinnurekstrinum 560 millj. kr.

Í þeim samdrætti sem nú gengur yfir er fráleitt að auka launakostnað fyrirtækjanna um þessar fjárhæðir. Það mun stuðla að atvinnuleysi og draga úr möguleikum atvinnufyrirtækja til að bæta launakjör almennings.

Fólksflutningar og gisting.

Í tillögunum er gert ráð fyrir því að afnema virðisaukaskatt af ferðaþjónustu og fólksflutningum en að þessar atvinnugreinar borgi tryggingagjald af launum með sama hætti og áður var. Með þessu er fallið frá upptöku virðisaukaskatts á þessar atvinnugreinar sem er ósanngjörn skattlagning og mun draga úr möguleikum ferðaþjónustunnar til að auka gjaldeyristekjur landsins. Skattur á fólksflutninga er sérstaklega ósanngjarn og mun bitna nær eingöngu á landsbyggðinni. Sá munur verður enn þá augljósari þegar ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að falla frá virðisaukaskatti á almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu að mestu leyti. Sú ákvörðun er rétt en eykur enn það ranglæti sem kemst á með þessum skatti. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að eingöngu landsbyggðin skuli borga þennan skatt sem er óþolandi og verður að leiðrétta. Það mun hefta ferðalög og gera fólki erfiðara að sækja nauðsynlega þjónustu.

Þessi breyting minnkar tekjur ríkissjóðs umfram forsendur fjárlaga um 250 millj. kr.

Eignarskattar.

Til þess að gera mögulegar þær tekjujöfnunaraðgerðir, sem tíundaðar hafa verið, er nauðsynlegt að gera breytingar á eignarskattsstofni. Fjármagnseignir eru nú undanþegnar eignarskatti en svo er ekki í nágrannalöndum okkar. Aðilar vinnumarkaðarins hafa krafist þess að tekinn verði upp skattur á fjármagnstekjur en það mál hefur ekki verið undirbúið svo hægt sé að taka hann upp um áramótin. Það er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að breikka eignarskattsstofninn þannig að fjármagnseignir falli inn í hann eins og aðrar eignir landsmanna. Allt annað er ósanngjarnt miðað við þann mikla arð sem hefur verið af slíkum eignum að undanförnu.

Í forsendum þessa er ekki gert ráð fyrir að allar fjármagnseignir komi inn í eignarskattsstofn í fyrstu heldur aðeins helmingur af því sem ekki var talið fram við síðustu áramót. Jafnframt er gert ráð fyrir að hækka skattfrelsi eigna um 500 þús. kr. hjá einstaklingi en um 1 millj. kr. hjá hjónum þannig að lægri innstæður mynda ekki nýjan eignarskattsstofn. Jafnframt er í tillögunum gert ráð fyrir að hætta við efra eignarskattsþrepið eða svokallaðan „ekknaskatt". Þetta þrep hefur valdið ýmsum vandamálum og er eðlilegt að fella það niður um leið og eignarskattsstofninn er breikkaður. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar muni alls auka tekjur ríkissjóðs um 600 millj. kr.

Áhrif á stöðu ríkissjóðs og þjóðarbúsins.

Tillögurnar styrkja stöðu ríkissjóðs. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar eru þær hagstæðari ríkissjóði sem nemur u.þ.b. 180 millj. kr. áður en breytingartillögur meiri hlutans hafa verið metnar. Áætlað hefur verið að kerfisbreytingin í virðisaukaskatti muni kosta ríkissjóð 150–200 millj. kr., auk þess muni innheimta versna um allt að 500 millj. kr. Hækkun tryggingagjaldsins og skattur á fólksflutninga og ferðaþjónustu mun draga úr umsvifum þjóðarbúsins og lækka tekjur ríkissjóðs. Ekki er gert ráð fyrir því að breikkun eignarskattsstofnsins muni skila sér að fullu í fyrstu en til frambúðar mun sú ákvörðun styrkja stöðu ríkissjóðs. Almenn lækkun virðisaukaskattsins mun bæta samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega gagnvart erlendum, sérstaklega á það við um íslenska verslun. Tvö þrep í virðisauka-

skatti koma til með að lækka sérstaklega vöruverð á innfluttum matvælum og þar með versnar samkeppnisstaða innlendrar matvælaframleiðslu.

Skattlagning á ferðaþjónustu mun samkvæmt upplýsingum frá atvinnugreininni stórskaða samkeppnisstöðu hennar og eyðileggja markaðsstöðu. Fullyrða má að tillögurnar bæta stöðu ríkissjóðs, örva framleiðslustarfsemi og draga úr innflutningi.

Um einstakar breytingartillögur.

1. Gerð er tillaga um að barnabótaauki verði hækkaður með því að gera breytingu á B-lið 69. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Með þessari breytingu verða ráðstöfunartekjur tekjulægri barnafjölskyldna auknar.
2. Lagt er til að dregið verði úr skerðingu vaxtabóta vegna eigna en sú skerðing var aukin verulega samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar á síðasta ári.
3. Með 9. gr. frumvarpsins eru lögleiddar nýjar reglur um vaxtabætur samkvæmt tillögum nefndar sem ríkisstjórnin skipaði um málið. Að mati 2. minni hluta þarf að yfirfara þetta mál betur en ákvæði greinarinnar á að taka gildi í ársbyrjun 1995. Nauðsynlegt er að taka meiri tíma í að skoða málið og yrðu vaxtabæturnar liður í heildarendurskoðun laganna í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins á næsta ári.
4. Lagt er til að tekjuskattur lögaðila lækki úr 39% í 35%, en ekki í 33% til þess að skapa svigrúm fyrir þær aðgerðir sem 2. minni hluti leggur til.
5. Lagt er til að 78. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem kveður á um eignarskattsfrelsi fjármagnseigna, verði felld niður.
6. Samkvæmt a-lið er lagt til að skattfrjálsar eignir hjá einstaklingum hækki úr 3 millj. 500 þús. kr. í 4 millj. kr. og hjá hjónum úr 7 millj. kr. í 8 millj. kr. Þetta þýðir að ekki mun verða lagður eignarskattur á lægri innstæður og peningalegar eignir og jafnframt mun eignarskattur lækka hjá þeim sem eiga eingöngu húseignir, bíla og aðrar eignir. Jafnframt er lagt til að efra þrep eignarskattsins verði fellt niður en það þykir eðlilegt þegar stofninn er breikkaður.
7. Gert er ráð fyrir að fólksflutningar innan lands og ferðaþjónusta verði skattfrjáls.
8. Lagt er til að almennur virðisaukaskattur verði lækkaður úr 24½% í 23%.
9. Lagt er til að áfram verði haldið á þeirri braut að greiða niður virðisaukaskatt af innlendri matvöru þannig að verð vörunnar verði eins og ef skatturinn væri 14%. Einnig er lagt til að núverandi kerfi verði breytt þannig að alltaf verði um endurgreiðslu að ræða á frumstigi.
10. Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða falli niður þar sem þau lúta að upptöku tveggja þrepa virðisaukaskatts.
11. Þá er lagt er til að fallið verði frá að leggja sérstakt 0,35% tryggingagjald á atvinnulífið í því skyni að minnka atvinnuleysi og örva atvinnustarfsemina þannig að hægt sé að bæta kjör launþega.
12. Loks er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir að skipuð verði nefnd þingflokka á Alþingi, aðila vinnumarkaðarins og fjármálaráðherra. Verkefni nefndarinnar verði að kanna kosti og galla tveggja þrepa virðisaukaskatts og yfirfara reglur um vaxtabætur, persónuafslátt og barnabætur. Jafnframt yrði verkefni nefndarinnar að fara yfir tillögur um skatt á fjármagnstekjur og eignarskatt af fjármagnseignum.

Þær breytingar, sem nú er verið að gera, hafa ekki verið undirbúnar nægilega vel og eru nær óframkvæmanlegar um áramótin. Nauðsynlegt er að hafa mun betri tíma til skattkerfisbreytinga og skapa sem mestan frið um málið.

Alþingi, 15. des. 1993.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Nefndarálitinu fylgdu þrjú fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt vinnuskjal, dags. 7. des. 1993, frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis um áætlaðar verðbreytingar vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvælum o.fl. Á fskj. II voru prentuð gögn frá Þjóðhagsstofnun um lauslegt mat stofnunarinnar á áhrifum tillagna formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í skattamálum á afkomu ríkissjóðs, verðlag og fleiri hagstærðir. Á fskj. III voru birt gögn frá fjármálaráðuneyti um áhrif lækkunar virðisaukaskatts á neysluútgjöld.

Um fylgiskjöl þessi vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

410. Breytingartillögur [251. mál]

við frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (HÁ, KÁ, JGS).

1. Við 7. gr. bætist nýr stafliður, er verði a-liður, sem orðist svo: Í stað fjárhæðanna „89.284“ og „96.784“ í 2. mgr. kemur: 98.373 og 105.751.
2. 8. gr. orðist svo:
   Í stað hlutfallstölunnar „80“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. C-liðar 69. gr. laganna kemur: tvöfalt.
3. 9. gr. falli niður.
4. Í stað hlutfallstölunnar „33“ í 1. efnismgr. 10. gr. komi: 35.
5. Við bætist ný grein sem verði 11. gr. er orðist svo:
   78. gr. laganna falli niður.
6. Við bætist ný grein er verði 12. gr. er orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna:
   a. Í stað fjárhæðarinnar „3.514.000“ í 2. og 3. málsl. kemur: 4.000.000.
   b. 4. málsl. fellur niður.

7. Á eftir 13. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Fjármálaráðherra skal skipa nefnd fulltrúa þingflokka, aðila vinnumarkaðarins og fjármálaráðuneytisins til að kanna hvernig beita megi skattkerfinu til meiri tekjujöfnunar í þjóðfélaginu. Nefndin skal endurskoða ákvæði laganna um vaxtabætur, barnabætur og persónuafslátt. Nefndin kanni kosti og galla þess að taka upp tvö þrep í virðisaukaskatti í stað þess að lækka álagningarhlutfall skattsins. Enn fremur kanni nefndin fyrirliggjandi tillögur um upptöku fjármagnstekjuskatts og kosti þess að í stað hans komi eignarskattur á fjármagnseignir eða sambland beggja þessara leiða.
   Nefndin skili tillögum fyrir 1. júlí 1994 þannig að mögulegt verði að leggja fram frumvarp um málið haustið 1994.
8. Eftirfarandi breytingar verði á 14. gr.:
   a. B-liður orðist svo: 6. tölul. orðast svo: Fólksflutningar innan lands.
   b. Við greinina bætist nýr stafliður, c-liður, er orðist svo: Í stað 1.–3. málsl. 8. tölul. kemur nýr málsliður er orðast svo: Fasteignaleiga, útleiga tjaldstæða og bifreiðastæða, útleiga hótel- og gistiherbergja og önnur gistiþjónusta.
   c. Við greinina bætist enn nýr stafliður, d-liður, er orðist svo: 13. tölul. orðast svo: Þjónusta ferðaskrifstofa.
9. 18. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
   a. Í stað „24,5%“ í 1. mgr. kemur: 23%.
   b. 1., 2. og 3. tölul. 2. mgr. falla brott.
10. 28. gr. orðist svo:
   1. málsl. 1. mgr. 42. gr. laganna orðast svo: Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af mjólk, kjöti, fiski, eggjum og fersku innlendu grænmeti sem ætlað er til neyslu eða matvörugerðar þannig að skattgreiðslur við frumsölu að teknu tilliti til endurgreiðslunnar verði sem næst 14%.
11. 32. gr. falli brott.
12. 33. gr. falli brott.
13. 34. gr. falli brott.
14. VII. kafli falli brott.

411. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá 3. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hlutinn vill í upphafi átelja þau vinnubrögð sem núverandi ríkisstjórn hefur nánast gert að reglu og felast í því að leggja flest mál fyrir þingið í formi bandorma þar sem ægir saman ákvæðum úr mörgum mismunandi lögum. Þetta frumvarp er þar engin undantekning því þar er vafið saman í einn gorm ákvæðum til breytinga á eftirtöldum lögum:
— lögum um tekjuskatt og eignarskatt,
— lögum um virðisaukaskatt,

— lögum um tryggingagjald,
— lögum um bifreiðagjald,
— lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.,
— tollalögum,
— lögum um vörugjald.

Engin haldbær skýring hefur verið gefin á þessum vinnubrögðum og má því ljóst vera að ef slíkur sóðaskapur við framlagningu mála líðst óátalinn og festist í sessi þegar ekkert sérstakt kallar á að menn stytti sér leið er illa farið.

Efni frumvarps þessa og ýmsar aðrar breytingar, sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir í skattamálum, endurspeglar ótrúlegar þverstæður í málflutningi og framgöngu.

Stjórnarflokkarnir lofuðu eins og kunnugt er skattalækkunum fyrir síðustu kosningar. Útkoman er skattahækkun í heild en þó fyrst og fremst gífurleg tilfærsla skattbyrði yfir á launafólk. Nemur þessi tilfærsla og auknu álögur á almenning samtals a.m.k. 5–6 þús. millj. kr.

Ýmis svið sem áður var skilningur á að hlífa við skattlagningu, svo sem menningu og almenningssamgöngum, eru nú eða verða skattlögð. Á sama tíma er því svo enn drepið á dreif að skattleggja fjármagnstekjur og hin eiginlegu gróðaöfl.

Annáll skattkerfisbreytinga og kostnaðarhækkana í tíð ríkisstjórnar Davíð Oddssonar.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 30. apríl 1991 segir m.a. að stjórnin ætli að „bæta lífskjör, m.a. með aðgerðum í skatta- og félagsmálum sem koma hinum tekjulægstu og barnafjölskyldum að gagni".

Fátt er fjær sanni. Ef litið er lauslega yfir það sem gerst hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar í skatta- og ríkisfjármálum, þar með talið gjaldtöku ýmiss konar, kemur eftirfarandi í ljós:

1. Barnabætur hafa verið lækkaðar um nálægt 600 millj. kr.
2. Sjómannafrádráttur hefur verið lækkaður.
3. Endurgreiðsla tannlæknakostnaðar barnafjölskyldna hefur verið lækkuð.
4. Ýmiss konar gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu, komugjöld, gjöld fyrir sérfræðiþjónustu o.fl. hafa verið lögð á.
5. Þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði hefur verið stóraukin.
6. Skólagjöld hafa verið lögð á.
7. Vextir hafa verið settir á námslán og þau skert verulega.
8. Tekjuskattar einstaklinga hafa verið hækkaðir um 1,5%, almennt hlutfall, og 5% lögð í viðbót á tekjur yfir 200 þús. kr. á mánuði.
9. Persónufrádráttur hefur verið skertur og ekki verið framreiknaður að fullu miðað við verðlagsþróun. Skattfrelsismörk hafa þannig lækkað verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar, eða um 5–6 þús. kr. á mánuði. Þau voru framreiknuð nálægt 63 þús. kr. fyrri hluta árs 1991 en stefna nú niður í um 57 þús. kr.
10. Tekjuskattur fyrirtækja hefur verið lækkaður úr 45% í 39% á þessu ári.
11. Aðstöðugjald fyrirtækja hrefur verið fellt niður.
12. Bifreiðagjöld, bensíngjald og þungaskattar hafa verið hækkuð verulega.
13. Virðisaukaskattur upp á 14% hefur verið lagður á húshitun, afnotagjöld, bækur, blöð og tímarit.

14. Þessu til viðbótar má nefna að kostnaði vegna launagreiðslna við gjaldþrot fyrirtækja var velt yfir á atvinnulífið með stofnun ábyrgðarsjóðs launa og sveitarfélögin voru einhliða skylduð til að greiða 600 millj. kr. í ríkissjóð, fyrst sem svokallaðan lögguskatt, en nú í formi framlags til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Það sem fram undan er nú um áramótin er svo enn frekari hækkun tekjuskatts einstaklinga en um leið og 1,5 prósentustig flytjast úr tekjuskatti yfir í útsvar til að mæta tekjutapi sveitarfélaganna vegna niðurfellingar aðstöðugjalds á að hækka almenna tekjuskattsprósentu um 0,35% og reyndar einnig að lyfta útsvarsþakinu um 0,2% í viðbót. Samanlögð skattprósenta einstaklinga á næsta ári getur því orðið hvorki meira né minna en 41,9%, en var 39,85% þegar stjórnin tók við.

Um síðustu áramót var ákveðið að skerða vaxtabætur um 400 millj. kr. og mun það nú koma til framkvæmda á árinu 1994. Í 9. gr. frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á framkvæmd þessarar skerðingar en skammur tími hefur gefist til að skoða áhrif þeirra og þar sem þær eiga ekki að gilda fyrr en á árinu 1995 styður 3. minni hluti að þeim verði frestað og þær skoðaðar betur. Alþýðubandalagið er algerlega andvígt skerðingu vaxtabóta og telur hana hrein svik við fólk sem treyst hefur á óbreyttan stuðning frá hinu opinbera við húsnæðisskuldbindingar.

Þá kemur til framkvæmda nú um áramótin 14% virðisaukaskattur á ferðaþjónustu, þar með talið á almenningssamgöngur. Bifreiðagjöld hækka enn frekar, tryggingagjald um 0,31% o.fl.

Í fjárlagafrumvarpinu og í bandormi sem inniheldur ýmsar svokallaðar ráðstafanir í ríkisfjármálum er og að finna ýmsar íþyngjandi ráðstafanir, svo sem sérstakan skatt á áfengissjúklinga, frekari skólagjöld o.fl.

Almennt um afstöðu til frumvarpsins.

Hér eru ekki efni til að fara ítarlega út í einstaka liði í skatta- og ríkisfjármálabandormum stjórnarinnar og því látið duga að gera grein fyrir afstöðu 3. minni hluta til aðalatriðanna.

Það hefur verið afstaða Alþýðubandalagsins að rétt væri að beita lægri eða engri skattlagningu á matvæli og brýnar lífsnauðsynjar sem tæki til tekjujöfnunar ásamt með sérstöku skattþrepi á hærri tekjur og fleiri slíkum tekjujafnandi aðgerðum. Alþýðubandalagið hefur gegnum tíðina beitt sér fyrir lífskjarajöfnun, m.a. með slíkum ráðstöfunum og má í því sambandi minna á að árið 1978 í stjórnartíð Alþýðubandalagsins var söluskattur felldur niður af matvælum. Árið 1987 barðist Alþýðubandalagið hart gegn upptöku matarskattsins og beitti sér svo fyrir því í stjórnartíð sinni á árunum 1988–1991 að niðurgreiðslur á helstu matvörur voru auknar svo að það jafngilti lægra skattþrepi. Alþýðubandalagið mun því styðja nú þá grundvallarákvörðun að matarskatturinn verði lækkaður í 14%, en ábyrgð af undirbúningi og framkvæmd er að sjálfsögðu ríkisstjórnarinnar sem bauð þetta fram í tengslum við kjarasamninga. 3. minni hluta er vel ljóst að ýmsar aðrar aðferðir, svo sem beinar tilfærslur, geta skilað sambærilegum eða jafnvel meiri tekjujöfnunaráhrifum til afmarkaðra hópa en breytingu af þessu tagi má ekki skoða einangrað og einnig vakna spurningar um varanleika aðgerða af því tagi að hækka barnabætur og því um líkt. Síst er núverandi ríkisstjórn treystandi í þessum efnum eins og dæmin sanna. Með þeim breytingartillögum, sem 3. minni hluti leggur til samhliða lægra skattþrepi í virðisaukaskatti fyrir matvæli, þ.e. að hækka jafnframt persónufrádrátt og um leið hátekjuskattþrepið um 3 prósentustig, mun breytingin í heild fyrst og fremst ívilna stærri og tekjulægri fjölskyldunum. Mat á öll-

um slíkum aðgerðum er vandasamt og upplýsingar sumpart ónógar eða gamlar, sbr. það að byggt er á neyslukönnun frá 1990 en síðan hafa orðið miklar breytingar og kaupmáttur ráðstöfunartekna fallið verulega. Það er því ekkert óeðlilegt að mismunandi skoðanir komi fram gagnvart aðgerðum af þessu tagi eins og glöggt endurspeglast í umsögnum samtaka launafólks. BSRB og BHM hafa talsvert annað mat á því hvaða leiðir séu vænlegastar og vísast í það til umsagna þeirra sem birtar eru sem fylgiskjöl ásamt gögnum frá ASÍ.

Alþýðubandalagið er andvígt upptöku virðisaukaskatts á ferðaþjónustu og þá ekki síst á almenningssamgöngur og leggur til að frá því verði horfið. Ljóst er að ferðaþjónustan er einn álitlegasti vaxtarbroddurinn í íslensku atvinnulífi og hefur á undanförnum árum skilað stórauknum gjaldeyristekjum og skapað ný störf svo hundruðum skiptir. Talið er að gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu hafi aukist um 2.500 millj. kr. á síðasta ári og beinar tekjur ríkisins um a.m.k. 500 millj. kr. Lítil efnahagsleg skynsemi er í því að kaffæra slíkan atvinnuveg með aukinni skattlagningu. Upptaka virðisaukaskatts á almenningssamgöngur, t.d. rekstur almenningsvagna hér á höfuðborgarsvæðinu, er í reynd fráleit aðgerð, hvort sem litið er til félagslegra eða þjóðhagslegra raka, umhverfissjónarmiða eða umferðaröryggis en allt mælir í reynd með að hvetja til uppbyggingar og reksturs vel skipulagðra almenningsvagnasamgangna á helstu þéttbýlissvæðum. Skattlagning fargjalda í innanlandsflugi er enn fráleitari og ranglátari aðgerð ef eitthvað er. Skatturinn bitnar langþyngst á íbúum afskekktustu byggarlaganna og bitnar þyngst á landsbyggðinni í heild og möguleikum hennar til almennra samskipta í þjóðfélaginu. Við lokaumfjöllun málsins í nefndinni hefur svo komið í ljós að stjórnarmeirihlutinn hefur ákveðið að falla frá þessari skattlagningu að hluta til hvað rekstur almenningsvagna á vegum sveitarfélaga snertir. Þetta verði gert með endurgreiðslu þess hluta virðisaukaskattsins sem leggst á rekstrarframlög sveitarfélaganna. Þetta er að sjálfsögðu fagnaðarefni, sbr. ofansagt, en furðu vekur að haldið skuli til streitu að fullu skattlagningu á aðrar almenningssamgöngur, þar með talið innanlandsflugið. Í þessari niðurstöðu birtist enn þá landsbyggðarfjandsamlegra viðhorf en áður og er þá langt til jafnað. Upplýsingar um áhrifin á fargjöld í innanlandsflugi eru birtar í fylgiskjölum.

Breytingartillögur.

Fulltrúi Alþýðubandalagsins í efnahags- og viðskiptanefnd mun flytja sérstakar breytingartillögur auk þess sem Alþýðubandalagið mun styðja sumar af breytingartillögum 1. minni hluta.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

1. Lagt er til að persónufrádráttur hækki um 400 kr. á mánuði eða 4.800 kr. á ári og verði 287.064 kr. miðað við skattvísitölu gildandi tekjuskattslaga eða nálægt 292.000 kr. fyrir tekjuárið 1994. Það þýðir að skattfrelsismörkin komast yfir 58.000 kr. á mánuði í stað þeirra 57.000 kr. sem stefnir í að óbreyttu. Kostnaður ríkissjóðs af þessum breytingum er nálægt 680 millj. kr. á ári.
2. Þá er lagt til að tekjuskattur fyrirtækja haldist óbreyttur á árinu 1994 vegna tekna ársins 1993, þ.e. 39% í stað þess að lækka í 33% eins og ríkisstjórnin áformar. Þessi breyting gefur ríkissjóði um 300 millj. kr. í tekjur.

3. Þá er lagt til að fallið verði frá því að leggja virðisaukaskatt á fólksflutninga innan lands og á þjónustu ferðaskrifstofa. Þessar breytingar kosta ríkissjóð um 250 millj. kr. Alþýðubandalagið er andvígt upptöku virðisaukaskatts á ferðaþjónustu og greiddi atkvæði gegn málinu á síðasta þingi. Þriðji minni hluti mun styðja breytingartillögu um að fella niður virðisaukaskatt af ferðaþjónustu í heild en flytur til vara þessa tillögu um fólksflutninga nái það ekki fram að ganga.
4. Lagt er til að horfið verði að nýju frá því að leggja virðisaukaskatt á íslenskar bækur, bókaskatt. Þessi breyting kostar ríkissjóð um 300 millj. kr.
5. Í 5. tölul. breytingartillagnanna eru sömu efnisatriði á ferð og í 3. og 4. tölul., þ.e. verið er að undanskilja fólksflutninga, þjónustu ferðaskrifstofa og sölu íslenskra bóka ákvæðum 14. gr. laganna um virðisaukaskatt.
6. Hér er lagt til að gildistaka lægra skattþreps á matvæli verði 1. mars næstkomandi en ekki 1. janúar eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ljóst virðist að ríkisstjórnin hafi alls ekki sinnt undirbúningi málsins sem skyldi og jafnframt hafa komið fram efasemdir frá kaupmönnum um að hægt verði að láta breytingarnar taka gildi strax 1. janúar nk. Frestun á gildistöku lækkunarinnar um tvo mánuði, eða eitt uppgjörstímabil virðisaukaskatts, sparar um 500 millj. kr. en á móti koma útgjöld vegna niðurgreiðslna, sbr. næsta lið.
7. Í samræmi við frestun á gildistöku lægra skattþreps á matvæli til 1. mars er lagt til að við 32. gr. bætist ákvæði til bráðabirgða um auknar niðurgreiðslur, sambærilegar við þær sem verið hafa við lýði á þessu ári þar til lækkunin kemur til framkvæmda. Kostnaður vegna þessa fyrir ríkissjóð er um 100 millj. kr.
8. Lagt er til að sérstakt hátekjuskattþrep, sem lagt er á tekjur einstaklinga yfir 200 þús. kr. og hjóna yfir 400 þús. kr. á mánuði, sbr. lög nr. 111/1992, verði hækkað um 3 prósentustig, þ.e. úr 5% í 8%. Þetta gefur ríkissjóði tekjur upp á u.þ.b. 250 millj. kr.

Tekjuöflun samkvæmt þessum tillögum er 1.050 millj. kr. en útgjöldin eru nokkru meiri eða um 1.330 millj. kr. Munar þar mest um hækkun persónufrádráttarins.

Það skal að lokum undirstrikað að hér er einungis verið að gera tilraun til að lagfæra nokkra verstu ágallana sem birtast í þessu skattafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Alþýðubandalagið er þeirrar skoðunar að gagnger endurskoðun í skattamálum sé orðin mjög brýn eins og ríkisstjórnin hefur haldið á þeim málum. Þar ber hæst að útfæra og koma á raunverulegum fjármagnstekjuskatti, leggja þarf á hátekjuskatt sem að hluta til yrði svo notaður til að hækka skattfrelsismörk og þannig auka tekjujöfnun í skattkerfinu.

Endurskoða þarf skattlagningu fyrirtækja og finna sanngjarnar skattaviðmiðanir sem séu í samræmi við raunverulega afkomu fyrirtækjanna og komi að hluta í stað aðstöðugjaldsins.

Efnahags- og ríkisfjármálastefna stjórnar Davíðs Oddssonar hefur beðið algert skipbrot. Samdráttur í efnahagsstarfseminni og atvinnulífinu, niðurskurður, svimandi háir vextir ásamt afskiptaleysi og uppgjöf stjórnvalda hafa valdið víxlverkun sem m.a. kemur fram í minnkandi tekjum ríkissjóðs. Við þessu hefur ríkisstjórnin brugðist með því að stórauka álögur á almenning en ýta svo vandanum á undan sér að öðru leyti.

Þriðji minni hluti átelur þau vinnubrögð sem ríkisstjórnin hefur tamið sér í skattamálum, hafnar þeirri einhliða skattpíningu almennings sem hefur verið leiðarljós hennar og lýsir frekari ábyrgð af afleiðingum á hendur stjórninni.

Sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu eru birt ýmis gögn um áhrif af upptöku virðisaukaskatts á ferðaþjónustu, umsagnir stéttarfélaga o.fl.

Alþingi, 14. des. 1993.

Steingrímur J. Sigfússon.

Nefndarálitinu fylgdu átján fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt grein, „Lækkun matarskatts — kjarabót hinna tekjulægstu". Grein þessi birtist í Vinnunni, tímariti ASÍ, 9. tbl., 11. nóv. 1993. Á fskj. II var prentuð umsögn ASÍ, dags. 7. des. 1993, ásamt fréttatilkynningu ASÍ frá 1. des. 1993; á fskj. III umsögn BHMR með fylgigögnum; á fskj. IV umsögn BSRB, ásamt grein Rannveigar Sigurðardóttur, hagfræðings BSRB, um lækkun matarskatts sem birtist í Mbl. 28. apríl 1993; á fskj. V umsögn VSÍ; á fskj. VI umsögn Neytendasamtakanna; á fskj. VII umsögn Íslenskrar verslunar, þ.e. Bílgreinasambandsins, Félags íslenskra stórkaupmanna og Kaupmannasamtaka Íslands, dags. 8. des. 1993; á fskj. VIII umsögn Kaupmannasamtaka Íslands, dags. 10. des., ásamt sérstakri greinargerð frá Kaupmannasamtökunum um fyrirhugaða breytingu á virðisaukaskattskerfinu; á fskj. IX greinargerð frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis, dags. 30. mars 1993, um áhrif 14% VSK á útgjöld vísitölufjölskyldunnar; á fskj. X umsögn um áhrif virðisaukaskatts á fargjöld í innanlandsflugi frá forstöðumanni innanlandsflugs Flugleiða; á fskj. XI fréttatilkynning stjórnarnefndar um almenningssamgöngur og Almenningsvagna bs. um áhrif virðisaukaskatts á almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, ásamt ályktunartillögu sem samþykkt var á fundi stjórnarnefndar um almenningssamgöngur 1. des. 1993 og áskorun sem stjórn Almenningsvagna bs. sendi alþingismönnum 6. des. 1993; á fskj. XII umsögn Sambands veitinga- og gistihúsa, ásamt yfirliti yfir áhrif álags á innskatt á rekstur veitingahúsa; á fskj. XIII umsögn Félags íslenskra ferðaskrifstofa; á fskj. XIV umsögn Félags ferðaþjónustubænda; á fskj. XV bréf ÍSÍ, dags. 8. des. 1993; á fskj. XVI umsögn Trausta, félags sendibifreiðastjóra; á fskj. XVII samþykkt stjórnar Samtaka landflutningamanna; á fskj. XVIII umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda, ásamt gögnum um kostnað bifreiðaeigenda af bifreiðagjaldi frá árinu 1988.

Um fylgiskjöl þessi vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

412. Breytingartillögur [251. mál]

við frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá 3. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (SJS).

1. Við bætist ný grein er verði 7. gr. og orðist svo:
   Í stað tölunnar „282.264“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 287.064.
2. Í lok I. kafla frumvarpsins bætist ný grein er orðist svo:
   Tekjuskattur lögaðila, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, skal við álagningu á árinu 1994 á tekjur ársins 1993 vera 39% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.
3. Við 14. gr. bætist tveir nýir stafliðir, er verði b- og d-liðir, og orðist svo:
   b. 6. tölul. orðast svo: Fólksflutningar.
   d. 13. tölul. orðast svo: Þjónusta ferðaskrifstofa.
4. 17. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
   a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem verður 8. tölul. er orðast svo: Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu.
   b. 9. tölul. orðast svo: Sala bóka á íslenskri tungu, jafnt frumsaminna sem þýddra.
5. A-liður 18. gr. orðist svo: 1., 3. og 6. tölul. 14. gr. laganna falla niður.
6. Við 31. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þó skulu ákvæði b-liðar 18. gr. og 28. gr. laganna öðlast gildi 1. mars 1994.
7. Við 32. gr. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Á tímabilinu 1. janúar til 28. febrúar 1994 skal endurgreiða hluta virðisaukaskatts af mjólk, kjöti, fiski, eggjum og fersku innlendu grænmeti sem ætlað er til neyslu eða matvörugerðar þannig að skattgreiðslur við frumsölu að teknu tilliti til endurgreiðslunar verði sem næst 14%.
8. Við bætist nýr kafli, er verði VIII. kafli, **Breyting á lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum**, með einni grein, 52. gr., er orðist svo:
   Í stað hlutfallstölunnar „5“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í 23. gr. laganna kemur: 8.

413. Svar [241. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um málefni barna og ungmenna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Að hve miklu leyti hefur verið tekið tillit til og komist til framkvæmda tillögur nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 5. apríl 1991 um málefni barna og ungmenna?

Skýrsla sú, sem spurst er fyrir um, er skýrsla nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 5. apríl 1991. Í skipunarbréfi nefndarinnar, samráðsnefndar um málefni barna á höfuðborgarsvæðinu, sagði m.a. að hlutverk nefndarinnar væri:

— að hafa yfirsýn yfir málefni barna og ungmenna á höfuðborgarsvæðinu,
— að safna upplýsingum, miðla upplýsingum og styðja rannsóknaverkefni sem varða málefni þessa þjóðfélagshóps,
— að stuðla að samræmdri stefnumörkun í málefnum barna og ungmenna,
— að fylgjast með þróun hliðstæðra mála í nágrannalöndunum.

Skýrslugerðinni lauk í október árið 1992. Í þessu svari er farið yfir þau atriði sem nefndin gerði að umtalsefni í skýrslu sinni og komið hafa til framkvæmda eða unnið er að með einum eða öðrum hætti. Í svarinu er ekki tekið mið af því hvort eða að hvaða leyti tillögur nefndarinnar réðu um þá framkvæmd eða vinnu sem hafin er enda reyndist erfitt að fá nákvæmar upplýsingar um það atriði.

Sjálfræðisaldur. Heimild til nauðungarvistunar.

Nefndin um málefni barna og ungmenna taldi ástæðu til að vekja athygli á tveimur atriðum sem snertu sjálfræðisaldur ungmenna. Annað var það að nefndin taldi ástæðu til að hækka sjálfræðisaldur ungmenna úr 16 árum í 18 ár. Rökstuddi nefndin það m.a. með því að miklar breytingar hefur orðið á lifnaðarháttum ungmenna hér á landi.

Hitt atriðið, sem nefndin gerði að umtalsefni um sjálfræðisaldur, varðaði heimild til nauðungarvistunar ungmenna 16–18 ára, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga, um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Taldi nefndin að framangreind lagagrein veitti of takmarkaðar heimildir.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um vernd barna og ungmenna, 25. gr. frumvarpsins (sem varð 22. gr. núgildandi laga), var að finna ýmsar vangaveltur sem lutu að síðara atriðinu. Nefndin sem samdi frumvarpið taldi ekki unnt að ganga lengra en hún gerði tillögu um hvað varðar nauðungarvistun barna og ungmenna 16–18 ára og taldi að þessu yrði að gera skil í lögræðislögum. Sem stendur er nefnd að störfum til að endurskoða lögræðislögin. Í nefndinni er væntanlega til umfjöllunar framangreint atriði, svo og það hvort þau sjónarmið séu fyrir hendi sem mæla með því að hækka sjálfræðisaldur hér á landi úr 16 árum í 18 ár.

Á síðasta ári var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum. Í meginatriðum laut þessi breyting að því að heimila að úrskurða mætti um tímabundna sviptingu á lögræði og að hinn svipti fengi að þeim tíma liðnum lögræði sitt að nýju. Þessi breyting gæti m.a. átt við um að ákveða þvingaða dvöl á lokaðri stofnun fyrir ungmenni á aldursbilinu 16–18 ára, þ.e. þeirra sem sjálfráða eru orðnir. Sú breyting á lögræðislögunum, sem hér er lýst, náði ekki fram að ganga á síðasta þingi. Áform munu vera uppi um að leggja það fram að nýju í breyttri mynd á yfirstandandi þingi.

Benda má á að lögin um vernd barna og ungmenna eru nýlega komin til framkvæmda og fullsnemmt er að segja til um hve brýnt er að endurskoða ákvæði þeirra laga um nauðungarvistun ungmenna á stofnunum (sbr. 22. gr. laganna), sérstaklega ef fyrirhuguð breyting á lögræðislögum nær fram að ganga. Erindi frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sem borist hefur félagsmálaráðuneytinu, bendir þó til að ástæða sé til þess að huga að þessu atriði hvað varðar unglinga innan 16 ára aldurs.

Stækkun barnaverndarsvæða.

Þetta atriði tengist óhjákvæmilega þeirri viðleitni sem verið hefur til að sameina sveitarfélög hér á landi. Í svari, sem félagsmálaráðherra gaf á Alþingi nýlega, þar sem spurst var fyrir um stækkun barnaverndarumdæma, kom fram að félagsmálaráðuneytið hefði með bréfi, dags. 20. janúar 1993, ritað öllum bæjarstjórnum og hreppsnefndum umburðarbréf

þar sem kynnt var að ný lög um vernd barna og ungmenna hefðu tekið gildi. Í bréfinu voru kynnt ákvæði 1. mgr. 6. gr. barnaverndarlaganna þar sem kveðið er á um kosningu barnaverndarnefnda og um heimild sveitarstjórna til að fela félagsmálaráði (nefnd) störf barnaverndarnefndar. Í bréfinu var sérstök athygli vakin á lagaskyldu minni sveitarfélaga að skipa sameiginlega barnaverndarnefnd. Þá var þar kynnt að sveitarstjórnum væri heimilt að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar sem næði yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða að semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti.

Í bréfi sínu lagði ráðuneytið ríka áherslu á það við hreppsnefndir að þær hefðust þegar handa við fyrrgreinda samvinnu og sameinuðust um kosningu barnaverndarnefnda á þann hátt sem þær teldu ákjósanlegastan. Lét ráðuneytið í ljós það álit að stækkun barnaverndarumdæma væri forsenda þess að unnt væri að ráða sérhæft starfslið eins og lögskylt væri. Óskaði ráðuneytið eftir því í bréfi sínu að því yrði tilkynnt þegar hreppsnefndir hefðu komið sér saman um tilhögun á kosningu sameiginlegrar barnaverndarnefndar á tilteknu svæði. Engin slík tilkynning hefur borist ráðuneytinu til þessa.

Úrskurðarvald í barnaverndarmálum.

Í skýrslunni um málefni barna og ungmenna er bent á þann möguleika að færa úrskurði í barnaverndarmálum til dómstóla. Í tillögum nefndarinnar voru engin frekari rök færð fram fyrir þessari tillögu. Nýlega var spurst fyrir um það á Alþingi hvort til stæði að leggja barnaverndarráð niður sem fer með lokaúrskuðarvald í barnaverndarmálum. Í svari ráðherra kom fram að á sínum tíma hefði ítarlega verið rætt um þetta atriði í nefnd þeirri sem samdi frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna. Umræðan snerist um það það hvort það hlutverk, að fara með lokaúrskurðarvald í barnaverndarmálum, ætti að vera hjá dómstólum eða hvort viðhalda ætti 60 ára reynslu og hefð. Niðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að leggja til hið síðara. Í svari ráðherra kom fram að sá vandi, sem hefði verið við að glíma í gildistíð laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, hefði verið sá að barnaverndarráð fór með mörg hlutverk, þar á meðal eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, átti að veita þeim leiðbeiningar um störf þeirra og fór með lokaúrskurðarvald í einstaka barnaverndarmálum. Þar var oftar en ekki um að ræða ákvarðanir skv. 13. gr. þeirra laga, svokölluð „meiri háttar mál". Þessi hlutverk ráðsins hafi þótt fara afar illa saman, jafnvel fara í bága við þær kröfur sem eðlilegt þykir að gera til að tryggja réttaröryggi allra aðila en á síðari tímum hafa auknar kröfur verið gerðar á því sviði eins og aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdarvalds bera vitni um.

Í svarinu var þess jafnframt getið að með nýjum lögum um vernd barna og ungmenna hefði að fullu verið aðgreint lokaúrskurðarvald í barnaverndarmálum og önnur þau verkefni sem hinu opinbera eru ætluð á þessu sviði. Þannig færi barnaverndarráð nú eingöngu með úrskurðarmál en félagsmálaráðuneytið með önnur þau hlutverk sem ráðið hefði haft samkvæmt eldri lögum. Ætti því að vera tryggt það réttaröryggi sem talið var ábótavant í gildistíð eldri laga.

Í svari ráðherra kom fram að kostir núverandi lokameðferðar barnaverndarmála væru þeir að barnaverndarráð væri að meira eða minna leyti eins og „sérdómstóll". Í ráðinu sætu héraðsdómari, barnalæknir og sálfræðingur, en auk þess störfuðu þar lögfræðingur og sálfræðingur. Þannig fengju þau mál, sem til úrskurðar væru, vandaða og sérhæfða meðferð. Margir teldu að dómstólar mundu ekki geta fjallað á vandaðri hátt um málin en ráðið gerir. Annað atriði, sem miklu þætti skipta, væri sá tími sem meðferð barnaverndarmála tæki þegar ákvörðun lægi fyrir í barnaverndarnefnd. Þau börn, sem málin vörðuðu, væru gjarnan á

stofnunum og biðu þess að framtíð þeirra væri ákveðin. Það væri eitt af mikilvægustu atriðum þessa máls að börnin, sem í hlut ættu, fengju skjóta úrlausn en lifðu sem skemmst í óvissu um framtíð sína.

Ráðherra taldi í svari sínu að eftir að hafa farið yfir þau atriði, sem komið hefðu fram um að færa úrskurði í barnaverndarmálum til dómstóla, væri ekki ástæða til þess að svo stöddu að gera breytingu á þessari tilhögun.

Hæfni fulltrúa í barnaverndarnefnd.
Sameining félagsmálaráða og barnaverndarnefnda.

Nefndin um málefni barna og ungmenna lagði til að sérstök ákvæði yrðu sett í lög sem gerðu auknar kröfur til þeirra sem ættu sæti í barnaverndarnefnd. Almennt má segja að ekki hefur til þessa þótt árennilegt að löggjafinn setti lögbundin skilyrði gagnvart skipan fagnefnda sveitarfélaganna. Á hinn bóginn er íhugunarefni hvort vernd barna og ungmenna sé þannig verkefni að slíkt sé óhjákvæmilegt.

Nefnd sú, sem samdi frumvarpið til laga um vernd barna og ungmenna, taldi ekki unnt að setja slík ákvæði í lögin, a.m.k. eins og skipan sveitarstjórnarmála væri komið hér á landi. Hafa verður í huga að barnaverndarnefndir eru almannavald og á meðan sú hugsun er ráðandi er ekki hægt að líta jafnframt á nefndirnar sem einhvers konar sérfræðinganefnd. Hugsun laganna, eins og þau eru nú, er sú að barnaverndarnefnd sé almannavald en að starfsmenn hennar séu sérfræðingar í þeim verkefnum sem hún á að fjalla um. Ákvæði laganna heimila ýmiss konar tilhögun á þessu starfi, svo sem að gera starfssamning við sérfræðinga annarra stofnana, t.d. fræðsluskrifstofa, heilsugæslustöðva, svæðisstjórna o.s.frv.

Félagsmálaráðuneytið hefur ekki í hyggju að beita sér fyrir því að núgildandi ákvæðum laga um þetta atriði verði breytt. Með fækkun sveitarfélaganna hér á landi má ætla að enn betur væri hægt að vanda til við skipun í barnaverndarnefndir. Rétt er að hafa í huga að milli eitt og tvö prósent landsmanna sitja í barnaverndarnefndum eins og nú er. Ætti því ekki að koma á óvart að í smæstu sveitarfélögum landsins geti gengið illa að manna þær einstaklingum sem eru hæfir til að fást við þau verkefni sem nefndunum eru falin lögum samkvæmt og hafa áhuga á þeim.

Á námskeiðum, sem félagsmálaráðuneytið hefur haldið til að kynna lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga, hefur verið hvatt til þess að félagsmálanefndum verði falin verkefni barnaverndarnefna og nefndunum þannig fækkað.

Að lokum er vert að ítreka að 6. gr. laganna um vernd barna og ungmenna felur í sér álögur af hálfu löggjafans um sameiginlega skipan barnaverndarnefnda þar sem fámenn sveitarfélög eru. Auk þess eru í greininni ýmis heimildarákvæði sem stuðla að stækkun umdæma nefndanna, svo sem getið var fyrr í þessu svari.

Ef ástæða er til að ætla að tiltekinn einstaklingur, sem sæti á í barnaverndarnefnd, valdi ekki því hlutverki sem honum er ætlað ætti að benda þeim sem umkvartanir hafa á að koma þeim á framfæri til viðkomandi sveitarstjórnar sem ber ábyrgð á skipan nefndarinnar.

Lágmarksaldur til inngöngu í vínveitingahús.

Nefndin um málefni barna og ungmenna taldi að misræmis gætti í því að 58. gr. laganna um vernd barna og ungmenna kvæði á um að ungmenni yngri en 18 ára hefðu aðgang að stöðum sem hefðu leyfi til vínveitinga en hins vegar kvæðu áfengislög á um að ekki mætti veita eða selja fólki undir 20 ára aldri áfengi.

Til að gæta samræmis í þessu efni kemur tvennt til álita: Annars vegar mætti breyta áfengislögum á þann veg að heimila sölu og veitingu áfengis til þeirra sem náð hafa 18 ára aldri. Hitt sem til álita kemur er að hækka aldursmörk í 58. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna. Með því væri þeim sem yngri eru en 20 ára meinaður aðgangur að vínveitingastöðum.

Hvað fyrra atriðið áhrærir er ráðuneytinu ekki kunnugt um áform um að breyta áfengislögum. Ekki eru heldur uppi áform um að breyta lögum um vernd barna og ungmenna í þessu efni enda er væntanlega talið að brýnar ástæður verði að vera fyrir því að skerða rétt manna sem lögráða eru orðnir til að hafa aðgang að stöðum sem selja áfengi. Hafa verður í huga að þar er um að ræða matsölustaði, kaffihús o.þ.h. Ekki hafa komið fram ábendingar um að framkvæmd þessara ákvæða gangi svo erfiðlega að það kalli á lagabreytingar.

Skemmtanahald framhaldsskólanema.

Nefndin um málefni barna og ungmenna taldi að óeðlilega mikið væri um líkamsmeiðingar og skemmdarverk á dansleikjum framhaldsskólanna. Líklegt er að dansleikjahald þetta hafi aukist nokkuð undanfarin ár. Ef virtar eru upplýsingar um umfang, eðli og orsakir ofbeldisverka benda þær almennt ekki til að þar sé um aukningu að ræða á milli ára (sjá athugun á umfangi, eðli og orsökum ofbeldisverka á löggæslusvæði Lögreglunnar í Reykjavík, Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn, júlí 1991).

Það var hugmynd nefndarinnar að umræðum yrði komið á á meðal nemenda framhaldsskólanna. Síðastliðið haust var þetta atriði rætt á meðal skólameistara framhaldsskólanna. Áformað er að menntamálaráðherra skipi bráðlega nefnd til að fjalla nánar um skemmtanahald framhaldsskólanema, áfengisneyslu meðal þeirra o.s.frv. Haft er þar í huga að veruleg breyting hefur orðið á skemmtanahaldi í framhaldsskólum þar sem það hefur færst út fyrir skólana og er meir en áður rekið á ábyrgð nemenda sjálfra.

Eftirlit með ofbeldiskvikmyndum.

Starf Kvikmyndaeftirlits ríkisins hefur verið grundvallað á ákvæðum laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og lögum um ofbeldiskvikmyndir, nr. 33/1983. Nefnd sú, sem samdi frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna sem síðar varð að lögum, gerði ráð fyrir því að öll ákvæði um kvikmyndaskoðun féllu brott úr lögunum um vernd barna og ungmenna. Þess í stað yrði sett sérstök löggjöf um hana. Menntamálaráðherra mun hafa skipað nefnd þegar á árinu 1985 eða 1986 til að semja frumvarp til laga um kvikmyndaskoðun. Sú nefnd hefur hætt störfum en frumvarp ekki verið lagt fram. Nú mun unnið að þessu verkefni í menntamálaráðuneytinu og menntamálaráðherra hefur greint frá því á Alþingi að hann hyggist leggja slíkt frumvarp fram.

Félagsmálaráðherra barst nýlega skýrsla frá nefnd, skipaðri af ráðherra að tillögu Alþingis til að fjalla um vanda barna og ungmenna. Í skýrslu nefndarinnar er m.a. bent á það að ekki sé skynsamlegt að kvikmyndaskoðun sé skilin frá öðrum verkefnum á sviði barnaverndar enda ættu þau sjónarmið ein að liggja að baki því starfi. Rökrétt væri því að starfsemi Kvikmyndaeftirlits heyrði undir félagsmálaráðuneytið, líkt og vernd barna og ungmenna.

Grundvöllurinn að eftirliti með sýningu og útleigu myndefnis er starfsemi Kvikmyndaeftirlits ríkisins. Eftirlit með leigu myndbanda er síðan á hendi lögreglu og hefur hún ítrekað farið í sérstakar skoðunarferðir á myndbandaleigur og gert myndefni upptækt ef ástæða hefur verið til.

Heimild til að halda dvalarstað barna leyndum.

Nefndin um málefni barna og ungmenna setti fram hugmynd um að takmarkaður yrði aðgangur manna að þjóðskrá til að auðvelda að halda dvalarstað barns leyndum gagnvart foreldrum og aðstandendum þegar nauðsyn krefði. Ekki er vitað til þess að þau tilvik hafi komið upp í starfi barnaverndaryfirvalda sem kalla á þá breytingu sem nefndin lagði til. Á hinn bóginn hefur verið rætt um þann möguleika hér á landi að breyta lögum um þjóðskrá þannig að það auðveldi einstaklingum að halda dvalarstað sínum leyndum þegar sérstaklega stendur á. Að svo stöddu stendur ekki til að breyta þeim lögum sem um þetta gilda.

Meðferð kynferðisbrota.

Í skýrslu nefndarinnar um málefni barna og ungmenna eru nokkrar ábendingar og hugmyndir sem lúta að meðferð kynferðisbrota. Meðferð þeirra mála þar sem börn eiga í hlut er mjög frábrugðinn meðferð mála sem snerta fullorðna, m.a. fyrir tilstilli barnaverndarnefnda og vegna ákvæða laganna um vernd barna og ungmenna.

Þess er vert að geta að barnaverndarnefnd Reykjavíkur og Rannsóknarlögregla ríkisins hafa frá árinu 1991 haft með sér náið samstarf um meðferð kynferðisbrotamála þar sem börn eiga í hlut. Nýlega var haldinn fundur í félagsmálráðuneytinu þar sem boðaðir voru fulltrúar RLR, saksóknaraembættisins, tveggja félagsmálastofnana, dómstóla, barnaverndarráðs og dómsmálaráðuneytis. Markmiðið var að ræða um það hvort samhæfa þyrfti betur starfsemi þeirra aðila sem fjölluðu um kynferðisbrot gagnvart börnum og hvort unnt væri að gera ráðstafanir til að draga úr því álagi sem börn verða fyrir, svo sem vegna yfirheyrslna. Niðurstaða fundarins var m.a. sú að tímabært væri að endurskoða þær vinnureglur og áætlanir sem unnið hefði verið eftir til þessa. Þess yrði jafnframt freistað að móta þessar reglur enn frekari í ljósi reynslunnar. Félagsmálaráðuneytið mun þegar þar að kemur beina því til allra barnaverndarnefnda í landinu að tileinka sér þær vinnureglur. Jafnframt mun ráðuneytið koma þeim á framfæri þegar leiðbeiningar eru veittar nefndunum. Þá var á áðurnefndum fundi rætt um möguleika á því að gera breytingar á réttarfarslögum í þá veru að koma á svokallaðri „dómarayfirheyrslu" að norskri fyrirmynd. Þar er um að ræða að fulltrúi dómstóls sé viðstaddur yfirheyrslu yfir barni. Til að svo megi verða hér á landi þarf líklega breytingu á réttarfarslögum og mun dómsmálaráðuneytið kanna þetta atriði nánar, þar á meðal hvort og að hvaða leyti sé þörf fyrir þessa breytingu.

Á hinn bóginn er það réttmæt ábending hjá nefndinni um málefni barna og unglinga að meðferð kynferðisbrotamála, þar sem börn eru þolendur, er ekki sú sama í öllu landinu. Ljóst má vera að afar erfitt er að koma á heildstæðri og samræmdri vinnu yfir allt landið enda er viðfangsefnið afar flókið og sértækt. Þörfin er þó brýn. Samræmdri vinnu yrði ekki komið á nema með skipan teymis sem í sætu sérþjálfaðir einstaklingar til að fást við þetta verkefni, þar á meðal frá RLR, læknir, sálfræðingur og sérhæfður barnaverndarstarfsmaður. Ekki hefur verið rætt af fullum þunga um slíka tilhögun enda margt óljóst um það hver ætti að hafa frumkvæði að slíku, greiða kostnað o.s.frv., því ljóst er að hér yrði um allkostnaðarsama starfsemi að ræða. Hins vegar er án efa tímabært að gera úttekt á þessu sviði hér á landi enda hefur málum, þar sem börn hafa verið misnotuð kynferðislega, fjölgað gífurlega undanfarin ár.

Forvarnir. Áhættuhópar.

Í skýrslu þeirri, sem hér er gefið svar um, var farið yfir hina klassísku skiptingu á forvarnarsviði. Hvað félagsmálaráðuneytið áhrærir er nú unnið af fullum krafti við undirbúning að Ári fjölskyldunnar. Það er von margra að hægt sé að líta á undirbúninginn og framkvæmd þessa verkefnis sem grundvöll að fyrirbyggjandi starfi af fyrsta stigi enda felur starfið í sér söfnun og kynningu á ýmsum mikilvægum upplýsingum um fjölskylduna og stöðu hennar.

Almennt má segja að forvarnir séu stundaðar á degi hverjum á fjölmörgum sviðum samfélagsins, svo sem í skólastarfi, með slysavörnum ýmiss konar, í starfi lögreglu, starfi félagsmálastofnana o.s.frv. Yrði allt of langt mál að fara yfir öll þau svið eða gera þeim skil í svari þessu. Hins vegar ber gjarnan á því í umræðu ýmiss konar að lítið sé gert í fyrirbyggjandi vinnu án þess að það sé rökstutt nánar. Síðar í þessu svari er til dæmis gerð grein fyrir því að milljónatugum króna hefur verið varið til fyrirbyggjandi starfs í grunnskólum með kynningu á nýju námsefni.

Hvað varðar áhættuhópa, sem nefndin gerir að umtalsefni, er rétt hafa í huga að lögin um vernd barna og ungmenna gera ráð fyrir að barnaverndarnefndir haldi skrá yfir þau börn sem talin eru í áhættu. Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð um þessa skráningu. Nú er að störfum nefnd til að semja þessa reglugerð.

Af lögunum um vernd barna og ungmenna má sjá að eitt af verkefnum barnaverndaryfirvalda eru forvarnir. Um það segir í 1. mgr. 4. gr. laganna að „barnaverndarnefndir skuli setja fram tillögur og ábendingar um atriði sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldiskilyrði og benda á félagsleg atriði sem séu andstæð því uppeldismarkmiði". Í reynd miðar starfsemi barnaverndarnefnda fremur að úrlausn einstaklingsmála og síður því að vinna að hagsmunamálum barna í víðara samhengi. Meðal annars af þessari ástæðu hefur félagsmálaráðherra nú skipað nefnd sem semja skal frumvarp til laga um umboðsmann barna. Ef áætlanir ná fram að ganga má gera ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram á yfirstandandi þingi. Enda þótt of snemmt sé að segja til um verksvið umboðsmannsins er ekki úr vegi að ætla að það verði að verulegu leyti fólgið í því að vinna almennt að hagsmunamálum barna, þar á meðal atriðum sem eru fyrirbyggjandi.

Í 31. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, eru ákvæði um fyrirbyggjandi verkefni sem félagsmálanefndir sveitarfélaganna skulu vinna að meðal barna og ungmenna. Því miður þykir þessu ákvæði ekki nægilega mikill gaumur gefinn í öllum sveitarfélögum en öflugt fyrirbyggjandi starf er unnið í öðrum.

Í tengslum við Ár fjölskyldunnar er unnið að viðamikilli rannsókn á málefnum skilnaðarbarna. Margt er óljóst hvað varðar lífsskilyrði skilnaðarfjölskyldna og er því viðfangsefnið brýnt. Ekki er úr vegi að ætla að hægt væri að vinna markvissar að fyrirbyggjandi starfi gagnvart skilnaðarbörnum ef vitneskja um þau væri meiri.

Að beiðni stjórnarnefndar Unglingaheimilis ríkisins lét félagsmálaráðuneytið nýlega Hagsýslu ríkisins gera úttekt á stofnunum þeim og úrræðum sem til eru fyrir börn og ungmenni hér á landi. Nú liggur fyrir skýrsla Hagsýslunnar um þessa úttekt (Málefni barna og unglinga; stjórnsýsla, skipulag og rekstur, október 1993). Í henni er yfirlit um starfsemi sem rekin er á vegum sveitarfélaga og ríkis fyrir börn og ungmenni. Skýrslan er liður í allsherjarendurskoðun á úrræðunum og hvernig þau eru notuð. Hugmyndin, sem unnið er að í framhaldi af skýrslunni, er sú að Unglingaheimili ríkisins taki breytingum, fái mun víðtækara starfssvið en nú er, m.a. hvað varðar fyrirbyggjandi starf af ýmsum toga, svo sem fjölskylduráðgjöf.

Þegar rætt er um göngudeildarþjónustu er vert að hafa í huga að starfsmenn barna- og unglingageðdeildar Landspítala telja að hin opna þjónusta við skjólstæðinga deildarinnar líði fyrir mannfæð og fjárskort.

Á það var bent í annarri skýrslu Hagsýslu ríkisins (Meðferðarúrræði fyrir unga vímuefnamisnotendur, mars 1993) hve dýr úrræði heilbrigðisþjónustunnar í meðferð og þjónustu hafa tilhneigingu til að vera. Eflaust er ástæða til að gefa þessum samanburði enn frekari gaum. Í framhaldi af því er ekki úr vegi að móta stefnu um það hvar megináhersla í almennri göngudeildarþjónustu á að vera. Ef þær vísbendingar, sem fyrir liggja, reynast réttar er án efa skynsamlegast að marka þá stefnu að hin „opna meðferð" sé fremur falin félagslegum meðferðarstofnunum þar sem starfi þeir sem sérstaka þjálfun hafa í sálfræði- og fjölskyldumeðferð þar sem boðin yrði fjölþætt ráðgjöf vegna tilfinningalegra og félagslegra erfiðleika. Til að vinna að marki að forvörnum þyrfti eflaust að efla verulega afköst þeirra sem mundu teljast vinna að fyrsta og annars stigs forvörnum. Þetta snertir mikilvægt atriði í skýrslu Hagsýslu ríkisins um stjórnsýslu, skipulag og rekstur meðferðarúrræða fyrir börn og ungmenni. Það er sú ábending að löggjöf hér á landi gerir ráð fyrir því að sveitarfélögin beri meginþungann í hinni félagslegu velferðarþjónustu, þar á meðal af fyrirbyggjandi starfi sem vegur þyngst. Í skýrslunni kemur líka fram að ríkið hafi í æ frekari mæli tekið að sér ýmis af þessum verkefnum, sennilega vegna þess að mörgum sveitarfélaganna var það um megn. Auk þess er bent á það hve slæm áhrif óljós verkaskipting og skortur á samhæfingu, bæði milli sveitarfélaga og ríkis en einnig milli félags- og heilbrigðisstofnana, hafi haft. Þessi atriði hljóta að draga verulega úr möguleikum á því að veita faglega og markvissa þjónustu, ekki síst fyrirbyggjandi. Þá er í skýrslu Hagsýslunnar getið um fjölmörg önnur atriði eins og skyndilausnir og skort á gæðamati og eftirliti svo og sveigjanleika sem allt hafi neikvæð áhrif á meðferð og fyrirbyggjandi starf.

Þar sem skýrsla Hagsýslunnar er nýlega komin út er of snemmt að segja hvaða áhrif upplýsingar, sem þar koma fram, muni hafa á þróun þjónustustarfsemi fyrir börn og ungmenni.

Þegar talað er um fyrirbyggjandi vinnu er rétt að minnast þess sem gert hefur verið hjá Lögreglunni í Reykjavík þar sem stofnuð hefur verið sérstök forvarnardeild, m.a. til að fjalla sérstaklega um málefni barna og ungmenna. Þá er afar umfangsmikið leitar- og forvarnarstarf unnið á vegum allra félagsmálastofnana stærstu sveitarfélaga landsins, þar á meðal með svokölluðu útideildarstarfi. Þá má geta um nefnd sem starfandi er á vegum menntamálaráðuneytisins til að fjalla um sjálfsvíg ungs fólks. Hlutverk nefndarinnar er að gera úttekt á sjálfsvígum ungs fólks, ástæðum þeirra og úrræðum til að varna þeim. Nefndin vinnur m.a. út frá upplýsingum sem komu fram í könnun sem nánar er greint frá síðar í þessu svari þar sem viðfangsefnið var hagir ungs fólks hér á landi.

Í skýrslu Hagsýslu ríkisins, sem greint er frá að framan, Meðferðarúrræði fyrir unga vímuefnamisnotendur, er á bls. 36 gefið yfirlit um þau fyrirbyggjandi úrræði sem komið hefur verið á fót hér á landi undanfarin 10 ár á vegum ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila eða samtaka.

Forvarnarsjóður.

Í tillögum nefndarinnar um málefni barna og ungmenna er rætt um stofnun forvarnarsjóðs. Nýlega var stofnaður svokallaður Barnaverndarsjóður. Sjóðurinn var stofnaður að frumkvæði barnaverndarráðs og var stofnfé hans fjármunir sem ráðinu höfðu borist með einum eða öðrum hætti að gjöf. Sjóðnum er ætlað að styðja þau verkefni þar sem barnavernd er kynnt. Stjórn sjóðsins hefur túlkað markmið hans fremur rúmt og stutt ýmis fyrirbyggjandi verkefni, svo sem slysavarnir og gerð þátta fyrir sjónvarp um uppeldismál sem nú eru sýndir í ríkissjónvarpinu. Ástæða væri til að útvíkka starfsemi sjóðsins nokkuð og veita til hans fé og vinna þannig enn frekar að þeim hugmyndum sem nefndin um málefni barna og ungmenna kom á framfæri.

Víðtækt æskulýðsstarf.

Ýmislegt af því, sem nefndin um málefni barna og ungmenna benti á í skýrslu sinni um þetta atriði, voru fremur almennar hugleiðingar um gildi æskulýðs- og íþróttastarfsemi en tilteknar eða mótaðar tillögur. Ein af þeim hugmyndum, sem nefndin kom þó á framfæri, var að lög um Æskulýðsráð ríkisins yrðu endurskoðuð. Þetta atriði mun lengi hafa verið rætt en er enn á einhvers konar undirbúningsstigi.

Bent hefur verið á að verulegur samdráttur hafi orðið undanfarin ár á framlagi ríkisins til landssamtaka æskulýðsfélaga. Þessi starfsemi eigi því mjög undir högg að sækja sem stendur enda nær eingöngu háð fjárfamlagi ríkisins um starfsemi sína.

Svo minnst sé á það sem unnið hefur verið að á sviði æskulýðsmála að undanförnu má nefna viðamikla könnun sem Rannsóknastofnun uppeldismála gerði þar sem fengist var við að rannsaka hagi ungs fólks á Íslandi. Aðeins er búið að vinna úr hluta þeirra gagna sem safnað var. Unnið er að frekari úrvinnslu þar á meðal um íþrótta- og æskulýðsstarf ungs fólks, fíkniefnaeyslu og sjálfsvíg auk fjölmargs annars. Má búast við að vitneskja úr þessari könnun geti skapað grundvöll fyrir áætlanir, skipulagningu og ákvarðanatöku af ýmsum toga.

Sem dæmi um starfsemi, sem nýlega hefur verið komið verið á fót til að þjóna ungmennum með einum eða öðrum hætti, má nefna fræðslumiðstöð í fíkniefnavörnum á Grensásvegi 16 sem að standa samtökin Vímulaus æska og Íslenskir ungtemplarar. Þá má nefna menningar- og listasamtök ungs fólks sem að standa Æskulýðsráð ríkisins, Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur, Bandalag íslenskra sérskólanema og Félag framhaldsskólanema.

Áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir.

Þar sem nefndin um málefni barna og ungmenna gerir þetta atriði að umtalsefni í skýrslu sinni er nær eingöngu um að ræða umfjöllun nefndarinnar á frumvarpi til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir.

Hyggist fyrirspyrjandi fá frekari vitneskju um það frumvarp og afdrif þess væri e.t.v. rétt að beina fyrirspurn þess efnis til heilbrigðisráðherra.

Vímuefnalausar íþróttir — vímuefnalaus grunnskóli.

Í grunnskólum hefur um allnokkurt skeið verið unnið að vímuefnavörnum, aðallega með kennslu námsefnisins Lions Quest sem æ fleiri skólar taka upp í kennslu sinni. Unnið er stöðugt að útbreiðslu efnisins. Nokkur sveitarfélög, Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður, hafa veitt sérstakt fé til útbreiðslu efnisins og kennslu. Þá hefur Garðabær veitt fé til fíkniefnavarna í grunnskólum þar. Nýleg fyrirspurn á Alþingi um þetta atriði leiddi í ljós að veittar hefðu verið um eða yfir 70 millj. kr. til þessa verkefnis að undanförnu.

Að lokum er að geta þess að foreldrafélög einstakra skóla og skólayfirvöld vinna jafnt og þétt að því að fyrirbyggja áfengis- og vímuefnaneyslu í grunnskólum landsins. Áhersla er nú lögð á þessi atriði í framhaldsskólum svo sem fyrr greinir í þessu svari.

Samstarf og samræming.

Í þessum hluta skýrslu nefndarinnar um málefni barna og ungmenna er fjallað um álit nefndarinnar á samstarfi þeirra sem vinna að málefnum barna. Í 16. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, eru ákvæði um samstarf stofnana og stjórnvalda við barnaverndarnefndir. Þessi ákvæði eru nýlunda í lögum um barnavernd hér á landi. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglugerð um þetta efni. Nefnd sú, sem ráðherra skipaði til að vinna að þessu, er nú að undirbúa þessa reglugerð. Hefur nefndin m.a. sent fjölmörgum aðilum bréf þar sem spurst er fyrir um það samstarf sem þeir hafa átt við barnaverndaryfirvöld og spurt var um samskipta- og verklagsreglur. Jafnframt var leitað hugmynda um það hvernig reglur væri hægt að setja til að styrkja samstarf eða koma því á.

Þá má búast við að hin nýju stjórnsýslulög, sem taka gildi um næstu áramót, muni samræma betur en verið hefur vinnu ýmissa stofnana og stjórnvalda og skýra vafaatriði í samskiptum þeirra.

Félagsmálaráðuneytið mun innan tíðar senda fjölmörgum aðilum umburðarbréf þar sem kynntar verða skyldur þeirra á grundvelli barnaverndarlaganna og fyrr í þessu svari hefur verið greint frá tilraun ráðuneytisins til að stuðla að samræmingu í vinnu þeirra opinberu aðila sem fjalla um kynferðisbrot gegn börnum.

Ljóst má vera að starfsemi barnaverndaryfirvalda er afar umfangsmikið og flókið. Barnaverndarnefndir hafa afskipti af hundruðum barna á ári hverju (sennilega um 500 börnum). Úrræði, sem þær beita, eru í nær öllum tilvikum unnin í samvinnu við fjölda aðila. Þetta starf snertir því starfssvið margra stofnana og stjórnvalda, heilbrigðisstofnana, svo sem geðdeilda, barnadeilda og barnageðdeilda, fangelsisyfirvalda, dómstóla, fræðsluyfirvalda, svo sem ráðgjafarþjónustu skólanna o.s.frv. Viðbúið er að örðugt eða útilokað sé að setja svo skýrar eða tæmandi reglur um þessi samskipti að það komi í veg fyrir erfiðleika af ýmsu tagi og álitaefni. Það er stöðugt viðfangsefni að bæta þetta samstarf. Félagsmálaráðuneytið hefur þá von að reglugerðin, sem er í smíðum um þetta samstarf, skili árangri í þessa veru.

Nefndin um málefni barna og ungmenna leggur til að haldin verði regluleg námskeið eða málþing til að bæta samræmingu og samvinnu. Reynsla af námskeiðahaldi og málþingshaldi er því miður ekki sem best. Námskeið, sem barnaverndarráð hélt fyrir tveimur árum í öllum landshlutum fyrir barnaverndarnefndir, starfsmenn þeirra og þá sem vildu kynna sér verkefni barnaverndaryfirvalda, alls 10 talsins, tókst engan veginn sem skyldi vegna skorts á þátttöku. Þá má nefna að mikil vinna var lögð í að halda málþing 5. október 1993 undir heitinu: Barnavernd og fjölmiðlar, þar sem viðfangsefnið var samskipti þessara aðila. Þátttaka þeirra sem starfa á fjölmiðlum var afar dræm enda þótt átakið hafi verið álitið afar

markvert og samtök blaðamanna átt fulltrúa sinn í undirbúningsnefnd alveg frá upphafi.

Meðferðarúrræði fyrir börn og unglinga.

Í skýrslu nefndarinnar um málefni barna og ungmenna er réttilega vakin athygli á ýmsum hindrunum sem voru í eldri löggjöf á sviði barnaverndar varðandi framþróun meðferðarstofnana og úrræða fyrir börn og ungmenni. Allar lagalegar forsendur á þessu sviði nú eru mun skýrari með nýrri löggjöf. Áður hefur verið minnst á skýrslu Hagsýslu ríkisins í þessu sambandi. Því miður er allt of langt mál að gera þeirri skýrslu ítarleg skil í þessu svari og verður að vísa til hennar í heild sinni þegar rætt er um meðferðarúrræði fyrir börn og unglinga.

Löggjöf á sviði barnaverndar leggur mikla ábyrgð á sveitarfélög landsins, svo sem áður hefur verið minnst á. Því verður að telja það mikil vonbrigði hvernig sameining sveitarfélaganna hefur til tekist til þessa því að sú þróun hlýtur að teljast ein af mikilvægustu forsendum þess að starfsemi fyrir börn og ungmenni sé bæði þróttmikil og vel skipulögð. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga ábendingar í skýrslu Hagsýslunnar þar sem kemur fram að það sé til lítils að starfsemi ríkisins á þessu sviði sé öflug og vel skipulögð ef starfsemi sveitarfélaganna er það ekki líka. Ein af meginniðurstöðum í skýrslunni er sú að ríkið hafi í allt of ríkum mæli tekið að sér rekstur stofnana og uppbyggingu þeirra á meðan lagaskilyrði hafi skort til þess. Þetta er afar íhugunarverð ábending.

Þegar rætt er um ný meðferðarúrræði, sem komið hefur verið á fót að undanförnu, má benda á lokaða deild fyrir afbrotaunglinga á Unglingaheimili ríkisins og einnig tók til starfa sl. haust meðferðarheimilið að Geldingalæk sem félagsmálaráðuneytið rekur.

Annars skal leitast við að svara einstökum atriðum sem nefndin um málefni barna og ungmenna gerði beina tillögu um:

a. Að koma þurfi á fót langtímavistheimili fyrir alvarlega geðtrufluð börn.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að nú þegar eru reknar nokkrar stofnanir fyrir alvarlega geðsjúk börn, t.d. þau sem eru einhverf. Hins vegar er réttmæt ábending nefndarinnar um skort á heimili fyrir mörg þeirra barna sem langtímum saman verða að dvelja á stofnun vegna geðræns ástands. Heimilið að Geldingalæk getur ef til vill leyst úr vanda einhverra þessara barna en hafa verður í huga að dvöl þar er tímabundin og þannig kemur það heimili ekki til með að leysa vanda þeirra barna sem vitað er að eiga í svo langvarandi veikindum að ólíklegt er að þau geti nokkurn tíma búið á fósturheimili. Það hlýtur að koma í hlut heilbrigðisyfirvalda að fjalla nánar um þetta atriði og gefa svör við því hvaða áform eru uppi í því efni.

b. Að komið verði á fót skammtíma- og langtímavistun sem barnaverndarnefndir geti gripið til.

Hvað þetta atriði áhrærir er vert að benda á að skilyrði þykir skorta til að ríkið taki að sér verkefni sem löggjafinn hefur ætlað sveitarfélögum að standa að. Hins vegar er mögulegt að við heildarendurskoðun á úrræðum fyrir börn og ungmenni verði það niðurstaðan að ein starfsemi „barna- og fjölskyldustofnunar" yrði sú að þjóna þessu hlutverki, þ.e. að barnaverndarnefndir gætu leitað til stofnunarinnar til að fá rannsóknir og athuganir á þeim börnum sem á slíku þyrftu að halda. Að hluta til fer þessi starfsemi fram á barna- og unglingageðdeild Landspítalans hvað yngri börn áhrærir og Unglingaheimili ríkisins veitir þessa þjónustu fyrir börn á áldrinum 13–16 ára.

c. Markviss notkun fósturheimila.

Í lögunum um vernd barna og ungmenna er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um ráðstafnir barna í fóstur. Nefndin, sem að reglugerðarsmíðinni vinnur, mun væntanlega ræða þau atriði sem bent var á af nefndinni um málefni barna og ungmenna, þar á meðal hvort rétt er að setja ákvæði um hæfniskröfur fósturforeldra og um ráðgjöf og stuðning við fósturforeldra o.s.frv.

Að hluta til hafa ákvæði laganna um vernd barna og ungmenna hvað varðar fóstur komið til framkvæmda með því að félagsmálaráðuneytið hefur gert eyðublöð sem notuð eru þegar börnum er ráðstafað í fóstur. Þau hafa verið send öllum barnaverndarnefndum með fyrirmælum um notkun þeirra.

Í þessu svari hefur verið minnst á þróun fjölskyldu þjónustustofnunar á vegum ríkisins. Eitt af þeim verkefnum, sem minnst hefur verið á að stofnunin sinnti, er einmitt þjónusta við fósturbörn og fósturforeldra.

d. Komið verði á fót öflugri ráðgjafarþjónustu fyrir barnaverndarnefndir.

Í gildistíð eldri laga fór barnaverndarráð með leiðbeiningarskyldu við barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra um þeirra störf. Með nýjum lögum er þetta starf unnið af félagsmálaráðuneytinu. Þetta verkefni miðar að því að leiðbeina nefndunum um það hvernig þeim beri að fara eftir þeim lögum sem þær starfa eftir. Reynslan sýnir hins vegar að það eru ekki hinar almennu leiðbeiningar sem á skortir heldur skapast vandinn fremur af framkvæmd laganna — í hinum daglegu störfum. Möguleiki er á að áðurnefnd fjölskyldu þjónustustofnun á vegum ríkisins fengi það verkefni að veita barnaverndarnefndum og starfsmönnum þeirra frekari ráðgjöf eða sérfræðilega vinnu. Í þessu sambandi er vert að huga að þeirri spurningu hvort sú óreiða, sem er á skipan sveitarstjórnarmála og getuleysi fagnefnda sveitarfélaga til að fást við lögbundin verkefni sín, kalli á frekari afskipti eða íhlutun af hálfu ríkisins. Ef sú yrði niðurstaðan væri um viðamikinn tilflutning á verkefnum að ræða frá sveitarfélögunum í landi til ríkisins.

Nýlega var félagsmálaráðherra spurður um ýmis atriði sem lúta að ráðgjöf og leiðbeiningum til barnaverndarnefnda, sbr. þskj. 150. Hér var um spurningar að ræða eins og hve margar barnaverndarnefndir hefðu sérmenntað starfsfólk í þjónustu sinni, sbr. 7. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, hve margar barnaverndarnefndir hefðu aðgang að þjónustu sérmenntaðs starfsfólks í samstarfi fleiri en eins sveitarfélags, hve margar barnaverndarnefndir hefðu ekki aðgang að þjónustu sérmenntaðs starfsfólks og hvers konar ráðgjöf félagsmálaráðuneytið byði barnaverndarnefndum sveitarfélaga, sbr. 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Um svar við þessum spurningum vísast til svars félagsmálaráðherra sem gefið var á Alþingi.

414. Frumvarp til laga [295. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð eða félagsmálanefndir í sveitarfélögum á starfssvæði heilsugæslustöðvar skulu tilnefna fulltrúa í sérstaka undirnefnd, öldrunarnefnd. Í öldrunarnefnd skulu aldrei vera fleiri en sjö, tveir tilnefndir af stjórn heilsugæslustöðvar, hinir af viðkomandi sveitarfélögum. Sveitarstjórnir velja nefndinni formann. Sveitarfélögum er þó heimilt að kjósa öldrunarmálaráð og annast það þá þau verkefni sem öldrunarnefndum eru falin samkvæmt lögum þessum.

b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo:

Öldrunarnefnd annast eftirtalin verkefni og gerir tillögur þar að lútandi til stjórnar heilsugæslustöðvar og félagsmálaráða eða félagsmálanefnda en öldrunarmálaráð til sveitarstjórnar:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að setja á laggirnar sérstakt öldrunarmálaráð sem mun fara með yfirstjórn öldrunarmála í Reykjavík í umboði borgarráðs og borgarstjórnar. Öldrunarmálaráðið mun ekki verða undirnefnd félagsmálaráðs eins og gert er ráð fyrir í lögum um málefni aldraðra heldur heyra beint undir borgarráð og borgarstjórn. Öldrunarmálefni eru sívaxandi málaflokkur í Reykjavík og fleiri sveitarfélögum og hefur borgarstjórn þótt rétt að setja sérstaka nefnd yfir þann málaflokk. Þar sem ákvæði 5. gr. núgildandi laga um málefni aldraðra veita sveitarfélögum ekki það svigrúm sem nauðsynlegt er til að skipa þessum málum svo sem þeim þykir hentugt með hliðsjón af umfangi þessa málaflokks er frumvarp þetta flutt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um málefni aldraða nr. 82/1989, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er sveitarfélögum heimilað að stofna öldrunarmálaráð sem annist verkefni öldrunarnefnda. Kostnaður af starfi öldrunarnefnda greiðist af sveitarfélögum skv. 5. gr. laganna og gildir það sama um öldrunarmálaráð. Frumvarpið hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

415. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til l. um félagslega aðstoð.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

416. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Við 53. gr. Greinin orðist svo:
   Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 21/1990, og er henni þá rétt að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli vera skv. 11. gr. nefndra laga. Sjúkratryggingar hafa einnig sama rétt til að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli vera skv. 11. gr. nefndra laga.
2. Við 66. gr. Við greinina bætist: enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.
3. Við 67. gr. Fyrsti málsliður greinarinnar orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

417. Nefndarálit [244. og 245. mál]

um frv. til l. um prestssetur og frv. til l. um kirkjumálasjóð.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin fékk þessi mál til meðferðar í lok fundar 13. desember og voru málin afgreidd frá nefndinni á fundi 15. desember. Þessi staðreynd segir miklu meira en mörg orð um þau algjörlega óhæfu vinnubrögð að ætla þingnefnd að afgreiða mál með þessum hætti, ekki síst þegar um er að ræða mál sem að mati ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumálaráðuneytisins marka tímamót fyrir þjóðkirkjuna. Þrátt fyrir skamman tíma brugðust allmargir skjótt við og sendu umsagnir um málið en athyglisverð eru eftirfarandi ummæli í umsögn Ríkisendurskoðunar: „Í ljósi hins skamma tíma, sem veittur er í þessu sambandi, treystir Ríkisendurskoðun sér ekki til þess að fjalla efnislega um mál þessi á nokkurn hátt."

Í sumum umsagnanna er líka kvartað yfir því að bókun, sem kirkjuþing gerði við afgreiðslu málanna, fylgir ekki með frumvarpinu. Hefur henni verið stungið undir stól og fengu nefndarmenn hana aðeins í hendur í umsögn prófastsins í Borgarfjarðarprófastsdæmi. Í niðurlagi bókunarinnar segir: „Kirkjuþing treystir hinu háa Alþingi til að athuga þessa þætti gaumgæfilega er það fær þetta mál til meðferðar." Með þessum vinnubrögðum bregst Alþingi trausti kirkjuþings en í bókuninni er sérstaklega vakin athygli á þeirri rúmlega 20% skerðingu til frambúðar á tekjum kirkjugarða sem leiðir af samþykkt frumvarpsins. Þær áhyggjur koma fram í fleiri umsögnum.

Við 1. umræðu var bent á að í 4. gr. frumvarps til laga um prestssetur er ákvæði sem skilja má að veiti stjórn prestssetrasjóðs heimild til að selja hlunnindi undan prestssetursjörðum. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að alls ekki beri að skilja greinina á þann hátt. Eðlilegt er því að taka af öll tvímæli um það.

Minni hlutinn telur það óviðunandi að hafa svo flaustursleg vinnubrögð á Alþingi um mikilvæg málefni kirkjunnar eins og hér hefur verið bent á. Það er slæmt þegar málsmeðferð kemur í veg fyrir samstöðu sem allir óska eftir að hefði getað tekist um afgreiðslu á þessum málum.

Ólafur Þ. Þórðarson og Anna Ólafsdóttir Björnsson flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 15. des. 1993.

Jón Helgason, frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Fjögur fylgiskjöl fylgdu nefndarálitinu.

Á fskj. I var birt umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvarpið, á fskj. II umsögn frá Borgarfjarðarprófastsdæmi, á fskj. III umsögn frá Múlaprófastsdæmi og á fskj. IV umsögn frá Austfjarðaprófastsdæmi.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

418. Breytingartillögur [244. mál]

við frv. til l. um prestssetur.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni og Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðherra“ komi: Alþingi.
2. Við 6. gr.
   a. Við 5. tölul. bætist: ef prestur situr ekki staðinn.
   b. Við 6. tölul. bætist: ef prestur situr ekki staðinn.
3. Við 10. gr. Orðið „ókeypis“ í 1. mgr. falli brott.

419. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur, Petrínu Baldursdóttur, Valgerði Sverrisdóttur, Árna Johnsen, Svavari Gestssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Birni Bjarnasyni, Tómasi Inga Olrich og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við 4. gr. 02-982 170 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis.

	Þús. kr.
a. Fyrir „15.300“ kemur	14.000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	875	
2. Árni Kristjánsson	875	
3. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	875	
4. Halldór Laxness	875	
5. Hannes Pétursson	875	
6. Indriði G. Þorsteinsson	875	
7. Jakobína Sigurðardóttir	875	
8. Jón Nordal	875	
9. Jón úr Vör	875	
10. Jórunn Viðar	875	
11. Kristján Davíðsson	875	
12. María Markan	875	
13. Matthías Johannessen	875	
14. Sigfús Halldórsson	875	
15. Stefán Íslandi	875	
16. Thor Vilhjálmsson	875	
		14.000

420. Tillaga til þingsályktunar [296. mál]

um viðbrögð vegna starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield.

Frá umhverfisnefnd.

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega ákvörðun breskra stjórnvalda þann 15. desember 1993 að veita THORP-endurvinnslustöðinni fyrir geislavirkan kjarnorkuúrgang starfsleyfi og ganga þannig gegn samþykktum Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

Alþingi væntir þess að ríkisstjórnin grípi til skjótra og ákveðinna viðbragða vegna þessarar ákvörðunar sem gengur þvert á lífshagsmuni íslensku þjóðarinnar.

Greinargerð.

Þann 15. desember 1993 veittu bresk stjórnvöld THORP-endurvinnslustöðinni fyrir geislavirkan kjarnorkuúrgang starfsleyfi. Um leið höfnuðu þau kröfu tugþúsunda um opinbera rannsókn á fyrirhugaðri starfsemi, svo og frá fjölda sveitarfélaga og samtaka á Bretlandseyjum.

Áætlað hefur verið að starfsemi THORP auki tífalt það magn geislavirkra efna sem berast út í hafið og andrúmsloftið miðað við þá starfsemi sem nú er í Sellafield.

Íslensk stjórnvöld hafa mótmælt því að starfsleyfi verði veitt fyrir endurvinnslustöðinni, svo og umhverfisráðherrar Norðurlanda og ríkja við Norðursjó. Þann 11. janúar 1993 sendu 42 alþingismenn bréf til breskra stjórnvalda þar sem mótmælt var fyrirhugaðri starfsemi THORP-stöðvarinnar.

Starfsemi THORP stríðir gegn samþykktum Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar, en sérstök samþykkt um THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield var gerð af aðilum samningsins á fundi í Berlín 14.–19. júní 1993.

421. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp til laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er það flutt vegna ákvæða 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þar er kveðið á um lögsögu EFTA-dómstólsins til þess að gefa ráðgefandi álit um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Alþingi samþykkti þann samning um leið og það samþykkti samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og því er þetta frumvarp flutt til að festa í lög heimild handa íslenskum dómstólum til að leita með framangreindum hætti ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í tengslum við rekstur dómsmála hér á landi.

Samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls á sú skylda aðeins við dómstóla eða rétti þar sem úrlausn þeirra geta ekki sætt málskoti samkvæmt landslögum. Skylda til slíkra heimilda nær því ekki til héraðsdómstóla. Í frumvarpinu er hins vegar kveðið á um að sú heimild skuli einnig ná til héraðsdómstólanna og hlýtur sú ákvörðun að orka tvímælis af ýmsum ástæðum. Hún gerir að engu þá fullyrðingu í 34. gr. að það sé á valdi dómstóls eða réttar að taka ákvörðun um það hvort álits skuli leitað. Hafi annar hvor málsaðili óskað eftir því við héraðsdómara að hann fái álit EFTA-dómstólsins en héraðsdómari kveðið upp þann úrskurð að hafna því getur málsaðili skotið því til Hæstaréttar. Hæstiréttur hefur þá samkvæmt því heimild til að skylda héraðsdómara að leita úrskurðarins þó að hann hafi talið sig hafa næga dómgreind til að kveða upp dóminn án þess að fá leiðbeiningar um það frá EFTA-dómstólnum. Þá er það ljóst að sætti báðir málsaðilar sig við dóm undirréttar án þess að dómari hafi átt þess kost að fá erlenda forskrift að honum svo að honum verður ekki áfrýjað mun aldrei til þess koma og bæði spara tíma og þjóðfélaginu ærna fjármuni.

Það kom fram í máli Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara, sem nú hefur verið skipaður fyrsti fulltrúi Íslands í EFTA-dómstólnum, að tímafrestir eru engir í ákvæðum um dómstólinn og starfsreglum hans svo að engu var hægt að svara um hversu langan tíma tæki frá því að málum er vísað til EFTA-dómstólsins þangað til hann kveður upp sitt álit. Þór sagði að gerð hefðu verið drög að þessum starfsreglum fyrir dómstólinn og þau send viðkomandi ríkjum til umsagnar. Í nefndinni kom þá fram sú ósk að hún fengi starfsreglurnar til skoðunar sérstaklega til þess að reyna að gera sér grein fyrir kostnaðarhliðinni sem ekkert er minnst á í þessu frumvarpi. Starfsreglur þessar fengust þó aðeins á ensku og var ekki veittur frestur til að fá þær þýddar. Er það vissulega slæmur fyrirboði ef Alþingi á hér eftir að þurfa að stórum hluta að vinna að málum á grundvelli gagna á erlendum tungumálum.

Í greinargerð með 1. gr. frumvarpsins segir að þó álitið eigi aðeins að vera ráðgefandi og bindi því ekki héraðsdómara við úrlausn máls verði vissulega að telja að eftir því yrði að öðru jöfnu farið að því leyti sem úrlausnin veltur á álitaefninu. Það er því ljóst af þessu að ef álits verður leitað mun sú niðurstaða, sem kveðin verður upp í EFTA-dómstólnum, verða í reynd hinn endanlegi dómur. Af þeim sökum munu málsaðilar hljóta að verða að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að rökstyðja sitt mál fyrir hinum fjarlæga dómstóli þar sem flestir dómarar þekkja lítt til aðstæðna hér á landi. Það kemur líka fram í 27. gr. starfsreglanna, sem fylgir hér með í fylgiskjali, að gert er ráð fyrir að málsaðilar mæti fyrir réttinum og flytji þar sitt mál. En sérstaklega er þó um það fjallað í 97. gr. starfsreglanna. Þar eru líka nefndir þeir mörgu aðilar innan EFTA og EB sem eiga að fylgjast með og hafa áhrif á meðferð málsins fyrir dómstólunum og er erfitt að gera sér grein fyrir þeim tíma og umstangi sem það hefur í för með sér. Og þó að í 72. gr. starfsreglanna séu loðin ákvæði um gjafsókn virðist valt að treysta á þau.

Það var því eðlilegt að engin svör fengust í nefndinni um hugsanlegan kostnað vegna álitsbeiðni, hvort sá kostnaður mundi nema tugum eða hundruðum þúsunda króna eða jafnvel meiru. Útlagður kostnaður vegna álitsbeiðni er í raun hluti af málskostnaði í aðalmálinu og um þann kostnað verður því dæmt í því máli. Yrði sá sem tapaði málinu dæmdur til að greiða allan málskostnað þeim sem ynni auk eigin kostnaðar, þá gæti þar orðið um ómælda upphæð að ræða.

Annar minni hluti telur því að það sé alveg fráleitt að vanmat dómara á eigin dómgreind eigi að bitna á málsaðilum. Því leggur 2. minni hluti til að sá kostnaðarauki, sem stafar af því að álits er leitað, verði greiddur af ríkissjóði nema ef annar hvor málsaðili gerir kröfu um það skuli hann bera ábyrgð á sínum kostnaði og ber fram breytingartillögu um það.

Annar minni hluti leggur einnig fram breytingartillögu um að 1. gr. frumvarpsins fjalli um heimild Hæstaréttar til álitsbeiðni en niður falli úr frumvarpinu að slík heimild nái líka til héraðsdómstóla þar sem engin ástæða sé til að ganga lengra í utanstefnum en ákvæði samningsins um EFTA-dómstólinn skylda til.

Annar minni hluti leggur til að 1. mgr. 2. gr. um félagsdóm falli brott og flytur um það breytingartillögu á þskj. 422. Annar minni hluti telur ekki rétt að ætla félagsdómi að leita eftir áliti EFTA-dómstólsins vegna sérstaks eðlis dómsins. Oft er leitað til dómsins mitt í viðkvæmum kjaradeilum og þá hefur félagsdómur jafnan brugðist við á mjög skömmum tíma. Ef félagsdómur leitar álits EFTA-dómstólsins varðandi einstök atriði, er tengjast Evrópska efnahagssvæðinu, opnast leið fyrir annan hvorn aðilann að þrýsta á að ágreiningsmál séu sett í biðstöðu, jafnvel langtímum saman, á meðan beðið er eftir áliti EFTA-dómstólsins. Þetta telur 2. minni hluti brjóta þvert gegn hlutverki félagsdóms og vinnubrögðum sem yfirleitt miða að því að mál fái skjóta afgreiðslu.

Annar minni hluti bendir á að í Danmörku er ekki talin þörf á að félagsdómur (arbejdsretten) leiti slíks álits. Þar eins og hér er félagsdómur æðsta dómstig í ýmsum ágreiningsmálum er varða vinnudeilur og vinnurétt.

Verði þessar breytingartillögur ekki samþykktar getur 2. minni hluti ekki greitt atkvæði með frumvarpinu.

Alþingi, 15. des. 1993.

Jón Helgason, frsm. Anna Ólafsdóttir Björnsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Kristinn H. Gunnarsson.

Nefndarálitinu fylgdi fylgiskjal. Á því voru birtar 27., 72. og 97. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins á ensku. Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

422. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til l. um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar (JHelg, AÓB, ÓÞÞ, KHG).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er mál rekið fyrir Hæstarétti þar sem þarf að taka afstöðu til skýringar á samn-

ingi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem í viðaukunum er getið og getur þá rétturinn í samræmi við 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls kveðið upp úrskurð um að leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á því atriði málsins áður en málinu er ráðið til lykta.

Hvort sem aðili máls krefst að álits verði leitað skv. 1. mgr. eða Hæstiréttur telur þess þörf án kröfu skal rétturinn gefa aðilum kost á að tjá sig áður en úrskurður verður kveðinn upp.

2. Við 2. gr.
   a. Fyrri málsgrein falli brott.
   b. Síðari málsgrein falli brott.
3. Á undan 3. gr. komi ný grein sem orðist svo:

   Aðila, sem ekki óskar eftir úrskurði um álitsbeiðni til EFTA-dómstólsins, skal aldrei gert að greiða þann aukakostnað sem af þeirri beiðni hlýst.

423. Frumvarp til laga [86. mál]

um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

(Eftir 2. umr., 16. des.)

I. KAFLI

Um breytingar á lögum um heilbrigðisstéttir.

Breytingar á læknalögum, nr. 53/1988, sbr. breytingu nr. 50/1990.

1. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

   Rétt til þess að stunda lækningar hér á landi og kalla sig lækni hefur:
   1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. og 3. gr.,
   2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á lækningaleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

   Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega lækningar hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

b. 2. gr. laganna orðast svo:

   Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og viðbótarnámi í heilbrigðisstofnunum hér á landi eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

   Viðbótarnámi skv. 1. mgr. má ljúka erlendis við heilbrigðisstofnanir sem fullnægja skilyrðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis.

   Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita umsagnar landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands.

   Óheimilt er að veita manni lækningaleyfi ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans eða ef landlæknir eða læknadeild telja hann óhæfan vegna heilsubrests, t.d. vegna áfengis- eða eiturlyfjaneyslu, eða vegna þess að hann hafi kynnt sig af alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.

c. 3. gr. laganna orðast svo:

Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. 2. gr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis, leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. uppfylli hann skilyrði 2. gr. að öðru leyti. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands sem getur sett sem skilyrði að viðkomandi gangi undir próf í lögum og reglum er varða störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli. Læknadeild Háskóla Íslands getur krafist þess að umsækjandi sanni kunnáttu sína í læknisfræði með því að gangast undir próf.

d. 5. gr. laganna orðast svo:

Læknir hefur rétt til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi:

1. hann fengið til þess leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
2. hann fengið staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sérfræðingsleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

Áður en leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. er veitt skal leita umsagnar landlæknis og nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti einn fulltrúi Læknafélags Íslands og tveir fulltrúar læknadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem mega kalla sig sérfræðinga og starfa sem slíkir hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

e. 1. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Sá einn á rétt á því að kalla sig lækni og stunda lækningar sem uppfyllir skilyrði 1. gr.

f. Fyrirsögn í staflið A í VII. kafla verður: *Brottfall og svipting lækningaleyfis og staðfestingar á lækningaleyfi.*

g. Við 27. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Nú er einstaklingur, sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa á grundvelli þess hér á landi.

Ákvæðum þessa kafla skal beitt eftir því sem við á gagnvart þeim sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Breytingar á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985.

2. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að stunda tannlækningar hér á landi og kalla sig tannlækni hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. og 3. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á tannlækningaleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega tannlækningar hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

b. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands.

c. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. 2. gr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis, leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi. Sé um erlenda ríkisborgara, aðra en ríkisborgara frá EES-landi, að ræða skulu þeir enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Binda má leyfið við ákveðinn tíma. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis.

d. 5. gr. laganna orðast svo:
Tannlæknir hefur rétt til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi:
1. hann fengið til þess leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
2. hann fengið staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sérfræðingsleyfi frá landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga að fengnum tillögum nefndar sem hann skipar til þriggja ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti deildarforseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands, og er hann jafnframt formaður, yfirtannlæknir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og aðili tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands. Nefnd þessi skal einnig gefa umsögn um umsóknir um sérfræðileyfi og skal við meðferð einstakra mála heimilt að kveðja til tvo sérfróða tannlækna í þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á. Fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um þá sem kalla mega sig sérfræðinga í tannlækningum skv. 2. tölul. 1. mgr.

e. Við 12. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, sem verða 3. og 4. mgr., svohljóðandi:
Ákvæðum 1. og 2. mgr. svo og ákvæðum 13. gr. skal beitt eftir því sem við á gagnvart þeim sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Nú er einstaklingur, sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa á grundvelli þess hér á landi.

Breytingar á lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, sbr. breytingar nr. 57/1986 og 23/1991.

3. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:
Rétt til þess að kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur:
1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. og 3. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á lyfjafræðingsleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem hér mega starfa á grundvelli 2. tölul. 1. mgr.

b. 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Rétt til þess að fá leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. hefur sá einn sem lokið hefur háskólaprófi eða hliðstæðu prófi í lyfjafræði lyfsala sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands.

c. Við 13. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:
Nú er einstaklingur, sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr., sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa hér á landi.
Ákvæðum þessa kafla skal beitt eftir því sem við á gagnvart þeim sem hlotið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

d. 17. gr. laganna orðast svo:
Veita má erlendum ríkisborgara í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis leyfi skv. I. og II. kafla laga þessara ef þeir fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem þar eru sett.

Breytingar á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, sbr. breytingar nr. 32/1975 og 58/1984.

4. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:
Rétt til þess að stunda hjúkrun hér á landi og kalla sig hjúkrunarfræðing hefur:
1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á hjúkrunarleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega hjúkrun hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

b. 2. gr. laganna orðast svo:
Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi í hjúkrunarfræðum frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.
Ráðherra getur og veitt hjúkrunarleyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. þeim sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis, enda teljist umsækjandi að öðru leyti hæfur að dómi hjúkrunarráðs.
Hjúkrunarráð skal skipað þremur mönnum til fjögurra ára og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands.
Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu skv. 2. mgr., skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

c. Á eftir 2. mgr. 7. gr. koma tvær nýjar málsgreinar, sem verða 3. og 4. mgr., svohljóðandi:
Ákvæðum 1. og 2. mgr. skal eftir því sem við á beitt gagnvart þeim sem hlotið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.
Nú er einstaklingur, sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr., sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa hér á landi.

Breytingar á ljósmæðralögum, nr. 67/1984.

5. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að kalla sig ljósmóður og stunda ljósmóðurstörf hér á landi hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á ljósmæðraleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega ljósmóðurstörf hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

b. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá Ljósmæðraskóla Íslands.

Ráðherra getur veitt öðrum leyfi er lokið hafa jafngildu námi erlendis í löndum utan EES-svæðisins að fenginni umsögn ljósmæðraráðs sem ráðherra skipar. Ljósmæðraráð skal skipað þremur aðilum til fimm ára og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af Ljósmæðrafélagi Íslands og einn af Ljósmæðraskóla Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr., skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og ritaðu íslensku máli.

Breytingar á lögum um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, sbr. breytingu nr. 23/1991.

6. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum og ríkisborgurum í EES-ríki sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn iðjuþjálfaskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

b. 3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur hvorki íslenskt ríkisfang né ríkisfang í EES-ríki og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda iðjuþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

Breytingar á lögum um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976, sbr. breytingu nr. 23/1991.

7. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum og ríkisborgurum í EES-ríki sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

b. 3. gr. laganna orðast svo:
Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur hvorki íslenskt ríkisfang né ríkisfang í EES-ríki og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

Breytingar á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, sbr. breytingu nr. 23/1991.

8. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:
Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum og ríkisborgurum í EES-ríki sem lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar prófessorsins í augnlækningum við Háskóla Íslands, félags sjóntækjafræðinga og landlæknis áður en leyfið er veitt.

b. 3. gr. laganna orðast svo:
Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur hvorki íslenskt ríkisfang né ríkisfang í EES-ríki og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

II. KAFLI
Um breytingar á lagaákvæðum á vátryggingarsviði.

Breytingar á lögum um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976.

9. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Allir skipaeigendur, sem eiga vélskip með þilfari 100,49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir að vátryggja þau hjá bátaábyrgðarfélagi sem starfar samkvæmt lögum þessum eða hjá öðru vátryggingafélagi sem hlotið hefur starfsleyfi, og með þeim skilmálum sem settir eru í lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

b. 3. mgr. fellur brott.

10. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra getur heimilað bátaábyrgðarfélagi að reka aðrar greinar vátrygginga í samræmi við ákvæði laga um vátryggingarstarfsemi.

11. gr.

6. gr. laganna orðast svo:
Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt, sé þess óskað, að tryggja fiskiskip sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð ákvæðum 14. gr. um aðstoð.

12. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Á hverju vátryggingarsvæði skal vera eitt bátaábyrgðarfélag. Bátaábyrgðarfélagi eða vátryggingafélagi á tilteknu vátryggingarsvæði er skylt, sé þess óskað, að vátryggja vátryggingarskyld fiskiskip sem skrásett eru á því svæði.

13. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Félögin geta óskað endurtryggingar hjá Samábyrgðinni á þeim hluta áhættunnar í hinum vátryggðu skipum sem þau bera ekki sjálf og getur hún ekki undan því skorast.

14. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Ef fjárhagur gagnkvæms bátaábyrgðarfélags telst ekki sæmilega traustur getur ráðherra ákveðið að lagt skuli aukaiðgjald á vátryggðu. Gjald þetta má eigi vera hærra en 20% af iðgjöldum af vátryggðum skipum og 100% af iðgjöldum trygginga sem snerta útgerð fiskiskipa. Gjald þetta renni í sjóð félaganna.

16. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga þessara gilda eftir því sem við getur átt um vátryggingafélög önnur en bátaábyrgðarfélög sem vátryggja fiskiskip 100,49 rúmlestir eða minni.

18. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um vátryggingaskilmála.

19. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

1. (I.)

   Setja skal bátaábyrgðarfélögum félagssamþykktir, þar á meðal ákvæði um eignarhald og félagsslit eigi síðar en á aðalfundi 1994.

2. (II.)

   Bátaábyrgðarfélög hafa frest til 1. janúar 1995 til að færa starfsemi sína að fullu til samræmis við ákvæði laga þessara. Vátryggingasamningar halda gildi sínu fram til þess tíma, að því undanskildu að við eigendaskipti á bátum, sem undir lögin falla, er nýjum eiganda frjálst að skipta um tryggingafélag.

Breytingar á lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, nr. 37/1978, með síðari breytingu.

20. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Samábyrgðin tekst á hendur:

a. Endurtryggingu á skipum.
b. Aðrar endurtryggingar.
c. Frumtryggingar á skipum.
d. Frumtryggingar á skipum sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á.
e. Aðrar greinar vátrygginga sem ráðherra heimilar í samræmi við ákvæði laga um vátryggingarstarfsemi.
f. Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgerðar sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar og rúmast innan laga um vátryggingarstarfsemi.

21. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

17. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum hefur frest til 1. janúar 1995 til að færa starfsemi sína að fullu til samræmis við ákvæði laga þessara. Endurtryggingasamningar félagsins halda gildi sínu fram til þess tíma. Vátryggingasamningar halda og gildi sínu fram til þess tíma að því undanskildu að við eigendaskipti á bátum, sem undir lögin falla, er nýjum eiganda frjálst að skipta um tryggingafélag.

Breyting á lögum um ófriðartryggingar, nr. 2/1944, sbr. breytingu nr. 10/1983.

25. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna fellur niður.

Breytingar á lögum um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o.fl., nr. 43/1947, sbr. breytingar nr. 61/1962, 5/1964, 29/1977, 10/1983 og 45/1993.

26. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur ákveðið að skylt sé að tryggja hjá vátryggingafélagi fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum. Vátryggingarskylda hvílir á útgerðarmanni skipsins og má ekki færa þeim sem vátryggðir eru iðgjöldin til útgjalda. Gildir það jafnt þótt skipverji taki aflahlut í stað kaups.

Brottfall laga um ávöxtun fjár tryggingafélaga, nr. 17/1964, sbr. breytingar nr. 26/1973 og 10/1983.

27. gr.

Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga, nr. 17/1965, sbr. breytingar nr. 26/1973 og 10/1983, falla úr gildi.

Breytingar á lögum um búfjártryggingar, nr. 20/1943, með síðari breytingum.

28. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Verkefni búfjártryggingadeildar er að selja og annast vátryggingu búfjár gegn vanhöldum og slysum, sbr. 3. gr.

b. Í 1. málsl. 3. gr. laganna falla niður orðin: í deildinni.

c. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að tryggja gegn venjulegum vanhöldum og slysum.

d. 2. mgr. 4. gr. laganna fellur niður.

e. 8. gr. laganna fellur niður.

f. 9. gr. laganna fellur niður.

g. 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna falla niður og 3. mgr. 11. gr., sem verður 1. mgr., verður svohljóðandi:

Nú verður ágreiningur milli vátryggingafélags og tjónþola um rétt og skyldu til bóta eða um upphæð bótanna og skal ágreiningnum þá skotið til gerðardóms þriggja manna. Nefni til sinn mann hvor aðili, en viðkomandi dómari oddamanninn. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrskurður. Skaðabætur greiðast ekki af hendi fyrr en tjón er að fullu sannað og metið.

h. 13. gr. laganna fellur niður.

i. 14. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð, að fenginni umsögn Tryggingaeftirlitsins, sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

29. gr.

1. mgr. 91. gr. laganna orðast svo:

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem er viðurkennt eða skráð af dómsmálaráðherra.

III. KAFLI

Um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993.

30. gr.

a. 2. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:
   2. Dvelja hér á landi eða eru í atvinnuleit í EES-landi.
b. Á eftir 41. gr. kemur ný grein, sem verður 41. gr. a, svohljóðandi:
   Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi að greiða ríkisborgara í EES-ríki, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur, enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

IV. KAFLI

Gildistökuákvæði.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og EES-samningurinn. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.

424. Frumvarp til laga [216. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 16. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adelaide Maria Pedro Runólfsdóttir, nemi í Grundarfirði, f. 20. apríl 1979 á Grænhöfðaeyjum.
2. Alfreðsson, Cathleen Josephine, verkakona á Þórshöfn, f. 21. október 1960 á Írlandi.
3. Anat Egilsson, verkakona í Reykjavík, f. 20. mars 1959 í Ísrael.
4. Andersen, Björgvin Richard, nemi í Reykjavík, f. 8. apríl 1959 í Reykjavík.
5. Ankry, Aliza Haya, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. júlí 1947 í Túnis.
6. Benoto, Rebekka Kristín, verkakona á Hellissandi, f. 6. ágúst 1969 í Bandaríkjunum.
7. Berner, Loryane Daria, nemi á Selfossi, f. 8. ágúst 1962 í Sviss.
8. Biard, Jean-Pierre Robert, kortagerðarmaður í Reykjavík, f. 17. desember 1946 í Frakklandi.

9. Buenaventura, Estelita Perez, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. janúar 1959 á Filippseyjum.
10. Carmen Jósefsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 7. nóvember 1978 í Reykjavík.
11. Davis, Barbara Guðrún, fóstra á Akranesi, f. 21. febrúar 1964 á Akranesi.
12. Do Amaral Barbosa, Sandra Carla, verkakona á Dalvík, f. 17. mars 1963 í Mósambik.
13. Ellenberger, Íris, nemi í Reykjavík, f. 16. desember 1977 í Reykjavík.
14. Ellingsen, Marianne, húsmóðir á Akranesi, f. 4. september 1952 í Noregi.
15. Elliot, Tracee Lea, fulltrúi í Reykjavík, f. 7. maí 1962 í Bandaríkjunum.
16. Everett, Helen Rosemary, kennari í Reykjavík, f. 22. júní 1961 í Englandi.
17. Goethe, Friðrik Þór, vélstjóri í Reykjavík, f. 6. desember 1965 í Reykjavík.
18. Goethe, Ragnhildur Mosel, búfræðingur í Reykjavík, f. 3. desember 1961 í Reykjavík.
19. Goto, Julio Edwardo Soares, vélstjóri á Akureyri, f. 14. september 1959 á Grænhöfðaeyjum.
20. Guerro Sanchez, Rosenda, starfsstúlka í Reykjavík, f. 17. október 1954 í Kólumbíu.
21. Halliwell, Clive Barrie, hjúkrunarfræðingur á Akranesi, f. 17. júní 1946 í Englandi.
22. Hansen, Knud Óskar, forstjóri í Reykjavík, f. 20. apríl 1939 í Reykjavík.
23. Harimache, Abdenbi, verkamaður í Reykjavík, f. 5. janúar 1961 í Marokkó.
24. Hartranft, Lísa Ann, læknaritari í Reykjavík, f. 11. júlí 1963 í Bandaríkjunum.
25. Hearn, Jo Ann, þroskaþjálfi í Kópavogi, f. 25. september 1953 í Bandaríkjunum.
26. Kambsenni, Marnhild, dagmóðir í Mosfellsbæ, f. 2. júní 1956 í Færeyjum.
27. Kolbrún Magnhildur Gunnlaugsdóttir, verkakona á Eskifirði, f. 14. nóvember 1949 í Innri-Njarðvík.
28. Lima, Carlos Silva Sousa, verkamaður í Reykjavík, f. 11. júlí 1963 á Grænhöfðaeyjum.
29. Lutley, Erik Davíð, nemi í Vestmannaeyjum, f. 4. mars 1974 í Reykjavík.
30. Lynch, David Dominic, myndlistarmaður í Reykjavík, f. 30. september 1960 í Bretlandi.
31. Maríanna Barbara Kristjánsson, húsmóðir á Ísafirði, f. 7. október 1960 í Póllandi.
32. Matthews, Lísa Bryndís, lagermaður í Reykjavík, f. 10. október 1971 í Englandi.
33. McEvoy, Bridget, hjúkrunarfræðingur í Hveragerði, f. 28. september 1953 á Írlandi.
34. McKee, David Thomas, afgreiðslustjóri í Reykjavík, f. 10. febrúar 1950 á Nýja-Sjálandi.
35. McManus, Sonja Ellen, nemi í Reykjavík, f. 12. nóvember 1975 í Reykjavík.
36. Molitor, Margareta Gertrud, hjúkrunarfræðingur í Garðabæ, f. 19. júlí 1944 í Þýskalandi.
37. Old, Janette Sue, verkakona í Grýtubakkahreppi, f. 28. ágúst 1965 á Nýja-Sjálandi.
38. Phermwilai, Surairat, verkakona í Hafnarfirði, f. 3. september 1962 í Tælandi.
39. Pollock, Michael, verkamaður í Reykjavík, f. 23. nóvember 1953 í Bandaríkjunum.
40. Roa, Maria Helena Sarabia, nemi í Reykjavík, f. 1. september 1966 í Kólumbíu.
41. Rodriques, Viktor Pétur, nemi í Borgarnesi, f. 8. október 1979 á Akranesi.
42. Rosento, Violeta Chaves, verkakona í Reykjavík, f. 26. febrúar 1949 á Filippseyjum.
43. Rosio, Bertha Calvi Lozano, þjónn í Mosfellsbæ, f. 20. júlí 1967 í Bólivíu.
44. Schmidhauser, Anton Örn, nemi í Reykjavík, f. 6. ágúst 1969 í Reykjavík.
45. Schmidhauser, Guðrún Þórunn, meinatæknir í Reykjavík, f. 16. júní 1968 í Reykjavík.
46. Shackelford, Debbie, verkakona í Keflavík, f. 15. janúar 1976 í Keflavík.

47. Shwaiki, Faraj, verkamaður í Reykjavík, f. 20. maí 1967 í Ísrael.
48. Sicat Schade, Marisa, húsmóðir í Grindavík, f. 7. maí 1958 á Filippseyjum.
49. Soffía Kristín Sigurðardóttir, þroskaþjálfi í Reykjavík, f. 14. nóvember 1958 í Reykjavík.
50. Soon, Nilma, verkakona á Flateyri, f. 17. febrúar 1962 á Filippseyjum.
51. Stephenson, Beverly Louise, verkakona á Ísafirði, f. 17. maí 1960 á Jamaíka.
52. Strizova, Eva, verkakona í Hafnarfirði, f. 9. desember 1957 í Slóvakíu.
53. Sun, Bo Liang, veitingamaður í Reykjavík, f. 1. júní 1955 í Kína.
54. Tangolamos Cavan, Lorenza, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. febrúar 1960 á Filippseyjum.
55. Thompson, Kristófer, nemi í Reykjavík, f. 20. nóvember 1981 í Reykjavík.
56. Thompson, Tómas Júlíus, nemi í Reykjavík, f. 15. október 1977 í Reykjavík.
57. Torres, Violeta Tolo, verkakona í Kópavogi, f. 30. apríl 1967 á Filippseyjum.
58. Tómasína Einarsdóttir, ritari í Reykjavík, f. 12. febrúar 1948 í Garði, Gullbringusýslu.
59. Tuankrathok, Ruam, húsmóðir í Kópavogi, f. 13. nóvember 1955 í Tælandi.
60. Turchi, Paolo Maria, rithöfundur í Reykjavík, f. 9. desember 1964 á Ítalíu.
61. Unnar Miguel Jósefsson, nemi í Reykjavík, f. 15. desember 1975 í Hafnarfirði.
62. Valladolid Chaves, Doralisa, húsmóðir í Reykjavík, f. 17. júní 1950 í Perú.
63. Vestergaard, Elínborg María Elisabeth, verkakona í Keflavík, f. 30. júlí 1949 í Færeyjum.
64. Walker, Kristján Michael, nemi í Sandgerði, f. 16. júní 1981 í Keflavík.
65. Wechner, Maria Elisabeth, húsmóðir á Akranesi, f. 25. desember 1951 í Sviss.
66. Wheeler, Adam David, nemi í Reykjavík, f. 23. janúar 1980 í Englandi.
67. Wootita, Nongkran, verkakona í Reykjavík, f. 1. janúar 1961 í Tælandi.
68. Woube, Zewdu, verkamaður í Reykjavík, f. 22. júlí 1962 í Eþíópíu.
69. Zogaj, Gani, atvinnulaus í Reykjavík, f. 15. apríl 1960 í Júgóslavíu.
70. Zogaj, Melihate, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. febrúar 1964 í Júgóslavíu.
71. Zogu, Halima, húsmóðir í Reykjavík, f. 18. nóvember 1970 í Júgóslavíu.
72. Zogu, Idriz, vélamaður í Reykjavík, f. 2. ágúst 1967 í Júgóslavíu.
73. Þorvarður Davíð Ólafsson, nemi í Reykjavík, f. 30. apríl 1979 í Reykjavík.
74. Þórður Daníel Ólafsson, nemi í Reykjavík, f. 30. apríl 1979 í Reykjavík.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

425. Lög [86. mál]

um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 423.

426. Lög [216. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 424.

427. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá 4. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Einn helsti vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs síðustu árin hefur verið í ferðaþjónustu og hafa, að minnsta kosti hingað til, verið bundnar miklar vonir við hana. Gjaldeyristekjur sem þessi atvinnuvegur skilaði til þjóðarbúsins á síðasta ári jókst um 2.500 m.kr. Áætluð neysla erlendra ferðamanna innan lands árið 1992 var metin á 7,4 milljarða kr. og fer upp í 8,3 milljarða kr. á þessu ári. Tekjur ríkisins af ferðaþjónustu eru því á bilinu 1–2 milljarðar kr. á ári. Það er álit 4. minni hluta að í þessari atvinnugrein liggi gífurlegir vaxtarmöguleikar sem ekki megi kasta fyrir róða. Í þeirri stöðu, sem atvinnulífið er í, er það auðvitað hreint glapræði að ráðast til atlögu við greinina. Miklu nær væri að vernda hana og styrkja. Ekki veitir af í þeirri hörðu samkeppni sem þessi iðnaður á í við erlenda samkeppnisaðila. Sú hækkun, sem fyrirhuguð skattlagning mun leiða af sér, mun trúlega draga úr komum erlendra ferðamanna til landsins og því draga úr gjaldeyristekjum, auka atvinnuleysið og setja rekstrargrundvöll aðila í greininni í verulega hættu. Það er því skoðun 4. minni hluta að þessi skattlagning muni snúast upp í andhverfu sína og leiða til stórtjóns fyrir þjóðarbúið en ekki til tekjuauka. Með hliðsjón af þessu telur 4. minni hluti ekki stætt á öðru en leggja til að þessi þáttur frumvarpsins verði felldur. Fjórði minni hluti mun hins vegar ekki flytja neinar breytingartillögur við frumvarpið en styður fram komnar breytingartillögur við þennan þátt þess.

Virðisaukaskattur á innanlandsflug er vanhugsuð aðgerð og hefur sá skattur með réttu verið kallaður landsbyggðarskattur enda liggur það í augum uppi að hann leggst þyngst á þá sem lengst búa frá höfuðborginni. Auk þess er þarna um að ræða stóraukna skattlagningu á íþróttahreyfinguna í landinu þar sem fáir nota innanlandsflugið meira en íþrótta- og ungmennahreyfingin. Þá mun þessi skattur tvímælalaust veikja stöðu innlendrar ferðaþjónustu og virka sem hvati til utanlandsferða. Það hefur verið upplýst á fundum nefndarinnar að líkleg afleiðing skattlagningarinnar er niðurfelling flugs til ákveðinna staða, t.d. Sauðárkróks, þannig að ljóst er að ekki einungis mun þjónustan hækka stórlega heldur verður hún stórlega skert.

Fjórði minni hluti leggst gegn breytingartillögu 1. minni hluta um upptöku markaðsgjalds. Tekjur af því gjaldi eiga að renna til Útflutningsráðs. Fjórði minni hluti telur að aðilar að Útflutningsráði eigi að bera þann kostnað en ekki aðrar óskyldar atvinnugreinar. Markaðsgjaldið er veltuskattur sem leggst á allar atvinnugreinar í landinu. Því vaknar spurning um hvort aðstöðugjaldið sé að ganga aftur.

Fjórði minni hluti styður upptöku tveggja þrepa virðisaukaskatts á matvæli enda hefur hann frá upphafi barist gegn matarskattinum. Sá frestur, til áramóta, sem gefinn er til að aðlaga sig hinu nýja kerfi, er á hinn bóginn allt of stuttur og styður 4. minni hluti því breytingartillögu 3. minni hluta um frestun á upptöku þessa nýja þreps um tvo mánuði þótt æskilegra væri að lengri frestur væri gefinn. Að lokum skal bent á að allur undirbúningur varðandi upptöku þessa skatts hefur verið í molum hjá ríkisstjórn, fjármálaráðaneyti og skattyfirvöldum. Fjórði minni hluti lýsir fullri ábyrgð á því hvernig til tekst með framkvæmdina á hendur þessum aðilum.

Alþingi, 16. des. 1993.

Ingi Björn Albertsson.

428. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Frumvarpið hefur verið til umfjöllunar á tveimur þingum og fengið allítarlega athugun í allsherjarnefnd.

Í frumvarpinu ægir saman ýmsum breytingum sem talið er nauðsynlegt að gera á lögum er varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Annar minni hluti gagnrýnir harðlega slíkan sóðaskap í lagasetningu. Óhjákvæmilegt er því að fjalla um frumvarpið lið fyrir lið þar sem engan heildarsvip er að finna á því.

Í 1., 8., 9. og 24. gr. frumvarpsins eru ákvæði er varða þau skilyrði sem sett eru fyrir atvinnuréttindum fjögurra starfsstétta: Niðurjöfnunarmanna sjótjóna, útgefenda og ritstjóra blaða og tímarita og fasteigna- og skipasala. Í umfjöllun um málið í nefndinni komu fram ábendingar um að vafi gæti leikið á því hvort ákvæði þessara greina um lögheimili standist ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsan flutning þjónustu. Samkvæmt þessum greinum er lögheimili á Íslandi gert að skilyrði fyrir þeim starfsréttindum

sem um getur í greinunum. Þeim vafa, sem upp kom, tókst ekki að eyða í umræðu innan nefndarinnar. Fram kom hjá fulltrúa utanríkisráðuneytisins, sem kom á fund nefndarinnar, að ekki mætti gera kröfu um lögheimili í einu landi EES-svæðisins umfram annað nema styðja það haldgóðum rökum. Að mati 2. minni hluta tókst ekki að taka af öll tvímæli um að einstök ákvæði fyrrnefndra greina frumvarpsins stæðust slíka skoðun. Engum er greiði gerður með því að setja ákvæði í lög sem ekkert hald er í.

Annar minni hluti vekur athygli á að í umsögn ASÍ þótti of skammt gengið í þá átt að skilyrða atvinnuréttindi samkvæmt frumvarpinu. Því þótti 2. minni hluta rétt að fá í nefndinni upplýsingar um viðhorf ASÍ til þess ef ákvæðum um lögheimili yrði sleppt úr 1., 8., 9. og 24. gr. frumvarpsins. Fram kom hjá fulltrúa ASÍ að það þætti mjög varasöm breyting á ákvæðum um atvinnuréttindi.

Annar minni hluti tekur ekki afstöðu til þess hvort og í hvaða tilvikum sé æskilegt að lögheimili á Íslandi sé skilyrði fyrir starfsréttindum hér á landi. Annar minni hluti telur að menn megi ekki blekkja sjálfa sig með því að setja í lög skilyrði sem ekki standast.

Í V. kafla frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45. 12. maí 1965. Í 16. gr. er það nýmæli að útlendingar geta samkvæmt greininni kært til dómsmálaráðherra: 1) Ákvörðun um að synja honum um dvalarleyfi. 2) Ákvörðun um brottfall eða afturköllun dvalarleyfis. 3) Ákvörðun eða úrskurður um að vísa honum úr landi. 4) Úrskurð skv. 4. mgr. 10. gr. laganna um þau tilvik þegar útlendingur sækir um pólitískt hæli hér á landi. Varðandi þetta mál er rétt að geta þess að nefndinni barst erindi frá Amnesty International um málefni pólitískra flóttamanna. Þar var bent á að nauðsynlegt væri að gæta þess við lagasetningu að ný lög eða lagabreytingar væru í fullkomnu samræmi við alþjóðlega viðurkenndar meginreglur um meðferð pólitískra flóttamanna. Nokkrar umræður urðu um þessi mál í nefndinni og var það niðurstaða hennar að ákvæði V. kafla væru í samræmi við þessar óskir að svo miklu leyti sem þau taka á þessum málum.

Í 20.–23. gr. frumvarpsins eru ákvæði sem veita ríkisborgurum innan Evrópska efnahagssvæðisins sama rétt og íslenskum ríkisborgurum að því leyti sem það er nauðsynlegt til að nýta þau réttindi sem samningurinn veitir til frjálsra fólksflutninga, staðfestu og þjónustustarfsemi. Jafnframt þeirri miklu opnun er haldið skilyrðislausri heimild ráðherra til að víkja frá skilyrðum 1. mgr. 1. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966. Er full ástæða til að fella hana niður eða þrengja mjög, m.a. með tilliti til ákvæða 68. gr. stjórnarskrárinnar.

Í athugasemdum með frumvarpinu er sagt að ráðherra setji nánari reglur um til hvaða fasteigna réttur íbúa Evrópska efnahagssvæðisins nái en engar tillögur um það liggja fyrir og því er ekki ljóst hvaða hindranir verða af þeim. Það sést a.m.k. af frumvarpi sem landbúnaðarráðherra hefur lagt fram, en ekki mælt fyrir, um að ekki sé heimilt að mismuna íbúum Evrópska efnahagssvæðisins og íslenskum ríkisborgurum við kaup á jörðum eins og áður hafði verið gefið í skyn.

Ljóst er að í ýmsum greinum þessa frumvarps er farið út á ystu nöf lagasetningar, í fyrsta lagi með því að leggja til að sett verði lög sem álitamál er hvort standist og í öðru lagi eru dómsmálaráðherra í einstökum greinum gefnar allt of rúmar heimildir til að setja nánari ákvæði í reglugerð. Lagasetning af því tagi er ekkert annað en framsal löggjafarvaldsins til framkvæmdarvaldsins og mótmælir 2. minni hluti slíkri lagasetningu.

Alþingi, 16. des. 1993.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, frsm. Jón Helgason. Ólafur Þ. Þórðarson.

Kristinn H. Gunnarsson.

429. Tillaga til þingsályktunar [297. mál]

um Norðurstofnun á Akureyri.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að sett verði á fót á Akureyri Norðurstofnun sem hafi það hlutverk að stuðla að sem öflugustum rannsóknum innlendra aðila á norðurslóðum og alþjóðlegri þátttöku Íslendinga í málum er varða heimskautssvæðið.

Meðal verkefna stofnunarinnar verði eftirfarandi:

— að vera íslensk miðstöð fyrir norðursamstarf og rannsóknir;
— að safna og miðla upplýsingum um heimskautamálefni;
— að eiga hlut að og skipuleggja rannsóknir sem m.a. varða umhverfisvernd í norðurhöfum;
— að samræma innlenda og alþjóðlega þátttöku Íslendinga í rannsóknum á norðurslóð;
— að annast tengsl við hliðstæðar miðstöðvar og stofnanir erlendis og laða þær til samstarfs;
— að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og aðra um norðurmálefni.

Stofnunin heyri undir umhverfisráðuneytið og verði að meginhluta kostuð af íslenska ríkinu. Hún skal rækta tengsl og samvinnu við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknastofnanir.

Sett verði á fót föst samvinnunefnd um norðurmálefni skipuð fulltrúum tilnefndum af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Veðurstofu Íslands, Vísindaráði, svo og formanni sem umhverfisráðherra skipi án tilnefningar. Samvinnunefndin velji tvo úr sínum hópi í stjórn Norðurstofnunar auk formanns.

Miðað verði við að Norðurstofnun hefji starfsemi í ársbyrjun 1996.

Greinargerð.

Vaxandi þýðing heimskautamálefna.

Heimskautasvæðin hafa að undanförnu fengið mjög aukna þýðingu í alþjóðasamstarfi, sérstaklega norðurskautssvæðið. Ástæður þessa eru margar en mestu skiptir þó minnkandi spenna á hernaðarsviði við lok kalda stríðsins. Í ræðu, sem Gorbatsjov fyrrum forseti Sovétríkjanna flutti í Murmansk árið 1987, hvatti hann til samvinnu á norðurslóðum og var boðskapur hans eins konar inngangur að því breytingaskeiði sem fylgdi í kjölfarið í málefnum norðurslóða. Meðal áfanga í aukinni samvinnu heimskautalanda má nefna stofnun Alþjóðaráðs norðurvísinda (IASC) 1990, Rovaniemi-samstarfið á sviði umhverfismála 1991, samvinnu um Barentshafssvæðið frá ársbyrjun 1993 og Norðurráðstefnuna á vegum Norðurlandaráðs í ágúst 1993, en hún var haldin í Reykjavík.

Tillagan, sem hér er flutt um íslenska miðstöð fyrir norðurmálefni, tekur mið af þessum breytingum og nauðsyn þess að Íslendingar taki fastar en hingað til á þeim málum er snerta norðurslóðir á sviði rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.

Þekking Íslendinga og rannsóknir á norðurslóðum.

Minna má á að í fornum ritum íslenskum er margan fróðleik að finna um norðurslóðir og að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar bjuggu Íslendingar ásamt Grænlendingum yfir mestri vitneskju Evrópuþjóða um norðanvert Atlantshaf og Norður-Íshafið. Í Landnámabók segir um ferð Garðars Svavarssonar: „Hann kom at landi fyrir utan Horn et eystra; þar var þá fjögurra dægra haf til Svalbarða norðr í hafsbotn, en dægrsigling er til óbyggða á Grænalandi ór Kolbeinsey norðr.“ Í vesturátt náði þekking Íslendinga allt til Vínlands eins og fram kemur í heimildum um siglingu Leifs heppna.

Á síðustu áratugum 19. aldar hófust rannsóknir á hafsvæðum norðan Íslands og stóðu að þeim einkum Danir og Norðmenn. Þegar kom fram á 20. öld hófu íslenskir náttúrufræðingar rannsóknir á íslenskum hafsvæðum, fyrst Bjarni Sæmundsson og síðar Árni Friðriksson. Eigin sjórannsóknir byrjuðu Íslendingar árið 1947. Árið 1937 gerðust Íslendingar aðilar að Alþjóðahafrannsóknaráðinu og síðar fleiri alþjóðastofnunum á sviði hafrannsókna. Hafa íslenskir vísindamenn átt samvinnu við ýmsar þjóðir um rannsóknir á hafsvæðunum í grennd við Ísland og er framlag þeirra orðið mikið á sviði haffræði og fiskifræði. Vorið 1960 áttu Íslendingar hlut að rannsóknum sex þjóða á hafsvæðinu milli Íslands og Færeyja en megintilgangur þeirra rannsókna var að kanna rennsli kalds djúpsjávar úr Norður-Íshafi í Atlantshaf á þessum slóðum. Síðan hefur aðild Íslendinga að fjölþjóðlegum hafrannsóknum aukist til muna auk eigin rannsókna sem taka að hluta til hafsvæðanna norður af landinu.

Á sviði veðurfræði og hafísfræða hafa Íslendingar lagt talsvert af mörkum fyrr og síðar. Má þar nefna frá fyrri tíð heimildasöfnun og ritsmíðar Þorvalds Thoroddsens um hafískomur og frásagnir í fornum sögum og Konungsskuggsjá. Í jöklafræðum hafa Íslendingar staðið framarlega á alþjóðavísu allt frá dögum Þórðar Þorkelssonar Vídalíns og Sveins Pálssonar. Íslenskir vísindamenn hafa á 20. öld unnið nokkuð að rannsóknum á Grænlandi og komið við á Jan Mayen. Ekki verður þó sagt að Íslendingar hafi til þessa lagt mikið af mörkum til eiginlegra heimskautarannsókna utan Íslands. Er þá ekki meðtalinn hlutur Vestur-Íslendingsins Vilhjálms Stefánssonar.

Samstarf um heimskautsmálefni með aðild Íslands.

1. Alþjóðaráð norðurvísinda (IASC).

Undirbúningur að stofnun þess hófst 1987 og voru Íslendingar þátttakendur í fundum þar að lútandi frá byrjun. Ráðið var stofnað 1990 af hinum átta norðurheimskautslöndum, en til þeirra teljast átta fullvalda ríki, þ.e. Bandaríkin (vegna Alaska), Danmörk (vegna Grænlands), Finnland, Ísland, Kanada, Noregur, Rússland og Svíþjóð. Að auki eiga nú aðild að IASC sex önnur ríki, þ.e. Bretland, Frakkland, Holland, Japan, Pólland og Þýskaland, sem öll láta sig norðurslóðir miklu varða og hafa um langt skeið átt þar hlut að rannsóknum. Átta ríkja hópurinn myndar svæðisnefnd (Regional Board) sem fjallar um sérhagsmuni norðurskautslandanna en annars starfa löndin fjórtán saman í ráði (Council) sem er aðalvettvangur starfseminnar.

IASC er fjölfaglegt ráð þar sem aðild eiga vísindaakademíur eða rannsóknaráð viðkomandi landa. Hérlendis er Vísindaráð aðili að IASC. Magnús Magnússon prófessor er forseti IASC frá hausti 1993. Meðal verkefna á starfssviði ráðsins má nefna:

— þróun samræmdrar áætlunar vegna rannsókna á umhverfisbreytingum á jörðinni að því er varðar norðurskautssvæðið; sett verður á fót skrifstofa og ráðið starfslið til að vinna að þessari áætlun í Arctic Centre í Rovaniemi í Finnlandi á kostnað finnska ríkisins;
— mótun samvinnuverkefna á sviði mannvísinda og félagsvísinda á norðurslóðum;
— alþjóðlega samvinnu um jarðeðlisfræðilega kortlagningu og gagnasöfnun á botni Norður-Íshafsins;
— samvinnu um athuganir á jöklum á norðurslóðum;
— rannsóknir á áhrifum ósóneyðingar á vistkerfi norðurskautssvæðisins;
— aðstoð við Rússland frá vestrænum ríkjum vegna þátttöku í norðurrannsóknum.

Íslenskir vísindamenn eiga aðild að ýmsum verkefnum sem nú eru á dagskrá hjá nefndinni.

Skrifstofa IASC er í Ósló, kostuð af norska ríkinu, og miðstöðvar fyrir einstök verkefni víðar.

2. Rovaniemi-samstarf norðurskautsríkja í umhverfismálum.

Umhverfisráðherrar norðurskautsríkjanna átta undirrituðu þann 14. júní 1991 yfirlýsingu í Rovaniemi í Finnlandi um víðtækt samstarf í umhverfismálum á norðurslóðum. Þar er m.a. gert ráð fyrir samvinnu um vísindarannsóknir vegna umhverfismála, mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda, stöðugum upplýsingum um breytingar á umhverfi, sérstöku vöktunar- og matsverkefni vegna mengunar á norðurslóðum (Arctic Monitoring and Assessment Programme, AMAP), svo og verndun sjávarauðlinda og verndun plöntu- og dýralífs á norðurskautssvæðinu. Í undirbúningi er alþjóðleg ráðstefna sem halda á um síðasttalda verkefnið hér á landi.

AMAP-verkefnið hefur hingað til skilað mestum árangri af þessu samstarfi en það felst í mælingum og mati á ástandi umhverfis á norðurslóð og magni mengunarefna. Tekur verkefnið einkum til mengunar af völdum þrávirkra lífrænna efna, þungmálma og geislavirkra efna, svo og sýringar. Einnig er fylgst með loftslagsbreytingum og breytingum á fjölbreytni lífvera. Norðmenn hafa lagt verkefninu til skrifstofuaðstöðu í Ósló og starfa þar þrír starfsmenn. Von er á fyrstu heildstæðu skýrslunni um ástand umhverfis á norðurslóðum árið 1996.

Lögð er áhersla á þátttöku frumbyggja í þessu samstarfi.

Ráðherrafundir innan Rovaniemi-samstarfsins eru haldnir annað hvert ár og var annar fundur ráðherranna haldinn í Nuuk á Grænlandi í september 1993.

3. Víðtæk samvinna á Barentssvæðinu.

Á fundi í Kirkenes 11. janúar 1993 undirrituðu utanríkisráðherrar sex ríkja: Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs, Rússlands og Svíþjóðar, ásamt fulltrúa framkvæmdastjórnar EB, yfirlýsingu um víðtæka samvinnu á Barentssvæðinu. Með henni er stofnað sérstakt Barentsráð (evró-arktískt) sem stýra á samstarfinu undir forustu utanríkisráðherra landanna sem koma munu saman einu sinni á ári.

Markmið samstarfsins á að vera að stuðla að sjálfbærri þróun á svæðinu með hliðsjón af Ríó-yfirlýsingunni og Dagskrá 21 frá UNCED-ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó 1992. Ráðið á að vera vettvangur til að fjalla um tvíhliða og fjölþjóðlegt samstarf á sviði efnahagsmála, viðskipta, vísinda og tækni, ferðaþjónustu, umhverfismála, samgangna, mennta- og menningarmála, svo og verkefna sem varða bættar aðstæður frumbyggja á svæðinu.

Sérstök svæðisvinnunefnd með fulltrúum frá fylkjum í Norðvestur-Rússlandi, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi hefur verið sett á fót til að fjalla um samvinnu á fylkjagrundvelli þvert á landamæri innan Barentssvæðisins.

Samstarf þetta virðist einkum miða að því að draga Murmansk og önnur nyrstu fylki Rússlands inn í samvinnu við Norðurlönd sem sótt hafa um aðild að Evrópubandalaginu. Aðild framkvæmdastjórnar EB að Barentsráðinu hefur sætt talsverðri gagnrýni innan Norðurlanda, ekki síst í Norður-Noregi.

Norðurkollu-samstarf skandinavísku landanna heldur áfram óháð Barents-ráðinu en á árinu 1992 fengu fulltrúar frá Murmansk og Arkangelsk áheyrnaraðild að Norðurkollu-nefndinni.

4. Vísindaverkefni UNESCO á norðurslóðum innan „Man and the Biosphere" (MAB).

Yfir 100 ríki Sameinuðu þjóðanna eiga hlut að MAB-rannsóknarverkefnum sem beinast einkum að því að kanna áhrif mannlegra athafna á vistkerfi jarðar, tengsl fjárfestinga og auðlindanýtingar og viðbrögð fólks og samfélaga við umhverfisáreiti. Öll Norðurlönd hafa MAB-áætlanir í gangi og eru þær skipulagðar af MAB-nefndum í hverju landi. Samvinnu var komið á um MAB-vísindaverkefni á norðurslóðum 1984.

MAB-verkefni á norðurslóðum beinast m.a. að vistkerfum við birkiskógamörk, aðlögun plantna að aðstæðum sífrera og breytingum á umhverfi túndra, árekstrum milli mismunandi landnýtingar, atvinnuháttum frumbyggja og stofnun sérstakra verndarsvæða í þágu rannsókna.

MAB-nefndin hérlendis er á vegum Rannsóknaráðs ríkisins en fulltrúi hennar út á við er Halldór Þorgeirsson, starfsmaður hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

5. Norræn samvinna um norðurmálefni og ráðstefnan í Reykjavík.

Norræn samvinna á norðursvæðum hefur lengi verið til staðar í ýmsu formi en þó takmörkuð m.a. vegna ólíkrar stefnu í öryggismálum á tímum kalda stríðsins.

Norðurkollu-nefndin sem stofnað var til árið 1971 er samvinnuvettvangur vegna nyrstu héraða Noregs, Svíþjóðar og Finnlands.

Vestnorrænu samstarfi Færeyja, Íslands og Grænlands var komið á innan ramma Norðurlandaráðs árið 1985. Er það í senn samstarf ríkisstjórna/heimastjórna og þingmanna og má heimfæra mörg viðfangsefni þess undir heimskautamálefni.

Þá hefur samstarf Norðurlanda í umhverfismálum beinst í vaxandi mæli að norðurslóðum, ekki síst að því er varðar norðaustanvert Atlantshaf og Norður-Íshaf en engin skýr mörk verða dregin milli þessara hafsvæða.

Norðurráðstefnan í Reykjavík í ágúst 1993 markaði viss þáttaskil í starfi Norðurlandaráðs að heimskautamálum. Á ráðstefnunni voru flutt gagnmerk yfirlitserindi um norðurslóðir og frumbyggja þeirra og skipst var á skoðunum um samstarfsverkefni og samstarfsform. Þingmenn frá tíu þingum norðurskautslanda sóttu ráðstefnuna en þó engir frá Bandaríkjaþingi og dró það úr árangri hennar. Í lokasamþykkt ráðstefnunnar er að finna fjölmargar ábendingar og tillögur sem beint er til ríkisstjórna landanna. Þar var jafnframt samþykkt að stofna til samstarfs fulltrúa frá þingum landa á norðurslóðum með því að setja á fót fastanefnd þingmanna. Er nú unnið að því að koma þessu samstarfi á fót.

Eftir að ráðstefnan var haldin hafa komið fram þingmannatillögur í Norðurlandaráði um að norræna ráðherraráðið og ríkisstjórnir Norðurlanda beiti sér fyrir aðgerðum til að tryggja sjálfbæra þróun á norðurslóðum og til að vinna gegn hættum af völdum kjarnorku.

6. Tillaga um Norðurskautsráð.

Kanadamenn hafa öðru hverju allt frá 1971 hvatt til nánari samvinnu norðurskautslanda og 1989 setti forsætisráðherra Kanada fram hugmynd um stofnun Norðurskautsráðs (Arctic Council). Tillaga um slíkt Heimskautsráð var síðan sett fram af utanríkisráðherra Kanada 1990 og gerir hún ráð fyrir að aðild að ráðinu eigi fulltrúar ríkisstjórna norðurskautsríkjanna átta, svo og að frumbyggjar geti verið þátttakendur. Ráðinu er ætlað að fjalla um umhverfismál og efnahagsleg og félagsleg málefni með sjálfbæra þróun á norðurslóðum að markmiði. Gert er ráð fyrir árlegum fundum ráðsins og sveigjanlegum starfsramma og að mál á dagskrá verði aðeins afgreidd með samkomulagi.

Tillagan um Norðurskautsráðið er áfram til umræðu, var m.a. kynnt og rædd á Norðurráðstefnunni í Reykjavík 1993. Virðist hún njóta víðtæks stuðnings stjórnvalda nema hjá Bandaríkjastjórn sem hefur verið henni andvíg til þessa og virðast herfræðileg sjónarmið liggja þar að baki.

7. Northern Forum.

Það eru alþjóðasamtök fylkja og landsvæða á norðurhveli sem hafa á stefnuskrá sinni að vinna að bættum ákvörðunum í stjórnun norðlægra svæða með skiptum á reynslu og hugmyndum. Samtökin voru stofnuð 1991 í framhaldi af þriðju norðursvæðaráðstefnunni. Héldu þau fyrstu ráðstefnu sína í Tromsö haustið 1993.

Heimskautamálefni í nágrannalöndum.

Innan Norðurlanda hafa Danmörk og Noregur mesta reynslu á sviði heimskautarannsókna, Danmörk vegna tengsla sinna við Grænland og Noregur vegna legu sinnar og yfirráða á Svalbarða og brautryðjendastarfs að heimskautarannsóknum á norðurslóðum og á Suðurskautslandinu. Vestanhafs eru Kanadamenn lengi búnir að stunda heimskautarannsóknir enda liggja nær 40% af kanadísku landi norðan heimskautsbaugs. Hér verður litið stuttlega á skipan heimskautamálefna í Noregi og Kanada.

Norsk Polarinstitutt fékk núverandi nafn árið 1948 en rætur þess liggja allt aftur til ársins 1906 þegar fyrsti norski vísindaleiðangurinn var gerður út til Svalbarða. Stofnunin heyrði í fyrstu undir norska verslunarráðuneytið en frá 1979 er hún hluti af umhverfisráðuneytinu. Meginverkefni Norsk Polarinstitutt er samkvæmt nýlegri stefnumörkun að vinna að því að heimskautssvæðin séu meðhöndluð sem best og samkvæmt alþjóðlegum kröfum um sjálfbæra þróun. Verkefni stofnunarinnar samkvæmt þessu eru einkum:

— að vera ráðgjafi stjórnvalda í heimskautamálum,
— að byggja upp og viðhalda þekkingu og færni með eigin rannsóknum,
— að vinna að kortlagningu heimskautasvæða,
— að viðhalda þverfaglegu umhverfi með samvinnu innan lands og á alþjóðavettvangi,
— að örva framlag annarra stofnana til rannsókna á heimskautasvæðum,
— að samræma fræðilegar áherslur og samvinnu við önnur lönd um heimskautarannsóknir.

Niðurstaða nýlegrar úttektar á málefnum og framtíð Norsk Polarinstitutt varð einróma sú að viðhalda því óskiptu sem ríkisstofnun. Umhverfisráðuneytið norska gerir ráð fyrir að meginákersla í starfi stofnunarinnar tengist hagnýtum verkefnabundnum rannsóknum og umhverfisvernd. Jafnframt hefur verið ákveðið að efla stofnunina, flytja aðsetur hennar frá Ósló til Tromsö og styrkja um leið starfsemi hennar á Svalbarða. Á árinu 1993 voru fjárveitingar til Norsk Polarinstitutt 77 milljónir norskra króna (um 800 millj. ísl. kr.) og stöðuheimildir 58 (52 fastar stöður), þar af 14 stöður vísindamanna. Stofnuninni er skipt í fjórar fagdeildir: rannsóknadeild, kortadeild, vettvangsdeild og stjórnunar- og upplýsingadeild. Samtals voru unnin 252 ársverk í norskum heimskautarannsóknum á árinu 1991 að talið er, þar af rösk 80% á sviði náttúruvísinda.

Í Kanada er önnur skipan höfð á en í Noregi enda landið stórt og langtum fjölmennara. Lengst af öldinni voru rannsóknir á norðurslóðum í Kanada lítið samræmdar og samstarf í molum milli rannsóknarmanna og samskipti við frumbyggja. Því skipaði alríkisstjórnin nefnd árið 1985 til að gera tillögur til úrbóta og skilaði hún tillögum í skýrslu sem bar heitið Kanada og heimskautavísindi (Canada and Polar Science). Megintillögur nefndarinnar voru að sett yrði á fót Kanadísk heimskautarannsóknastjórn (Canadian Polar Research Commission) og efnt til upplýsingaátaks og samvinnu milli íbúa norðursvæða og rannsóknaaðila til að ákvarða forgangsröðun rannsóknaverkefna. Jafnframt skyldu settar á fót miðstöðvar til að koma á framfæri upplýsingum um heimskautarannsóknir.

Prófessor við Trent-háskóla í Ontarió fékk síðan það verkefni að vinna úr tillögum nefndarinnar og á grundvelli þessara tillagna voru sett lög um Kanadísku heimskautastjórnina (Canadian Polar Commission) í febrúar 1991. Í henni eiga sæti tólf fulltrúar (Board of Directors) skipaðir til þriggja ára og geta þeir sett á fót starfshópa og nefndir. Skrifstofur heimskautastjórnarinnar eru í Ottawa og í Yellowknife í Norður-Kanada og sinna þær m.a. tengslum og upplýsingamiðlun.

Heimskautastjórninni er m.a. ætlað að hafa yfirlit yfir alla vísindastarfsemi tengda heimskautasvæðum, meta gæði og stöðu kandadískrar rannsóknastarfsemi á þessu sviði, styðja við frumkvæði í rannsóknum, veita upplýsingar og vera kanadískum stjórnvöldum, vísindastofnunum og iðnaði til ráðgjafar um stefnumótun er tengist heimskautamálefnum.

Meginfjármögnun til starfsemi heimskautastjórnarinnar kemur frá kanadíska ríkinu. Samvinna á að vera við ýmsar rannsóknastofnanir, einkum í Norður-Kanada og fylkisstjórnir. Heimskautastjórnin á að ýta undir alþjóðlegt samstarf um heimskautamálefni og hún sér um aðild Kanada að Alþjóðanefndinni um vísindarannsóknir á norðurslóðum (IASC).

Samhliða þessu hafa kanadísk stjórnvöld komið til móts við kröfur frumbyggja í Norðaustur-Kanada um sérstakt landsvæði (territory of Nunavat) þeim til handa. Fær Nunavat-svæðið, sem tekur yfir meira en fimmtung af flatarmáli Kanada og er að meiri hluta til byggt Inúítum, víðtæka sjálfsstjórn frá 1999 að telja samkvæmt samningi.

Mengun, olíuvinnsla og nýting sjávarauðlinda.

Staðbundin og aðborin mengun er vaxandi áhyggjuefni þeirra sem fylgjast með málefnum norðurskautssvæðisins. Kemur þar margt við sögu. Lífræn þrávirk klórkolefnasambönd eins og PCB og DDT eru sá mengunarvaldur sem lífríkinu stafar hvað mest hætta af, svo og af þungmálmum. Rekstur kjarnorkuvera, kjarnorkuúrgangur sem varpað hefur verið í hafið, starfsemi endurvinnslustöðva úr geislavirkum úrgangi, tilraunasprengingar og umferð kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta, sumpart búnum kjarnavopnum, skapar stöðuga og geigvænlega hættu fyrir umhverfi norðurslóða og afkomu þeirra þjóða sem lifa af sjávarfangi. Sýring andrúmslofts og úrkomu ógnar einnig lífi á stórum heimskautasvæðum. Þá munu loftslagsbreytingar vegna aukinnar mengunar af völdum gróðurhúsalofttegunda að líkindum koma verst niður á lífsskilyrðum á heimskautasvæðum.

Olíuleit og hugmyndir um olíuvinnslu taka nú þegar til Norður-Íshafsins, jafnvel allt norður á 78. breiddargráðu. Margir hafa af þessu áhyggjur vegna hættu á umhverfisspjöllum af olíuvinnslu sem yrðu til muna alvarlegri við þær aðstæður sem ríkja á norðlægum slóðum. Setlagamælingar hafa þegar verið gerðar norður af Íslandi, á Jan Mayen svæðinu og við Austur-Grænland. Fjölmörgum spurningum þarf að svara áður en til greina gæti komið að leyfa olíuvinnslu á þessum slóðum. Slík umræða er nú hafin vegna Barentshafs þar sem líkur eru taldar á miklum olíulindum og jarðgasi undir hafsbotni.

Norður-Íshafið er að stórum hluta þakið ís allt árið, en útbreiðsla hans er breytileg eftir árstíma og hafstraumum. Landgrunnssvæðin út frá meginlöndunum eru mikið til íslaus og standa undir mikilli framleiðni þar sem nóg er af næringarefnum vegna blöndunar hlýrra og kaldra strauma. Þessi umhverfisskilyrði eru hins vegar miklum breytingum háð og af því leiðir miklar sveiflur í lífrænni framleiðni og afrakstri fiskstofna sem margir hverjir sækja sér fæðu í norðurhöf en hrygna langtum sunnar, eins og þorskur og loðna eru dæmi um. Við sveiflur í framleiðni bætist tegundafæð en hvort tveggja veldur óstöðugleika og hættu á ofveiði og hruni í einstökum stofnum. Þekking á þessum náttúruskilyrðum og vistkerfi sjávar er undirstaða sjálfbærrar nýtingar á sjávarauðlindum og víðtækar hafrannsóknir í norðurhöfum eru því lífsnauðsyn fyrir þær þjóðir sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi. Jafnframt er það úrslitaatriði að bægja frá skaðlegri mengun og koma í veg fyrir loftslagsbreytingar af mannavöldum, m.a. eyðingu ósonlagsins.

Helstu verkefni íslenskrar Norðurstofnunar.

Af framansögðu má vera ljós þörfin fyrir sérstaka stofnun hérlendis sem sinni málum er varða norðurslóðir. Fáar þjóðir eru jafnnátengdar norðurskautssvæðinu og Íslendingar. Landið liggur á mörkum þess og kaldtempraða beltisins og hálendi Íslands og annes á norðanverðu landinu bera ótvíræðan norðurhjarasvip. Drjúgur hluti náttúrurannsókna hér á landi getur í raun flokkast undir heimskautarannsóknir en lítið hefur verið gert að því að fella þær inn í slíkt samhengi.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin undirbúi að sett verði á fót Norðurstofnun á Akureyri innan tveggja ára eða í ársbyrjun 1996. Meginhlutverk hennar verði að stuðla að sem öflugustum rannsóknum innlendra aðila á norðurslóðum og alþjóðlegri þátttöku Íslendinga í málum er varða norðurskautssvæðið. Nánar er kveðið á um helstu verkefni Norðurstofnunar í tillögunni en þar er engan veginn um tæmandi upptalningu að ræða.

Samkvæmt hugmyndum flutningsmanns yrði skipulag og samræming rannsókna og aðild að rannsóknum drjúgur þáttur í starfi Norðurstofnunar. Um yrði að ræða rannsóknir er fram færu hérlendis og á hafsvæðum innan íslenskrar lögsögu en einnig rannsóknir utan hennar með þátttöku í fjölþjóðlegum rannsóknarverkefnum og leiðöngrum. Hafa ber í huga að þótt náttúrufræðisvið séu óhjákvæmilega fyrirferðarmikil í heimskautarannsóknum taka þær nú orðið til flestra fræðasviða, m.a. mannfræði og félagsfræði, heilbrigðisfræða og lífeðlisfræði, fornminja og tæknigreina. Aðstæður á norðurslóðum kalla á aðlögun margvíslegrar tækni og búnaðar að heimskautaskilyrðum en þær orka einnig á manninn líkamlega og andlega með sértökum hætti eins og raunar á aðrar tegundir lífvera. Þá ber að geta pólitískra mála er varða réttindi og nýtingu auðlinda á norðlægum slóðum eins og við höfum rækilega verið minnt á nýverið vegna Barentshafs og Svalbarðasvæðisins.

Starfssvið og vettvangur íslenskrar Norðurstofnunar mun að sjálfsögðu þróast og taka breytingum. Þó er ekki óeðlilegt að líta svo til að auk heimskautarannsókna hér innan lands séu það hafsvæðin norður af landinu milli Austur-Grænlands annars vegar og Jan Mayen og Svalbarða hins vegar sem sjónir okkar beinist öðru fremur að. Það sem gerist í náttúrufari þessa víðlenda svæðis hefur fyrr en varir bein og óbein áhrif hér á landi. Umrædd landsvæði liggja líka betur við rannsóknum héðan en víðast hvar annars staðar frá.

Staðsetning og umfang.

Norðlægt svipmót hér á landi er meira áberandi í lífríki norðanlands en sunnan heiða og á það bæði við um gróður og dýralíf. Þá er Dumbshafið skammt undan Norðurlandi og auðveldara að gera skip út þaðan til rannsókna. Reglubundnar flugsamgöngur til Austur-Grænlands hafa um langt skeið verið frá Akureyri og þaðan er skemmra til könnunarflugs yfir íshafssvæðin en frá landinu sunnanverðu. Meðal annars af þessum ástæðum er eðlilegt að velja Norðurstofnun aðsetur á Akureyri. Á það er einnig að líta að tilkoma slíkrar stofnunar fellur einkar vel að því rannsóknaumhverfi sem er í mótun á Akureyri. Þar getur stofnun sem þessi haft stuðning af vaxandi vísindarannsóknum innan Háskólans á Akureyri, frá rannsóknastofnunum á sviði sjávarútvegs, svo og frá nýstofnuðu setri Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Áherslu ber að leggja á að hér er um landsstofnun að ræða sem kostuð yrði af framlögum úr sameiginlegum sjóði. Fljótlega ætti hún að geta aflað nokkurra tekna fyrir hagnýta þjónustu, svo og fyrir útseld verkefni. Tilkoma slíkrar stofnunar ætti að greiða fyrir samstarfi innlendra aðila er láta sig heimskautamálefni varða, auðvelda mjög samstarf við erlendar rannsóknarstofnanir og því mundi vafalaust fylgja þátttaka erlendis frá í fjármögnun ýmissa verkefna.

Eðlilega verður spurt hver þurfi að vera stærð Norðurstofnunar í byrjun og um umfang starfseminnar, m.a. vegna áætlana um stofn- og rekstrarkostnað. Á þessu stigi er ekki hægt að fullyrða um slík atriði, en þau mundu skýrast við þann undirbúning sem tillagan gerir ráð fyrir.

Til viðmiðunar mætti hér nefna sex stöðugildi, þar af helming stöður sérfræðinga með háskólamenntun. Um húsrými fer m.a. eftir hvort um samstarf og samnýtingu gæti verið að ræða við aðra og má til viðmiðunar hafa 200 fermetra gólfrými. Miðað við þessar forsendur væri launakostnaður nálægt 17 millj. kr. og árlegur húsnæðiskostnaður um 1 millj. kr. Ef annar árlegur kostnaður, m.a. vegna búnaðar, ferða og rannsóknarverkefna, næmi 7 millj. kr. væri hér alls um 25 millj. kr. veltu að ræða á verðlagi í árslok 1993. Á móti gæti komið einhver tilfærsla á verkefnum frá öðrum stofnunum, svo og sértekjur í vaxandi mæli eftir því sem stofnuninni vex fiskur um hrygg. Vissulega er ekki útilokað að hefja starfsemi Norðurstofnunar innan þrengri ramma, en slíkt þarf að skýrast við frekari undirbúning.

Þá gæti einnig komið til greina að innlendar rannsóknastofnanir leggi Norðurstofnun til verkefni og fjármagn og hún verði eins konar sameignarstofnun þeirra og ríkisins. Félli það og vel að hugmyndinni um samvinnunefnd rannsóknastofnana sem tillagan gerir ráð fyrir.

Samvinnunefnd og stjórn.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að sett verði á fót samvinnunefnd um norðurmálefni, skipuð fulltrúum þeirra rannsóknastofnana sem nú þegar sinna eða tengjast verkefnum á sviði norðurslóðarannsókna. Í samvinnunefndinni verði þannig fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum stofnunum:

— Vísindaráði sem hingað til hefur séð um tengsl vegna norðurrannsókna,
— Háskóla Íslands en innan hans eru vísindamenn sem lagt hafa talsvert af mörkum til slíkra rannsókna,
— Háskólanum á Akureyri sem er að eflast sem rannsóknastofnun,
— Hafrannsóknastofnun sem vinnur reglubundið að athugunum á hafsvæðum norður af landinu og hefur einnig aðstöðu nyrðra,
— Náttúrufræðistofnun Íslands eða setri hennar á Akureyri,
— Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem sinnir ýmsum norðurhjararannsóknum og stendur að starfsemi í Eyjafirði,
— Veðurstofu Íslands sem m.a. vinnur að hafísathugunum og loftgæðarannsóknum.

Formaður samvinnunefndarinnar yrði skipaður af umhverfisráðherra.

Með þessari skipan er leitast við að tryggja víðtæk tengsl og samstarf um málefni Norðurstofnunar.

Lagt er til að samvinnunefndin kjósi úr sínum hópi tvo menn í stjórn Norðurstofnunar auk formanns nefndarinnar sem jafnframt verði formaður stjórnar. Vel má hugsa sér að fulltrúar einstakra stofnana skiptist á um stjórnaraðild.

Nú um skeið hafa forráðamenn þjóða í norðanverðri Evrópu litið mest í suðurátt og eru Íslendingar í þeim hópi. Mál er að horfa til fleiri átta og þar er norðrið nærtækt og örlagavaldur í lífi þjóðarinnar fyrr og síðar. Brýnt er að efla þekkingu okkar á norðurslóðum til að geta stuðlað að sjálfbærri þróun á þessu svæði sem miklu varðar um afkomu Íslendinga.

Fylgiskjal.

Norðurskautssvæðið



430. Frumvarp til laga [298. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

1. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara veitir landbúnaðarráðherra heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Nú heimilar ráðherra innflutning landbúnaðarvara og er honum þá heimilt að leggja á þann innflutning verðjöfnunargjöld til að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara í samræmi við 3. mgr.

Ráðherra ákveður með reglugerð á hvaða landbúnaðarvörur, þar með taldar unnar vörur sem innihalda landbúnaðarhráefni, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, skuli leggja verðjöfnunargjöld við innflutning. Verðjöfnun á unnum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra. Ráðherra ákveður upphæð gjaldanna. Sér til ráðuneytis skal ráðherra skipa nefnd þriggja manna, einn án tilnefningar, annan tilnefndan af fjármálaráðherra og hinn þriðja tilnefndan af viðskiptaráðherra. Nefndin skal afla upplýsinga um verð sem álagning gjaldanna miðist við en jafnframt tryggja nauðsynlegt samráð milli ráðuneyta þannig að þess sé gætt að samanlögð álagning innflutningsgjalda sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda.

2. gr.

73. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni. Ráðherra ákveður með reglugerð þær vörur sem verðjöfnun tekur til og hver endurgreiðslan skuli vera.

Sama nefnd og um ræðir í 3. mgr. 72. gr. skal vera ráðherra til ráðuneytis um ákvörðun verðjöfnunar við útflutning.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og fríverslunarsamninga sem Ísland hefur gert og varða m.a. verslun með landbúnaðarafurðir. Þar eð ekki liggur endanlega fyrir hvaða lagabreytingar eru nauðsynlegar til að geta uppfyllt þær skuldbindingar sem felast í væntanlegum GATT-samningi var ákveðið að frekari endurskoðun á innflutningsákvæðum búvörulaganna eigi sér stað á árinu 1994 með hliðsjón af þeim samningi.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að landbúnaðarráðherra veiti heimild til innflutnings í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum. Þetta ákvæði er nýmæli og er fyrst og fremst tekið mið af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en er jafnframt nauðsynlegt til að unnt sé að uppfylla fríverslunarsamninga sem búið er að gera eða unnið er að.

Landbúnaðarráðherra fær jafnframt heimild til að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar búvörur, unnar sem óunnar. Hann skal þó við ákvörðun gjaldanna hafa sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna skipaða fulltrúum fjármálaráðherra, landbúnaðarráðherra og viðskiptaráðherra. Þá er ákvæði um að ráðherra skuli bera ágreiningsefni upp í ríkisstjórninni áður en ákvörðun er tekin um upphæð gjaldanna.

Í 2. gr. frumvarpsins er veitt heimild til að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni eins og gert er ráð fyrir í bókun 3 með EES-samningnum.

431. Nefndarálit [277. og 278. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum, og frv. til l. um iðnaðarmálagjald.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málin og með vísan til 1. mgr. 30 gr. þingskapa skilar hún einu áliti um þau bæði. Frumvörpin eru flutt vegna þess að aðstöðugjald, sem hefur verið notað sem gjaldstofn bæði iðnlánasjóðsgjalds og iðnaðarmálagjalds, hefur verið fellt niður. Með frumvarpinu er gjöldunum markaður nýr gjaldstofn.

Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Finn Sveinbjörnsson, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneytinu, Pál Ásgrímsson, lögfræðing í sama ráðuneyti, og Svein Hannesson, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins. Þá barst nefndinni afrit af bréfi Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja þar sem lýst er stuðningi við frumvarpið.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins en þeir nefndarmenn, sem rita undir álitið með fyrirvara, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 16. des. 1993.

Svavar Gestsson, form., með fyrirvara.	Pálmi Jónsson, frsm.	Tómas Ingi Olrich.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Guðjón Guðmundsson.	Valgerður Gunnarsdóttir.
Kristín Einarsdóttir, með fyrirvara.	Elín R. Líndal, með fyrirvara.	Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.

432. Lög [83. mál]

um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 398 með þessum breytingum:

53. gr. hljóðar svo:
Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 21/1990, og er henni þá rétt að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli vera skv. 11. gr. nefndra laga. Sjúkratryggingar hafa einnig sama rétt til að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli vera skv. 11. gr. nefndra laga.

66. gr. hljóðar svo:
Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.

67. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þó skulu ákvæði laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, um slysatryggingu ökumanna gilda til 31. desember 1993.

433. Lög [84. mál]

um félagslega aðstoð.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 399 með þessari breytingu:

14. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

434. Nefndarálit [296. mál]

um till. til þál. um viðbrögð vegna starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um hana Össur Skarphéðinsson umhverfisráðherra, Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneytinu, og Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í sama ráðuneyti.

Nefndin vekur athygli á nauðsyn þess að stuðlað sé að nánu samstarfi við aðrar þjóðir þegar mótmælt er við Breta útgáfu starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield. Þá leggur nefndin áherslu á að nýtt séu öll ákvæði Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum í því skyni að bresk stjórnvöld falli frá áformum sínum. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu, sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali, og hvetur til að tillagan, þannig breytt, verði kynnt sendiherra Breta á Íslandi þegar hann verður kallaður á fund starfandi utanríkisráðherra eins og fyrirhugað er og verði fylgt eftir með þeim ráðum sem tiltæk eru.

Alþingi, 16. des. 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Jón Helgason.	Guðmundur Bjarnason.
Árni R. Árnason.	Geir H. Haarde.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

435. Breytingartillaga [296. mál]

um till. til þál. um viðbrögð vegna starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield.

Frá utanríkismálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega ákvörðun breskra stjórnvalda 15. desember 1993 að veita THORP-endurvinnslustöðinni fyrir geislavirkan kjarnorkuúrgang starfsleyfi og ganga þannig gegn samþykkt aðildarríkja Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum sem gerð var í Berlín í júní 1993.

Alþingi væntir þess að ríkisstjórnin grípi til skjótra viðbragða í tilefni þessarar ákvörðunar sem ógnar lífshagsmunum íslensku þjóðarinnar vegna áhrifa á lífríki hafsins og nýtingu auðlinda þess.

436. Þingsályktun [296. mál]

um viðbrögð vegna starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega ákvörðun breskra stjórnvalda 15. desember 1993 að veita THORP-endurvinnslustöðinni fyrir geislavirkan kjarnorkuúrgang starfsleyfi og ganga þannig gegn samþykkt aðildarríkja Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum sem gerð var í Berlín í júní 1993.

Alþingi væntir þess að ríkisstjórnin grípi til skjótra viðbragða í tilefni þessarar ákvörðunar sem ógnar lífshagsmunum íslensku þjóðarinnar vegna áhrifa á lífríki hafsins og nýtingu auðlinda þess.

437. Skýrsla [299. mál]

forsætisráðherra um meðferð ályktana 113. og 115. löggjafarþings.

Í skýrslu þeirri sem hér er lögð fram eru teknar saman upplýsingar, sem ráðuneytin hafa veitt, um framkvæmd þingsályktana frá 113. og 115. löggjafarþingi, á verksviði hvers þeirra um sig. Á 114. löggjafarþingi var aðeins samþykkt ein ályktun, um frestun á fundum Alþingis, en ekki þykir tilefni til að gera sérstaka grein fyrir framkvæmd slíkra ályktana, né heldur ályktana um vegaáætlun og ályktunar um flugmálaáætlun.

Á 112. löggjafarþingi gaf forsætisráðherra, samkvæmt ósk nokkurra þingmanna, skýrslu um framkvæmd þingsályktana frá 1. janúar 1985 til 20. maí 1989. Á 113. löggjafarþingi gaf forsætisráðherra síðan að eigin ósk skýrslu um meðferð ályktana næstliðins löggjafarþings. Í framhaldi af þessum skýrslum og með vísan til 1. mgr. 45. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, óskar forsætisráðherra að gera Alþingi nú grein fyrir meðferð þeirra ályktana Alþingis sem samþykktar voru á 113. og 115. löggjafarþingi.

FORSÆTISRÁÐUNEYTI

1. Efling heimilisiðnaðar.

Hinn 25. febrúar 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að kanna, í samráði við fræðsluyfirvöld, samtök listamanna og Heimilisiðnaðarfélag Íslands, hvernig efla megi heimilisiðnað hér á landi.

Helstu markmið verði eftirfarandi:

a. Að kanna stöðu heimilisiðnaðar og minjagripagerðar á landsbyggðinni.
b. Að leita uppi gamlan fróðleik um gerð ýmissa þjóðlegra muna með það að markmiði að þjóðleg handíð varðveitist og þróist áfram.
c. Að kanna hvernig veita megi faglega ráðgjöf með því að efna til námskeiða þar sem kunnáttufólk leiðbeini um rétt vinnubrögð og handtök við gamla heimilisiðnaðinn og mikilvægi þess að nota hráefni sem er sérstakt fyrir Ísland.
d. Að leggja sérstaka áherslu á vinnslu íslensku ullarinnar, t.d. með því að standa fyrir tóvinnunámskeiðum.
e. Að sækja aðstoð til hönnuða og hugmyndasmiða í leit að nýsköpun í heimilisiðnaði.
f. Að aðstoða fólk við fjármögnun og markaðssetningu.
g. Að hafa samstarf við atvinnumálaráðgjafa þar sem þeir eru starfandi.

Greinargerð:

Nefnd um eflingu heimilisiðnaðar var skipuð í apríl 1991. Nefndin hélt hátt á þriðja tug funda og skilaði skýrslu til forsætisráðherra í lok nóvembermánaðar 1992. Byggðastofnun lagði nefndinni til starfsaðstöðu og starfsmann.

Í skýrslu nefndarinnar er m.a. fjallað um hvernig varðveita megi gamla handverksmenningu og hvernig nýta megi þessa þekkingu og það hráefni, sem til staðar er, til nýsköpunar í atvinnumálum. Auk þess að gera tillögur um úrbætur í kennslu- og skólamálum, gerir nefndin margvíslegar tillögur um hvernig aðstoða megi handverksmenn og smáfyrirtæki sem fást við listhandverk og minjagripagerð. Er í því sambandi lagt til að stuðlað verði að því að meðferð hráefnis, svo sem ullar, verði bætt; fagleg ráðgjöf, sérstaklega sú er lýtur að hönnun og vöruþróun, verði efld; athugað verði hvort hægt sé að koma á nettengingu smáfyrirtækja og samstarfi í sölumálum; auk þess sem kannað verði hvernig bæta megi rekstrargrundvöll handverksfólks og smáfyrirtækja. Megintillaga nefndarinnar er að sett verði á stofn sérstök hönnunarmiðstöð er hafi það hlutverk að fylgjast með og aðstoða við uppbyggingu smáiðnaðar, listiðnaðar og minjagripagerðar. Samkvæmt tillögunni skal miðstöðin m.a. annast verkmenntarannsóknir, námskeiðahald, hönnun og gæðamat, safna upplýsingum, gögnum og hugmyndum um handverk og listhandiðnað, og aðstoða einstaklinga og smáfyrirtæki við sölu og markaðssetningu á handverksmunum. Skýrslan var send fjölda aðila til kynningar og fróðleiks.

Ríkisstjórnin ákvað síðastliðið sumar að ráðstafa einum milljarði króna til atvinnuskapandi aðgerða og var þá jafnframt ákveðið að veita 20 m.kr. til eflingar heimilis- og listiðnaðar. Í forsætisráðuneytinu fer nú fram undirbúningur að ráðstöfun þessa fjár í samvinnu við fulltrúa Byggðastofnunar, Heimilisiðnaðarfélags Íslands og formann nefndar um eflingu heimilisiðnaðar. Byggir sú vinna í stórum dráttum á tillögum nefndarinnar og er ráð fyrir því gert að komið verði á fót hönnunar- og miðlunarmiðstöð, sem rekin verði til reynslu í þrjú ár, og hafi það að meginmarkmiði sínu að aðstoða þá sem fást við handverk ýmiss konar.

2. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990.

Hinn 18. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum 4. september 1990.

Greinargerð:

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins voru eftirfarandi:

1. *Landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands kanni hvort grundvöllur sé fyrir sameiginlegum samningaviðræðum um útflutning fiskafurða til landa Evrópubandalagsins.*

Þessi hluti þingsályktunarinnar var sendur utanríkisráðuneytinu með bréfi forsætisráðuneytis, dags. 10. maí 1991. Greinargerð um meðferð þessarar tillögu er að finna í kafla utanríkisráðuneytis, 14. tölulið.

2. *Landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands vinni að því að komið verði á árlegum, skipulegum kennara- og nemendaskiptum milli grunn- og framhaldsskóla í öllum aðildarlöndunum.*

Þessi hluti þingsályktunarinnar var sendur menntamálaráðuneytinu með bréfi forsætisráðuneytis, dags. 10. maí 1991. Greinargerð um meðferð þessarar tillögu er að finna í kafla menntamálaráðuneytis, tölulið 4.1.

3. *Ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands hafi frumkvæði að samningu námsefnis um samfélagsaðstæður, menningu og lífsskilyrði í Færeyjum og á Grænlandi og á Íslandi. Námsefnið verði samið til notkunar í skólum landanna í því skyni að auka upplýsingar og gagnkvæma kynningu þeirra þjóða sem byggja þessi lönd.*

Þessi hluti þingsályktunarinnar var sendur menntamálaráðuneytinu með bréfi forsætisráðuneytis, dags. 10. maí 1991. Greinargerð um meðferð þessarar tillögu er að finna í kafla menntamálaráðuneytis, tölulið 4.2. .

4. *Vestnorrænu löndin meti möguleika á samningum þeirra á milli um gjaldlausar landanir svo fiskiskip geti óheft selt afla sinn í löndunum þremur.*

Þessi hluti þingsályktunarinnar var sendur samgönguráðuneytinu með bréfi forsætisráðuneytis, dags. 10. maí 1991. Greinargerð um meðferð þessarar tillögu er að finna í kafla samgönguráðuneytis, 9.1 tölulið.

5. *Vestnorrænu löndin hefji þegar viðræður um hvernig unnt sé með sameiginlegum aðgerðum að takmarka selastofninn svo að aftur náist vistfræðilegt jafnvægi í sjónum.*

Þessi hluti þingsályktunarinnar. var sendur sjávarútvegsráðuneytinu með bréfi forsætisráðuneytis, dags. 10. maí 1991. Greinargerð um meðferð þessarar tillögu er að finna í kafla sjávarútvegsráðuneytis, 2.1 tölulið.

6. *Ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands hugleiði möguleika á samræmingu á reglum um æskulýðsferðir á Vestur-Norðurlöndum, hugsanlega með „Nordrejsekortet" að fyrirmynd, og kanni einnig möguleika á að samræma þessar reglur reglunum um „Nordrejsekortet". Vísað er til ályktana nr. 2/86 og 3/87.*

Þessi hluti þingsályktunarinnar var sendur menntamálaráðuneytinu með bréfi forsætisráðuneytis, dags. 10. maí 1991. Greinargerð um meðferð þessarar tillögu er að finna í kafla menntamálaráðuneytis, tölulið 4.3.

7. *Ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Grænlands og Færeyja hefji viðræður um að fjarskiptahljóðvarp og sjónvarpsnet landanna verði bætt svo að allir búi við sömu aðstæður í fjarskiptum.*

Þessi hluti þingsályktunarinnar var sendur samgönguráðuneytinu með bréfi forsætisráðuneytis, dags. 10. maí 1991. Greinargerð um meðferð þessarar tillögu er að finna í kafla samgönguráðuneytis, 9.2 tölulið.

3. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991.

Hinn 13. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Qaqortoq á Grænlandi 7. ágúst 1991.

Greinargerð:

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991 lutu einkum að starfssviði forsætisráðuneytisins og málum er undir það heyra. Forsætisráðherra, sem ráðherra byggðamála, skipar fulltrúa Íslands í NERP (Norrænu embættismannanefndina í byggðamálum), sem fer m.a. með stjórn og fjárveitingar til svæðasamstarfs í byggðamálum, þ.m.t. samstarfsins á Vestur-Norðurlöndum. Þá tilnefnir forsætisráðherra fulltrúa og varamann í stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda og tvo nefndarmenn í Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda. Hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir stöðu mála í tengslum við einstakar samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991. Samgönguráðuneyti var falin meðferð tillögu undir 6. tölulið.

1. *Landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að reglum þeim, sem gilda um Þróunarsjóð Vestur-Norðurlanda, verði breytt í því skyni að unnt verði að veita áhættulán til atvinnustarfsemi í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi.*

Síðan ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991 voru samþykktar hefur Lánasjóður Vestur-Norðurlanda sett reglur um nýjan lánaflokk þar sem gert er ráð fyrir

mun hærri afskriftum lána en gerist með almenn lán. Afskriftahlutfall þessara lána er 15%, en almennra lána 4%, og því ljóst að gert er ráð fyrir meiri áhættu í þessum nýja lánaflokki. Einnig hafa verið veitt víkjandi lán, þ.e. lán sem falla niður ef ekki verður framhald á þeim verkefnum sem lánin eru ætluð til. Er hér um nokkurs konar áhættulánaflokk að ræða, en lán úr honum eru fyrst og fremst veitt til forathugana, kannana o.s.frv., með möguleika á frekari lánafyrirgreiðslu á almennum kjörum.

2. *Landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að áframhaldandi starfsemi ferðamálanefndar Vestur-Norðurlanda verði tryggð með norrænum fjárframlögum og fjárframlögum frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi.*

Starfsemi Ferðamálanefndar Vestur-Norðurlanda hefur verið fjármögnuð af Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda og ferðamálaráðum Íslands, Grænlands og Færeyja. Framlög Samstarfsnefndar Vestur-Norðurlanda til ráðsins vega þarna langþyngst, en á síðustu tveimur árum hafa þau numið u.þ.b. 11 milljónum króna. Er þar um nokkra hækkun að ræða frá fyrri árum.

3. *Landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að staða vestnorrænu nefndarinnar (samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda) innan skipulags norræns samstarfs verði metin í því skyni að gera nefndina eins hæfa og mögulegt er til að sinna þeim störfum sem fylgja auknu samstarfi Vestur-Norðurlanda.*

Á vegum NERP var gerð úttekt á starfsemi Samstarfsnefndar Vestur-Norðurlanda á árinu 1991. Úttekt þessi var unnin af Nordlandsforskning-stofnuninni í Noregi og í skýrslu hennar er fjallað um skipulag og starfstilhögun nefndarinnar.

Fulltrúar Íslands í nefndinni, sem skipaðir voru að hausti ársins 1991, hafa beitt sér fyrir framgangi margra þeirra tillagna sem fram komu í skýrslunni. Í framhaldi af því var NERP sent uppkast að samþykktum um starfsemi hennar, þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk og markmið nefndarinnar, endurskoðun ársreikninga, útgáfu ársskýrslu, umsóknarferli o.fl. Ekki er vafi á að nauðsynlegt var að skerpa á áherslum í starfi nefndarinnar og setja henni afdráttarlausari verklagsreglur.

Staða nefndarinnar innan norræns samstarfs var til umræðu í skýrslu nefndar staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda er starfaði undir forystu Jóns Júlíussonar, staðgengils samstarfsráðherra Norðurlanda. Í skýrslunni eru gerðar tillögur um umfangsmiklar breytingar á skipulagi vestnorræns samstarfs innan vébanda Norðurlandaráðs. Þessar breytingatillögur hafa verið til umræðu í forsætisráðuneyti, en í heild sinni hafa þær ekki hlotið samþykki.

4. *Að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands feli þeim ráðherrum, sem fara með norræn samstarfsmál, meðferð vestnorrænna samstarfsmála ríkis- og landsstjórnanna og framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins.*

Almennt er þeim ráðherra, sem ríkisstjórnin tilnefnir til að vera samstarfsráðherra, falið að fara með mál er varða hið vestnorræna samstarf, a.m.k. á einhverju stigi málsmeðferðar þeirra. Á hinn bóginn er rétt að taka fram að ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins varða málefni á verksviði einstakra fagráðuneyta, þ. á m. forsætisráðuneytis, sem fer með byggðamál. Að landsrétti og í samræmi við 3. gr. starfsreglna Norrænu ráðherranefndarinnar er það því á valdi einstakra fagráðherra að vísa til samstarfsráðherra samstarfsmálum og öðrum málum sem hafa grundvallarþýðingu fyrir norrænt samstarf. Til að fylgja ofangreindri ályktun eftir mun ráðuneytið þó athuga, hvort fela megi skrifstofu Norðurlandamála, sem brátt mun færast undir yfirstjórn forsætisráðuneytis, að fylgjast sérstaklega með framvindu ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins.

5. *Landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands tryggi fjármögnun vegna þeirra þriggja ráðstefna sem Vestnorræna þingmannaráðið ályktaði árið 1989 um að haldnar yrðu árið 1992. Vísað er til ályktunar Vestnorræna þingmannaráðsins nr.*

4/1989, en þar ályktaði Vestnorræna þingmannaráðið um að árið 1992 yrði vestnorrænt ár og þá yrði sérstök áhersla lögð á jafnrétti kvenna og karla, umhverfismál og ungt fólk. Ráðstefnur yrðu haldnar um jafnréttismál á Íslandi, um umhverfismál á Grænlandi og ungmennaráðstefna yrði haldin í Færeyjum. Fjármagn til þessa yrði tryggt og fulltrúar landanna þriggja tilnefndir til að undirbúa vestnorræna árið.

Á fjárlögum ársins 1992 voru veittar 3.2 m.kr. til vestnorrænnar kvennaráðstefnu sem haldin var á Egilsstöðum sumarið 1992. Þá veitti menntamálaráðuneyti styrk vegna listviðburða á ráðstefnunni að fjárhæð 100.000,- kr. Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins veitti styrk til verkefnisins að fjárhæð 250.000,- kr. og Jafnréttisráð Íslands lagði undirbúningsnefnd og starfsmanni ráðstefnunnar til starfsaðstöðu. Einnig var ráðstefnan styrkt af Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda.

6. *Landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands beiti sér fyrir því að samningur sá, sem samgönguráðherrar Færeyja, Grænlands og Íslands gerðu í desember 1990 um samstarf um samgöngumál, kæmi strax til framkvæmda.*

Greinargerð um meðferð þessarar tillögu er að finna í kafla samgönguráðuneytis, tölulið 10.1.

4. Skipun nefndar til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks.

Hinn 19. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Nefndin skal skipuð fulltrúum dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðs fólks. Skal nefndin kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi.

Greinargerð:

Nefndin var skipuð af forsætisráðherra í lok apríl sl. og eiga sæti í henni tilnefndir fulltrúar Samtakanna '78 (2 fulltrúar) og tilnefndir fulltrúar ráðuneyta menntamála, dóms- og kirkjumála og félagsmála. Formaður nefndarinnar, skipaður án tilnefningar af forsætisráðherra, er Sigurður Júlíus Grétarsson, dósent í sálfræði við Háskóla Íslands. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur ljáð nefndinni starfsmann og forsætisráðuneytið starfsaðstöðu. Nefndin hefur haldið 9 fundi og hefur starf hennar til þessa einkum falist í að skilgreina verkþætti, öflun gagna og úrvinnslu á þeim. Miðað er við að nefndin skili áliti í aprílmánuði nk. og að á grundvelli þess verði tekin afstaða um framhald málsins.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

1. Staðfesting samnings um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum.

Hinn 17. desember 1990 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT) sem gerður var í Lundúnum 3. september 1976.

Greinargerð:

Samningurinn var staðfestur 26. mars 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1991.

2. Fullgilding bókunar við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Hinn 17. desember 1990 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda aðra valfrjálsa bókun um afnám dauðarefsingar við samninginn frá 19. desember 1966 um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem gerð var í New York 15. desember 1989.

Greinargerð:

Bókunin var fullgilt 2. apríl 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1991.

3. Fullgilding Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga.

Hinn 17. desember 1990 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga sem gerður var í Strassborg 15. október 1985.

Greinargerð:

Samningurinn var fullgiltur 25. mars 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1991.

4. Samningur um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

Hinn 17. desember 1990 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu sem gerður var í París 29. maí 1990.

Greinargerð:

Samningurinn var fullgiltur 6. febrúar 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1991.

5. Fullgilding samnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

Hinn 17. desember 1990 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga sem gerður var í Strassborg 28. janúar 1981.

Greinargerð:

Samningurinn var fullgiltur 25. mars 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1991.

6. Stuðningur við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna.

Hinn 19. desember 1990 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að ítreka stuðning sinn við sjálfstæðisbaráttu Litáens og minnir á að íslensk stjórnvöld hafa viðurkennt sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litháens óslitið frá 1922 eins og Alþingi og ríkisstjórn Íslands hafa staðfest.

Alþingi áréttar ályktun frá 12. mars 1990 þar sem lýst var yfir því að sjálfsákvörðunarréttur þjóða með lýðræðislega kjörin þing væri grundvöllur frjálsra samskipta þjóða í milli og stuðlaði að heimsfriði.

Alþingi leggur áherslu á að afar mikilvægt er að jákvæð niðurstaða fáist í sérstökum

viðræðum Eystrasaltsríkjanna við stjórn Sovétríkjanna eins og fram kom í ræðu forsætisráðherra á leiðtogafundinum í París 19. og 20. nóvember 1990. Alþingi telur að á meðan Eystrasaltsríkin hafa ekki fengið fulla viðurkenningu á sjálfstæði sínu vanti enn mikið á að settar hafi verið niður deilur í Evrópu.

Alþingi leggur áherslu á rétt Eystrasaltsríkjanna til sjálfsákvörðunar og lýsir yfir stuðningi við allar friðsamlegar aðgerðir til að leysa ágreining þeirra og Sovétríkjanna. Alþingi lýsir yfir stuðningi við boð íslenskra stjórnvalda um Reykjavík sem fundarstað til viðræðna milli aðila og beinir því til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að finna farsæla lausn á sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna.

Greinargerð:

Í byrjun ársins 1991 gerði her Sovétríkjanna tilraun til að brjóta á bak aftur sjálfstæðishreyfingu Eystrasaltsríkjanna. Starfandi utanríkisráðherra Íslands kallaði sovéska sendiherrann á sinn fund af þessu tilefni og mótmælti harðlega yfirgangi sovéskra stjórnvalda. Þessu var fylgt eftir með samþykkt þingsályktunar á Alþingi 14. janúar 1991. Ísland tók einnig þátt í ályktun Norður-Atlantshafsráðsins um málið. Fulltrúi Íslands á ráðstefnu RÖSE (Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu) um friðsamlega lausn deilumála vakti máls á ástandinu 16. janúar og sama dag átti sendiherra Íslands í Sovétríkjunum fund með Boris Jeltsin vegna þessara atburða. Utanríkisráðherra Íslands veitti sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna stuðning með heimsókn sinni til ríkjanna 18. til 21. janúar 1991. Sovéski sendiherrann var enn einu sinni kvaddur í utanríkisráðuneytið 21. janúar. Að loknum ríkisstjórnarfundi 23. janúar var birt sérstök stefnuyfirlýsing um Eystrasaltsríkin þar sem m.a. var boðað til formlegra viðræðna við litháísk stjórnvöld um stjórnmálasamband Íslands og Litháen. Samdægurs gekk sendiherra Íslands í Sovétríkjunum á fund embættismanna í sovéska utanríkisráðuneytinu og afhenti orðsendingu íslenskra stjórnvalda, þar sem óskað var skýringa á athöfnum sovéska hersins í Lettlandi og Litháen og vísað til mannréttindasamþykkta RÖSE. Ennfremur tók fulltrúi Íslands til máls um sama efni á fundi háttsettra embættismanna RÖSE í Vín dagana 28. og 29. janúar 1991.

Forsætisráðherrar Íslands og Eistlands áttu fund í Reykjavík 21. febrúar 1991 og þá var ítrekað boð íslenskra stjórnvalda um hugsanlega milligöngu milli Eystrasaltsríkjanna og Sovétríkjanna. Hinn 12. apríl sama ár kallaði utanríkisráðherra Íslands sendiherra Sovétríkjanna á sinn fund og afhenti honum lagalega greinargerð um skýringar á afstöðu íslenskra stjórnvalda til sjálfstæðis Eystrasaltsríkjanna. Degi síðar samþykktu Eystrasaltsríkin ályktun þar sem íslensk stjórnvöld eru beðin um milligöngu við skipulag og framkvæmd viðræðna þeirra við sovésk stjórnvöld.

Íslenskir og litháískir embættismenn héldu fund 14. og 15. maí 1991 til undirbúnings viðskiptasamningi ríkjanna. Fulltrúi Íslands tók aftur upp málefni Eystrasaltsríkjanna á fundi háttsettra embættismanna RÖSE í Prag 23. maí og sem oft áður fjallaði utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkjanna um þau á fundi utanríkisráðherra ríkjanna í Kaupmannahöfn 6. og 7. júní 1991. Hinn 4. júní mótmæltu íslensk stjórnvöld ofbeldisverkum sovéskra hermanna í Eystrasaltsríkjunum. Tvíhliða viðskiptasamningur var gerður á milli Íslands og Litháen 5. ágúst í Vilnius.

Þegar harðlínumenn létu til skarar skríða 19. ágúst 1991 brugðust íslensk stjórnvöld skjótt við og vöktu sérstaka athygli á stöðu Eystrasaltsríkjanna á ýmsum vettvangi. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna voru málefni Eystrasaltsríkjanna m.a. til umfjöllunar í mannréttindaráðinu og tók fastafulltrúi Íslands í Genf þátt í því starfi. Ísland var m.a. meðflytjandi að tillögu er gagnrýndi harðlega framferði sovéskra stjórnvalda. Tillagan var síðan dregin til baka en að lokum var samþykkt formannstillaga um málið, án atkvæðagreiðslu. Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt veitt Eystrasaltsríkjunum stuðning á ýmsum öðrum sviðum.

7. Fordæming á ofbeldisaðgerðum sovésks herliðs í Litháen.

Hinn 14. janúar 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fordæma harðlega ofbeldisaðgerðir sovésks herliðs gegn litháísku þjóðinni og lýðræðislega kjörinni ríkisstjórn hennar. Alþingi skorar á stjórnvöld í Sovétríkjunum að hætta þegar í stað hvers konar beitingu hervalds í samskiptum við Eystrasaltsríkin og flytja herlið sitt brott þegar í stað. Aðgerðir Sovéthersins undanfarna daga eru brot á þeim grundvallarreglum í samskiptum ríkja sem felast í gagnkvæmum skuldbindingum Helsinki-lokasamþykktar aðildarríkja ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og í beinni andstöðu við Parísaryfirlýsingu aðildarríkjanna um nýja Evrópu frá nóvember 1990.

Alþingi lýsir þeirri skoðun sinni að engin lausn sé viðunandi á málefnum Eystrasaltsríkjanna önnur en fullt og óskorað sjálfstæði þeirra.

Alþingi skorar á þjóðir heims, og ríki Vesturlanda sérstaklega, að veita Eystrasaltsríkjunum þann stuðning sem þau þurfa til að endurheimta sjálfstæði sitt.

Alþingi vekur athygli á þeim miklu vonum sem bundnar eru við varanlegan frið í Evrópu í kjölfar þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og varar við alvarlegum afleiðingum þess að sjálfsákvörðunarréttur þjóða sé fótum troðinn.

Greinargerð:

Greint er frá aðgerðum íslenskra stjórnvalda í lok 6. töluliðar hér að framan.

8. Málefni Litháens.

Hinn 11. febrúar 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að staðfesta að viðurkenning ríkisstjórnarinnar frá 1922 á sjálfstæði lýðveldisins Litháens er í fullu gildi.

Alþingi styður ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 23. janúar 1991 um að verða við ósk lýðræðislega kjörinna stjórnvalda í Litháen um viðræður um stjórnmálasamband.

Alþingi felur ríkisstjórninni að leiða málið til lykta með því að taka upp stjórnmálasamband við Litháen svo fljótt sem verða má.

Greinargerð:

Utanríkisráðherra ítrekaði í bréfum, dags. 22. ágúst 1991, til utanríkisráðherra Eystrasaltsríkjanna, viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi ríkjanna og Ísland varð fyrst allra ríkja til þess að taka upp stjórnmálasamband við Eistland, Lettland og Litháen á fundi utanríkisráðherra ríkjanna þriggja og Íslands, sem haldinn var í Reykjavík 26. ágúst 1991.

9. Fullgilding á alþjóðasamþykkt nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini.

Hinn 13. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini sem gerð var á 59. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 24. júní 1974.

Greinargerð:

Samþykktin var fullgilt 21. júní 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1991.

10. Fullgilding á alþjóðasamþykkt nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

Hinn 18. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 22. júní 1981.

Greinargerð:

Samþykktin var fullgilt 21. júní 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1991.

11. Fullgilding samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu.

Hinn 14. desember 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um hefðbundinn herafla í Evrópu sem undirritaður var í París 19. nóvember 1990.

Greinargerð:

Samningurinn var fullgiltur 24. desember 1991, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 34/1991 og 19/1992.

12. Staðfesting samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Hinn 21. desember 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samkomulag um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem undirritað var í Tammerfors 21. ágúst 1991.

Greinargerð:

Samningurinn var staðfestur 23. desember 1991 sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnatíðinda nr. 33/1991.

13. Fullgilding samnings um réttindi barna.

Hinn 13. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um réttindi barna sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 20. nóvember 1989.

Greinargerð:

Samningurinn var fullgiltur 28. október 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1992.

14. Fullgilding fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Tyrklands.

Hinn 20. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Tyrklands sem gerður var í Genf 10. desember 1991.

Greinargerð:

Samningurinn var fullgiltur 13. júlí 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda, nr. 15/1992 og 16/1992.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

1. Björgunarþyrla.

Hinn 12. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991 verði gerður samningur um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

Greinargerð:

Hinn 24. maí 1991 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að vinna að framgangi málsins. Í henni áttu sæti Björn Bjarnason, alþingismaður, sem var formaður hennar, Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Gunnar Bergsteinsson forstjóri Landhelgisgæslunnar, Róbert Trausti Árnason, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytis, og Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti. Með nefndinni störfuðu ýmsir sérfræðingar og embættismenn.

Nefndin skilaði skýrslu, sem m.a. var dreift til alþingismanna. Í skýrslunni var greinargerð um flugrekstur Landhelgisgæslu Íslands og um þyrlubjörgunarsveit varnarliðsins með sérstöku tilliti til þess, hvort mögulegt væri að kaupa björgunarþyrlu fyrir milligöngu Bandaríkjahers og á samvinnu við varnarliðið um rekstur björgunarþyrlu af sömu eða svipaðri gerð og það notar. Í samræmi við tillögu nefndarinnar könnuðu ráðuneytisstjórar dóms- og kirkjumálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis hvort möguleiki væri á samvinnu við varnarliðið um þyrlurekstur. Í ljós kom að fyrir hendi var vilji til samstarfs á tilteknum sviðum, m.a. um samnýtingu varahluta og um þjálfunarmál ef keypt yrði þyrla af sams konar gerð og varnarliðið notar.

Eftir að þetta lá fyrir hefur gangur málsins verið sem hér segir:

Hinn 5. febrúar 1992 skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra ráðgjafarhóp til að gera tillögur um val og aðstoða við kaup á hentugri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Í ráðgjafarhópinn voru skipaðir Gunnar Bergsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Leifur Magnúson, framkvæmdastjóri, Páll Halldórsson, yfirflugstjóri, dr. Þorgeir Pálsson, flugmálastjóri, og Þorsteinn Þorsteinsson, flugvélaverkfræðingur. Hópurinn skilaði niðurstöðum um val á þyrlutegund í lok apríl 1992. Niðurstaða skýrslu ráðgjafarhópsins var, að þyrlur af gerðum HH-60J (Sikorsky Jay Hawk), AS332 L1 (Super Puma) og BT 214 ST (Bell Texytron, Super Transport) uppfylltu allar þær tæknilegu hæfnis- og lágmarkskröfur, sem gera yrði til nýrrar björgunarþyrlu. Vél af gerðinni AS 332 L1 (Super Puma) kæmist næst því að uppfylla ítrustu óskir um afkastagetu og aðra tæknilega kosti nýrrar björgunarþyrlu, en HH 60J (Sikorsky) kæmi vart til greina vegna mikils rekstrarkostnaðar og var ekki talið að unnt væri að ná umtalsverðum sparnaði í rekstri með samvinnu við varnarliðið. Lagði ráðgjafarhópurinn til að leitað yrði samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands á grundvelli greinargerðar ráðgjafarhópsins og var þriggja manna viðræðunefnd (svokölluð þyrlukaupanefnd) skipuð til að vinna að kaupum á þyrlu, auk þess sem Albert Jónsson og Arnór Sigurjónsson voru tilnefndir af hálfu forsætisráðherra og utanríkisráðherra til ráðuneytis vegna viðræðna við bandarísk stjórnvöld. Skiluðu þeir Albert og Arnór skýrslu til þyrlukaupanefndar, dags. 4. nóvember 1992, þar sem gerð er grein fyrir þeim valkosti samkvæmt skjalfestum upplýsingum frá Bandaríkjaher að fá nýja þyrlu af gerðinni Sikorsky Pave Hawk (HH-60G) eins og varnarliðið notar, en sérútbúna fyrir Landhelgisgæsluna.

Síðastliðið vor kallaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið þyrlukaupanefnd saman á ný

og var henni þá falið að fara yfir fyrri skýrslu sína frá í apríl 1992 með tilliti til breytinga og nýrra upplýsinga, m.a. varðandi möguleg kaup á þyrlu af Pave Hawk gerð.

Niðurstaða síðari greinargerðar ráðgjafarhópsins, dags. 26. apríl 1993, var að ráðgjafarhópurinn studdi ekki tillögu um kaup á Pave Hawk þyrlu. Tillögur ráðgjafarhópsins frá í apríl 1992 stóðu því óbreyttar. Albert Jónsson og Arnór Sigurjónsson skiluðu dóms- og kirkjumálaráðherra athugasemdum, þar sem fram kom að þeir teldu að Pave Hawk þyrla með nauðsynlegum aukabúnaði uppfyllti tæknilegar kröfur og ætti því að koma til álita ásamt öðrum þyrlutegundum.

Hinn 4. maí sl. ákvað ríkisstjórnin að dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra skyldu leita eftir samningum um kaup á hentugri björgunarþyrlu, á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir lægju og með aðstoð þeirar viðræðunefndar sem skipuð hafði verið í samræmi við fyrri samþykkt ríkisstjórnarinnar. Með minnisblaði til dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra frá septembermánuði sl. skilaði ofangreind viðræðunefnd drögum að samningi um kaup á notaðri Super Puma þyrlu og gerði nefndin að tillögu sinni að kaupin yrðu gerð á grundvelli þeirra.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

1. Athugun á lágmarksframfærslukostnaði.

Hinn 20. desember 1990 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að vinna að athugun á lágmarksframfærslukostnaði hérlendis. Nefndin kanni meðal annars hvaða not megi hafa af framfærslu- og neyslukönnunum sem þegar hafa verið gerðar og leiti aðstoðar Hagstofu Íslands og annarra sérfróðra aðila.

Nefndin skili greinargerð um störf sín fyrir árslok 1991.

Greinargerð:

Í samráði við forsætisráðuneyti var þetta verkefni falið nefnd er hefur það verkefni að undirbúa Alþjóðaár fjölskyldunnar. Haft hefur verið samband við Hagstofu Íslands vegna málsins og er unnið að framgangi þess, en niðurstöður liggja ekki fyrir.

2. Átak gegn einelti.

Hinn 20. desember 1990 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að gert verði átak gegn einelti meðal barna og unglinga og skipa í þessu skyni samstarfshóp kunnáttufólks til að gera tillögur um úrbætur.

Greinargerð:

Í tilefni af ályktun þessari hafa tveir starfsmenn menntamálaráðuneytis og einn starfsmaður félagsmálaráðuneytis fjallað um hvernig standa mætti að máli þessu. Hinn 27. mars 1991 skiluðu þeir tillögu til ráðherranna um málsmeðferð. Í þeirri tillögu er gert ráð fyrir að menntamálaráherra og félagsmálaráðherra skipi sameiginlega starfshóp, undir formennsku fulltrúa menntamálaráðuneytis, til þess að gera áætlun um úrbætur gegn einelti. Samkvæmt tillögunni yrði starfshópnum ekki ætlað að gera tæmandi úttekt á stöðu mála með könnun og ítarlegum skýrsluskrifum, heldur fyrst og fremst að benda á leiðir til aðgerða og úrbóta.

Eins og fram kemur í tillögunni er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneyti hafi forystu um vinnslu málsins.

3. Kynning á vörum frá vernduðum vinnustöðum.

Hinn 18. febrúar samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samvinnu við Samband verndaðra vinnustaða um átak til kynningar og þróunar á framleiðslu verndaðra vinnustaða og að veitt verði fé og önnur aðstoð í þessu skyni.

Greinargerð:

Í framhaldi af ályktun þessari hefur verið haft samband við Samband verndaðra vinnustaða og þeim veittar 500.000,- kr. á árinu 1991 til vörukynningar. Samkvæmt upplýsingum formanns sambandsins voru þessir fjármunir einkum notaðir til að semja skýrslu um verndaða vinnustaði og var hún unnin af fyrrverandi forstöðumanni verndaðs vinnustaðar. Í skýrslu þessari er að finna samantekt um starfsemi vinnustaðanna og var henni dreift víða í því skyni að kynna þær vörur sem verndaðir vinnustaðir hafa upp á að bjóða.

4. Úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla.

Hinn 12. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót samstarfshópi á vegum ráðuneyta og sveitarfélaga til að gera tillögur um samræmdar aðgerðir sem miði að því að aðstoða ungmenni sem flosnað hafa upp úr skóla. Samstarfshópurinn fjalli einnig um sameiginlegar forvarnir gegn þessum vanda.

Samstarfshópurinn verði skipaður fulltrúum tilnefndum af dóms- og kirkjumála-, félagsmála-, menntamála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytunum, stærstu sveitarfélögunum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samstarfshópurinn skili niðurstöðum fyrir árslok 1991.

Greinargerð:

Hinn 16. september 1991 var framangreindur starfshópur skipaður. Í honum eiga sæti 10 fulltrúar, tilnefndir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ og Akureyrarbæ. Starfshópurinn skilaði áliti til félagsmálaráðherra, sem dagsett er 18. febrúar 1992.

Tillögur starfshópsins voru eftirfarandi:

– Við hina stærri skóla (500 nemendur eða fleiri) starfi „umboðsmaður“ nemenda. Hlutverk hans verði m.a. að sinna forvörnum, t.d. með aðstoð við nemendur sem kennarar eða skólastjórar telja að eigi við náms- eða félagslega erfiðleika að etja. Þá aðstoði umboðsmaður einnig þá nemendur sem til hans myndu leita af sjálfsdáðum. Umboðsmaður veiti nemendum þá aðstoð er hann telur þörf á í hverju tilviki og nýti í því skyni m.a. þau úrræði sem nú þegar standa til boða. Umboðsmaður verði kennari, sérhæfður í ráðgjöf, og skal hann láta í té persónulega ráðgjöf, upplýsingar og fræðslu um námsleiðir, upplýsingar og fræðslu um störf og upplýsingar og möguleika í félags- og íþróttastarfi. Persónuleg ráðgjöf taki til einkahags nemenda, s.s. vandamála varðandi nám og störf og fjármála- og samskiptaörðugleika. Umboðsmaður taki virkan þátt í félagsstarfi nemenda, þannig að nemendur fái fleiri tækifæri til þess að leita aðstoðar hans.

– Heildarskráning nemenda verði á ábyrgð og undir eftirliti einnar stofnunar. Skráning verði tíðari en nú er. Jafnframt verði það forgangsverkefni að tölvuvæða nemendaskrá grunnskóla.

– Sveigjanleiki í námi verði aukinn og gert ráð fyrir mismunandi námshraða í efri bekkjum grunnskóla. Verknámskennsla verði aukin og boðið upp á fjölbreyttara námsval. Þessi úrræði geta komið í veg fyrir uppgjöf margra nemenda er standa ekki undir þeim bóknámskröfum sem nú eru gerðar.

– Komið verði á virkara foreldrastarfi í skólum, m.a. með því að skipa bekkjartengla úr hópi foreldra. Hlutverk bekkjartengils yrði að ná sambandi við aðra foreldra, m.a. til þess að styrkja tengslin milli foreldra og skóla, þegar upp koma vandamál eins og námsleiði, áreitni, hegðunarvandamál o.s.frv.

– Komið verði á nemendaverndarráði í skólum þar sem því verður við komið. Reynt verði að virkja betur og auka samvinnu þeirra aðila, sem vinna að málefnum barna og unglinga, s.s. skólaheilsugæslu, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.

Starfshópurinn lagði jafnframt fram eftirfarandi tillögur varðandi úrbætur og aðgerðir sem þurfa að vera fyrir hendi ef í óefni er komið:

– Fulltrúar sálfræðideilda skóla og skólayfirvalda komi sér saman um úrræði eða leiðir til þess að aðstoða nemendur sem flosnað hafa upp úr skóla og eiga við sálræna, náms- og hegðunarerfiðleika að etja.

– Kanna þarf þörfina fyrir fjölgun legurýma og aðra uppbyggingu á barna- og unglingageðdeild.

– Kanna þarf nauðsyn þess að stofna sérdeild, sem útibú frá Barna- og unglingageðdeild fyrir börn og unglinga með svo alvarlega geðræna erfiðleika að etja að þau eru hættuleg sjálfum sér og umhverfi sínu.

Eftir að starfshópurinn hafði skilað niðurstöðum sínum, sendi félagsmálaráðuneyti niðurstöðurnar til menntamálaráðherra með bréfi, dags. 9. september 1992, þar sem tillögur starfshópsins lúta allar að aðgerðum sem fram færu í skólum.

Innan menntamálaráðuneytisins er nú unnið að ýmsum málum í anda tillagna starfshópsins. Unnið hefur verið að því að koma upp bættu upplýsingakerfi sem m.a. á að taka við nemendaskrám frá fræðsluskrifstofum.

Þá er í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu lagt til að komið verði á námsaðgreiningu í efstu bekkjum grunnskólans, svipað og starfshópurinn leggur til. Nefndin leggur einnig áherslu á aukið framboð verk- og listgreina á unglingastigi, þannig að komið verði betur til móts við þá nemendur sem ekki hneigjast til bóknáms.

Námsráðgjöf í unglingadeildum grunnskóla er til umfjöllunar í ráðuneytinu. Síðastliðin þrjú ár hafa verið starfandi námsráðgjafar í tilraunaskyni í nokkrum skólum og fyrir liggur að móta skýra stefnu um fyrirkomulag námsráðgjafar í framtíðinni.

5. Velferð barna og unglinga.

Hinn 9. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt og semja skýrslu um orsakir vaxandi erfiðleika og hættur fyrir börn og unglinga sem koma m.a. fram í aukinni neyslu vímuefna, sjálfsvígum, ofbeldi og öðrum afbrotum.

Til að vinna að þessu verkefni skipi ríkisstjórnin nefnd með fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi. Í starfi sínu leiti nefndin upplýsinga hjá þeim stofnunum, félagasamtökum og öðrum aðilum sem um þetta málefni hafa fjallað.

Nefndin skili skýrslu sinni og ábendingum um úrbætur svo fljótt að taka megi málið til meðferðar á næsta Alþingi í samræmi við þá niðurstöðu sem nefndin kemst að í starfi sínu.

Greinargerð:

Framangreind nefnd var skipuð af félagsmálaráðherra hinn 26. janúar 1993. Í henni eiga sæti fimm fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi. Ínefndina voru skipaðir eftirtaldir: Cecil Haraldsson, prestur, formaður. Drífa Hjartardóttir, bóndi, Drífa Kristjánsdóttir, bóndi og skólastjóri, Guðrún Helgadóttir, alþingismaður og Siv Friðleifsdóttir, sjúkraþjálfari. Nefndin skilaði áliti sínu í nóvember síðastliðnum.

Þau atriði sem nefndin fjallaði um voru m.a. staðreyndir um stöðu fjölskyldunnar hér á landi, heildaryfirsýn um málefni barna og ungmenna, félagslega þjónustu, vernd barna og ungmenna, veðmálskassa, skoðun myndefnis, íþróttir ungs fólks, menntun og skóla, áfengis- og vímuefnaforvarnir, umboðsmann barna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, svo það helsta sé nefnt.

Í skýrslunni setti nefndin fram tillögur í 17 liðum. Af því má nefna að eflt verði rannsókna- og upplýsingastarf barna og fjölskyldumála; stofnað verði embætti umboðsmanns barna; að fylgst verði rækilega með því að markmiðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verði náð; að skoðun á myndefni fái traustan grundvöll, að umdæmi barnaverndarnefnda verði stækkuð og starf þeirra eflt; að breytt verði starfsviði og viðfangsefnum heilsugæslustöðva.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

1. Virðisaukaskattssvik og „svört atvinnustarfsemi".

Hinn 4. febrúar 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna umfang virðisaukaskattssvika og „svartrar atvinnustarfsemi" á Íslandi.

Greinargerð:

Með bréfi, dags. 18. nóvember 1992, skipaði fjármálaráðherra nefnd til að leggja mat á umfang skattsvika og gera athugun á því hvaða breytingar hafa orðið á skattalögum og framkvæmd þeirra frá árinu 1985, sem kynnu að hafa haft áhrif á möguleika til skattsvika. Jafnframt var nefndinni ætlað að kanna hvaða ákvæði skattalaga gefa helst færi á skattsvikum og koma með tillögur um lagabreytingar til úrbóta.

Nefndin skilaði skýrslu í september 1993 og hafa niðurstöður hennar verið kynntar.

2. Skattaleg meðferð á lífeyrissparnaði.

Hinn 18. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu.

Greinargerð:

Efni þessarar ályktunar hefur verið til athugunar í tengslum við breytingar í skattamálum. Á árinu 1991 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að gera tillögur um samræmda skattlagningu eigna og eignatekna. Meðal viðfangsefna nefndarinnar var athugun á skattlagningu iðgjalda og lífeyris. Í skýrslu hennar er ítarleg umfjöllun um málið og þar segir m.a. orðrétt:

> Tví- eða margsköttun iðgjalda er í heild óveruleg. Af því sem inn í sjóðina rennur er einungis tekinn skattur af iðgjaldahluta launþega. Yfir helmingur tekna launþega er neðan skattleysismarka og langt í helmingur þeirra greiðir ekki tekjuskatt. Skattur er því í reynd ekki tekinn af nema mjög litlum hluta iðgjalda. Lífeyrir úr sjóðunum er byggður upp af iðgjöldum launþega, sem sætt hafa takmarkaðri skattlagningu sbr. framangreint, iðgjöldum launagreiðanda sem ekki hafa verið skattlögð og af ávöxtun iðgjaldanna sem ekki hefur verið skattlögð. Lífeyririnn er að stærstum hluta neðan skattleysismarka.
>
> Er því ljóst að við útborgun úr sjóðunum er ekki lagður skattur á tekjur sem áður hefur verið greiddur skattur af nema að mjög óverulegu leyti.

Frádráttur iðgjalda frá skattstofni hefur í því kerfi sem er hér á landi engin áhrif á skattlagningu ef miðað er við sömu heildartekjur ríkisins af tekjuskatti. Valið stendur á milli tveggja kosta breiðari skattstofns og lægra hlutfalls eða þrengri stofns og hærra hlutfalls. Niðurstaðan fyrir gjaldandann er hin sama í báðum tilvikum.

Mismunur lífeyrissparnaðar í skattalegu tilliti felst ekki í skattlagningu iðgjaldanna, heldur hinu, að ávöxtun þeirra er skattlögð, eða getur verið það við útborgun úr sjóðunum, á meðan aðrar vaxtatekjur í þjóðfélaginu eru skattfrjálsar.

Í samræmi við þetta lagði nefndin til að ekki yrði gerð breyting á skattlagningu lífeyrissparnaðar við upptöku skatts á eignartekjur. Með þeirri skattlagningu yrði mismunun skattlagningar á vexti af lífeyrissparnaði og aðra vexti eytt.

Frumvarp það, sem nefndin samdi, var ekki lagt fram en í framhaldi af yfirlýsingu, sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við kjarasamning á sl. vori, hefur frumvarp um skattlagningu vaxtatekna verið í undirbúningi og hafa þessi atriði verið í athugun því samhliða.

3. Endurgreiðsla virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna.

Hinn 20. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta endurskoða reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna og framkvæmd hennar.

Greinargerð:

Það virðisaukaskattskerfi, sem notað er í Evrópuríkjum, byggist m.a. á því að neysla vöru sé skattlögð í því landi þar sem neyslan fer fram. Af þeim ástæðum er útflutningur vöru skattfrjáls í útflutningslandi en skattlagður í innflutningslandi. Af sömu ástæðum hafa ekki þótt standa rök til að undanskilja þjónustu við ferðamenn, svo sem gistingu, veitingar, ferðir o.fl. Sérstöku máli hefur þótt gegna um kaup ferðamanna á vörum, sem þeir taka með sér úr landi, og að einhverju leyti má jafna til útflutnings. Hafa mörg lönd, þ.á.m. Ísland, sett reglur um endurgreiðslu vsk. til ferðamanna í vissum tilvikum. Fyrirkomulag þetta byggist, eins og að framan segir, á þeirri hugsun að skattlagningarvald sé í því landi, þar sem neyslan fer fram, og til þess lands renni tekjurnar. Í reynd hefur þetta hins vegar leitt til ívilnunar þar sem móttökulandið hefur oftast ívilnandi reglur við komu ferðamanna til landsins.

Þetta fyrirkomulag, sem og tollfrjáls verslun við landamæri, hefur þótt hæpið og ástæða er talin til að takmarka það. Innan Norðurlanda hefur sú regla verið í gildi um alllangt skeið að virðisaukaskattur er ekki endurgreiddur ferðamönnum. Ísland hefur verið undantekning frá þeirri reglu.

Á vettvangi Evrópuþjóða, t.d innan EB og við gerð samnings um efnahagssvæði Evrópu, hefur verið talin ástæða til að breyta fyrirkomulagi í þessum efnum. Er stefnt að því að allar takmarkanir á innflutningi ferðamanna á varningi, sem ekki er bannaður af sérstökum ástæðum, verið afnumdar um leið og endurgreiðsla skatts við landamæri og tollaívilnanir. Sameiginlegar reglur um þetta eru í mótun og meðan svo er hefur ekki verið talin ástæða til breytinga á innlendum reglum í þessum efnum.

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

1. Skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins.

Hinn 7. febrúar 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að komið verði á fót í kjördæmum landsins á næstu fjórum árum skrifstofum heilbrigðismála sem sinni m.a. verkefnum fyrir

héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Greinargerð:

Nefnd sú sem unnið hefur að endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu hefur gert tillögur til ráðherra um læknishéruð og skrifstofur héraðsráða. Þessar tillögur voru til umsagnar hjá ýmsum aðilum á sl. og þessu ári, en ráðherra hefur enn ekki tekið afstöðu til hvaða tillögur verða lagðar fram um málið.

2. Íslensk heilbrigðisáæt

Hinn 19. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að stefna í heilbrigðismálum á Íslandi fram til ársins 2000 skuli taka mið af heilbrigðisáætlun þeirri sem hér er sett fram í 32 liðum og hefur það að markmiði að bæta heilsufar þjóðarinnar.

Almenn stefna í heilbrigðismálum.

1.

Tilgangur heilbrigðisþjónustunnar er að skapa jafnrétti í heilbrigðisþjónustu, að bæta árum við lífið, heilbrigði við lífið og lífi við árin. Til þess að svo megi verða þarf að taka fullt tillit til heilbrigðissjónarmiða í þjóðfélaginu.

Ákvarðanir stjórnvalda verða ekki síður byggðar á vitneskju um heilsufarslegar afleiðingar ákvarðana en um efnahagsleg og menningarleg áhrif. Gefa þarf sérstakan gaum að þörfum þeirra sem verst eru settir og þjóðfélagshópa sem ekki njóta fyllsta jafnréttis til að öðlast heilbrigði eða njóta heilbrigðisþjónustu. Í þessu sambandi er rétt að nefna sérstaklega aldraða, þá sem þjást af langvinnum sjúkdómum sem valda verulegri fötlun og þá sem fatlaðir eru frá fæðingu.

2.

Stefnt skal að því að saman fari í heilbrigðisþjónustu ábyrgð á fjármögnun og rekstri.

Heimilt verði að gera samninga við einstaklinga, félög og samtök um að annast afmarkaða rekstrarþætti í heilbrigðisþjónustu eftir því sem hagkvæmt er talið.

Heilsugæslustöðvar og sjúkrastofnanir.

3.

Heilsugæslustöðvar skulu vera hornsteinar heilsugæslunnar hver á sínu starfssvæði í samvinnu við göngudeildir sjúkrahúsa og sérhæfðar stofnanir.

Þjónusta heilsugæslustöðva skal ná til allra landsmanna árið 1995 þannig að framkvæmd heilsugæslu verði sambærileg um land allt.

Leitast skal við að auka samstarf heilsugæslunnar við aðra aðila, svo sem fræðsluyfirvöld, félagsmálastofnanir og íþróttahreyfinguna í því skyni að auka heilsuvernd og heilsurækt.

4.

Setja skal reglur um flokkun sjúkrastofnana, verkaskiptingu og starfssvið og gera þar skýran greinarmun á sérhæfðu sjúkrahúsi, almennu sjúkrahúsi og hjúkrunarheimili.

Setja skal reglur um þjónustusvæði og hlutverk einstakra sjúkrahúsa og um mönnun þeirra.

5.

Í samræmi við ályktun Alþingis frá 7. febrúar 1991 verði á næstu fjórum árum komið á fót skrifstofum heilbrigðismála í öllum kjördæmum landsins og sinni þær m.a. verkefnum fyrir héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Heilbrigðir lífshættir.

6.

Samræma skal forvarnar- og heilbrigðisfræðslu á vegum heilbrigðisráðuneytis, landlæknis og skrifstofa heilbrigðismála í kjördæmunum þannig að hagfelld skipan komist á ráðgjöf um heilbrigða lífshætti, gerð fræðsluefnis og endurmenntun starfsliðs í heilsugæslu á þessu sviði. Þetta varðar m.a. áfengisvarnir, manneldismál, tannvernd, tóbaksvarnir, samstarfsverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um forvarnir og aðra forvarnastarfsemi eftir því sem við verður komið.

Til að stuðla að heilbrigðum lífsháttum skal lögð á það áhersla að starfslið heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa fái grundvallarmenntun í heilbrigðisfræðslu og heilsufræði til þess að geta miðlað þeim sem þangað leita.

Leita skal samvinnu við skóla og félög um að þau taki þátt í átaki fyrir heilbrigðari lífsháttum.

7.

Manneldis- og neyslustefna verði í samræmi við þingsályktun frá 19. maí 1989 og þær upplýsingar sem neyslukannanir leiða í ljós.

Enda þótt næringarástand þjóðarinnar sé talið gott þarf að tryggja að allir fái nægan mat og að í honum séu rétt hlutföll frá næringarfræðilegu sjónarmiði.

Leggja skal áherslu á framleiðslu og framboð hollrar fæðu. Auðvelda þarf fæðuval með áberandi og vel skiljanlegum upplýsingum um vörur.

8.

Draga skal úr og helst útrýma neyslu tóbaks með því að fá fólk til að byrja ekki að reykja og þá sem reykja til að hætta. Til þess að ná þessu takmarki verður að auka bæði upplýsingar og áróður og athuga sérstaklega tengsl milli reykinga og annarra lífshátta.

Koma þarf í veg fyrir að fólk, sem ekki reykir, þurfi að líða tóbaksreyk.

Verð á tóbaksvörum ætti að hækka umfram almennar verðhækkanir.

Útiloka ber áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara.

9.

Draga þarf úr almennri neyslu áfengis og útrýma ofneyslu. Leggja skal sérstaka áherslu á upplýsingastarfsemi og hefja áróður gegn slæmum drykkjusiðum. Upplýsa þarf um heilsufarslegar afleiðingar áfengisnotkunar og auka ráðgjöf, m.a. til að greina áfengisvanda á byrjunarstigi.

Stofna þarf til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka með það að markmiði að draga úr áfengisneyslu.

Verð áfengra drykkja ætti að hækka stig af stigi næstu fimm ár umfram almennar verðhækkanir, sterkt áfengi meira en létt vín og bjór hlutfallslega minnst.

10.

Skipulagðar verði varnir gegn notkun ólöglegra vímugjafa og neyslu lyfja sem vímugjafa. Upplýsa þarf um heilsufarslegar afleiðingar notkunar þessara efna. Lögð verði áhersla á samstarf við skóla, æskulýðs- og íþróttafélög og önnur þau félagasamtök sem leggja vilja

lið baráttunni gegn ólöglegum vímuefnum. Samráð verði haft milli hlutaðeigandi stjórnvalda til að draga úr framboði á ólöglegum vímugjöfum.

11.

Efla þarf aðstöðu almennings til íþróttaiðkana innan dyra og byggja í því skyni almenningsíþróttahús eða samnýta betur en nú er tiltæk íþróttamannvirki. Auðvelda þarf fólki að hreyfa sig utan dyra og leggja sérstakar gangbrautir og hjólreiðabrautir í þéttbýli.

Skipulagsmálum skal haga þannig að fólk, einkum hið eldra og þeir sem eru fatlaðir, geti notið umhverfisins með hreyfingu og þjálfun utan dyra.

Heilbrigðiseftirlit og umhverfisvernd.

12.

Með heilbrigðis- og umhverfiseftirliti skal stuðlað að líkamlegri og andlegri velferð manna með því að fylgjast með áhættuþáttum í umhverfinu og draga úr áhrifum þeirra.

Áhersla skal lögð á fræðslu og samvinnu um þessi mál fremur en valdboð.

Tryggja þarf fullnægjandi sérfræðiþekkingu starfsmanna við störf að heilbrigðis- og umhverfiseftirliti. Miða ætti við að á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði verði að jafnaði einn heilbrigðisfulltrúi á hverja 7.000 íbúa.

13.

Leggja ber áherslu á eftirlit og grunnrannsóknir varðandi heilnæmi neysluvatns, matvæla og annarra neysluvara.

Bæta skal smitsjúkdómavarnir með ónæmisaðgerðum, m.a. með því að hefja notkun á nýjum og nothæfum bóluefnum jafnóðum og þeirra er völ.

Efla þarf rannsóknir og eftirlit til að upplýsa orsakir matarsýkinga og matareitrana.

Hefja skal rannsóknir og eftirlit með efnisþáttum, aukefnum, eiturefnum og aðskotaefnum í neysluvörum.

14.

Leggja skal áherslu á að fólk verði ekki fyrir skaðlegri geislun. Notkun röntgentækja skal stillt í hóf og efla ber fræðslu um ójónandi geislun, t.d. við sólböð og notkun sólarlampa. Auka skal eftirlit með geislavirkni í matvælum og umhverfi og gæta þess að geislavirkar neysluvörur komist ekki á markað.

Áhersla skal lögð á að draga úr hávaða frá umferð og atvinnurekstri og áhrifum hans og taka tillit til þess við skipulag byggðar.

15.

Fylgst skal með sem flestum mengunarþáttum um allt land og komið í veg fyrir umhverfismengun eins og frekast er kostur. Enn fremur skal reynt að mæla og meta þá mengun sem berst til landsins með vindum og hafstraumum.

Dregið skal úr mengun vegna útblásturs frá ökutækjum og í iðnaði og mengun vatna og sjávar af völdum fiskeldis.

Bæta skal frágang skolpútrása og að því stefnt að allt skolp frá þéttbýli verði grófhreinsað ef það er leitt til sjávar. Við skipulag byggðar sé ávallt gert ráð fyrir fullnægjandi lausn frárennslismála.

Aðferðir við losun úrgangs verði bættar og stefnt að því að endurvinna úrgang.

Setja skal loftgæðastaðla og athuga reglur um loftræstingu í almennum byggingum og á vinnustöðum.

Til að tryggja heilnæmi innilofts verði settar reglur um efni í húsgögn og til innréttinga á íbúðarhúsnæði og vinnuhúsnæði.

16.

Stefnt skal að fullnægjandi aðbúnaði á vinnustöðum til að fækka alvarlegum vinnuslysum um a.m.k. fjórðung fram til ársins 2000.

Gera skal áætlun um vinnuvernd með forgangsröðun verkefna.

Gæta þarf bæði að geðrænum og líkamlegum heilbrigðisvandamálum sem tengd eru vinnu. Auka þarf tengsl heilsugæslustöðva við vinnustaði á starfssvæði þeirra.

Brýnt er að framfylgt sé reglum um hávaðavarnir á vinnustað og heyrnareftirlit starfsmanna.

Minnka þarf verulega áhrif skaðlegra efna á vinnustöðum.

17.

Stefnt skal að því að fækka slysum, m.a. með aukinni fræðslu, stofna skal slysavarnaráð sem hafi yfirumsjón með slysavörnum í landinu.

Þróun heilbrigðiskerfisins.

18.

Í þróun heilbrigðisþjónustunnar skal sérstök áhersla lögð á heilsugæslu.

Markvisst skal dregið úr þeim mismun sem enn er á möguleikum fólks til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu.

Fjöldi starfsliðs í heilbrigðisþjónustu skal taka mið af verkefnum sem kunna að aukast vegna aukinnar áherslu á forvarnir og fjölgunar í eldri aldurshópum.

19.

Stefnt skal að því að gera heilbrigðisþjónustuna persónulegri og þjálli en hún er nú. Einnig skal reynt að hafa meðferð samfellda þannig að sjúklingar geti ávallt leitað sama læknis þegar um langvarandi meðferð er að ræða.

20.

Áætlun skal gerð um nauðsynlega mönnun á hverri heilsugæslustöð. Áætlunin skal byggjast á skipulegri upplýsingaöflun um starfssvæði hverrar stöðvar (svæðisgreiningu). Aldrei skulu (þó) vera færri en einn heilsugæslulæknir og einn hjúkrunarfræðingur á hverja 1.000 íbúa eða brot úr þeirri tölu á heilsugæslustöðvum í dreifbýli. Í þéttbýli skulu vera a.m.k. einn læknir og einn hjúkrunarfræðingur á hverja 1.500 íbúa. Annað sérmenntað starfslið ákvarðist af aðstæðum á hverjum stað.

21.

Fyrir árið 1995 skal vera völ á sérfræðiþjónustu á öllum H2 heilsugæslustöðvum. Skal þetta gert með skipulögðum ferðum sérfræðinga í samráði við viðkomandi heilsugæslustöðvar og með ráðningu sérfræðinga eftir þörfum.

22.

Stefnt skal að því að endurhæfingarstarfsemi verði í hverju heilsugæsluumdæmi, annaðhvort við heilsugæslustöð eða sjúkrahús. Endurhæfingarstarfsemi þarf að fela í sér fræðslu og fyrirbyggjandi þjálfun fyrir einstaklinga, sérstaka hópa og almenning auk endurhæfingar vegna afleiðinga sjúkdóma og slysa.

23.

Sérstakt átak skal gera til þess að bæta tannheilsu þjóðarinnnar. Kannaðar skulu leiðir til þess að auka (verulega) varnir gegn tannskemmdum, m.a. með tannvernd og réttu mataræði.

Kanna þarf hvernig megi tryggja betur en nú er að tannheilsugæsla sé hluti af almennri heilsugæslu og starfsemi heilsugæslustöðva. Skólatannlækningar skulu skipulagðar í öllum grunnskólum landsins.

24.

Gæðum sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa skal haldið og þau aukin eftir því sem kostur er.

Tengsl milli sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva skulu aukin og bein tengsl tekin upp milli heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa að þessu leyti.

Tengslum verði komið á milli sérfræðinga sem starfa á sjúkrahúsum og heilsugæsluumdæma þannig að ákveðið sjúkrahús hafi umsjón með sérfræðiþjónustu á ákveðnu heilsugæslusvæði.

Göngudeildaþjónusta sjúkrahúsa skal skipulögð og efld.

Sérstök áhersla skal lögð á að geðlæknisþjónusta verði veitt á heilsugæslustöðvum og menntun heilsugæslulækna og hjúkrunarfræðinga miðist við að þeir geti sinnt geðsjúklingum. Gera skal ráð fyrir að geðdeildir í Reykjavík og á Akureyri taki að sér þjónustuhlutverk fyrir ákveðin heilsugæslusvæði.

Áhersla verði lögð á að sjúklingar með langvarandi geðsjúkdóma fái inni á langlegudeildum eða sambýlum með öðrum sjúklingum og njóti þar geðlæknisþjónustu. Aldraðir geðsjúklingar, sem þurfa á dvöl að halda á stofnunum, verði vistaðir, svo sem unnt er, á almennum hjúkrunardeildum.

25.

Haldið skal áfram uppbyggingu öldrunarþjónustu, skal að því stuðlað að aldraðir sjúklingar verði vistaðir á hjúkrunarheimilum í sinni heimabyggð.

Vinna skal áfram að auknum tengslum öldrunarþjónustunnar og heilbrigðisþjónustunnar annars vegar og félagslegu þjónustunnar hins vegar eins og lög um málefni aldraðra gera ráð fyrir.

Leggja skal áherslu á endurhæfingu aldraðra og stuðla að því að þeir geti dvalið sem lengst í heimahúsum með aðstoð heimilishjálpar, dagvistar og heimahjúkrunar.

26.

Málefni lyfjasölu og lyfjaneyslu skal taka til sérstakrar athugunar, m.a. möguleika heilsugæslustöðva til þess að annast lyfjasölu og ráða lyfjafræðinga til að sinna þeim verkefnum á sama hátt og annað heilbrigðisstarfslið er ráðið.

Upplýsingar til fólks um lyf og lyfjaneyslu skulu auknar og ráðstafanir gerðar til þess að draga úr ónauðsynlegri og óhóflegri lyfjaneyslu hvort sem hún er á kostnað sjúkratrygginga eða ekki.

Stefnt skal að virku samstarfi heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana annars vegar og apóteka hins vegar í sambandi við hagkvæmt lyfjaval og að læknar fái jafnan upplýsingar um lyfjaávísanir sínar og kostnað af þeim.

Framlög til heilbrigðismála og mannafli.

27.

Stefnt skal að því að útgjöld til heilbrigðismála haldist a.m.k. í sama hlutfalli af þjóðarframleiðslu og nú er til að unnt sé að mæta auknum þörfum vegna öldrunar íbúanna og fjölgunar langvarandi sjúkdóma, svo og ráðstafana til fyrirbyggjandi aðgerða og meðferðar.

Gera skal áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana með það að markmiði að ljúka uppbyggingu heilsugæslustöðva fyrir árið 1995 og að fyrir árið 2000 verði að fullu sinnt annarri þjónustu á stofnunum eins og áætlunin gerir ráð fyrir.

28.

Gera skal áætlun fyrir árið 1993 um heildarmannaflaþörf í heilbrigðisþjónustu og auk þess um fjölda í löggiltum heilbrigðisstéttum fram til ársins 2000.

Rannsóknir og kennsla.

29.

Í grunnskólum skal kenna undirstöðuatriði í líkams- og heilsufræði, svo og í næringarfræði og matargerð. Þar skal einnig veita fræðslu um kynlíf, um ábyrgð á eigin heilbrigði, um líkamsþjálfun og um vímuefni og fyrstu hjálp við slysfarir.

Í framhaldsskólum skal efla fræðslu um mataræði og matseld, um kynlíf, samlíf og foreldrahlutverkið, um vímuefni, um hvíld, streitu, geðvernd og fyrstu hjálp við slysfarir.

Námskrár grunn- og framhaldsskóla og skóla heilbrigðisstétta skal endurskoða með tilliti til þeirrar áherslu sem leggja skal á heilsugæslu og heilbrigðisfræðslu.

Námskrár skóla heilbrigðisstétta skulu samdar af aðilum sem tilnefndir eru bæði af menntamála- og heilbrigðisyfirvöldum. Kanna skal möguleika á sameiginlegri grunnmenntun þessara stétta þannig að fólk geti skipt um starf án mikillar viðbótarmenntunar.

Með aðstoð fjölmiðla, einkum sjónvarps, skal koma á framfæri fræðslu um heilbrigða lífshætti, um hollt mataræði, um heilsurækt, geðvernd, lyf og slysahættur.

30.

Sem fyrst verði komið á fót upplýsinga- og eftirlitskerfi til að annast reglubundið mat á starfsemi heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og störfum heilbrigðisstétta.

Heilbrigðisrannsóknir skulu efldar. Gerð skal sérstök áætlun fyrir árið 1993 til að styðja framkvæmd þessarar heilbrigðisáætlunar. Sérstaklega skal gefa gaum að rannsóknum á sambandi lífshátta og umhverfis á heilsufar. Vinna skal að því að gera allar upplýsingar aðgengilegar almenningi.

31.

Efla þarf vísindarannsóknir til þess að auka þekkingu og skilning á sjúkdómum sem hafa í för með sér alvarleg langvarandi sjúkdómseinkenni. Slíkar rannsóknir verði fyrst og fremst gerðar til þess að reyna að koma í veg fyrir sjúkdóma eða til að greina þá á frumstigi. Einkum þarf að einbeita sér að rannsóknum á sjúkdómum sem eru hlutfallslega algengir á Íslandi.

Nýta þarf aðstöðu á rannsóknastofum vel til þess að mennta og þjálfa stúdenta, einkum þó þá sem lokið hafa námi í læknisfræði, líffræði og öðrum starfsgreinum heilbrigðisþjónustunnar.

Alþjóðasamstarf.

32.

Gera skal áætlun um í hve miklum mæli og hvernig Ísland getur tekið þátt í alþjóðasamstarfi um heilbrigðismál.

Endurskoðun.

33.

Áætlun þessa skal endurskoða að þremur árum liðnum.

Greinargerð:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði hinn 25. júní 1991 nefnd sem fékk það verkefni að gera tillögur um framkvæmd íslensku heilbrigðisáætlunarinnar og jafnframt að annast útgáfu hennar með skýringum.

Á sl. sumri var heilbrigðisáætlunin gefin út með skýringum og kynnt ýmsum aðilum, þ.á m. send öllum þingmönnum. Íslenska heilbrigðisáætlunin hefur einnig verið þýdd á ensku og kynnt fyrir Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Nefndin vinnur enn að gerð framkvæmdaáætlunarinnar.

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

1. Yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög.

Hinn 19. mars 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að undirbúa nú þegar löggjöf um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög til þess að vernda félagsmenn og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Leggja skal fram frumvarp um þetta efni fyrir 116. löggjafarþing svo að ný lög um þetta efni geti tekið gildi eigi síðar en 1. janúar 1993.

Greinargerð:

Tillögunni hefur verið vísað til nefndar sem nú vinnur að endurskoðun hlutafélagslaga. Tillögur nefndarinnar liggja enn ekki fyrir, en ætlað er að þær verði fullgerðar á þessu hausti.

2. Útboð.

Hinn 20. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa nefnd er hafi það verkefni að semja frumvarp til útboðslaga.

Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila.

Greinargerð:

Samið hefur verið frumvarp til laga um framkvæmd útboða og varð það að lögum á sl. vori (lög nr. 65/1993).

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

1. Aukinn þáttur bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi.

Hinn 11. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að kanna möguleika á að auka þátt bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi með því að þeir taki að sér verkefni sem núna eru unnin af ríkisstofnunum og jafnframt beiti ráðherra sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum í því skyni.

Greinargerð:

Ályktunin hefur verið send Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins til framkvæmdar og hafa allar þessar stofnanir aukið samstarf sitt við bændur síðan. Þetta samstarf felst m.a. í aukinni vinnu bænda við uppgræðslu, fræöflun, girðingar og áburðardreifingu. Þá hafa stofnanirnar leigt tæki af bændum á þeim tíma sem verkefni eru lítil heima á búunum. Bændur í Þingeyjarsýslum hafa t.d. tekið að sér öll verkefni sem áður voru unnin með landgræðsluflugvélum. Landgræðslan hefur í auknum mæli tekið upp samstarf við bændur um uppgræðslu heimalanda. Þá hefur kostnaði verið skipt. Árangur hefur verið góður og má nefna að á árinu 1993 voru 120 bændur aðilar að þessu verkefni. Kostnaður Landgræðslunnar við landgræðslustörf bænda nam á sl. ári 25 m. kr. og var tekinn af fjárlagalið stofnunarinnar. Þessi störf hefðu geta orðið meiri ef staðið hefði verið við bókun VI í búvörusamningum. Nú eru um 150 bændur aðilar að

Héraðs- og nytjaskógaverkefnum í samstarfi við Skógræktina. Jafnframt hefur á undanförnum árum fjölgað mjög mikið þeim bændum er vinna hluta úr ári hjá Skógræktinni enda hafa þeir bændur er draga saman heföbundna búvöruframleiðslu forgang í þau störf. Á þetta jafnt við um störf úti í mörkinni og við framleiðslu smáplantna.

2. Stofnræktun kartöfluútsæðis.

Hinn 12. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að koma þegar af stað stofnræktun kartöfluútsæðis sem fullnægt geti þörfum allra kartöfluframleiðenda. Verkið verði unnið á grundvelli áætlunar sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur gert.

Greinargerð:

Ályktunin hefur verið send Rannsóknarstofnun landbúnaðarins sem sér um þessi mál. Jafnframt var Framleiðnisjóði landbúnaðarins skrifað og farið fram á stuðning við verkið. Sá stuðningur fékkst og hefur verið árlegur síðan. Jafnframt hefur verkið verið styrkt af Garðávaxtasjóði. Nú hefur verkið borið þann árangur að til eru í landinu 30 tonn af gullauga og 10 tonn af rauðum íslenskum, allt heilbrigt útsæði. Það er mat séfræðinga að árangur af starfinu hafi verið góður.

3. Kortlagning gróðurlendis Íslands.

Hinn 13. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að gróðurlendi Íslands verði kortlagt.

Lögð verði áhersla á að upplýsa:

1. heildarstærð gróinna landsvæða svo að staðfest verði hve mikill hluti landsins er hulinn gróðri,
2. stærð og mörk þeirra landsvæða þar sem gróðureyðing er ör til að auðvelda markvissar aðgerðir í gróðurvernd og uppgræðslu þeirra,
3. stærð þeirra landsvæða þar sem gróður á í vök að verjast og friðun telst árangursrík til styrkingar,
4. stærð ógróinna landsvæða sem hæf eru til landgræðslu en gróa ekki sjálfkrafa.

Að öðru leyti byggist nánari greining landsins eftir jarðvegi og gróðri á þeim möguleikum sem sú tækni í myndagerð, sem notuð verði við þetta verkefni, framast leyfir.

Greinargerð:

Ályktunin hefur verið send Rannsóknarstofnun landbúnaðarins til framkvæmdar og hefur verið unnið ötullega að framgangi hennar í samvinnu við Landmælingar Íslands og Landgræðslu ríkisins. Nú þegar hefur verið gefin út gróðurmynd af landinu öllu í mælikvarðanum 1:6000 sem unnin var úr Landsat gervitunglagögnum. Með þeirri útgáfu hefur fyrsti liður ályktunarinnar verið afgreiddur. Nú er unnið að liðum 2, 3 og 4 og er það eitt af forgangsverkefnum stofnunarinnar. Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Rannsóknarráð ríkisins hafa styrkt þetta verkefni en heildarfjármögnun hefur þó ekki verið tryggð.

4. Athugun á vistfræðilegri þróun landbúnaðar á Íslandi.

Hinn 16. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á að hve miklu leyti íslenskur landbúnaður uppfyllir þær kröfur sem gera verður til hans með tilliti til sjálfbærrar þróunar þannig að hann spilli ekki náttúrlegum auðlindum heldur auki á verðmæti þeirra.

Greinargerð:

Samgönguráðuneytið hefur í samráði við stofnanir sínar hafið frumathugun á þessu verkefni og sem dæmi má nefna að Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins búa yfir mikilvægum upplýsingum sem nýtast í þessu starfi. Ráðuneytið áformar í samvinnu við stofnanir sínar að setja á fót vinnuhóp til að fylgja þessari ályktun eftir þegar forvinnu lýkur.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

1. Fræðsla í fjármálaumsýslu í skólum.

Hinn 12. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta útbúa námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir efsta bekk grunnskólans, sem og framhaldsskólann, og gera fræðslu um hana að skyldunámsefni á þessum námsstigum. Ráðuneytið ákveði í hvaða námsgreinum fræðslunni verði best fyrir komið.

Markmið fjármálafræðslunnar verði:

1. að taka til meðferðar sem flest er við kemur almennri fjármálaumsýslu, þar með talin gerð greiðslu- og kostnaðaráætlana, og setja efnið þannig fram að það verði öllum aðgengilegt og skýrt,
2. að gera ungt fólk betur meðvitað um fjármál og um leið fjárskuldbindingar með því m.a.:
   a. að kynna nemendum meðferð greiðslukorta og notkun tékkhefta,
   b. að kynna nemendum almennar reglur um lántökur, svo sem víxla- og skuldabréfaviðskipti, vaxtamál og hvaða ábyrgð felst í því að gerast ábyrgðarmaður á skuldaviðurkenningum,
   c. að tengja þessi námsgögn réttindum og skyldum manna er þeir verða fjárráða.

Greinargerð:

Þingsályktun um fræðslu í fjármálaumsýslu, sem samþykkt var á Alþingi 12. mars 1991, var kynnt Námsgagnastofnun þá um vorið.

Í þegar útgefnu námsefni eða námsefni, sem var í samningu á vegum Námsgagnastofnunar um það leyti sem þingsályktunin var samþykkt, er fjallað almennt um fjármál og fjármálaumsýslu, svo sem í samfélagsfræði og heimilisfræði. Engu að síður var það álit margra skólamanna að þörf væri á aukinni umfjöllun um þessi mál meðal unglinga.

Bankar og sparisjóðir hafa sýnt þessu máli áhuga. Íslandsbanki hefur látið semja sérstakt námsefni sem notað er í starfsfræðslunámi í Reykjavík. Annast bankinn kennsluna sem fer fram í Gerðubergi. Þá hefur Sparisjóður Hafnarfjarðar látið semja hliðstætt námsefni sem öllum nemendum í 10. bekk í Hafnarfirði stendur til boða. Sparisjóðurinn leggur einnig til leiðbeinendur.

Samningar náðust milli Námsgagnastofnunar og fulltrúa banka og sparisjóða um samvinnu við útgáfu á námsefni um fjármálaumsýslu. Unnið er að þessu verki og er áætlað að efni fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla komi út á skólaárinu 1993-94. Við samningu efnisins hafa menn lagt kapp á að nýta góðar hugmyndir úr því efni sem tilraunir hafa verið gerðar með og taka mið af þeirri reynslu sem frumkvöðlar í fræðslu um þessi mál hafa aflað sér. Einnig hafa komið fram hugmyndir um námsgögn við hæfi yngri nemenda.

2. Könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga.

Hinn 9. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna tíðni og orsakir sjálfsvíga á Íslandi. Leiti nefndin jafnframt leiða til að snúa við þeirri ógnvekjandi þróun sem skýrslur sýna að nú á sér stað.

Nefndin verði skipuð aðilum úr þeim stéttum og hópum þjóðfélagsins er hafa reynslu og þekkingu í þessum og skyldum efnum.

Greinargerð:

Í framhaldi af ofangreindri þingsályktun var menntamálaráðherra falið að skipa nefnd til að kanna tíðni og orsakir sjálfsvíga og leita leiða til að bregðast við þeirri þróun sem skýrslur sýna að eigi sér stað.

Menntamálaráðherra hefur skipað nefnd undir forystu Guðríðar Sigurðardóttur, ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneyti. Í nefndinni eiga sæti sérfræðingar og áhugafólk um forvarnir gegn sjálfsvígum. Fyrirhugað er að nefndin skili áfangaskýrslu fyrir jól.

3. Efling íþróttaiðkunar kvenna.

Hinn 18. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að gert verði átak til að efla íþróttaiðkun kvenna. Áhersla verði lögð á mikilvægi íþrótta í líkamlegu og félagslegu uppeldi og sem fyrirbyggjandi aðgerðar til að bæta heilsu og vinnuþrek. Fjárframlög ríkisins til íþrótta skulu veitt með það að markmiði að gera íþróttaiðkun kvenna og karla jafnhátt undir höfði.

Greinargerð:

Menntamálaráðuneyti fylgir almennt eftir ályktuninni frá 18. maí sl. með starfsemi á sviði íþrótta- og skólamála. Í námi íþróttakennara og á endurmenntunarnámskeiðum kennara hefur verið lögð á það áhersla að í skólum landsins sé jöfn aðstaða fyrir pilta og stúlkur og mikilvægi íþrótta í þroskaferli og uppeldi hvers og eins. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á samkennslu pilta og stúlkna í námi grunnskóla- og framhaldsskólanema í skólaíþróttum. Í aðalnámskrá grunnskóla frá 1989 segir m.a. á bls. 139:

„Námskráin gerir ráð fyrir að stúlkur og piltar skuli nema það sama. Það fyrirkomulag í íþróttakennslu að kenna stúlkum og piltum sér, felur í sér hættu á að kennslan verði mismunandi eftir kynjum. Samkennsla pilta og stúlkna er því æskilegri að þessu leyti auk þess sem hún er líkleg til þess að hafa örvandi áhrif á nám og efla gagnkvæma virðingu, tillitsemi og skilning milli kynjanna."

Hið sama er upp á teningnum í nýju fyrirkomulagi almennrar íþróttakennslu framhaldsskóla þar sem tilgangur með kennslunni er að efla líkamsþroska, bæta heilsufar nemenda og vekja hjá þeim áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt. Námsmarkmið fyrir stúlkur og pilta eru hin sömu og heyrir það nú frekar til undantekninga að kenna stúlkum sér og piltum sér.

Menntamálaráðuneyti hefur lýst sig fúst til samstarfs við íþróttahreyfinguna um að efla íþróttaiðkun kvenna. Umræður hafa átt sér stað milli ráðuneytisins og nefndar á vegum Íþróttasambands Íslands sem falið var að vinna að umbótum í kvennaíþróttum. Á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála hefur farið fram yfirgripsmikil rannsókn meðal þúsunda ungmenna, pilta og stúlkna, þar sem m.a. var könnuð þátttaka þeirra í íþróttum og samspil íþróttaiðkunar og margra annarra þátta í lífi þeirra. Þannig voru tengsl íþróttaiðkunar við ýmsa þætti á skólagöngu þeirra, sígarettureykingar, áfengis- og fíkniefnaneyslu könnuð svo og ýmislegt sem tengist líðan þeirra, bæði andlegri og líkamlegri. Niðurstöður ofangreindrar rannsóknar varpa ljósi á mismunandi viðhorf, áhuga og þátttöku pilta og stúlkna í íþróttum. Brottfall hjá 14 ára stúlkum var meira en hjá drengjum á sama

aldri en nauðsynlegt er að kanna betur hvað veldur því. Brýnt er að byggja á niðurstöðum þessarar rannsóknar við mótun framtíðarstefnu í þessum málaflokkum ekki síst með fyrirbyggjandi aðgerðir í huga.

Ljóst er að ýmislegt hefur áhrif á íþróttaiðkun almennt sem nær út fyrir skipulegt íþróttastarf í skólakerfinu. Er þar einkum um að ræða hvatningu eða stuðning foreldra sem virðist hafa veruleg áhrif á þátttöku í íþróttum. Mikilvægt er að vinna að viðhorfsbreytingum hjá foreldrum og almenningi ef haft er í huga að ýmislegt bendir til að þátttaka í íþróttum stuðli að andlegu og líkamlegu heilbrigði fólks.

Hefur menntamálaráðuneytið falið Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að afla frekari þekkingar á þeim þáttum sem hafa mest áhrif á þátttöku stúlkna í íþróttum.

4. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990.

Hinn 18. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum 4. september 1990.

Greinargerð:

Ályktanir er varða menntamálaráðuneyti eru eftirfarandi (tölul. 4.1., 4.2. og 4.3.):

4.1. Landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands vinni að því að komið verði á árlegum, skipulagum kennara- og nemendaskiptum milli grunn- og framhaldsskóla í öllum aðildarlöndunum.

Ekki hefur reynst unnt að ætla fé til að koma á árlegum, skipulegum kennara- og nemendaskiptum milli Íslands, Færeyja og Grænlands. Nokkuð er þó jafnan um heimsóknir fyrir frumkvæði einstakra skóla.

4.2. Að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands hafi frumkvæði að samningu námsefnis um samfélagsaðstæður, menningu og lífsskilyrði í Færeyjum og á Grænlandi og á Íslandi. Námsefnið verði samið til notkunar í skólum landanna í því skyni að auka upplýsingar og gagnkvæma kynningu þeirra þjóða sem byggja þessi lönd.

Námsgagnastofnun sér um útvegun og útgáfu námsefnis handa grunnskólum. Ekki er til sérstakt námsefni sem einungis fjallar um Grænland og Færeyjar. Stofnunin hefur á boðstólum margvíslegt efni um Norðurlönd og þar með efni sem tengist samfélagsaðstæðum, menningu og landsháttum á Grænlandi og í Færeyjum. Um er að ræða lesefni bæði á íslensku og norðurlandamálum, myndbönd, kvikmyndir og annað myndefni. Námsefni sem snertir Grænland og Færeyjar er einkum að finna í samfélagsfræði, landafræði og tónmennt. Einnig má finna umfjöllun um þessi tvö lönd t.d. í heimilisfræði og dönsku. Námsgagnastofnun hefur ennfremur til dreifingar lesefni og myndefni sem sprottið er upp úr norrænni samvinnu og fjallar um Norðurlönd almennt.

Þá vinnur Námsgagnastofnun að samnorrænu verkefni um gerð myndbanda þar sem daglegu lífi unglinga á Norðurlöndum er lýst. Enda þótt efnið í heild fjalli ekki sérstaklega um Grænland og Færeyjar má nýta það til kennslu um þau lönd. Alls verða gefnir út 18 þættir og fjalla tveir þeirra um líf og störf grænlensks og færeysks unglings.

Á næstu vikum kemur út hjá Námsgagnastofnun nýtt heildarnámsefni um Norðurlönd sem á að leysa eldra efni af hólmi. Í nýja efninu er mun ítarlegri umfjöllun um Grænland og Færeyjar en áður.

4.3. Að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands hugleiði möguleika á samræmingu á reglum um æskulýðsferðir á Vestur-Norðurlöndum, hugsanlega með „Nordrejsekortet" að fyrirmynd, og kanni einnig möguleika á samræma þessar reglur reglunum um „Nordrejsekortet". Vísað er til ályktana nr. 2/86 og 3/87.

Samræming reglna um æskulýðsferðir á Vestur-Norðurlöndum hefur ekki komið til kasta menntamálaráðuneytis, enda möguleikar á því sviði komnir undir afstöðu þeirra aðila sem vinna að samgöngumálum.

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

1. Reiðvegaáætlun.

Hinn 7. febrúar 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun.

Greinargerð:

Nefndin var skipuð hinn 21. nóvember 1991 og í henni eru Jón Birgir Jónsson, settur ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Sigurður Þórhallsson, framkvæmdarstjóri Landssambands Hestamannafélaga, og Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin er að störfum og hefur komið sér saman um tilhögun gagnasöfnunar og verklag við áætlunargerðina. Hún hefur ráðið sér starfsmann sem kostaður er að jöfnu af Vegagerð ríkisins og Landssambandi hestamannafélaga og er honum ætlað að gera úttekt á ástandi reiðvega og gera tillögu um legu reiðvega og leggja mat á kostnað vegna slíkra vega.

Í 1. og 2. mgr. 16. gr. frumvarps til vegalaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi, segir að í vegáætlun sé heimilt að veita fé til framkvæmda við reiðvegi samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélög. Frumvarpið var ekki afgreitt á síðasta þingi og verður lagt fram á nýjan leik á yfirstandandi þingi.

2. Áætlun um uppsetningu vegriða.

Hinn 11. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að móta hið fyrsta áætlun um uppsetningu vegriða í vegakerfi landsins.

Áætlunina skal leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóvember 1991.

Greinargerð:

Á undanförnum árum hefur Vegagerð ríkisins unnið að uppsetningu vegriða við ýmsa vegarkafla þar sem áætlað er að það auki umferðaröryggi. Við mat á þörf og ákvörðun á framkvæmdaröð hefur verið stuðst við vinnureglur (vegstaðal) Vegagerðarinnar um það efni, en þær reglur eru nú í endurskoðun. Kostnaður við uppsetningu vegriða hefur m.a. verið greiddur af sérstökum fjárveitingum til öryggisaðgerða. Einnig hefur á undanförnum árum verið unnið eftir sérstakri áætlun um uppsetningu vegriða við brýr og er áætlað að því verki ljúki 1996.

3. Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð.

Hinn 18. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að staðfesta samning milli samgönguráðherra og hlutafélagsins Spalar hf., dags. 25. janúar 1991, um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, sbr. 2. gr. laga nr. 45/1990.

Greinargerð:

Samgönguráðuneytið upplýsir að ríkisstjórnin samþykkti þann 22. júní 1993 tillögu samgönguráðherra um breytingu á samningi ríkisins og Spalar hf. frá 25. janúar 1991 um

vegtengingu við utanverðan Hvalfjörð. Breytingin felur m.a. í sér að rekstrartími ganganna í höndum félagsins styttist og að virðisaukaskattur á umferðargjald verði í 14% skattþrepi. Ennfremur heimilaði ríkisstjórnin samgönguráðherra að gefa út yfirlýsingu um 50 milljóna króna lán úr ríkissjóði til Spalar hf. til þess að fjármagna jarðlagarannsóknir. Samgönguráðherra mun haustið 1993 leggja fram tillögu til þingsályktunar um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð vegna þessara breytinga á samningnum, sbr. 2. gr. laga um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð nr. 45/1990, ásamt ítarlegri greinargerð um framvindu málsins frá samþykkt þingsályktunartillögunnar frá 18. mars 1991.

4. Vegáætlun fyrir árin 1991-1994.

Alþingi samþykkti hinn 18. mars 1991 vegáætlun fyrir árin 1991 til 1994. Vegáætlunin var birt í A-deild Stjórnartíðinda nr. 54/1991. Samkvæmt 10. gr. vegalaga nr. 6/1977 skal samgönguráðherra á tveggja ára fresti leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun til fjögurra ára í senn. Starfsemi Vegagerðar ríkisins fer síðan eftir þeirri vegáætlun sem Alþingi samþykkir.

5. Efling ferðaþjónustu.

Hinn 18. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því á hvaða stöðum framkvæmdir í ferðaþjónustu eru brýnastar og skila mestum árangri til að gera kleift að taka á móti fleiri erlendum ferðamönnum.

Upplýsingarnar verði tiltækar þeim aðilum sem ráðast vilja í eða fjármagna þessi verkefni.

Greinargerð:

Með bréfi dags. 11. júní 1992 sendi samgönguráðuneyti Ferðamálaráði þingsályktunina til athugunar og umsagnar. Innan Ferðamálaráðs hefur verið unnið að þessu máli. Landkynningarnefnd Ferðamálaráðs gaf út í lok síðasta árs samantekt um „Stefnumótun í markaðsmálum til ársins 2000". Þar eru sett fram markmið í markaðsmálum og eitt þeirra er að auka framleiðni og arðsemi í ferðaþjónustu, sérstaklega með betri nýtingu fjárfestinga á heilsársgrunni. Þau tölulegu markmið eru sett að fjölgun erlendra ferðamanna verði 6% á ári á árunum 1992 til 2000. Ferðamálaráð telur að með breyttum áherslum eigi að vera hægt að taka á móti þessum aukna fjölda án stórfjárfestinga. Hins vegar bendir ráðið á að fjölgun erlendra ferðamanna um 8 til 12% á ári til aldamóta kalli á verulegar fjárfestingar. Engin úttekt hafi farið fram á því hve miklar þær þurfi að vera, en það fer eftir því hvenær ársins fjölgunin yrði og fyrir hvaða ferðaþjónustu yrði um aukna þörf að ræða.

Samgönguráðuneyti mun óska eftir því við Ferðamálaráð og Ferðamálasjóð að gera tillögur til ráðuneytisins um framhald málsins.

6. Styrking Kolbeinseyjar.

Hinn 18. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera svo fljótt sem við verður komið áætlun um styrkingu Kolbeinseyjar. Í þessu skyni verði lokið úrvinnslu gagna sem aflað var við eyjuna 1989 og 1990 og frekari rannsóknir framkvæmdar reynist þeirra þörf.

Síðan verði unnin áætlun um varanlega styrkingu eyjarinnar þannig að hún fái sem lengst staðist ofan sjávar. Áætlunin skal einnig taka mið af hagnýtingu eyjarinnar í öryggis- og vísindaskyni, svo sem með uppsetningu sjálfvirkrar veðurathugunarstöðvar og jarðfræði- og haffræðirannsóknum. Áætlunin skal unnin í samráði við viðkomandi nefndir Alþingis.

Greinargerð:

Með bréfi dags. 11. júní 1992 sendi samgönguráðuneyti hafnamálastjóra þingsályktunina til athugunar í samráði við ráðuneytið. Málefni tengd styrkingu Kolbeinseyjar hafa verið til athugunar innan Vita- og hafnamálastofnunar. Á fjárlögum fyrir árið 1993 eru ekki sérstakar fjárveitingar til þessa verkefnis, en unnið er að málinu af rekstrarfé Vita- og hafnamálastofnunar. Á árinu 1993 er einungis áformað að vinna verkfræðivinnu innan stofnunarinnar, vinna úr gögnum sem aflað var á árunum 1989 til 1990 og meta hvernig best verði að málinu staðið. Niðurstöður liggja ekki fyrir, en stefnt er að því að þær liggi fyrir í árslok 1993. Áður en endanleg hönnun um styrkingu Kolbeinseyjar verður gerð þarf að taka ákvörðun um hvort ráðast eigi í bráðabirgðalausn eða varanlega lausn og meta kostnað vegna þeirra. Vita- og hafnamálastjóri hefur lagt til að kannað verði nánar hversu brýnt er að ráðast í styrkingu eyjarinnar með tilliti til mikilvægis hennar vegna efnahagslögsögu og annarra réttinda og að skipaður verði starfshópur þeirra ráðuneyta sem að málinu koma.

7. Flugmálaáætlun 1992-1995.

Hinn 19. maí 1992 samþykkti Alþingi flugmálaáætlun fyrir árin 1992 til 1995. Áætlunin var birt í A-deild Stjórnartíðinda nr. 67/1992. Samkvæmt 1. kafla laga nr. 31/1987 skal samgönguráðherra á tveggja ára fresti leggja fram tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun um framkvæmdir í flugmálum. Framkvæmdum er síðan hagað í samræmi við þá áætlun sem Alþingi hefur samþykkt.

8. Breyting á vegáætlun fyrir árin 19991-1994.

Hinn 20. maí 1992 samþykkti Alþingi þingsályktun um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1991 til 1994. Samkvæmt 10. grein vegalaga nr. 6/197 skal samgönguráðherra á tveggja ára fresti leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun til fjögurra ára í senn. Starfsemi Vegagerðar ríkisins fer síðan eftir þeirra vegáætlun sem Alþingi samþykkir.

9. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990.

Hinn 18. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum 4. september 1990.

Greinargerð:

Ályktanir er varða samgönguráðuneytið eru eftirfarandi:

9.1. Ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Grænlands og Færeyja hefji viðræður um að fjarskiptahljóðvarp og sjónvarpsnet landanna verði bætt svo allir búi við sömu aðstæður í fjarskiptum.

Með bréfi, dags. 23. september 1991, sendi samgönguráðuneyti Póst- og símamálastjóra þingsályktunina til umsagnar og í bréfi hans frá 7. september 1993 kemur fram, varðandi hefðbundin fjarskipti milli umræddra þjóða, að sett hafi verið upp gervihnattarsambönd milli Grænlands og Íslands annars vegar og Færeyja og Íslands hins vegar. Þessi sambönd voru sett upp fyrir alþjóðaflugmálastofnunina ICAO. Um nokkra samvinnu hefur verið að ræða í Norður-Atlantshafsnefnd um fjarskipti, en það er skoðun stofnunarinnar að mörg af þeim málum, sem þar eru rædd, ættu ekki síður heima í hefðbundinni norrænni samvinnu. Á næsta ári kemur Cantat-3 strengurinn til með að tengja Færeyjar og Ísland saman en sá strengur hefur mjög mikla flutningsgetu.

9.2. Vestnorrænu löndin meti möguleika á samningum þeirra í milli um gjaldlausar landanir svo að fiskiskip geti óhefi selt afla sinn í löndunum þremur.

Með bréfi, dags. 23. september 1991, sendi samgönguráðuneyti sjávarútvegsráðuneytinu þingsályktunina til umsagnar og í bréfi, dags. 2. október 1991, kom fram það álit sjávarútvegsráðuneytis að erlend veiðiskip, sem heimild fái til löndunar afla á Íslandi, skuli greiða sömu þjónustugjöld til hafna og íslensk veiðiskip. Hafnalög nr. 69/1984 eða gjaldskrá fyrir hafnir nr. 331/1993 gerir ekki ráð fyrir lægri hafnargjöldum af erlendum veiðiskipum.

Sjávarútvegsráðuneyti benti á ákvæði laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, sem nú hafa verið felld brott með lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands nr. 13/1992. Í 3. gr. þeirra laga er miðað við að erlendum veiðiskipum sé heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skipsins. Þetta er þó ekki heimilt þegar um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu, hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að víkja frá því þegar sérstaklega stendur á.

10. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991.

Hinn 13. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd þingsályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Qaqortoq á Grænlandi 7. ágúst 1991.

Greinargerð:

Eftirfarandi ályktun varðar samgönguráðuneyti:

10.1. Að samningur sá, sem samgönguráðherra Færeyja, Grænlands og Íslands gerðu í desember 1990 um samstarf um samgöngumál, komi strax til framkvæmda.

Í samræmi við ofangreint samkomulag var komið á fót sérstakri nefnd og eru fulltrúar Íslands, Ólafur Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóri, og Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri. Fyrsta verkefni nefndarinnar var að ráða fyrirtæki til að gera úttekt á flugsamgöngum svæðisins og var norska fyrirtækið Transportökonomisk Insitutt valið. Ríkisstjórn Íslands samþykkti í apríl 1991 að ráðstafa 2,4 milljónum króna til þessa verkefnis. Fyrirtækið hefur sent frá sér drög að skýrslu, sem er nú til meðferðar í nefndinni. Eftirtaldir aðilar hafa starfað að þessu verkefni sérstaklega innan nefndarinnar: Jóngerd Purkhus, Færeyjum, Ólafur S. Valdimarsson og Jesper Juhl, Grænlandi.

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

1. Efling Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

Hinn 20. maí 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um frekari uppbyggingu og eflingu Háskólans á Akureyri og annarra rannsókna- og fræðslustofnana á svæðinu svo að þar verði öflug miðstöð rannsókna- og fræðslustarfsemi á sviði sjávarútvegs.

Greinargerð:

Útibú Hafrannsóknarstofnunar var flutt til Akureyrar í ársbyrjun 1991 og voru tveir starfsmenn þess ráðnir til þess. Sama ár var undirritaður samstarfssamningur við Háskólann á Akureyri þar sem miðað var við að starfsmennirnir hefðu 50% kennsluskyldu við Háskólann. Jafnframt var ákveðið að sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunar tækju að sér umfangsmikla stundakennslu við Háskólann í veiðitækni, fiskifræði og stofnvistfræði. Alls

hafa 8 sérfræðingar stofnunarinnar unnið við rannsókna- og kennslustörf við Háskólann á undanförnum 2 árum. Á síðastliðnu vori var gerður samningur við Háskólann á Akureyri um að ráða sérfræðing í fiskifræði er hefði allt að 50% kennsluskyldu við Háskólann en ynni að öðru leyti að rannsóknum á vegum útibúsins.

Frá því í janúar 1992 hefur verið unnið að víðtækum vistfræðirannsóknum á Eyjafirði í samvinnu við útibúið. Auk starfsmanna Hafrannsóknarstofnunar í Reykjavík og útibúsins á Akureyri eru tveir starfsmenn ráðnir tímabundið til þess að gera úttekt á hafbeitarmöguleikum þorsks. Þá var á þessu ári ráðinn starfsmaður í hálft starf sem mun annast aldursgreiningu nytjafiska.

Hafrannsóknarstofnun hefur tekið virkan þátt í starfsemi Fiskeldis Eyjafjarðar hf. frá árinu 1988 enda er stofnunin hluthafi í fyrirtækinu. Fiskeldi Eyjafjarðar stundar rannsóknir á lúðuklaki og seiðaframleiðslu, fjöldaframleiðslu á lúðuseiðum á Hjalteyri og hyggur á eldi lúðu. Sjávarútvegsráðuneytið hefur styrkt lúðurannsóknirnar síðastliðin ár.

Frá árinu 1979 hefur Rannsóknastofnun fiskiðnðarins rekið útibú á Akureyri og var starfsemin upphaflega einkum fólgin í þjónustu við fyrirtækin á staðnum. Árið 1989 samþykkti stjórn stofnunarinnar að ganga til samninga við Háskólann á Akureyri um samvinnu og var útibúinu á Akureyri ætlað að tengjast starfsemi hans, og þá sérstaklega á sjávarútvegsbraut. Útibúið flutti fyrir þremur árum í nýtt rúmgott húsnæði í eigu Háskólans á Akureyri og hefur það nýst vel við frekari uppbyggingu á rannsóknum stofnunarinnar á staðnum. Hafa starfsmenn útibúsins annast kennslu í matvælaefnafræði og örverufræði, auk þess sem nemendur hafa unnið verkefni í samvinnu við þá. Fyrir tveimur árum var bætt við tveimur stöðum við útibúið í samvinnu við Háskólann á Akureyri er þýðir að stærri hluti að verkefnum stofnunarinnar færst til Akureyrar, svo sem rannsóknir á nýtingu á þang- og þarategundum, örveru- og eldisrannsóknir. Jafnframt hafa starfsmenn stofnunarinnar í Reykjavík unnið að mörgum verkefnum í nánu samstarfi við fyrirtæki á svæðinu og hafa þeir m.a. tekið virkan þátt í lúðueldisverkefninu á Hjalteyri. Einn starfsmanna stofnunarinnar í Reykjavík er jafnframt lektor við Háskólann á Akureyri. Þannig hefur stofnunin markvisst verið að færa hluta af starfsemi sinni til Akureyrar samhliða uppbyggingu Háskólans þar, með áframhaldandi þróun næstu ára í huga.

2. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990.

Hinn 18. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum 4. september 1990.

Greinargerð:

Eftirfarandi ályktun varðar sjávarútvegsráðuneytið:

2.1. Vestnorrænu löndin hefji þegar viðræður um hvernig unnt sé með sameiginlegum aðgerðum að takmarka selastofninn svo aftur náist vistfræðilegt jafnvægi í sjónum.

Í apríl á síðasta ári voru stofnuð ný samtök, Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðið, um verndun og nýtingu sjávarspendýra í Norðu-Atlantshafi, þ.m.t. sela. Vestnorrænu löndin eru aðilar að samtökunum ásamt Noregi. Samtökin hafa nú þegar ákveðið að athuganir á mikilvægi sjávarspendýra í lífkerfi hafsins verði eitt af meginviðfangsefnum þeirra á komandi árum og hefur vísindanefnd samtakanna tekið saman yfirlit yfir einstakar tegundir, stofnstærðir, dreifingu, þróun stofna, stjórnunarfyrirkomulag o.s.frv. Miklar vonir eru bundnar við að ráðið verði virkur samstarfsvettvangur fyrir rannsóknir á sjávarspendýrum og ráðgjöf vegna skynsamlegrar nýtingar þeirra.

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

1. Gerð staðfræðikorta, gróðurkorta og um landfræðilegt upplýsingakerfi.

Hinn 13. mars 1991 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir samstarfi stofnana og fyrirtækja, sem annast landmælingar og kortagerð, um að gerð verði stafræn staðfræðikort í mælikvarða 1:25000 af öllu landinu á næstu tíu árum og hlutast til um að gróðurkortagerð af landinu verði lokið á þeim tíma.

Jafnframt verði komið á fót samræmdu landfræðilegu upplýsingakerfi sem byggt verði á staðfræðikortum af landinu og gagnasöfnun þeirra stofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja sem nota staðbundin gögn.

Áður en ráðist verður í þetta verk verði unnið að tilraunaverkefni í því skyni að ljúka forvinnu, komið á nauðsynlegri samvinnu aðila og samið um skiptingu kostnaðar milli þeirra.

Miða skal við að tilraunaverkefninu verði lokið fyrir árslok 1992.

Greinargerð:

Umhverfisráðherra skipaði nefnd þann 10. maí 1991 til að undirbúa framkvæmd ályktunarinnar. Undirbúningsnefndin skipulagði tilraunaverkefnið sem ályktunin gerir ráð fyrir að verði unnið. Aflað var tilnefninga um 60 fulltrúa 22 stofnana til þátttöku í 9 vinnuhópum sem vinna skyldu tilraunaverkefnið. Verkefnastjóri var ráðinn 1. október 1991.

Fljótlega varð ljóst að ekki tækist að ljúka tilraunaverkefninu á tilsettum tíma, þ.e. fyrir árslok 1992. Varð því samkomulag um að lengja starfstíma tilraunaverkefnisins til ársloka 1993. Umhverfisráðherra skipaði formlega verkefnisstjórn tilraunaverkefnisins í janúar 1992.

Sérstakar fjárveitingar voru til verkefnisins á fjárlögum 1992 og 1993 og fengu Landmælingar Íslands og Skipulag ríkisins ákveðið fé til að standa straum af kostnaði við verkefnið. Á fjárlögum 1993 var einnig veitt fé til umhverfisráðuneytisins vegna tiltekinna verkþátta. Að auki hafa komið bein fjárframlög og vinna þeirra stofnana sem taka þátt í tilraunaverkefninu.

Lagðar hafa verið fram lokaskýrslur flestra starfshópa verkefnisins og verkefnisstjórnin stefnir að því að ljúka því með greinargerð til umhverfisráðherra í árslok 1993.

2. Fráveitumál sveitarfélaga.

Hinn 10. mars 1992 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að hraða úttekt á ástandi fráveitumála sveitarfélaga. Kannað verði hvaða íslensk tækniþekking og útbúnaður er fyrirliggjandi varðandi skolphreinsun, metinn kostnaður við úrbætur og hvernig auðvelda megi sveitarfélögum að standa undir honum. Áhersla verði lögð á úrbætur sem leysi fráveitumál byggðanna til frambúðar frá sjónarhóli umhverfisverndar.

Greinargerð:

Framkvæmd þessarar þingsályktunar hefur verið falin svonefndri fráveitunefnd, sem umhverfisráðherra skipaði með bréfi, dags. 12. febrúar 1992, til að undirbúa úrbætur í frárennslismálum sveitarfélaga í samræmi við stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar (Hvítbók). Hlutverk nefndarinnar er að gera úttekt á ástandi fráveitumála sveitarfélaga, móta stefnu og gera tillögur um bætta skipan fráveitumála í landinu. Nefndinni er ætlað að kanna ástand fráveitumála um land allt og benda á leiðir til úrbóta, sem bæði taka mið af sérstöðu Íslands og þeim alþjóðlegum skuldbindingum sem gerðar hafa verið. Í skipunarbréfi nefndarinnar var sérstaklega minnt á tilskipanir EB er varða vatnsmengun og meðferð skólps.

Nefndin skilaði áfangaskýrslu um ástand fráveitumála til umhverfisráðherra 30. september 1992. Lokaskýrsla nefndarinnar er tilbúin efnislega og verið er að vinna að lokafrágangi hennar og kemur hún væntanlega út í lok desembermánaðar 1993.

438. Nefndarálit [150. mál]

um till. til þál. um fullgildingu breytingar á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar. Nefndin sendi tillöguna til umsagnar umhverfisnefndar sem skilaði ítarlegu áliti og er þar mælt með samþykkt hennar. Umsögnin er birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Alþingi, 17. des. 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Jón Helgason.
Guðmundur Bjarnason.	Ólafur Ragnar Grímsson.	Geir H. Haarde.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Árni R. Árnason.

Fylgiskjal.

Umsögn umhverfisnefndar.
(10. desember 1993.)

Umhverfisnefnd hefur, sbr. bréf utanríkismálanefndar, dags. 15. nóvember sl., fjallað um 150. mál, um fullgildingu breytingar á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins. Nefndin fékk á sinn fund við yfirferð málsins Þóri Ibsen, deildarsérfræðing í umhverfisráðuneytinu, og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur, deildarstjóra í sama ráðuneyti. Þá kom á fund nefndarinnar Sigurbjörg Gísladóttir, efnafræðingur hjá eiturefnasviði Hollustuverndar ríkisins.

Umhverfisnefnd mælir með því að framangreind þingsályktunartillaga verði samþykkt og telur mikilvægt að Ísland standi við ákvæði Montreal-bókunarinnar.

1. Árangur Íslendinga frá 1986–1992.

Í Montreal-bókuninni, sem gerð var við Vínarsamninginn árið 1987, skuldbinda aðildarríki samningsins sig til að draga úr notkun tiltekinna ósoneyðandi efna um 75% fyrir 1. janúar 1994. Allt bendir til þess að Íslendingum muni takast að ná þessu marki. Fyrir liggur að notkun klórflúorkolefna hefur minnkað úr 200,2 tonnum árið 1986 í 62,7 tonn árið 1992. Samkvæmt upplýsingum frá Hollustuvernd ríkisins hefur notkun ósoneyðandi efna dregist talsvert saman árið 1993 og samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 268/1993, um varnir gegn mengun af völdum klórflúorkolefna og halóna, mun notkun tiltekinna efna alfarið hætt 1. janúar 1994. Þessi árangur byggist einkum á þremur þáttum, í fyrsta lagi á fyrrnefndri reglugerð og reglugerð nr. 64/1989, um bann við innflutningi og sölu úðabrúsa sem innihalda ósoneyðandi efni, í öðru lagi á fræðslustarfsemi og í þriðja lagi á samvinnu við hags-

munaaðila. Nýlega var ráðinn til Hollustuverndar ríkisins starfsmaður í hlutastarf til að sinna þessum þætti.

Fyrir liggur að erfiðlega hefur gengið að minnka notkun ósoneyðandi efna í kæliiðnaði. Aðilar í sjávarútvegi eru stærstu notendur kælimiðla en einnig eru margir notendur í landbúnaði og í matvælaiðnaði. Talsverðar endurbætur hafa þegar verið gerðar hjá þessum aðilum. Hluti aðila í sjávarútvegi hefur endurnýjað kælikerfi eða breytt efnanotkun en fyrir liggur að þeir þurfi að gera verulegar endurbætur í þessu efni á næstu árum. Ljóst er að endurbæturnar munu einnig leiða til sparnaðar í rekstri kælikerfanna. Höfð hefur verið samvinna við þá og aðra hagsmunaðila við framkvæmd á þessu sviði. Þá má nefna að framleiðendur tækjabúnaðar og ósoneyðandi efna, sem notuð eru í hann, eiga góðan hlut að jákvæðri þróun á þessu sviði og taka að líkindum mið af þeim takmörkunum sem fyrir dyrum eru.

2. Hertar kröfur í náinni framtíð.

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfisráðuneytinu mun í lok ársins 1993 ganga í gildi reglugerð sem miðar að því að náð verði markmiðum þeirra breytinga sem 150. mál fjallar um. Í þeirri reglugerð mun verða kveðið á um hertar kröfur til kælibúnaðar og aukið eftirlit með notkun hans. Gert er ráð fyrir skyldubundnu eftirliti undir yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins. Umhverfisnefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að reglugerðin gangi sem fyrst í gildi.

Að lokum skal þess getið að fram kom við meðferð málsins í umhverfisnefnd að Íslendingar hafa ásamt mörgum öðrum aðildarþjóðum Vínarsamningsins þegar sett sér strangari tímamörk en kveðið er á um í Kaupmannahafnarbókuninni sem 150. mál fjallar um. Með bókun sem gerð var á 5. fundi aðildarríkja Montreal-bókunarinnar í Bangkok 17.–19. nóvember 1993 var samþykkt fyrir Íslands hönd að hætta notkun vetnisklórflúorkolefna (HCFC) fyrir árið 2015 en ekki 2030 eins og Kaupmannahafnarbókunin gerir ráð fyrir. Þá má nefna að aðildarríki EB hafa rætt enn hraðari þróun á þessu sviði og Danir munu hafa sett sér það mark að hætta notkun þessara efna árið 2002. Með hliðsjón af þessu telur umhverfisnefnd nauðsynlegt að Íslendingar leggi sig fram um að hætta notkun ósoneyðandi efna sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Kristín Einarsdóttir, form.

439. Tillaga til þingsályktunar [300. mál]

um samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993.

Flm.: Árni Johnsen, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Jón Helgason, Sigbjörn Gunnarsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Í samræmi við 2. gr. 1. kafla samkomulagsins um Vestnorræna þingmannaráðið samþykkti Vestnorræna þingmannaráðið eftirgreind tilmæli:

Vestnorræna þingmannaráðið mælist til þess:

1. Að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands auki til muna upplýsingamiðlun í vestnorrænu löndunum, sérstaklega varðandi ferðamál. Með það að markmiði beinir fundurinn þeim tilmælum til ríkisstjórnanna að láta Vestnorræna ferðamálaráðið (Vestnorden Tourist Board) sjá um sérstaka þriggja ára upplýsingaherferð.

   Stefnt er að því að hrinda af stað frekari aðgerðum í ferðamálum í vestnorrænu löndunum á árunum 1994–1996. Gert er ráð fyrir að vestnorrænu löndin veiti aukið fjárframlag til auglýsinga og markaðssetningar í löndunum. Ráðið mælir með að ofangreindar aðgerðir verði framkvæmdar í náinni samvinnu ferðamálaráðanna í vestnorrænu löndunum.

   Að lokum mælir ráðið með að styrkur sá sem veittur var úr Lánasjóði Vestur-Norðurlanda til ofangreindra aðgerða með tilvísun í 1. gr. reglna um lánasjóðinn frá 1986 verði athugaður.
2. Að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands hefji listræna samvinnu milli landanna þriggja með því að halda listahátíð einu sinni á ári, til skiptis í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi, þar sem listamenn frá Grænlandi og Íslandi fari með verk sín á listahátíð í Færeyjum, t.d. árið 1994, og því næst til annars hinna landanna árið eftir. Þannig er unnt að styrkja sambandið milli landanna á sviði myndlistar, tónlistar, bókmennta og ýmissa annarra listgreina. Haft verði samband við þau listamannasamtök og verkalýðshreyfingar í löndunum þremur þar sem slík listastarfsemi á sér stað. Eðlilegt væri að slíkar listahátíðir yrðu í náinni samvinnu við norrænu stofnanirnar í löndunum og best væri ef þær hefðu með höndum framkvæmdina að hluta til.
3. Að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands skipi samráðshóp með sex fulltrúum frá menntamálaráðuneytum og verkalýðshreyfingum landanna þriggja til að athuga möguleika á því að koma á nemendaskiptum milli Íslands, Færeyja og Grænlands. Niðurstaða ætti að liggja fyrir á ársfundi Vestnorræna þingmannaráðsins sumarið 1994.
4. Að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands skipi embættismannanefnd með embættismönnum frá löndunum þremum sem m.a. eigi að vinna hratt að því að:
   a. skýra og bera saman þá viðskiptasamninga sem löndin hafa gert við EB og hvaða áhrif norsk, sænsk og finnsk aðild að EB mundi hafa á samskipti Vestur-Norðurlanda og EB,
   b. reyna að meta kosti og galla þess fyrir hvert vestnorrænt land fyrir sig ef þau ganga í tollabandalag við EB eða tengjast á svipaðan hátt sem eitt tollsvæði við EB. Aðilar skiptist stöðugt á upplýsingum.

   Greinargerð nefndarinnar verður rædd á fundi í Vestnorræna þingmannaráðinu.
5. Að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands skipi samstarfsnefnd með það að markmiði að minnka áfengisneyslu og berjast gegn misnotkun áfengis og samræmi auk þess meðferð drykkjusjúkra í löndunum.
6. Að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands láti athuga kjör barna og barnafjölskyldna í löndunum þremur.

Í samræmi við 2. gr. í 1. kafla samkomulagsins um Vestnorræna þingmannaráðið samþykkti Vestnorræna þingmannaráðið eftirfarandi yfirlýsingu:

1. Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum sérstaklega til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Grænlands með tilliti til fjárhagsstöðu Færeyja að bjóða Færeyingum öðrum fremur að nýta þá fiskveiðikvóta landanna sem eru ónýttir.
2. Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til ríkis- og landsstjórna vestnorrænu landanna að leggja sitt af mörkum til að ljúka byggingu Grænlendingahússins í Þórshöfn sem fyrst og að þær standi við áður gefin loforð um fjárstyrki, sérstaklega af hálfu Grænlands og Færeyja.
3. Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til landsstjórnar Færeyja að hún hefji á ný grænlenskar útsendingar í færeyska útvarpinu. Þetta er venja sem grænlenska útvarpið fylgir með því að senda út efni á færeysku í samræmi við áður gerða samninga.
4. Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til landsdeildanna í vestnorrænu löndunum að þær veiti athygli og styðji starf það sem tengist Vestnorræna kvennaþinginu og auðveldi Vestnorræna þingmannaráðinu störf sín að jafnréttismálum.

440. Lög [292. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 384.

441. Lög [278. mál]

um iðnaðarmálagjald.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 353.

442. Lög [277. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 352.

443. Breytingartillaga [244. mál]

við frv. til l. um prestssetur.

Frá kirkjumálaráðherra.

Við 4. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er ekki heimilt, nema með samþykki Alþingis, að selja prestssetur, eða réttindi sem þeim tengjast, sem prestssetrasjóður tekur við þegar lög þessi öðlast gildi.

444. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til að vega á móti skerðingu þorskveiðiheimilda.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Vilhjálmur Egilsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 18. des. 1993.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Gunnlaugur Stefánsson.	Stefán Guðmundsson.
Árni R. Árnason.	Jóhann Ársælsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

445. Nefndarálit [263. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin vísaði einstökum ákvæðum frumvarpsins til félagsmálanefndar, heilbrigðis- og tryggingarnefndar, landbúnaðarnefndar og menntamálanefndar. Þær umsagnir, sem bárust frá nefndunum, eru birtar sem fylgiskjöl með nefndarálitinu. Á fund nefndarinnar komu Björn Matthíasson frá fjármálaráðuneytinu, Guðmundur Luther Hafsteinsson og Magnús Skúlason frá Húsafriðunarsjóði, Heimir Steinsson útvarpsstjóri og Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri Ríkisútvarpsins, Dögg Pálsdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þórður Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigurgeir Þorgeirsson frá landbúnaðarráðuneytinu og Júlíus Vífill Ingvarsson formaður og Gunnar Gunnarsson, varaformaður Félags búvélainnflytjenda. Meiri hluti nefndarinnar hef-

ur tekið upp í sínar breytingartillögur þær tillögur sem heilbrigðis- og tryggingamálanefnd lagði til að gerðar yrðu í umsögn sinni.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 7. gr. falli brott, en sú grein fól í sér álagningu sérstaks búvélagjalds. Þá er jafnframt lagt til að 10. gr. verði felld brott þar sem í nýsamþykktum lögum um félagslega aðstoð er veitt lagaheimild til að tengja greiðslu ekkjulífeyris við tekjur.
2. Lagt er til að því markmiði, sem átti að ná með 16. gr. frumvarpsins, verði frekar náð með nokkrum lagfæringum á 5. mgr. 24. gr. laga nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar. Þannig verði tryggt að ekki komi til misnotkun á þessu ákvæði.
3. Þá er lögð til sú breyting á 11. gr. að þátttaka hins sjúkratryggða í kostnaði sé afmörkuð við dvöl á sérhæfðum meðferðarstofnunum. Með þessu er reynt að gera ákvæðið skýrara hvað það varðar að bráðameðferð drykkjusjúklinga, t.d. á geðdeild Landspítala, falli ekki þar undir.
4. Þá er lögð til sú breyting á 20. gr., í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, að það fái einn fastan mann í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1994.
5. Loks er lagt til að innheimtuhlutfall af búvörum til Bjargráðasjóðs lækki um helming á árinu 1994, eða úr 0,6% í 0,3%.

Alþingi, 18. des. 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, frsm. Guðjón Guðmundsson. Sólveig Pétursdóttir.

Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara. Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

(15. desember 1993.)

Heilbrigðis- og tryggingaefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. desember 1993, fjallað um 10.–20. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, 263. máls.

10. og 11. gr. frumvarpsins kveða á um breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar. Annars vegar er um að ræða heimild til að setja í reglugerð ákvæði um að tengja greiðslu ekkjulífeyris við tekjur og hins vegar heimild til setningar reglugerðar um gjaldtöku vegna dvalar á sjúkrastofnunum. 12.–20. gr. fjalla hins vegar um margþættar breytingar á lögum um atvinnleysistryggingar.

Nefndin fékk á sinn fund til að fjalla um 11. gr. frumvarpsins Davíð Á. Gunnarsson, Tómas Helgason og Jóhannes Bergsveinsson frá Ríkisspítölum og Þórarin Tyrfingsson og Theódór Skúla Halldórsson frá SÁÁ. Þá komu á fund nefndarinnar til að fjalla um 12.–20. gr. Lára V. Júlíusdóttir og Gylfi Arnbjörnsson frá ASÍ, Jón H. Magnússon frá VSÍ, Pétur Sigurðsson og Margrét Tómasdóttir frá Atvinnuleysistryggingasjóði og Þórður Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá studdist nefndin við gögn sem aflað var við yfirferð yfir málið og upplýsingar frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Meiri hluti nefndarinnar, Gunnlaugur Stefánsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir, leggur til við háttvirta efnahags- og viðskiptanefnd að eftirtaldar breytingar verði gerðar á 11. og 20. gr. frumvarpsins.

A. 11. gr. Við 2. mgr. greinarinnar bætist: á sérhæfðum meðferðarstofnunum. 2. mgr. hljóði því svo:

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalar á sérhæfðum meðferðarstofnunum.

Samkvæmt upplýsingum sem nefndin aflaði sér hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra aldrei áformað að taka gjöld af áfengissjúklingum í svokallaðri bráðameðferð. Rætt hefur verið um að gjaldtaka ætti við gagnvart þeim sem stunda svokallaða eftirmeðferð, svo sem á þeim stofnunum SÁÁ og Ríkisspítala sem einungis veita eftirmeðferð. Þannig kæmi t.d. ekki til álita að taka gjald af áfengissjúklingum sem leita sér bráðaaðstoðar á geðdeild Landspítala vegna geðrænna vandamála. Þá skal bent á að hér er um að ræða heimild til viðkomandi stofnana til innheimtu sértekna, sem þær munu gera tillögur um og ráðherra staðfestir síðan. Með vísan til þess leggur meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar til framangreinda breytingu á 2. mgr. 11. gr.

B. 20. gr. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt til samræmis við samkomulag fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. desember 1993 (sjá meðfylgjandi afrit). Meiri hlutinn leggur því til að 20. gr. hljóði svo:

Ákvæði til bráðabirgða IV verður svohljóðandi:

Á árinu 1994 skulu sveitarfélög greiða 600 m.kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.312 kr. fyrir hvern íbúa, en sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.387 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1993. Um innheimtu gjaldsins skal fjármálaráðherra setja reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði 37. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1994 að gera tillögur um ráðstöfun á þessu fjármagni sem sveitarfélögin greiða til sjóðsins, auk allt að 600 m.kr. af öðru ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1994, til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á árinu 1994 skal einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

Meiri hlutinn gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við 10.–12. gr. frumvarpsins.

F.h. meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar,

Gunnlaugur Stefánsson, form.

Fylgiskjal II.

Umsögn minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

(16. desember 1993.)

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur fjallað um bréf efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. desember 1993, er fjallar um 10.–20. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, 263. máls. Nefndin fékk á sinn fund fjölmarga aðila er málinu tengjast, sbr. bréf meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 15. desember 1993.

Minni hlutinn, Finnur Ingólfsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir og Margrét Frímannsdóttir, vill gera athugasemdir við eftirfarandi þætti er snúa að 10.–20. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum:

1. Minni hlutinn hafnar því að tekjutengja ekkjulífeyri í þeim tilgangi að draga úr útgjöldum almannatrygginga. Ekkert hefur komið fram í starfi nefndarinnar sem rökstyður það að slík breyting sé skynsamleg, enda liggur ekkert fyrir um með hvaða hætti tekjutengingin eigi að verða. Hér er á ferðinni ein af mörgum breytingum sem gerðar hafa verið að undanförnu í þá átt að tekjutengja einstakar bætur almannatryggingalaga án þess að litið sé á hvaða áhrif slík tekjutenging hafi í för með sér.

2. Í 11. gr. frumvarpsins er verið að opna fyrir almenna heimild til gjaldtöku af sjúklingum sem leggjast inn á sjúkrastofnanir, jafnvel þótt tilgreint verði í lagagreininni að þetta skuli aðeins gilda um þá sem leggjast inn á sérhæfðar meðferðarstofnanir en meiri hlutinn leggur til að greininni verði breytt á þann veg. Útilokað er að gera greinarmun á sérhæfðum meðferðarstofnunum og almennum sjúkrastofnunum þar sem einstakar deildir á almennum sjúkrastofnunum eru í mörgum tilfellum sérhæfðar meðferðardeildir. Verið er að stíga örlagaríkt skref í heilbrigðismálum þjóðarinnar með því að skipta sjúkdómum upp í velþóknunarflokka. Þó að í frumvarpinu sé fyrst og fremst talað um að gjaldtakan skuli ekki gilda fyrir áfengismeðferðarstofnanir er hér farið inn á varhugaverða braut þar sem flestir áfengissjúklingar eru haldnir öðrum geðsjúkdómum og/eða líkamlegum sjúkdómum þegar þeir leita meðferðar á sjúkrahúsum og verður áfengismeðferðin þá ekki aðskilin frá annarri læknismeðferð. Með þessari gjaldtöku verður það háð efnahag hvort fólk getur leitað sér læknismeðferðar. Þó að meðferð áfengissjúklinga beri ekki alltaf árangur, fremur en meðferð fjölda annarra sjúkdóma, er hún alltaf viss vörn gegn fylgikvillum sjúkdómsins og örorku og ótímabærum dauða.

Það kom fram hjá fulltrúum SÁÁ og ríkisspítalanna, er mættu til fundar við nefndina, að gjaldtaka af þessum sjúklingum yrði erfið í framkvæmd ef ekki óframkvæmanleg. Það var mat þessara fulltrúa af reynslu þeirra af að innheimta göngudeildargjöld af áfengissjúklingum að aðeins 30% þeirra sem þangað koma geti greitt gjaldið. Sé gengið út frá því að aðeins ⅓ sjúklinga geti greitt gjaldið og þeir þurfi að standa undir öllum sértekjunum, sem krafist er, má áætla að innlagnargjaldið verði í kringum 30 þús. kr.

3. Í 12.–20. gr. frumvarpsins er fjallað um Atvinnuleysistryggingasjóð. Það kom fram í máli fulltrúa ASÍ og VSÍ, sem mættu til fundar við nefndina, að samtök þeirra gerðu ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Fulltrúi VSÍ lagði þó áherslu á að þar sem atvinnurekendur greiða orðið helminginn af framlaginu í sjóðinn á móti ríkinu sé eðlilegt að Vinnuveitendasamband Íslands fái einn fulltrúa til viðbótar í stjórn sjóðsins.

Á árinu 1993 voru fjárveitingar til sjóðsins 1.464 millj. kr. auk 500 millj. kr. frá sveitarfélögunum. 7. desember sl. höfðu verið greiddar úr sjóðnum 2.300 millj. kr. og 300 millj. kr. höfðu verið greiddar til sveitarfélaganna. Áætlað er að heildarútgjöld sjóðsins verði um 2.800 millj. kr. á þessu ári og fari um 1.300 millj. kr. fram úr áætlun. Verðbréf, sem sjóðurinn á, eru í dag metin á rúmlega 1 millj. 750 þús. kr., en það eru að langmestu leyti bréf sem keypt hafa verið af Húsnæðisstofnun á undanförnum árum. Þegar sjóðurinn hefur farið fram úr fjárveitingum hefur það sem ekki hefur fengist með aukafjárveitingum verið brúað með því að ríkissjóður hefur leyst til sín bréf sjóðsins að nafnvirði sem svarar til mismunarins. Ekki reyndist unnt að fá tölu um áætlaða stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs í upphafi árs 1994. Gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins á næsta ári verði 3.000 millj. kr. og er þá miðað við áætlun Þjóðhagsstofnunar um 5% atvinnuleysi.

Í 12 gr. frumvarpsins eru gerðar breytingar til samræmis við frumvarp til laga um breytingar á lögum um tryggingagjald. Lögbundið framlag ríkissjóðs í sjóðinn hækkar þannig úr 0,45% af stofni tryggingariðgjalds í 0,5% og er það um 100 millj. kr. hækkun.

Í 13.–19. gr. frumvarpsins eru gerðar ýmsar breytingar á lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Þar er fyrst og fremst um minni háttar breytingar að ræða sem ýmist gera gildandi lög skýrari en áður eða tryggja betur bótarétt. Í 17. og 18. gr. er opnuð heimild til að fækka úthlutunarnefndum. Í 19. gr. er gert ráð fyrir að hætt verði að lána úr Atvinnuleysistryggingasjóði til stéttarfélaga og félaga atvinnurekenda til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi sína og/eða orlofsheimili launþega. Ekki verður séð af þeim tillögum, er fram koma í frumvarpinu, að þær muni hafa í för með sér einhvern sparnað fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er í samræmi við umsögn fjármálaráðuneytisins þar sem sagt er að þær breytingar, sem gerðar eru á 13. og 19. gr. frumvarpsins, muni ekki hafa áhrif á heildarútgjöld sjóðsins þar eð áhrif breytinganna eru ýmist til hækkunar eða lækkunar.

Í 20. gr. er gert ráð fyrir að sveitarfélögin leggi Atvinnuleysistryggingasjóði til framlag til atvinnuskapandi verkefna á árinu 1994 með sama hætti og 1993. Nú er gert ráð fyrir að framlagið hækki um 100 millj. kr., úr 500 millj. kr. í 600 millj. kr. Samkomulag hefur orðið á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar um að þetta fyrirkomulag skuli gilda á árinu 1994. Af þeim 500 millj. kr., sem þannig voru innheimtar hjá sveitarfélögunum á þessu ári, verða eftir í Atvinnuleysistryggingasjóði rúmar 200 millj. kr. Ekki verður annað séð en að sú ráðstöfun að innheimta hjá sveitarfélögunum sérstakan sveitarfélagaskatt til Atvinnuleysistryggingasjóðs og deila honum síðan aftur út til sveitarfélaganna til sérstakra átaksverkefna hafi talsvert óhagræði í för með sér, miðstýringu, og kostnaðarsaman tilflutning á peningum. Miklu eðlilegra væri að ætla sveitarfélögunum að sjá um þetta sjálf.

Tilgangurinn með þessu frumvarpi er sá að treysta forsendur fjárlaga fyrir árið 1994 með því að ná 120 millj. kr. sparnaði í atvinnuleysistryggingum og rúmlega 20 millj. kr. sparnaði á áfengismeðferðarstofnununum. Af framangreindu verður ekki séð að með þessum aðgerðum náist slíkur sparnaður.

F.h. minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar,

Ingibjörg Pálmadóttir, varaform.

Fylgiskjal III.

Umsögn meiri hluta félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur tekið til umfjöllunar ákvæði 8. og 9. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, 263. máls þingsins, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember sl.

Við umfjöllun um þann hluta fjárlaga, sem er á málefnasviði félagsmálanefndar, ræddi nefndin einnig þessi mál og lagði í þeirri umfjöllun sérstaka áherslu á málefni fatlaðra. Fékk hún fulltrúa félagsmálaráðuneytisins á sinn fund auk þess sem hún fór á fund forsvarsmanna Þroskahjálpar með fulltrúum Öryrkjabandalagsins. Í ábendingum meiri hluta nefndarinnar til fjárlaganefndar kemur fram að fjárveitingar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra lækka um 30 millj. kr. vegna lækkunar tekna af erfðafjárskatti. Jafnframt tekur sjóðurinn að sér sérstök viðfangsefni (á sviði rekstrar) sem nema 42,2 millj. kr. Sérstök fjárveiting úr ríkissjóði til byggingar sambýla fyrir fatlaða er óbreytt, 20 millj. kr. Einu nýju stofnanirnar, sem framlag verður veitt til, eru sambýli sem fyrirhugað er að koma á fót vegna sölu Sólborgar á Akureyri, en Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur veitt framlög til Sólborgar á liðnum árum. Lagði meiri hlutinn áherslu á mikilvægi uppbyggingar í þessum málaflokki í framtíðinni.

Eftir að efnahags- og viðskiptanefnd beindi 263. máli til félagsmálanefndar fékk nefndin á fund sinn til viðræðna frá félagsmálaráðuneytinu Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Sturlaug Tómasson deildarstjóra. Til að fjalla um 9. gr. frumvarpsins komu frá Þroskahjálp Lára Björnsdóttir formaður og Ásta Þorsteinsdóttir og frá Öryrkjabandalagi Íslands Ásgerður Ingimarsdóttir framkvæmdastjóri og Helgi Seljan félagsfulltrúi.

Með tilliti til þess sem fram hefur komið í viðræðum um þennan málaflokk gerir meiri hlutinn ekki athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins.

Til að fjalla um 8. gr. frumvarpsins fékk nefndin á fund sinn frá Alþýðusambandi Íslands Láru V. Júlíusdóttur framkvæmdastjóra og frá Vinnuveitendasambandi Íslands Hannes G. Sigurðsson hagfræðing. Meiri hlutinn gerir ekki athugasemd við 8. gr. frumvarpsins.

Jón Kristjánsson og Kristinn H. Gunnarsson voru ekki viðstaddir afgreiðslu þessa álits.

Alþingi, 14. des. 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, form.
Guðjón Guðmundsson.
Gísli Einarsson.
Einar K. Guðfinnsson.
Eggert Haukdal.

Fylgiskjal IV.

Umsögn landbúnaðarnefndar.
(14. desember 1993.)

Landbúnaðarnefnd hefur tekið til umfjöllunar þann þátt frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, 263. máls, sem er á málefnasviði hennar (5.–7. gr.), sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember sl. Fékk hún á fund sinn til viðræðna frá landbúnaðarráðuneytinu Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, og Guðmund Sigþórsson skrifstofustjóra.

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði heimild til álagningar skólagjalda við bændaskólana á Hvanneyri og Hólum og Garðyrkjuskóla ríkisins. Þessi ákvæði eru hliðstæð sams konar ákvæði sem kemur fram í 8. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla, auk þess sem sérskólar sem ekki falla undir þau lög en heyra undir menntamálaráðuneytið hafa einnig slíkar heimildir til gjaldtöku. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til þessa atriðis. Egill Jónsson, Gísli Einarsson og Eggert Haukdal telja eðlilegt að ákvæði 5. og 6. gr. verði lögfest þannig að fyrrgreindir þrír skólar sem falla undir landbúnaðarráðuneytið fái sams konar gjaldtökuheimildir, enda út frá því gengið að samræmis sé gætt milli hliðstæðra skóla um beitingu þessara gjalda. Kristín Ástgeirsdóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Ragnar Arnalds eru ekki sammála framangreindri túlkun á ákvæði 8. gr. laga nr. 57/1988 og eru andvíg lögfestingu 5. og 6. gr.

Nefndin leitaði álits Lárusar Ögmundssonar, lögfræðings Ríkisendurskoðunar, á því hvort gjaldtaka sú á allar seldar búvélar, sem lögð er til í 7. gr. frumvarpsins, væri í raun þjónustugjald eða skattur til ríkissjóðs. Í frumvarpinu er ekki að finna neina skírskotun til þess að Rannsóknastofnun landbúnaðarins muni veita þeim sem kann að flytja inn, framleiða eða selja búvélar tiltekna þjónustu vegna hverrar gjaldskyldrar vélar. Þar með liggur fyrir að ofangreint gjald uppfyllir ekki þau skilyrði að geta talist opinbert þjónustugjald

heldur skattur sem á sér margar hliðstæður. Þetta er í samræmi við álit lögfræðings Ríkisendurskoðunar. Þá vill nefndin enn fremur geta þess að búvélasalar greiða gjald til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna prófana á tækjum þeirra sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins er í sjálfsvald sett að ákveða. Samkvæmt framansögðu eru þær forsendur gjaldtökunnar, sem byggt er á í 7. gr., ekki fyrir hendi og getur landbúnaðarnefnd þar af leiðandi ekki mælt með því ákvæðið verði lögfest.

Einar K. Guðfinnsson, Árni M. Mathiesen og Guðni Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu þessa máls.

F.h. landbúnaðarnefndar Alþingis,

Egill Jónsson, form.

Fylgiskjal V.

Umsögn meiri hluta menntamálanefndar.

(15. desember 1993.)

Menntamálanefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. desember 1993, fjallað um 1.–4. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, 263. máls.

Umrædd ákvæði fela annars vegar í sér að framlengd er frestun á framkvæmd ákvæða grunnskólalaga um skólamáltíðir, lengingu kennslutíma, fækkun nemenda í bekkjardeildum og að komið skuli á skólaathvörfum við hvern grunnskóla, sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins. Hins vegar fjalla 3. og 4. gr. um heimild til handa Tækniskóla Íslands til að innheimta skólagjöld af nemendum. Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun málsins Guðríði Sigurðardóttur, ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneyti, og Örlyg Geirsson, skrifstofustjóra í sama ráðuneyti, Ásdísi Sigurjónsdóttur, deildarsérfræðing í fjármálaráðuneyti, og Guðbrand Steinþórsson, rektor Tækniskóla Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er Sigríði A. Þórðardóttur, Birni Bjarnasyni, Tómasi Inga Olrich, Petrínu Baldursdóttur og Árna Johnsen, telur að með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fram komu við umfjöllun um framangreind ákvæði, séu ekki efni til að gera athugasemdir við frumvarpið.

F.h. meiri hluta menntamálanefndar,

Sigríður A. Þórðardóttir, form.

Fylgiskjal VI.

Umsögn minni hluta menntamálanefndar.

(16. desember 1993.)

Menntamálanefnd hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, 263. mál.

Nefndin fjallaði á fundi sínum 14. desember sl. um 1.–4. gr. frumvarpsins sem kveða á um menntamál og eru því á málefnasviði menntamálanefndar. Á fundinn voru boðaðir fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Tækniskóla Íslands.

Minni hlutinn er algjörlega andvígur því að fresta ákvæðum grunnskólalaga, nr. 49 frá 1991, sem samþykkt voru með atkvæðum allra stjórnmálaflokka sem þá áttu sæti á Alþingi.

Það sýnir skilningsleysi og áhugaleysi á mikilvægi grunnmenntunar og aðstæðum barna og fjölskyldna í landinu að leggja nú fram þriðja árið í röð frumvarp sem frestar þeim mikilvægu ákvæðum grunnskólalaganna sem kveða á um að komið skuli á máltíðum í skólum, lengingu kennslutíma og að komið verði upp skólaathvarfi við hvern grunnskóla. Auk þess er því frestað að nemendum skuli fækkað í bekkjardeildum og sú heimild fræðslustjóra að mega fjölga um allt að tvo nemendur í bekkjum, þegar sérstaklega stendur á, látin gilda áfram. Með þessum lagabreytingum ætlar ríkisstjórnin að spara 160 millj. kr. á árinu 1994 en lækkunin nemur 350 millj. kr. á skólaárinu 1994–95.

Í máli embættismanna menntamálaráðuneytisins kom m.a. fram að ráðuneytið hefur ekki eftirlit með því hvernig fjölgun í bekkjum kemur niður á hinum ýsmu skólum og veit ekki hversu mikið rými nemendur hafa í kennslustofum sínum og hvernig það samræmist þeim reglum sem í gildi eru um það efni.

Í gögnum, sem unnin voru í menntamálaráðuneytinu, kemur m.a. fram að á skólaárinu 1992–93 var heimild fræðslustjóra til að fjölga nemendum um allt að tvo í bekkjum nýtt í 34 tilfellum og að auki í 16 tilfellum á skólaárinu 1993–94. Þá kemur enn fremur fram að framlag á nemanda á verðlagi frumvarpsins hefur farið lækkandi á síðustu árum. Einnig hefur vikustundum á nemanda, þ.e. heildarfjölda vikustunda í umdæmi deilt með fjölda nema, fækkað.

Nýleg könnun, sem gerð var á lestrarkunnáttu grunnskólabarna, sýnir að þar stöndum við Íslendingar ekki eins vel að vígi og vera skyldi, enda tala kennarar um að erfitt sé að koma öllu námsefninu fyrir í þeim kennslustundum sem íslensk stjórnvöld skammta grunnskólunum. Þetta leiðir til minni einstaklingskennslu og meiri hópkennslu.

Þær breytingar hafa átt sér stað á kennslumagni að vikustundum hefur fækkað um 53 og fjöldi stöðugilda hefur nánast staðið í stað. Grunnskólakennurum fjölgar um 50 og leiðbeinendum hefur fækkað um 53 á milli skólaáranna 1992–93 og 1993–94. Það hefur borið á atvinnuleysi á meðal kennara auk þess sem þessar aðgerðir hafa valdið launalækkun hjá stéttinni.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins er fjallað um Tækniskóla Íslands. Felld er niður málsgrein þess efnis að kostnað við stofnun og rekstur Tækniskóla Íslands skuli greiða að fullu úr ríkissjóði. Þá er kveðið á um það að skrásetningargjöld skuli tekin upp í sérgreinadeildum Tækniskóla Íslands og nemendagjöld í undirbúnings- og raungreinadeild skólans en hún telst vera á framhaldsskólastigi. Minni hlutinn er andvígur því að taka út ákvæði þess efnis að kostnaður við rekstur skólans skuli greiddur að fullu úr ríkissjóði þar sem það opni heimild til þess að skólinn fái engin bein framlög úr ríkissjóði.

Fram kemur í fylgiskjali með frumvarpinu að Tækniskólinn skuli afla sértekna upp á 7 millj. kr. á næsta ári og greindi rektor skólans frá því að reiknað væri með skólagjöldum upp á 17.000 kr. á nemanda yfir veturinn.

Minni hlutinn er andvígur þeim greinum frumvarpsins sem menntamálanefnd fjallaði um að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar, þ.e. 1.–4. gr., og leggur til að þær verði felldar.

F.h. minni hluta menntamálanefndar,

Valgerður Sverrisdóttir.

446. Breytingartillögur [263. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (RG, GuðjG, SP, IBA, LMR).

1. Við 7. gr. Greinin falli brott.
2. Við 10. gr. Greinin falli brott.
3. Við 11. gr.
   a. Greinin orðist svo:
      Á eftir fyrri málslið 34. gr. nýsamþykktra laga um almannatryggingar komi nýr málsliður svohljóðandi: Þó er heimilt að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalar á sérhæfðum meðferðarstofnunum.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: **Um breytingu á lögum um almannatryggingar.**
4. Við 16. Greinin orðist svo:
   5. mgr. 24. gr. laganna verður svohljóðandi:
   Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta sem þeir eiga rétt á sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess ef um fleiri en eina er að ræða. Fyrirsjáanlega skerðingu vinnutíma skal atvinnurekandi tilkynna fyrir fram til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og gera ítarlega grein fyrir ástæðum til samdráttar. Tilkynningu skal fylgja skrá um það starfsfólk sem ráðgert er að skerðingin taki til ásamt upplýsingum um dagvinnustundafjölda einstakra starfsmanna hjá fyrirtækinu á síðustu 12 mánuðum áður en til skerðingar kemur, svo og upplýsingum um stéttarfélög viðkomandi. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs staðreynir skrána svo og síðari upplýsingar um það fólk sem skerðingin tekur til og sendir til úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta fyrir þau félög sem starfsmenn eru félag-

ar í sem síðan úrskurða um bótarétt. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að synja um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari málsgrein ef hún telur að fyrirtæki hafi ekki tilgreint nægilegar ástæður til samdráttar. Ekki verða greiddar bætur samkvæmt þessari grein lengur en 30 bótadaga fyrir hvern starfsmann á almanaksári. Komi til uppsagna starfsmanna falla greiðslur niður og eiga þeir ekki bótarétt að nýju fyrr en að loknum uppsagnarfresti.

5. Við 20. gr. Við efnismálsgrein a-liðar bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 37. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1994 að gera tillögur um ráðstöfun á þessu fjármagni sem sveitarfélögin greiða til sjóðsins, auk allt að 600 m.kr. af öðru ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1994, til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á árinu 1994 skal einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.
6. Við 30. gr. Nýr málsliður bætist við greinina er orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. sömu laga skal innheimta 0,3% af söluvörum landbúnaðarins á árinu 1994 í stað 0,6%.

447. Nefndarálit [263. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á tveimur fundum og er sú meðferð málsins mjög í anda þeirra vinnubragða sem einkennt hafa ríkisfjármálin á þessu þingi. Mál koma allt of seint fram og tíminn, sem gefst til að vinna þau, er allt of naumur. Það kom t.d. í ljós í meðförum nefndarinnar á málinu að veruleg ástæða hefði verið til að athuga betur hvaða afleiðingar hin svo kölluðu þrátt-fyrir-ákvæði hafa haft fyrir þær stofnanir og sjóði sem hafa orðið að þola skerðingu lögbundinna framlaga árum saman. Til slíkrar könnunar gafst enginn tími.

Frumvarpið um ráðstafanir í ríkisfjármálum er óvenjulítið að þessu sinni og ræðst það af því að ýmist náðist ekki samkomulag í ríkisstjórnarflokkunum eða ákveðið var að taka út úr frumvarpinu illa undirbúin niðurskurðaráform sem mætt höfðu mikilli andstöðu í þjóðfélaginu. Frumvarpið felur þó í sér nokkur mjög alvarleg áform og framlengingu á fyrri ákvörðunum sem stjórnarandstaðan mótmælir nú sem fyrr. Það er lýsandi fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar að þeir sem þurfa að þola niðurskurð og gjaldtöku eru grunnskólabörn, námsmenn í framhaldsskólum, ekkjur og áfengissjúklingar, auk menningarstarfsemi af ýmsu tagi sem ekki fær sín lögbundnu framlög.

Grunnskólinn.

Þriðja árið í röð er frestað framkvæmd nokkurra ákvæða grunnskólalaga sem samþykkt voru af öllum þingflokkum vorið 1991. Menntamálaráðherra lýsti því yfir haustið 1991 að um tímabundna aðgerð væri að ræða. Hætt er við að sú aðgerð verði varanleg haldi svo fram sem horfir. Í stað þess að fækka börnum í bekkjum, eins og stefnt er að, er heimilt að fjölga börnum í bekkjum, kennslustundum er ekki fjölgað svo sem ráð var fyrir gert og sveitarfélögum er ekki gert skylt að koma á máltíðum í skólum. Á árinu 1994 er þessi niðurskurður 160 millj. kr. og á skólaárinu 1994–1995 verður hann um 350 millj. kr. Það er ljóst að þessi síendurtekni niðurskurður hefur haft alvarlegar afleiðingar sem m.a. lýsa sér í verulegri launalækkun kennara, atvinnuleysi í þeirra röðum, allt of stórum bekkjum og niðurskurði í kennslu sem skólakerfið mátti þó síst við. Niðurstaða nýlegrar könnunar á læsi íslenskra barna sýnir að þörf er á sókn í skólakerfinu í stað samdráttar. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem borist hafa frá menntamálaráðuneytinu, var heimildin til að fjölga í bekkjum notuð 34 sinnum skólaárið 1992–1993 og 16 sinnum til viðbótar skólaárið 1993–1994. Hér er um aðgerðir að ræða sem bitna á börnum landsins, framtíð þeirra og þjóðarinnar, aðgerðir sem stjórnarandstaða hefur mótmælt harðlega og mótmælir enn.

Skólagjöld.

Í frumvarpinu er lögð til upptaka skólagjalda í fjórum skólum. Þar er um að ræða búnaðarskólana, Garðyrkjuskóla ríkisins og Tækniskóla Íslands. Skólagjöldum hefur þegar verið komið á í öllum öðrum framhaldskólum og skólum á háskólastigi. Í þessum fjórum skólum er bæði um að ræða grunndeildir og deildir á háskólastigi og því verður um mjög mismunandi gjöld að ræða. Stjórnarandstaðan hefur verið þeirrar skoðunar að með skólagjöldum sé verið að brjóta þá grundvallarreglu að ríkið bjóði öllum þegnum landsins upp á menntun sem greidd er úr sameiginlegum sjóðum. Stjórnarandstaðan er andvíg þjónustugjöldum af þessu tagi og mun því greiða atkvæði gegn þessum ákvæðum. Það er hins vegar lýsandi fyrir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar að ár eftir ár hefur í fjárlögum verið gert ráð fyrir „sértekjum“ Tækniskólans upp á 7 millj. kr. þótt lagaheimildir hafi skort til innheimtu sértekna. Sú breyting, sem hér er lögð til á lögum um Tækniskóla Íslands, felur það í sér að numin verður úr gildi sú skylda ríkisins að greiða rekstur skólans. Minni hluti menntamálanefndar bendir á það í bréfi sínu til efnahags- og viðskiptanefndar að þessi breyting feli í sér heimild til að taka Tækniskólann út af fjárlögum!

Atvinnuleysistryggingar og ekknabætur.

Sú grein frumvarpsins sem fól í sér heimild til að tekjutengja ekknabætur verður felld niður þar sem slíka heimild er þegar að finna í nýsettum lögum um félagslega aðstoð. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fram komu í efnahags- og viðskiptanefnd, verður tekjutengingin með sama hætti og gildir um ellilífeyri. Það er álit minni hlutans að þetta mál hefði þurft mun nánari skoðunar við þannig að ljóst væri hvernig staða þessa hóps er og hvernig þessi skerðing kemur við hann. Minni hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar hafnar þessari tekjutengingu enda hafi engin rök komið fram sem styðji þá skoðun að þessi sparnaður sé skynsamlegur.

Nokkrar breytingar eru gerðar á lögum um atvinnuleysistryggingar, m.a. til að koma í veg fyrir misnotkun. Sumar þessar breytinga orka tvímælis, svo sem það að taka út úr lögunum með öllu rétt til að greiða atvinnuleysisbætur á móti samdrætti í vinnu. Nú er til athugunar að lagfæra þetta. Einnig er ljóst að ráðherra er að taka til sín stóraukið vald frá Atvinnuleysistryggingasjóði og úthlutunarnefndum. Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar um málið kom fram að Samband íslenskra sveitarfélaga er ekki alls kostar ánægt með það ákvæði sem lögbindur 600 millj. kr. framlag sveitarfélaganna til atvinnumála og telur að breytingartillaga meiri hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar feli í sér óeðlilegar kröfur til sveitarfélaganna. Verði því ekki breytt kallar það á mótmæli og versnandi samskipti sveitarfélaganna og ríkisstjórnarinnar og er þó ekki á bætandi. Þetta mál hefði þurft meiri og betri umfjöllun í nefndinni.

Sjúklingaskattur.

Í 11. gr. frumvarpsins og þeirri breytingartillögu, sem meiri hlutinn leggur til, er gert ráð fyrir að þeir sjúklingar, sem þurfa á áfengismeðferð að halda, greiði hluta af þeim kostnaði sem meðferðinni fylgir. Þar með er verið að innleiða þá reglu að sjúklingar, sem lagðir verða inn á stofnun til meðferðar, greiði fyrir hana. Þótt um sérhæfða meðferð sé að ræða er ljóst að sá hópur, sem ákvæðið nær til, er oftast illa á sig kominn andlega og líkamlega og ólíklegt að slíkir sjúklingar geti greitt fyrir sjúkrahúsvistun. Þessi gjaldtaka á að skila um 25 millj. kr. samkvæmt frumvarpinu en hætt er við að sumir þeirra sem þurfa á meðferð að halda geti ekki greitt gjöldin og leiti sér því ekki lækninga. Það verður þjóðfélaginu dýrt þegar til lengdar er litið. Minni hlutinn mótmælir þessari stefnu og mun greiða atkvæði gegn þessu ákvæði.

Þrátt-fyrir-ákvæðin.

Í þrátt-fyrir-ákvæðum þessa frumvarps er að finna skerðingar á lögbundnum framlögum sem endurteknar hafa verið ár eftir ár. Það er skoðun minni hlutans að lagasetning af þessu tagi sé afar slæm og að miklu eðlilegra væri að endurskoða þau lög sem hér um ræðir sé það vilji Alþingis að skerða fjárframlög með þessum hætti.

Minni hlutinn vill benda sérstaklega á eftirfarandi atriði.

Í fyrsta lagi eru tekjur Ríkisútvarpsins teknar í ríkissjóð. Staða Ríkisútvarpsins er með þeim hætti að mikil þörf er á viðhaldi og endurbótum, einkum á dreifikerfinu sem á að þjóna landinu og miðunum. Með því að taka þessar tekjur traustataki er verið að koma í veg fyrir bætta þjónustu við landsmenn og verið að leggja stein í götu þessarar mikilvægu menningarstofnunar og öryggistækis.

Í öðru lagi vill minni hlutinn benda á skert framlög til húsfriðunar en Húsafriðunarsjóðs bíða mörg brýn verkefni. Húsafriðunarsjóður skapar vinnu og þau hús, sem hann styrkir viðgerðir á, vekja áhuga ferðamanna auk þess sem verið er að bjarga menningarverðmætum. Það er því mikilvægt að hann njóti stuðnings og má benda á það hlutverk sem hann getur gegnt í atvinnusköpun á erfiðum tímum.

Í þriðja lagi eru framlög til Ferðamálasjóðs skert þegar brýnna er en nokkru sinni að vinna að uppbyggingu í ferðaþjónustu. Þess í stað er sjóðurinn skorinn niður og skattar lagðir á hluta ferðaþjónustu sem er einn fárra vaxtarbrodda í íslensku atvinnulífi.

Í fjórða lagi ber að nefna þá undarlegu stefnu sem beitt er gagnvart Vegagerðinni. Annars vegar er samið við verkalýðshreyfinguna um aukin framlög til verklegra framkvæmda, þar með talið vegagerðar sem fjármagnaðar eru með stórfelldum lántökum, hins vegar eru svo lögbundin framlög til stofnunarinnar hirt í ríkissjóð. Þetta eru furðuleg vinnubrögð sem vekja enn spurningar um það hvernig framkvæmdarvaldið umgengst landslög.

Í fimmta lagi ber svo að nefna þá merkilegu stefnumörkun sem felst í því ákvæði að Ríkissjóður taki ekki þátt í að greiða kostnað við leit að áður óþekktum tófugrenjum!

Niðurstaða.

Það er niðurstaða minni hlutans að þau niðurskurðaráform, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum, séu þess efnis að ekki sé hægt að fallast á þau þar sem þau fela í sér aukinn sjúklingaskatt, vanefndir á framkvæmd grunnskólalaganna, skólagjöld og lækkun ekkjulífeyris.

Alþingi, 18. des. 1993.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. Halldór Ásgrímsson. Steingrímur J. Sigfússon.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

448. Frumvarp til laga [244. mál]

um prestssetur.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

Í lögum þessum merkir orðið prestssetur lögboðinn aðsetursstað prests og er hluti af embætti hans.

Prestssetur eru:

a. *Prestssetursjörð:* Tiltekin jörð (lögbýli) ásamt mannvirkjum, þar með talið íbúðarhús sem að lögum er prestssetur.
b. *Prestsbústaður:* Íbúðarhúsnæði án jarðnæðis í tilteknu sveitarfélagi eða á tiltekinni jörð eða nafngreindum stað þar sem lögboðið er að prestssetur skuli vera.

2. gr.

Stofnsettur skal sérstakur sjóður, prestssetrasjóður.

Stjórn sjóðsins, sbr. 3. gr., fer með yfirstjórn prestssetra og hefur fyrirsvar þeirra vegna.

Prestssetrasjóður stendur straum af kostnaði við prestssetrin, sbr. 6. gr. laga þessara.

3. gr.

Kirkjuráð kýs þriggja manna stjórn prestssetrasjóðs og varamenn þeirra og skiptir með þeim verkum. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kirkjuráðs.

Kirkjuþing getur sett sjóðstjórn starfsreglur og gert ályktanir um hvaðeina er lýtur að stjórn og starfrækslu sjóðsins er bindur sjóðstjórn.

4. gr.

Stjórn prestssetrasjóðs er heimilt að kaupa og selja prestssetur eða réttindi sem tengjast þeim, en samningur verður ekki bindandi fyrir aðila nema kirkjuþing og dóms- og kirkjumálaráðherra hafi heimilað þá ráðstöfun. Þó er ekki heimilt, nema með samþykki Alþingis, að selja prestssetur, eða réttindi sem þeim tengjast, sem prestssetrasjóður tekur við þegar lög þessi öðlast gildi.

5. gr.

Prestum ber að gjalda prestssetrasjóði leigu fyrir prestssetur. Sjóðstjórn ákveður leigukjör, þar með talið leigugjald, og gerir leigusamninga við presta um prestssetur. Ákvæði húsaleigulaga og ábúðarlaga taka til réttarsambands aðila eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Prestssetrasjóður kostar:

1. Nýbyggingar prestssetra.
2. Kaup og sölu prestssetra.
3. Viðhald prestssetra.
4. Eignakaup á prestssetursjörðum við ábúðarlok prests ef því er að skipta.
5. Lögboðnar vátryggingar prestssetra.
6. Fasteignagjöld prestssetra.
7. Annan rekstur prestssetranna sem greiðist ekki af presti.
8. Rekstur sjóðsins.

7. gr.

Tekjur prestssetrasjóðs eru sem hér segir:

1. Fast framlag úr kirkjumálasjóði.
2. Leigutekjur af prestssetrum.
3. Álag greitt af presti við úttekt samkvæmt lögbundinni úttekt við ábúðarlok hans ef því er að skipta.
4. Söluandvirði prestssetra.
5. Framlög sem einstakar sóknir kunna að verja til tiltekinna verkefna.

8. gr.

Við gildistöku laga þessara tekur stjórn prestssetrasjóðs við þeirri yfirstjórn prestssetra sem verið hefur í höndum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, svo og réttindum og skyldum sem þeim fylgja.

9. gr.

Reikningshald prestssetrasjóðs skal vera í höndum biskupsstofu nema kirkjuþing geri aðra skipan þar á.

Ríkisendurskoðun endurskoðar fjárreiður prestssetrasjóðs í samræmi við lög um Ríkisendurskoðun, ásamt síðari breytingum.

10. gr.

2. málsl. 5. gr. laga um Kristnisjóð o.fl., nr. 35 9. maí 1970, verður svohljóðandi: Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni og er þá sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans ef um lögboðið prestssetur er að ræða.

2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, fellur úr gildi.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kirkjuráð kýs svo fljótt sem auðið er þriggja manna stjórn prestssetrasjóðs og varamenn og skiptir með þeim verkum. Sú stjórn skal setja sér starfsreglur að fengnum tillögum Prestafélags Íslands og prófastafundar. Kjörtímabil þeirrar stjórnar skal vera hið sama og núverandi kirkjuráðsmanna.

449. Frumvarp til laga [245. mál]

um kirkjumálasjóð.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

Samhljóða þskj. 284 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn kirkjumálasjóðs og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn er kynnt skal dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir lok maímánaðar ár hvert. Áætlun skal einnig kynnt kirkjuþingi.

Reikningshald sjóðsins skal vera í höndum biskupsstofu og reikningsleg endurskoðun framkvæmd af Ríkisendurskoðun í samræmi við lög um Ríkisendurskoðun, ásamt síðari breytingum.

450. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

D-liður 1. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Í stað „1%“ í b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: 1,12%.

3. gr.

B-liður 8. gr. laganna orðast svo:

Árlegt framlag úr ríkissjóði sem verði 0,227% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs og skal greiðast Jöfnunarsjóði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

4. gr.

9. og 10. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna sem verður 9. gr. þeirra:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Tekjum Jöfnunarsjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

6. gr.

Í stað „7,5%“ í 1. mgr. 25. gr. laganna, er verður 23. gr., kemur: 9,2% og eigi lægra en 8,4%.

7. gr.

V. kafli laganna, **Um aðstöðugjald**, 34.–40. gr., fellur brott og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því.

8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna, er verður 32. gr., orðast svo: Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr. og 3. og 5. mgr. 27. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 27. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning.

9. gr.

Eftirtaldar greinar laganna breytast þannig:

a. Í 11. gr., er verður 9. gr., kemur: 10. gr. í stað „12. gr.“ í a-lið 2. mgr., 11. gr. í stað „13. gr.“ í b-lið 2. mgr. og 12. gr. í stað „14. gr.“ í c-lið 2. mgr.
b. Í 13. gr., er verður 11. gr., kemur: 13. gr. í stað „15. gr.“ í c-lið og 14. gr. í stað „16. gr.“ í d-lið.
c. Í stað „12. og 13. gr.“ í 2. mgr. 14. gr., er verður 12. gr., kemur: 10. og 11. gr.
d. Í stað „13. gr.“ í 1. mgr. 15. gr., er verður 13. gr., kemur: 11. gr.
e. Í stað „13. gr.“ í 1. mgr. 16. gr., er verður 14. gr., kemur: 11. gr.
f. Í stað „13. gr. og skv. 14. gr.“ í 17. gr., er verður 15. gr., kemur: 11. gr. og skv. 12. gr.
g. Í stað „25. gr.“ í 1. mgr. 26. gr., er verður 24. gr., kemur: 23. gr.
h. Í 30. gr., er verður 28. gr., kemur: 27. gr. í stað „29. gr.“ í 2. mgr. og 32. gr. í stað „41. gr.“ í 7. mgr.
i. Í stað „21. gr.“ í 2. mgr. 43. gr., er verður 34. gr., kemur: 19. gr.

10. gr.

Við lögin bætast svofelld ákvæði til bráðabirgða:

I.

Sérstakan fasteignaskatt, sem nema skal 1,25% að hámarki af álagningarstofni, er heimilt að leggja á fasteignir sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða. Skattskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Skattskyldan nær til sömu aðila og samkvæmt fyrri lögum um sama efni. Álagningarstofn skal vera fasteignamatsverð í árslok áður en álagning fer fram. Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð. Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til skatts samkvæmt þessu ákvæði skal miða við raunverulega notkun fasteignar í árslok áður en álagning fer fram. Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega. Skattur samkvæmt ákvæði þessu rennur óskiptur til sveitarsjóðs. Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skattsins en getur falið sérstökum innheimtuaðila innheimtuna.

Eigendur fasteigna skulu senda því sveitarfélagi, sem eign er í, skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þetta ásamt upplýsingum um síðasta heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem einnig eru notaðar til annars en verslunarreksturs og skrifstofuhalds. Sveitarstjórn auglýsir frest eigenda til að skila upplýsingum þeim er að framan greinir. Vanræki húseigandi að senda skrá yfir eignir sem ákvæði þetta tekur til er sveitarstjórn heimilt að nota aðrar uppýsingar til viðmiðunar við álagningu þar til húseigandi bætir úr. Skattyfirvöld skulu veita sveitarstjórnum þær upplýsingar sem þörf er á í sambandi við framkvæmd ákvæðis þessa, þar á meðal skal heimila sveitarstjórnum aðgang að skrám yfir aðila sem skattlagðir voru á grundvelli V. kafla laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

Ákvæði II. kafla laga þessara sem taka til fasteignaskatts skulu jafnframt gilda um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði samkvæmt þessu ákvæði eftir því sem við getur átt.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæðis þessa.

Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa unnið að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að þessi sérstaki viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 26. gr. er ráðherra heimilt á árinu 1993 að auglýsa sérstaka fresti sveitarstjórnum til handa til að ákveða hundraðshluta útsvars. Tilkynning til fjármálaráðuneytis, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal hafa borist eigi síðar en tveimur dögum eftir að ákvörðun sveitarstjórnar átti að liggja fyrir. Vanræki sveitarstjórn að tilkynna innan tiltekins frests skal miða við ákvörðun fyrra árs að viðbættu 1,5%.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 og ákvörðun staðgreiðslu á því ári.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 90/1990, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

451. Þingsályktun [150. mál]

um fullgildingu breytingar á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

(Afgreidd frá Alþingi 18. des.)

Samhljóða þskj. 438.

452. Lög [284. mál]

um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til að vega á móti skerðingu þorskveiðiheimilda.

(Afgreidd frá Alþingi 18. des.)

Samhljóða þskj. 361.

453. Lög [244. mál]

um prestssetur.

(Afgreidd frá Alþingi 18. des.)

Samhljóða þskj. 448.

454. Lög [245. mál]

um kirkjumálasjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 18. des.)

Samhljóða þskj. 449 (sbr. 284).

455. Lög [103. mál]

um breyting á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

(Afgreidd frá Alþingi 18. des.)

Samhljóða þskj. 106.

456. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umræða fór fram 9. desember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Pósts og síma, Ríkisútvarpsins, Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins. Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Samkvæmt venju mættu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar til viðræðna við nefndina fyrir 3. umræðu og gerðu grein fyrir efnahagshorfum. Þar kom fram að allt lítur út fyrir að þróun efnahagsmála á þessu ári og horfur fyrir næsta ár séu talsvert hagstæðari en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun sem lögð var fyrir Alþingi í október sl. Undangengin tvö ár hefur álit Þjóðhagsstofnunar gengið í þveröfuga átt við það sem nú er við 3. umræðu, þ.e. búist hefur verið við lakari horfum í efnahagsmálum en áætlanir gerðu ráð fyrir tveimur mánuðum fyrr.

Tillögur meiri hluta er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til lækkunar útgjalda að fjárhæð 243,9 m.kr.

Framvinda á því ári, sem nú er senn liðið, virðist ætla að verða nokkru hagstæðari en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun frá því í október. Þannig er talið að útflutningur vöru og þjónustu verði talsvert meiri en áætlað var, eða aukist um 3,7% að magni til miðað við 2% í þjóðhagsáætlun. Að baki þessa liggur fyrst og fremst aukinn afli og einkum utan fiskveiðilögsögunnar. Því verður landsframleiðslan meiri og viðskiptajöfnuðurinn hagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir. Landsframleiðslan mun því aukast um 1% á árinu en ekki 0,5%. Þjóðartekjurnar dragast saman um 1,3% samanborið við 1,9% í fyrri áætlun. Þjóðarútgjöld eru talin verða óbreytt frá fyrri áætlun.

Útlit er fyrir að viðskiptahallinn verði um 3 milljarðar kr. sem svarar til 0,8% af landsframleiðslu. Fyrri áætlun gerði ráð fyrir 5,5 milljarða kr. halla. Verðbólga milli áranna 1992 og 1993 verður óbreytt eða um 4% eins og fyrri þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir. Kaupmáttur ráðstöfunartekna er talinn dragast saman um 5% í stað 6% áður.

Þjóðhagsstofnun spáir að landsframleiðsla verði 2% minni á komandi ári en því sem er að líða. Þetta er 0,6% minni samdráttur en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Þjóðartekjur dragast saman í takt við landsframleiðslu. Reiknað er með að samdráttur þjóðarútgjalda verði um 1% minni en í þjóðhagsáætlun eða um 1,6%. Hallinn á viðskiptum við útlönd er talinn verða nokkru meiri en á þessu ári, eða um 1% af landsframleiðslu sem er þó talsvert minna en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Vegna minnkandi eftirspurnar og umsvifa í þjóðarbúskapnum er talið að atvinnuleysi aukist nokkuð á milli ára og verði 5% á næsta ári sem er þó minna en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Verðbólga virðist hins vegar vera á undanhaldi og spáir Þjóðhagsstofnun 2,5% verðbólgu á árinu 1994 sem yrði minnsta verðbólga sem um getur hér á landi í þrjá áratugi og minni en í flestum helstu viðskiptalöndum okkar. Áætlað var í þjóðhagsáætlun að kaupmáttur ráðstöfunartekna drægist saman um 4%. Ný spá gerir hins vegar ráð fyrir 3,2% samdrætti.

Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu mála og mun minni hlutinn skila sérstöku nefndaráliti. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hann stendur að og gerðar eru tillögur um á sérstökum þingskjölum.

Í frumvarpi til fjárlaga var reiknað með að tekjur ríkissjóðs yrðu tæplega 103,5 milljarðar kr. á árinu 1994. Frá því að sú áætlun var gerð eru þjóðhagshorfur fyrir komandi ár heldur betri að mati Þjóðhagsstofnunar sem gæti skilað ríkissjóði um 300 m.kr. í viðbótartekjur. Hér gætir áhrifa minni samdráttar þjóðarútgjalda en í fyrri áætlun en á móti vega minni verðlagsbreytingar. Jafnframt bendir allt til þess að tekjurnar á yfirstandandi ári verði meiri en áður var talið sem m.a. birtist í betri innheimtu á sköttum fyrirtækja. Þessarar þróunar gætir einnig — í minna mæli þó — á næsta ári.

Á móti vegur tvennt. Annars vegar veruleg lækkun bensínverðs á erlendum mörkuðum að undanförnu. Þetta hefur umtalsverð áhrif á vörugjaldstekjur ríkissjóðs af bensíni en þær nema nú 90% af innflutningsverðmæti og hækka væntanlega í 97% í byrjun næsta árs. Lækkun frá fjárlagafrumvarpi nemur um 300 m.kr. Hins vegar hafa orðið nokkrar breytingar á áformum stjórnvalda í skattamálum í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í nóvember sl. Þar er þó fyrst og fremst um að ræða tilfærslu milli tekjustofna en einnig hafa orðið breytingar á einstökum þáttum þeirra í meðförum Alþingis sem lækka tekjurnar um 120 m.kr. Meginbreytingin er að fallið hefur verið frá álagningu 14% virðisaukaskatts á fólksflutninga sem átti að koma til framkvæmda um næstu áramót. Enn fremur verður gjald af kjarnfóðri lækkað á næsta ári sem skerðir tekjurnar um 40 m.kr.

Þegar allt er lagt saman verða heildartekjur ríkissjóðs 675 m.kr. meiri á árinu 1994 en gert var ráð fyrir í frumvarpinu eða liðlega 104,1 milljarður. kr.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Viðfangsefni 1.10 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka hækkar um 10,8 m.kr. og verður 36 m.kr.

Forsætisráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Við bætist nýr fjárlagaliður, 1.51 Lýðveldishátíðin 1994. Framlag til til þessa verkefnis verður 70 m.kr.

901 Húsameistari ríkisins: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 5 m.kr. en þetta er hluti af tillögum meiri hluta fjárlaganefndar um lækkun útgjalda.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum: Tekinn er inn nýr liður 6.01 Aðalskipulag, og er framlag 5 m.kr.

Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands: Framlag til Háskóla Íslands hækkar alls um 23 m.kr. Viðfangsefni 1.02 Sameiginleg útgjöld hækkar um 15 m.kr. vegna Vinnumatssjóðs sem er liður í kjarasamningi ríkisins við félag háskólakennara sem var undirritaður fyrr í vikunni. Viðfangsefni 1.05 Aðrar sérstofnanir og verkefni lækka um 57,8 m.kr. vegna tilflutnings Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands á sér fjárlagalið. Af sömu ástæðum lækka sértekjur skólans um 52 m.kr. þannig að nettóáhrif til lækkunar vegna þessa tilflutnings eru 5,8 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 1.08 Samstarfsverkefni við Vestmannaeyjabæ, 13,8 m.kr. vegna samnings milli Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar um samstarf á sviði rannsókna og þróunar. Launagjöld verða 1,8 m.kr. vegna starfsmanns en 12 m.kr. eru ætlaðar til kaupa og endurbóta á húsnæði í Vestmannaeyjum.

209 Verkfræðistofnun Háskóla Íslands: Þetta er nýr fjárlagaliður og er rekstrarframlag 57,8 m.kr. Á móti færast sértekjur að fjárhæð 52 m.kr. þannig að nettóframlag er 5,8 m.kr. sem er fært af Háskóla Íslands yfir á þennan lið.

318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður: Sundurliðun í sérstöku yfirliti breytist en ekki er um að ræða breytingar á fjárveitingum viðfangsefna.

523 Fósturskóli Íslands: Viðfangsefni 1.02 Annað en kennsla hækkar um 0,5 m.kr. vegna breyttrar húsaleigu.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: Framlag lækkar um 70 m.kr. og verður 1.550 m.kr. vegna endurskoðaðra áætlana um veitt lán til námsmanna.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Viðfangsefni 5.90 Verndun gamalla húsa hækkar um 10 m.kr. en hækkunin er einkum ætluð til endurbóta á Húsinu á Eyrarbakka.

903 Þjóðskjalasafn Íslands: Viðfangsefni 5.01 Fasteignir hækkar um 20 m.kr. og verður 27,6 m.kr.

972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar alls um 5,5 m.kr. og er í samræmi við aukin framlög til þessa fjárlagaliðar í fjáraukalögum fyrir árið 1993. Viðfangsefni 1.01 Íslenski dansflokkurinn hækkar um 1,2 m.kr. en þar er um að ræða hækkun annarra rekstrargjalda en launa vegna breyttrar húsaleigu. Viðfangsefni 1.10 Listdansskólinn hækkar um 4,3 m.kr. Þar af hækka önnur rekstrargjöld um 1,3 m.kr. vegna breyttrar húsaleigu en framlag hækkar um 3 m.kr. vegna almenns rekstrar dansskólans.

981 Kvikmyndasjóður: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 10 m.kr. en þetta er hluti af tillögum meiri hluta fjárlaganefndar um lækkun útgjalda.

982 Listir, framlög: Tekinn er inn nýr liður, 1.80 Listahátíð í Reykjavík og er framlag 15 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 1.90 Listir, framlög um 5 m.kr.

983 Ýmis fræðistörf: Viðfangsefni 1.90 hækkar um 4 m.kr. vegna aukins launakostnaðar við samningu fransk-íslenskrar orðabókar.

Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 8,4 m.kr. og verður 178,7 m.kr. Þar af eru 3,5 m.kr. vegna kostnaðar við þátttöku aðila launþega og atvinnurekenda í ráðgjafanefnd innan vébanda EFTA og 4,9 m.kr. vegna búferlaflutninga. Hækkunin, 8,4 m.kr. skiptist þannig að launagjöld hækka um 1,9 m.kr. og önnur rekstrargjöld en laun um 6,5 m.kr. Þá lækkar fjárveiting til viðfangsefnis 1.50 Viðskiptaskrifstofa um 3,7 m.kr. og verður 65,2 m.kr. og til viðfangsefnis 6.01 Tæki og búnaður sem lækkar um 1,2 m.kr. og verður 7,3 m.kr.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli: Viðfangsefni 1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli lækkar um 5 m.kr. og verður 83,4 m.kr. Helmingur lækkunarinnar er hluti af tillögum meiri hluta fjárlaganefndar um lækkun útgjalda. Viðfangsefni 1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurfluvelli lækkar um 2,5 m.kr. og verður 74,7 m.kr. Hvorutveggja er að tillögu utanríkisráðuneytisins.

308 Sendiráð Íslands í Washington: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 3,5 m.kr. og verður 42,1 m.kr. Gert er ráð fyrir að núverandi skrifstofuhúsnæði verði selt á árinu og annað húsnæði keypt eða tekið á leigu. Viðbótarfjárveitingin er fyrir leigugjöldum ef til sölunnar kemur og hið nýja húsnæði verður tekið á leigu.

320 Sendiráð, almennt: Viðfangsefni 6.90 Tæki og búnaður hækkar um 1,5 m.kr. til viðhalds á sendiherrabústöðum erlendis og verður 10,3 m.kr.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi: Tekinn er inn nýr liður, 1.14 Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael og er framlag 36 m.kr. Um er að ræða framlag Íslands til alþjóðlegs samstarfsverkefnis.

Landbúnaðarráðuneyti

811 Búnaðarfélag Íslands: Almennur rekstur Búnaðarfélagsins lækkar um 3,8 m.kr. Á móti er tekinn inn nýr liður, 1.10 Búnaðarfélag Íslands, uppbætur á lífeyri, og er framlag 3,8 m.kr. Að auki er tekinn inn annar nýr liður, 1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, og er framlag 2,6 m.kr.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði: Þetta er nýr fjárlagaliður og á hann er fært eitt viðfangsefni, 1.90 Loðdýrafóður. Framlag er 14 m.kr. og er ætlað til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

214 Héraðsdómur Norðurlands vestra: Viðfangsefni 1.02 hækkar um 6,9 m.kr. og verður 10,6 m.kr. Breytingin stafar af því að fallið er frá áformum um að sameina héraðsdóma Norðurlands vestra og eystra.

215 Héraðsdómur Norðurlands: Nafn þessa fjárlagaliðar breytist í Héraðsdómur Norðurlands eystra. Fjárveiting lækkar um 4 m.kr. og verður 24 m.kr. Breytingin stafar af því að fallið er frá áformum um að sameina héraðsdóma Norðurlands vestra og eystra.

291 Húsnæði og búnaður dómstóla: Viðfangsefni 5.01 Viðhald húseigna lækkar um 2,5 m.kr. og verður 2,5 m.kr. Viðfangsefni 6.01 Húsnæði Hæstaréttar lækkar um 20 m.kr. og verður 165 m.kr.

302 Rannsóknarlögregla ríkisins: Viðfangsefni 1.02 lækkar um 2 m.kr. og verður 165,4 m.kr.

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík: Sértekjur hækka um 8,5 m.kr. í 39 m.kr. Almennur rekstur embættisins hækkar um 422,9 m.kr. og verður 889 m.kr. en hætt er við áform um að sameina löggæslu á höfuðborgarsvæðinu.

312 Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu: Fjárveiting að fjárhæð 524 m.kr. fellur brott og fjárlagaliðurinn þar með. Fjárhæðin dreifist á löggæslu í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.

331 Umferðarráð: Sértekjur hækka um 2,7 m.kr. og verða 59 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn lækkar um 1,1 m.kr. og verður 46,6 m.kr. Viðfangsefni 1.10 Ökunám lækkar um 3,2 m.kr. og verður 26,5 m.kr.

391 Húsnæði löggæslustofnana: Viðfangsefni 5.01 Viðhald húseigna lækkar um 6 m.kr. og verður 9,2 m.kr.

410 Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu: Þessi fjárlagaliður fellur brott og með honum 79,1 m.kr. fjárveiting. Brottfallið tengist því að hætt er við áform um að sameina sýslumenn höfuðborgarsvæðis í eitt embætti.

411 Sýslumaðurinn í Reykjavík: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 68,5 m.kr. og verður 128,4 m.kr.

412 Sýslumaðurinn á Akranesi: Heildarframlag lækkar um 26,8 m.kr. Sértekjur að fjárhæð 1,2 m.kr. falla brott. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn lækkar um 11 m.kr. í 27,8 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla lækkar um 15,8 m.kr. og verður 34,3 m.kr. Viðfangsefni 1.30 Hreppstjórar, 1,1 m.kr., fellur brott.

413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi: Heildarframlag hækkar um 39,7 m.kr. Við bætast sértekjur að fjárhæð 1,2 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 16 m.kr. og verður 22,4 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 23,8 m.kr. og verður 26,9 m.kr. Þá hækkar viðfangsefni 1.30 Hreppstjórar um 1,1 m.kr. og verður 1,4 m.kr.

414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi: Heildarframlag lækkar um 4,5 m.kr. Sértekjur lækka um 0,3 m.kr. og verða 1,5 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn lækkar um 0,5 m.kr. og verður 27 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla lækkar um 3,6 m.kr. og verður 37,9 m.kr. Viðfangsefni 1.30 Hreppstjórar lækkar um 0,7 m.kr. og verður 1,1 m.kr.

415 Sýslumaðurinn í Búðardal: Heildarframlag hækkar um 10,4 m.kr. Við bætast sértekjur að fjárhæð 0,3 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 6,1 m.kr. í 10,6 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 3,9 m.kr. og verður 4,6 m.kr. Viðfangsefni 1.30 Hreppstjórar hækkar um 0,7 m.kr. og verður 0,8 m.kr.

417 Sýslumaðurinn á Bolungarvík: Heildarframlag hækkar um 13,8 m.kr. Við bætast sértekjur, 0,4 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 6,7 m.kr. og verður 11,1 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 7,5 m.kr. og verður 8,6 m.kr.

418 Sýslumaðurinn á Ísafirði: Heildarframlag lækkar um 8 m.kr. Sértekjur lækka um 0,3 m.kr. og verða 3,3 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn lækkar um 1,4 m.kr. og verður 36,9 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla lækkar um 7 m.kr. og verður 43,9 m.kr. Viðfangsefni 1.30 Hreppstjórar hækkar um 0,1 m.kr. og verður 1,3 m.kr.

423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði: Heildarframlag hækkar um 14,3 m.kr. Við bætast sértekjur að fjárhæð 0,2 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 6,8 m.kr. og verður 11,8 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 7,7 m.kr. og verður 8,7 m.kr.

424 Sýslumaðurinn á Akureyri: Heildarframlag lækkar um 12,8 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn lækkar um 3,1 m.kr. og verður 68,8 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla lækkar um 9,5 m.kr. og verður 91 m.kr. Viðfangsefni 1.25 Fangelsi lækkar um 0,2 m.kr. og verður 12,6 m.kr.

426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði: Heildarframlag hækkar um 38,4 m.kr. Sértekjur hækka um 1,1 m.kr. og verða 1,2 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 12,1 m.kr. og verður 26,8 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 23,1 m.kr. og verður 32,6 m.kr. Viðfangsefni 1.30 Hreppstjórar hækkar um 1,2 m.kr. og verður 1,6 m.kr. Viðfangsefni 1.40 Tollgæsla hækkar um 3,1 m.kr. og verður 4,4 m.kr.

427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað: Heildarframlag hækkar um 12,3 m.kr. Við bætast sértekjur, 0,2 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 6 m.kr. og verður 14 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 6,5 m.kr. og verður 9,1 m.kr.

428 Sýslumaðurinn á Eskifirði: Heildarframlag lækkar um 44,1 m.kr. Sértekjur lækka um 0,7 m.kr. og verða 1 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn lækkar um 11,1 m.kr. og verður 24,6 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla lækkar um 29,6 m.kr. og verður 23,5 m.kr. Viðfangsefni 1.30 Hreppstjórar lækkar um 1 m.kr. og verður 1,1 m.kr. Viðfangsefni 1.40 Tollgæsla með 3,1 m.kr. fjárveitingu fellur brott.

430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal: Heildarframlag hækkar um 13 m.kr. Sértekjur hækka um 0,4 m.kr. og verða 0,5 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 7,6 m.kr. og verður 12,8 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 5,8 m.kr. og verður 6,7 m.kr.

431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli: Heildarframlag lækkar um 6,6 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn lækkar um 1,3 m.kr. og verður 17,8 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla lækkar um 5,3 m.kr. og verður 17,6 m.kr.

436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði: Heildarframlag hækkar um 84 m.kr. Sértekjur hækka um 0,1 m.kr. og verða 1,2 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 28,1 m.kr. og verður 88,3 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 50,6 m.kr. og verður 106,3 m.kr. Viðfangsefni 1.40 Tollgæsla hækkar um 5,4 m.kr. og verður 10,3 m.kr.

437 Sýslumaðurinn í Kópavogi: Heildarframlag hækkar um 50,4 m.kr. Sértekjur hækka um 0,3 m.kr. og verða 0,5 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 18,1 m.kr. og verður 63,3 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 32,6 m.kr. og verður 68,4 m.kr.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumanna. Viðfangsefni 1.30 Kostnaður samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, lækkar um 20 m.kr. og verður 60,8 m.kr.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna: Viðfangsefni 5.01 Viðhald húseigna lækkar um 2,4 m.kr. og verður 18 m.kr.

511 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu: Laun fangavarða hækka í kjölfar nýgerðs kjarasamkomulags. Vegna þessa breytast eftirfarandi viðfangsefni sem hér segir: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 0,4 m.kr. og verður 8,4 m.kr. Viðfangsefni 1.21 Hegningarhúsið í Reykjavík hækkar um 2,4 m.kr. og verður 45,9 m.kr. Viðfangsefnið 1.22 Fangelsið Síðumúla hækkar um 1,7 m.kr. og verður 34,6 m.kr. Viðfangsefnið 1.23 Fangelsið Kópavogsbraut hækkar um 1,3 m.kr. og verður 30,4 m.kr.

512 Fangelsið Litla-Hrauni: Laun fangavarða hækka í kjölfar nýgerðs kjarasamkomulags. Af þeim sökum hækkar viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn um 7,2 m.kr. og verður 125,8 m.kr., viðfangsefni 1.21 Skiltaframleiðsla um 0,3 m.kr. og verður 3,5 m.kr. og viðfangsefni 1.31 Hellugerð o.fl. um 0,5 m.kr. og verður 10,5 m.kr. Sértekjur hækka um 3 m.kr. og verða 28,3 m.kr.

513 Fangelsið Kvíabryggju: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1,2 m.kr. og verður 28,3 m.kr. vegna hækkunar á launum fangavarða í kjölfar nýgerðs kjarasamkomulags.

590 Fangamál, ýmis kostnaður: Viðfangsefni 1.13 Forföll fangavarða hækkar um 0,3 m.kr. og verður 2,9 m.kr. vegna hækkunar á launum fangavarða í kjölfar nýgerðs kjarasamkomulags.

591 Fangelsisbyggingar: Viðfangsefni 5.01 Viðhald bygginga lækkar um 3,5 m.kr. og verður 8 m.kr.

701 Biskup Íslands: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 3 m.kr. og verður 42,2 m.kr. Launagjöld hækka sem þessu nemur en um er að ræða heimild til að ráða prest sem sinnir sjúklingum erlendis. Fjárveiting til fimm viðfangsefna fellur brott í tengslum við frumvarp til laga um kirkjumálasjóð þar sem gert er ráð fyrir að kirkjan taki við umræddum útgjöldum. Um er að ræða viðfangsefni 1.05 Starfsþjálfun guðfræðikandídata, 2,8 m.kr., 1.11 Kirkjuráð, 0,9 m.kr., 1.12 Kirkjuþing, 4 m.kr., 1.14 Prestastefna, 0,6 m.kr., og 1.15 Ýmis verkefni, 3 m.kr. Samtals lækkar fjárveiting á þessum fjárlagalið um 8,3 m.kr. og verður 42,2 m.kr.

711 Prestaköll og prófastsdæmi: Viðfangsefni 1.10 Prestar og prófastar hækkar um 24,9 m.kr. og verður 343,5 m.kr. Af þeirri hækkun færast 30 m.kr. á laun og kemur það til af úrskurði Kjaranefndar um laun presta frá 29. nóvember sl. Önnur rekstrargjöld lækka á móti um 5,1 m.kr. vegna þess að með frumvarpi til laga um prestssetrasjóð er ætlað að opinber gjöld af prestssetrum verði borin af kirkjunni.

712 Prestssetur: Viðfangsefni 5.01 Viðhald prestssetra 44,6 m.kr. fellur brott í tengslum við frumvarp til laga um prestssetur.

721 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar: Lagt er til að þessi fjárlagaliður falli brott í samræmi við frumvarp til laga um kirkjumálasjóð. Framlag var 17,2 m.kr. en sértekjur 1,5 m.kr. þannig að nettóframlag var 15,7 m.kr.

790 Kirkjumál, ýmis kostnaður: Viðfangsefni 1.12 Ráðgjöf í fjölskyldumálum, 2,2 m.kr., fellur brott vegna frumvarps til laga um kirkjumálasjóð.

Félagsmálaráðuneyti

272 Byggingarsjóður verkamanna: Framlag hækkar um 17 m.kr. til samræmis við áætlað breytingu á lánskjaravísitölu milli áranna 1993 og 1994.

722 Sólheimar í Grímsnesi: Viðfangsefni 1.70 Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi, hækkar um 2 m.kr. og verður 70,1 m.kr.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Framlag hækkar um 11 m.kr. til samræmis við hlut sjóðsins af áætlaðri hækkun skatttekna ríkissjóðs frá fjárlagafrumvarpi til fjárlaga.

981 Vinnumál: Viðfangsefni 1.70 Atvinnumál kvenna hækkar um 5 m.kr. og verður 20 m.kr. og er framlagið ekki lengur einskorðað við atvinnumál kvenna á landsbyggðinni.

Heilbrigðisráðuneyti

204 Lífeyristryggingar: Viðfangsefni 1.10 hækkar alls um 200 m.kr. Framlag hækkar um 200 m.kr. þar sem horfið er frá að eignatekjutengja lífeyrisgreiðslur og um 25 m.kr. þar sem áform um lækkun ekkjulífeyrisgreiðslna ná ekki að fullu fram að ganga. Á móti lækkar framlag um 25 m.kr. vegna hagræðingar í kjölfar tölvuvæðingar Tryggingastofnunar.

206 Sjúkratryggingar: Viðfangsefni 1.10 lækkar alls um 310 m.kr. Lækkunin er þríþætt. Í fyrsta lagi lækkar framlag um 180 m.kr. vegna áforma um lækkun á kostnaði vegna magasárslyfja, sjúkradagpeninga, erlends sjúkrakostnaðar og útboða vegna hjálpartækja. Í annan stað lækkar framlag um 100 m.kr. vegna áforma um að lækka lækniskostnað sjúkratrygginga. Að lokum er lækkun um 30 m.kr. vegna reksturs öldrunar- og hjúkrunarheimila en útgjöld vegna þessa færast nú á fjárlagalið 385 Framkvæmdasjóður aldraðra, sbr. umfjöllun um þann lið.

330 Manneldisráð: Tekinn er upp nýr fjárlagaliður í stað viðfangsefnisins 08-399-1.25 Neyslu- og manneldismál, manneldisráð, sem fellur niður.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri: Viðfangsefni 5.01 Fasteign hækkar um 5 m.kr. vegna Kristnesspítala.

371 Ríkisspítalar: Heildarframlag til Ríkisspítala lækkar um 20 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 15 m.kr. vegna vistheimilisins að Gunnarsholti. Viðfangsefni 5.60 Stjórnarnefnd, viðhald lækkar um 5 m.kr. og flyst til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri vegna Kristnesspítala sem sjúkrahúsið yfirtók af Ríkisspítölum í byrjun árs 1993. Loks lækkar viðfangsefni 6.70 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð um 30 m.kr.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra: Framlag til þessa fjárlagaliðar breytist ekki en fjárveiting er flutt milli viðfangsefna. Viðfangsefni 6.01 Stofnkostnaður og endurbætur lækkar um 30 m.kr. en á móti hækkar viðfangsefni 1.01 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra um sömu fjárhæð. Því fé verður varið til reksturs öldrunar- og hjúkrunarheimila og kemur til lækkunar á fjárlagalið 08-206 Sjúkratryggingar.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Viðfangsefni 1.25 Neyslu- og manneldismál, manneldisráð, fellur niður en þess í stað er tekinn upp nýr liður með sömu fjárhæð, 08-330 Manneldisráð. Viðfangsefni 1.54 fær nýtt heiti, Rannsóknir slysa á vegum Landlæknis og þróun myndsendisbúnaðar. Fjárveiting til þess nemur 5 m.kr.

420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið: Viðfangsefni 1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ hækkar um 13 m.kr. og verður 208 m.kr.

421 Víðines: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 15 m.kr. vegna samnings sem gerður hefur verið milli heilbrigðisráðuneytis og Bláa bandsins um reksturinn.

510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík: Rekstrarframlag til stöðvarinnar lækkar um 15 m.kr. en fjölgun heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu og aukin þjónusta þeirra gerir mögulegt að færa þjónustu frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur til heilsugæslustöðva.

Fjármálaráðuneyti

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum: Heildarframlag lækkar um 105 m.kr. Við bætast sértekjur að fjárhæð 50 m.kr. Sértekjur þessar eru hluti af tillögum meiri hluta fjárlaganefndar um lækkun útgjalda og tengjast tillögu um nýja sjöttu greinar heimild sem heimilar fjármálaráðherra að endurskoða reglur um aksturskostnað ríkisins, auglýsingar og greiðslur til starfsmanna fyrir yfirvinnu, ferðakostnað og nefndar- og stjórnarlaun. Gert er ráð fyrir að framkvæmd heimildarinnar verði með þeim hætti að þær fjárheimildir sem teknar eru af einstökum stofnunum flytjast yfir á þennan fjárlagalið þar til markmiði heimildarinnar er náð. Viðfangsefni 6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum lækkar um 55 m.kr.

801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir: Vaxtagjöld lækka um 250 m.kr. og verða 11.450 m.kr. vegna breyttra aðstæðna á lánamarkaði.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs: Viðfangsefni 6.80 Listaskóli lækkar um 5 m.kr. og verður 10 m.kr. en þetta er hluti af tillögum meiri hluta fjárlaganefndar um lækkun útgjalda.

989 Launa- og verðlagsmál: Viðfangsefni 1.90 Launabætur hækkar um 5 m.kr. vegna vanáætlana í fjárlagafrumvarpi.

999 Ýmislegt: Viðfangsefni 1.18 Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar hækkar um 18 m.kr. og verður 98 m.kr.

Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Tekinn er inn nýr liður, 1.28 Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa og er framlag 10 m.kr.

211 Vegagerð ríkisins: Viðfangsefni 6.52 Þéttbýlisvegir lækkar um 10 m.kr. og verður 258 m.kr.

Iðnaðarráðuneyti

399 Ýmis orkumál: Viðfangsefni 1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun hækkar um 50 m.kr. og verður 397 m.kr.

Umhverfisráðuneyti

310 Landmælingar Íslands: Viðfangsefni 6.90 Stafræn kortagerð hækkar um 6 m.kr. og verður 11 m.kr. vegna tækja til stafrænnar kortagerðar. Jafnframt fær liðurinn nýtt heiti, 6.90 Sérstök verkefni í kortagerð og tækjabúnaður.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands: Framlag til þessa fjárlagaliðar breytist ekki en framsetningu viðfangsefna er breytt til samræmis við lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Viðfangsefni 1.01 fær nýtt heiti, 1.01 Yfirstjórn, og er framlag 6,2 m.kr. Teknir eru inn þrír nýir liðir: 1.02 Setur í Reykjavík, 37,1 m.kr., 1.03 Setur á Akureyri, 14 m.kr., og 6.01 Tæki og búnaður, 3,4 m.kr. Sértekjur eru óbreyttar frá fjárlagafrumvarpi.

Almennar breytingar á 4. gr.

Lagt er til að launaliðir rekstrarviðfangsefna hækki um 0,32%. Þetta er til að mæta hækkun tryggingagjalds en áformað er að hækka tryggingagjald atvinnurekenda um 0,35% um næstu áramót.

Lagt er til að önnur rekstrargjöld en laun lækki um 0,5% vegna endurskoðaðra áætlana Þjóðhagsstofnunar um hækkun framfærsluvísitölu milli áranna 1993 og 1994. Breytingin tekur ekki til rekstrarliða sem eru tengdir gengi.

Eins og við 2. umræðu gerir meiri hluti fjárlaganefndar tillögu um nokkrar breytingar sem ekki er talin ástæða til að flytja um sérstakar breytingartillögur. Þetta er að ábendingu fjármálaráðuneytis og annarra ráðuneyta og er hér eingöngu um að ræða breytingu á framsetningu fjárlagaliða og viðfangsefna en ekki neinar efnisbreytingar. Breytingar þessar eru sem hér segir:

1. Tilfærsla á liðum í landbúnaðarráðuneyti. Öllum málefnaflokkum og fjárlagaliðum landbúnaðarráðuneytis var breytt í frumvarpi til fjárlaga 1994. Borist hefur ábending frá Ríkisbókhaldi um að ný númer þriggja fjárlagaliða geti valdið ákveðnum erfiðleikun í vélrænni úrvinnslu ríkisreiknings. Af þeim sökum er lagt til að þeim númerum verði breytt sem hér segir:
   a. Yfirdýralæknir fái númerið 04-233 í stað 04-231
   b. Garðyrkjuskóli ríkisins fái númerið 04-283 í stað 04-281
   c. Hagþjónusta landbúnaðarins fái númerið 04-293 í stað 04-291.
2. Tilfærsla frá sjávarútvegsráðuneyti til landbúnaðarráðuneytis. Lagt er til að viðfangsefnið 05-190-1.53 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO, verði fært til landbúnaðarráðuneytis og fái þar númerið 04-190-1.51.

3. Tilfærsla innan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Við 2. umræðu var tekinn inn nýr liður, 08-381-5.90 Viðhald starfsmannaíbúða, óskipt. Í ljós hefur komið að þetta var ranglega fært og er hér lagt til að fjárveitingin verði flutt á liðinn 08-500-5.80. Tekjur af starfsmannaíbúðum verði færðar á viðfangsefnið 08-500-1.15 Leigutekjur starfsmannaíbúða.
4. Breytingar á heitum liða. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðurinn 06-215 og viðfangsefnið 06-215-1.02 fái heitið Héraðsdómur Norðurlands eystra.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ 5. GR. (B-HLUTA)

Menntamálaráðuneyti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: Miðað við útkomu yfirstandandi árs eru horfur á að lánveitingar sjóðsins á næsta ári verði heldur minni en gert var ráð fyrir þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram, eða sem nemur 130 m.kr. Framlag ríkissjóðs lækkar þá tilsvarandi, eða um 70 m.kr. Fyrirhugað er að draga úr lántökum í sama mæli þannig að þær verði 60 m.kr. lægri en í fjárlagafrumvarpi.

Félagsmálaráðuneyti

272 Byggingarsjóður verkamanna: Framlag úr ríkissjóði hækkar um 17 m.kr. vegna breyttra verðlagsforsendna. Útlánageta sjóðsins eykst þá sem því nemur en að öðru leyti er áætlun um fjárreiður sjóðsins óbreytt.

982 Ábyrgðarsjóður launa: Þessi liður er nýr í B-hluta fjárlaga og fær framlag frá samsvarandi lið í A-hluta sem ber sama heiti undir númerinu 07-982 en nánari skýringar koma fram með þeim lið í athugasemdum fjárlagafrumvarps.

Samgönguráðuneyti

101 Póst- og símamálastofnun: Áætlun fyrirtækisins hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af breyttum gengis- og rekstrarforsendum. Rekstrargjöld hækka um 70 m.kr. miðað við fjárlagafrumvarp en tekjur um 184 m.kr. og hækkar tekjuafgangur því um 114 m.kr. Aukin útgjöld skýrast einkum af breyttum forsendum um uppgjör við erlendar símstjórnir og gildir það að hluta til einnig um hækkun tekna. Þá eru nokkru betri horfur um sölu á þjónustu og vörum á mörkuðum fyrirtækisins. Heldur minna er ætlað til Cantat-3 ljósleiðarastrengsins yfir Norður-Atlantshafið en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fyrirhugað er að nýta aukið svigrúm fyrirtækisins annars vegar til að efla almennar fjárfestingar í búnaði og kerfum til fjarskipta og hins vegar til að auka á væntanlegan greiðsluafgang í lok næsta árs.

Alþingi, 18. des. 1993.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Einar K. Guðfinnsson.	Árni M. Mathiesen.	Gunnlaugur Stefánsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um 3. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp, hefur nefndin fjallað um tekjugrein fjárlagafrumvarpsins og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Til að skýra málið frekar fékk nefndin á fund sinn Bolla Þór Bollason skrifstofustjóra, Indriða H. Þorlákssson skrifstofustjóra, Maríönnu Jónasdóttur deildarstjóra og Snorra Olsen, deildarstjóra frá fjármálaráðuneytinu, Þórð Friðjónsson, forstöðumann Þjóðhagsstofnunar, Jóhann Rúnar Björgvinsson og Stefán Jensen frá Þjóðhagsstofnun.

Þær breytingar, sem lúta að tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1994, koma einkum fram í frumvarpi til laga um breytingar í skattamálum (251. máli, þskj. 290) sem nefndin hefur fengið til umfjöllunar.

Í skattafrumvarpinu er gert ráð fyrir margvíslegum breytingum á skattalöggjöfinni. Breytingarnar ber að með tvennum hætti. Annars vegar eru breytingar sem tengjast yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna sl. vor og ákvörðun um framlengingu þeirra nú í nóvember. Hins vegar eru breytingar sem tengjast ákvörðunum sem teknar voru fyrir síðustu áramót, einkum tillögur um breytta tekjuöflun sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds og frekari útfærsla á greiðslu vaxtabóta.

Veigamesta breytingin er lækkun virðisaukaskatts af matvælum úr 24,5% í 14% frá næstu áramótum. Þessi breyting skerðir tekjur ríkissjóðs um 3.100 m.kr. á heilu ári en um 2.600 m.kr. árið 1994.

Til að vega að hluta á móti þessu tekjutapi er gert ráð fyrir 0,35% hækkun á tryggingagjaldi fyrirtækja, 0,35% hækkun á tekjuskatti einstaklinga og hækkun bifreiðagjalds um þriðjung. Jafnframt er gert ráð fyrir að lækka vörugjöld á nokkrum vöruflokkum, meðal annars til að koma í veg fyrir að samkeppnisstaða innlendra aðila raskist vegna lækkunar virðisaukaskatts af matvælum, en á móti vegur breikkun vörugjaldsstofns (snyrtivörur o.fl.). Auk þess er vörugjald af tilteknum byggingarvörum lækkað.

Samanlögð áhrif þessara breytinga fela í sér tæplega 1.700 m.kr. tekjutap fyrir ríkissjóð miðað við heilt ár en áhrifin nema um 1.350 m.kr. árið 1994.

Auk þessara breytinga gerir frumvarpið ráð fyrir tvenns konar breytingum á tekjuskatti einstaklinga. Annars vegar er lækkun á skatthlutfallinu um 1,5%. Þessi breyting tengist niðurfellingu aðstöðugjalds um síðustu áramót og þeim breytingum sem felast í frumvarpi um breytingar á tekjustofnalögum sveitarfélaga. Þessi breyting leiðir ein og sér til 3.400 m.kr. tekjutaps hjá ríkissjóði miðað við heilt ár. Í tengslum við þessa breytingu er einnig gert ráð fyrir niðurfellingu landsútsvars, en tekjur af því renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í stað þess er ríkissjóði gert að greiða sérstakt framlag til Jöfnunarsjóðs en það verður meðal annars fjármagnað með hækkun vörugjalds af bensíni. Þessi ráðstöfun er talin skila 285 m.kr. tekjum á næsta ári.

Hins vegar eru breytingar á ákvæðum tekjuskattslaganna um greiðslur vaxtabóta. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs heldur er hér um að ræða breytta útfærslu á greiðslu vaxtabóta sem ákveðin var með lögum um síðustu áramót.

Loks er rétt að vekja athygli á því að ekki er gert ráð fyrir framlengingu gildandi laga um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hann fellur því niður sem tekjustofn hjá ríkissjóði en sveitarfélög fá hins vegar rýmri heimildir til álagningar fasteignaskatta á atvinnufyrirtæki.

Alþingi, 16. des. 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir.
Guðjón Guðmundsson.
Árni R. Árnason.
Sólveig Pétursdóttir.
Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal II.

Álit

um tekjugrein fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt 25. gr. þingskapa vísar fjárlaganefnd frumvarpi til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrumvarps til efnahags- og viðskiptanefndar. Nefndin skal skila fjárlaganefnd áliti og tillögum svo tímanlega fyrir 2. umræðu fjárlaga sem fjárlaganefnd ákveður.

Við þær aðstæður, sem hafa verið að undanförnu, hefur efnahags- og viðskiptanefnd eins og oft áður ekki fengið nægilegan tíma til að vinna í þessu máli. Efnahags- og viðskiptanefnd hefur hins vegar unnið mikið starf í frumvarpi til laga um breytingar í skattamálum sem snertir tekjugrein fjárlaga í veigamiklum atriðum. Að því leytinu til hefur mikil umfjöllun verið um tekjur ríkissjóðs í nefndinni. Nauðsynlegt er að vekja athygli á að frumvörp um þessi mál komu fram í byrjun desember og það er engin leið svo vel sé að afgreiða flókin og umfangsmikil mál á þeim skamma tíma sem nefndin hefur fengið til ráðstöfunar. Það er álit 1. minni hluta nefndarinnar að stöðugar breytingar á skattalögum dragi úr skilvirkni skattkerfisins sem og skapi óvissu og auki skattsvik.

Undirbúningur ófullnægjandi.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar telur allan undirbúning við þær skattkerfisbreytingar, sem eiga að verða nú um áramótin, ófullnægjandi og valda stórkostlegum skaða í íslenskum skattamálum. Ekkert er hlustað á varnaðarorð fjölmargra aðila heldur vaðið áfram í blindni. Þetta gefur ríkt tilefni til að gagnrýna ákvarðanir og undirbúning þessara mála. Svo virðist sem mikilvægar ákvarðanir séu teknar umhugsunarlaust og án umfjöllunar um valkosti og áhrif þeirra. Embættismenn vinna við skýrslugerð og faglegan undirbúning en lítið sem ekkert tillit er tekið til upplýsinga sem þeir afla. Skýrslum, sem ekki passa við óvandaðar ákvarðanir, er vikið undan. Þetta háttalag skaðar fagleg vinnubrögð og algengt er að lítið sé gert úr sérfræðiþekkingu og reynslu annarra þjóða. Embættismannakerfi ríkisins er ein meginstoð stjórnsýslunnar. Ef stjórnmálamenn og aðilar vinnumarkaðarins hætta að taka

tillit til faglegs undirbúnings þeirra er grafið undan heiðarlegum og vönduðum vinnubrögðum. Það er álit 1. minni hlutans að ábyrgð þeirra sem standa að þessari fljótaskrift sé mikil og því sé nauðsynlegt að fara ofan í saumana á þeim slæmu vinnubrögðum sem hafa viðgengist undanfarið. Ríkisendurskoðun mun væntanlega gera úttekt á breytingunum og verður það vonandi til þess að hægt verði að draga lærdóm af því í framtíðinni.

Sjálfstæði Alþingis.

Alþingi ræður litlu sem engu um þær breytingar sem verið er að gera í skattamálum og það er vegið að sjálfstæði þess og virðingu. Augljósar vitleysur fást ekki leiðréttar og ekki er skeytt um þótt miklir fjármunir fari til spillis. Það er ekki nóg að veita aðhald og gagnrýna útgjaldahlið. Það þarf að veita tekjuhliðinni mun meiri athygli og mikilvægt að í Ríkisendurskoðun sé byggð upp sérþekking til þess að fylgjast með þeim málum og veita aðhald á skattamálasviðinu.

Breytingartillögur.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar flutti tillögur um breytingar á frumvarpi til laga um skattamál og fylgja þær með áliti þessu ásamt útreikningum Þjóðhagsstofnunar sem tengjast tillögunum og verður hér gerð grein fyrir helstu atriðum breytingartillagnanna sem snerta tekjuhlið fjárlaga.

1. Virðisaukaskattur. Fyrsti minni hluti leggur til að ekki verði tekin upp tvö þrep í virðisaukaskatti en hann verði endurgreiddur á mikilvægustu matvörum þannig að skatturinn samsvari 14%. Hægt er að ná sömu verðlagsáhrifum og svipuðum tekjujöfnunaráhrifum með því að lækka virðisaukaskatt úr 24½% í 23%. Með því næst það mikilvæga markmið að færa virðisaukaskatt hér á landi nær því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Þessi árangur næst með því að lækka tekjur ríkisins um 2.300 millj. kr. í stað 2.600 millj. kr. samkvæmt hinni leiðinni. Auk þess minnka útgjöld ríkisins vegna lækkunar virðisaukaskatts um 300 millj. kr. þannig að heildarsparnaður yrði um 600 millj. kr.

Útgjöld sveitarfélaganna munu jafnframt minnka og þótt það hafi ekki verið reiknað út vegna tímaskorts má áætla að sú fjárhæð sé a.m.k. 100 millj. kr. Fyrsti minni hluti áætlar að skattkerfisbreytingin muni kosta ríkissjóð allt að 200 millj. kr. Það hefur jafnframt verið áætlað að innheimtan geti versnað um fleiri hundruð milljónir og hefur talan 500 millj. kr. verið nefnd í því sambandi. Engin leið er að áætla slíkt tekjutap með vissu og hefur 1. minni hluti gefið sér þá forsendu að tapið verði 500 millj. kr. Fyrsti minni hluti telur það varlega áætlað, sérstaklega þegar haft er í huga að lækkun virðisaukaskatts í 23% mun draga úr undanskotum samkvæmt reynslu af lægri skatthlutföllum. Fyrsti minni hluti vísar til nefndarálits um þetta mál ásamt fylgiskjölum og umræðum um það.

Til áréttingar vill 1. minni hluti vitna til umsagnar nefndar á vegum Félags löggiltra endurskoðenda sem fjallaði um þessar breytingar en þar segir m.a.:

„Nefndin telur að í frumvarpinu felist svo víðtækar og tæknilega flóknar breytingar á lögum um virðisaukaskatt að það sé vart forsvaranlegt að ætlast til þess að þær komi til framkvæmda nokkrum dögum eftir að frumvarpið verður hugsanlega að lögum. Með þeim breytingum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, væri stigið stórt skref að upphaflegum markmiðum skattsins og kostum hans, svo sem hlutleysi hans og öryggi, skref sem erfitt verður að stíga til baka. Framkvæmd kerfisins verður mun erfiðari, hlutleysi skattsins raskast, eftirlit verður flóknara og kostnaðarsamara og meiri óvissa verður um mörkin milli skattskyldu og skattleysis í nokkrum tilvikum. Er hér að nokkru horfið aftur til galla eldra söluskatts-

kerfis um leið og þessu mikilvægasta tekjujöfnunarkerfi ríkissjóðs er unnið óbætanlegt tjón."

Þetta eru ummæli stéttar sem hefur hvað mesta þekkingu á framkvæmd skattamála og vinnur daglega við störf sem tengjast þeim. „Óbætanlegt tjón" eru stór orð, en þau staðfesta þá gagnrýni sem 1. minni hluti hefur komið fram með í málinu. Meiri hluti Alþingis og ríkisstjórn, sem ætlar að vinna óbætanlegt tjón á mikilvægasta tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs, tekur sér vald sem hann hefur ekki og vonandi verður snúið við á síðustu stundu.

2. Tekjuskattar. Ekki er gerð breytingartillaga um álagningarhlutföll og persónuafslátt í tekjuskatti en 1. minni hluti vill benda á að skattleysismörkin hafa lækkað mjög mikið á undanförnum árum. Nauðsynlegt er að nota svigrúmið, sem er til skattalækkana, til að lækka virðisaukaskattinn eins og niðurstaða varð um í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins. Minni hlutinn telur hins vegar að aðferðir til að lækka skattinn geti ekki verið aðalatriði í tengslum við kjarasamninga heldur árangurinn og hagur launafólks.

3. Barnabætur. Fyrsti minni hluti gerir tillögu um að hækka barnabætur til lágtekjufjölskyldna um 350 millj. kr. Það mun bæta kaupmátt barnafjölskyldna með lægri tekjur.

4. Vaxtabætur. Gerðar eru tillögur um að hækka vaxtabætur um 200 millj. kr. Þessi breyting mun auka kaupmátt barnafjölskyldna með lægri tekjur og gera það mögulegt að hækka bætur um tæpar 10. þús. kr. fyrir hvert barn.

5. Tekjuskattur félaga. Lagt er til að tekjuskattur félaga verði 35% og hækki um 150 millj. kr. umfram forsendur fjárlaga.

6. Tryggingagjald. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækka tryggingagjald á atvinnurekstur um 0,35% sem mun draga úr framleiðslustarfseminni og minnka getu fyrirtækjanna til að bæta kjör launþega. Fyrsti minni hluti leggur því til að hætt verði við þessa skattlagningu og minnka tekjur ríkissjóðs við það um 560 millj. kr.

7. Virðisaukaskattur á ferðaþjónustu og fólksflutninga. Fyrsti minni hluti hefur gagnrýnt harðlega þau áform að leggja virðisaukaskatt á ferðaþjónustu og fólksflutninga. Hér er um að ræða atvinnugrein sem er í örum vexti og miklar vonir bundnar við. Til að tekjutap ríkissjóðs verði minna vegna niðurfellingar virðisaukaskatts er lagt til að tryggingagjald á atvinnugreinina verði óbreytt og lækka tekjur ríkissjóðs um 250 millj. kr. af þessum sökum.

8. Eignaskattur. Á undanförnum árum hefur verið mikil umræða um að taka upp fjármagnstekjuskatt. Ríkisstjórnin hefur lofað aðgerðum á hverju ári en ekkert orðið úr því. Einfaldasta leiðin til að hefja skattlagningu fjármagns er að taka fjármagnseignir inn í eignarskattsstofn eins og víðast er gert. Fyrsti minni hluti gefur sér þá forsendu að helmingur þeirra fjármagnseigna, sem ekki eru taldar fram í dag, komi inn í eignarskattsstofn. Lagt er til að skattfrjáls eignarskattsstofn verði hækkaður um 500 þús. kr. hjá einstaklingum og 1 millj. kr. hjá hjónum. Jafnframt er lagt til að sérstakur eignarskattur eða svokallaður *„ekknaskattur"* verði felldur niður. Þessar breytingar munu skila ríkissjóði 600 millj. kr.

9. Vörugjald. Breytingarnar munu hafa í för með sér að ekki er nauðsynlegt að gera þær breytingar á vörugjaldi og mun það spara ríkissjóði 160 millj. kr.

Heildaráhrif.

Yfirlit yfir þessar breytingar er á fylgiskjali með álitinu eins og þær eru áætlaðar af Þjóðhagsstofnun. Heildaráhrif breytinganna, sem hér hafa verið raktar, munu bæta stöðu ríkissjóðs um 150 millj. kr. Auk þess hefur ríkisstjórnin ákveðið að lækka tekjur umfram fyrri forsendur um 100–150 millj. kr. Fyrsti minni hluti gerir ráð fyrir að kostnaður við skattkerfisbreytingarnar verði 200 millj. kr. og innheimta muni versna um 500 millj. kr.

Fyrsti minni hluti metur því að *heildaráhrif þessara aðgerða geti numið um það bil 1.000 milljónum króna.* Auk þess má benda á þann sparnað sem verður hjá sveitarfélögum og er ljóst að tillögurnar munu spara atvinnulífinu hundruð milljóna króna. Langtímaáhrif skattbreytinganna eru því afar mikil og er ljóst að þjóðarbúið mun tapa mörgum milljörðum króna á þessu tiltæki ríkisstjórnarinnar. Sumum þykir það hörð krafa að krefjast afsagnar ríkisstjórnar af þessu tilefni en sjaldan eða aldrei hefur verið ríkari ástæða til að hvetja meiri hluta Alþingis til að breyta áformum í skattamálum. Ef meiri hlutinn og ríkisstjórnin treystir sér ekki til þess á núverandi ríkisstjórn skilyrðislaust að segja af sér og fara frá.

Aðrar liðir á tekjuhlið.

Varðandi aðra tekjuliði er rétt að benda á að liðurinn Kartöflugjald, 165 millj. kr., er háður óvissu og gjöldin hafa ekki verið greidd í samræmi við reglur. Til að komast hjá skattsvikum í þessu sambandi telur 1. minni hluti réttara að breyta tolli úr verðtolli í magntoll.

Fyrsti minni hluti gerir athugasemd við liðinn Sala eigna, 500 millj. kr. Ófullnægjandi upplýsingar fengust um þennan lið eins og oftast áður. Á síðasta ári var áætlað að 1.500 millj. kr. kæmu inn í ríkissjóð vegna sölu eigna og var varað við slíku ofmati á síðasta ári. Sú gagnrýni hefur reynst réttmæt en enn er ofáætlað í þessu sambandi. Talið er eðlilegt að lækka þennan lið í 300 millj. kr.

Með þeim ráðstöfunum, sem að framan eru greindar, er hægt að styrkja stöðu ríkissjóðs um 1 milljarð kr. og eru ekki dregnar þar frá minni tekjur af eignasölu þar sem þar er um óraunhæfar áætlanir að ræða.

Við núverandi aðstæður er mikilvægt að styrkja stöðu ríkissjóðs og minnka halla. Fyrsti minni hluti vill því leggja til að varlega verði farið í að lækka útgjöld.

Alþingi, 18. des. 1993.

Halldór Ásgrímsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Fylgiskjal III.

Álit

um tekjuhlið fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt 25. gr. þingskapa vísar fjárlaganefnd tekjugrein fjárlagafrumvarps til umsagnar efnahags- og viðskiptanefndar. Þetta var gert með sama hætti og áður en því miður hefur nefndin á engan hátt haft þann tíma til að vinna að þessu sem skyldi. Kemur þar til að á sama tíma hafa verið til umfjöllunar í nefndinni viðamikil frumvörp, bandormar í skattamálum og ríkisfjármálum auk lánsfjárlaga og fleiri mála.

Flest voru þessi mál seint fram komin og skapaðist af þeim sökum mikið annríki í nefndinni.

Verður það ekki of oft undirstrikað hversu bagaleg slík vinnubrögð eru. Verulegur metnaðarskortur er að láta það líðast ár eftir ár að vönduðum vinnubrögðum verði tæpast við komið sökum þess hversu seint mál koma fram og hve illa þau eru undirbúin af hálfu ríkisstjórnar og síðast en ekki síst eru mikilvæg atriði í lausu lofti vegna ósamkomulags í ríkisstjórn fram á elleftu stundu.

Grundvöllur fjárlagafrumvarps.

Ljóst er að stefna núverandi ríkisstjórnar í ríkisfjármálum er hrunin. Stjórnin setti sér í upphafi að ná niður halla ríkissjóðs á 2–3 árum þannig að fjárlög yrðu hallalaus á árinu 1994 og með afgangi 1995. Reynslan er sú að hallinn hefur farið vaxandi ár frá ári, stefnir í hátt á annan tug milljarða á þessu ári, og fjárlagafrumvarp haustsins var lagt fram með meiri halla en áður hefur sést í slíku plaggi, eða rétt tæpum 10 milljörðum.

Þessa þróun hefur leitt af því að hvort tveggja hafa útgjöld farið úr böndum og tekjuforsendur reynst óraunhæfar. Þannig hefur ríkisstjórnin ætlað sér að hafa miklar tekjur af hlutum eins og einkavæðingu sem síðan hefur að engu orðið. Er lýsandi fyrir þetta atriði að í fjárlögum yfirstandandi árs er reiknað með 1.500 millj. kr. í tekjur af einkavæðingu en þær verða að talið er um 100 millj. kr. Endaleysan með ráðstöfun veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs hefur einnig valdið hundraða milljóna skekkju.

Langalvarlegustu veikleikarnir í tekjuhlið fjárlaganna eru þó auðvitað þeir sem tengjast hinni mislukkuðu efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, þeirri frjálshyggjustefnu sem fylgt hefur verið, með samdrátt, niðurskurð og aðgerðaleysi að leiðarljósi, sem leitt hefur til mikils samdráttar í tekjum ríkissjóðs, samhliða hægagangi í allri efnahagsstarfseminni, vaxandi atvinnuleysi o.s.frv. Hinn stórfelldi halli á ríkissjóði ár eftir ár veldur svo því að ríkissjóður er sem óðast að lokast inni í heiftarlegri skuldagildru.

Breyttar þjóðhagsforsendur.

Rétt er að hafa nokkur orð um þær nýju horfur í þjóðarbúskapnum sem Þjóðhagsstofnun hefur nýlega kynnt. Er þar fyrst og fremst um að ræða litlu betri útkomu á þessu ári en spáð hafði verið vegna þess að útflutningstekjur munu verða nokkru meiri en ætlað var og aukast um 3,7% í stað 2%. Viðskiptahalli verður nokkru minni en ætlað hafði verið eða um 3 milljarðar í stað 5,5.

Þetta er vissulega jákvætt og af hinu góða svo langt sem það nær en breytir þó litlu um stöðuna í heild. Batinn er fyrst og fremst tilkominn vegna mun meiri veiði utan landhelginnar en áður og munar þar mest um aflaverðmæti úr Smugunni sem nálgast 2 milljarða kr. Er það næsta kaldhæðnislegt að nokkur þjóðhagsbati, sem ríkisstjórnin státar nú af á sérstökum blaðamannafundi, er aðallega tilkominn vegna veiða í Smugunni en fyrstu viðbrögð ríkisstjórnarinnar sl. sumar voru að reyna að koma í veg fyrir þær. Þegar upp er staðið veldur þessi bati ásamt með öðrum breytingum því að talið er að tekjur ríkissjóðs muni vaxa um nálægt 300 millj. kr. miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins og er ekki ástæða til að draga það mat í efa.

Horfur á næsta ári eru eftir sem áður dökkar og breytast þær næsta lítið þrátt fyrir nokkru betri útkomu á þessu ári. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir jafnmiklum verðmætum vegna veiða utan landhelgi á næsta ári og eru að skila sér á þessu eru horfurnar slíkar.

Ástæða er til að hafa fulla fyrirvara á forsendum fjárlagafrumvarpsins og tekjuáætlun ríkissjóðs á næsta ári að mati 2. minni hluta og vísast í því sambandi til þess sem hér hefur verið rakið sem og reynslunnar.

Breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingar í skattamálum.

Á þskj. 412 flytur undirritaður breytingartillögur við frumvarp um breytingar í skattamálum, en hann skipar 3. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar í því máli. Breytingartillögurnar eru útskýrðar í nefndaráliti á þskj. 411 á eftirfarandi hátt:

„1. Lagt er til að persónufrádráttur hækki um 400 kr. á mánuði eða 4.800 kr. á ári og verði 287.064 kr. miðað við skattvísitölu gildandi tekjuskattslaga eða nálægt 292.000 kr. fyrir tekjuárið 1994. Það þýðir að skattfrelsismörkin komast yfir 58.000 kr. á mánuði í stað þeirra 57.000 kr. sem stefnir í að óbreyttu. Kostnaður ríkissjóðs af þessum breytingum er nálægt 680 millj. kr. á ári.

2. Þá er lagt til að tekjuskattur fyrirtækja haldist óbreyttur á árinu 1994 vegna tekna ársins 1993, þ.e. 39% í stað þess að lækka í 33% eins og ríkisstjórnin áformar. Þessi breyting gefur ríkissjóði um 300 millj. kr. í tekjur.

3. Þá er lagt til að fallið verði frá því að leggja virðisaukaskatt á fólksflutninga innan lands og á þjónustu ferðaskrifstofa. Þessar breytingar kosta ríkissjóð um 250 millj. kr. Alþýðubandalagið er andvígt upptöku virðisaukaskatts á ferðaþjónustu og greiddi atkvæði gegn málinu á síðasta þingi. Þriðji minni hluti mun styðja breytingartillögu um að fella niður virðisaukaskatt af ferðaþjónustu í heild en flytur til vara þessa tillögu um fólksflutninga nái það ekki fram að ganga.

4. Lagt er til að horfið verði að nýju frá því að leggja virðisaukaskatt á íslenskar bækur, bókaskatt. Þessi breyting kostar ríkissjóð um 300 millj. kr.

5. Í 5. tölul. breytingartillagnanna eru sömu efnisatriði á ferð og í 3. og 4. tölul., þ.e. verið er að undanskilja fólksflutninga, þjónustu ferðaskrifstofa og sölu íslenskra bóka ákvæðum 14. gr. laganna um virðisaukaskatt.

6. Hér er lagt til að gildistaka lægra skattþreps á matvæli verði 1. mars næstkomandi, en ekki 1. janúar eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ljóst virðist að ríkisstjórnin hafi alls ekki sinnt undirbúningi málsins sem skyldi og jafnframt hafa komið fram efasemdir frá kaupmönnum um að hægt verði að láta breytingarnar taka gildi strax 1. janúar nk. Frestun á gildistöku lækkunarinnar um tvo mánuði, eða eitt uppgjörstímabil virðisaukaskatts, sparar um 500 millj. kr., en á móti koma útgjöld vegna niðurgreiðslna, sbr. næsta lið.

7. Í samræmi við frestun á gildistöku lægra skattþreps á matvæli til 1. mars er lagt til að við 32. gr. bætist ákvæði til bráðabirgða um auknar niðurgreiðslur, sambærilegar við þær sem verið hafa við lýði á þessu ári þar til lækkunin kemur til framkvæmda. Kostnaður vegna þessa fyrir ríkissjóð er um 100 millj. kr.
8. Lagt er til að sérstakt hátekjuskattþrep, sem lagt er á tekjur einstaklinga yfir 200 þús. kr. og hjóna yfir 400 þús. kr. á mánuði, sbr. lög nr. 111/1992, verði hækkað um 3 prósentustig, þ.e. úr 5% í 8%. Þetta gefur ríkissjóði tekjur upp á u.þ.b. 250 millj. kr.

Tekjuöflun samkvæmt þessum tillögum er 1.050 millj. kr. en útgjöldin eru nokkru meiri eða um 1.330 milljónir. Munar þar mest um hækkun persónufrádráttarins."

Áhrif þessara breytingartillagna á afkomu ríkissjóðs eru ekki miklar eða samtals nettóútgjöld upp á 250–300 millj. kr. Er það svipuð stærð og tekjuauki ríkissjóðs vegna lítillega betri þjóðhagsspár.

Að þessu sögðu vísar 2. minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar allri ábyrgð af afgreiðslu málsins á hendur ríkisstjórninni og varar við bjartsýni á að forsendur þessara fjárlaga muni standast frekar en þeirra fyrri sem þessi ríkisstjórn hefur borið fram.

Alþingi, 17. des. 1993.

Steingrímur J. Sigfússon.

457. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, EKG, ÁJ, ÁMM, GunnS).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00-201 Alþingi. 110 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka.	
Fyrir „25.200" kemur	36.000
2. Við 4. gr. 01-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:	
151 Lýðveldishátíðin 1994	70.000
3. Við 4. gr. 01-901 101 Húsameistari ríkisins.	
Fyrir „52.000" kemur	47.000
4. Við 4. gr. 01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Nýr liður:	
601 Aðalskipulag	5.000
5. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands.	
a. Við 102 Sameiginleg útgjöld.	
Fyrir „273.200" kemur	288.200
b. Við 105 Aðrar sérstofnanir og verkefni.	
Fyrir „168.600" kemur	110.800
c. Nýr liður:	
108 Samstarfsverkefni við Vestmannaeyjabæ	13.800
d. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „396.100" kemur	344.100

Þús. kr.

6. Við 4. gr. Nýr liður:
02-209 Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.
101 Verkfræðistofnun Háskóla Íslands 57.800
4 Sértekjur 52.000
7. Við 4. gr. 02-318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.
Sundurliðun í sérstöku yfirliti breytist þannig:
Í stað 1. og 2. tölul. í Norðurlandi eystra komi þrír nýir töluliðir svohljóðandi:
1. Menntaskólinn á Akureyri, viðhald 2.000
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri, viðhald 2.000
3. Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn, byggingarframkvæmdir 50.000
8. Við 4. gr. 02-523 Fósturskóli Íslands. 102 Annað en kennsla.
Fyrir „15.700“ kemur 16.200
9. Við 4. gr. 02-872 101 Lánasjóður íslenskra námsmanna.
Fyrir „1.620.000“ kemur 1.550.000
10. Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands. 590 Verndun gamalla húsa.
Fyrir „20.000“ kemur 30.000
11. Við 4. gr. 02-903 Þjóðskjalasafn Íslands. 501 Fasteignir.
Fyrir „7.600“ kemur 27.600
12. Við 4. gr. 02-972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn.
a. Við 101 Íslenski dansflokkurinn.
Fyrir „43.800“ kemur 45.000
b. Við 110 Listdansskólinn.
Fyrir „11.800“ kemur 16.100
13. Við 4. gr. 02-981 101 Kvikmyndasjóður.
Fyrir „109.400“ kemur 99.400
14. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.
a. Nýr liður:
180 Listahátíð í Reykjavík 15.000
b. Við 190 Listir, framlög.
Fyrir „44.700“ kemur 39.700
15. Við 4. gr. 02-983 190 Ýmis fræðistörf.
Fyrir „15.000“ kemur 19.000
16. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. Við 101 Yfirstjórn.
Fyrir „170.300“ kemur 178.700
b. Við 150 Viðskiptaskrifstofa.
Fyrir „68.900“ kemur 65.200
c. Við 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „8.500“ kemur 7.300

	Þús. kr.
17. Við 4. gr. 03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.	
a. Við 110 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli.	
Fyrir „88.400“ kemur	83.400
b. Við 120 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.	
Fyrir „77.200“ kemur	74.700
18. Við 4. gr. 03-308 101 Sendiráð Íslands í Washington.	
Fyrir „38.600“ kemur	42.100
19. Við 4. gr. 03-320 Sendiráð, almennt. 690 Tæki og búnaður.	
Fyrir „8.800“ kemur	10.300
20. Við 4. gr. 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Nýr liður:	
114 Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael	36.000
21. Við 4. gr. 04-811 Búnaðarfélag Íslands.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „79.700“ kemur	75.900
b. Nýir liðir:	
110 Búnaðarfélag Íslands, uppbætur á lífeyri	3.800
195 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri	2.600
22. Við 4. gr. Nýr liður:	
04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.	
191 Loðdýrafóður	14.000
23. Við 4. gr. 06-214 102 Héraðsdómur Norðurlands vestra.	
Fyrir „3.700“ kemur	10.600
24. Við 4. gr. 06-215 102 Héraðsdómur Norðurlands eystra.	
Fyrir „28.000“ kemur	24.000
25. Við 4. gr. 06-291 Húsnæði og búnaður dómstóla.	
a. Við 501 Viðhald.	
Fyrir „5.000“ kemur	2.500
b. Við 601 Húsnæði Hæstaréttar.	
Fyrir „185.000“ kemur	165.000
26. Við 4. gr. 06-302 102 Rannsóknarlögregla ríkisins.	
Fyrir „167.400“ kemur	165.400
27. Við 4. gr. 06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík.	
a. 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „466.100“ kemur	889.000
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „30.500“ kemur	39.000
28. Við 4. gr. 06-312 Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu.	
Liðurinn fellur brott.	
29. Við 4. gr. 06-331 Umferðarráð.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „47.700“ kemur	46.600
b. Við 110 Ökunám.	
Fyrir „29.700“ kemur	26.500
c. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „56.300“ kemur	59.000

	Þús. kr.
30. Við 4. gr. 06-391 Húsnæði löggæslustofnana. 501 Viðhald húseigna.	
Fyrir „15.200“ kemur	9.200
31. Við 4. gr. 06-410 Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.	
Liðurinn fellur brott.	
32. Við 4. gr. 06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „59.900“ kemur	128.400
33. Við 4. gr. 06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „38.800“ kemur	27.800
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „50.100“ kemur	34.300
c. 130 Hreppstjórar.	
Liðurinn fellur brott.	
d. Við 4 Sértekjur.	
Liðurinn fellur brott.	
34. Við 4. gr. 06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „6.400“ kemur	22.400
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „3.100“ kemur	26.900
c. 130 Hreppstjórar.	
Fyrir „300“ kemur	1.400
d. Nýr liður:	
4 Sértekjur	1.200
35. Við 4. gr. 06-414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.	
a. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „27.500“ kemur	27.000
b. 120 Löggæsla.	
Fyrir „41.500“ kemur	37.900
c. 130 Hreppstjórar.	
Fyrir „1.800“ kemur	1.100
d. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „1.800“ kemur	1.500
36. Við 4. gr. 06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „4.500“ kemur	10.600
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „700“ kemur	4.600
c. Við 130 Hreppstjórar.	
Fyrir „100“ kemur	800
d. Nýr liður:	
4 Sértekjur	300

	Þús. kr.
37. Við 4. gr. 06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „4.400“ kemur	11.100
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „1.100“ kemur	8.600
c. Nýr liður:	
4 Sértekjur	400
38. Við 4. gr. 06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði.	
a. Við 101 Yfirstjórn	
Fyrir „38.300“ kemur	36.900
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „50.900“ kemur	43.900
c. Við 130 Hreppstjórar.	
Fyrir „1.200“ kemur	1.300
d. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „3.600“ kemur	3.300
39. Við 4. gr. 06-423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði.	
a. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „5.000“ kemur	11.800
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „1.000“ kemur	8.700
c. Nýr liður:	
4 Sértekjur	200
40. Við 4. gr. 06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „71.900“ kemur	68.800
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „100.500“ kemur	91.000
c. Við 125 Fangelsi.	
Fyrir „12.800“ kemur	12.600
41. Við 4. gr. 06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „14.700“ kemur	26.800
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „9.500“ kemur	32.600
c. Við 130 Hreppstjórar.	
Fyrir „400“ kemur	1.600
d. Við 140 Tollgæsla.	
Fyrir „1.300“ kemur	4.400
e. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „100“ kemur	1.200

	Þús. kr.
42. Við 4. gr. 06-427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „8.000“ kemur	14.000
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „2.600“ kemur	9.100
c. Nýr liður:	
4 Sértekjur	200
43. Við 4. gr. 06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „35.700“ kemur	24.600
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „53.100“ kemur	23.500
c. Við 130 Hreppstjórar.	
Fyrir „2.100“ kemur	1.100
d. 140 Tollgæsla.	
Liðurinn fellur brott.	
e. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „1.700“ kemur	1.000
44. Við 4. gr. 06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „5.200“ kemur	12.800
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „900“ kemur	6.700
c. Við 4 Sértekjur	
Fyrir „100“ kemur	500
45. Við 4. gr. 06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „19.100“ kemur	17.800
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „22.900“ kemur	17.600
46. Við 4. gr. 06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „60.200“ kemur	88.300
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „55.700“ kemur	106.300
c. Við 140 Tollgæsla.	
Fyrir „4.900“ kemur	10.300
d. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „1.100“ kemur	1.200
47. Við 4. gr. 06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „45.200“ kemur	63.300
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „35.800“ kemur	68.400

	Þús. kr.
c. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „200“ kemur	500
48. Við 4. gr. 06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.	
130 Kostnaður samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.	
Fyrir „80.800“ kemur	60.800
49. Við 4. gr. 06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna. 501 Viðhald húseigna.	
Fyrir „20.400“ kemur	18.000
50. Við 4. gr. 06-511 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „8.000“ kemur	8.400
b. Við 121 Hegningarhúsið í Reykjavík.	
Fyrir „43.500“ kemur	45.900
c. Við 122 Fangelsið Síðumúla.	
Fyrir „32.900“ kemur	34.600
d. Við 123 Fangelsið Kópavogsbraut.	
Fyrir „29.100“ kemur	30.400
51. Við 4. gr. 06-512 Fangelsið Litla-Hrauni.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „118.600“ kemur	125.800
b. Við 121 Skiltaframleiðsla.	
Fyrir „3.200“ kemur	3.500
c. Við 131 Hellugerð o.fl.	
Fyrir „10.000“ kemur	10.500
d. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „25.300“ kemur	28.300
52. Við 4. gr. 06-513 101 Fangelsið Kvíabryggju.	
Fyrir „27.100“ kemur	28.300
53. Við 4. gr. 06-590 Fangamál, ýmis kostnaður. 113 Forföll fangavarða.	
Fyrir „2.600“ kemur	2.900
54. Við 4. gr. 06-591 Fangelsisbyggingar. 501 Viðhald bygginga.	
Fyrir „11.500“ kemur	8.000
55. Við 4. gr. 06-701 Biskup Íslands.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „39.200“ kemur	42.200
b. Við 105 Starfsþjálfun guðfræðikandídata.	
Liðurinn fellur brott.	
c. Við 111 Kirkjuráð.	
Liðurinn fellur brott.	
d. Við 112 Kirkjuþing.	
Liðurinn fellur brott.	
e. Við 114 Prestastefna.	
Liðurinn fellur brott.	
f. Við 115 Ýmis verkefni.	
Liðurinn fellur brott.	

Þús. kr.

56. Við 4. gr. 06-711 Prestaköll og prófastsdæmi. 110 Prestar og prófastar.
Fyrir „318.600“ kemur 343.500
57. Við 4. gr. 06-712 Preststsetur.
Liðurinn fellur brott.
58. Við 4. gr. 06-721 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar.
Liðurinn fellur brott.
59. Við 4. gr. 06-790 Kirkjumál, ýmis kostnaður. 112 Ráðgjöf í fjölskyldumálum.
Liðurinn fellur brott.
60. Við 4. gr. 07-272 601 Byggingarsjóður verkamanna.
Fyrir „901.000“ kemur 918.000
61. Við 4. gr. 07-722 170 Vistheimilið að Sólheimum Grímsnesi.
Fyrir „68.100“ kemur 70.100
62. Við 4. gr. 07-801 110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
Fyrir „1.846.000“ kemur 1.857.000
63. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. 170 Atvinnumál kvenna.
Fyrir „15.000“ kemur 20.000
64. Við 4. gr. 08-204 110 Lífeyristryggingar.
Fyrir „15.675.000“ kemur 15.875.000
65. Við 4. gr. 08-206 110 Sjúkratryggingar.
Fyrir „9.540.000“ kemur 9.230.000
66. Við 4. gr. Nýr liður:
08-330 Manneldisráð.
101 Almennur rekstur 10.000
67. Við 4. gr. 08-358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. 501 Fasteign.
Fyrir „15.800“ kemur 20.800
68. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „6.562.800“ kemur 6.577.800
b. Við 560 Stjórnarnefnd, viðhald.
Fyrir „79.000“ kemur 74.000
c. Við 670 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð.
Fyrir „174.000“ kemur 144.000
69. Við 4. gr. 08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra.
a. Við 101 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra.
Fyrir „156.000“ kemur 186.000
b. Við 601 Stofnkostnaður og endurbætur.
Fyrir „259.000“ kemur 229.000
70. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.
a. Við 125 Neyslu- og manneldismál, manneldisráð.
Liðurinn fellur brott.
b. Við 154 Liðurinn orðist svo:
Rannsóknir slysa á vegum landlæknis og þróun myndsendisbúnaðar 5.000

	Þús. kr.
71. Við 4. gr. 08-420 101 Sjúkrastofnanir SÁÁ.	
Fyrir „195.000“ kemur	208.000
72. Við 4. gr. 08-421 101 Víðines.	
Fyrir „77.400“ kemur	62.400
73. Við 4. gr. 08-510 101 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík.	
Fyrir „286.700“ kemur	271.700
74. Við 4. gr. 09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.	
a. Við 601 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.	
Fyrir „415.000“ kemur	360.000
b. Nýr liður:	
4 Sértekjur	50.000
75. Við 4. gr. 09-801 110 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.	
Fyrir „11.700.000“ kemur	11.450.000
76. Við 4. gr. 09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. 680 Listaskóli.	
Fyrir „15.000“ kemur	10.000
77. Við 4. gr. 09-989 Launa- og verðlagsmál. 190 Launabætur.	
Fyrir „50.000“ kemur	55.000
78. Við 4. gr. 09-999 118 Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar.	
Fyrir „80.000“ kemur	98.000
79. Við 4. gr. 10-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:	
128 Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa	10.000
80. Við 4. gr. 10-211 Vegagerð ríkisins. 652 Þéttbýlisvegir.	
Fyrir „268.000“ kemur	258.000
81. Við 4. gr. 11-399 Ýmis orkumál. 115 Niðurgreiðsla á rafhitun.	
Fyrir „347.000“ kemur	397.000
82. Við 4. gr. 14-310 Landmælingar Íslands. 690 Tæki til stafrænnar kortagerðar. Liðurinn orðist svo:	
690 Sérstök verkefni í kortagerð og tækjabúnaður	11.000
83. Við 4. gr. 14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands.	
a. Við 101 Liðurinn orðist svo:	
101 Yfirstjórn	6.200
b. Nýr liður:	
102 Setur í Reykjavík	37.100
c. Nýr liður:	
103 Setur á Akureyri	14.000
d. Nýr liður:	
601 Tæki og búnaður	3.400

84. Við 4. gr. Launaliðir rekstrarviðfangsefna hækki um 0,32% til þess að mæta hækkun tryggingagjalds um 0,35%. Allar tölur standi á hundruðum þúsunda króna.

85. Við 4. gr. Tegundaliðurinn *Önnur gjöld* á rekstrarviðfangsefnum lækki um 0,5%. Allar tölur standi á hundruðum þúsunda króna. Lækkunin taki þó ekki til:
    a. 03-301 til 03-320 (sendiráð Íslands og fastanefndir erlendis).
    b. 09-801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.
86. Á eftir 6. gr. komi ný grein svohljóðandi:
    Skattvísitala árið 1994 skal vera 101,67 stig miðað við 100 stig árið 1992.

458. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, EKG, ÁJ, ÁMM, GunnS).

1. Við 6. gr. 3.3 Liðurinn falli brott.
2. Við 6. gr. 3.6 Liðurinn orðist svo:
   3.6 Að selja núverandi sendiherrabústað í París og kaupa eða leigja annan í staðinn.
3. Við 6. gr. 3.10 Liðurinn falli brott.
4. Við 6. gr. 3.15 Liðurinn orðist svo:
   3.15 Að selja allt að 7 ha landspildu ásamt útihúsum á jörðinni Lauftúni í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
5. Við 6. gr. 3.18 Liðurinn orðist svo:
   3.18 Að selja allt að 20 ha úr jörðinni Löngumýri í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
6. Við 6. gr. 3.23 til 3.30 Liðirnir falli brott.
7. Við 6. gr. 3.39 Liðurinn falli brott.
8. Við 6. gr. 3.55 Liðurinn orðist svo:
   3.55 Að selja fasteignina Austurbugt 3, Reykjavík.
9. Við 6. gr. 3.56 Liðurinn falli brott.
10. Við 6. gr. 5.2. Liðurinn orðist svo:
    5.2. Að kaupa dagblöð eða aðalmálgagn þingflokks fyrir stofnanir ríkisins, allt að 100 eintökum af hverju blaði.
11. Við 6. gr. Nýir liðir:
    3.60 Að selja Hjarðartún 4–7, húsnæði gömlu heilsugæslustöðvarinnar í Ólafsvík og verja andvirðinu til að byggja bifreiðageymslu fyrir sjúkrabifreið og til lóðaframkvæmda við nýju heilsugæslustöðina.
    3.61 Að selja starfsmannaíbúð að Urðarvegi 80, Ísafirði, og nýta andvirði sölunnar upp í kaup á nýjum embættisbústað.
    3.62 Að selja ms. Geir goða.
    3.63 Að selja fasteignina Bjarkargrund 30, Akranesi.
    3.64 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Langanesvegi 3B, Þórshöfn.
    3.65 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Suðurgötu 40, Hafnarfirði.
    3.66 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Kvíholti 10, Hafnarfirði.
    3.67 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Mímisvegi 16, Dalvík.
    3.68 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Suðurgötu 103, Akranesi.
    3.69 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Fjarðarstræti 28, Ísafirði.

3.70 Að selja fasteignina Heinaberg 17, Þorlákshöfn.
3.71 Að selja núverandi skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Washington og kaupa eða leigja annað í staðinn.
3.72 Að selja núverandi sendiherrabústað í New York og kaupa eða leigja annan í staðinn.
3.73 Að selja jörðina Hvol I í Ölfushreppi, Árnessýslu.
3.74 Að selja jörðina Kvisti í Ölfushreppi, Árnessýslu.
3.75 Að selja jörðina Smiðjuhólsveggi í Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
3.76 Að afhenda Landgræðslu ríkisins eignir Fóður- og fræverksmiðjunnar, Gunnarsholti að fenginni tillögu landbúnaðarráðherra.
3.77 Að selja og kaupa eða leigja húsnæði til að leysa húsnæðisvanda Tryggingastofnunar ríkisins.
3.78 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í skólabyggingum að Laugalandi í Eyjafirði.
3.79 Að semja við Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið um yfirtöku og afnot eigna ríkissjóðs að Staðarfelli í Fellsstrandarhreppi að höfðu samráði við menntamálaráðherra og fjárlaganefnd.
3.80 Að selja 15 ha landspildu úr jörðinni Laxamýri í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
3.81 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík.
3.82 Að selja Þuríðarstaði í Fljótsdalshreppi Norður-Múlasýslu að fenginni tillögu landbúnaðarráðherra.
3.83 Að hafa makaskipti á hluta lóðar við Miðás 1–5 á Egilsstöðum og landi við Fagradalsbraut.

12. Við 6. gr. Nýir liðir:
4.8 Að kaupa húsnæði fyrir tækjastöð Brunamálastofnunar ríkisins.
4.9 Að kaupa húsnæði vegna uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán.
4.10 Að kaupa húsnæði fyrir sjúkrabifreið og líkhús á Vopnafirði.
4.11 Að kaupa eignarhluta meðeigenda og selja fasteignina Skeljanes 10, Reykjavík.
4.12 Að kaupa fasteignina Tunguháls 6, Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
4.13 Að kaupa húsnæði fyrir Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins í tengslum við samrekstur stofnananna og taka til þess nauðsynleg lán.
4.14 Að kaupa húseignina T-634 innan varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli og taka til þess nauðsynleg lán.
4.15 Að kaupa húsnæði fyrir Háskólann á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
4.16 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
4.17 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
4.18 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Fræðsluskrifstofu Norðurlands eystra á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
4.19 Að kaupa viðbótarhúsnæði til nota fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.
4.20 Að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.

4.21 Að kaupa geymsluhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands að höfðu samráði við menntamálaráðherra.
4.22 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu í Reykjavík til nota fyrir Ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.

13. Við 6. gr. Nýir liðir:
5.10 Að semja um uppgjör og fella niður skuldir vegna grasкögglaverksmiðja.
5.11 Að draga úr starfsemi ríkisstofnana með almennri hagræðingu að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra og í samráði við fjárlaganefnd.
5.12 Að koma til aðstoðar litlum hitaveitum þar sem mikill stofnkostnaður hefur leitt til hárra heimtaugargjalda og gjaldskrár og/eða veiturnar eiga í erfiðleikum með greiðslu afborgana af teknum lánum í samráði við iðnaðarráðherra að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
5.13 Að greiða sérstakar bætur til bænda sem verst hafa orðið úti vegna harðæris vorið og sumarið 1993.
5.14 Að endurskoða reglur um aksturskostnað ríkisins, auglýsingar og greiðslur til starfsmanna ríkisins fyrir yfirvinnu, ferðakostnað og nefndar- og stjórnarlaun. Þetta verði gert með því að fjármálaráðherra er heimilt að lækka laun og önnur gjöld stofnana ríkisins í A- og B-hluta fjárlaga 1994 um allt að 0,5% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 50 m.kr. samtals.
5.15 Að ákveða að innheimta ekki gatnagerðargjöld af Suðurflugi hf. á Keflavíkurflugvelli.
5.16 Að ákvarða og greiða, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, bætur vegna skerðingar veiði á árunum 1984–1987 að báðum árunum meðtöldum til eigenda jarðanna Bóndhóls, Holts og Brennistaða og Ölvaldsstaða í Mýrasýslu.
5.17 Að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1994 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 40 m.kr. samtals, að fengnum tillögum samgönguráðherra. Andvirði þessa verði lagt til markaðsátaks erlendis til þess að lengja ferðamannatíma á Íslandi.
5.18 Að leggja fjármagn í Vinnumatssjóð Háskólans á Akureyri í samræmi við kjarasamninga þegar reglur um vinnumatskerfi hafa verið afgreiddar.
5.19 Að fella niður lán Krýsuvíkursamtakanna hjá ríkissjóði.

459. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, EKG, ÁJ, ÁMM, GunnS).

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Árið 1994 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
40	**Beinir skattar**		
405-6	**Eignarskattar**		**3.300,0**
40510	Eignarskattur einstaklinga	1.575,0	
40516	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	155,0	
40611	Eignarskattur félaga	990,0	
40616	Sérstakur eignarskattur félaga	205,0	
4052-62	Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	75,0	
40531	Erfðafjárskattur	300,0	
401-2	**Tekjuskattur, nettó**		**17.630,0**
401	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	14.980,0	
402	Tekjuskattur félaga	2.650,0	
410	**Aðrir beinir skattar**		**415,0**
4102	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	415,0	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.200,0**
4200	Tollar	1.200,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**348,0**
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	7,0	
4215	Fóðurgjald	45,0	
42192	Kartöflugjald	154,0	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	31,0	
4214	Jöfnunartollar	111,0	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**206,0**
4220	Gjald af sölu erlends gjaldeyris	206,0	

		M.kr.	M.kr.
423	**Vörugjöld**		**10.711,0**
4232	Vörugjald af ökutækjum	2.200,0	
4233	Vörugjald af bensíni, almennt	1.725,0	
4234	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.325,0	
4235-6	Vörugjald, almennt	2.375,0	
4239	Framleiðslugjald af áli	86,0	
425	**Virðisaukaskattur**		**38.815,0**
4250	Virðisaukaskattur	38.815,0	
4323	**Skattar af orku**		**85,0**
43231	Rafmagnseftirlitsgjald	85,0	
426	**Skattar af einkasöluvörum**		**6.377,0**
4260	Hluti af hagnaði ÁTVR	6.370,0	
4261	Gjald af einkasöluvörum	7,0	
427	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**82,0**
42701	Skemmtanaskattur	75,0	
42702	Miðagjald	7,0	
42-43	**Aðrir skattar af þjónustu**		**859,0**
437	Aukatekjur	850,0	
42796	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
410	**Skattar af launagreiðslum**		**10.220,0**
4100	Tryggingagjald	10.220,0	
42-43	**Aðrir óbeinir skattar**		**6.473,0**
4341	Þinglýsingar	91,0	
4342	Stimpilgjald	1.995,0	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1.500,0	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	615,0	
43111	Bifreiðagjald	1.830,0	
4321	Vitagjald	50,0	
4322	Skipagjald	52,0	
4380	Áhættugjald ríkisábyrgða	300,0	
42791	Einkaleyfisgjald HHÍ	40,0	

		M.kr.	M.kr.
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**500,0**
4719	Sala eigna	500,0	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**4.000,0**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.700,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2.300,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.600,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	530,0	
48206	Póstur og sími	850,0	
4824	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	1.100,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	120,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**325,0**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	225,0	
4999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		104.146,0

460. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SigG, StB, EKG, ÁJ, ÁMM, GunnS).

		Þús. kr.	Þús. kr.
1.	Við 5. gr. 22-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Liðurinn orðist svo:		
	22-872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
	51 Laun	49 000	
	54–58 Önnur rekstrargjöld	40 000	
	571 Fjármagnskostnaður	973 000	
	5,8 Gjöld samtals	1 062 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
48	Fjármunatekjur	77 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 550 000	
4,7	Tekjur samtals	1 627 000	
	Mismunur		565 000
	Fjármunahreyfingar út:		
16	Veitt lán	2 870 000	
18	Fjárfesting	12 000	
26	Afborganir lána	2 258 000	
	Fjármunahreyfingar inn:		
16	Innheimtar afborganir	935 000	
26	Tekin lán	3 640 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	565 000	

2. Við 5. gr. 27-272 Byggingarsjóður verkamanna. Liðurinn orðist svo:

27-272 Byggingarsjóður verkamanna

51	Laun	38 600	
54–58	Önnur rekstrargjöld	48 700	
571	Fjármagnskostnaður	1 976 800	
5,8	Gjöld samtals	2 064 100	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	8 400	
48	Fjármunatekjur	467 600	
4910	Framlag úr ríkissjóði	918 000	
49	Aðrar tekjur	407 300	
4,7	Tekjur samtals	1 801 300	
	Mismunur		–262 800
	Fjármunahreyfingar út:		
16	Veitt lán	5 939 000	
26	Afborganir lána	1 560 000	
	Fjármunahreyfingar inn:		
16	Innheimtar afborganir	311 800	
26	Tekin lán	7 450 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–262 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
3. Við 5. gr. bætist nýr liður:			
27-982 Ábyrgðarsjóður launa			
51	Laun	8 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	4 000	
593	Tilfærslur	388 000	
5,8	Gjöld samtals	400 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	400 000	
4,7	Tekjur samtals	400 000	
4. Við 5. gr. 29-103 Innkaupastofnun ríkisins. Fyrirsögn liðarins orðist svo:			
29-103 Ríkiskaup			
5. Við 5. gr. 30-101 Póst- og símamálastofnun. Liðurinn orðist svo:			
30–101	**Póst- og símamálastofnun**		
51	Laun	3 654 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	3 335 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	195 000	
571	Fjármagnskostnaður	42 000	
51–57	Viðhald	218 000	
593	Afskriftir	1 183 000	
5,8	Gjöld samtals	8 627 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 226 000	
48	Fjármunatekjur	75 000	
49	Aðrar tekjur	160 000	
4,7	Tekjur samtals	9 461 000	
	Mismunur		834 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 120 000	
26	Afborganir lána	9 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	850 000	
59	Framlag til Eutelsat/Inmarsat	13 000	
39	Greiðsluafgangur	225 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 183 000	
26	Tekin lán	215 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	834 000	
39	Greiðsluafgangur frá fyrra ári	985 000	

461. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá fjárlaganefnd.

Við 4. gr. 10-190 112 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.
a. Almennir styrkir:	
1. Knarrarnes, Mýrabátur	100
2. Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur	100
3. Dalahérað	150
4. Reykhólahreppur	300
5. Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	100
6. Rauðasandshreppur	300
7. Bíldudalshreppur	130
8. Þingeyrarhreppur	200
9. Mýrahreppur	400
10. Önundarfjörður	100
11. Snjóbifreið á Botnsheiði	250
12. Mjólkurflutningar í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi	300
13. Ögurhreppur	50
14. Reykjafjarðarhreppur	50
15. Nauteyrarhreppur	150
16. Snæfjallahreppur	150
17. Árneshreppur	1.250
18. Djúpavík	150
19. Kaldrananeshreppur	50
20. Skagahreppur	150
21. Skefilsstaðahreppur	150
22. Snjóbifreið í Skagafirði	100
23. Fljótahreppur	200
24. Björgunarsveitin Strákar	150
25. Ólafsfjarðarsveit	100

	Þús. kr.	Þús. kr.
26. Svarfaðardalur	150	
27. Grýtubakkahreppur	60	
28. Hálshreppur	100	
29. Mývatnssveit	120	
30. Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	120	
31. Fjallahreppur	400	
32. Öxarfjörður–Kópasker	50	
33. Þórshöfn	50	
34. Bakkafjörður	50	
35. Vopnafjörður	50	
36. Borgarfjörður eystri	200	
37. Hjaltastaðarhreppur	100	
38. Jökuldalur, vetrarflutningar	250	
39. Möðrudalur	100	
40. Snjóbifreið á Egilsstöðum	100	
41. Fjarðarheiði	800	
42. Oddsskarð	800	
43. Breiðdalsvík	200	
44. Djúpivogur–Hornafjörður	280	
45. Svínafell í Nesjum	60	
46. Vestur–Skaftafellssýsla	400	
47. Mýrdalshreppur	200	
		9.770
b. Stofnstyrkir:		
1. Hólmavíkurhreppur	180	
2. Höfðahreppur	750	
3. Egilsstaðir (Gró)	430	
		1.360
c. Styrkir til flugfélaga:		
1. Ernir hf.	4.500	
2. Flugfélag Norðurlands, Grímseyjarflug	1.600	
3. Flugfélag Austurlands hf.	5.500	
4. Flugfélag Vals Andersens	1.500	
		13.100
d. Óskipt		2.170
		26.400

462. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Fjárlaganefnd hefur haft frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1994 til meðferðar eftir 2. umræðu. Farið hefur fram hefðbundin athugun á tekjuhlið, B-hlutastofnunum og 6. gr. frumvarpsins. Þá hafa verið afgreiddar tillögur sem meiri hluti fjárlaganefndar lét bíða 3. umræðu.

Nefndin hafði alls ekki þann tíma sem hefði þurft til þess að fara rækilega yfir tekjugrein frumvarpsins. Frumvörp til breytinga á skattalögum til samræmis við tekjugrein fjárlagafrumvarpsins komu seint fram. Síðustu afgreiðslur ríkisstjórnar í þessum málum bárust nefndinni aðeins stuttu fyrir lokaafgreiðslu hennar á fjárlagafrumvarpinu.

Samkvæmt 25. gr. þingskapa vísaði fjárlaganefnd tekjugreininni til umsagnar hjá efnahags- og viðskiptanefnd. Í umsögnum 1. og 2. minni hluta nefndarinnar kemur fram hörð gagnrýni á þann skamma tíma sem nefndin hafði til þess að fjalla um tekjuhliðina og hversu seint og illa upplýsingar bárust frá ríkisstjórninni. Minni hluti fjárlaganefndar tekur undir þessi orð 1. og 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Tekjuhliðin.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir verulegum breytingum á skattkerfinu. Að mati minni hlutans gafst fjárlaganefnd ekki tími til að fara yfir þær breytingar með þeim hætti sem nauðsynlegt er vegna þess að ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar eða úttekt á áhrifum þessara breytinga. Veigamesta breytingin er sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að lækka virðisaukaskatt á matvælum í 14%. Verði þessi breyting samþykkt við afgreiðslu fjárlaga telur minni hluti fjárlaganefndar að verulega þurfi að auka allt eftirlit með framkvæmd virðisaukaskattslaganna ef breytingin á að ná því markmiði sem til er ætlast, þ.e. lækka verð á matvöru. Minni hlutinn átelur hversu illa hefur verið unnið að undirbúningi að þessum skattkerfisbreytingum af hálfu ríkisstjórnarinnar og dregur stórlega í efa að hægt sé að framkvæma þær 1. janúar verði þær samþykktar við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Lækkun matarskatts felur samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis í sér tekjutap ríkissjóðs upp á 2,6 milljarða kr. Til þess að mæta þessu tekjutapi var m.a. gert ráð fyrir að komið yrði á fjármagnstekjuskatti auk annarra aðgerða. Ríkisstjórnin hikstaði enn einu sinni á þeirri framkvæmd. Minni hluti fjárlaganefndar dregur í efa að þær aðgerðir, sem ríkisstjórnin boðar nú til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna áformaðrar lækkunar á virðisaukaskatti á matvælum, skili þeim tekjum sem til er ætlast.

Önnur veigamikil breyting á skattkerfinu er sú að nú á að festa í sessi skattlagningu á einstaklinga í stað aðstöðugjaldsins sem fellt var niður á fyrirtækjum um áramótin 1992–1993. Við niðurfellingu aðstöðugjaldsins var tekjuskattur einstaklinga hækkaður um 1,5%. Skattahækkun þessi átti að vera tímabundin til þess að mæta tekjutapi sveitarfélaga vegna aðstöðugjaldsins. Nú er gert ráð fyrir að færa 1,5% úr tekjuskatti yfir í útsvör sveitarfélaganna og bæta þar 0,2% við þannig að hámarksútsvarsálagningin fer úr 7,5% í 9,2%.

Tekjuskattinn á síðan að hækka um 0,35%. Samanlögð skattprósenta einstaklinga á næsta ári getur því orðið 41,9% en var 39,85%. En ríkisstjórnin ætlar ekki aðeins að ákveða hámarksútsvarsprósentu fyrir sveitarfélögin heldur setur skilyrði um lágmarksálagningu. Sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga er þannig stórlega skertur frá því sem nú er.

Í upphaflegum tillögum ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir að um áramót yrði 14% virðisaukaskattur lagður á ferðaþjónustu, þar með taldar almenningssamgöngur. Þegar þetta er skrifað nokkrum tímum fyrir áætlaða afgreiðslu frumvarps til fjárlaga er áformað að draga þessa skattlagningu til baka að hluta, þ.e. allt nema skattlagningu á gistingu. Minni hluti fjárlaganefndar fagnar þeirri breytingu en telur að fella hefði átt niður alla skattlagningu á ferðaþjónustuna. Reiknað er með að gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu hafi aukist um 2.500 millj. kr. á síðasta ári og beinar tekjur ríkissjóðs um a.m.k. 500 millj. kr. Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein og það er engin skynsemi að draga úr vaxtarmöguleikum hennar með stóraukinni skattlagningu í því atvinnuástandi sem nú ríkir.

Við 1. og 2. umræðu fjárlaga bentu fulltrúar minni hluta fjárlaganefndar á þær stórfelldu skattahækkanir sem orðið hafa í tíð þessarar ríkisstjórnar og þær stóru hallatölur sem eru í ríkisbúskapnum ár hvert. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 segir á bls. 245: „Lykilatriði í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er að fylgt verði trúverðugri stefnu í ríkisfjármálum þar sem markvisst verði dregið úr halla ríkissjóðs á næstu árum án þess að hækka skatta.“ Niðurstaðan er hins vegar sú að aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru í litlu samræmi við yfirlýsingar eða loforð.

Barnabætur hafa verið lækkaðar. Ýmiss konar þjónustugjöld hafa verið hækkuð verulega og aukið útgjöld heimilanna frá því sem áður var. Tekjuskattar verða hækkaðir og skattar færðir af fyrirtækjum á einstaklinga, persónuafsláttur skertur og bifreiðagjöld hækkuð.

Nú boða tillögur ríkisstjórnarinnar að tekjuskattur einstaklinga hækki um 0,35% sem þýðir 600 millj. kr. skattahækkun, bifreiðagjald hækkar um 35% eða 450 millj. kr. Ef sveitarfélögin nýta sér hámarksálagningu útsvars þýðir það 200 millj. kr. viðbótarskattlagningu á almenning í landinu. Ofan á þetta er síðan bætt auknum þjónustugjöldum, aukinni þátttöku í lyfjakostnaði og hækkun á öðrum sértekjum stofnana ríkisins.

Þá hafa orðið verulegar breytingar á ýmsum liðum í staðgreiðslunni, flestar til skattahækkunar. Ef persónufsláttur ársins 1988 er framreiknaður miðað við fast verðlag hefði hann átt að nema 299.441 kr. árið 1993 en nam 286.935 kr. Skattleysismörk ættu að vera 850.685 kr. en eru 689.724 kr. og lækkuðu frá árinu 1992 um 32.000 kr. Húsnæðisbætur ættu að nema 74.128 kr. á árinu 1993 en námu 62.619 kr.

Ef aðeins er tekin breytingin frá árinu 1990 ætti persónuafsláttur að vera 297.366 kr. en er 286.935 kr., vaxtabætur ættu að vera 212.880 kr. en eru 203.310 kr., húsnæðisbætur ættu að vera 65.332 kr. en eru 62.619 kr. og skattleysismörk ættu að vera 747.339 kr. en eru 689.724 kr.

Ofan á allt þetta er ríkissjóður rekinn með gífurlegum halla og stefnir nú í stærri hallatölur en nokkurn tíma hafa sést.

Breyttar þjóðhagsforsendur.

Þjóðhagsstofnun hefur nýlega kynnt nýjar horfur í þjóðarbúskapnum. Þar er um að ræða örlítið betri útkomu á þessu ári en spáð hafði verið. Útflutningstekjur munu aukast um 3,7% í stað 2%. Viðskiptahalli verður nokkru minni en áætlað var eða um 3 milljarðar kr. í stað 5,5 milljarða kr. Þetta breytir þó litlu um stöðuna í heild sinni. Horfur á næsta ári breytast lítið þrátt fyrir bata þessa árs. Áfram er gert ráð fyrir að hreinar erlendar skuldir verði um 60% af landsframleiðslu á næsta ári eða um 175% af útflutningstekjum, þar er því ekki um bata að ræða.

Hagvöxtur hefur aukist en erfitt verður að viðhalda þeirri aukningu ef hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu hækkar ekki verulega. Hlutfallið er nú í sögulegu lágmarki, 15,5%. Til þess að ná meðaltali OECD-landanna þyrfti heildarfjárfesting að aukast um rúm 5% eða 20 milljarða kr. umfram það sem nú er.

Með áliti þessu eru birtar töflur úr sérprenti ríkisskattstjóra (sjá fskj. I).

Sjúkratryggingar.

Við atkvæðagreiðslu við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið dró meiri hlutinn til baka tillögur sínar um 180 millj. kr. lækkun útgjalda til sjúkratrygginga. Nú hefur komið í ljós við undirbúning 3. umræðu að þetta var gert vegna þess að skáka þurfti til fjárveitingum innan heilbrigðisráðuneytisins þar sem fallið hafði verið frá innheimtu gjalds af svokölluðum heilsukortum upp á 400 millj. kr. Breytingar þær, sem nú eru boðaðar á útgjöldum sjúkratryggingarinnar, eru ekki trúverðugar þegar litið er á málið í heild.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í greinargerð fjárlagafrumvarpsins að framlög til sjúkratrygginga lækki um 730 millj. kr. Þar munaði mestu um áðurnefnda sölu heilsukorta. Auk þess var gert ráð fyrir að endurskoða greiðslufyrirkomulag til lækna og átti það að lækka útgjöld um 30 millj. kr. Í þriðja lagi áttu tillögur um endurskoðaða greiðslu fyrir röntgenmyndatöku og rannsóknir að lækka útgjöld um 120 millj. kr. Í fjórða lagi átti endurskoðun á fyrirkomulagi lyfjaverðlagningar að spara 150 millj. kr. og loks átti að bjóða út tannlækningar og spara með því 30 millj. kr.

Þegar ákveðið var að falla frá útgáfu heilsukorta var ljóst að leita yrði nýrra leiða til þess að lækka útgjöld sjúkratrygginga ef ekki ætti að koma til skattheimta í einhverju öðru formi. Talið var að svigrúm væri á sjúkratryggingaliðnum fyrir frekari sparnaðaraðgerðir. Ekki kom þó fram við nýlega afgreiðslu fjáraukalaga að svigrúm væri til að lækka útgjöld til sjúkratrygginga. Í bréfi til fjárlaganefndar, dags. 2. desember, eru taldir upp nokkrir liðir sem eiga að geta mætt þessu 400 millj. kr. tekjutapi. Þar eru fyrst nefnd hjálpartæki og á að lækka útgjöld vegna þeirra um 100 millj. kr. og á að gera það m.a. með magnafslætti frá framleiðendum, með útboðum og betra eftirliti með kostnaðaráætlunum. Í öðru lagi átti á spara með lækkun á erlendum sjúkrakostnaði um 60 millj. kr.

Þá á enn að spara í tannlæknakostnaði um 100 millj. kr. Þá átti að breyta reglum um sjúkradagpeningagreiðslur með því að herða á eftirliti með greiðslum til einstaklinga sem dvelja til lengri tíma á stofnunum og spara með því 20 millj. kr. Með nýjum og endurskoðuðum reglum um kostnað vegna sjúkraþjálfunar á að spara 20 millj. kr. og 100 millj. kr. með enn meiri sparnaði í lyfjakostnaði. Eru þar sérstaklega nefndar sértækar aðgerðir til lækkunar á kostnaði vegna magasárslyfja.

Þá kom í ljós að enn var eftir að finna 180 millj. kr. til að mæta þeim niðurskurði sem boðaður var við 2. umræðu. Svo undarlega bar við að enn var höggvið í sama knérunn og lækka á útgjöld vegna hjálpartækja um 50 millj. kr. og sömu rök tínd til og áður um magnafslátt framleiðenda, útboð og eftirlit með kostnaðaráætlun. Draga á úr erlendum sjúkrakostnaði vegna fækkunar hjartaaðgerða upp á 15 millj. kr. Sjúkradagpeningagreiðslur skal lækka um 15 millj. kr. og sömu rökum beitt. Svo kemur þessi ágæta setning í bréfi, sem dags. er 6. desember, frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu: „Gengið verði enn lengra en forsendur fjárlagafrumvarps gera ráð fyrir í sparnaði lyfjakostnaðar þannig að til viðbótar fyrri áformum náist 100 millj. kr. sparnaður, m.a. með sértækum aðgerðum til lækkunar kostnaði vegna magasárslyfja.“ Hljómar þessi setning óneitanlega nokkuð líkt þeirri sem var í bréfinu frá 2. desember og var hluti af 400 millj. kr. sparnaði á móti heilsukortaútgáfunni.

Sagan er ekki öll sögð enn. Í bréfi frá fjármálaráðuneytinu, dags. 16. desember, kemur fram að fyrirhugaður sparnaður í lífeyristryggingum upp á 200 millj. kr. með eignatekjutengingu lífeyrisgreiðslna mun ekki ná fram að ganga og verður að leita nýrra leiða til að spara á móti þessu. Með samningum við lækna á að spara 100 millj. kr. Auk þess eru svo tíndir til ýmsir smærri liðir innan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til þess að mæta þeim 100 millj. kr. sem enn vantar.

Vonandi tekst að lækka útgjöld ríkissjóðs með raunhæfum aðgerðum, en hætt er þó við að eitthvað af því sem hér er talið og flest tvítalið muni út af standa. Heilbrigðisráðherrann hefur verið kominn í þrot með að finna leiðir innan síns fjárlagaramma til að standa við það sem áður hafði verið samið um við fjárlagagerðina. Undirstrikar þetta enn betur en nokkru sinni fyrr það álit stjórnarandstöðunnar að hinir ýmsu þættir fjárlagafrumvarpsins séu lítt á rökum reistir.

Málefni sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið kom fram að umfjöllun um stóru sjúkrahúsin þrjú í Reykjavík, Ríkisspítala, Borgarspítalann og St. Jósefsspítalann á Landakoti, biði 3. umræðu. Var það álit minni hlutans að sú frestun væri til þess að geta fjallað ítarlega um málefni þessara stofnana og hvernig tekið skyldi á þeim rekstrarvanda sem vissulega blasir þar við. Nú er hins vegar ljóst að sú umfjöllun hefur ekki verið ítarleg, a.m.k. ekki með þátttöku minni hlutans. Hins vegar hefur verið tilkynnt í fjárlaganefnd sú ákvörðun ríkisstjórnar og meiri hluta nefndarinnar að engar lagfæringar yrðu gerðar á þeim tillögum sem er að finna í fjárlagafrumvarpinu. Þó er í tillögum meiri hlutans í nokkrum tilvikum dregið úr fjárveitingu til Ríkisspítala. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að lækka fjárveitingar til mannvirkjagerðar á landspítalalóð, svokallaðrar K-byggingar, um 30 millj. kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lækka viðhaldslið sjúkrahússins, sem verður þó að teljast í algeru lágmarki, um 5 millj. kr. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að fyrirhugaður sparnaður í rekstri áfengisdeilda sjúkrahússins, og hækkunr sértekna með innheimtu meðferðargjalda á áfengisdeildum, en sá sparnaður átti að nema um 20 millj. kr., verði nú fluttur til annarra rekstrarþátta sjúkrahússins. Ekki verður þó séð á tillögum meiri hlutans hvernig taka eigi á þeim þætti sem varðar sértekjumálin. Á að innheimta sértekjur vegna annarra rekstrarþátta á spítalanum og hætta þá við innheimtu meðferðargjaldsins eða hvaða aðrar hugmyndir er hér verið að leggja til?

Forsvarsmenn þessara þriggja stóru spítala, sem komið hafa til viðtals við fjárlaganefnd, hafa dregið mjög í efa að skipulagsbreytingar þær, sem reynt hefur verið að knýja fram á undanförnum missirum, hafi leitt til raunverulegs sparnaðar í rekstri stofnananna.

Ljóst er að umrót hefur fylgt þessum breytingum og í skýrslu, sem Ríkisendurskoðun tók saman að beiðni fyrrverandi heilbrigðisráðherra, kemur fram að heildarsparnaður hafi numið um 500 millj. kr. á árinu 1992. Meginhlutinn af þeim sparnaði virðist þó hafa náðst í rekstri Ríkisspítalanna, en þar voru þó ekki gerðar neinar grundvallarskipulagsbreytingar varðandi verkefnatilfærslu eða sameiningu stofnana. Þær tilfærslur áttu sér fyrst og fremst stað á verkefnum milli Landakots og Borgarspítalans og þar er ekki að sjá að sparnaður hafi orðið umtalsverður.

Í nýútkominni skýrslu landlæknis um afköst, kostnað og biðlista í heilbrigðisþjónustunni kemur fram það álit hans að þessar svokölluðu hagræðingar og rekstrarbreytingar kunni að hafa leitt til meiri breytinga á rekstri sjúkrahúsanna en mönnum hafi í upphafi verið ljóst. Nú séu að koma betur í ljós áhrifin sem af þessu hljótast þegar til lengri tíma er litið. Þar er m.a. bent á að biðlistar virðast frekar hafa lengst frá árinu 1991, mikið álag og vinnuhraði sé á sjúkrahúsunum og hafi aukist mjög á undanförnum missirum. Megi jafnvel rekja til þess nokkur slysatilvik, beint eða óbeint. Landlæknir varar við áframhaldandi róttækum breytingum á starfsemi Landakotsspítala og telur að vel hafi gefist að reka hann sem sjúkrahús fyrir göngu- og dagdeildaraðgerðir sem hægt sé að gera á sjúklingum sem teknir eru inn á stofnunina af biðlista þar sem sjúkrahúsið er ekki lengur bráðavaktasjúkrahús. Það mundi geta skapað mikil vandræði og erfiðleika á öðrum sjúkrahúsum ef þessari þjónustu á Landakoti yrði nú hætt eða dregið úr henni.

Í upplýsingum frá fulltrúum St. Jósefsspítala á Landakoti kemur fram að útgjöld hafa lækkað um 340 millj. kr. milli áranna 1991 og 1993. Munar þar mest um að Landakot var lagt niður sem bráðaþjónustusjúkrahús og verkefni flutt að mestu til Borgarspítalans. Með þeim verkefnaflutningi voru fjárveitingar til Borgarspítala hækkaðar um rúmar 200 millj. kr. Nú er komið í ljós að fjárvöntun á Landakotsspítala fyrir árið 1992 var um 100 millj. kr. sem búið er að bæta með fjáraukalögum á þessu ári og verður þá ekki sýnt að sparnaðurinn af þessum tilfærslum hafi orðið nokkur. Þar að auki má svo nefna að í upplýsingum frá Borgarspítalanum blasir við að rekstrarhalli í ár muni verða um 120 millj. kr. Hér sýnist því að í raun hafi orðið um útgjaldaauka að ræða en ekki sparnað.

Og enn er höggvið að rekstri St. Jósefsspítalans á Landakoti. Nú er gert ráð fyrir að lækka fjárveitingar til hans um 150 millj. kr. á næsta ári. Verulegur hluti þeirrar upphæðar mun vera vegna hugmynda um að flytja þjónustu barnadeildarinnar á Borgarspítala eða Landspítala. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hvort sjúkrahúsið muni taka við þjónustunni og engar fjárveitingar eru veittar til þeirra sjúkrahúsa til þess að taka við verkefnum ef þeim er ætlað að veita þessa þjónustu. Forsvarsmenn Landakots hafa ekki heldur fengið neinar upplýsingar eða hugmyndir um það frá heilbrigðisráðuneytinu eða heilbrigðisráðherra hvernig á að reka sjúkrahúsið áfram miðað við svo mikið skert fjárframlög. Í upplýsingum frá fulltrúum Borgarspítalans kemur fram að í viðbót við áðurnefndan rekstrarhalla sem blasir við á þessu ári að upphæð 120 millj. kr. sé fjárvöntun í fjárlagafrumvarpnu fyrir næsta ár a.m.k. 180 millj. kr. þótt aðeins sé gert ráð fyrr að halda þar óbreyttum rekstri. Það er því ljóst að fjárvöntun til þessarar stofnunar miðað við óbreytt rekstrarumfang er um 300 millj. kr. á þessum tveimur árum.

Í ítarlegri greinargerð, sem fulltrúar Ríkisspítala lögðu fyrir fjárlaganefndina, kemur fram að lækkaðar fjárveitingar og niðurskurður á fjárlögum 1991–1992 til þessara sjúkrahúsa muni nema um 500 millj. kr. Er það í samræmi við þær upplýsingar sem fram komu í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Eigi að halda óbreyttum rekstri á Ríkisspítölum á næsta ári telja forsvarsmenn stofnunarinnar að u.þ.b. 320 millj. kr. vanti eigi að halda óbreyttu rekstrarumfangi. Stjórnendur Ríkisspítalanna telja lágmark að þeim verði gert kleift að halda upp sambærilegri starfsemi á árinu 1994 og á yfirstandandi ári. Stjórnendur telja að með samstilltu átaki starfsfólksins hafi náðst sá árangur að halda starfsemi Ríkisspítalanna innan ramma fjárlaga sl. tvö ár. Það hafi verið gert með mikilli hagræðingu, nokkrum samdrætti í þjónustu, þ.e. lokunum deilda og með því að fresta verkefnum og kaupum á nauðsynlegum tækjabúnaði. Þess var því vænst að Ríkisspítalar fengju nú að njóta þess árangurs sem þegar hefur náðst þannig að ekki sannaðist sú skoðun sem víða hefur heyrst að það borgi sig ekki að spara í rekstri ríkisstofnana því að það verði aðeins til þess að krafist verði enn meiri sparnaðar.

Í tillögum stjórnenda sjúkrahússins var auk þess beðið um nokkur nýmæli. M.a. var talið nauðsynlegt að fjölga sérfræðingum kvennadeildar og var vísað í því sambandi til skrifa landlæknis þess efnis að vegna fárra lækna á kvennadeild sé öryggi sængurkvenna oft og tíðum ábótavant. Þá var einnig lögð mikil áhersla á það af hálfu Ríkisspítalanna að fá viðbótarfjárveitingu til þess að efla og styrkja vísinda- og rannsóknastarfsemi stofnunarinnar. Var það talið í samræmi við vísindastefnu þá sem ríkisstjórnin hefur boðað. Þetta var talið nauðsynlegt til þess að tryggja stöðu Landspítalans sem háskólasjúkrahúss þannig að hann standi jafnvel að vígi og sambærilegar erlendar stofnanir. Undir þetta sjónarmið vill minni hluti fjárlaganefndar eindregið taka.

Enn er haldið við þá ákvörðun sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu að innheimta sérstök meðferðargjöld af sjúklingum vegna áfengismeðferðar á sjúkrastofnunum. Er þetta gert þrátt fyrir ítrekuð og ákveðin mótmæli Geðlæknafélags Íslands og Geðverndarfélagsins. Í áskorunum þessara aðila til alþingismanna kemur m.a. fram að talið er að farið sé inn á mjög varhugaverða braut sem leitt geti til þess að sjúklingar leiti ekki meðferðar fyrr en þeir eru komnir með alvarlega fylgikvilla. Bent er á að flestir áfengissjúklingar séu haldnir öðrum geðsjúkdómum og/eða líkamlegum sjúkdómum þegar þeir leita meðferðar á sjúkrahúsum og verður áfengismeðferðin þá ekki aðskilin frá annarri læknismeðferð. Innheimta meðferðargjalda er talin sýna skilningsleysi á eðli sjúkleika þeirra sem til geðdeilda leita og er þessari aðför að grundvallaratriðum velferðarkerfisins, þ.e. jafnrétti sjúklinga til að fá bestu fáanlega meðferð án tillits til kynferðis, aldurs, efnahags eða sjúkdóms, mótmælt harðlega.

Fjárveiting til vísinda og rannsóknar- og þróunarverkefna.

Við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið kom fram hjá menntamálaráðherra sú fullyrðing að engin ríkisstjórn hefði gert meira á sviði vísinda og rannsókna en sú sem nú situr. Samkvæmt upplýsingum sem fjárlaganefnd hafa borist frá Rannsóknaráði ríkisins er þetta alröng fullyrðing eins og sjá má á meðfylgjandi fylgiskjali. Þar kemur fram að allar stofnanir, sem fást við vísinda- og rannsóknastörf á vegum opinberra aðila, hafa fengið minni fjárveitingar síðustu ár samanborið við árin 1987–1991 og umsvif þessara stofnana hafa þar með dregist saman (sjá fskj. III). Samanburður við fjárveitingar fyrir árið 1993 er ekki marktækur því að þar er gert ráð fyrir 300 millj. kr. fjárveitingu sem skilyrt var og bundin við 20% af söluandvirði ríkisstofnana ef einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar næðu fram að ganga.

Nú er sýnt að svo verður ekki og áætluð sala upp á 1.500 millj. kr. verður aðeins um 100 millj. kr. þannig að fjárveiting ætti samkvæmt því að vera 20 millj. kr. í stað 300 millj. kr. Að vísu var í fjáraukalögum samþykkt að veita 45 millj. kr. til Rannsóknasjóðs til að bæta upp nokkuð af því sem vilyrði hafði verið gefið fyrir en langt er frá að staðið sé við það sem lofað var eins og menntamálaráðherra fullyrti þó í ræðu við 2. umræðu um fjárlög. Það dugar því skammt þótt ríkisstjórnin láti semja vísindastefnu og gefi yfirlýsingar henni tengdar ef fjárveitingar fylgja ekki með þeim fögru fyrirheitum.

Sé litið á tölurnar í fjárlagafrumvarpinu kemur í ljós að fjárveiting til Rannsóknasjóðs er áætluð 115 millj. kr. eða óbreytt frá því sem er í ár. Gert er ráð fyrir 85 millj. kr. að auki en sú upphæð skilyrt við sölu ríkisfyrirtækja svo að hér er aðeins um væntingar að ræða en alls óljóst með efndirnar. Minni hlutinn telur að af hálfu Rannsóknaráðs sé nú unnið að mikilvægri stefnumótun á ýmsum sviðum og eins og ástandið er nú í þjóðfélaginu séu ef til vill ekki önnur verkefni meira áríðandi en að efla vísinda-, þróunar- og rannsóknarstarfsemi með hærri og tryggari fjárveitingum en fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir.

Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Nefndin tók sérstaklega til umræðu málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna og lagði framkvæmdastjóri sjóðsins fram gögn um rekstur hans á yfirstandandi ári og þróun lánveitinga og námsmannafjölda á síðustu árum.

Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að framlag til Lánasjóðsins verði skorið niður um 70 millj. kr. og veitt lán lækki úr 3.000 millj. kr. í 2.870 millj. kr.

Ný lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna voru sett 15. maí 1992 og vöruðu námsmenn þá sérstaklega við afleiðingum 6. gr. laganna um eftirágreiðslur lána og einnig of háu endurgreiðsluhlutfalli sem er allt að 7% heildartekna.

Það hefur komið á daginn að á árinu 1992 og 1993 hefur lánþegum fækkað mjög og voru þeir 4.001 á síðasta ári og 4.101 á yfirstandandi ári. Skólaárið 1991–1992 voru lánþegar 5.725.

Að mati námsmanna hafa afleiðingar nýrra úthlutunarreglna m.a. verið þær að fjölmargir námsmenn hafa hætt námi vegna þess að þeir treysta sér ekki til að taka lán banka og sparisjóða sem bjóðast með háum vöxtum allt að 20% í formi yfirdráttar. Dæmi eru um það að námsmenn hafi ekki fengið bankalán.

Í úthlutunarreglum LÍN er þess krafist að námsmenn skili 100% námsframvindu samkvæmt skipulagi skóla. Í ljós hefur komið að þessar kröfur eru ekki í samræmi við kröfur skóla, og hefur m.a. komið fram að mat Háskóla Íslands á eðlilegri námsframvindu námsmanns dugir honum ekki til þess að fá fullt námslán. Sama er að segja um Iðnskólann í Reykjavík. Dæmi eru um það að nemendur, sem sitja heilsársnámskeið, hafa ekki fengið nema 75% lán að loknu haustmissiri og afgang lánsins þegar próf eru afstaðin að vori. Komi upp veikindi hjá námsmanni veita hinar nýju reglur ekkert svigrúm.

Fjölgun nemenda í námi hjá Háskóla Íslands stafar m.a. af því að fólk, sem hefur stundað grunnskólanám erlendis, á ekki lengur kost á því að fá lán til þess náms og stundar því frekar nám hér heima.

Færri konur stunda nú nám en fyrir breytingar á reglum Lánasjóðsins og einstæðum mæðrum og námsmönnum með börn á framfæri hefur fækkað.

Minni hluti fjárlaganefndar varar við því að jafnrétti og möguleikar allra til náms sé skert með breyttu námslánakerfi.

Atvinnuleysistryggingasjóður.

Gert er ráð fyrir 5–5,5% atvinnuleysi á næsta ári. Nú hefur atvinnuleysi vaxið hröðum skrefum í nóvember og það sem af er desember. Á afmörkuðum svæðum hefur það allt að tvöfaldast milli mánaða. Því er útlit fyrir að það haldi áfram að aukast eftir áramót. Heildarfjárveiting til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1994 er áætluð 2.950 millj. kr. Heildarútgjöld sjóðsins eru áætluð 4 milljarðar kr. Sjóðnum er ætlað að afla tekna með sölu á skuldabréfum sjóðsins fyrir 200 millj. kr. og framlag sveitarfélaga til atvinnuskapandi verkefna hefur verið ákveðið 600 millj. kr. Á yfirstandandi ári lögðu sveitarfélögin fram 500 millj. kr. og átti að vera þeim til atvinnuskapandi verkefna. Ekki er útlit fyrir að til þeirra verkefna verði veitt meira en 300 millj. kr. í ár og því mun þetta fé ekki nýtast allt eins og til var ætlast. Lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð var breytt á síðasta þingi á þann veg að m.a. sjálfstæðir atvinnurekendur ættu rétt á bótum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í ár eru komnar 100–200 umsóknir en aðeins 25 uppfylla tilskilin skilyrði. Telja má fullvíst að skilyrði um að einstaklingar með sjálfstæðan atvinnurekstur sýni fram á að þeir séu hættir rekstri séu of ströng. Verkefnaskortur getur verið mjög tilfinnanlegur en menn lifa í voninni um að úr rætist og því er erfitt að loka fyrirtækinu alveg.

Nokkur fjölgun réttindahafa hefur orðið með nýjum lögum og fleiri munu bætast við á næsta ári. Það er því allt útlit fyrir að a.m.k. 1 milljarð kr. vanti til þess að sjóðurinn geti staðið við lögboðnar skuldbindingar.

Ríkisútvarpið.

Fjárhagur Ríkisútvarpsins er heldur slakur og kemur þar ýmislegt til. Reiknað er með að sala auglýsingatíma dragist saman á næsta ári um 8%. Afnotagjaldið var síðast hækkað 1. febrúar sl. um 4% og var þar í raun um að ræða hækkun sem ákveðið hafði verið að tæki gildi á árinu 1992. Engin hækkun afnotagjalda hefur því verið leyfð í ár, þrátt fyrir að gert hefði verið ráð fyrir 4,5% hækkun, og er ekki fyrirhuguð á næsta ári. Ríkisútvarpið hefur í mörg ár fellt niður afnotagjöld hjá um 8.000 tryggingaþegum og mun það á næsta ári jafngilda 190 millj. kr. tekjutapi.

Þá hafði gengisfellingin þyngjandi áhrif á útgjöld stofnunarinnar þar sem mikið af aðföngum er keypt erlendis eins og kvikmyndir og tækjabúnaður ýmiss konar. Þá hefur kostnaður við að bæta móttöku afskekktra sveitabæja á sendingum RÚV aukist við að eftirlit með því verki var falið Fjarskiptaeftirliti ríkisins.

Minni hlutinn telur að mikil nauðsyn sé á að styrkja teknahlið Ríkisútvarpsins, en þess sér engan stað í tillögum meiri hluta fjárlaganefndar. Ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um að reisa nýtt langbylgjumastur þrátt fyrir að mikil þörf sé fyrir slíkan búnað til þess að sendingar útvarpsins heyrist um allt land og einnig á miðunum kringum landið. Hugmyndir eru á sveimi um að nýta Lóranstöðina á Rifi, en það er allt í lausu lofti enn sem komið er. Lóranstöðin gegnir lykilhlutverki í öryggismálum á hafinu og við staðsetningu skipa, og ekki er sjáanlegt að aðrir leysi það hlutverk hennar í næstu framtíð.

Rafmagnsveitur ríkisins.

Fjárveitingar til styrkingar rafdreifikerfum í sveitum hafa á undanförnum 14 árum lækkað úr 194,7 millj. kr. á verðlagi í október 1993 í um 15 millj. kr. á yfirstandandi ári. Að mati Rafmagnsveitna ríkisins er fjárþörfin á ári hverju um 200 millj. kr. og þarf á næstu fimm árum að verja um 900 millj. kr. til þessa verkefnis að mati Rarik til þess að dreifikerfin geti talist rekstrarhæf.

Ástandið í þessum málum er með þeim hætti að Rafmagnsveitur ríkisins hafa séð sig tilneyddar til að leggja verulegt fé úr rekstri til þessara verkefna eða um 75 millj. kr. árlega. Á næsta ári er áætlað að verja 85 millj. kr. til þessara verkefna af hálfu Rafmagnsveitnanna. Margoft hefur verið á það bent að brýn þörf væri á auknu framlagi úr ríkissjóði til að fjármagna framkvæmdir við dreifikerfi í sveitum en jafnan verið talað fyrir daufum eyrum (sjá fskj. III). Rafmagnsveitum ríkisins er samt ætlað að greiða 50 millj. kr. arð til ríkisins á næsta ári.

Póstur og sími.

Póstur og sími stendur árlega í miklum fjárfestingum vegna ljósleiðaralagningar um landið og einnig yfir Atlantshafið, en það er gert í samstarfi við erlend símafyrirtæki. Til þess verkefnis fara á næsta ári um 600 millj. kr. Þá er mikil uppbygging í stafræna símakerfinu og einnig í farsímakerfinu. Íslendingar hafa fjárfest meira í farsímum á skömmum tíma en flestar aðrar þjóðir. Óhætt er að segja að Póstur og sími sé vel rekið opinbert fyrirtæki og afsanni algerlega kenninguna um að fyrirtæki þurfi að vera rekin í hlutafélagsformi eða einkarekin til þess að skila arði. Póstur og sími hefur í mörg ár greitt hundruð milljóna í ríkissjóð og svo er einnig áætlað á næsta ári eða 850 millj. kr.

6. grein.

Minni hlutinn telur að fara verði með gát í að opna heimildarákvæði í 6. gr. til úthlutunar fjármuna og telur að ef of langt sé gengið í þeim efnum sé brotin sú regla að Alþingi hafi fjárveitingavaldið. Tvö ný ákvæði í 6. gr. eru dæmi um þetta. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra sé heimilt að fengnum tillögum samgönguráðherra að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1994 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun að hámarki og afla með því 40 millj. kr. til þess að leggja í sjóð til sérstaks markaðsátaks erlendis til þess að lengja ferðamannatíma á Íslandi vor og haust. Flugleiðir leggi síðan 50 millj. kr. á móti og frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins komi 10 millj. kr.

Minni hlutinn telur málefnið þarft og leggst ekki efnislega á móti stofnun sjóðsins. Hins vegar er með öllu óeðlilegt að veita ráðherrum heimildir í 6. gr. fjárlaga til þess að skerða rekstrar- og stofnkostnaðarfjárveitingar eins ráðuneytis sem fjárlaganefnd hefur nýlega ákveðið. Rétt er að nefndin ákveði hvernig þessara 40 millj. kr. verði aflað og hvar niðurskurður á að lenda ef þeirra er aflað með þeim hætti.

Sama er að segja um ákvæði um að greiða skuli í samráði við landbúnaðarráðherra sérstakar bætur til bænda sem verst hafa orðið úti vegna harðæris vorið og sumarið 1993. Minni hlutinn telur að leysa verði vandamál þessara bænda en ákveða eigi til þess fjármuni á fjárlögum og setja ákveðnar reglur með tilliti til þess en ekki leysa þau mál með opinni heimildargrein til handa landbúnaðarráðherra.

Það færist stöðugt í vöxt að ráðherrar, sem eru fulltrúar framkvæmdarvaldsins, vilja seilast inn á svið löggjafarvaldsins í úthlutun fjármuna, en það er ekki góð stjórnsýsla.

Að lokum vísa fulltrúar minni hlutans til álita 1. og 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um tekjuhlið fjárlaga fyrir árið 1994. Álit þessi eru fylgiskjöl með framhaldsnefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 18. des. 1993.

Margrét Frímannsdóttir, frsm. Guðmundur Bjarnason. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Jón Kristjánsson.

Nefndarálitinu fylgdu þrjú fylgiskjöl.

Á fskj. I eru birtar töflur úr sérprenti ríkisskattstjóra um persónuafslátt, sjómannaafslátt, skatthlutfall í staðgreiðslu, barnabætur, vaxtabætur, húsnæðisbætur og skattleysismörk á árunum 1988–93. Á fskj. II eru birt gögn frá Rannsóknaráði ríkisins, súlurit og töflur um vísinda- og rannsóknastörf í stofnunum á vegum opinberra aðila og um umsvif þessara stofnana. Á fskj. III er tafla um fjármagn til rafdreifikerfa til sveita á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins á síðustu árum.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

463. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Frá Guðmundi Bjarnasyni og Jóni Kristjánssyni.

	M.kr.
1. Við 3. gr. 4110 Eignarskattur einstaklinga. Fyrir „1.545,0“ kemur	2.295,0
2. Við 3. gr. 41103 Sérstakur eignarskattur einstaklinga. Liðurinn fellur brott.	
3. Við 3. gr. 412 Tekjuskattur einstaklinga, nettó. Fyrir „14.500,0“ kemur	13.950,0
4. Við 3. gr. 4126 Tekjuskattur félaga. Fyrir „2.460,0“ kemur	2.610,0
5. Við 3. gr. 4235-6 Vörugjald, almennt. Fyrir „3.350,0“ kemur	3.510,0
6. Við 3. gr. 4250 Virðisaukaskattur. Fyrir „37.950,0“ kemur	38.550,0
7. Við 3. gr. 43001 Tryggingagjald. Fyrir „10.850,0“	10.540,0
8. Við 3. gr. 4719 Sala eigna Fyrir „500,0“ kemur	300,0

464. Breytingartillögur [75. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1994.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (RG, SP, GuðjG, IBA, ÁRÁ).

1. Við 1. gr. Í stað „27.950“ komi: 27.750.
2. Við 3. gr. Í stað „6.300“ og „3.700“ komi: 6.240 og 3.640.
3. Við 4. gr. Í stað „130“ í 9. tölul. komi: 150.
4. Við 5. gr.
   a. 1. tölul. orðist svo: Póst- og símamálastofnun, allt að 215 m.kr. til þátttöku í lagningu ljósleiðara yfir Norður-Atlantshafið.
   b. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður er orðist svo: Póst- og símamálastofnun, allt að 70 m.kr. vegna lóran C staðsetningarkerfis.

465. Breytingartillögur [263. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (RG, SP, GuðjG, IBA, VE).

1. Við 9. gr. Greinin falli brott.
2. Við 24. gr. Í stað „37,5“ komi 40,1.
3. Við II. kafla bætist tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (36. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1994 heimilt að ráðstafa allt að 20 m.kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við Þjóðskjalasafn.
   b. (37. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 99,4 m.kr. á árinu 1994.

466. Nefndarálit [298. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn frá landbúnaðarráðuneytinu Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, og Guðmund Sigþórsson skrifstofustjóra, frá Framleiðsluráði landbúnaðarins Gísla Karlsson framkvæmdastjóra, frá Stéttar sambandi bænda Hákon Sigurgrímsson framkvæmdastjóra og frá Búnaðarfélagi Íslands

Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra. Þá komu á fund nefndarinnar Sigurður Líndal prófessor og Sveinn Snorrason hrl.

Ekki náðist samkomulag í nefndinni um afgreiðslu málsins, en meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með smávægilegum breytingum, formlegs eðlis, sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Eggert Haukdal skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 18. des. 1993.

Egill Jónsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Árni M. Mathiesen.

Einar K. Guðfinnsson. Eggert Haukdal, með fyrirvara.

467. Breytingartillögur [298. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (EgJ, RG, ÁMM, EKG, EH).

1. Við 1. gr. Inngangsmálsgrein greinarinnar orðist svo:
   Við lögin bætist ný grein, er verður 72. gr., svohljóðandi.
2. Við 2. gr. Inngangsmálsgrein greinarinnar orðist svo:
   Við lögin bætist ný grein, er verður 73. gr., svohljóðandi.

468. Breytingartillaga [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (RG, EH, EKG, GuðjG, VG).

Við 10. gr. Við ákvæði til bráðabirgða II bætist: sbr. þó ákvæði 6. gr.

469. Frumvarp til laga [251. mál]

um breytingar í skattamálum.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Samlagsfélög með ótakmarkaðri ábyrgð minnst eins félagsaðila geta ekki verið sjálfstæðir skattaðilar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 6. tölul. fellur brott.
b. Á eftir orðinu „barnabætur“ í 7. tölul. koma orðin: barnabótaauki, vaxtabætur.

3. gr.

Við 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Staðaruppbót sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 3. mgr. 1. tölul. fellur brott.
b. 2. tölul. orðast svo: Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 0,5% af reglulegum tekjum á því ári sem gjöf er afhent. Til reglulegra tekna teljast tekjur skv. B-lið 7. gr., en þó ekki tekjur er falla undir 3.–9. tölul. C-liðar þeirrar greinar. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.
c. 3. tölul. orðast svo: Tap á útistandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum, sem beint tengjast atvinnurekstrinum, á því tekjuári sem eignir þessar sannanlega eru tapaðar.

   Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar, sbr. 1. mgr., í árslok, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.
d. Við 4. tölul. bætist ný málsgrein er orðast svo:

   Sannanlega tapað hlutafé sem verðbréfasjóðir, skv. lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og fjárfestingafélög skv. 23. gr. laga nr. 9/1984 hafa fjárfest í á því tekjuári er hlutafé tapast.

5. gr.

Í stað orðsins „tvö“ í 3. mgr. 63. gr. laganna kemur: eitt.

6. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „34,3“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 33,15.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 69. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Frá tekjuskattsstofni í þessu sambandi er eigi heimilt að draga tekjur skv. 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr.
b. Á eftir orðinu „uppfyllir“ í 2. málsl. 6. mgr. koma orðin: í lok tekjuársins.
c. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Þannig skal fjárhæð barnabótaauka skv. 2. mgr. og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 3. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.
d. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 8. mgr. sem orðast svo:
Fjárhæð barnabótaauka hjá þeim sem fá barnabætur eða aðrar sambærilegar bætur erlendis frá skal skert sem nemur þeim bótum að því marki sem þær eru umfram barnabætur skv. A-lið þessarar greinar.

8. gr.

Í stað tölunnar „80%“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. C-liðar 69. gr. laganna kemur: 60%.

9. gr.

C-liður 69. gr. laganna og fyrirsögn orðast svo:

Vaxtabætur.

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Vaxtagjöld, sem mynda rétt til vaxtabóta, eru vaxtagjöld vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Sama á við þegar um er að ræða lán frá Byggingarsjóði ríkisins sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Vaxtagjöld vegna lána, sem tekin eru til skemmri tíma en tveggja ára, er einungis heimilt að telja með á næstu fjórum árum talið frá og með kaupári ef um er að ræða kaup á íbúð til eigin nota. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging hefst, eða til og með því ári sem húsnæði er tekið til íbúðar ef það er síðar. Vaxtagjöld teljast í þessu sambandi:

1. Gjaldfallnir vextir og gjaldfallnar verðbætur á afborganir og vexti.
2. Afföll af verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldaviðurkenningum sem framteljandi hefur gefið út sjálfur og selt þriðja aðila og notað andvirðið til fjármögnunar íbúðar til eigin nota, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföllin reiknast hlutfallslega miðað við afborganir á lánstímanum.
3. Lántökukostnaður, árlegur eða tímabundinn fastakostnaður, þóknanir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnaður af lánum.

Til vaxtagjalda teljast ekki uppsafnaðar áfallnar verðbætur af lánum sem kaupandi yfirtekur við sölu íbúðar né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán skuldara sem hann greiðir á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta skv. 4. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 2. mgr., hjá hverjum framteljanda að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 8. gr., en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis eins og þær eru í árslok. Hjá þeim sem skattskyldir eru hluta úr ári vegna brottflutnings á tekjuárinu skal miða við skuldastöðu eins og hún var fyrir brottflutning. Vaxtagjöld samkvæmt þessari grein geta þó ekki verið hærri en 395.698 kr. hjá einstaklingi, 519.467 kr. hjá einstæðu foreldri og 643.235 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Hámark vaxtagjalda hjá mönnum, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári, ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á árinu.

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjum skv. II. kafla laganna að teknu tilliti til frádráttar skv. 1. og 3. tölul. A-liðar, 1. tölul. B-liðar og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. Hjá hjónum eða sambýlisfólki, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. í lok tekjuárs, skal við útreikning miðað við samanlagðar tekjur beggja að teknu tilliti til frádráttar samkvæmt framansögðu. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast hlutfallslega fari eignir skv. 73. gr., að frádregnum skuldum skv. 1. mgr. 78. gr., fram úr 2.976.267 kr. hjá einstaklingi og 4.933.677 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki uns þær falla niður við 60% hærri fjárhæð. Vaxtabætur greiðast út að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs og eignir í lok þess sama árs. Vaxtabætur geta aldrei verið hærri en 135.035 kr. fyrir hvern mann, 173.664 kr. fyrir einstætt foreldri og 223.310 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr., í lok tekjuárs. Hámark vaxtabóta hjá þeim sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á tekjuárinu. Vaxtabætur, sem eru lægri en 500 kr. á mann, falla niður.

Réttur til vaxtabóta er bundinn við eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Rétturinn stofnast þegar íbúðarhúsnæði til eigin nota er keypt eða bygging þess hefst. Jafnframt getur stofnast réttur til vaxtabóta vegna lána frá Byggingarsjóði ríkisins sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Réttur til vaxtabóta fellur niður þegar íbúðarhúsnæði telst ekki lengur til eigin nota. Sé íbúðarhúsnæði selt án þess að hafin sé bygging eða fest kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á sama ári fellur réttur til vaxtabóta niður frá þeim tíma sem sala átti sér stað. Við útreikning vaxtabóta skal þá miða við skuldastöðu eins og hún var við sölu.

Skipta skal vaxtabótum til helminga milli hjóna. Sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr., í lok tekjuárs, enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Ef annað hjóna, sem á rétt á vaxtabótum, fellur frá skal ákvarða eftirlifandi maka, sem situr í óskiptu búi, vaxtabætur eins og um hjón sé að ræða næstu fimm ár eftir lát maka.

Komi í ljós að maður hefur fengið greiddar vaxtabætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu 15% álagi. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

Nánari reglur um vaxtabætur, þar á meðal um útborgun þeirra og skuldajöfnun á móti opinberum gjöldum, má setja í reglugerð.

10. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur lögaðila skv. 1., 2., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 33% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr., sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Tekjuskattur sameignarfélaga, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr., skal vera 41% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 74. gr. laganna:

a. 2. mgr. 5. tölul. orðast svo:

Útistandandi kröfur skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs, nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi viðskiptakrafna og lánveitinga er þó heimilt að draga allt að 5% og mynda með því mótreikning fyrir kröfum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast vegna sölu á vörum og þjónustu og aðrar lánveitingar sem beint tengjast atvinnurekstrinum.

b. Við 5. tölul. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Útistandandi skuldir á hendur viðurkenndum sjálfseignarstofnunum, sem samhliða veita kröfuhafa íbúðarrétt, má telja til eignar samkvæmt fasteignamati viðkomandi íbúðar.

12. gr.

Í stað orðsins „tvö“ í 1. mgr. 81. gr. laganna kemur: eitt.

13. gr.

Við 102. gr. A laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Við rannsóknaraðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins skal gætt ákvæða laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við getur átt, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna á rannsóknarstigi.

14. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 1994 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1995 á tekjur á árinu 1994 og eignir í lok þess árs og við ákvörðun bóta á árinu 1995. Þó skulu ákvæði 1. gr., 4. gr., 5. gr., 10. gr., 11. gr. og 12. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1994 á tekjur á árinu 1993 og eignir í lok þess árs. Ákvæði 8. gr. öðlast þegar gildi og gilda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 1994.

15. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Skattaðila, sem fengið hefur að niðurfæra skuldir sem færðar hafa verið niður hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins skv. lögum nr. 108/1992 eða hefur fengið eftirgefnar skuldir á grundvelli 33. gr. laga nr. 3/1992, er heimilt að fyrna eignir, sem fyrnanlegar eru skv. 32. gr. og tengjast loðdýrabúskap, um fjárhæð sem nemur niðurfærslunni eða eftirgjöfinni. Ekki má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessu ákvæði og ekki má nota þær til að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

16. gr.

Á 3. mgr. 2. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

a. Á eftir orðunum „svo og“ í 5. tölul. kemur: leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi.
b. Í stað 1.–3. málsl. 8. tölul. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Fasteignaleiga og útleiga bifreiðastæða. Útleiga hótel- og gistiherbergja og útleiga tjaldstæða er þó skattskyld, svo og önnur gistiþjónusta þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.

17. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Við sölu notaðra vélknúinna ökutækja, sem seljandi hefur keypt til endursölu í atvinnuskyni, er honum heimilt að miða skattverð við 80,32% af mismun innkaupsverðs og söluverðs ökutækis að meðtöldum virðisaukaskatti. Sé söluverð lægra en kaupverð reiknast enginn skattur.

Bílaleigum, sem keypt hafa notuð ökutæki til nota í rekstri sínum, er heimilt að ákvarða skattverð skv. 1. mgr. við endursölu ökutækjanna.

Sé skattverð notaðra ökutækja ákvarðað með þeim hætti, sem lýst er í 1. og 2. mgr., má ekki tilgreina fjárhæð virðisaukaskatts á reikningi eða á annan hátt þannig að hægt sé að reikna út fjárhæð virðisaukaskattsins, hvorki vegna sölunnar til endurseljandans né vegna endursölunnar sjálfrar.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „landinu“ í 2. tölul. 1. mgr. koma orðin: svo og fólksflutningar milli landa og fólksflutningar með flugi innan lands þegar flugið er hluti af fólksflutningum til og frá landinu.

b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem verður 8. tölul. er orðast svo: Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu.

19. gr.

Á 2. mgr. 14. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

a. Við 1. tölul. bætist nýr málsliður er orðast svo: Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflið.
b. 3. tölul. orðast svo: Milliganga um ferðaþjónustu, svo og fyrirframsamsett sala sem felur í sér fólksflutninga, gistingu eða aðra þjónustu við ferðamenn er tekur til verulegs hluta hinnar samsettu sölu, enda sé hún boðin á heildarverði. Bílaleiga og sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á öðrum tilreiddum mat en morgunverði skal skattskyld skv. 1. mgr. þrátt fyrir að hún sé innifalin í heildarverði fyrirframsamsettrar sölu.
c. Við bætist nýr töluliður er verður 8. tölul. er orðast svo: Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis samkvæmt nánari afmörkun í reglugerð, þó ekki sala á sælgæti og drykkjarvörum o.fl., vörum sem falla undir gjaldflokk D í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, né sala á áfengum drykkjum og ógerilsneyddri mjólk. Sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu er þó skattskyld skv. 1. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

Við 2. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. er orðast svo: Jafnframt er ráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að aðilar, sem kaupa notuð ökutæki til niðurrifs í atvinnuskyni, geti reiknað sér innskatt sem skráður er á sérstakan reikning og nemur 19,68% af kaupverði vörunnar.

21. gr.

Við 21. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. er orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að taka megi upp aðrar aðferðir við tekjuskráningu en kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr., enda sé í stað reiknings notað annað öruggt skráningar- og eftirlitskerfi.

22. gr.

Við 1. mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef virðisaukaskattsskyld velta skráningarskyldra aðila er minni en 600.000 kr. á ári er ráðherra heimilt að kveða í reglugerð á um lengra uppgjörstímabil og annað greiðslufyrirkomulag en að framan getur.

23. gr.

Í stað orðsins „endurgreiðslu“ í 2. málsl. 3. mgr. 26. gr. laganna kemur: endurgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

24. gr.

Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ í 3. málsl. 9. mgr. 27. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóra ríkisins.

25. gr.

3. málsl. 1. mgr. 28. gr. laganna fellur niður.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:
   Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til yfirskattanefndar á næstu 30 dögum eftir að úrskurður skattstjóra berst ríkisskattstjóra.
b. 4. mgr. orðast svo:
   Yfirskattanefnd skal hafa lagt úrskurð á allar kærur þremur mánuðum eftir að henni hefur borist umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra. Ef rökstuðningur hefur eigi verið nægjanlegur að mati nefndarinnar reiknast þriggja mánaða fresturinn frá þeim tíma er nægjanlegur rökstuðningur barst eða lokagagnaöflun lauk.
c. 5. mgr. orðast svo:
   Ákvæði laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum, skulu að öðru leyti gilda um kærur til yfirskattanefndar eftir því sem við getur átt.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað „eða 4.–7., 9.–12., 20. og 21. tölul. 6. gr.“ í 1. mgr. kemur: 4.–7., 9.–12., 20. og 21. tölul. 6. gr. eða 2. mgr. 7. gr.
b. Orðin „og 8.“ í 2. mgr. 36. gr. falla brott.

28. gr.

2. málsl. 4. mgr. 39. gr. laganna orðast svo: Hann skal annast rannsóknir í málum sem skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísar til hans, sbr. 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

29. gr.

1. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Endurgreiða skal veitingahúsum, mötuneytum og öðrum hliðstæðum aðilum, sem selja tilreiddan mat, sbr. 8. tölul. 2. mgr. 14. gr., fjárhæð er nemur 93,75% af innskatti hvers tímabils vegna matvælaaðfanga sem bera 14% virðisaukaskatt samkvæmt ákvæðinu. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð nánar um framkvæmd endurgreiðslunnar.

30. gr.

Í stað orðanna „og 7. mgr. 20. gr.“ í 1. málsl. 45. gr. laganna kemur: 7. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 24. gr.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

b. Ný málsgrein bætist við sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að skattskyldur aðili geti, á grundvelli skriflegs samnings, tekið að sér að sjá um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts af skattskyldri sölu á vöru eða þjónustu annars aðila.

32. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994.

33. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

I.

Fari afhending skattskyldrar vöru eða þjónustu fram eftir 31. desember 1993 skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru eða þjónustu hefur verið gerður fyrir 1. janúar 1994 eða greiðsla farið fram þá að hluta eða fullu.

II.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að endurgreiða hluta virðisaukaskatts af neyslufiski. Heimild þessi fellur niður frá og með 1. desember 1994.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

34. gr.

Í stað hlutfallstalnanna „2,5“ og „6“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: 2,85 og 6,35.

35. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „0,15“ í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: 0,5.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „manns“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: vegna staðgreiðslu tryggingagjalds.

b. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Gjaldstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. 59. gr. þeirra laga. Gjaldstofn þessi skal þó eigi vera lægri en 720.000 kr. miðað við heilt ár. Fjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, í fyrsta sinn á árinu 1994.

37. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. sem orðast svo:
Á launaframtal manns, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal færa fjárhæð skv. 3. mgr. 6. gr.

38. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1994 og álagningu tryggingagjalds á árinu 1995.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

39. gr.

2. gr. laganna orðast svo:
Bifreiðagjald skal vera 5,62 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1.000 kg skal að auki greiða 3,65 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1.000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2.870 kr. né hærra gjald en 18.136 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.

40. gr.

Á eftir orðinu „björgunarsveita“ í 1. málsl. 5. mgr. 3. gr. laganna koma orðin: bifreiðum sem ekki eru í notkun.

41. gr.

Lokamálsliður 5. gr. laganna orðast svo: Grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjalds eru miðuð við vísitölu 1. janúar 1994.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

43. gr.

Í stað „90%“ í 14. gr. laganna kemur: 97%.

44. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994 og taka til allra þeirra vara sem þá eru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem fyrir þann tíma höfðu verið afhentar með bráðabirgðatollafgreiðslu.

VI. KAFLI
Breyting á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tollskrá í viðauka I við tollalög:

1. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmeri 1517.1011 verði 66 krónur á hvert kíló, þó þannig að tollurinn verði aldrei hærri en 70% af tollverði vörunnar.
2. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmeri 1517.1019 verði 40 krónur á hvert kíló, þó þannig að tollurinn verði aldrei hærri en 70% af tollverði vörunnar.
3. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmeri 1517.1021 verði 66 krónur á hvert kíló, þó þannig að tollurinn verði aldrei hærri en 70% af tollverði vörunnar.
4. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmeri 1517.1029 verði 30 krónur á hvert kíló, þó þannig að tollurinn verði aldrei hærri en 70% af tollverði vörunnar.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994 og taka til allra þeirra vara sem þá eru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem fyrir þann tíma höfðu verið afhentar með bráðabirgðatollafgreiðslu.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 18/1993, um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

47. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Gjaldflokkar vörugjalds skulu vera eftirfarandi, sbr. upptalningu tollskrárnúmera gjaldskyldrar vöru í viðauka I við lög þessi:

1. Af vörum í gjaldflokki A skal greiða 6% vörugjald.
2. Af vörum í gjaldflokki B skal greiða 11% vörugjald.
3. Af vörum í gjaldflokki C skal greiða 16% vörugjald.
4. Af vörum í gjaldflokki D skal greiða 18% vörugjald.
5. Af vörum í gjaldflokki E skal greiða 20% vörugjald.
6. Af vörum í gjaldflokki F skal greiða 25% vörugjald.
7. Af vörum í gjaldflokki G skal greiða 30% vörugjald.

48. gr.

1. málsl. 10. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

49. gr.

Viðauki I við lög um vörugjald orðast svo:

Viðauki I.

A. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 6% vörugjald:

0813.4001	2006.0000	2008.9209	3208.1002	3921.1902
0813.5001	2007.1000	2008.9901	3208.1003	3921.9002
0901.1100	2007.9100	2008.9902	3208.1004	4011.1000
0901.1200	2007.9900	2008.9909	3208.1009	4011.2000
0901.2101	2008.1101	2101.1001	3208.2001	4011.4000
0901.2109	2008.1109	2101.1009	3208.2002	4011.5000
0901.2201	2008.1900	2101.2001	3208.2009	4011.9100
0901.3000	2008.2001	2101.2009	3208.9001	4011.9900
0901.4000	2008.2009	2101.3001	3208.9002	4012.1000
0902.1000	2008.3001	2101.3009	3208.9003	4012.2000
0902.2000	2008.3009	2105.0001	3208.9009	4012.9000
0902.3000	2008.4001	2105.0009	3209.1001	4013.1000
0902.4000	2008.4009	2106.9023	3209.1002	4013.2000
0903.0000	2008.5001	2106.9024	3209.1009	4013.9000
0909.1001	2008.5009	2106.9031	3209.9001	4016.9922
0909.5001	2008.6001	2106.9039	3209.9002	4811.1000
1211.9001	2008.6009	2106.9052	3209.9009	4823.9005
1904.1001	2008.7001	2106.9054	3210.0011	7019.3101
1905.9030	2008.7009	2106.9055	3210.0012	7019.3901
1905.9060	2008.8001	2201.9002	3210.0019	7019.9003
2005.2011	2008.8009	2202.1002	3210.0021	7019.9009
2005.2019	2008.9100	2202.9001	3808.2001	
2005.2021	2008.9201	2202.9002	3921.1101	
2005.2029	2008.9202	3208.1001	3921.1201	

B. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 11% vörugjald:

3210.0029	3303.0001	3305.1001	3307.3000	3916.1001
3211.0000	3303.0002	3305.1009	3307.4100	3916.2001
3212.9001	3304.1000	3305.2000	3307.4900	3916.9001
3212.9009	3304.2000	3305.3000	3307.9002	3917.2101
3213.1000	3304.3000	3305.9000	3307.9009	3917.2201
3213.9000	3304.9100	3307.1000	3814.0002	3917.2301
3214.1001	3304.9900	3307.2000	3814.0009	3917.2901

3917.3201	4410.1001	5702.9100	6815.9101	7419.9904
3918.1001	4410.9001	5702.9200	6815.9901	7606.1101
3918.1002	4411.1101	5702.9900	6904.9000	7606.1201
3918.9011	4411.1901	5703.1001	6905.1000	7606.9101
3918.9019	4411.2101	5703.1009	6905.9000	7606.9201
3918.9021	4411.2901	5703.2001	6907.1000	7615.2000
3918.9029	4411.3101	5703.2009	6907.9000	8407.3100
3919.9001	4411.3901	5703.3001	6908.1000	8407.3200
3920.1002	4411.9101	5703.3009	6908.9000	8407.3300
3920.2001	4411.9901	5703.9001	6910.1000	8407.3400
3920.3001	4412.1101	5703.9009	6910.9000	8408.2000
3920.4101	4412.1201	5704.1000	7210.2001	8414.5101
3920.4202	4412.1901	5704.9000	7210.3101	8414.5901
3920.5101	4412.2101	5705.0001	7210.3901	8414.6001
3920.5901	4412.2901	5705.0009	7210.4100	8414.8001
3920.6101	4412.9101	5904.1000	7210.5001	8426.1201
3920.6201	4412.9901	5904.9100	7210.6001	8426.1209
3920.6301	4413.0001	5904.9200	7210.7001	8426.1900
3920.6901	4418.3000	5905.0001	7212.2101	8426.2000
3920.7101	4418.5000	5905.0009	7212.2901	8426.3000
3920.7301	4504.1002	6802.1000	7212.3001	8426.4101
3920.7901	4504.1005	6802.2109	7212.4001	8426.4109
3920.9101	4504.9003	6802.2209	7212.5001	8426.4900
3920.9201	4601.2000	6802.2309	7212.6001	8426.9100
3920.9301	4814.1000	6802.2909	7216.9001	8426.9900
3920.9401	4814.2001	6802.9109	7304.1000	8428.1001
3920.9902	4814.2009	6802.9209	7304.2000	8428.4000
3922.1000	4814.3000	6802.9309	7305.1100	8431.3100
3922.2000	4814.9001	6802.9909	7305.1200	8452.1000
3922.9001	4814.9002	6803.0000	7305.1900	8481.1000
3922.9009	4814.9009	6806.1009	7305.2000	8481.2000
4003.1000	4815.0000	6806.2000	7306.1000	8481.3000
4008.1101	5602.9001	6806.9001	7306.2000	8481.4000
4008.2101	5701.1000	6806.9009	7313.0000	8481.8000
4016.9100	5701.9000	6807.1001	7314.2000	8481.9000
4016.9918	5702.1000	6807.9001	7314.3000	8507.1000
4016.9919	5702.2000	6808.0000	7314.4100	8507.2000
4407.1001	5702.3100	6809.1101	7314.4200	8507.3000
4407.2101	5702.3200	6809.1901	7314.4900	8507.4000
4407.2201	5702.3900	6809.9001	7314.5000	8507.8000
4407.2301	5702.4100	6809.9009	7324.1000	8507.9000
4407.9101	5702.4200	6811.1000	7324.2100	8516.5000
4407.9201	5702.4900	6811.2001	7324.2900	8516.6001
4407.9901	5702.5100	6811.9001	7324.9000	8516.6002
4409.1001	5702.5200	6811.9009	7417.0000	8516.6009
4409.2001	5702.5900	6814.1000	7418.2000	8516.7901

8535.1000	8536.5000	8544.3000	9007.1900	9405.4009
8535.2100	8536.6100	8544.4100	9007.2100	9405.5000
8535.2900	8536.6900	8544.4900	9007.2900	9405.6001
8535.3000	8536.9000	8544.5100	9007.9100	9405.6009
8535.4000	8537.1009	8544.5900	9007.9200	9405.9101
8535.9000	8537.2000	8544.6000	9405.1001	9405.9109
8536.1000	8538.1000	8544.7000	9405.1009	9405.9201
8536.2000	8538.9000	8708.9200	9405.2001	9405.9202
8536.3000	8544.1100	8714.1100	9405.2009	9405.9209
8536.4100	8544.1900	8714.1900	9405.3000	9405.9901
8536.4900	8544.2000	9007.1100	9405.4001	9405.9909

C. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 16% vörugjald:

3701.2000	3702.5500	7014.0001	8511.3000	8708.5000
3701.9109	3702.5600	7315.9001	8511.4000	8708.6000
3701.9909	3702.9100	7320.1000	8511.5000	8708.7000
3702.2000	3702.9200	7320.2001	8511.8000	8708.8000
3702.3100	3702.9300	7320.9001	8511.9000	8708.9100
3702.3200	3702.9400	8301.2000	8544.3000	8708.9300
3702.3909	3702.9500	8301.4001	8545.9001	8708.9400
3702.4402	3926.3001	8302.1001	8708.1000	8708.9900
3702.5100	4016.9925	8302.3000	8708.2900	8716.9009
3702.5200	7007.1101	8302.4901	8708.3100	
3702.5300	7007.2101	8511.1000	8708.3900	
3702.5400	7009.1000	8511.2000	8708.4000	

D. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 18% vörugjald:

1703.1001	1806.3101	1905.3030	2009.7009	2203.0001
1703.9001	1806.3109	2009.1101	2009.8001	2204.2101
1704.1000	1806.3201	2009.1109	2009.8009	2204.2901
1704.9001	1806.3202	2009.1901	2009.9001	2204.3000
1704.9002	1806.3203	2009.1909	2009.9009	2206.0000
1704.9003	1806.3209	2009.2001	2106.9011	2208.9009
1704.9004	1806.9003	2009.2009	2106.9019	2209.0000
1704.9005	1806.9004	2009.3001	2106.9021	3003.9001
1704.9006	1806.9005	2009.3009	2106.9022	3004.5004
1704.9007	1806.9006	2009.4001	2106.9029	3004.9004
1704.9009	1806.9007	2009.4009	2106.9041	3302.1002
1805.0001	1806.9009	2009.5001	2106.9053	
1805.0009	1905.2000	2009.5009	2201.1000	
1806.1000	1905.3011	2009.6001	2202.1001	
1806.2001	1905.3019	2009.6009	2202.1009	
1806.2009	1905.3021	2009.7001	2202.9009	

E. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 20% vörugjald:

6702.1000	8421.1201	8516.3300	8539.2200	9608.2000
6702.9000	8421.3901	8516.4009	8539.2900	9608.3100
7321.1100	8422.1100	8516.7909	8539.3100	9608.3900
7321.1200	8433.1100	8516.8001	8539.3900	9608.4000
7321.1300	8433.1900	8519.2900	8539.4000	9608.5000
7321.8100	8450.1100	8519.3100	8539.9000	9608.6000
7321.8200	8450.1200	8519.3900	8540.1100	9608.9100
7321.8300	8450.1900	8519.9901	8540.1200	9608.9900
7321.9000	8450.9000	8519.9902	8540.2000	9609.1000
8301.1000	8451.1009	8520.9001	8540.3000	9609.2000
8301.5000	8451.2100	8521.1021	8540.4100	9609.9000
8302.3000	8451.3001	8521.1029	8540.4200	9613.1000
8418.1001	8476.1100	8521.9021	8540.4900	9613.2000
8418.2100	8476.1900	8521.9029	8540.8100	9613.3000
8418.2200	8476.9000	8522.1000	8540.8900	9613.8000
8418.2900	8479.8901	8522.9000	8540.9100	9613.9000
8418.3001	8509.2000	8529.9002	8540.9900	9614.1000
8418.4001	8509.3000	8529.9003	8716.8001	9614.2000
8418.6101	8509.8009	8539.1000	8716.8009	9614.9000
8418.6901	8509.9000	8539.2100	9608.1000	

F. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 25% vörugjald:

9301.0000	9303.3000	9305.2100	9306.2100	9307.0000
9302.0000	9303.9009	9305.2900	9306.2900	
9303.1000	9304.0000	9305.9000	9306.3009	
9303.2000	9305.1000	9306.1000	9306.9009	

G. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 30% vörugjald:

1701.1100	1701.9906	1702.9003	8519.9100	8527.3101
1701.1200	1701.9907	1702.9004	8519.9909	8527.3102
1701.9101	1701.9909	1702.9009	8520.1000	8527.3109
1701.9102	1702.1000	1703.1002	8520.2000	8527.3200
1701.9103	1702.2000	1703.1009	8520.3100	8527.3900
1701.9104	1702.3001	1703.9009	8520.3900	8527.9009
1701.9105	1702.3002	8518.2109	8520.9009	8528.1003
1701.9106	1702.3009	8518.2209	8527.1101	8528.1009
1701.9107	1702.4001	8518.2900	8527.1102	8528.2003
1701.9109	1702.4002	8518.3000	8527.1109	8528.2009
1701.9901	1702.4009	8518.4009	8527.1900	8529.1009
1701.9902	1702.5000	8518.5009	8527.2101	8529.9009
1701.9903	1702.6000	8518.9000	8527.2102	8543.8001
1701.9904	1702.9001	8519.1000	8527.2109	8543.9001
1701.9905	1702.9002	8519.4000	8527.2900	

50. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands.

51. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Tekjur Útflutningsráðs eru:

1. 0,015% gjald, markaðsgjald, sem lagt er á veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún er skilgreind skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga.
2. Framlag ríkissjóðs.
3. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
4. Sérstök framlög og aðrar tekjur.

Markaðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

52. gr.

Við lögin bætast fjögur ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

1. (I.)

   Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um fyrirframgreiðslu markaðsgjalds á árunum 1994–1996, sbr. 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
2. (II.)

   Hjá atvinnufyrirtækjum skal þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga þessara leggja á markaðsgjald á árunum 1994, 1995 og 1996 vegna veltu áranna 1993, 1994 og 1995 samkvæmt þessu ákvæði:
   a. Fiskvinnsla og iðnaður, þar með talin byggingarstarfsemi, greiði 0,049% af gjaldstofni skv. 3. gr. á árinu 1994, 0,037% á árinu 1995 og 0,026% á árinu 1996.
   b. Fiskveiðar greiði 0,035% af gjaldstofni skv. 3. gr. á árinu 1994, 0,028% á árinu 1995 og 0,022% á árinu 1996.
   c. Samgöngur greiði 0,022% af gjaldstofni skv. 3. gr. á árinu 1994, 0,019% á árinu 1995 og 0,017% á árinu 1996.
3. (III.)

   Af innheimtu markaðsgjaldi, samkvæmt framanskráðu, greiðist kirkjugörðum fjárhæð samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.
4. (IV.)

   Á árinu 1998 skal endurskoða lög um Útflutningsráð og frá og með árinu 1999 skal álagning markaðsgjalds falla niður hafi lögin þá ekki verið endurskoðuð.

53. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994. Skal í fyrsta sinn lagt á markaðsgjald skv. 51. gr. á árinu 1994 á gjaldstofn ársins 1993.

IX. KAFLI
Um breyting á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.
54. gr.

38. gr. laganna fellur niður.

55. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Greiða skal hluta af innheimtu markaðsgjaldi sem lagt er á á árunum 1994, 1995 og 1996 samkvæmt lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með síðari breytingum. Greiða skal kirkjugörðunum 46% af innheimtu markaðsgjaldi sem lagt er á á árinu 1994, 36% af innheimtu markaðsgjaldi sem lagt er á á árinu 1995 og 22% af innheimtu markaðsgjaldi sem lagt er á á árinu 1996. Einstakir kirkjugarðar fái sama hlutfall þessara greiðslna og þeir höfðu af heildarinnheimtu kirkjugarðsgjalda atvinnurekstrarins á árinu 1993.

56. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1994.

470. Nefndarálit [298. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á þremur fundum. Á fund nefndarinnar komu frá landbúnaðarráðuneytinu Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra og Guðmundur Sigþórsson skrifstofustjóri, frá Stéttarsambandi bænda Hákon Sigurgrímsson framkvæmdastjóri, frá Framleiðsluráði landbúnaðarins Gísli Karlsson framkvæmdastjóri, frá Búnaðarfélagi Íslands Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri, Sigurður Líndal prófessor og Sveinn Snorrason hrl.

Fram kom hjá fulltrúum bændasamtakanna að ekkert samráð hefði verið haft við þá áður en málið var lagt fram á þessu stigi þannig að samtök þeirra hafa ekki haft tækifæri til að fjalla um málið. Þeir bentu á að í frumvarpinu, eins og það liggur fyrir nú, væru engin ákvæði um samráð við bændasamtökin eins og gert var ráð fyrir í breytingartillögu meiri hluta landbúnaðarnefndar við búvörulögin í vor, en það frumvarp strandaði á ósamkomulagi í stjórnarflokkunum.

Í máli Sveins Snorrasonar og Guðmundar Sigþórssonar kom fram að heimildir landbúnaðarráðherra til töku verðjöfnunargjalda, hvað varðar innflutning samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland hefur gert, nái til þeirra vöruflokka sem getið er í tollnúmeraskrá þessara samninga. Hvað varðar bókanir við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sem varða landbúnaðarmál, er um að ræða tollkafla 1–24, að undanskildum fiski og fiskafurðum. Í þessu sambandi vill minni hlutinn ítreka að við framsögu ráðherra og í starfi nefndarinnar kom skýrt fram að þær breytingar, sem hér er verið að framkvæma, snúa einvörðungu að skuldbindingum sem leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en ekki GATT-samkomulaginu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gjöldin verði lögð á samkvæmt tillögu þriggja manna nefndar, skipaðri fulltrúum landbúnaðar- viðskipta- og fjármálaráðuneytisins. Nái nefndin ekki samkomulagi skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórnina áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda.

Í máli Sigurðar Líndal kom fram að ákvæði í sérlögum um meðferð máls í ríkisstjórn, á þann hátt sem hér er lagt til, væri afar sérstakt og ætti sér vart hliðstæðu í íslenskri löggjöf.

Minni hlutinn mun styðja þann hluta 1. gr. frumvarpsins sem lýtur að forræði landbúnaðarráðherra varðandi innflutning og töku verðjöfnunargjalda en lýsir andstöðu sinni við þann þátt greinarinnar sem snýr að málsmeðferð ef ekki næst samkomulag í þriggja manna nefndinni.

Alþingi, 20. des. 1993.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, frsm. Guðni Ágústsson. Ragnar Arnalds.

Kristín Ástgeirsdóttir.

471. Breytingartillaga [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (RG, GuðjG, EH, EKG, GE).

Við 10. gr. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 26. gr. skulu sveitarstjórnir hafa frest til 15. janúar 1994 til að ákveða hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári.

Tilkynning til fjármálaráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal hafa borist eigi síðar en 20. janúar 1994. Berist tilkynning sveitarstjórnar ekki innan þess frests skal miða við ákvörðun ársins 1993 að viðbættu 1,5% en þó skal útsvarið að lágmarki vera 8,4%.

Innheimtuhlutfall útsvars í janúarmánuði 1994 skal miða við ákvarðað útsvar sveitarstjórna á árinu 1993 að viðbættu 1,5% en þó skal það að lágmarki vera 8,4%.

472. Svar [261. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um ráðgjafarhópa um þyrlukaup.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er kostnaður af þeim nefndum og ráðgjafarhópum sem skipaðir hafa verið frá 24. maí 1991 til að athuga fyrirhuguð þyrlukaup?

Svar óskast sundurliðað þannig:
a. laun hvers nefndar- og ráðgjafarhópsmanns,
b. ferðakostnaður hvers nefndar- og ráðgjafarhópsmanns,
c. dagpeningar hvers nefndar- og ráðgjafarhópsmanns,
d. annar kostnaður.

Auk nefndar, sem dómsmálaráðherra skipaði 24. maí 1991 til að vinna að framgangi málsins, hafa tveir aðrir hópar á hans vegum komið að málinu; ráðgjafarhópur um val á þyrlu og þyrlukaupanefnd, auk þess sem nokkrir sérfræðingar hafa skilað inn álitsgerðum.

Í eftirfarandi töflu er talinn kostnaður vegna starfa ofangreindra aðila, sundurliðaður í laun, ferðakostnað, dagpeninga og annan kostnað, skipt á einstaklinga, í samræmi við það sem farið er fram á í fyrirspurninni. Eins og fram kemur er heildarkostnaður tæplega 3,3 millj. kr.

Nöfn	Ferðakostn.	Dagpeningar	Nefndarstörf	Ráðgjöf o.fl.	Samtals
Gunnar Bergsteinsson	11.200	22.957	92.000		126.157
Robin Keith	86.464			1.436.732	1.523.196
Þorsteinn Þorsteinsson			45.000	837.206	882.206
Páll Halldórsson			36.000	39.091	75.091
Þorkell Guðmundsson	113.240	57.960			171.200
Benóný Ásgrímsson	113.240	28.158	9.000	17.809	168.207
Björn Bjarnason			30.000		30.000
Þorsteinn Geirsson			20.000		20.000
Róbert Tr. Árnason			20.000		20.000
Leifur Magnússon			48.000		48.000
Þorgeir Pálsson			48.000		48.000
Albert Jónsson				130.000	130.000
Ólafur W. Stefánsson			20.000		20.000
Þórhallur Arason			20.000		20.000
Samtals	**324.144**	**109.075**	**388.000**	**2.460.838**	**3.282.057**

Meginhluti kostnaðarins er færður hjá Landhelgisgæslunni, nefndarþóknanir og hluti ráðgjafarkostnaðar er greiddur af dómsmálaráðuneyti. Til upplýsingar skal þess getið að Robin Keith er ráðgjafi á sviði breytinga á þyrlum og þyrlubúnaði. Þess ber einnig að geta að þyrlukaupanefnd hefur ekki lokið störfum og greiðslur vegna hennar hafa því ekki átt sér stað.

473. Lög [233. mál]

um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 450 með þessari breytingu:

10. gr., ákvæði til bráðabirgða II, hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 26. gr. skulu sveitarstjórnir hafa frest til 15. janúar 1994 til að ákveða hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári.

Tilkynning til fjármálaráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal hafa borist eigi síðar en 20. janúar 1994. Berist tilkynning sveitarstjórnar ekki innan þess frests skal miða við ákvörðun ársins 1993 að viðbættu 1,5% en þó skal útsvarið að lágmarki vera 8,4%.

Innheimtuhlutfall útsvars í janúarmánuði 1994 skal miða við ákvarðað útsvar sveitarstjórna á árinu 1993 að viðbættu 1,5% en þó skal það að lágmarki vera 8,4%.

474. Frumvarp til laga [298. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verður 72. gr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara veitir landbúnaðarráðherra heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Nú heimilar ráðherra innflutning landbúnaðarvara og er honum þá heimilt að leggja á þann innflutning verðjöfnunargjöld til að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara í samræmi við 3. mgr.

Ráðherra ákveður með reglugerð á hvaða landbúnaðarvörur, þar með taldar unnar vörur sem innihalda landbúnaðarhráefni, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, skuli leggja verðjöfnunargjöld við innflutning. Verðjöfnun á unnum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra. Ráðherra ákveður upphæð gjaldanna. Sér til ráðuneytis skal ráðherra skipa nefnd þriggja manna, einn án tilnefningar, annan tilnefndan af fjármálaráðherra og hinn þriðja tilnefndan af viðskiptaráðherra. Nefndin skal afla upplýsinga um verð sem álagning gjaldanna miðist við en jafnframt tryggja nauðsynlegt samráð milli ráðuneyta þannig að þess sé gætt að samanlögð álagning innflutningsgjalda sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verður 73. gr., svohljóðandi:

Heimilt er að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni. Ráðherra ákveður með reglugerð þær vörur sem verðjöfnun tekur til og hver endurgreiðslan skuli vera.

Sama nefnd og um ræðir í 3. mgr. 72. gr. skal vera ráðherra til ráðuneytis um ákvörðun verðjöfnunar við útflutning.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

475. Frumvarp til lánsfjárlaga [75. mál]

fyrir árið 1994.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

I. KAFLI
Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 27.750 m.kr. á árinu 1994.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1994 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána allt að 6.240 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna, allt að 3.640 m.kr.
2. Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar, allt að 2.500 m.kr.
3. Alþjóðaflugþjónustunnar, allt að 100 m.kr.

II. KAFLI
Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1994 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 1.–9. tölul. þessarar greinar, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreikningsins og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 5.900 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóði ríkisins, allt að 2.250 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 93/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóði verkamanna, allt að 7.450 m.kr., sbr. 48. gr. laga nr. 93/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 11.500 m.kr., sbr. 19. gr. laga nr. 93/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 700 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 1.000 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.

7. Iðnlánasjóði, allt að 2.600 m.kr., sbr. 6., 10. og 17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Iðnþróunarsjóði, allt að 800 m.kr., sbr. 2. tölul. stofnsamnings um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, og lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með áorðnum breytingum.
9. Ferðamálasjóði, allt að 150 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinna aðila á árinu 1994:

1. Póst- og símamálastofnun, allt að 215 m.kr. til þátttöku í lagningu ljósleiðara yfir Norður-Atlantshafið.
2. Póst- og símamálastofnun, allt að 70 m.kr. vegna lóran C staðsetningarkerfis.
3. Lyfjaverslunar ríkisins, allt að 72 m.kr. til endurnýjunar á framleiðsludeildum.
4. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 35,3 m.kr. til skuldbreytingar eldri lánum.
5. Minjavernd, allt að 25 m.kr. til skuldbreytingar eldri lánum.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði um lánsfjármál.

6. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

7. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast,
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum,
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

8. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir skv. II. kafla eða 7. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

9. gr.

Yfirtekin lán og ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila, eða milliganga um töku lána þeirra, skulu rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

10. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

11. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út og selja, innan heimilda lánsfjárlaga hvers árs, einn eða fleiri flokka alþjóðabréfa ríkissjóðs er hljóði upp á greiðslu í erlendri mynt. Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., er fjármálaráðherra heimilt að gefa þessi bréf út í formi handhafabréfa, enda skal sala til innlendra aðila fara fram með milligöngu aðila sem hafa leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar og þau varðveitt á sérstökum nafnskráðum reikningum viðskiptamanns, sbr. 16. gr. laga nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti.

IV. KAFLI

Gildistökuákvæði.

12. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1994. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1995 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

476. Frumvarp til laga [263. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, með síðari breytingu.

1. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna skulu ekki koma til framkvæmda á fyrri hluta árs 1994 og ekki á skólaárinu 1994–1995:

a. 3. mgr. 4. gr.
b. 1. og 6. mgr. 46. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „1992–1993 og skólaárið 1993–1994“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. 2. gr. laga nr. 4/1993, kemur: 1993–1994 og skólaárið 1994–1995.

Um breytingu á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

3. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr., og breytist töluröð síðari greina eftir því. Greinin orðast svo:

Skrásetningargjöld í sérgreinadeildum skólans skulu háð árlegu samþykki skólanefndar og menntamálaráðherra. Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga í undirbúningsdeild og raungreinadeild skólans (frumgreinadeild), svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld.

Um breytingu á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu.

5. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Skólanefnd og skólastjórar skólanna ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Upphæð gjalda er háð samþykki ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins.

6. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Skólanefnd og forstöðumaður ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Upphæð gjalda er háð samþykki ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof.

7. gr.

11. gr. laganna, sbr. 91. gr. laga nr. 92/1991, orðast svo:

Standi launagreiðandi ekki í skilum með útborgun orlofslauna skv. 7. eða 8. gr. vegna greiðsluerfiðleika án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta getur launþegi eða hlutaðeigandi verkalýðsfélag í umboði hans snúið sér til ábyrgðasjóðs launa, sbr. lög nr. 53/1993, með orlofslaunakröfuna studda gögnum um fjárhæð hennar, svo sem launaseðlum, vottorði viðkomandi launagreiðanda eða löggilts endurskoðanda hans.

Ábyrgðasjóðurinn skal þegar í stað skora á vinnuveitanda að greiða kröfuna, en beri það ekki árangur skal ábyrgðasjóðurinn innleysa kröfuna frá launþeganum. Skal það gert innan þriggja vikna frá því að krafa launþegans á hendur ábyrgðasjóðnum var sett fram.

Á innleysta orlofskröfu ábyrgðasjóðsins falla 7,5% viðurlög við innlausnina. Á kröfuna reiknast síðan mánaðarlegir dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987, fyrst 15 dögum eftir innlausn.

Kröfur ábyrgðasjóðsins vegna innleystrar orlofslaunakröfu eru aðfararhæfar samkvæmt lögum nr. 90/1989. Krafan nýtur sama réttar og krafa launþegans hefði notið í þrotabúi vinnuveitandans.

Ábyrgð á vangreiddu orlofi samkvæmt grein þessari, svo og kostnað af rekstri málaflokksins, skal fjármagna með ábyrgðargjaldi því sem innheimt er skv. 3. gr. laga nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, er á árinu 1994 heimilt að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til eftirfarandi verkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra:

a. liðveislu skv. 25. gr.,
b. félagslegrar hæfingar og endurhæfingar skv. 27. gr.,
c. kostnaðar vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra skal gera tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár skv. a-lið þessarar greinar.

Um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

9. gr.

Við 41. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 87/1989, bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalarinnar.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar.

10. gr.

Í stað orðanna „þrefalt hærri fjárhæð en“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: sömu fjárhæð og.

11. gr.

Við 7. tölul. 21. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Nú samsvara tekjurnar eða tekjuígildið ekki hámarksbótum atvinnuleysistrygginga og má þá greiða mismun atvinnuleysisbóta og teknanna eða tekjuígildisins.

12. gr.

3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili sem skal vera 260 dagar eða samtals 52 vikur.

13. gr.

Við lokamálsgrein 23. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo:

Nú fær bótaþegi ekki fullar atvinnuleysisbætur og skal þá eingöngu skerða bæturnar hlutfallslega.

14. gr.

5. mgr. 24. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta, sem þeir eiga rétt á, sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess ef um fleiri en eina er að ræða. Fyrirsjáanlega skerðingu vinnutíma skal atvinnurekandi tilkynna fyrir fram til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og gera ítarlega grein fyrir ástæðum til samdráttar. Tilkynningu skal fylgja skrá um það starfsfólk sem ráðgert er að skerðingin taki til ásamt upplýsingum um dagvinnustundafjölda einstakra starfsmanna hjá fyrirtækinu á síðustu 12 mánuðum áður en til skerðingar kemur, svo og upplýsingum um stéttarfélög viðkomandi. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs staðreynir skrána, svo og síðari upplýsingar

um það fólk sem skerðingin tekur til, og sendir til úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta fyrir þau félög, sem starfsmenn eru félagar í, sem síðan úrskurða um bótarétt. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að synja um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari málsgrein ef hún telur að fyrirtæki hafi ekki tilgreint nægilegar ástæður til samdráttar. Ekki verða greiddar bætur samkvæmt þessari grein lengur en 30 bótadaga fyrir hvern starfsmann á almanaksári. Komi til uppsagna starfsmanna falla greiðslur niður og eiga þeir ekki bótarétt að nýju fyrr en að loknum uppsagnarfresti.

15. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sameina úthlutunarnefndir tveggja eða fleiri félaga eða félagasambanda.
b. Í stað orðanna „Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 2. mgr. kemur: Ráðherra.

16. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Úthlutunarnefndir annast greiðslu bóta til einstakra bótaþega nema ráðherra ákveði annað.

17. gr.

34. gr. laganna fellur brott.

18. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IV:

a. 1. mgr. orðast svo:

Á árinu 1994 skulu sveitarfélög greiða 600 m.kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.312 kr. fyrir hvern íbúa, en sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.387 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1993. Um innheimtu gjaldsins skal fjármálaráðherra setja reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði 37. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1994 að gera tillögur um ráðstöfun á þessu fjármagni sem sveitarfélögin greiða til sjóðsins, auk allt að 600 m.kr. af öðru ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1994, til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á árinu 1994 skal einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

b. Í stað „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: ráðherra.

II. KAFLI

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs eigi vera hærra en 12 m.kr. á árinu 1994.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1994 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10,5 m.kr. á árinu 1994. Þrátt fyrir ákvæði 49. gr. sömu laga skal kostnaður við húsafriðunarnefnd greiðast úr Húsafriðunarsjóði.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, falla þær greiðslur niður á árinu 1994.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1994.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 7. gr. laga nr. 56/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1979, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til launa og aksturs héraðsráðunauta eigi vera hærra en 37,5 m.kr. á árinu 1994.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liða 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1994.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um Kirkjubyggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 1 m.kr. á árinu 1994.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1994. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. sömu laga skal innheimta 0,3% af söluvörum landbúnaðarins á árinu 1994 í stað 0,6%.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal framlag ríkissjóðs til gæsluvistarsjóðs falla niður á árinu 1994.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til Lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 0,9 m.kr. á árinu 1994.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 90 m.kr. á árinu 1994.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 24. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1988, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri fjárhæð en 68 m.kr. á árinu 1994.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. 67. gr. laga nr. 111/1992 og 30. gr. laga nr. 29/1993, skulu 370 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1994.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 31,5 m.kr. á árinu 1994.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3., 4., 5. og 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, sbr. 33. gr. laga nr. 1/1992, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 28 m.kr. á árinu 1994. Ríkissjóður endurgreiðir ekki á árinu 1994 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000, miðað við íbúafjölda 1. desember 1993. Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum. Umhverfisráðuneyti skal auglýsa fyrir 1. maí 1994 til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra. Sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga er heimilt á árinu 1994 að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar og umhverfisráðuneyti auglýsir skv. 4. málsl. þessarar greinar. Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að áður óþekktum tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram.

36. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

477. Lánsfjárlög [75. mál]

fyrir árið 1994.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 475.

478. Tillaga til þingsályktunar [301. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1993 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 24. janúar 1994.

479. Framhaldsnefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Við 2. umræðu frumvarpsins ákvað 2. minni hluti nefndarinnar að kalla flestar breytingartillögur á þskj. 410 til baka til 3. umræðu. Var það gert til þess að ríkisstjórnin fengi enn eitt tækifæri til að endurskoða afstöðu sína. Undirritaðir nefndarmenn telja að sýnt hafi verið fram á það með skýrum rökum að ef breytingartillögur 2. minni hluta verða samþykktar styrki það stöðu ríkissjóðs, efli framleiðslustarfsemina, minnki skattsvik og bæti hag láglaunafólks. Auk þess er með tillögunum tekið þýðingarmikið skref til að jafna skattlagningu fjármagnstekna og eigna til samræmis við aðrar tekjur og eignir.

Ríkisstjórnin lýsti því yfir í upphafi að skattlagning fjármagnstekna væri forgangsatriði á lista stjórnarflokkanna í skattamálum. Boðað var að frumvarp um þetta efni yrði lagt fram á Alþingi 1991–1992. Ekkert hefur verið lagt fram um málið en því frestað aftur og aftur með skýrslugerðum.

Fyrirætlanir um skattkerfisbreytingar hafa verið gagnrýndar harðlega af 2. minni hluta. Í þeirri vinnu, sem hefur farið fram að undanförnu, telja undirritaðir nefndarmenn sig hafa fengið áreiðanlega staðfestingu á því að hér er um ranga og vanhugsaða ákvörðun að ræða sem kemur þeim meira til góða sem hafa hærri tekjur og meiri neyslu. Hér er því ekki um tekjujöfnun að ræða.

Í þessu sambandi vill 2. minni hluti vitna til niðurstöðu nefndar á vegum Félags löggiltra endurskoðenda, en þar segir m.a.:

„Nefndin telur að í frumvarpinu felist svo víðtækar og tæknilega flóknar breytingar á lögum um virðisaukaskatt að það sé vart forsvaranlegt að ætlast til þess að þær komi til framkvæmda nokkrum dögum eftir að frumvarpið verður hugsanlega að lögum. Með þeim breytingum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, væri stigið stórt skref gegn upphaflegum markmiðum skattsins og kostum hans, svo sem hlutleysi hans og öryggi, skref sem erfitt verður að stíga til baka. Framkvæmd kerfisins verður mun erfiðari, hlutleysi skattsins raskast, eftirlit verður flóknara og kostnaðarsamara og meiri óvissa verður um mörkin milli skattskyldu og skattleysis í nokkrum tilvikum. Er hér að nokkru horfið aftur til galla eldra söluskattskerfisins um leið og þessu mikilvægasta tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er unnið óbætanlegt tjón.“

Undirritaðir sem starfa í 2. minni hluta nefndarinnar telja að svo sterk rök hafi verið leidd fram í málinu að ekki þurfi frekari vitnanna við. Það hefur verið viðurkennt af mörgum stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar að aðgerðin sé óskynsamleg en hana verði að styðja af óskilgreindum ástæðum.

Annar minni hluti vill taka eftirfarandi fram varðandi breytingartillögur frá meiri hluta nefndarinnar á þskj. 406:

1. Í breytingartillögu við 4. gr. er gerð tillaga um að kveða skýrar á um hvaða framlög til margvíslegra mála í þjóðfélaginu séu frádráttarbær frá tekjum innan tiltekinna marka. Halldór Ásgrímsson og Finnur Ingólfsson styðja þessa breytingartillögu og munu gera grein fyrir afstöðu sinni í framsögu við umræður um málið. Kristín Ástgeirsdóttir styður ekki þá tillögu að framlög til stjórnmálaflokka verði frádráttarbær til skatts og mun gera nánari grein fyrir afstöðu sinni við umræður um málið.
2. Breytingartillögur við 16., 18. og 19. gr. eru til bóta. Ríkisstjórnin hefur samkvæmt yfirlýsingu fallið frá að leggja virðisaukaskatt á fólksflutninga og þjónustu ferðaskrifstofa. Annar minni hluti fagnar þessari stefnubreytingu og að fallist hefur verið á hluta af þeim breytingartillögum sem 2. minni hluti hefur flutt um þetta mál, en minnir á að ekki hefur verið fallist á að fella niður virðisaukaskatt af gistingu eins og er í tillögum 2. minni hluta.
3. Síðustu daga hefur verið reynt að leita leiða til að lagfæra þá miklu umbreytingu sem verður þegar virðisaukaskattur er nú lagður á gistirými. Annar minni hluti styður þá breytingu sem lagt er til að gerð verði á 33. gr. ef því verður hafnað að fella virðisaukaskatt af gistingu niður. Annar minni hluti mun leggja fram sérstakar breytingartillögur og skila séráliti.

Varðandi breytingartillögur 2. minni hluta, sem fluttar eru á þskj. 410, skal vísað til nefndarálits á þskj. 409. Talsmenn 2. minni hluta munu gera nánari grein fyrir þessum tillögum við umræður um málið.

Alþingi, 20. des. 1993.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Kristín Ástgeirsdóttir. | Finnur Ingólfsson.

480. Breytingartillaga [263. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Vilhjálmi Egilssyni.

Við 35. gr.

a. Orðin „áður óþekktum“ í síðasta málslið greinarinnar falli brott.
b. Við greinina bætist: en hann getur þó undanþegið einstök leitarverkefni slíku fyrir fram samþykki.

481. Framhaldsnefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Eftir afgreiðslu frumvarpsins við 2. umræðu hefur nefndin komið saman á ný til að ræða breytingu á frumvarpinu. Á fund nefndarinnar komu Indriði H. Þorláksson og Snorri Olsen. Meiri hluti nefndarinnar flytur breytingartillögur sem birtar eru á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

Lagt er til að einstakar gjafir og framlög til stjórnmálaflokka verði frádráttarbær frá tekjum lögaðila.

Lagt er til að þeir aðilar, sem taka lán vegna kaupa á eignarhluta í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, skuli njóta vaxtabóta af þeim sökum.

Lagðar eru til þær breytingar varðandi lög um virðisaukaskatt að fólksflutningar og ferðaskrifstofur verði færðar undan skattskyldu. Í samræmi við þær breytingar er flutningur á ökutækjum með ferjum í beinum tengslum við fólksflutninga færður frá a-lið 18. gr. í b-lið 16. gr.

Þá er lögð til hækkun tryggingagjalds á fólksflutninga, ferðaskrifstofur og veitingarekstur.

Lagt er til að fjármálaráðherra geti heimilað þeim aðilum, sem fjárfest hafa í hótel- og gistirými frá því að virðisaukaskattur var tekinn upp, að framkvæma tiltekna leiðréttingu vegna innskatts sem í fjárfestingunni felst. Þetta er gert til að jafna aðstöðu þessara aðila gagnvart nýjum aðilum í atvinnugreininni sem leggja í fjárfestingu eftir að skattskyldan kemst á og geta dregið allan innskatt frá við uppgjör.

Loks er lagt er til að steinull flytjist úr gjaldflokki B í gjaldflokk A eins og þegar hefur verið lagt til varðandi ýmsar aðrar byggingarvörur. Einnig er lagt til að upptalning tollskrárnúmera í gjaldflokkum A og E verði lagfærð af tæknilegum ástæðum.

Ingi Björn Albertsson tekur fram að hann standi við sitt fyrra nefndarálit, sbr. álit 4. minni hluta á þskj. 427, en jafnframt lýsir hann sig reiðubúinn að standa að þeim breytingartillögum sem eru grundvöllur þessa framhaldsnefndarálits að undanskildum 1. lið þeirra tillagna varðandi það að framlög til stjórnmálaflokka verði talin frádráttarbær frá tekjum lögaðila.

Alþingi, 20. des. 1993.

Vilhjálmur Egilsson, varaform., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Guðjón Guðmundsson.

Sólveig Pétursdóttir. Ingi Björn Albertsson.

482. Framhaldsnefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá 3. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Þriðji minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar vísar til ítarlegs nefndarálits á þskj. 411 um afstöðu til málsins, svo og breytingartillagna sem þar eru útskýrðar.

Milli 2. og 3. umræðu hefur sú breyting orðið að ríkisstjórnin hefur ákveðið að falla frá áformum um álagningu virðisaukaskatts á almenningssamgöngur og þjónustu ferðaskrifstofa. Þriðji minni hlutinn fagnar þessari niðurstöðu að sjálfsögðu en harmar að skrefið skyldi ekki stigið til fulls og virðisaukaskatturinn tekinn af allri ferðaþjónustunni. Eftir situr gistingin sem á nú um áramótin að fá á sig skattinn. Þegar þetta er skrifað er enn óljóst hvort einhver aðlögun fæst fyrir þann hluta gistiþjónustunnar sem fjárfest hefur á undanförnum árum og býr því við uppsafnaðan virðisaukaskatt.

Þriðji minni hlutinn kallaði breytingartillögur sínar til baka við atkvæðagreiðslu eftir 2. umræðu en endurflytur þær nú að öðru leyti en því sem óþarft er í ljósi samkomulags um að hætta við skattlagninguna á almenningssamgöngur og ferðaskrifstofur.

Að lokum vill 3. minni hlutinn taka fram að hann er aðili að samkomulagi um málefni stjórnmálaflokkanna og breytingartillögum sem því tengjast. Þriðji minni hlutinn bindur miklar vonir við að það nefndarstarf, sem í samkomulaginu felst, leiði til skynsamlegra reglna á þessu sviði sem löngu er tímabært að setja.

Alþingi, 20. des. 1993.

Steingrímur J. Sigfússon.

483. Breytingartillögur [251. mál]

við frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, RG, GuðjG, SP, IBA).

1. Við 4. gr. Efnismgr. b-liðar orðist svo:
   Einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa, þó ekki yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.
2. Við 9. gr. Eftirfarandi breytingar verða á greininni:
   a. Á eftir orðinu „nota“ í 1. efnismgr. komi orðin: þar með talin kaup á eignarhluta í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993.
   b. Við 2. efnismgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Til vaxtagjalda hjá þeim sem kaupa eignarhluta í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993 teljast eingöngu vaxtagjöld af lánum sem þeir hafa tekið sjálfir vegna kaupa á eignarhlutanum.

3. Við 16. gr. Við greinina bætist tveir nýir stafliðir, b- og d- liður, er orðist svo:
   b. 6. tölul. orðast svo: Fólksflutningar. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflið.
   d. 13. tölul. orðast svo: Þjónusta ferðaskrifstofa.
4. Við 18. gr. A-liður greinarinnar falli brott.
5. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Á 2. mgr. 14. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:
   a. 1. og 3. tölul. falla brott.
   b. Við bætist nýr töluliður, er verður 8. tölul., er orðast svo: Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis samkvæmt nánari afmörkun í reglugerð, þó ekki sala á sælgæti og drykkjarvörum og fleiri vörum sem falla undir gjaldflokk D í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, né sala á áfengum drykkjum og ógerilsneyddri mjólk. Sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu er þó skattskyld skv. 1. mgr. þessarar greinar.
6. Við 33. gr. Eftirfarandi breytingar verða á greininni:
   Við greinina bætist nýtt bráðabirgðaákvæði, svohljóðandi:
   Fjármálaráðherra getur heimilað þeim sem hafa með höndum útleigu á hótel- og gistiherbergjum og annarri gistiþjónustu að gera leiðréttingu á innskatti vegna fjárfestingar á fasteignum og búnaði í gistirými sem notað er til skattskyldrar starfsemi eftir 1. janúar 1994. Leiðréttingin skal ákveðin sem hlutfall af eignfærðri nýfjárfestingu skattskylds aðila á árunum 1990–1992 sem hann hefur greitt virðisaukaskatt af. Hlutfall þetta skal eigi vera hærra en 8% af fjárfestingu á árinu 1990, allt að 11% af fjárfestingu á árinu 1991, og allt að 14% af fjárfestingu á árinu 1992. Leiðrétting þessi tekur ekki til innskatts af fasteignum og búnaði sem hefur verið keyptur eða yfirtekinn af öðrum aðilum í gistihúsarekstri á árunum 1990–1992.
   Framangreind leiðrétting á innskatti skal gerð með jöfnum fjárhæðum á árunum 1994, 1995 og 1996. Leiðrétting þessi skal þó eigi vera hærri en 6% af skattskyldri veltu á þessum árum og heildarkostnaður ríkissjóðs vegna leiðréttingar á árunum 1994–1996 skal að hámarki nema 75 milljónum króna.
   Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis þar á meðal um hlutfall af fjárfestingarkostnaði.
7. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
   a. Í stað hlutfallstalnanna „2,5“ og „6“ í 1. mgr. kemur: 2,85 og 6,35.
   b. 1. málsl. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: Hótelgistingu.
8. Eftirfarandi breytingar verði á viðauka I í 49. gr.:
   a. Tollskrárnúmerið 6806.1009 flyst úr gjaldflokki B í gjaldflokk A.
   b. Eftirtalin tollskrárnúmer falla brott úr gjaldflokki A: 2005.2011, 2005.2019, 2005.2021, 2005.2029, 2106.9054 og 2106.9055.
   c. Tollskrárnúmerið 2005.2002 bætist við gjaldflokk A.
   d. Tollskrárnúmerin 8302.3000, 8529.9002 og 8529.9003 falla brott úr gjaldflokki E.

484. Breytingartillaga [251. mál]

við brtt. á þskj. 483 [Skattamál].

Frá Kristínu Einarsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson,
Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

Við 1. tölul. (b-liður 4. gr. frumvarpsins):

a. Á eftir orðinu „menningarmála“ komi: þróunarhjálpar.
b. Orðið „stjórnmálaflokka“ falli brott.

485. Lög [251. mál]

um breytingar í skattamálum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 469 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 3. mgr. 1. tölul. fellur brott.
b. 2. tölul. orðast svo: Einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa, þó ekki yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.
c. 3. tölul. orðast svo: Tap á útistandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum, sem beint tengjast atvinnurekstrinum, á því tekjuári sem eignir þessar sannanlega eru tapaðar.

   Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar, sbr. 1. mgr., í árslok, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.
d. Við 4. tölul. bætist ný málsgrein er orðast svo:

   Sannanlega tapað hlutafé sem verðbréfasjóðir, skv. lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og fjárfestingarfélög skv. 23. gr. laga nr. 9/1984 hafa fjárfest í á því tekjuári er hlutafé tapast.

9. gr. hljóðar svo:

C-liður 69. gr. laganna og fyrirsögn orðast svo:

Vaxtabætur.

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á eignarhlut í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Vaxtagjöld, sem mynda rétt til vaxtabóta, eru vaxtagjöld vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Sama á við þegar um er að ræða lán frá Byggingarsjóði ríkisins sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Vaxtagjöld vegna lána, sem tekin eru til skemmri tíma en tveggja ára, er einungis heimilt að telja með á næstu fjórum árum talið frá og með kaupári ef um er að ræða kaup á íbúð til eigin nota. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging hefst, eða til og með því ári sem húsnæði er tekið til íbúðar ef það er síðar. Vaxtagjöld teljast í þessu sambandi:

1. Gjaldfallnir vextir og gjaldfallnar verðbætur á afborganir og vexti.
2. Afföll af verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldaviðurkenningum sem framteljandi hefur gefið út sjálfur og selt þriðja aðila og notað andvirðið til fjármögnunar íbúðar til eigin nota, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföllin reiknast hlutfallslega miðað við afborganir á lánstímanum.
3. Lántökukostnaður, árlegur eða tímabundinn fastakostnaður, þóknanir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnaður af lánum.

Til vaxtagjalda teljast ekki uppsafnaðar áfallnar verðbætur af lánum sem kaupandi yfirtekur við sölu íbúðar né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán skuldara sem hann greiðir á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs. Til vaxtagjalda hjá þeim sem kaupa eignarhlut í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993 teljast eingöngu vaxtagjöld af lánum sem þeir hafa tekið sjálfir vegna kaupa á eignarhlutanum.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta skv. 4. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 2. mgr., hjá hverjum framteljanda að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 8. gr., en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis eins og þær eru í árslok. Hjá þeim sem skattskyldir eru hluta úr ári vegna brottflutnings á tekjuárinu skal miða við skuldastöðu eins og hún var fyrir brottflutning. Vaxtagjöld samkvæmt þessari grein geta þó ekki verið hærri en 395.698 kr. hjá einstaklingi, 519.467 kr. hjá einstæðu foreldri og 643.235 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Hámark vaxtagjalda hjá mönnum, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári, ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á árinu.

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjum skv. II. kafla laganna að teknu tilliti til frádráttar skv. 1. og 3. tölul. A-liðar, 1. tölul. B-liðar og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. Hjá hjónum eða sambýlisfólki, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. í lok tekjuárs, skal við útreikning miðað við samanlagðar tekjur beggja að teknu tilliti til frádráttar samkvæmt framansögðu. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast hlutfallslega fari eignir skv. 73. gr., að frádregnum skuldum skv. 1. mgr. 78. gr., fram úr 2.976.267 kr. hjá einstaklingi og 4.933.677 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki uns þær falla niður við 60% hærri fjárhæð. Vaxtabætur greiðast út að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs og eignir í lok þess sama árs. Vaxtabætur geta aldrei verið hærri en 135.035 kr. fyrir hvern mann, 173.664 kr. fyrir einstætt foreldri og 223.310 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr., í lok tekjuárs. Hámark vaxtabóta hjá þeim sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á tekjuárinu. Vaxtabætur, sem eru lægri en 500 kr. á mann, falla niður.

Réttur til vaxtabóta er bundinn við eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Rétturinn stofnast þegar íbúðarhúsnæði til eigin nota er keypt eða bygging þess hefst. Jafnframt getur stofnast réttur til vaxtabóta vegna lána frá Byggingarsjóði ríkisins sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Réttur til vaxtabóta fellur niður þegar íbúðarhúsnæði telst ekki lengur til eigin nota. Sé íbúðarhúsnæði selt án þess að hafin sé bygging eða fest kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á sama ári fellur réttur til vaxtabóta niður frá þeim tíma sem sala átti sér stað. Við útreikning vaxtabóta skal þá miða við skuldastöðu eins og hún var við sölu.

Skipta skal vaxtabótum til helminga milli hjóna. Sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr., í lok tekjuárs, enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Ef annað hjóna, sem á rétt á vaxtabótum, fellur frá skal ákvarða eftirlifandi maka, sem situr í óskiptu búi, vaxtabætur eins og um hjón sé að ræða næstu fimm ár eftir lát maka.

Komi í ljós að maður hefur fengið greiddar vaxtabætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu 15% álagi. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

Nánari reglur um vaxtabætur, þar á meðal um útborgun þeirra og skuldajöfnun á móti opinberum gjöldum, má setja í reglugerð.

16. gr. hljóðar svo:

Á 3. mgr. 2. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

a. Á eftir orðunum „svo og“ í 5. tölul. kemur: leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi.
b. 6. tölul. orðast svo: Fólksflutningar. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflið.
c. Í stað 1.–3. málsl. 8. tölul. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Fasteignaleiga og útleiga bifreiðastæða. Útleiga hótel- og gistiherbergja og útleiga tjaldstæða er þó skattskyld, svo og önnur gistiþjónusta þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.
d. 13. tölul. orðast svo: Þjónusta ferðaskrifstofa.

18. gr. hljóðar svo:

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr töluliður, sem verður 8. tölul., er orðast svo: Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu.

19. gr. hljóðar svo:

Á 2. mgr. 14. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. og 3. tölul. falla brott.
b. Við bætist nýr töluliður, er verður 8. tölul., er orðast svo: Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis samkvæmt nánari afmörkun í reglugerð, þó ekki sala á sælgæti og drykkjarvörum og fleiri vörum sem falla undir gjaldflokk D í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, né sala á áfengum drykkjum og ógerilsneyddri mjólk. Sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu er þó skattskyld skv. 1. mgr. þessarar greinar.

33. gr. hljóðar svo:

Við lögin bætast þrjú ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

I.

Fari afhending skattskyldrar vöru eða þjónustu fram eftir 31. desember 1993 skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru eða þjónustu hefur verið gerður fyrir 1. janúar 1994 eða greiðsla farið fram þá að hluta eða fullu.

II.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að endurgreiða hluta virðisaukaskatts af neyslufiski. Heimild þessi fellur niður frá og með 1. desember 1994.

III.

Fjármálaráðherra getur heimilað þeim sem hafa með höndum útleigu á hótel- og gistiherbergjum og annarri gistiþjónustu að gera leiðréttingu á innskatti vegna fjárfestingar í fasteignum og búnaði í gistirými sem notað er til skattskyldrar starfsemi eftir 1. janúar 1994. Leiðréttingin skal ákveðin sem hlutfall af eignfærðri nýfjárfestingu skattskylds aðila á árunum 1990–1992 sem hann hefur greitt virðisaukaskatt af. Hlutfall þetta skal eigi vera hærra en 8% af fjárfestingu á árinu 1990, allt að 11% af fjárfestingu á árinu 1991, og allt að 14% af fjárfestingu á árinu 1992. Leiðrétting þessi tekur ekki til innskatts af fasteignum og búnaði sem hefur verið keyptur eða yfirtekinn af öðrum aðilum í gistihúsarekstri á árunum 1990–1992.

Framangreind leiðrétting á innskatti skal gerð með jöfnum fjárhæðum á árunum 1994, 1995 og 1996. Leiðrétting þessi skal þó eigi vera hærri en 6% af skattskyldri veltu á þessum árum og heildarkostnaður ríkissjóðs vegna leiðréttingar á árunum 1994–1996 skal að hámarki nema 75 milljónum króna.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis þar á meðal um hlutfall af fjárfestingarkostnaði.

34. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstalnanna „2,5“ og „6“ í 1. mgr. kemur: 2,85 og 6,35.
b. 1. málsl. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: Hótelgistingu.

49. gr.

Samhljóða þskj. 469 með þeim breytingum sem samþykktar voru á þskj. 483 (8. tölul.). Samkvæmt þeim breytingum flyst tollskrárnúmerið 6806.1009 úr gjaldflokki B í gjaldflokk A; eftirtalin tollskrárnúmer falla brott úr gjaldflokki A: 2005.2011, 2005.2019, 2005.2021, 2005.2029, 2106.9054 og 2106.9055; tollskrárnúmerið 2005.2002 bætist við gjaldflokk A; tollskrárnúmerin 8302.3000, 8529.9002 og 8529.9003 falla brott úr gjaldflokki E.

486. Lög [263. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, með síðari breytingu.

1. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna skulu ekki koma til framkvæmda á fyrri hluta árs 1994 og ekki á skólaárinu 1994–1995:

a. 3. mgr. 4. gr.
b. 1. og 6. mgr. 46. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „1992–1993 og skólaárið 1993–1994“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. 2. gr. laga nr. 4/1993, kemur: 1993–1994 og skólaárið 1994–1995.

Um breytingu á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

3. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr., og breytist töluröð síðari greina eftir því. Greinin orðast svo:

Skrásetningargjöld í sérgreinadeildum skólans skulu háð árlegu samþykki skólanefndar og menntamálaráðherra. Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga í undirbúningsdeild og raungreinadeild skólans (frumgreinadeild), svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld.

Um breytingu á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu.

5. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Skólanefnd og skólastjórar skólanna ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Upphæð gjalda er háð samþykki ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins.

6. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Skólanefnd og forstöðumaður ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Upphæð gjalda er háð samþykki ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof.

7. gr.

11. gr. laganna, sbr. 91. gr. laga nr. 92/1991, orðast svo:

Standi launagreiðandi ekki í skilum með útborgun orlofslauna skv. 7. eða 8. gr. vegna greiðsluerfiðleika án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta getur launþegi eða hlutaðeigandi verkalýðsfélag í umboði hans snúið sér til ábyrgðasjóðs launa, sbr. lög nr. 53/1993, með orlofslaunakröfuna studda gögnum um fjárhæð hennar, svo sem launaseðlum, vottorði viðkomandi launagreiðanda eða löggilts endurskoðanda hans.

Ábyrgðasjóðurinn skal þegar í stað skora á vinnuveitanda að greiða kröfuna, en beri það ekki árangur skal ábyrgðasjóðurinn innleysa kröfuna frá launþeganum. Skal það gert innan þriggja vikna frá því að krafa launþegans á hendur ábyrgðasjóðnum var sett fram.

Á innleysta orlofskröfu ábyrgðasjóðsins falla 7,5% viðurlög við innlausnina. Á kröfuna reiknast síðan mánaðarlegir dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987, fyrst 15 dögum eftir innlausn.

Kröfur ábyrgðasjóðsins vegna innleystrar orlofslaunakröfu eru aðfararhæfar samkvæmt lögum nr. 90/1989. Krafan nýtur sama réttar og krafa launþegans hefði notið í þrotabúi vinnuveitandans.

Ábyrgð á vangreiddu orlofi samkvæmt grein þessari, svo og kostnað af rekstri málaflokksins, skal fjármagna með ábyrgðargjaldi því sem innheimt er skv. 3. gr. laga nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, er á árinu 1994 heimilt að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til eftirfarandi verkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra:

a. liðveislu skv. 25. gr.,
b. félagslegrar hæfingar og endurhæfingar skv. 27. gr.,
c. kostnaðar vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra skal gera tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár skv. a-lið þessarar greinar.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar.

9. gr.

Í stað orðanna „þrefalt hærri fjárhæð en“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: sömu fjárhæð og.

10. gr.

Við 7. tölul. 21. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Nú samsvara tekjurnar eða tekjuígildið ekki hámarksbótum atvinnuleysistrygginga og má þá greiða mismun atvinnuleysisbóta og teknanna eða tekjuígildisins.

11. gr.

3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili sem skal vera 260 dagar eða samtals 52 vikur.

12. gr.

Við lokamálsgrein 23. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo:

Nú fær bótaþegi ekki fullar atvinnuleysisbætur og skal þá eingöngu skerða bæturnar hlutfallslega.

13. gr.

5. mgr. 24. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta, sem þeir eiga rétt á, sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess ef um fleiri en eina er að ræða. Fyrirsjáanlega skerðingu vinnutíma skal atvinnurekandi tilkynna fyrir fram til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og gera ítarlega grein fyrir ástæðum til samdráttar. Tilkynningu skal fylgja skrá um það starfsfólk sem ráðgert er að skerðingin taki til ásamt upplýsingum um dagvinnustundafjölda einstakra starfsmanna hjá fyrirtækinu á síðustu 12 mánuðum áður en til skerðingar kemur, svo og upplýsingum um stéttarfélög viðkomandi. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs staðreynir skrána, svo og síðari upplýsingar um það fólk sem skerðingin tekur til, og sendir til úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta fyrir þau félög, sem starfsmenn eru félagar í, sem síðan úrskurða um bótarétt. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að synja um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari málsgrein ef hún telur að fyrirtæki hafi ekki tilgreint nægilegar ástæður til samdráttar. Ekki verða greiddar bætur samkvæmt þessari grein lengur en 30 bótadaga fyrir hvern starfsmann á almanaksári. Komi til uppsagna starfsmanna falla greiðslur niður og eiga þeir ekki bótarétt að nýju fyrr en að loknum uppsagnarfresti.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sameina úthlutunarnefndir tveggja eða fleiri félaga eða félagasambanda.
b. Í stað orðanna „Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 2. mgr. kemur: Ráðherra.

15. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Úthlutunarnefndir annast greiðslu bóta til einstakra bótaþega nema ráðherra ákveði annað.

16. gr.

34. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IV:

a. 1. mgr. orðast svo:

Á árinu 1994 skulu sveitarfélög greiða 600 m.kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.312 kr. fyrir hvern íbúa, en sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.387 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1993. Um innheimtu gjaldsins skal fjármálaráðherra setja reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði 37. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1994 að gera tillögur um ráðstöfun á þessu fjármagni sem sveitarfélögin greiða til sjóðsins, auk allt að 600 m.kr. af öðru ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1994, til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á árinu 1994 skal einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

b. Í stað „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: ráðherra.

II. KAFLI

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs eigi vera hærra en 12 m.kr. á árinu 1994.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1994 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10,5 m.kr. á árinu 1994. Þrátt fyrir ákvæði 49. gr. sömu laga skal kostnaður við húsafriðunarnefnd greiðast úr Húsafriðunarsjóði.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, falla þær greiðslur niður á árinu 1994.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1994.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 7. gr. laga nr. 56/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1979, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til launa og aksturs héraðsráðunauta eigi vera hærra en 40,1 m.kr. á árinu 1994.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liða 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1994.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um Kirkjubyggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 1 m.kr. á árinu 1994.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1994. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. sömu laga skal innheimta 0,3% af söluvörum landbúnaðarins á árinu 1994 í stað 0,6%.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal framlag ríkissjóðs til gæsluvistarsjóðs falla niður á árinu 1994.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til Lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 0,9 m.kr. á árinu 1994.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 90 m.kr. á árinu 1994.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 24. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1988, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri fjárhæð en 68 m.kr. á árinu 1994.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. 67. gr. laga nr. 111/1992 og 30. gr. laga nr. 29/1993, skulu 370 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1994.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 31,5 m.kr. á árinu 1994.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3., 4., 5. og 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, sbr. 33. gr. laga nr. 1/1992, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 28 m.kr. á árinu 1994. Ríkissjóður endurgreiðir ekki á árinu 1994 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000, miðað við íbúafjölda 1. desember 1993. Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum. Um-

hverfisráðuneyti skal auglýsa fyrir 1. maí 1994 til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra. Sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga er heimilt á árinu 1994 að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar og umhverfisráðuneyti auglýsir skv. 4. málsl. þessarar greinar. Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1994 heimilt að ráðstafa allt að 20 m.kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við Þjóðskjalasafn.

36. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 99,4 m.kr. á árinu 1994.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

487. Lög [298. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 474.

488. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1994.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 355 (sbr. 1) með þessum breytingum:

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr. hljóðar svo:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	M.kr.	M.kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**104.146,0**
Beinir skattar	21.345,0	
Óbeinir skattar	75.376,0	
Vaxtatekjur	4.000,0	
Aðrar tekjur	3.425,0	
Gjöld		**113.781,6**
Samneysla	46.472,8	
Rekstrargjöld	43.341,2	
Viðhald	3.131,6	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	44.030,7	
Vaxtagreiðslur	11.450,0	
Fjárfesting	11.828,1	
Stofnkostnaður	7.195,1	
Fjármagnstilfærslur	4.633,0	
Gjöld umfram tekjur		**9.635,6**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		1.140,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	6.240,0	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	–5.100,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		500,0
Viðskiptareikningar		500,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**11.775,6**
Afborganir af teknum lánum		15.900,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**27.675,6**
Lántökur		27.750,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**74,4**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1994 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		M.kr.	M.kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.093,0**
	Embætti forseta Íslands	48,9	
	Alþingi og stofnanir þess	848,8	
	Ríkisstjórn	59,3	
	Annað	136,0	
01	**Forsætisráðuneyti**		**493,8**
	Ráðuneyti	163,1	
	Annað	330,7	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**16.737,2**
	Ráðuneyti	258,1	
	Háskólar og rannsóknir	2.822,0	
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	4.421,9	
	Grunnskólar og sérskólar	5.109,3	
	Önnur fræðslumál	353,4	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.550,0	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1.222,3	
	Annað	1.000,2	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1.575,0**
	Ráðuneyti	326,2	
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	135,1	
	Sendiráð og fastanefndir	488,6	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	625,1	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**6.862,6**
	Ráðuneyti	101,4	
	Landbúnaðarstofnanir	473,7	
	Skógrækt og landgræðsla	404,1	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.216,0	
	Ýmis framlög	667,4	
	Flutt		26.761,6

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1994 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
40	**Beinir skattar**		
405-6	**Eignarskattar**		**3.300,0**
40510	Eignarskattur einstaklinga	1.575,0	
40516	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	155,0	
40611	Eignarskattur félaga	990,0	
40616	Sérstakur eignarskattur félaga	205,0	
4052-62	Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	75,0	
40531	Erfðafjárskattur	300,0	
401-2	**Tekjuskattur, nettó**		**17.630,0**
401	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	14.980,0	
402	Tekjuskattur félaga	2.650,0	
410	**Aðrir beinir skattar**		**415,0**
4102	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	415,0	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.200,0**
4200	Tollar	1.200,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**348,0**
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	7,0	
4215	Fóðurgjald	45,0	
42192	Kartöflugjald	154,0	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	31,0	
4214	Jöfnunartollar	111,0	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**206,0**
4220	Gjald af sölu erlends gjaldeyris	206,0	
	Flutt		23.099,0

Gjöld:	M.kr.	Rekstrar- M.kr.
Flutt		26.761,6
05 Sjávarútvegsráðuneyti		**1.089,8**
Ráðuneyti	153,6	
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	936,2	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		**5.417,2**
Ráðuneyti	135,0	
Dómsmál	643,5	
Löggæslustofnanir og öryggismál	1.824,4	
Sýslumenn	2.004,7	
Fangelsismál	380,0	
Kirkjumál	424,3	
Rekstrarhagræðing	5,3	
07 Félagsmálaráðuneyti		**5.811,7**
Ráðuneyti	99,2	
Húsnæðismál	918,0	
Stjórnsýslustofnanir o.fl.	148,9	
Málefni barna og ungmenna	234,4	
Málefni fatlaðra	1.876,7	
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.857,0	
Rekstrarhagræðing	9,6	
Annað	667,9	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		**47.673,9**
Ráðuneyti	127,3	
Tryggingamál	29.213,4	
Sjúkrastofnanir	16.088,3	
Heilsugæsla	1.565,9	
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	279,0	
Rekstrarhagræðing	58,6	
Annað	341,4	
09 Fjármálaráðuneyti		**16.200,9**
Ráðuneyti	402,3	
Skatta- og tollamál	1.496,2	
Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.275,2	
Vextir	11.450,0	
Rekstrarhagræðing	5,2	
Annað	1.572,0	
Flutt		102.955,1

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		23.099,0
423	**Vörugjöld**		**10.711,0**
4232	Vörugjald af ökutækjum	2.200,0	
4233	Vörugjald af bensíni, almennt	1.725,0	
4234	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.325,0	
4235-6	Vörugjald, almennt	2.375,0	
4239	Framleiðslugjald af áli	86,0	
425	**Virðisaukaskattur**		**38.815,0**
4250	Virðisaukaskattur	38.815,0	
4323	**Skattar af orku**		**85,0**
43231	Rafmagnseftirlitsgjald	85,0	
426	**Skattar af einkasöluvörum**		**6.377,0**
4260	Hluti af hagnaði ÁTVR	6.370,0	
4261	Gjald af einkasöluvörum	7,0	
427	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**82,0**
42701	Skemmtanaskattur	75,0	
42702	Miðagjald	7,0	
42-43	**Aðrir skattar af þjónustu**		**859,0**
437	Aukatekjur	850,0	
42796	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
410	**Skattar af launagreiðslum**		**10.220,0**
4100	Tryggingagjald	10.220,0	
42-43	**Aðrir óbeinir skattar**		**6.473,0**
4341	Þinglýsingar	91,0	
4342	Stimpilgjald	1.995,0	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1.500,0	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	615,0	
43111	Bifreiðagjald	1.830,0	
4321	Vitagjald	50,0	
4322	Skipagjald	52,0	
4380	Áhættugjald ríkisábyrgða	300,0	
42791	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	40,0	
	Flutt		96.721,0

Gjöld:

Rekstrar-

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		102.955,1
10	**Samgönguráðuneyti**		**8.908,1**
	Ráðuneyti	210,9	
	Vegamál	6.970,2	
	Siglingamál	1.100,2	
	Ferðamál	94,8	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1.021,2**
	Ráðuneyti	55,4	
	Iðnaðarmál	221,3	
	Orkumál	744,5	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**168,2**
	Ráðuneyti	78,8	
	Viðskiptamál	89,4	
13	**Hagstofa Íslands**		**146,6**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**582,4**
	Ráðuneyti	129,8	
	Náttúruvernd	83,8	
	Skipulagsmál	100,0	
	Rannsóknir o.fl.	264,3	
	Rekstrarhagræðing	4,5	
	Gjöld samtals		113.781,6

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		96.721,0
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**500,0**
4719	Sala eigna	500,0	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**4.000,0**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.700,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2.300,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.600,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	530,0	
48206	Póstur og sími	850,0	
4824	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	1.100,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	120,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**325,0**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	225,0	
4999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		104.146,0
	Gjöld umfram tekjur		9.635,6
	Samtals		113.781,6

4. gr.

Samhljóða þskj. 355 (sbr. 1) með þeim breytingum sem samþykktar voru á þskj. 419, 457 (1.–85. tölul.) og 461. [Vakin er sérstök athygli á 84. og 85. tölul. á þskj. 457 sem snerta launaliði og önnur gjöld flestra rekstrarviðfangsefna 4. gr.]

5. gr.

Samhljóða þskj. 355 (sbr. 1) með þeim breytingum sem samþykktar voru á þskj. 460.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1994 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1994 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1994 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda.

2.1 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðir gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti, enda hafi Fiskveiðasjóður gefið út formlegt lánsloforð fyrir gildistöku laga nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

2.2 Að fella niður toll og vörugjald af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.

2.3 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, radíótækjum, jarðsímum og sæstreng og búnaði vegna Cantat 3 sem flutt er til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2.4 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af búnaði til leiðréttingarstöðva fyrir gervitunglastaðsetningarkerfi.

2.5 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknartækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða eru keypt fyrir styrki.

2.6 Að fella niður opinber gjöld af fallbyssuskotum sem Landhelgisgæsla Íslands fær að gjöf frá Noregi.

2.7 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar hf. vegna fjármögnunar jarðganga.

Ráðstöfun eigna.

3.1 Að afhenda Laugardalshreppi til eignar húseignina Lindina, gamlan húsmæðraskóla á Laugarvatni.

3.2 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Vogageröi 6, Vogum.

3.3 Að selja núverandi sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði í Berlín.

3.4 Að selja húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi og verja andvirðinu til kaupa á húsnæði fyrir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sbr. ákvæði 4.6.
3.5 Að selja núverandi sendiherrabústað í París og kaupa eða leigja annan í staðinn.
3.6 Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins og kaupa aðrar vegna flutnings aðalstöðva Skógræktarinnar á Fljótsdalshérað og endurskipulagningar á starfsemi stofnunarinnar.
3.7 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna breytinga á rekstri stofnunarinnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.
3.8 Að selja íbúðarhúsið á eyðijörðinni Álftamýri í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3.9 Að selja fasteign í eigu Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Landgræðslu ríkisins.
3.10 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og héraðsskóga.
3.11 Að selja jörðina Tjaldanes í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3.12 Að selja jörðina Birgisvík í Árneshreppi, Strandasýslu.
3.13 Að selja allt að 7 ha landspildu ásamt útihúsum á jörðinni Lauftúni í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
3.14 Að selja jörðina Hrærekslæk í Tunguhreppi, Norður-Múlasýslu.
3.15 Að selja jörðina Syðri-Tungu í Staðarsveit, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
3.16 Að selja allt að 20 ha úr jörðinni Löngumýri í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
3.17 Að hafa makaskipti á íbúðarhúsinu á jörðinni Eyri í Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og u.þ.b. 400 ha landspildu í Búðahrauni, vestan við Búðir.
3.18 Að selja prestssetur að Staðarfelli, Köldukinn.
3.19 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf.
3.20 Að selja prestsbústað að Bjarnarnesi í Skaftafellsprófastsdæmi.
3.21 Að selja Garðabyggð 1, Blönduósi, og kaupa annan hentugri embættisbústað fyrir sýslumann.
3.22 Að selja fasteignina Sólborg á Akureyri.
3.23 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík.
3.24 Að selja fasteignina Furugrund 44, Kópavogi.
3.25 Að selja fasteignina Brekkubyggð 91, Garðabæ.
3.26 Að selja fasteignina Hafnargötu 91, Keflavík.
3.27 Að selja fasteignina Karlsbraut 17, Dalvík.
3.28 Að selja fasteignina Álfaheiði 15, Kópavogi.
3.29 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.
3.30 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Súðarvogi 2, Reykjavík.
3.31 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Jarðborunum hf.
3.32 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Strandgötu 48a, Eskifirði.
3.33 Að selja fasteign Rafmagnsveitna ríkisins að Hafnargötu 36, Fáskrúðsfirði.
3.34 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
3.35 Að selja jörðina Eiði, Súðavíkurhreppi.
3.36 Að selja fasteignina Krossholt við Birkimel á Barðaströnd.
3.37 Að selja fasteignina Sjávargötu 15, Bessastaðahreppi.

3.38 Að selja fasteignina Illugagötu 55, Vestmannaeyjum
3.39 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Dofrabergi 9, Hafnarfirði.
3.40 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Vallholti 13, Akranesi.
3.41 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Lækjargötu 34, Hafnarfirði.
3.42 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Laufvangi 4, Hafnarfirði.
3.43 Að selja fasteignina Aðalbraut 35, Raufarhöfn.
3.44 Að selja fasteignina Austurbugt 3, Reykjavík.
3.45 Að selja jörðina Malarrif í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
3.46 Að selja jörðina Heyklif í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu.
3.47 Að selja svonefnt Hekluhús á Akureyri.
3.48 Að selja Hjarðartún 4–7, húsnæði gömlu heilsugæslustöðvarinnar í Ólafsvík, og verja andvirðinu til að byggja bifreiðageymslu fyrir sjúkrabifreið og til lóðaframkvæmda við nýju heilsugæslustöðina.
3.49 Að selja starfsmannaíbúð að Urðarvegi 80, Ísafirði, og nýta andvirði sölunnar upp í kaup á nýjum embættisbústað.
3.50 Að selja ms. Geir goða.
3.51 Að selja fasteignina Bjarkargrund 30, Akranesi.
3.52 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Langanesvegi 3B, Þórshöfn.
3.53 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Suðurgötu 40, Hafnarfirði.
3.54 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Kvíholti 10, Hafnarfirði.
3.55 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Mímisvegi 16, Dalvík.
3.56 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Suðurgötu 103, Akranesi.
3.57 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Fjarðarstræti 28, Ísafirði.
3.58 Að selja fasteignina Heinaberg 17, Þorlákshöfn.
3.59 Að selja núverandi skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Washington og kaupa eða leigja annað í staðinn.
3.60 Að selja núverandi sendiherrabústað í New York og kaupa eða leigja annan í staðinn.
3.61 Að selja jörðina Hvol I í Ölfushreppi, Árnessýslu.
3.62 Að selja jörðina Kvisti í Ölfushreppi, Árnessýslu.
3.63 Að selja jörðina Smiðjuhólsveggi í Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
3.64 Að afhenda Landgræðslu ríkisins eignir Fóður- og fræverksmiðjunnar, Gunnarsholti, að fenginni tillögu landbúnaðarráðherra.
3.65 Að selja og kaupa eða leigja húsnæði til að leysa húsnæðisvanda Tryggingastofnunar ríkisins.
3.66 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í skólabyggingum að Laugalandi í Eyjafirði.
3.67 Að semja við Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið um yfirtöku og afnot eigna ríkissjóðs að Staðarfelli í Fellsstrandarhreppi, að höfðu samráði við menntamálaráðherra og fjárlaganefnd.
3.68 Að selja 15 ha landspildu úr jörðinni Laxamýri í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
3.69 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík.
3.70 Að selja Þuríðarstaði í Fljótsdalshreppi Norður-Múlasýslu að fenginni tillögu landbúnaðarráðherra.
3.71 Að hafa makaskipti á hluta lóðar við Miðás 1–5 á Egilsstöðum og landi við Fagradalsbraut.

Fateignakaup, lántökuheimildir o.fl.

4.1 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.

4.2 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.

4.3 Að endurnýja lóðarleigusamning um núverandi sendiherrabústað í London eða festa kaup á nýju húsnæði og taka til þess nauðsynleg lán.

4.4 Að ganga til samninga um kaup á húsnæði í Garðabæ fyrir útibú frá sýslumanninum í Hafnarfirði.

4.5 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.

4.6 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán

4.7 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.

4.8 Að kaupa húsnæði fyrir tækjastöð Brunamálastofnunar ríkisins.

4.9 Að kaupa húsnæði vegna uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán.

4.10 Að kaupa húsnæði fyrir sjúkrabifreið og líkhús á Vopnafirði.

4.11 Að kaupa eignarhluta meðeigenda og selja fasteignina Skeljanes 10, Reykjavík.

4.12 Að kaupa fasteignina Tunguháls 6, Reykjavík, og taka til þess nauðsynleg lán.

4.13 Að kaupa húsnæði fyrir Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins í tengslum við samrekstur stofnananna og taka til þess nauðsynleg lán.

4.14 Að kaupa húseignina T-634 innan varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli og taka til þess nauðsynleg lán.

4.15 Að kaupa húsnæði fyrir Háskólann á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.

4.16 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumanns Snæfells- og Hnappadalssýslu.

4.17 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.

4.18 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Fræðsluskrifstofu Norðurlands eystra á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.

4.19 Að kaupa viðbótarhúsnæði til nota fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.

4.20 Að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.

4.21 Að kaupa geymsluhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands að höfðu samráði við menntamálaráðherra.

4.22 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu í Reykjavík til nota fyrir Ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir.

5.1 Að semja um greiðslu við Reykjavíkurborg um sjúkraflutninga á Reykjavíkursvæðinu.

5.2 Að kaupa dagblöð eða aðalmálgagn þingflokks fyrir stofnanir ríkisins, allt að 100 eintökum af hverju blaði.

5.3 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjöf hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.

5.4 Að semja um bætur við einstaklinga, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.

5.5 Að verja allt að 20% af greiddu andvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa til rannsóknar- og þróunarverkefna.

5.6 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1994, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar.

5.7 Að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd, fjárlagalið *950 Rekstrarhagræðing* til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna.

5.8 Að fella niður af vanskilaskuldum Norðurfjarðarhafnar allt að 1 milljón króna að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar.

5.9 Að lækka hlutdeild ríkissjóðs í hagnaði af starfsemi Seðlabanka Íslands um 25 m.kr. á árinu 1994 sem endurgreiðslu á framlagi bankans til fjármögnunar á rekstri Þjóðhagsstofnunar á árinu 1993 umfram samningsbundin framlög.

5.10 Að semja um uppgjör og fella niður skuldir vegna grasögglaverksmiðja.

5.11 Að draga úr starfsemi ríkisstofnana með almennri hagræðingu, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra og í samráði við fjárlaganefnd.

5.12 Að koma til aðstoðar litlum hitaveitum þar sem mikill stofnkostnaður hefur leitt til hárra heimtaugargjalda og gjaldskrár og/eða veiturnar eiga í erfiðleikum með greiðslu afborgana af teknum lánum í samráði við iðnaðarráðherra að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

5.13 Að greiða sérstakar bætur til bænda sem verst hafa orðið úti vegna harðæris vorið og sumarið 1993.

5.14 Að endurskoða reglur um aksturskostnað ríkisins, auglýsingar og greiðslur til starfsmanna ríkisins fyrir yfirvinnu, ferðakostnað og nefndar- og stjórnarlaun. Þetta verði gert með því að fjármálaráðherra er heimilt að lækka laun og önnur gjöld stofnana ríkisins í A- og B-hluta fjárlaga 1994 um allt að 0,5% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 50 m.kr. samtals.

5.15 Að ákveða að innheimta ekki gatnagerðargjöld af Suðurflugi hf. á Keflavíkurflugvelli.

5.16 Að ákvarða og greiða, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, bætur vegna skerðingar veiði á árunum 1984–1987, að báðum árunum meðtöldum, til eigenda jarðanna Bóndhóls, Holts og Brennistaða og Ölvaldsstaða í Mýrasýslu.

5.17 Að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1994 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 40 m.kr. samtals, að fengnum tillögum samgönguráðherra. Andvirði þessa verði lagt til markaðsátaks erlendis til þess að lengja ferðamannatíma á Íslandi.

5.18 Að leggja fjármagn í Vinnumatssjóð Háskólans á Akureyri í samræmi við kjarasamninga þegar reglur um vinnumatskerfi hafa verið afgreiddar.

5.19 Að fella niður lán Krýsuvíkursamtakanna hjá ríkissjóði.

7. gr.

Skattvísitala árið 1994 skal vera 101,67 stig miðað við 100 stig árið 1992.

SÉRSTÖK YFIRLIT

1. Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	3.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð, viðhald	4.000	
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	2.000	
4. Kvennaskólinn, viðhald	1.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti		
viðhald	5.000	
(lyfta)	4.000	
6. Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðhald	2.000	
7. Sjómannaskólinn í Reykjavík,		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	16.500	
8. Fósturskóli Íslands, viðhald	1.000	
9. Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, viðhald	1.000	
10. Myndlista- og handíðaskóli Íslands, viðhald	2.000	
11. Skóli í Borgarholti, nýbygging	121.500	
		168.000
Reykjanes:		
1. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	4.000	
2. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ,		
viðhald	4.000	
byggingarframkvæmdir	30.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja,		
byggingarframkvæmdir	38.500	
4. Menntaskólinn í Kópavogi,		
byggingarframkvæmdir	48.500	
5. Fiskvinnsluskólinn, viðhald	2.000	
		127.000
Vesturland:		
1. Fjölbrautaskóli Vesturlands,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	15.000	
2. Héraðsskólinn Reykholti, viðhald	6.000	
		23.000
Vestfirðir:		
Framhaldsskóli Vestfjarða		
verknámshús	10.000	
viðhald	5.000	
		15.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Norðurland vestra:		
1. Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki,		
byggingarframkvæmdir	35.000	
byggingarframkvæmdir, heimavist	2.000	
viðhald	2.000	
2. Héraðsskólinn Reykjum, viðhald	3.000	
		42.000
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri, viðhald	2.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri, viðhald	2.000	
3. Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn,		
byggingarframkvæmdir	50.000	
4. Framhaldsskólinn á Laugum,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	3.000	
5. Framhaldsskólinn á Húsavík,		
byggingarframkvæmdir	17.000	
		77.000
Austurland:		
1. Alþýðuskólinn á Eiðum, viðhald	4.000	
2. Menntaskólinn á Egilsstöðum,		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	3.500	
3. Húsmæðraskólinn Hallormsstað, viðhald	1.000	
4. Verkmenntaskóli Austurlands,		
viðhald	1.000	
byggingarframkvæmdir, heimavist	25.200	
5. Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	3.500	
		43.200
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands,		
byggingarframkvæmdir	41.300	
2. Skólar á Laugarvatni, byggingarframkvæmdir.	50.000	
3. Héraðsskólinn Skógum, viðhald	5.000	
4. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
byggingarframkvæmdir	17.000	
		113.300
Óskipt		8.000
		616.500

2. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).

		Þús. kr.	Þús. kr.
1.	Atli Heimir Sveinsson	875	
2.	Árni Kristjánsson	875	
3.	Guðbjörg Þorbjarnardóttir	875	
4.	Halldór Laxness	875	
5.	Hannes Pétursson	875	
6.	Indriði G. Þorsteinsson	875	
7.	Jakobína Sigurðardóttir	875	
8.	Jón Nordal	875	
9.	Jón úr Vör	875	
10.	Jórunn Viðar	875	
11.	Kristján Davíðsson	875	
12.	María Markan	875	
13.	Matthías Johannessen	875	
14.	Sigfús Halldórsson	875	
15.	Stefán Íslandi	875	
16.	Thor Vilhjálmsson	875	
			14.000

3. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Akranes, sjúkrahús	18.000	
2. Ólafsvík, H2	4.000	
3. Grundarfjörður, H1	13.100	
4. Stykkishólmur, sjúkrahús	11.100	
5. Stykkishólmur, H2	4.500	
6. Þingeyri, H1	7.200	
7. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	32.100	
8. Hvammstangi, sjúkrahús	12.500	
9. Blönduós, sjúkrahús og H2	12.000	
10. Ólafsfjörður, H1	1.500	
11. Akureyri, H2	17.500	
12. Húsavík, sjúkrahús og H2	7.700	
13. Þórshöfn, læknisbústaður	1.500	
14. Vopnafjörður	4.500	
15. Eskifjörður, H2	13.300	
16. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	12.500	
17. Selfoss, sjúkrahús	7.700	
18. Laugarás, H2	10.000	
19. Keflavík, sjúkrahús	20.000	
20. Kópavogur, H2	20.000	
21. Reykjavík, heilsugæslustöðvar	20.000	
		250.700
b. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Höfn í Hornafirði	14.000	
2. Kirkjubæjarklaustur	5.000	
3. Hella	5.000	
4. Hafnarfjörður	14.000	
		38.000
		288.700

4. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 112).

	Þús. kr.	Þús kr.
a. Almennir styrkir:		
1. Knarrarnes, Mýrabátur	100	
2. Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur	100	
3. Dalahérað	150	
4. Reykhólahreppur	300	
5. Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	100	
6. Rauðasandshreppur	300	
7. Bíldudalshreppur	130	
8. Þingeyrarhreppur	200	
9. Mýrahreppur	400	
10. Önundarfjörður	100	
11. Snjóbifreið á Botnsheiði	250	
12. Mjólkurflutningar í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi	300	
13. Ögurhreppur	50	
14. Reykjafjarðarhreppur	50	
15. Nauteyrarhreppur	150	
16. Snæfjallahreppur	150	
17. Árneshreppur	1.250	
18. Djúpavík	150	
19. Kaldrananeshreppur	50	
20. Skagahreppur	150	
21. Skefilsstaðahreppur	150	
22. Snjóbifreið í Skagafirði	100	
23. Fljótahreppur	200	
24. Björgunarsveitin Strákar	150	
25. Ólafsfjarðarsveit	100	
26. Svarfaðardalur	150	
27. Grýtubakkahreppur	60	
28. Hálshreppur	100	
29. Mývatnssveit	120	
30. Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	120	
31. Fjallahreppur	400	
32. Öxarfjörður–Kópasker	50	
33. Þórshöfn	50	
34. Bakkafjörður	50	
35. Vopnafjörður	50	
36. Borgarfjörður eystri	200	
37. Hjaltastaðarhreppur	100	
38. Jökuldalur, vetrarflutningar	250	
39. Möðrudalur	100	
40. Snjóbifreið á Egilsstöðum	100	
41. Fjarðarheiði	800	
42. Oddsskarð	800	

	Þús. kr.	Þús. kr.
43. Breiðdalsvík	200	
44. Djúpivogur–Hornafjörður	280	
45. Svínafell í Nesjum	60	
46. Vestur–Skaftafellssýsla	400	
47. Mýrdalshreppur	200	
		9.770
b. Stofnstyrkir:		
1. Hólmavíkurhreppur	180	
2. Höfðahreppur	750	
3. Egilsstaðir (Gró)	430	
		1.360
c. Styrkir til flugfélaga:		
1. Ernir hf.	4.500	
2. Flugfélag Norðurlands, Grímseyjarflug	1.600	
3. Flugfélag Austurlands hf.	5.500	
4. Flugfélag Vals Andersens	1.500	
		13.100
d. Óskipt		2.170
		26.400

5. Hafnamannvirki (10-333 630).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vesturland:		
1. Akranes	20.300	
2. Arnarstapi	300	
3. Rif	23.600	
4. Ólafsvík	6.300	
5. Grundarfjörður	3.100	
6. Stykkishólmur	16.200	
		69.800
Vestfirðir:		
1. Patreksfjörður	15.300	
2. Tálknafjörður	8.700	
3. Bíldudalur	500	
4. Flateyri	6.500	
5. Suðureyri	2.300	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjanes:		
1. Grindavík	42.200	
2. Hafnir	600	
3. Sandgerði	46.300	
4. Sandgerði, bátalægi fyrir björgunarbát	500	
5. Keflavík–Njarðvík	13.500	
6. Vogar	1.900	
7. Hafnarfjörður	15.200	
8. Garðabær	1.300	
		121.500
Óskipt		4.500
		728.600

6. Sjóvarnargarðar (10-333 640).

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	10.700	
2. Ólafsvík	1.000	
3. Patreksfjörður	1.500	
4. Flateyri	8.000	
5. Suðureyri	2.000	
6. Ísafjörður	3.900	
7. Héraðsnefnd V-Hún.	2.500	
8. Dalvík	2.000	
9. Hrísey	2.000	
10. Svalbarðsstrandarhreppur	1.500	
11. Borgarfjarðarhreppur	3.200	
12. Höfn	20.000	
13. Mýrdalshreppur	1.600	
14. Ölfushreppur	3.000	
15. Grindavík	800	
16. Njarðvík	3.900	
17. Vatnsleysustrandarhreppur	2.000	
18. Seltjarnarnesbær	4.700	
		74.300
Óskipt		700
		75.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
6. Ísafjörður	50.000	
7. Súðavík	4.400	
8. Norðurfjörður	3.300	
9. Drangsnes	3.100	
10. Hólmavík	10.000	
		104.100
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	3.600	
2. Blönduós	37.700	
3. Skagaströnd	3.500	
4. Sauðárkrókur	20.200	
5. Hofsós	8.300	
6. Siglufjörður	9.100	
		82.400
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	52.400	
2. Hrísey	16.600	
3. Hjalteyri	600	
4. Akureyri	12.300	
5. Grenivík	5.800	
6. Grímsey	10.000	
7. Húsavík	32.600	
8. Kópasker	3.700	
9. Raufarhöfn	9.600	
10. Þórshöfn	39.800	
		183.400
Austurland:		
1. Bakkafjörður	12.000	
2. Vopnafjörður	1.000	
3. Borgarfjörður eystri	5.100	
4. Seyðisfjörður	3.500	
5. Neskaupstaður	16.000	
6. Eskifjörður	16.300	
7. Reyðarfjörður	5.100	
8. Fáskrúðsfjörður	5.200	
9. Stöðvarfjörður	400	
10. Breiðdalsvík	16.800	
11. Djúpivogur	23.600	
12. Höfn í Hornafirði	13.900	
		118.900
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	32.600	
2. Þorlákshöfn	11.400	
		44.000

489. Þingsályktun [301. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 478.

490. Frumvarp til laga [302. mál]

um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands utan Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. lögjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd þriggja manna. Nefndin skal gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Nefndin skal skila tillögum sínum sem fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 1994.

2. gr.

Allir síðastgildandi kjarasamningar þeirra aðila sem lög þessi taka til skulu gilda frá gildistöku laga þessara til 15. júní 1994 nema aðilar semji um annað.

3. gr.

Vinnustöðvanir þær sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér að félagsmenn á fiskiskipaflotanum í flestum aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða, svo og félagsmenn í Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja, hafi hafið vinnustöðvun dagana 2.–5.

janúar sl. Ríkissáttasemjari hafi tjáð ríkisstjórninni að ítrekaðar sáttatilraunir hafi reynst árangurslausar og engar horfur séu taldar á lausn vinnudeilunnar í bráð. Vinnudeilan valdi víðtæku atvinnuleysi meðal annarra launþega en þeirra er í verkfalli eru. Haldi vinnudeila þessi áfram muni hún hafa í för með sér mikinn skaða fyrir atvinnulíf landsmanna og óbætanlegt tjón fyrir þjóðarbúið í heild.

Því telji ríkisstjórnin að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun fiskiskipaflotans og leggja grunn að því með hvaða hætti endi verði bundinn á deilu þessa.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd þriggja manna. Nefndin skal gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Nefndin skal skila tillögum sínum sem fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 1994.

2. gr.

Allir síðastgildandi kjarasamningar þeirra aðila sem lög þessi taka til skulu gilda frá gildistöku laga þessara til 15. júní 1994 nema aðilar semji um annað.

3. gr.

Vinnustöðvanir þær sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. janúar 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

491. Svar [224. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Ólafsdóttur Björnsson um meðferð Rannsóknarlögreglu ríkisins á málum er varða kynferðisbrot.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar kærur bárust til Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) um kynferðisbrot árin 1982–1992? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*
2. *Hvers eðlis voru þau brot sem kærð voru árin 1989, 1990, 1991 og 1992? Í svari óskast tilgreindir helstu brotaflokkar og einnig hvort hinn grunaði var kæranda ókunnur eða var í fjölskyldu eða vinahópi hans.*
3. *Hve margar kærur um slík brot, sem bárust RLR árin 1989, 1990, 1991 og 1992, voru sendar til ríkissaksóknara og hve margar voru ekki sendar þangað:*
   a. í heild,
   b. í þeim tilvikum þegar grunur féll á ákveðinn mann?
4. *Hvaða ástæður voru tilgreindar í þeim tilvikum sem RLR ákvað að senda kærur ekki áfram til ríkissaksóknara sömu ár?*
5. *Hve lengi voru mál, er varða kynferðisbrot, að jafnaði í meðferð hjá RLR árin 1989, 1990, 1991 og 1992?*

Óskað er upplýsinga um öll kynferðisbrot, jafnt utan heimilis sem innan.

Fyrirspurnin var send Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR). Í svari RLR segir m.a.:

„Við samningu svars við fyrirspurn þessari ber að hafa í huga að veigamiklar breytingar voru gerðar á flokkun brota árið 1988 og voru þær samþykktar af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 1. febrúar 1989. Tímabilið frá 1982 til 1989 er því tæpast samanburðarhæft við tímabilið 1989 til 1993, nema að því er varðar fjölda brota."

1. Heildarfjöldi sifskapar- og skírlífisbrota (kynferðisbrota) hjá RLR 1982–1992:

1982	58 mál	1985	56 mál	1988	97 mál	1991	91 mál
1983	79 mál	1986	72 mál	1989	76 mál	1992	81 mál
1984	59 mál	1987	72 mál	1990	71 mál		

2. Vísað er til taflna 1–5 þar sem brotin hafa verið flokkuð niður eftir brotaflokkum og tengslum hins grunaða og brotaþola í hverjum málaflokki.

Tafla 1.

Flokkun brota 1989–1992.

	1989	1990	1991	1992
nauðgun	18	12	15	15
kynferðisleg misneyting	5	11	8	7
mök við yngri en 14 ára	2	1	1	7
blygðunarsemisbrot	40	28	48	25
klám	2	3	1	
nauðgun — tilraun	2	8	4	4
kynferðsleg misneyting — tilraun	1			1
sifjaspell		1	2	2
sifjaspell/nauðgun		1		
blygðunarsemisbrot/Önnur skírlífisbrot		3		
önnur skírlífisbrot	6	3	9	16
mök við yngri en 14/14–16 ára			1	
mök við yngri en 14/Önnur skírlífisbrot			1	
mök við 14–16 ára			1	
svipting forræðis/Önnur skírlífsbrot				1
önnur sifskaparbrot				2
nauðgun/Mök við yngri en 14 ára				1
samtals	76	71	91	81

Tafla 2.

Tengsl grunaðs og brotaþola 1989.

	nauðgun	mök við <14 ára	önnur skírlbr.	kynfleg misn.	blygðunar-semisbrot	nauðgun-tilraun	kynfleg misn.	klám	**samtals**
kunningi	2				2				4
sambýlism.	2								2
vinir	1								1
faðir		1							1
vinnufélagi				1					1
kennari					2				2
stjúpi			1						1
óskyldir	13	1	4	4	36	2	1	1	62
ótilgreint			1					1	2
samtals	18	2	6	5	40	2	1	2	76

Tafla 3. Tengsl grunaðs og brotaþola 1990.

	nauðgun	kynfleg misn.	mök við <14 ára	blygð-unarsbr.	nauðgun -tilraun	sifja-spell	sifjaspell/ nauðgun	klám	blygðsbr/ ö. skírlbr.	önnur skírlbr.	**samtals**
kunningi	3	2		1							6
faðir	1			1		1	1				4
stjúpi				1							1
fv. samb.		1									1
fv. kær.	1										1
mægðir	1										1
meðfltr.				1							1
bróðir vink.			1								1
barnagæsla				1							1
fósturfaðir									1		1
systkin				2							2
ótilgreint				2				1			3
óþekkt		1									1
óskyld	6	7		19	8			2	2	3	47
samtals	12	11	1	28	8	1	1	3	3	3	71

Tafla 4. Tengsl grunaðs og brotaþola 1991.

	nauðgun	kynfleg misn.	mök við <14 ára	sama/ö. skírlbr.	mök við <14/14-16 ára	mök við 14-16 ára	blygðunar-semisbr.	nauðgun - tilraun	sifja-spell	klám	önnur skírlb.	**sam-tals**
kunningi	2	3			1		1					7
faðir				1			2		1		3	7
stjúpi							2		1		3	6
fv. samb.	1	1										2
föðurbr.			1									1
afi							1					1
vinir						1						1
faðir vink.							1					1
barnag.							1					1
fósturf.							1					1
vinur móður											1	1
nágranni											1	1
ótilgreint	1	1					2				1	5
óskyldir	11	3					37	4		1		56
samtals	15	8	1	1	1	1	48	4	2	1	9	91

Tafla 5.

Tengsl grunaðs og brotaþola 1992.

	nauðgun	kynfleg misn.	mök við <14 ára	sama/ nauðgun	blygðun-arsbrot	nauðgun-tilraun	kynfleg misn.-tilraun	sifja-spell	svipt forr/ö. sifsb.	önnur sifs.b.	önnur skírlb.	**samtals**
kunningi	4	4	1								2	11
faðir								1		2	1	4
stjúpi			3					1			3	7
fv. samb.	2					1						3
sambúð	1											1
afi			2									2
bræður			1									1
frændi					1						2	3
fósturf.											1	1
kennari											3	3
stjúpafi											1	1
óskyldir	8	3		1	24	3	1		1		3	44
samtals	15	7	7	1	25	4	1	2	1	2	16	81

3. Vísað er til taflna 6 og 7 þar sem annars vegar greinir tölur varðandi niðurstöður mála í heild og hins vegar þar sem grunur féll á ákveðinn mann.

Tafla 6.

Niðurstaða mála 1989–1992.

	1989	1990	1991	1992
Sent ríkissaksóknara	54	50	46	51
Geymd mál	16	13	32	19
Mál lögð upp	5	3	6	4
Lagt upp v/afturköllunar	1	1	5	6
Mál send öðrum lögregluembættum		4	2	
Mál send Félagsmálastofnun Reykjavíkur				1
Samtals	76	71	91	81

Tafla 7.

Niðurstaða mála 1989–1992 þar sem grunur féll á ákveðinn mann.

	1989	1990	1991	1992
Mál send ríkissaksóknara	51	49	43	51
Geymd mál	2	2	4	3
Mál lögð upp	4	2	6	4
Mál lögð upp v/afturköllunar	1	1	2	5
Mál send öðrum lögregluembættum		3	1	
Mál send Félagsmálastofnun Reykjavíkur				1
Samtals	58	57	56	64

4. Í svari RLR segir orðrétt:

„Kærum um refsiverð brot og beiðnum um rannsókn skal beint til lögreglu eða ríkissaksóknara en rannsókn málanna er í höndum lögreglu. Markmið rannsóknarinnar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar. Telji sá sem stýrir rannsókn máls og ber ábyrgð á henni samkvæmt gildandi reglum um úthlutun og meðferð mála hjá RLR að rannsókninni sé lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar sendir hann málsgögnin til ríkissaksóknara, sbr. 1. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1991.

Takist hins vegar ekki að upplýsa mál, eins og kallað er, kemur óhjákvæmilega að því fyrr eða síðar að leggja verður málið til hliðar og geyma. Rannsóknargögn eru þá yfirleitt ekki send ríkissaksóknara, en viðkomandi aðilum tilkynnt um stöðu máls eða lyktir í samræmi við reglur um samskipti við brotaþola og sakborninga, fyrst útgefnar 15. apríl 1991 og endurnýjaðar 16. febrúar 1993.“

5. Upplýsingar um rannsóknartíma kynferðisbrota koma fram í eftirfarandi töflu:

Tafla 8

Meðalrannsóknartími kynferðisbrota í dögum 1989–1992.

	1989	1990	1991	1992
nauðgun	54	44	79	60
kynferðisleg misneyting	50	91	40	73
mök við <14 ára	152	14	19	116
blygðunarsemisbrot	32	28	47	32
klám	71	37	13	
nauðgun — tilraun	59	84	113	51
kynferðisleg misneyting — tilraun	174			261
sifjaspell		121	31	91
sifjaspell/nauðgun		165		
blygðunarsemisbrot/önnur skírlífisbrot		56		

	1989	1990	1991	1992
önnur skírlífisbrot	47	74	118	85
mök við <14 /14-16 ára			93	
mök við <14/önnur skírlífisbrot			85	
mök við 14-16 ára			62	
svipt. forr./önnur skírlífisbrot				28
önnur sifskaparbrot				43
nauðgun/mök við <14 ára				44

492. Svar [225. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Ólafsdóttur Björnsson um meðferð ríkissaksóknara á málum er varða kynferðisbrot.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mörg mál er varða kynferðisbrot bárust ríkissaksóknara á árunum 1982–1992? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*
2. *Hve mörgum þessara mála lauk með dómi og hve mörg þeirra voru felld niður?*
3. *Hvaða ástæður voru tilgreindar ef ríkissaksóknari felldi slík mál niður? Svar óskast sundurliðað eftir helstu ástæðum fyrir niðurfellingu og kæruefnum og nái til áranna 1989, 1990, 1991 og 1992.*
4. *Hverjar voru dómsniðurstöður í þeim málum er lauk með dómi, sbr. 2. lið? Svar óskast sundurliðað eftir helstu kæruefnum og niðurstöðum dóma og taki til áranna 1989, 1990, 1991 og 1992.*
5. *Hve lengi voru mál er varða kynferðisbrot að jafnaði til umfjöllunar hjá ríkissaksóknara árin 1989, 1990, 1991 og 1992?*

Óskað er upplýsinga um öll kynferðisbrot, jafnt utan heimilis sem innan.

Svör við fyrstu og annarri spurningu koma fram í töflu 1.

Tafla 1.

Kynferðisbrot 1982–1992.

	Málafjöldi	Ákærur	Dómar	Sáttir	Niðurfelld	Ákærufr.
1982	26	9	9	6	9	2
1983	28	15	15	10	3	
1984	21	13	13	5	3	
1985	31	8	8	4	19	
1986	33	13	13	6	14	
1987	39	11	11	8	19	1
1988	59	14	14	11	34	
1989	61	15	15	11	34	1
1990	54	23	23	3	28	
1991	65	20	19	9	36	
1992	54	18	17	3	33	

Svar við þriðju spurningu kemur fram í töflum 2–4.

Tafla 2.

Ástæður niðurfellingar nauðgunarmála 1989–1992.

	1989	1990	1991	1992
Sakfelling ekki líkleg	9	9	4	
Óupplýst	2	2	1	
Kæra afturkölluð	4	3	6	
Vísað til 115. gr. oml.			2	
Vísað til 115. og 108. gr. oml.				1
Vísað til 112. gr. oml				2
Ósk kæranda um niðurfellingu			1	
Kær. sinnti ekki framh. máls		1		
Ranglega kært	1			
Samtals	16	15	14	3

Tafla 3.

Ástæður niðurfellingar annarra kynferðisbrota 1989–1992.

	1989	1990	1991	1992
Sakfelling ekki líkleg	9	10	15	14
Kæra afturkölluð	1		4	1
Ranglega kært	1			
Aldur og andl. misþroski	1			
Á grundvelli fyrirl gagna	2			1
Sakir fyrndar	1		1	
Ekki tilgreind	1			2
112. gr. oml.				6
Minnt á lögr.áminningu				1
Vísað til 15. gr. hgl.		2		
Samtals	16	12	20	25

Tafla 4.

Ástæður niðurfellingar sifskaparbrota 1989-1992.

	1989	1990	1991	1992
Sakfelling ekki líkleg	2		2	
Sök fyrnd		1		
Vísað til 112. gr. oml.				3
Ótilgreint				1
Afturkölluð kæra				1
Samtals	2	1	2	5

Svar við fjórðu spurningu kemur fram í töflum 5–7.

Tafla 5.

Niðurstöður dóma vegna annarra kynferðisbrota 1989–1992.

Mál	1989	1990	1991	1992
1	6 mán. fang., þar af 3 mán skb. í 3 ár	12 mán fang.	Ódæmt. Ekki náðst í ákærða	10 mán fang.
2	18 mán. fang.	sýkna	18 mán fang.	2 ár og 6 mán fang.
3	6 mán. fang. skb. í 3ár	6 mán fang., þar af 3 mán skb. í 3 ár	12 mán fang.	12 mán fang.
4	2 mán fang. skb. í 2ár	ekki gerð refsing	6 mán fang.	12 mán fang.
5	Ekki gerð refsing	sýkna	5 mán fang. skb. í 3 ár	2 ára fang.
6	sýkna	10 mán fang.	6 mán fang., þar af 4 mán skb. í 3 ár	10 mán fang.
7	sýkna	1 mán fang.	6 mán fang. skb. í 3 ár	18 mán fang.
8		6 mán fang. skb. í 3ár	12 mán fang.	45 daga fang. skb. í 2 ár
9		6 mán fang. skb. í 3 ár		ódæmt
10				10 mán fang.
11				6 mán fang. skb. í 3 ár
12				8 mán fang. skb. í 3ár
13				5 mán fang., þar af 3 mán skb. í 2 ár

Tafla 6.

Niðurstöður dóma í nauðgunarmálum 1989–1992.

Mál	1989	1990	1991	1992
1	Sýkna	6 mán fang., þar af 3 mán. skb. í 3ár	18 mán fang.	6 mán fang.
2	sýkna	9 mán. fang., þar af 6 mán skb. í 2ár	16 mán fang.	15 mán fang.
3	18 mán. fang	6 mán fang., þar af 3 mán skb. í 2ár	15 mán fang.	18 má fang.
4	3 ár og 6 mán. fang.	6 mán fang. skb. í 3ár	16 mán fang.	2 ára fang.
5	7 mán. fang. skb. í 3ár	sýkna	12 mán fang.	sýkna
6	15 mán. fang.	sýkna	sýkna	
7	5 mán fang. skb. í 3 ár	10 mán fang., þar af 7 mán skb. í 3 ár	2 ár og 3 mán fang.	
8	sýkna	4 ára fang.	2 ár og 10 mán fang.	
9		4 mán fang. skb. í 2 ár	2 ára fang.	
10		5 mán fang. skb. í 3ár	8 mán fang. skb. í 2 ár	
11		10 mán fang.	2 ár og 6 mán fang.	
12		4 mán fang., þar af 1 mán skb. í 3 ár		
13		6 mán fang. skb. í 3ár		
14		sýkna		

Tafla 7.

Niðurstöður dóma vegna sifskaparbrota 1989–1992.

Mál	1989	1990	1991	1992
1			15 mán fang.	

Svar við fimmtu spurningu kemur fram í töflum 8–10.

Tafla 8.

Meðalmeðferðartími nauðgunarmála 1989–1992 í almanaksdögum.

	1989	1990	1991	1992
Ákærð mál	55	42	75	134
Niðurfelld mál	220	133	110	19

Tafla 9.

Meðalmeðferðartími annarra kynferðisbrota 1989–1992 í almanaksdögum.

	1989	1990	1991	1992
Ákærð mál	89	104	110	161
Niðurfelld mál	240	152	38	41
Sáttamál	153	231	24	4
Ákærufrestun	406			

Tafla 10.

Meðalmeðferðartími sifskaparbrota 1989–1992 í almanaksdögum.

	1989	1990	1991	1992
Ákærð mál			28	
Niðurfelld mál	365	254	144	62

493. Svar [24. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um tjón vegna gjaldþrota.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvert var tjón ríkissjóðs, ríkisbanka og sjóða í eigu hins opinbera vegna gjaldþrota á árunum 1990, 1991 og 1992?

Upplýsingar óskast sundurliðaðar eftir fyrirtækjum.

Tjóni ríkissjóðs vegna gjaldþrota má í grófum dráttum skipta í fernt: Í fyrsta lagi eru það afskrifuð opinber gjöld. Í öðru lagi er um að ræða beinan útgjaldaauka ríkisins, t.d. vegna launa í gjaldþrotum og aukins atvinnuleysis. Í þriðja lagi má nefna töpuð útlán banka og lánasjóða í eigu ríkisins. Loks verður ríkissjóður fyrir óbeinu tapi vegna minni tekna í kjölfar minnkandi umsvifa í efnahagslífinu og hugsanlegrar aukningar útgjalda sem kunna að tengjast gjaldþrotum. Ómögulegt er að meta það tap og er það því ekki til umfjöllunar hér.

1. Afskrifuð opinber gjöld.

Ástæður afskrifta opinberra gjalda eru margvíslegar, t.d. gjaldþrotaskipti, viðkomandi gjaldandi hefur flúið land og býr í ríki sem Ísland hefur ekki innheimtusamning við, krafan er fyrnd eða eigna- og tekjuleysi einstaklinga.

Upplýsingar um afskriftir opinberra gjalda er að finna í tekjubókhaldi ríkisins. Sundurliðun þeirra er þó háð nokkrum takmörkunum. Það var ekki fyrr en á síðasta ári að innheimtumenn hófu með skipulögðum hætti að greina kröfurnar eftir tilefni taps. Fram til þess tíma liggja ekki fyrir handhægar upplýsingar um tapaðar kröfur ríkissjóðs vegna gjaldþrota sérstaklega. Þá er ekki mögulegt að flokka afskriftirnar eftir fyrirtækjum eða eftir gjaldþroti nema yfirfara bókhald hvers innheimtumanns og greina það sundur. Slík athugun yrði dýr í framkvæmd og tafsöm.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir öll afskrifuð opinber gjöld ríkissjóðs á verðlagi hvers árs. Um er að ræða höfuðstól þeirra skattkrafna sem heimilaðar eru afskriftir á á viðkomandi ári. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 1992 (bls. 57) kemur fram að „um það bil 80% afskrifta eru tilkomin vegna gjaldþrota".

	1990	1991	1992
Afskrifaðar kröfur, m.kr.	823	2.171	3.477
Þar af:			
þinggjöld einstaklinga	27%	18%	11%
þinggjöld fyrirtækja	35%	40%	37%
söluskattur	31%	25%	14%
virðisaukaskattur	–	8%	10%
staðgreiðsla	–	–	22%
annað, ýmsir skattar	7%	9%	6%
Samtals	**100%**	**100%**	**100%**

Rétt er að benda á að afskrift skattkröfu er viðurkenning á að krafan sé töpuð og er framkvæmd án tillits til þess hvenær álagning átti sér stað. Þannig geta kröfur náð til nokkurra ára þegar þær loks eru afskrifaðar.

Afskriftir á virðisaukaskatti gefa ófullkomna mynd því að þær ná aðeins til lögaðila þar sem gjaldþrotaskiptum er lokið. Kröfur á hendur einstaklingum eru ekki afskrifaðar jafnvel þótt þeir hafi verið úrskurðaðir gjaldþrota og skiptum á búi þeirra sé lokið. Þetta er gert til að koma í veg fyrir þann möguleika að viðkomandi geti hafið rekstur á ný strax eftir skiptalok og farið að fá innskatt virðisaukaskatts greiddan úr skattkerfinu.

Samráðsnefnd fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar um afskriftir á skattkröfum hefur unnið skýrari reglur um afskriftir á töpuðum kröfum ríkissjóðs til að tryggja jafnræði á milli gjaldenda. Að tillögu nefndarinnar eru aðeins afskrifaðar kröfur lögaðila og þeirra sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur að undangengnum gjaldþrotaskiptum. Þessar breytingar leiddu til að fjöldi gjaldenda, sem innheimtumenn höfðu beðið með að senda í gjaldþrot, fór í skiptameðferð. Gjaldþrotaskipti eru því fleiri umrætt tímabil af þessum sökum.

Bent er á að afskrift á skattkröfum er aðeins bókhaldsleg aðgerð. Því getur gjaldandi átt von á að afskrifaðar kröfur verði vaktar upp og innheimtar ef aðstæður hans breytast og krafan er ekki fyrnd.

2. Beinn kostnaður ríkissjóðs.

Í eftirfarandi töflu er sýndur beinn kostnaður ríkissjóðs af gjaldþrotum:

Verðlag hvers árs, millj. kr.	1990	1991	1992
Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	195	490	137
Ábyrgðasjóður launa í gjaldþrotum	–	–	360
Kostnaður innheimtumanna	–	–	46
Samtals	**195**	**490**	**543**

Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota innifelur einnig ríkisábyrgð orlofslauna. Árið 1992 tók Ábyrgðasjóður launa við hlutverki ríkisábyrgða á launum og hefur sjóðurinn eigin tekjustofn sem fjármagnaður er af launagreiðendum. Fram til ársins 1992 var kostnaður við gjaldþrotaskipti færður á hvert innheimtuembætti og eru þær upplýsingar ekki tiltækar. Frá og með árinu 1992 hefur verið heimilt að krefja skiptabeiðanda um 150 þús. kr. fyrir skiptakostnaði ef tiltæk gögn þykja ekki taka af öll tvímæli um að eigur í búinu nægi fyrir kostnaðinum og er því til heildaryfirlit yfir kostnaðinn frá því ári. Samtals nam kostnaður við gjaldþrotaskipti 46 millj. kr. hjá innheimtumönnum ríkissjóðs árið 1992.

Þá er ótalinn kostnaður ríkissjóðs vegna atvinnuleysisbóta til þeirra sem misst hafa vinnuna í kjölfar gjaldþrota. Ómögulegt er að tilgreina hann sérstaklega þar sem bæturnar eru ekki greindar frá öðrum atvinnuleysisbótum en ætla má að þessi kostnaður hafi numið tugum milljóna króna hvert umræddra ára.

3. Skipting afskrifaðra og tapaðra útlána vegna gjaldþrota.

Fjármálaráðuneytið ritaði bréf til ríkisbanka og fjárfestingarlánasjóða í eigu ríkisins þar sem óskað var eftir upplýsingum um afskriftir útlána vegna gjaldþrota á árunum 1990–1992. Í meðfylgjandi töflu koma fram endanlegar afskrifaðar kröfur ríkisbanka og fjárfestingarlánasjóða, skipt á atvinnugreinar, en ekki reyndist mögulegt að sundurgreina afskriftirnar á einstök fyrirtæki vegna bankaleyndar.

Verðlag hvers árs, millj. kr.	1990	1991	1992
Landbúnaður og loðdýrarækt	39	69	65
Fiskeldi	407	865	1.458
Sjávarútvegur	433	348	833
Iðnaður og verktakar	285	873	908
Þjónusta og samgöngur	207	22	212
Annað	23	126	418
Óskipt	90	1.141	0
Samtals	**1.484**	**3.444**	**3.944**

Tekið skal skýrt fram að um endanlega afskrifaðar kröfur er að ræða í kjölfar gjaldþrotaskipta. Ekki eru meðtalin framlög á afskriftareikninga til að mæta áætluðum útlánatöpum framtíðarinnar. Athygli er vakin á því að ekki fékkst skipting á útlánatöpum Landsbanka Íslands að fjárhæð 90 millj. kr. árið 1991 og 1.141 millj. kr. árið 1992 og skekkir það samanburð á milli ára. Árið 1992 gefur því einna gleggsta mynd af raunverulegri skiptingu útlánatapa á atvinnugreinar.

Í eftirfarandi töflu er skipting á afskrifuðum útlánum eftir stofnunum.

Verðlag hvers árs, millj. kr.	1990	1991	1992
Landsbanki Íslands	90	1.141	1.325
Búnaðarbanki Íslands	139	129	271
Húsnæðisstofnun	0	0	0
Ríkisábyrgðasjóður	312	150	157
Framkvæmdasjóður	115	711	246
Byggðastofnun	249	528	705
Hlutafjársjóður	100	64	0
Atvinnutryggingadeild	89	506	379
Stofnlánadeild landbúnaðarins	0	35	34
Iðnlánasjóður	92	166	277
Iðnþróunarsjóður	25	7	136
Fiskveiðasjóður	273	7	414
Samtals	**1.484**	**3.444**	**3.944**

Bent skal á að áhætta í útlánum sjóða og lánastofnana er mismunandi eftir atvinnugreinum sem lánað er til og líta verður á afskrifaðar kröfur í hlutfalli af heildarstöðu útlána ef bera á stofnanirnar saman.

4. Niðurstaða.

Af upplýsingum hér að framan má ætla að tjón ríkissjóðs, ríkisbanka og sjóða í eigu hins opinbera vegna gjaldþrota hafi numið rúmlega 2 milljörðum króna árið 1990, allt að 5,5 milljörðum króna árið 1991 og allt að 7 milljörðum króna árið 1992. Áhersla er lögð á að óvarlegt er að draga sterkar ályktanir af þessum niðurstöðum þar sem talnagrunnurinn er veikur og um er að ræða endanlega afskrifaðar kröfur vegna gjaldþrota sem áttu sér stað alllöngu áður.

Að lokum er beðist velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á umbeðnu svari. Ástæðan er fyrst og fremst sú að verulegur tími fór í að kanna traustustu heimildir og möguleika á öflun þeirra. Því miður reyndist ekki unnt að afla jafntraustra heimilda og æskilegt hefði verið.

494. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [303. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

28. gr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar, sem veitir heimild til útgáfu bráðabirgðalaga, að vissum skilyrðum uppfylltum, hefur staðið frá því að landinu var fyrst sett stjórnarskrá árið 1874. Árið 1915 var tveimur nýjum málsgreinum bætt við 28. gr. og smávægilegar breytingar voru gerðar á greininni árið 1920. Ákvæðið var tekið upp í 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33. 17. júní 1944, með þeirri breytingu einni að „forseti“ kom í stað „konungs“.

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar nú þannig eftir þær breytingar sem gerðar voru á henni árið 1991:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.

Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því þingið kom saman, falla þau úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.“

Þegar ákvæðið um útgáfu bráðabirgðalaga var sett inn í stjórnarskrá voru aðstæður í íslensku þjóðfélagi frábrugðnar því sem nú er. Alþingi kom saman til fundar annað hvert ár, í upphafi aðeins að sumri til. Samgöngur voru með allt öðrum hætti og alþingismenn höfðu þingmennsku ekki að aðalstarfi. Það þótti nauðsynlegt, þótt umdeilt væri, að setja eins konar neyðarréttarákvæði í stjórnarskrána þannig að konungur og ríkisstjórn gætu gripið til bráðabirgðalaga ef mikið lægi við. Orðin „þegar brýna nauðsyn ber til“ eru sett til áréttingar því að ekki megi fara frjálslega með þessa heimild. Reynslan hefur sýnt að túlkun þessara orða hefur verið mjög frjálsleg. Virðist í mörgum tilvikum sem nauðsyn fyrir útgáfu bráðabirgðalaga hafi ekki verið brýn. Fjöldi bráðabirgðalaga hérlendis verður að teljast óeðlilegur, en frá stofnun lýðveldisins hafa verið gefin út um 260 bráðabirgðalög.

Alþingi starfar nú allt árið og samgöngur hamla því ekki að Alþingi sé kallað til aukafunda með mjög skömmum fyrirvara til þess að fjalla um málefni sem þola enga bið. Kostnaður við að kalla þing saman er mjög lítill. Það er alkunna að ríkisstjórnin boðar oftast þingflokka stjórnarliðsins til funda til þess að bera undir þá efni væntanlegra bráðabirgðalaga. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að kveðja alla alþingismenn til fundar án fyrirvara.

Heimild stjórnarskrárinnar til útgáfu bráðabirgðalaga er ekki nauðsynleg lengur. Ríkisstjórnir hafa farið mjög frjálslega með mat á því hvað sé brýn nauðsyn, en gert var ráð fyrir að útgáfa bráðabirgðalaga væri hrein undantekning. Ríkisstjórnir hafa hins vegar oft gefið út bráðabirgðalög skömmu áður en Alþingi kemur saman og stuttu eftir að hlé hefur verið gert á þingfundum. Alþingismenn hafa ekki verið nægilega á verði gegn ofnotkun þessa ákvæðis og oft samþykkt bráðabirgðalög sem engin ástæða var til að gefa út. Oft eiga alþingismenn ekki annarra kosta völ en að samþykkja bráðbirgðalög þar sem áhrifa laganna er þegar tekið að gæta og mikið tjón kann að verða ef lögin fást ekki samþykkt. Fræðimenn í stjórnskipunarrétti deila um að hve miklu leyti dómstólar geti metið hvort brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu bráðabirgðalaga. Margir telja að dómstólar verði að una við mat ríkisstjórna á því hvað sé brýn nauðsyn, en aðrir fræðimenn telja að dómstólum sé heimilt að meta þetta atriði. Um þetta mat hljóta þó alltaf að vera skiptar skoðanir. Í máli BHMR gegn fjármálaráðherra og menntamálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs út af bráðabirgðalögum, sem sett voru sumarið 1990, lagði Hæstiréttur mat á það hvort brýna nauðsyn hefði borið til að setja þau lög og komst að þeirri niðurstöðu að svo hefði verið.

Í Danmörku og Noregi er útgáfa bráðabirgðalaga heimiluð, en ekki er heimild til útgáfu bráðabirgðalaga í stjórnarskrám Svíþjóðar og Finnlands. Í Danmörku er heimildin nú bundin því skilyrði að ekki sé unnt að kalla þingið saman. Danir hafa þannig mun þrengri skilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga. Af sögulegum ástæðum, vegna grófrar misbeitingar Estrups-stjórnarinnar á síðari hluta síðustu aldar á bráðabirgðalagavaldinu, hafa bráðabirgðalög ekki verið gefin þar út í áratugi en þingið kallað saman til stutts fundar ef brýn nauðsyn er til lagasetningar utan venjulegs starfstíma þingsins. Eru þess mörg dæmi á undanförnum árum. Telja verður að við Íslendingar getum vel gengið lengra en Danir og fylgt fordæmi Finna og Svía. Ef ókleift er af einhverjum ástæðum, t.d. af völdum náttúruhamfara eða styrjalda, að kalla Alþingi saman eru til ýmis neyðarréttarsjónarmið í stjórnskipunarrétti sem unnt er og eðlilegra að styðjast við. Í riti sínu „Stjórnskipun Íslands" segir Ólafur Jóhannesson að ekki sé leyfilegt að víkja frá ákvæðum stjórnarskrár nema mikið liggi við og kringumstæður séu mjög óvenjulegar. Þessari heimild eru settar mjög þröngar skorður þar sem engin neyðarréttarregla er í stjórnarskránni sjálfri. Í upphafi heimsstyrjaldarinnar síðari vék Alþingi frá stjórnarskipunarlögum er ráðstafa þurfti valdi konungs.

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar hefur fleiri galla en kosti og er í raun hættulegt lýðræðinu. Það býður upp á þá hættu að ríkisstjórnir beiti ólýðræðislegum vinnubrögðum og skipi málefnum með lögum án atbeina Alþingis ef þær telja það henta. Þetta ákvæði ber því að nema úr stjórnarskránni nú þegar því að það felur ekki í sér það öryggi sem því var upphaflega ætlað að veita.

Haustið 1982 var lagt fram á Alþingi frumvarp sama efnis og þetta af þingmönnum Alþýðuflokksins í neðri deild en það náði ekki fram að ganga. Þá var á 111. og 112. þingi lagt fram frumvarp af nokkrum þingmönnum neðri deildar þar sem lagt er til að 28. gr. stjórnarskrárinnar verði breytt þannig að heimild til útgáfu bráðabirgðalaga verði þrengd.

Haustið 1990 fluttu þingkonur Kvennalistans frumvarp til stjórnarskipunarlaga samhljóða því frumvarpi sem hér er flutt um að fella brott 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Við breytingu á stjórnarskránni, sem staðfest var á 114. löggjafarþingi, var deildaskipan Alþingis breytt þannig að nú starfar Alþingi í einni deild en ekki tveimur eins og áður. Einnig voru sett inn ákvæði um að Alþingi starfaði allt árið. Þótt meginákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar um útgáfu bráðabirgðalaga hafi ekki verið breytt þá er nú enn minni ástæða en áður að beita ákvæðum hennar. Í umræðum á Alþingi vorið 1991 sagði fyrsti flutningsmaður stjórnarskipunarfrumvarpsins, Ólafur G. Einarsson, meðal annars um bráðabirgðalagaréttinn: „Ég sé það fyrir mér að þessi réttur verði ekki notaður nema í hreinum undantekningartilvikum þegar við höfum breytt þessum ákvæðum þannig að auðveldara er en áður að kalla þingið saman til fundar og hefja strax störf að afgreiðslu þeirra mála sem bíða en þurfa ekki að fara að kjósa nefndir og kjósa forseta þingsins sem tekur einn eða tvo daga". Í máli annarra þingmanna, sem tóku þátt í umræðunni um málið, kom einnig fram það sjónarmið að setning bráðabirgðalaga ætti eftir breytinguna nánast að heyra sögunni til. Þrátt fyrir þetta hafa þrívegis verið sett bráðabirgðalög eftir breytinguna sem gerð var á stjórnarskránni árið 1991.

Lögum um kjaradóm var breytt með bráðabirgðalögum þann 3. júlí 1992 eftir að hann kvað upp úrskurð 26. júní 1992 sem ríkisstjórnin taldi tefla stöðugleika í efnahagslífinu í tvísýnu. Þann 28. maí 1993 voru sett bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga og 14. janúar 1994 vegna kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Í öllum þessum tilvikum var ekkert því til fyrirstöðu að kalla Alþingi saman með örskömmum fyrirvara.

Kvennalistinn telur að heimild til útgáfu bráðabirgðalaga sé óþörf og óeðlileg þar eð ekkert er því til fyrirstöðu lengur að Alþingi komi saman með stuttum fyrirvara til að fjalla um lagafrumvörp og taka afstöðu til þeirra. Það er grundvallaratriði stjórnskipunar okkar að Alþingi fari með löggjafarvaldið. Frá því á ekki að víkja nema ekki sé unnt af óviðráðanlegum ástæðum að kalla Alþingi saman.

495. Tillaga til þingsályktunar [304. mál]

um staðsetningu björgunarþyrlu.

Flm.: Jón Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson,
Valgerður Sverrisdóttir, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram úttekt á hvaða staðsetning björgunarþyrlu þjónar best skipulagi björgunarmála hérlendis. Úttektin fari fram í samvinnu dómsmálaráðuneytisins, Landhelgisgæslunnar, Almannavarna, Slysavarnafélags Íslands og Landsbjargar. Niðurstöður liggi fyrir 1. september 1994.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 116. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Alþingi hefur ítrekað veitt ráðherra heimild í 6. gr. fjárlaga til að semja um kaup á nýrri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Í umræðum á Alþingi í lok febrúar árið 1992 lýsti forsætisráðherra því yfir að samið yrði um þyrlukaup á næstu mánuðum. Enn hefur ekki orðið af framkvæmdum en eigi að síður er ljóst að breytinga er að vænta á þeim tækjabúnaði sem Landhelgisgæslan hefur yfir að ráða til björgunar úr lofti. Þyrlukostur Landhelgisgæslunnar er að öllu jöfnu staðsettur í Reykjavík. Þá hefur varnarliðið á Keflavíkurflugvelli yfir fjórum þyrlum að ráða. Ætlunin mun vera að auka enn frekar samstarf við björgunarsveit varnarliðsins um björgunarmál. Í ljósi þessa er tímabært að endurskoða staðsetningu björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar með það fyrir augum að viðbragðstími til fjarlægra landshluta verði styttri. Benda má á að fyrir Norðausturlandi, Austurlandi og Suðausturlandi er mikill floti fiskiskipa á veiðum á ýmsum árstímum, auk flutningaskipa á leið til og frá Evrópu. Það tekur þyrlu drjúgan tíma að komast til þessara svæða þegar á þarf að halda. Ætla má að þyrla Landhelgisgæslunnar sé eina og hálfa til þrjár klukkustundir á leiðinni austur fyrir land ef flogið er með ströndinni. Flugtími þyrlunnar er einnig áætlaður um þrjár klukkustundir til Grímseyjar miðað við að flogið sé út fyrir Vestfirði. Má því færa sterk rök fyrir því að önnur staðsetning björgunarþyrlu mundi henta betur með tilliti til þessara landshluta og veiðisvæða fyrir norðan land og austan. Það er því rétt að menn hugi nú að hentugri staðsetningu björgunarþyrlu þegar til stendur að kaupa fullkomna þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Sú staðsetning hlýtur að miðast við að þyrlan þjóni sem best öryggi allra landsmanna. Við staðsetningu þyrlukostsins þarf einnig að taka tillit til sívaxandi hlutverks þessara tækja í björgun þegar slysfarir verða á landi og flytja þarf slasað fólk m.a. frá hálendinu til byggða og undir læknishendur.

Rétt þykir að Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg eigi hlut að þessari úttekt vegna þess hve stóran hlut björgunarsveitir eiga að björgun á sjó og landi og vegna þess hve brýnt er að skipulag samvinnu þeirra við Landhelgisgæsluna sé sem fullkomnast.

496. Frumvarp til laga [305. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Ólafur Þ. Þórðarson,
Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 35. gr. laganna kemur ný málgrein svohljóðandi:

Eigi almenningur kost á að taka þátt í beinni útvarpssendingu, svo sem í gegnum síma eða á annan sambærilegan hátt, skal hver og einn segja til nafns og bera ábyrgð á því sem hann segir. Stjórnandi slíkrar útsendingar skal enn fremur tryggja sér fyllri upplýsingar um sérhvern þátttakanda en ber ella sjálfur ábyrgð á framlagi hans takist ekki að hafa upp á honum. Skylt er stjórnanda útvarpsþáttar með samtöl við hlustendur, sem útvarpað er samtímis, að nota útbúnað sem tefur útsendingu í stutta stund svo að unnt sé að koma í veg fyrir að útvarpað sé ærumeiðingum um nafngreinda menn eða óviðurkvæmilegum ummælum að mati stjórnanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur mjög færst í vöxt að útvarpsstöðvar hafi í dagskrám sínum útvarpsþætti sem byggjast á símtölum við fólk úti í bæ í beinni útsendingu og hafa þessir þættir oft náð töluverðum vinsældum. Það er hins vegar áhyggjuefni að í slíkum þáttum er hætta á að viðmælendur, sem komnir eru í beina útsendingu og ná eyrum þúsunda manna, geri ekki grein fyrir sér og flytji ávirðingar og óviðurkvæmileg ummæli um nafngreint fólk án þess að nokkrum vörnum verði við komið.

Eitt það dýrmætasta, sem hver einstaklingur á, er gott mannorð. Og það getur tekið drjúgt skeið á ævi hans að ávinna sér þann orðstír. Hins vegar tekur það óvandaðan mann ekki nema sekúndubrot að skemma mannorð annars manns ef hann fær tækifæri til þess í útvarpi. Þess vegna á löggjafinn að gera það sem í hans valdi stendur til þess að vernda menn fyrir slíku. Það virðist sem svo að virðing fyrir mannorði og tilfinningum annarra fari þverrandi eftir því sem þjóðfélagið verður opnara og frjálslegra og er það miður.

Í þessu frumvarpi er lagt til að beinar útsendingar útvarps í gegnum síma eða á sambærilegan hátt séu háðar ákveðnum skilyrðum sem sett eru til þess að vernda mannorð og reyna að koma í veg fyrir að ærumeiðandi ummælum sé útvarpað yfir landslýð. Skilyrðin eru þau að stjórnanda útvarpsþáttar er skylt að fá uppgefið nafn viðmælanda og fyllri upplýsingar ef mögulegt er. Aðalatriðið er þó að skylda útvarpsstöðvar til þess að nota búnað er tefur útsendingar í örfáar sekúndur (delay system) þannig að hægt sé að koma í veg fyrir að mannskemmandi ummælum sé útvarpað. Það má geta þess að slíkur búnaður er víðast hvar notaður erlendis við útsendingar af þessu tagi. Fari hins vegar ærumeiðandi ummæli engu að síður „í loftið“ er eftir frumvarpinu sá er ummælin viðhafði ábyrgur fyrir þeim, en náist ekki til hans einhverra hluta vegna þá er stjórnandi þáttarins ábyrgur.

497. Fyrirspurn [306. mál]

til utanríkisráðherra um réttindi Íslendinga í Bandaríkjunum.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hvernig stendur á því að Íslendingar, búsettir tímabundið í Bandaríkjunum vegna viðskipta þar, njóta ekki sömu réttinda og þegnar annarra Norðurlandaþjóða, þ.e. geta ekki fengið svokallað „e-visa“?

498. Fyrirspurn [307. mál]

til fjármálaráðherra um olíugjald í stað þungaskatts á dísilbíla.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að taka upp olíugjald í stað þungaskatts eða vegagjalds á dísilbíla? Ef svo er, hvenær áætlar hann þá að breytingin eigi sér stað? Hvernig telur ráðherra að innheimta hafi gengið í núverandi kerfi?

499. Fyrirspurn [308. mál]

til fjármálaráðherra um bætur til bænda vegna harðinda.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hvernig hyggst ráðherra beita heimild í 6. gr. fjárlaga 1994 til að greiða bætur þeim bændum sem urðu fyrir mestu tjóni vegna harðinda á síðastliðnu sumri?

500. Fyrirspurn [309. mál]

til samgönguráðherra um skráningu notaðra skipa.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hægt verði að skrá þau notuðu skip undir íslenskum fána sem verið er að kaupa til landsins og nota á til úthafsveiða?

501. Fyrirspurn [310. mál]

til heilbrigðisráðherra um starfsmannaíbúðir sjúkrahúsa og annarra sjúkrastofnana.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hvaða rök liggja að baki þeirri ákvörðun heilbrigðisráðuneytisins að taka undir ráðuneytið alla umsýslu með starfsmannaíbúðir sem sjúkrahús og aðrar sjúkrastofnanir hafa til umráða?

502. Fyrirspurn [311. mál]

til félagsmálaráðherra um skyldur samkvæmt félagsmálasáttmála Evrópu.

Frá Birni Bjarnasyni.

1. Hvaða viðvaranir fékk Ísland í 12. skýrslu embættismannanefndar um félagsmálasáttmála Evrópu frá 22. mars 1993?
2. Hvaða ráðstafanir hafa íslensk stjórnvöld gert til að bregðast við þessari skýrslu?
3. Hvert var efni bréfs ráðherra til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins 8. október 1992?
4. Hefur afstaða ráðherra til félagafrelsis á grundvelli 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu breyst eftir að þetta bréf var ritað og dómur féll í máli Sigurðar A. Sigurjónssonar fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu í júní 1993?

Skriflegt svar óskast.

503. Fyrirspurn [312. mál]

til félagsmálaráðherra um rétt vörubílstjóra til atvinnnuleysisbóta.

Frá Svavari Gestssyni.

Með hvaða hætti hyggst ráðherra beita sér fyrir því að tryggður verði eðlilegur réttur þeirra til atvinnuleysistrygginga sem hafa haft framfæri af akstri vörubifreiða?

504. Fyrirspurn [313. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleysisbætur smábátaeigenda.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Með hvaða hætti hyggst ráðherra beita sér fyrir því að tryggður verði eðlilegur réttur þeirra til atvinnuleysistrygginga sem framfæri hafa af útgerð smábáta?

505. Fyrirspurn [314. mál]

til landbúnaðarráðherra um jöfnun á rekstraraðstöðu mjólkursamlaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað veldur því að ekki hefur þegar verið gefin út reglugerð um jöfnun á rekstraraðstöðu mjólkursamlaga?

2. Hvernig hyggst ráðherra hafa áhrif á að tryggður verði hagur þeirra mjólkursamlaga sem starfa á einangruðum svæðum í framtíðinni?

506. Fyrirspurn [315. mál]

til dómsmálaráðherra um tengsl aðila við björgunaraðgerðir hérlendis.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig er háttað sambandi við björgunarsveitir og aðra neyðarþjónustu úti um land þegar leitað er aðstoðar björgunarsveitar herliðsins á Keflavíkurflugvelli?
2. Hvernig er gert ráð fyrir að boðleiðir séu milli aðila þegar skipsstrand ber að höndum og leitað er til björgunarsveitar herliðsins á Keflavíkurflugvelli eins og gerðist við strand Goðans í Vöðlavík?
3. Telur ráðherra ekki eðlilegt að reglum um Almannavarnir ríkisins verði breytt þannig að kerfi þeirra komi inn í mál sem þessi á einhverju stigi?

507. Fyrirspurn [316. mál]

til menntamálaráðherra um skólaskip.

Frá Svavari Gestssyni.

Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa til að tryggja nemendum í sjóvinnunámi í grunnskóla aðgang að skólaskipi?

508. Fyrirspurn [317. mál]

til menntamálaráðherra um skipan skólanefnda.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hyggst ráðherra skipa nýjar skólanefndir við framhaldsskóla áður en kosið verður til sveitarstjórna 28. maí 1994?

509. Fyrirspurn [318. mál]

til menntamálaráðherra um heimildarmyndir.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hver er skilgreining Ríkisútvarps, sjónvarps, á því hvaða skilyrðum sjónvarpsefni eða myndir þurfi að fullnægja til þess að geta talist heimildarmyndir?

2. Hver er kostnaður Ríkisútvarps, sjónvarps, við gerð myndarinnar „Bóndi er bústólpi“ sem sýnd var í sjónvarpinu sunnudaginn 23. janúar sl.?

510. Fyrirspurn [319. mál]

til dómsmálaráðherra um ættleiðingu barna.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hvaða lagafyrirmæli, reglugerðarákvæði eða aðrar stjórnvaldsákvarðanir standa í vegi fyrir því að íslenskir ríkisborgarar með lögheimili erlendis geti ættleitt börn?

511. Tillaga til þingsályktunar [320. mál]

um rannsóknir háhitasvæða í Öxarfjarðarhéraði.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Pálmi Ólason,
Valgerður Sverrisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela Orkustofnun að kanna til hlítar með borun rannsóknarholu háhitasvæði það sem verulegar líkur eru taldar vera á að sé að finna í söndum Öxarfjarðar og Kelduhverfis.

Greinargerð.

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið á vegum Orkustofnunar í Öxarfjarðarhéraði, benda til þess að verulegar líkur séu á því að á söndum Öxarfjarðar og Kelduhverfis sé öflugt háhitasvæði. Hér er um að ræða viðnámsmælingar, mælingar á efnahita, mælingar á útgeislun jarðskjálftaorku og notkun reiknilíkana. Niðurstöður rannsóknanna benda allar í þá átt að miklar líkur séu á því að á austurbakka Bakkahlaups í Kelduhverfi sé háhitasvæði sem sé a.m.k. 10 km^2 stórt. Að hluta til er þetta jarðhitakerfi í setlögum og er það einstætt meðal íslenskra háhitasvæða og því talið varhugavert að yfirfæra reynslu af öðrum háhitasvæðum yfir á svæðið við Bakkahlaup.

Til að ganga úr skugga um það hvort tilgátur um öflugt háhitasvæði á þessum slóðum reynast réttar er talið nauðsynlegt að bora rannsóknarholu á hitasvæðinu við Bakkahlaup, allt að 1.200–1.500 metra djúpa, og hugsanlega aðra rannsóknarholu við Skógalón. Rannsóknarhola við Skógalón gæti jafnframt varpað ljósi á uppruna lífræna gassins sem þar hefur fundist.

512. Tillaga til þingsályktunar [321. mál]

um rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Pálmi Ólason,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að rannsakaðir verði kostir sem vænlegir eru til nýmæla og þróunar atvinnumála í Öxarfjarðarhéraði með sérstöku tilliti til náttúruauðlinda héraðsins. Rannsóknin miði að því:

— að safna saman fyrirliggjandi upplýsingum um náttúruauðlindir í héraðinu og greina þörf fyrir frekari rannsóknir,
— að greina vaxtarmöguleika atvinnulífsins í héraðinu,
— að gera sérstaka athugun á þróunarmöguleikum ferðaþjónustu í héraðinu og tengslum þessarar atvinnugreinar við uppbyggingu ferðaþjónustu í nágrannabyggðum,
— að kanna sérstaklega áætlanir um að veita Jökulsá á Fjöllum til Austurlands vegna virkjana og áhrif þessara vatnaflutninga á atvinnulíf í héraðinu og þróunarmöguleika þess.

Byggðastofnun verði falið að hafa umsjón með rannsóknarverkefninu í samráði við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og sveitarstjórnir Öxarfjarðarhrepps og Kelduneshrepps.

Greinargerð.

Í Kelduhverfi og í Öxarfirði er náttúrufar fyrir margra hluta sakir sérstætt. Héraðið er á virku gosbelti og sprungusvæði þar sem jarðhræringa gætir oft. Þar er að finna jarðhita sem aðeins að hluta til hefur verið kannaður. Lífrænt gas hefur fundist í borholu við Skógalón. Yfirborðsmælingar benda til háhitasvæða á tveimur stöðum í byggð og telur Orkustofnun verulegar líkur vera á því að öflugt háhitasvæði sé að finna á söndum Öxarfjarðar og Kelduhverfis. Boruð var 320 metra djúp hola við Skógalón 1988 og skilar hún í sjálfrennsli 45 lítrum á sekúndu af 97°C heitu vatni. Athuganir benda til að hitaveita frá henni um héraðið sé arðbær. Fram til þessa hefur heita vatnið aðeins verið nýtt til fiskeldis.

Eitt af mestu fallvötnum landsins rennur til sjávar í Öxarfirði. Meðalrennsli í Jökulsá á Fjöllum er 183 rúmmetrar á sekúndu, en áin hefur ekki verið beisluð til orkuframleiðslu. Í Öxarfjarðarhéraði eru mikil verðmæti fólgin í ferskvatni sem þar er í ríkum mæli og aðeins að takmörkuðu leyti nýtt. Í héraðinu eru afar sérstæð náttúrufyrirbæri tengd Jökulsárgljúfrum en hluti þeirra hefur verið gerður að þjóðgarði. Í héraðinu er talsverður náttúrulegur birkiskógur sem hefur heldur farið fram undanfarin ár. Á sama tíma herjar sandfok á gróðurlendið úr suðri. Náttúra héraðsins einkennist því af miklum andstæðum, stórbrotnum roföflum og viðkvæmu gróðurlendi.

Öxarfjarðarhérað er strjálbýlt. Héraðið hefur verið mikið sauðfjárræktarhérað og hefur ekki farið varhluta af samdrætti í þeirri grein. Tilraunir til nýsköpunar í atvinnulífi á sviði fiskeldis, rækjuvinnslu og úrvinnslu sauðfjárafurða hafa staðið yfir í nokkur ár og eru miklar vonir bundnar við þessa starfsemi, en jafnframt talsverð óvissa sem jafnan fylgir nýsköpun í atvinnulífi. Þá er hafin uppbygging ferðaþjónustu sem nýtir sér þá sérstæðu náttúrufegurð sem einkennir héraðið.

Í héraðinu fara því saman miklar orkulindir, mikil náttúrufegurð og viðkvæmt atvinnulíf. Nauðsynlegt er að kanna á hvern hátt hægt er að nýta sem best náttúruauðlindir héraðsins í samræmi við umhverfissjónarmið og ekki síst með það fyrir augum að ekki verði rýrðir möguleikar héraðsins til uppbyggingar ferðaþjónustu.

Í tengslum við uppbyggingu orkufreks iðnaðar og útflutning raforku um sæstreng til Evrópu hafa farið fram athuganir á hagkvæmni þess að veita Jökulsá á Fjöllum til Fljótsdals og virkja rennsli hennar þar. Byggjast þessar athuganir á hugmyndum um mikil uppistöðulón norðan Vatnajökuls og veitumannvirki. Hafa farið fram nokkrar rannsóknir á áhrifum þessara miklu vatnaflutninga á náttúru og umhverfi á öræfum en mjög takmarkaðar rannsóknir sem tengjast þeim héruðum sem Jökulsá fellur um til sjávar eða Öxarfirðinum sjálfum. Þó er áin talin flytja til sjávar um 5 milljónir lesta af jarðefnum árlega.

Þær rannsóknir, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, munu styrkja forsendur markvissrar atvinnuuppbyggingar í Öxarfirði og auðvelda raunhæft mat á gildi framangreindra hugmynda um vatnaflutninga og að skoða þær í tengslum við almenna kosti á nýsköpun í atvinnulífi.

513. Tillaga til þingsályktunar [322. mál]

um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem leiði til afnáms tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum og jafnræðis í skattalegri meðferð vaxtahluta lífeyrisins.

Greinargerð.

Þegar staðgreiðslu skatta var komið á var um leið tekin upp tvísköttun lífeyrisgreiðslna. Þær höfðu áður verið undanþegnar tekjuskatti. Eftir breytinguna var tekjuskattur lagður á þær tekjur sem launþegi greiddi sem iðgjald í lífeyrissjóð (4%) og síðan er lífeyririnn skattlagður á nýjan leik þegar hann er greiddur út. Eins kom upp skattaleg mismunun hvað varðar ávöxtun launþegahluta lífeyrisiðgjaldsins þar sem tekinn er tekjuskattur af lífeyrisgreiðslunum á sama tíma og ávöxtun annars sparifjár er skattfrjáls. Hér er um óviðunandi ástand að ræða. Tvísköttun tekna af þessu tagi er óþolandi og sömuleiðis mismunun í skattlagningu fjármagnstekna með þeim hætti sem hér er bent á.

Það skal áréttað að hér er eingöngu farið fram á breytta skattalega meðferð iðgjaldshluta launþega í lífeyrissjóði.

Á 113. löggjafarþingi var samþykkt tillaga frá Guðmundi H. Garðarssyni svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu.“

Í greinargerð með þingsályktunartillögu Guðmundar H. Garðarssonar er vakin athygli á margsköttun iðgjalda sjóðfélaga til lífeyrissjóðanna. Iðgjaldið er skattlagt sem tekjur þegar launþeginn vinnur til þeirra, í annað skiptið þegar lífeyrir er greiddur til sjóðfélaga og síðan má segja að þessar tekjur séu skattlagðar í þriðja sinn þegar þær valda skerðingu á tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins.

514. Frumvarp til laga [323. mál]

um flutning á verkefnum Vitastofnunar Íslands til Landhelgisgæslu Íslands.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

I. KAFLI

Lög um vitamál, nr. 56/1981.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:
Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn vitamála.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Vitastofnun Íslands“ í 1. mgr., og í stað sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum (í viðeigandi beygingarföllum), kemur: Landhelgisgæsla Íslands.
b. Í stað orðsins „vitamálastjóri“ í 2. mgr., og í stað sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum (í viðeigandi beygingarfalli), kemur: forstjóri Landhelgisgæslunnar.
c. 2.–4. mgr. falla brott.

3. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Verkefni Landhelgisgæslu Íslands á sviði vitamála.**

4. gr.

Í stað orðanna „Verkefni Vitastofnunar Íslands er að sjá“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Landhelgisgæsla Íslands sér.

5. gr.

Orðið „Landhelgisgæslunni“ í 3. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Í stað orðanna „við rekstur Vitastofnunar Íslands“ í 10. gr. laganna kemur: Landhelgisgæslu Íslands af vitamálum.

7. gr.

Í stað orðsins „stofnunin“ í 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Landhelgisgæslan.

8. gr.

Síðari málsliður 16. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Lög um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „lækna-, toll- og vitaþjónustu“ í g-lið kemur: lækna- og tollþjónustu.
b. Við greinina bætist nýr stafliður, i-liður, svohljóðandi: Að fara með vitamál eftir því sem er kveðið á um í lögum um vitamál. Í reglugerð, er ráðherra setur, skal nánar kveðið á um starfsemi þessa.

III. KAFLI

Hafnalög, nr. 69/1984.

10. gr.

Orðin „gegnir starfi vitamálastjóra og“ í fyrri málslið 2. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI

Lög um leiðsögu skipa, nr. 48/1933.

11. gr.

Í stað orðsins „vitamálastjóra“ í síðari málslið 5. gr. laganna kemur: forstjóra Landhelgisgæslunnar.

V. KAFLI

Lög um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 30. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 1. og 3. málsl. kemur: dómsmálaráðherra.
b. Í stað orðsins „vitamálastjórnin“ í 2. málsl. kemur: Landhelgisgæslan.

VI. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1994.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að framkvæmd vitamála verði færð frá Vitastofnun Íslands til Landhelgisgæslu Íslands. Þannig taki Landhelgisgæslan við þeirri starfsemi er Vitastofnun hefur haft með höndum, aðallega á grundvelli laga nr. 56/1981, um vitamál.

Þann 1. desember 1878 var kveikt á fyrsta vita landsins, Reykjanesvita, og var hann að heita má eini vitinn á landinu fram undir aldamót. Árið 1899 voru fyrstu lögin um vitamál sett, lög um afhendingu lóða til vitabygginga o.fl.

Árið 1910 var landverkfræðingi falin umsjón með vitum landsins en embættisheitið vitamálastjóri var fyrst tekið upp árið 1918. Það var þó ekki fyrr en árið 1933 sem kveðið var á um stofnsetningu vitamálastofnunar með lögformlegum hætti.

Samkvæmt lögum nr. 56/1981 heyrir Vitastofnun undir samgönguráðherra og fer hún með framkvæmd vitamála. Vita- og hafnamálastjóri veitir Vitastofnun forstöðu. Þá starfar svokölluð vitanefnd á grundvelli laganna og gerir frumvarpið ráð fyrir óbreyttu starfi nefndarinnar þrátt fyrir nýjan samstarfsaðila, þ.e. Landhelgisgæslu Íslands. Vitanefnd er skipuð fulltrúum farmanna, útgerðarmanna og fiskimanna og er hlutverk hennar m.a. að láta uppi álit sitt í öllum stefnumarkandi málum varðandi starfsemi Vitastofnunar, fjalla um vitagjald, nýbyggingar, endurbætur og breytingar á vitum, rekstur vitakerfisins, svo og verulegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi.

Hlutverk Vitastofnunar á grundvelli gildandi laga er m.a. að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðunum í kringum landið. Þar fellur m.a. undir eftirlit með vitum og öðrum föstum merkjum á landi, fljótandi leiðarmerkjum og radíómerkjum til staðarákvörðunar. Stofnunin skal hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi sem fyrir hendi eru og stuðla að útgáfu korta er innihaldi nauðsynlegar upplýsingar fyrir sjófarendur, annast veðurathuganir á vitastöðum og fara með framkvæmd laga og reglna um leiðsögu skipa.

Nú eru í rekstri 106 vitar, 13 ljósdufl, 7 radarvarar og mörg leiðsögumerki, auk vita, leiðsögumerkja og ljósdufla sem eru rekin af hinum ýmsu sveitarfélögum (höfnum) landsins.

Það er álit margra þeirra aðila er til þekkja að verkefni þau, er nú heyra undir Vitastofnun, falli vel að starfsemi Landhelgisgæslunnar og muni styrkja rekstur hennar. Þannig hafa Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Fiskifélag Íslands og fleiri félög sjómanna samþykkt ályktanir um að Landhelgisgæslan yfirtaki verkefni og tekjustofna Vitastofnunar. Sú breyting getur leitt til verulegrar hagræðingar og sparnaðar í ríkisrekstrinum jafnframt því sem öryggi sjófarenda mundi aukast á margvíslegan hátt. Samtök sjómanna hafa einnig deilt á ríkisvaldið fyrir þann samdrátt sem orðið hefur í rekstri og fyrir fækkun úthaldsdaga skipa Landhelgisgæslunnar. Er það ekki óeðlilegt þegar þess er gætt hve öryggismál sjómanna eru ríkur þáttur í starfi Landhelgisgæslunnar. Með fjölgun verkefna Landhelgisgæslunnar og þar með auknum tekjum yrði starfsemi hennar markvissari, úthaldsdagar fleiri og betri trygging fyrir öryggi sjófarenda en nú.

Frá 1. janúar 1969 sá Landhelgisgæsla Íslands, án endurgjalds og samhliða öðrum verkefnum, um að þjónusta annesja- og skerjavita og ljósdufl fyrir Vitastofnun og sparaði henni þannig veruleg útgjöld, en því samstarfi lauk 1. janúar 1993. Frá þeim tíma hefur Vitastofnun keypt þessa þjónustu frá hinum ýmsu björgunarsveitum og ferjuútgerðum. Augljóst er að slík framkvæmd skapar mikið óöryggi í rekstri vitakerfisins. Benda má á að ljósdufl, sem oft er komið fyrir vegna skerja, boða eða grynninga, sæfarendum til varnaðar, eru að jafnaði tekin upp árlega og þarf því nákvæma staðsetningu á vegum ábyrgra aðila þegar duflin eru sett út að nýju. Miðað við núverandi framkvæmd er slíkt öryggi ekki eins og best verður á kosið. Þetta eru þó ekki einu rökin fyrir að starfsemi vitamála verði flutt yfir til Landhelgisgæslunnar. Með tilliti til þeirra öryggiskrafna, sem gerðar eru til skipa á grundvelli innlendra reglna, svo og alþjóðasamþykkta sem Ísland er aðili að, er eðlilegt að löggæslumenn og öryggisverðir íslenska hafsvæðisins fari með eftirlit og viðhald vitakerfisins.

Við Landhelgisgæslu Íslands starfa sem kunnugt er siglingafróðir menn. Þar á meðal eru skipherrar og stýrimenn sem hafa lokið námi við skipstjóradeild Stýrimannaskólans í Reykjavík. Þessir einstaklingar hafa m.a. sérmenntað sig í siglingafræðum sem nýtist einkar vel til staðsetningar ljósdufla og leiðar- og siglingamerkja og mælinga ljóshorna vita og í öðru því er lýtur að siglingalegum öryggisþáttum í sjókortum sem sjófarendur við Ísland verða með fullri vissu að geta treyst. Vegna eftirlits og viðhalds raf- og vélbúnaðar vita, radíóvita og radarsvara hafa flestir vélstjórar á varðskipum lokið 4. stigi í Vélskóla Íslands og hafa því mikla þekkingu og reynslu á sviði véla og rafmagns. Einnig má nefna að innan Landhelgisgæslunnar starfa Sjómælingar Íslands sem, auk sjómælinga, sjá um útgáfu sjókorta og tilkynningar til sjófarenda. Af framansögðu má ljóst vera að sérþekking og reynsla, sem starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa öðlast, kemur vitaþjónustunni til góða og mun verða mjög til hagræðingar á öllum rekstrarsviðum vitaþjónustu við Ísland.

Stefna núverandi ríkisstjórnar er að leggja niður, hagræða eða sameina ríkisstofnanir. Er það rökrétt markmið þegar harðnar í ári. Mikilvægt er að styrkja stofnanir eins og Landhelgisgæsluna sem gegnir sérstöku hlutverki hvað varðar öryggi sjófarenda.

Við afgreiðslu Alþingis á núverandi lögum um vitamál var gert ráð fyrir allróttækum breytingum frá þeirri skipan sem verið hafði. M.a. var gert ráð fyrir þeirri breytingu að vitamál skyldu heyra undir Landhelgisgæsluna. Þessi krafa kom m.a. frá sjómannasamtökunum og einnig tilmæli um að við Vitastofnun starfaði skipstjórnarmenntaður maður.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í íslensku efnahags- og atvinnulífi frá því að Vitastofnun var sett á fót. Viðhald og rekstur vitanna er með gjörbreyttum hætti með tilliti til nútímatækni og þeirrar framþróunar sem átt hefur sér stað. Þótt umdeilanlegt megi vera hver sparnaðurinn verði af þeirri lagabreytingu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir er ljóst að um hagræðingu er að ræða sem jafnframt tryggir öryggi sjófarenda við Ísland betur en nú og betri nýtingu á fjármagni sem um leið leiðir af sér lengra úthald varðskipanna.

Til þess að ná því markmiði, er frumvarp þetta stefnir að, að færa verksvið Vitastofnunar yfir til Landhelgisgæslu Íslands, komu fleiri en ein leið til greina. Sú leið er valin hér að breyta lagaákvæðum sem taka til starfsemi og yfirstjórnar Vitastofnunar þannig að Landhelgisgæslan taki við þeim verkefnum er stofnuninni voru áður ætluð með lögum, enda er ljóst að Landhelgisgæslan hefur mjög góðar aðstæður, jafnt á sjó sem landi, til að sinna þeim verkefnum á sem bestan hátt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögð er til sú breyting frá gildandi lögum að dómsmálaráðherra taki við yfirstjórn vitamála af samgönguráðherra. Þar sem með frumvarpi þessu er lagt til að Landhelgisgæsla Íslands, sem heyrir undir dómsmálaráðuneytið, taki við starfsemi Vitastofnunar Íslands er um eðlilega breytingu að ræða með tilliti til þess að yfirstjórn og framkvæmd vitamála heyri undir sama ráðuneyti.

Um 2. gr.

Greinin felur annars vegar í sér breytingar sem nauðsynlegar eru á lögum nr. 56/1981 með tilliti til þess að Landhelgisgæsla Íslands taki við hlutverki Vitastofnunar og forstjóri Landhelgisgæslunnar fari með framkvæmd vitamála í stað vitamálastjóra. Hins vegar er lagt til að 2.–4. mgr. greinarinnar falli brott þar sem Vitastofnun Íslands mun ekki starfa áfram sem slík verði frumvarp þetta að lögum.

Um 3.–12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. september 1994. Miðað við þau tímamörk er gert ráð fyrir að viðkomandi stofnanir hafi nægilegt ráðrúm til að gera nauðsynlegar breytingar sem leiðir af lögum þessum.

515. Frumvarp til laga [324. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Guðni Ágústsson.

1. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Innflutningur á búvörum, unnum sem óunnum og tilsvarandi vörum, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, er háður samþykki landbúnaðarráðherra. Hið sama gildir um vörulíki þessara vara. Ráðherra skal leita umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hvort innlend framleiðsla fullnægi neysluþörfinni nema þegar um er að ræða innflutning á kartöflum, nýju grænmeti, sveppum og blómum. Ráðherra skal þá leita umsagnar nefndar sem skipuð er tveimur fulltrúum framleiðenda, tilnefndum af samtökum þeirra, tveimur fulltrúum innflytjenda þessara vörutegunda, tilnefndum af viðskiptaráðherra, og oddamanni, tilnefndum af landbúnaðarráðherra. Skal nefndin láta ráðherra í té rökstudda umsögn um hvort innflutnings sé þörf og hve mikils. Ráðherra getur að fenginni umsögn nefndarinnar ákveðið að innflutningur þessara vara skuli tímabundið vera undanþeginn leyfisveitingu og skal þá kveða á um leyfilegan sölutíma varanna. Sama gildir um aðrar vörur sem greinin tekur til, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Innflutningur garðyrkjuafurða skal því aðeins leyfður að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimilað innflutning í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að enda sé verðjöfnunargjöldum beitt í samræmi við heimildir í milliríkjasamningum. Jafnframt getur ráðherra látið að öðru leyti koma til framkvæmda ákvæði í slíkum samningum, bókunum og viðaukum sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra. Samráð skal haft milli fjármálaráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins um framkvæmd verðjöfnunar þannig að ekki verði raskað samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu landbúnaðarvara og vara sem unnar eru úr hráefnum úr landbúnaði, innan þeirra marka sem áðurgreindir samningar setja.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um til hvaða vara og vörulíkja ákvæði 1. og 2. mgr. taka, þar með talið hlutfall hráefna í unnum vörum.

Ráðherra ákveður með reglugerð af hvaða hráefni úr landbúnaði skuli vera heimilt að endurgreiða verðjöfnunargjald við útflutning og hver endurgreiðslufjárhæðin skal vera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram til að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkir varðandi innflutning búvara eftir að dómur Hæstaréttar í „skinkumálinu" féll. Ríkisstjórnin boðaði í utandagskrárumræðu 24. janúar sl. að samstaða væri um það innan stjórnarflokkanna að viðhalda því banni sem verið hefði á innflutningi búvara að öðru leyti en því sem til kæmi vegna þeirra fjöl- og alþjóðlegu samninga sem við höfum gert þar að lútandi. Fulltrúar beggja stjórnarflokka sögðu að gengið yrði þannig frá málum að landbúnaðarráðherra hefði forræði í málinu og að frumvarp til þess að tryggja þessa málsmeðferð yrði lagt fram daginn eftir (25. janúar).

Það er skemmst frá að segja að ekkert bólar á frumvarpinu í sölum Alþingis. Landbúnaðarnefnd voru á fundi 25. janúar kynnt drög að frumvarpi. Þau frumvarpsdrög gengu í grundvallaratriðum út á það að taka forræðið í málinu af landbúnaðarráðherra en ekki hið gagnstæða eins og haldið hafði verið fram og ljóst er að innan ríkisstjórnarinnar er mikill ágreiningur um málið. Hér virðist vera um að ræða pólitískt úrlausnarefni sem ríkisstjórnin er ófær um að leysa úr.

Vilji Alþingis í málinu lá hins vegar fyrir á vordögum 1993. Þá var ljóst að meiri hluti var fyrir því á Alþingi að afgreiða frumvarp frá ríkisstjórninni um breytingu á búvörulögunum með þeirri breytingartillögu sem lá fyrir frá meiri hluta landbúnaðarnefndar. Forsætisráðherra sleit hins vegar þingi þá til þess að málið kæmi ekki til afgreiðslu. Á fundi landbúnaðarnefndar 25. janúar kom fram sú skoðun lögfræðinganna Tryggva Gunnarssonar og Sveins Snorrasonar að ef þetta hefði verið samþykkt í vor hefðu ekki þurft að koma til þær síendurteknu uppákomur um þessi mál sem þjóðin hefur verið vitni að á síðustu mánuðum.

Því er breytingartillaga landbúnaðarnefndar frá því í vor flutt hér óbreytt í formi frumvarps til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum. Lagt er til að 52. gr. laganna orðist eins og þar segir.

Flutningsmenn gera sér ljóst að við þinglega meðferð málsins kann að þurfa að gera breytingu á frumvarpsgreininni vegna þeirra laga sem samþykkt voru í árslok 1993 og fleiri atriða. Hún er hins vegar flutt óbreytt þar sem ljóst var að allir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi Alþýðuflokksins í landbúnaðarnefnd skrifuðu undir hana í fyrra og verður því að ætla að þingmeirihluti sé fyrir henni. Þetta er einnig gert í trausti þess að meiri hluti sé á Alþingi fyrir þeirri málsmeðferð sem lýst er í fyrstu málsgrein athugasemdanna og að þessi breyting muni tryggja að svo muni verða.

516. Tillaga til þingsályktunar [325. mál]

um eflingu laxeldis.

Flm.: Guðmundur Stefánsson, Stefán Guðmundsson,
Guðni Ágústsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að tryggja stöðu laxeldis og stuðla að eflingu greinarinnar, m.a. með eftirfarandi hætti:

1. Fiskeldi verði tryggt fjármagn til að bæta eldisaðstæður og tryggja betur árangur í eldinu.
2. Fiskeldisstöðvar verði styrktar til kaupa á bóluefni, a.m.k. næstu 2–3 árin.
3. Fiskeldisstöðvum verði heimilað að kaupa ótryggða orku.
4. Tryggt verði að fiskeldisfyrirtæki njóti svipaðra afurðalána og með sambærilegum kjörum og aðrar útflutningsgreinar.
5. Markaðar verði sérstakar leiðir til að auðvelda innflutning erfðaefnis í þeim tilgangi að auka og flýta fyrir kynbótum laxfiska.
6. Mörkuð verði opinber heildarstefna, a.m.k. fram til næstu aldamóta, um málefni fiskeldis.
7. Fjárskuldbindingar vegna stofnkostnaðar hjá þeim fiskeldisstöðvum, sem þegar hafa verið reistar, verði endurskoðaðar og þeim aflétt, a.m.k. tímabundið.

Greinargerð.

Rannsóknaráð ríkisins gaf nýlega út skýrslu um fiskeldi þar sem birtar eru niðurstöður athugunar á stöðu fiskeldis og horfur í greininni. Í skýrslunni kemur m.a. fram að árið 1992 höfðu um 180 manns atvinnu sína af fiskeldi hér á landi. Útflutningsverðmæti fiskeldisafurða námu það ár 704 millj. kr., en heildarframleiðsluverðmæti fiskeldisafurða eru talin hafa numið um 825 millj. kr. Eftir mikla byrjunarörðugleika hefur árangur í eldinu batnað mikið og á árinu 1992 var meðalframleiðsla nokkurra stærri strandeldisstöðvanna á rúmmetra eldisrýmis 27 kg en um 20 kg árið áður, en það er bættur árangur sem nemur 35%. Í ársskýrslu fiskeldisdeildar Veiðimálastofnunar fyrir árið 1992 kemur m.a. fram að miðað við seldar afurðir á útsett seiði árin 1991 og 1992 hafi árangur í eldi batnað um 88%.

Þennan bætta árangur má fyrst og fremst rekja til meiri færni fiskeldismanna, betri árangurs í baráttu við fisksjúkdóma, bætts eldisumhverfis, meiri vaxtarhraða vegna betri stofna og bættrar fóðrunar og aukinnar nýtingar jarðvarma í hluta eldisstöðvanna. Í skýrslu Rannsóknaráðs er lögð áhersla á áframhaldandi rannsóknir og þróunarstarf í fiskeldi og fullyrt er að árangur í eldi megi enn bæta verulega frá því sem nú er.

Þótt ánægjulegar framfarir hafi orðið í fiskeldinu er rekstrarstaða flestra fiskeldisstöðva afar erfið og greinin býr hér á landi að ýmsu leyti við aðstæður sem eru með öllu óviðunandi. Ljóst er að margt er unnt að lagfæra strax ef vilji er fyrir hendi og verði það gert erum við Íslendingar að byggja upp atvinnugrein sem mun skipta afkomu þjóðarinnar miklu í framtíðinni.

Hvað viðvíkur tölusettum greinum í þingsályktunartillögunni skal eftirfarandi tekið fram:

1. Nauðsynlegt er að ljúka framkvæmdum í fiskeldisstöðvum þannig að þær geti í senn fullnýtt í rekstri sínum bæði nýjustu þekkingu um eldi og náttúrulegar aðstæður sem þær eiga kost á. Í þessu sambandi hefur einkum verið litið til bættrar vatnsöflunar, aukinnar nýtingar jarðvarma og súrefnisíblöndunar í eldisvatn. Hér á landi er einungis í einni fiskeldisstöð unnt að stjórna eldishita innan kjörhita fyrir eldi á laxi. Í öðrum stöðvum hefur hitastig yfirleitt verið of lágt stærstan hluta ársins. Rannsóknaráð ríkisins hefur beitt sér fyrir rannsóknum á þessu sviði og nú hefur verulegur árangur náðst í endurnýtingu varma úr frárennsli í Miklalaxi hf. og endurnýtingu eldisvatns hjá Sveinseyrarlaxi hf. Ef tekst að auka eldishita um 2–4 gráður er ljóst að auka má framleiðslu um a.m.k. 25% á ári og lækka um leið framleiðslukostnað. Þá hefur verið unnið að athyglisverðum tilraunum með súrefnisíblöndun í Íslandslaxi hf. og víðar og vatnsnotkun minnkuð um 25–30%, en slíkt skiptir miklu máli fyrir vatnsöflun fyrirtækjanna og sparar verulega fjármuni vegna minni dælingar.

   Ekki er ástæða til að ætla annað en að með áframhaldandi rannsóknum og þróunarstarfi megi enn bæta árangurinn verulega, bæði á þeim sviðum sem hér hafa verið nefnd og á öðrum sviðum. Það er því mikilvægt að nægilegt fé sé veitt til rannsókna en ekki síður að fiskeldisstöðvunum sé jafnóðum gert fjárhagslega kleift að nýta þá þekkingu sem aflað er. Eðlilegt er að litið sé á greinina sem þróunarverkefni enn um sinn og hið opinbera veiti til hennar fé þannig að nauðsynlegar framfarir verði og tryggt sé að uppbygging greinarinnar verði til frambúðar.
2. Áætlað er að afföll í eldislaxi hafi verið um 10% af ársframleiðslunni árið 1992 en 15% árið 1991. Þessi bætti árangur stafar fyrst og fremst af betri forvörnum og bættri meðhöndlun á sjúkum fiski, en langstærstan hluta affalla má rekja til sjúkdóma. Árið 1992 er talið að afföll vegna slysa eða bilunar í búnaði hafi hvergi numið meira en 5% og að meðaltali um 3%. Miðað við meðalútflutningsverð á laxi árið 1992 má reikna með að verðmæti afurða, sem töpuðust vegna sjúkdóma, hafi numið um 57 millj. kr. og eru þá ekki talin önnur áhrif sjúkdóma, svo sem minni vöxtur. Þar sem flestar fiskeldisstöðvar eru í rekstrarörðugleikum er nauðsynlegt að stjórnvöld styrki þær tímabundið í baráttunni við sjúkdóma, en ef stöðvarnar fengju ókeypis bóluefni gæti það leitt til lækkunar framleiðslukostnaðar um a.m.k. 4% að meðaltali.
3. Lengi hefur verið rætt um að lækka raforkukostnað fiskeldisstöðva án þess að það hafi komið til framkvæmda. Raforkukostnaður í strandeldisstöðvum er talinn um 10–15% af rekstrarkostnaði og því mikilvægt að á þessum málum sé tekið. Fiskeldisstöðvar eru stórir notendur raforku og notkun þeirra er tiltölulega jöfn árið um kring. Þær eru einnig búnar varaaflsstöðvum og því í stakk búnar til að bregðast við ef straumrof verður af einhverjum orsökum. Fiskeldisstöðvar geta því hæglega nýtt sér ótryggða orku, en þær hafa ekki fengið hana þó að eftir hafi verið leitað. Ef fiskeldisstöðvar fengju keypta ótryggða orku gæti það lækkað orkukostnað þeirra um 60–70%, en það svarar til 8–11% lækkunar rekstrarkostnaðar.

4. Framleiðsluferill í fiskeldi er langur, 2–3 ár. Fjárbinding og þörf fyrir rekstrarfé er því mikil. Eftir mörg erfið ár í rekstri og mikil töp má segja að viðskiptabankarnir hafi lokað á alla rekstrarfyrirgreiðslu, en slíkt jafngildir í raun dauðadómi yfir greininni og háir allri framþróun í henni. Þetta er í raun óskiljanleg ákvörðun því að eðlilegt er að bankarnir meti hvert fyrirtæki fyrir sig en afgreiði ekki heila grein með þessum hætti í einu lagi. Til að tryggja eldisstöðvunum rekstrarfjármagn hefur Ríkisábyrgðasjóður ábyrgst afurðalán til eldisstöðva, en sú fyrirgreiðsla er með öllu óviðunandi og ófullnægjandi eins og hún hefur verið framkvæmd. Til þess að fá þessi afurðalán hafa stöðvarnar þurft að tryggja allan fiskinn og þótt sjálfsábyrgð hafi verið 50% hafa iðgjöld numið 5% af tryggingarverðmæti. Vextir af afurðalánum nema 10–13% og lántökukostnaður um 3%. Stöð, sem á t.d. fisk sem metinn er á 80 millj. kr., verður því að greiða 4 millj. kr. í tryggingar til að fá afurðalán. Ef lánið nemur 20 millj. kr. er kostnaður við tryggingar því 20% af lánsfjárhæðinni auk 13–16% í vexti og kostnað. Heildarkostnaður stöðvarinnar er þannig 33–36% sem enginn löglegur atvinnurekstur í landinu fær staðið undir. Auk þess eru lánin óhagstæð vegna þess að þau eru oft til skamms tíma og leysa því lítinn vanda og aðeins tímabundið en veikja um leið möguleikana á að reksturinn geti náð sér á strik. Þessu verður að breyta og það gera ekki aðrir en stjórnvöld eða viðskiptabankarnir verði þeir skikkaðir til þess.
5. Nú eru í flestum eldisstöðvum betri stofnar en áður. Þar er um að ræða norska stofna sem fluttir voru til landsins fyrir um áratug. Eldisstofnar okkar Íslendinga eru þó lakari en nágrannaþjóðanna og ljóst að leggja verður verulega áherslu á kynbætur bestu eldisstofna í framtíðinni. Kynbætur taka hins vegar langan tíma og til að vinna upp forskot samkeppnisþjóðanna er nauðsynlegt að íhuga hvort ekki sé heppilegt að flytja inn erfðaefni, t.d. djúpfryst svil, til að flýta fyrir kynbótum. Slíkan innflutning þarf að undirbúa strax og marka honum farveg þannig að hann geti gengið hindrunarlaust fyrir sig ef ákvörðun um hann verður tekin.
6. Engin heildarstefnumótun er til um íslenskt fiskeldi. Á ráðstefnu um fiskeldi, sem haldin var á Akureyri í mars 1993, lýsti landbúnaðarráðherra því yfir að slíkrar stefnumörkunar væri að vænta fyrir páska 1993. Enn hefur þessi stefna ekki litið dagsins ljós en skýr og afdráttarlaus stefnumörkun er í raun forsenda þess að þeir fjármunir og sú vinna, sem lögð er í fiskeldi, nýtist vel og árangur náist.
7. Eins og er standa rekstrartekjur fiskeldisstöðva undir breytilegum kostnaði en þær geta ekki greitt stofnkostnaðinn til baka hvað sem síðar verður. Mikilvægt er að horfst sé í augu við þessa staðreynd og í raun hefur þetta verið viðurkennt. Stjórnvöld verða að beita sér fyrir því að tekið sé á þessum málum og þau afgreidd með formlegum hætti enda er það ein af forsendum þess að starfsemi fiskeldisstöðva geti þróast með eðlilegum hætti og þær aflað aukins eigin fjár, t.d. með sölu hlutafjár. Sú leið að hrekja fyrirtækin í gjaldþrot skilar í raun engu en því fylgir hins vegar talsverð áhætta því að eitt af lykilatriðum árangurs í fiskeldi er þekking og reynsla og það eru einmitt þeir einstaklingar sem lengst hafa þraukað í fiskeldinu sem helst búa yfir þekkingu og reynslu.

517. Tillaga til þingsályktunar [326. mál]

um eldsneytissparnaðar- og mengunarvarnarbúnað í bifreiðar ríkisins.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Petrína Baldursdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir að allar bifreiðar í eigu ríkisins verði búnar eldsneytissparnaðar- og mengunarvarnarbúnaði, svokölluðum brennsluhvata.

Greinargerð.

Með ítarlegum prófunum hefur verið sannað að sá búnaður, sem hér er lögð fram tillaga um að settur verði í ríkisbifreiðar, minnkar umtalsvert mengandi efni í útblæstri farartækja ásamt því að draga úr eldsneytisnotkun. Hér er um að ræða búnað framleiddan af þremur fyrirtækjum fyrir mismunandi vélarstærðir. Þessi búnaður er: Powerplus Cleanburn frá Powerplus International Corp. Ltd., Cleanburn frá Ross Marine Ltd. og CEP Cleanburn frá Filter Engineering Ltd.

Eldsneytissparnaður reynist mismunandi eftir vélategundum en liggur á bilinu 4–10% sem leitt getur til sparnaðar sem nemur tugum milljóna króna á ári hjá ríkinu. Minnkun skaðlegra efna og lofttegunda í útblæstri vegna betri brennslu og þar með lægri útblásturshita liggur á bilinu 15–60% eftir gastegundum. Til dæmis er minnkun að meðaltali sem hér segir:

HC	kolvetni	40%
NO_x	köfnunarefnisoxíð	18%
CO	kolmónoxíð	60%
PAH	í kolvetniskeðjum	50%

CO_2-mælingar sýna að hlutfallið í útblæstri eykst lítillega en gengur til baka vegna þess að brennt er minna magni af olíu/bensíni til þess að fá sömu orku út úr vélinni. Án þess að framkvæma kostnaðarsamar breytingar geta flestir bílar með notkun Powerplus brennt blýlausu (blýminna) bensíni og þar af leiðandi minnkar blýmengun af völdum fólksbíla um u.þ.b. 20 tonn á ári.

Tæknideild Fiskifélags Íslands hefur ásamt Vélskóla Íslands, með styrk frá LÍÚ og umhverfisráðuneyti, gert mjög nákvæma rannsókn á vél togarans Snorra Sturlusonar þar sem niðurstöður sýna fram á að ef íslenski togara- og fiskiskipaflotinn notaði Cleanburn eða CEP Cleanburn brennsluhvatann gæti verið um að ræða 200–300 millj. kr. sparnað á ári. Niðurstöður tæknideildar Fiskifélags Íslands og Vélskóla Íslands staðfesta niðurstöður tæknideildar British Rail sem gert hefur ítarlega prófun á a.m.k. átta hraðlestum síðustu 18 mánuði.

Dæmi um sparnað: Olíukostnaður íslenska fiskiskipaflotans er nálægt 4 milljörðum kr. á ári. Ef 4–5% sparnaður næst mun hann nema um 200 millj. kr. sem svarar til 650–1.120 þús. kr. á togara eftir olíutegundum.

Útvegsmenn hafa vaxandi áhuga á Cleanburn og margir þeirra hafa sett þennan búnað í skip sín á grundvelli staðreynda frá þeim sem hafa notað og gert úttekt á búnaðinum undanfarin fjögur ár. Eðlilegt væri að veita úr Fiskveiðasjóði sérstaka fyrirgreiðslu til að flýta fyrir uppsetningu þessa búnaðar í flotann með tilliti til sparnaðar og minni mengunar.

Hæstvirtur umhverfisráðherra hefur sagt að undir vissum kringumstæðum sé mengun frá útblæstri bifreiða á vissum stöðum í Reykjavík mjög mikil. Sú staðreynd að unnt er að draga svo um munar úr þeirri mengun er óyggjandi og er hún ein helsta ástæðan fyrir flutningi þessarar þingsályktunartillögu, svo og sparnaður sem kemur ríkissjóði til góða. Það er von flutningsmanna að þessi ályktun hljóti skjóta og góða afgreiðslu í þinginu.

Fylgiskjal.

Íslenskir rannsóknaraðilar kanna gagnsemi Cleanburn-brennsluhvata:
Leiðir til umtalsverðs olíusparnaðar.
(Úr Fiskifréttum, 17. desember 1993.)

Síðustu missiri hafa ýmis bætiefni og búnaður, sem ætlað er að draga úr eldsneytisnotkun, komið á markaðinn hérlendis. Útgerðarmenn hafa haldið að sér höndum eða haft ákveðnar efasemdir um ágæti þessara nýjunga og því var talin full ástæða til þess að gera faglega úttekt á þeim hérlendis sem unnin yrði af óháðum aðilum.

LÍÚ, tæknideild Fiskifélagsins og Fiskveiðasjóðs og Vélskóli Íslands hafa tekið höndum saman um að vinna að slíkri úttekt og var fyrsta verkefnið að prófa Cleanburn-brennsluhvatann á stórri hjálparvél í togaranum Snorra Sturlusyni RE. Annars vegar var mæld eldsneytiseyðsla og hins vegar mengandi snefilefni í útblæstri.

Í frétt frá þessum aðilum segir að enginn ávinningur í olíunotkun hafi mælst við um 20% álag en jafnt vaxandi eftir það og mældist um 2,6% við 43% álag. Ekki reyndist unnt að fá marktækar mælingar á hærra álagi, en leiða má að því líkum að við 64% álag náist allt að 5% ávinningur í olíunotkun, segir í fréttinni. Samanburðarmælingar þessar voru tvíþættar, annars vegar í veiðiferðum og hins vegar í höfn, og hvor aðferðin studdi hina. Þá sýndu mælingar einnig merkjanlega minnkun mengandi snefilefna með notkun Cleanburn.

Olíukostnaður íslenska fiskiskipaflotans er nálægt 4 milljörðum kr. á ári. Ef t.d. 5% olíusparnaður næst með notkun bætiefna og búnaðar er um verulegar upphæðir að ræða eða sem svarar 200 millj. kr. Sparnaðurinn er verulegur jafnvel þótt sparnaðarprósentan sé lægri, en á móti kemur einhver kostnaður við kaup á bætiefnum og búnaði. Einnig hefur verið bent á minni viðhaldskostnað á vélbúnaði og loks dregur úr mengunaráhrifum með notkun efnanna.

Bent er á í fréttinni að meðalskuttogari noti um 1,5 milljónir lítra af eldsneyti á ári og tilheyrandi olíukostnaður sé um 16–23 millj. kr. eftir því hvaða eldsneyti sé notað. Olíusparnaður á bilinu 4–5% gæti þá samkvæmt þessu gefið 650–1.150 þús. kr. lækkun á olíureikningi fyrir meðalskuttogara.

David Butt á Akranesi, sem er umboðsaðili fyrir Cleanburn, sagði í samtali við Fiskifréttir að þessi úttekt á gagnsemi Cleanburn staðfesti niðurstöður fjölda erlendra rannsókna. Fram kom að 38 íslensk skip væru nú þegar komin með þennan búnað, en hann kostaði 150 þús. kr. fyrir vél af stærðinni 1.000–2.500 hestöfl.

518. Fyrirspurn [327. mál]

til menntamálaráðherra um byggingu nýs framhaldsskóla í Borgarholti.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hvers vegna var ekki efnt til opinnar samkeppni meðal arkitekta um hönnun Borgarholtsskóla í stað þess að velja sex arkitektastofur í lokaða samkeppni af 42 sem lýstu sig reiðubúnar til þátttöku?
2. Hvaða reglur eða forsendur voru lagðar til grundvallar við val á fyrrnefndum sex arkitektastofum og voru þær öllum kunnar áður en valið fór fram? Var t.d. sérstaklega til þess horft hversu vel kostnaðar- og framkvæmdaáætlanir þeirra hafa staðist við svipaðar framkvæmdir fyrir opinbera aðila?
3. Hve langan tíma tók byggingarnefnd Borgarholtsskóla sér til að fara yfir þær 42 umsóknir sem bárust um þátttöku í samkeppninni og voru allir nefndarmenn sammála um þær vinnuaðferðir sem viðhafðar voru?
4. Með hvaða hætti var reynt að tryggja að umsækjendum væri ekki mismunað, m.a. á grundvelli persónulegra, pólitískra eða faglegra tengsla við einstaka byggingarnefndarmenn eða umbjóðendur þeirra, en ljóst er að allar þær sex arkitektastofur, sem valdar voru, hafa um árabil sinnt umfangsmiklum hönnunarverkefnum fyrir ríkið og Reykjavíkurborg?
5. Liggur fyrir endanleg og útfærð ákvörðun af hálfu ráðuneytisins um það hvers kyns skólastarf hinn nýi framhaldsskóli í Borgarholti eigi að hýsa?
6. Hver er stefna ráðuneytisins um hönnun verklegra framkvæmda?

Greinargerð.

Í október sl. fór Arkitektafélag Íslands fram á það við menntamálaráðherra, fjármálaráðherra, borgarstjórann í Reykjavík og bæjarstjórann í Mosfellsbæ að efnt yrði til opinnar almennrar samkeppni meðal íslenskra arkitekta um hönnun nýs framhaldsskóla í Borgarholti. Áætlað er að byggingin verði 7.000–10.000 fermetrar og af því má áætla að byggingarkostnaður muni nema 700–1.000 millj. kr. og heildarhönnunarkostnaður allt að 70–100 millj. kr. Fjármálaráðuneytið, sem greiðir 60% af kostnaði við mannvirkið, var fylgjandi opinni samkeppni og í bréfi þess til Arkitektafélagsins segir: „Afstaða fjármálaráðuneytisins hefur verið sú að efna eigi almennt til samkeppni, helst opinnar, þar sem ítarleg forskrift húsnæðis fylgir ásamt þeim kostnaðarramma sem hönnuðir eiga að halda sig innan. Slíkt var gert í samkeppni um hönnun húss fyrir Hæstarétt og þótti takast vel.“

Niðurstaða byggingarnefndar skólans varð engu að síður sú að bjóða fimm arkitektastofum til lokaðrar samkeppni um hönnun skólans. Rétt fyrir jól ákvað byggingarnefndin svo að bjóða arkitektastofum að taka þátt í forvali fyrir þessa samkeppni og áttu þær að hafa skilað inn umsókn fyrir 29. desember. 42 stofur sendu inn umsókn og á fundi 6. janúar sl. voru þær allar metnar hæfar en fimm valdar til þátttöku og þeirri sjöttu síðan bætt við. Þær arkitektastofur, sem voru metnar hæfar en komust þó ekki í hóp hinna útvöldu, hafa engin rök fengið fyrir því vali sem þarna fór fram. Mikil óánægja er meðal arkitekta með hvernig staðið hefur verið að þessu máli frá upphafi og því nauðsynlegt að menntamálaráðherra útskýri ákveðna þætti þess.

Skriflegt svar óskast.

519. Fyrirspurn [328. mál]

til landbúnaðarráðherra um starfsemi Landgræðslu ríkisins.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hve miklu melfræi var safnað í sumar? Hvað taldi Landgræðslan æskilegt að safna miklu magni?
2. Hvaða girðingar í umsjá Landgræðslunnar njóta þess viðhalds að viðunandi sé?
3. Hagnýtir Landgræðslan sér búfjáráburð í starfi sínu?

520. Fyrirspurn [329. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur atvinnuleysisbóta til bænda.

Frá Jóni Helgasyni.

1. Hversu margir bændur hafa sótt um atvinnuleysisbætur?
2. Hversu margir bændur hafa fengið samþykktar greiðslur atvinnuleysisbóta?
3. Hversu mörgum bændum hefur verið synjað um atvinnuleysisbætur og af hvaða ástæðum?

521. Fyrirspurn [330. mál]

til viðskiptaráðherra um fákeppni og samkeppnishindranir.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hversu mörg erindi hafa borist til Samkeppnistofnunar eða samkeppnisráðs sem eiga rót sína að rekja til nýrra ákvæða í samkeppnislögum sem sporna eiga við fákeppni og samkeppnishindrunum og hvaða afgreiðslu hafa slík mál hlotið?

522. Fyrirspurn [331. mál]

til viðskiptaráðherra um úttekt á hringamyndun.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvað líður úttekt þeirri á stjórnunar- og eignatengslum og einkennum hringamyndunar í viðskiptalífinu sem samkeppnisráði ber að framkvæma, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í nýjum samkeppnislögum?

523. Tillaga til þingsályktunar [332. mál]

um sjónvarps- og útvarpssendingar frá Alþingi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Jón Helgason,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Pálmi Ólason.

Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd þingsins að tryggja að sjónvarps- og útvarpssendingar frá fundum Alþingis nái til landsins alls eigi síðar en við upphaf nýs þings í haust.

Greinargerð.

Í apríl 1992 hóf sjónvarpsstöðin Sýn útsendingar frá fundum Alþingis. Er það mál manna að þær útsendingar hafi vakið mikla athygli. Hins vegar er sá galli á að útsendingarnar ná aðeins til suðvesturhorns landsins og íbúar landsbyggðarinnar eiga þess ekki kost að fylgjast með þessum útsendingum.

Þegar samningar voru gerðar milli stjórnar þingsins og sjónvarpsstöðvarinnar 8. apríl 1992 var gert ráð fyrir að unnið yrði að stækkun dreifingarsvæðis Sýnar en lítið virðist hafa gerst í þeim málum. Við slíkt verður ekki unað lengur og óhjákvæmilegt er að nú verði gert sérstakt átak til þess að koma útsendingum frá þingfundum til allra landsmanna.

Með þessari tillögu er forsætisnefnd þingsins falið að tryggja með öllum ráðum að það markmið náist að útsendingar sjónvarps og útvarps frá þingfundum nái til landsins alls ekki síðar en næsta haust. Mikilsvert er að Ríkisútvarpið, Póstur og sími og sjónvarpsstöðin Sýn verði höfð með í ráðum og ráðherrar fylgi málinu eftir í samvinnu við stjórn þingsins.

Tillaga þessi var flutt skömmu fyrir þinglok vorið 1993. Þótt hún kæmist þá ekki til umræðu tók forsætisnefnd málið fyrir og hefur nokkuð verið um það fjallað á þeim vettvangi. Þar eð ekkert raunhæft hefur hins vegar gerst í málinu er tillagan nú flutt óbreytt.

524. Fyrirspurn [333. mál]

til viðskiptaráðherra um innflutning gæludýrafóðurs.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver var innflutningur gæludýrafóðurs í kjötvöru sl. fjögur ár, sundurgreindur í kjöttegundir, og
   a. hver var þungi þess varnings,
   b. hvert var innkaupsverð,
   c. hvert er áætlað smásöluverð?
2. Hver var innflutningur gæludýrafóðurs í formi þurrfóðurs sl. fjögur ár og
   a. hver var þungi þess varnings,
   b. hvert var innkaupsverð,
   c. hvað er áætlað smásöluverð?
3. Hver var innlend framleiðsla gæludýrafóðurs sundurgreind sem að framan greinir?

Skriflegt svar óskast.

525. Tillaga til þingsályktunar [334. mál]

um samgöngubætur í uppsveitum Árnessýslu.

Flm.: Guðni Ágústsson, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta Vegagerð ríkisins gera athugun á kostnaði og þýðingu þess fyrir uppsveitir Árnessýslu að gera brú yfir Hvítá við Bræðratungu og uppbyggðan veg með slitlagi frá Laugarvatni að Gjábakka, frá Felli að Múla og yfir Torfastaðaheiði.

Greinargerð.

Brú á Hvítá hjá Bræðratungu og uppbyggður vegur með slitlagi að Gjábakka milli Laugarvatns og Þingvalla, frá Felli að Múla og yfir Torfastaðaheiði yrðu til þess að

a. styrkja uppsveitir Árnessýslu sem eitt atvinnusvæði,

b. efla átak í samvinnu og/eða sameiningu sveitarfélaga og
c. efla ferðaþjónustu til nýrrar sóknar á þessu fjölfarna ferðamannasvæði.

Suðurlandsundirlendið er það byggðasvæði á Íslandi sem á verulega möguleika til að eflast og veita höfuðborgarsvæðinu samkeppni um mannafla.

Suðurland er auðugt af orku bæði í fallvötnum og jarðvarma. Slíkur auður verður dýrmætari með hverjum áratug sem líður. Ætla má að orkufrekur iðnaður, sem byggir á útflutningi, sé atvinnuvegur sem eigi mikla möguleika í Árnesþingi þar sem Þorlákshöfn yrði útflutningshöfn til markaða í Evrópu. Landbúnaður stendur hvergi jafntraustum fótum og á Suðurlandi með stærsta markað landsins innan seilingar og í bæjum og þorpum héraðsins hefur um áratugi þróast öflugur matvælaiðnaður og fullvinnsla landbúnaðarafurða, svo sem á Selfossi, Hvolsvelli og Hellu.

Ekkert eitt atriði hefur jafnmikið að segja fyrir byggðarlög eins og góðar samgöngur. Uppsveitir Árnessýslu búa yfir miklum töfrum fyrir ferðamenn og sífellt fleiri höfuðborgarbúar eiga þar sitt sumarland.

Þessi þingsályktunartillaga miðar að því að styrkja enn frekar uppsveitir Árnessýslu með samgöngubótum til að stuðla að framþróun og nýtingu auðlinda. Ofan við þennan mikla byggðahring vaka jöklar og ósnortið hálendi sem heillar útivistarfólk um allan heim hvort sem er að sumri eða vetri. Enn fremur býr svæðið yfir mestu ferskvatnslindum landsins.

Flutningsmenn leggja til að vegur milli Laugarvatns og Gjábakka verði mun sunnar en núverandi vegur um Laugardalsvelli. Með því móti lægi vegurinn lægra og um yrði að ræða heilsársveg. Flutningsmenn telja að besta vegarstæðið væri upp hjá Eyvindartungu, norðan Lyngdalsheiðar að Gjábakka eða Arnarfelli. Leiðin frá Reykjavík um Mosfellsheiði til Þingvalla og þaðan að Laugarvatni mundi styttast um 20 km, yrði 75 km en er núna 95 km um Hellisheiði og Grímsnes.

Enn fremur mundi með þessum nýja vegi, sem er um 15 km langur, opnast ný hringleið fyrir ferðamenn um Árnessýslu.

Laugarvatn er öflugt menntasetur, auk menntaskóla er þar Íþróttakennaraskóli Íslands og Íþróttamiðstöð Íslands. Fullvíst má telja að þessi vegagerð og styttri leið til höfuðborgarsvæðisins mundi enn frekar efla Laugarvatn sem stað íþrótta og útivistar jafnframt því sem nýir möguleikar í skólahaldi eða þjónustu kynnu að opnast. Sömu sögu er að segja um „sumarlandið“ eða ferðaþjónustuna í uppsveitum.

Um leið og þessi samgöngubót mundi efla mjög uppsveitir Árnessýslu styrkti hún allt héraðið og jafnaði umferð austur fyrir fjall og drægi úr umferðarþunga á Hellisheiði ekki síst á álagsdögum um helgar yfir sumarið.

Enn fremur yrði þessi samgöngubót nýr hvati í umræðunni um hugsanlegan framtíðarveg á milli landsfjórðunga eða Suður- og Norðurlands um Sprengisand og síðar með tengingu til Austurlands. Brú á Þjórsá við Þjórsárholt í framhaldi af uppbyggingu landvegar opnar síðan enn meiri möguleika á samstarfi uppsveita Rangárvallasýslu og Árnessýslu í atvinnu- og menningarmálum.

Mikið samstarf í atvinnumálum er milli sveitarfélaga á þessu svæði og í umræðu er skipulegt átak í atvinnumálum á milli Hrunamannahrepps, Biskupstungnahrepps, Gnúpverjahrepps, Skeiðahrepps, Laugardalshrepps og Grímsneshrepps. Miklar framfarir urðu í því efni þegar sveitarfélögin byggðu upp límtrésverksmiðju á Flúðum og síðan Ylein-ingu í Reykholti. Brú á Hvítá og vegur milli þessara vinnustaða og kjarnabyggða mundi styrkja atvinnusvæðið og nauðsynlegt samstarf. Vegalengd milli þessara staða er nú 35 km en yrði með brú á Hvítá aðeins 10 km. Fyrir liggur viljayfirlýsing um að brú á Hvítá

hjá Hvítárholti og Bræðratungu sé næsta stórverkefni í vegagerð á Suðurlandi í framhaldi af Kúðafljótsbrú. Slík úttekt, sem felst í þessari þingsályktunartillögu, kynni að leiða til að þessari nauðsynlegu brúargerð yrði flýtt. Þegar liggur fyrir ákvörðun um uppbyggingu vegar frá Brúará að Múla. Enn fremur er mikilvægt að byggja upp ýmsa styttri vegi til að gera svæðið að heilsteyptu atvinnusvæði, svo sem Reykjaveginn sem er tenging milli Laugarvatnsvegar og Biskupstungnabrautar yfir Torfastaðaheiði. Einnig er mikilvægt að ljúka við að byggja upp veginn frá Felli í Biskupstungum að Múla sem er umferðaræðin í gegnum Biskupstungnahrepp en þar fara flestir um á leið sinni að Gullfossi og Geysi. Jafnnauðsynleg og brú á Hvítá hjá Bræðratungu er leysir hún ekki af hólmi brúna hjá Brúarhlöðum. Halda ber áfram og hraða uppbyggingu vegarins upp Hrunamannahrepp að Brúarhlöðum. Sá vegur er aðalvegur um öflugt framleiðslusvæði og hefur jafnframt fest í hugum ferðamanna sem óvenjufögur leið og hluti af „gullhringnum" svokallaða, enda er brú á þessum stað byggð yfir klettagljúfur þar sem Hvítá fellur fram. Þessi brú tengir Hrunamannahrepp við Gullfoss og Geysissvæðið og auðveldar samskipti á milli fólks í uppsveitum Hrunamannahrepps og Biskupstungnahrepps. Vegur vestan Brúarhlaða hefur verið lagfærður og er allgóður og er því um að ræða tiltölulega stuttan vegarkafla að austanverðu sem byggja þarf upp til að „gullhringurinn" verði í góðu ásigkomulagi. Vegur í Gnúpverjahreppi frá Árnesi inn í Þjórsárdal er enn í ófremdarástandi og þarf bæði vegna ferðamanna og ferða innan sveitar og vikurflutninga af Heklusvæðinu á uppbyggingu að halda sem fyrst.

Hér er ekki minnst á Skálholtsveg en eins og flestum er kunnugt er ekki kominn vegur að Skálholti með bundnu slitlagi en nú þegar náðst hefur samstaða um vegarstæði fram hjá Skálholti hlýtur að vera samstaða um að ljúka gerð þess vegar þar sem þetta þúsund ára höfuðból kristni á Íslandi á í hlut.

Í uppsveitum Árnessýslu búa nú 2.500 manns. Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að gera úttekt á því hvort umræddar samgöngubætur mundu efla svæðið sem eina heild og styrkja það til nýrrar sóknar. Mikilvægt er að Byggðastofnun og samtök sveitarfélaga um átak í atvinnumálum í uppsveitum Árnessýslu taki fullan þátt í þessu verkefni.

Fylgiskjal.


Gullfoss
Múli
IV
Efrireykir
Laugarvatn
Fell
Brúará
III
Bræðratunga
Stóra - Laxá
Reykholt
Hvítá
I
Flúðir
Skálholt
Þjórsá
Þingvellir
Gjábakki
II
Lyngdalsheiði
Hveragerði
Selfoss
I Bræðratunguvegur
Brú á Hvítá hjá Bræðratungu
II Gjábakkavegur
Laugarvatn - Gjábakki, norðan Lyngdalsheiðar
III Reykjavegur
Torfastaðir - Efrireykir, um Torfastaðaheiði
IV Biskupstungnabraut
Fell - Múli

526. Fyrirspurn [335. mál]

til sjávarútvegsráðherra um stuðning við rannsóknir og þróun í fiskvinnslu.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hverju sætir að íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum eða samtökum þeirra standa ekki til boða sérstök lán eða styrkir til rannsókna og þróunarvinnu við fullvinnslu íslensks sjávarafla?

Hyggst ríkisstjórnin gera einhverja bragarbót þar á?

527. Fyrirspurn [336. mál]

til iðnaðarráðherra um markaðsátak í rafmagnssölu.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur orðið árangurinn af átaki Landsvirkjunar til þess að auka rafmagnssölu á innanlandsmarkaði, mælt í gwst. og í krónum?
2. Hversu stór hluti tekjuaukningarinnar varð af raforkusölu til stóriðju og hversu stór af sölu á rafmagni til annarra atvinnugreina?
3. Eru fyrirhugaðar frekari ráðstafanir til þess að auka raforkusölu á vegum Landsvirkjunar?

528. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur í umfjöllun sinni um málið skoðað umsagnir hafnar- og sveitarstjórna víðs vegar að af landinu. Einnig lágu fyrir umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Hafnasambandi sveitarfélaga og Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða.

Í mörgum af þessum umsögnum komu fram alvarlegar athugasemdir og tillögur um breytingar og ákveðin tilmæli um að fresta málinu svo að betri tími gæfist til að ræða hin ýmsu ágreiningsefni. Mikill ágreiningur er um þá skipan sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, þ.e. að hafnir geti orðið hlutafélög sem megi taka þátt í öðrum atvinnurekstri þótt þær hafi verið byggðar upp fyrir opinber framlög. Þrátt fyrir að meiri hluti nefndarinnar leggi til að fallið verði frá fyrirætlunum um að eigendur hafna, sem njóta styrks frá hinu opinbera, geti verið hlutafélög er enn gert ráð fyrir að hafnir geti orðið hluthafar í ýmissi starfsemi sem tengist rekstri þeirra. Þannig geta framlög hins opinbera orðið til að skekkja samkeppnisaðstöðu fyrirtækja í framtíðinni. Þá er mjög mikill ágreiningur um þær breytingar sem gert er ráð fyrir að verði á kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í hafnarmannvirkjum.

Ákvæði um 25% álag á vörugjöld sem renni í Hafnabótasjóð er mótmælt kröftuglega af mörgum aðilum. Þarna er á ferðinni mjög óheppilegur gjaldstofn og dæmi eru um að þetta gjald sé lagt þrisvar sinnum á sömu vöru. Þessu til viðbótar er fjölmörgum atriðum mótmælt í umsögnunum. Þá er ráðherra í 40. gr. falið víðtækt reglugerðarvald og sjálfdæmi gagnvart öllum breytingum sem í framtíðinni kunna að verða á Evrópska efnahagssvæðinu.

Minni hlutinn er sammála mörgu af því sem fram kemur í umsögnum og hefur gert ítrekaðar tilraunir til að fá fram breytingar á ákvæðum frumvarpsins. Á fundum nefndarinnar hefur komi í ljós að ekki er nægur vilji til staðar hjá meiri hlutanum til að koma til móts við sjónarmið minni hlutans.

Minni hlutinn telur að þetta mál sé ekki nógu vel undirbúið þótt vissulega hefði átt að vera til þess nógur tími þar sem málið var lagt fram á síðasta þingi. Minni hlutinn gerði þá strax miklar athugasemdir við frumvarpið.

Meiri hlutinn hefur ekki viljað taka nægilegt tillit til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið og stefnir að því að afgreiða málið með breytingum sem ekki eru nægar að mati minni hlutans.

Minni hlutinn mótmælir þessum fyrirætlunum harðlega. Ágreiningur er um mörg og stór atriði í frumvarpinu. Telur minni hlutinn að gera þurfi grundvallarbreytingar á því og að ekki þjóni tilgangi að flytja breytingartillögur við frumvarpið og leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 31. jan. 1994.

Jóhann Ársælsson, frsm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Stefán Guðmundsson.

Guðni Ágústsson.

529. Fyrirspurn [337. mál]

til umhverfisráðherra um leyfi til veiða á ref í friðlandinu á Hornströndum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur verið sótt um leyfi landeigenda og Náttúruverndarráðs til að veiða ref í friðlandinu á Hornströndum frá því að það var friðlýst?
2. Hefur verið sótt um leyfi sýslumanns til að nota skotvopn við refaveiðar í friðlandinu á Hornströndum frá því að það var friðlýst?
3. Ef ekki hefur verið sótt um leyfi landeigenda eða sýslumanns, hver er þá skýringin á því að árlega eru stundaðar refaveiðar í friðlandinu án heimilda?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að ríkissjóður hætti að greiða kostnað við refaveiðar í friðlandinu á Hornströndum?

530. Tillaga til þingsályktunar [338. mál]

um lagaráð Alþingis.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að setja á stofn lagaráð til ráðgjafar um lögfræðileg álitaefni, einkum hvað varðar stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar og til að gæta lagasamræmis. Skylt verði að leggja fyrir lagaráð öll stjórnarfrumvörp þar sem reyna kann á ákvæði stjórnarskrár.

Lagaráð skal skipað þremur mönnum, einum tilnefndum af Lagastofnun háskólans, einum tilnefndum af Lögfræðingafélagi Íslands og einum tilnefndum af Dómarafélagi Íslands. Skulu þeir fullnægja skilyrðum um embættisgengi hæstaréttardómara.

Nefndir Alþingis og þingflokkar geta leitað álits lagaráðs.

Kostnaður við störf lagaráðs greiðist af Alþingi.

Greinargerð.

Alþingi skortir mjög óháðan aðila til að kanna og kveða upp úr um lögfræðileg álitaefni. Þetta er einkum bagalegt þegar um er að ræða viðkvæm deilumál er snerta stjórnarskrá Íslands, mannréttindamál og alþjóðlegar skuldbindingar og þegar gæta þarf lagasamræmis. Við síðustu endurskoðun þingskapalaga var rædd sú hugmynd að setja á stofn sérstaka stjórnlaganefnd, skipaða alþingismönnum. Sú hugmynd hlaut ekki byr að því sinni.

Alþingismenn geta leitað ráðgjafar hjá skrifstofu Alþingis og enn fremur geta þingflokkarnir leitað sér lögfræðilegrar ráðgjafar hjá starfsmönnum eða annars staðar. Loks hafa ráðuneytin á sínum snærum lögfræðinga og leita einnig ráðgjafar annars staðar.

Þetta er þó ekki nægilegt þegar um viðkvæm og flókin úrlausnarefni er að ræða. Enginn óháður aðili er til staðar til að fást við slík mál. Að sjálfsögðu eru starfsmenn þingflokka háðir sínum flokkum og starfsmenn ráðuneyta lúta húsbóndavaldi ráðherra sinna. Sama kann að gilda þegar ráðherra velur tiltekna lögfræðinga til að kanna ákveðin mál. Að sjálfsögðu kemur til tortryggni hjá stjórnarandstöðu varðandi álit frá mönnum ráðherra og þingmenn annarra flokka kunna að rengja niðurstöður frá starfsmönnum þingflokks.

Ríkisendurskoðun var þar til 1987 deild í fjármálaráðuneyti og laut stjórn fjármálaráðherra. Þessu var breytt að tilhlutan ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og Ríkisendurskoðun gerð að óháðri sjálfstæðri stofnun undir Alþingi. Engum blandast hugur um að þetta var mikið framfaraspor. Ríkisendurskoðun öðlaðist sjálfstæði við það að verða óháð fjármálaráðherra og hefur eftir breytinguna getað beitt sér af öryggi og jafnvel beint gagnrýni að fjármálaráðherra. Þannig er Ríkisendurskoðun orðin öflug og þörf stofnun í stjórnkerfi okkar.

Meðal grannþjóða okkar er lögfræðilegri ráðgjöf við þjóðþingin háttað með ýmsu móti.

Danska þingið hefur látið taka saman yfirlit um lögfræðilegt eftirlit og sérfræðiráðgjöf í ýmsum þjóðþingum Evrópuríkja og fylgir yfirlitið, dags. 5. september 1991, hér með sem fskj. II.

Í öllum þessum ríkjum hvílir sú *skylda* á þingforseta að athuga hvort frumvörp séu í samræmi við stjórnarskrá áður en þau eru tekin á dagskrá. Ef samt sem áður koma upp efasemdir við meðferð máls um hvort það sé í samræmi við stjórnarskrá er mismunandi úrræðum beitt í einstökum ríkjum.

Danir hafa til þessa beitt þeirri aðferð að forseti þingsins hefur, í samráði við þingskapalaganefndina, notið ráðgjafar lagadeildar og nefndadeildar þingsins og lagadeildar dómsmálaráðuneytis. Þetta hefur valdið gagnrýni og eru uppi hugmyndir um stofnun sérstaks lagaráðs þar sem álit dómsmálaráðuneytis gætu verið vilhöll. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Pauls Nyrups Rasmussens er kveðið á um stofnun lagaráðs: „Ríkisstjórnin mun í samráði við þingflokkana leggja fram frumvarp til laga um lagaráð. Lagaráðið skal vera ráðgefandi um meginálitamál, sérstaklega hvað varðar túlkun stjórnarskrár, skyldur vegna mannréttinda og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar."

Ekki leikur vafi á að sú skipan, sem Alþingi hefur búið við, er ófullnægjandi og ekki svo markviss sem víðast annars staðar. Að vísu getur Hæstiréttur dæmt endanlega í slíkum málum en það gerist ekki fyrr en lög hafa verið sett og mál höfðað. Þetta er óskynsamleg skipan. Réttara væri að óháður aðili kæmist að niðurstöðu um álitamál strax er frumvarp væri til meðferðar. Að sjálfsögðu hefði Hæstiréttur eftir sem áður síðasta orðið ef svo færi að á Alþingi væru samþykkt lög er einhver teldi fara í bága við stjórnarskrá og hæfi málarekstur.

Þess má að lokum geta að árið 1929 voru sett lög um laganefnd, nr. 48 frá 14. júní. Þessi lög hafa aldrei verið virk og sú skipan, sem þar var ákveðin, er ekki markviss, sjá fskj. I.

Nauðsyn ber til að koma upp sjálfstæðum óháðum aðila á vegum Alþingis til að fjalla um lögfræðileg álitamál og með því mætti forðast langvinnar deilur um viðkvæm úrlausnarefni.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og varð þá eigi útrætt. Síðan hafa þeir atburðir gerst er sýna enn frekar nauðsyn þess að stofnað verði lagaráð Alþingis.

Tvö fylgiskjöl fylgdu þingsályktunartillögu þessari. Þau eru samhljóða þeim tveimur fylgiskjölum sem prentuð voru með máli sama efnis er það var flutt á 116. löggjafarþingi 1992–93. Á fskj. I voru lög um laganefnd, nr. 48/1929, og á fskj. II minnisblað um lögfræðilegt og stjórnskipulegt eftirlit og sérfræðiþekkingu sem beitt er í tengslum við löggjafarstörf í nokkrum Evrópulöndum.

Um þessi fylgiskjöl vísast til þskj. 755, 441. mál 116. löggjafarþings, bls. 4300–4309 í A-deild Alþt. 1992–93.

531. Fyrirspurn [339. mál]

til forsætisráðherra um aðgerðir til að sporna við vaxandi atvinnuleysi.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Í hvaða verkefni verður farið á næstu vikum og mánuðum á vegum ríkissjóðs og stofnana ríkisins sem sérstaklega er ætlað að draga úr atvinnuleysi? Verður staða byggðarlaga þar sem skerðing veiðiheimilda er aðalorsök minnkandi atvinnu skoðuð sérstaklega? Hve mikið fjármagn er áætlað til þessara verkefna, sundurliðað eftir ráðuneytum og verkefnum?
2. Hve mikið fjármagn fer til nýrrar atvinnusköpunar? Hvað getur þar verið um mörg ársverk að ræða?
3. Hve mikið fjármagn fer til rannsókna- og þróunarstarfa á þessu ári? Hve mikið hefur farið til rannsókna í þágu atvinnuveganna sl. 10 ár? Hvaða tilraunaverkefni njóta forgangs í formi styrkja? Hve háar fjárhæðir er um að ræða? Upplýsingar séu á föstu verðlagi 1993.
4. Hvernig hyggst ríkisstjórnin koma á fót lánasjóði þar sem veitt séu áhættulán til nýrra atvinnugreina?
5. Stendur ekki til að hætta við áform um einkavæðingu ríkisfyrirtækja þar sem greinilegt er að fækkun starfa fylgir í kjölfarið?
6. Á hvern hátt verður sérstaklega brugðist við því að atvinnuleysi er mun meira meðal kvenna en karla?
7. Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á lögum um atvinnuleysistryggingar til að beita þeim meira til atvinnuaukningar? Verður bótaréttur rýmkaður, t.d. fyrir námsmenn?
8. Hvernig verður stuðlað að því að íslensk fyrirtæki hafi jafna möguleika og erlend fyrirtæki til að bjóða í verk á vegum ríkisins? Er hugsanlegt að breyta reglum íslenskum fyrirtækjum í vil?
9. Hafa stjórnvöld í hyggju að beita sér fyrir styttingu vinnutíma án kjaraskerðingar í því skyni að skapa fleiri störf?
10. Hvaða vinnumarkaðsaðgerðir eru fyrirhugaðar? Verður komið á verkþjálfunarnámskeiðum fyrir ungt fólk? Verður þeim sem orðnir eru 60 ára og eldri boðinn sá valkostur að minnka við sig vinnu án launaskerðingar?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Atvinnuleysið er orðin staðreynd hér á landi. Það er ekki lengur sveiflubundið að neinu ráði líkt og áður var eftir árstíðum. Samkvæmt tölum frá vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins var atvinnuleysið 6,3% í desember sl. Atvinnulausir 31. desember 1993 voru alls 9.682 á atvinnuleysisskrá á landinu öllu eða 3.020 fleiri en í lok nóvember. Atvinnuleysið hafði aukist um 32% frá desember 1992. Atvinnuleysisdagar hafa ekki áður mælst fleiri í desember.

Í nýlegri utandagskrárumræðu um atvinnuleysið sem fram fór 27. janúar sl. var krafist aðgerða af hálfu stjórnvalda. Ekki komu fram nægilega skýr svör um það til hvaða aðgerða yrði gripið. Því er ástæða til að krefjast frekari svara með skriflegri fyrirspurn.

532. Fyrirspurn [340. mál]

til umhverfisráðherra um þjóðgarða, fólkvanga og friðlýst svæði.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hver eru mörk þjóðgarða, fólkvanga og friðlýstra svæða á landinu?
2. Hver er lagagrundvöllur hvers þeirra?
3. Hver fer með náttúruvernd og vernd sérstaklega friðlýstra náttúruminja eða fylgist með ástandi þeirra?
4. Hver er réttarstaða eignarlanda og annarra fasteigna á þessum svæðum? Hvernig er háttað tengslum við eigendur þeirra og hvaða sérstaða hefur skapast um þessi mál ef byggð hefur lagst í eyði?
5. Hver fer með skipulags- og byggingarmál þeirra? Hver hefur frumkvæði að skipulagsgerð? Á hvaða stigi er hún eða landnýtingaráætlanir? Hver veitir leyfi til byggingar sumarbústaða og annarra mannvirkja? Hvaða sérstaða hefur skapast um þessi mál ef sveitarfélag hefur lagst í eyði?

Skriflegt svar óskast.

533. Frumvarp til laga [341. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Við 52. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 1. mgr., svohljóðandi:

Innflutningur á þeim vörum, sem tilgreindar eru í viðauka með lögum þessum og flokkast í þar til greind tollskrárnúmer, er óheimill nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra. Ráðherra setur nánari ákvæði um leyfisveitingar með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

VIÐAUKI

Vörur sem háðar eru innflutningsleyfi landbúnaðarráðherra.

0201		**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt:**
	0201.1000	–Skrokkar og hálfir skrokkar
	0201.2000	–Sneitt á annan hátt, með beini
	0201.3000	–Beinlaust
0202		**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst:**
	0202.1000	–Skrokkar og hálfir skrokkar
	0202.2000	–Sneitt á annan hátt, með beini
	0202.3000	–Beinlaust
0203		**Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**
		–Nýtt eða kælt:
	0203.1100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar
	0203.1200	– – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini
	0203.1900	– – Annað
		–Fryst:
	0203.2100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar
	0203.2200	– – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini
	0203.2900	– – Annað
0204		**Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**
	0204.1000	–Lambaskrokkar, heilir og hálfir, nýir eða kældir
		–Annað kindakjöt, nýtt eða kælt:
	0204.2100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar
	0204.2200	– – Sneitt á annan hátt, með beini
	0204.2300	– – Beinlaust
	0204.3000	–Lambaskrokkar, heilir og hálfir, frystir
		–Annað kindakjöt, fryst:
	0204.4100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar
		– – Sneitt á annan hátt, með beini:
	0204.4201	– – – Svið (sviðahausar)
	0204.4209	– – – Annað
	0204.4300	– – Beinlaust
	0204.5000	–Geitakjöt
0205	0205.0000	**Kjöt af hrossum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst**

0206		**Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst:**
	0206.1000	–Af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt
		–Af dýrum af nautgripakyni, fryst:
	0206.2100	– – Tunga
	0206.2200	– – Lifur
	0206.2900	– – Annað
	0206.3000	–Af svínum, nýtt eða kælt
		–Af svínum, fryst:
	0206.4100	– – Lifur
	0206.4900	– – Annað
	0206.8000	–Annað, nýtt eða kælt
	0206.9000	–Annað, fryst
0207		**Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst:**
	0207.1000	–Alifuglar ekki skornir í hluta, nýir eða kældir
		–Alifuglar ekki skornir í hluta, frystir:
	0207.2100	– – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus
	0207.2200	– – Kalkúnar
	0207.2300	– – Endur, gæsir og perluhænsni
		–Sneiðar og hlutar af alifuglum (einnig lifur), nýtt eða kælt:
	0207.3100	– – Fitulifur gæsa og anda
	0207.3900	– – Annað
		–Sneiðar og hlutar af alifuglum annað en lifur, fryst:
	0207.4100	– – Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus
	0207.4200	– – Af kalkúnum
	0207.4300	– – Af öndum, gæsum eða perluhænsnum
	0207.5000	–Alifuglalifur, fryst
0208		**Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:**
	0208.1000	–Af kanínum eða hérum
	0208.2000	–Froskafætur
		–Annað:
	0208.9003	– – Rjúpur, frystar
	0208.9005	– – Selkjöt, fryst
	0208.9006	– – Hreindýrakjöt, fryst
Úr	0208.9009	– – Annars, þó ekki hvalkjöt og hvalafurðir
0209	0209.0000	**Svínafita án magurs kjöts og alifuglafita (óbrædd), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt**

0210		**Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:**
		–Svínakjöt:
	0210.1100	– – Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini
	0210.1200	– – Slög og sneiðar af þeim
	0210.1900	– – Annað
	0210.2000	–Kjöt af dýrum af nautgripakyni
		–Annað, þar með talið ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:
	0210.9001	– – Alifuglalifur, þurrkuð eða reykt
	0210.9002	– – Kindakjöt, saltað
	0210.9003	– – Kindakjöt, reykt (hangikjöt)
Úr	0210.9009	– – Annars, þó ekki hvalkjöt og hvalafurðir
0401		**Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**
	0401.1000	–Með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1% miðað við þyngd
	0401.2000	–Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd
	0401.3000	–Með fituinnihaldi sem er meira en 6% miðað við þyngd
0402		**Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**
	0402.1000	–Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1,5% miðað við þyngd
		–Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er meira en 1,5% miðað við þyngd:
	0402.2100	– – Án viðbætts sykurs eða annars sætiefnis
	0402.2900	– – Annað
		–Annað:
	0402.9100	– – Án viðbætts sykurs eða annars sætiefnis
	0402.9900	– – Annars
0403		**Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefír og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:**
		–Jógúrt:
	0403.1001	– – Kakaóblandað
	0403.1002	– – Blandað með ávöxtum eða hnetum
	0403.1003	– – Drykkjarjógúrt
	0403.1004	– – Bragðbætt, ót.a.
	0403.1009	– – Annað

		–Annað:
	0403.9001	– – Kakaóblandað
	0403.9002	– – Blandað með ávöxtum eða hnetum
	0403.9003	– – Drykkjarvara
	0403.9004	– – Bragðbætt, ót.a.
	0403.9009	– – Annars
0404		**Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrlegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.:**
	0404.1000	–Mysa og umbreytt mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
	0404.9000	–Annað
0405	0405.0000	**Smjör og önnur fita og olía fengið úr mjólk**
0406		**Ostur og ystingur:**
	0406.1000	–Nýr ostur (óþroskaður eða ógerjaður), einnig mysuostur og ystingur
	0406.2000	–Hvers konar rifinn eða mulinn ostur
	0406.3000	–Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn
	0406.4000	–Gráðostur
	0406.9000	–Annar ostur
0407	0407.0000	**Fuglsegg, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin**
0408		**Fuglsegg, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**
		–Eggjarauða:
	0408.1100	– – Þurrkuð
	0408.1900	– – Önnur
		–Annað:
	0408.9100	– – Þurrkað
	0408.9900	– – Annars
0410	0410.0000	**Ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.**
0602		**Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:**
		–Annað:
Úr	0602.9900	– – Tré og runnar, ót.a.

0604		**Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**
	0604.9101	– – – Jólatré, án rótar; jólatrésgreinar
1501		**Hreinsuð svínafeiti (Lard); önnur svína- og alifuglafeiti, brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin:**
		–Beinafeiti og úrgangsefnafeiti:
	1501.0011	– – Til matvælaframleiðslu
	1501.0019	– – Annars
		–Önnur:
	1501.0021	– – Til matvælaframleiðslu
	1501.0029	– – Annars
1502		**Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum, hrá eða brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin:**
		–Beinafeiti og úrgangsefnafeiti:
	1502.0011	– – Til matvælaframleiðslu
	1502.0019	– – Annars
		–Annað:
	1502.0021	– – Til matvælaframleiðslu
	1502.0029	– – Annars
1503		**Svínafeitisterín, svínaolía, tólgarsterín, oleóolía og tólgarolía, ekki gert að fleyti, eða unnið á annan hátt:**
	1503.0001	–Til matvælaframleiðslu
	1503.0009	–Annars
1601		**Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum:**
	1601.0001	–Blóðmör og lifrarpylsa
	1601.0009	–Annað
1602		**Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum:**
	1602.1000	–Jafnblönduð matvæli
	1602.2000	–Úr dýralifur
		–Úr alifuglum í nr. 0105:
	1602.3100	– – Úr kalkún
	1602.3900	– – Annað
		–Úr svínum:
	1602.4100	– – Læri og lærissneiðar
	1602.4200	– – Bógur og bógsneiðar
	1602.4900	– – Annað, þar með taldar blöndur
	1602.5000	–Úr nautgripum
	1602.9000	–Annars, þar með talin framleiðsla úr hvers konar dýrablóði

1901		**Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaóduft eða inniheldur kakaó sem að magni til er innan við 50% miðað við þunga, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401–0404 sem ekki innihalda kakaóduft eða innihalda kakaóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þunga, ót.a.:**
		– – Sem innihalda samanlagt 3% eða meira af nýmjólkurdufti, undanrennudufti, eggjum, mjókurfitu (svo sem smjöri), osti eða kjöti:
	1901.2023	– – – Blöndur og deig, með kjötinnihaldi til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítsur (pizza), í nr. 1905.9051
	1901.2024	– – – Blöndur og deig, með öðru innihaldi en kjöti, til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítsur (pizza) í nr. 1905.9059
1902		**Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:**
		–Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
	1902.2002	– – Með fyllingu sem inniheldur að magni til meira en 20% miðað við þunga af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því
Úr	1902.2009	– – Önnur sem inniheldur kjöt
Úr	1902.3000	–Önnur pasta sem inniheldur kjöt
Úr	1902.4000	–Couscous sem inniheldur kjöt
1904		**Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt:**
Úr	1904.9000	–Annað sem inniheldur kjöt
1905		**Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur:**
		– – Bökur, þ.m.t. pítsur (pizza):
	1905.9051	– – – Sem innihalda kjöt
	1905.9059	– – – Aðrar
2104		**Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli:**
		–Súpur og seyði og framleiðsla í það:
Úr	2104.1004	– – Aðrar súpur sem innihalda kjöt
Úr	2104.1009	– – Annað sem inniheldur kjöt
2105		**Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi:**
Úr	2105.0001	–Sem inniheldur kakaó, úr mjólkurafurðum
Úr	2105.0009	–Annar, úr mjólkurafurðum

2106		**Matvæli, ót.a.:**
		– – Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:
Úr	2106.9029	– – – Önnur sem innihalda að einhverju leyti smjör, aðra fitu, olíu eða eggjahvítu úr mjólk
Úr	2106.9049	– – Framleiðsla að meginstofni úr feiti og vatni sem inniheldur meira en 15% af smjöri eða annarri mjólkurfitu miðað við þyngd
Úr	2106.9059	– – Annað sem inniheldur að einhverju leyti smjör, aðra fitu, olíu eða eggjahvítu úr mjólk
2202		**Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009:**
		–Annað:
	2202.9001	– – Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða

Við gildistöku bókunar 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið bætast við eftirfarandi vörur:

Tollskrárnúmer		Vörutegund
1517		**Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516:**
		–Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki:
		– – Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga:
	1517.1011	– – – Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna
	1517.1019	– – – Annars
		–Annað:
	1517.9002	– – Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjókurfitu miðað við þunga
2103		**Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:**
		–Annað:
Úr	2103.9009	– – Annars, sem inniheldur kjöt

2104		**Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli:**
		–Súpur og seyði og framleiðsla í það:
Úr	2104.1004	– – Aðrar súpur sem innihalda kjöt
Úr	2104.1009	– – Annað, sem inniheldur kjöt
		–Jafnblönduð samsett matvæli:
	2104.2001	– – Sem innihalda kjöt eða kjötúrgang

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tilefni af dómi Hæstaréttar sem kveðinn var upp 20. janúar 1994 í málinu: Hagkaup hf. gegn landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Í þeim dómi var 52. gr. búvörulaga, nr. 99/1993, túlkuð með þeim hætti að ekki fælist í henni sjálfstæð regla er bannaði innflutning landbúnaðarvara nema að fengnum sérstökum heimildum stjórnvalda. Áður hafði héraðsdómur komist að gagnstæðri niðurstöðu. Lög nr. 126/1993, um breytingu á búvörulögum, þykja eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar ekki fela í sér með ótvíræðum hætti bann við innflutningi landbúnaðarvara, svo sem Alþingi taldi við setningu þeirra laga.

Markmið frumvarps þessa er að tryggja í löggjöf að innflutningur tiltekinna landbúnaðarvara verði háður leyfi fram að gildistöku Úrúgvæsamnings GATT.

Landbúnaðarvörur þær, sem bannað er að flytja inn skv. 1. gr. frumvarpsins, eru tilgreindar í viðauka með lögunum. Um er að ræða sömu skilgreiningu og sömu vöruflokka og koma fram í 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 401/1993 um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara. Að auki eru nokkrar fleiri vörutegundir sem heyra undir milliríkja- eða fríverslunarsamninga sem Ísland er aðili að. Innflutningur þeirra verður áfram heimilaður á grundvelli 72. gr. búvörulaga. Þeim er bætt í viðaukann til þess að auka við heimildir til álagningar verðjöfnunargjalda.

Gildistaka Úrúgvæsamnings GATT leiðir m.a. til kerfisbreytinga í innflutningsmálum landbúnaðarins. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa nefnd með fulltrúum fimm ráðuneyta til að endurskoða í heild ákvæði innflutningslöggjafar í því skyni að tryggja að hún verði í samræmi við skuldbindingar GATT.

534. Fyrirspurn [342. mál]

til félagsmálaráðherra um unglingaheimilið í Stóru-Gröf.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hver eru áform ráðuneytisins um áframhaldandi rekstur unglingaheimilis í Stóru-Gröf, Skagafirði?

535. Fyrirspurn [343. mál]

til félagsmálaráðherra um gerð þriggja ára áætlunar um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélaga.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvaða sveitarfélög hafa gert þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins árin 1990, 1991, 1992 og 1993?
2. Hvernig er háttað eftirliti ráðuneytisins með því að lagaákvæði um áætlanagerðina sé framfylgt?

536. Fyrirspurn [344. mál]

til menntamálaráðherra um styrki úr Íþróttasjóði.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvaða íþróttafélögum eða íþróttasamtökum hefur verið veittur styrkur úr Íþróttasjóði til byggingar íþróttamannvirkja árlega frá 1990?
2. Hve háar fjárhæðir hafa runnið til slíkra verkefna árlega frá 1990, sundurliðað eftir árum og íþróttafélögum?

Skriflegt svar óskast.

537. Fyrirspurn [345. mál]

til utanríkisráðherra um útflutning á ferskum fiski.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu mikið var flutt út af ferskum fiskflökum á árunum 1990–1993? Svar óskast sundurliðað eftir magni og verðmæti á sambærilegu verðlagi.
2. Hvernig skiptist þessi útflutningur eftir fisktegundum og markaðslöndum, sundurliðað eftir magni og verðmæti á sambærilegu verðlagi?
3. Hve miklar voru heildartollgreiðslur af þessum útflutningi?
4. Hvaða áhrif hefur GATT-samkomulagið og EES-samningurinn á tollgreiðslur af þessum útflutningi?

Skriflegt svar óskast.

538. Fyrirspurn [346. mál]

til utanríkisráðherra um íslenskt heiti á „European Union“.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hver er tillaga utanríkisráðuneytisins um opinbert íslenskt heiti og skammstöfun á „European Union“ sem varð til með gildistöku Maastricht-sáttmálans 1. nóvember 1993?

539. Fyrirspurn [347. mál]

til utanríkisráðherra um EES-pakka II.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Er lokið formlegum samningum EFTA og EB um þær nálægt 400 gerðir (EES-pakka II) sem Evrópubandalagið hefur afgreitt frá 1. ágúst 1991 að telja og varða EES-samningssviðið? Sé svo ekki, hver er staða samninga um það efni?
2. Í hvaða formi hyggst ríkisstjórnin leita eftir staðfestingu Alþingis á þessum gerðum?
3. Hvenær verða textar þessara gerða í heild lagðir fram á Alþingi á íslensku?
4. Hvenær telur ríkisstjórnin að afstaða Alþingis til þessara gerða þurfi að liggja fyrir?

Skriflegt svar óskast.

540. Fyrirspurn [348. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um styrk vegna ferða til tannréttinga.

Frá Guðmundi Stefánssyni.

1. Hversu miklar voru greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins í ferðakostnað vegna tannréttinga árin 1992 og 1993:
   a. tannréttinga sem gerðar voru vegna alvarlegra tilfella,
   b. tannréttinga sem metnar voru vegna útlitslýta eingöngu?
   Ef þessi sundurliðun er ekki til óskast heildartala upp gefin.
2. Eru áform um að taka upp á ný greiðslu ferðakostnaðar vegna þeirra tannréttinga sem ekki teljast vera vegna alvarlegra tilfella og ef svo er, hvernig verður þeim greiðslum hagað og hvenær má vænta þess að nýjar reglur í þessu efni taki gildi?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Sérfræðingar í tannréttingum eru allir starfandi í Reykjavík utan einn sem starfar á Akureyri. Að nokkru leyti er einnig tannréttingaþjónusta á fáeinum stærri stöðum á landinu. Búseta fólks skiptir því miklu um það hvort fólk hefur tök og efni á að nýta sér þjónustu sérfræðinga í tannréttingum. Eftir að greiðsla ferðakostnaðar féll niður um sl. áramót hefur þessi mismunun enn aukist og var þó ærin fyrir á ýmsum öðrum sviðum. Þeir sem þurfa á þjónustu sérfræðinga í tannréttingum að halda eru í flestum tilfellum börn og unglingar. Þau hafa ekki sjálf valið sér búsetu og það gerir þessa mismunun enn frekar óviðunandi.

541. Fyrirspurn [349. mál]

til samgönguráðherra um setningu reglugerða um flutningastarfsemi á grundvelli EES-samningsins.

Frá Sigurði Rúnari Friðjónssyni.

1. Hvað líður undirbúningi að nýjum reglugerðum og samræmingu á grundvelli samnings um Evrópskt efnahagssvæði um flutningastarfsemi innan lands?
2. Í hvaða mæli kalla nýjar reglur á auknar framkvæmdir, sérstaklega varðandi uppbyggingu vega og brúa?

542. Fyrirspurn [350. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hver urðu áhrif laga um breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og laga um tekjustofna sveitarfélaga á afkomu sveitarfélaga (hagnaður eða tap) miðað við að eldri lagaákvæði hefðu gilt óbreytt:

a. hreppa með færra en 300 íbúa,
b. hreppa með yfir 300 íbúa,
c. sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,
d. annarra sveitarfélaga árin 1990, 1991, 1992 og 1993?

Skriflegt svar óskast.

543. Fyrirspurn [351. mál]

til heilbrigðisráðherra um sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hvaða sjúkrahús og heilsugæslustöðvar uppfylla lagaákvæði um sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf?

544. Fyrirspurn [352. mál]

til félagsmálaráðherra um sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hvaða sveitarfélög veita sálfræði- og félagsráðgjöf sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga?

545. Fyrirspurn [353. mál]

til iðnaðarráðherra um þróun íslensks iðnaðar.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvernig hafa ársverk í iðnaði breyst eftir greinum frá 1970 til og með 1993 samkvæmt upplýsingum og áætlunum sem fyrir liggja?
2. Hvernig hafa ársverk í iðnaði breyst frá 1970 til og með 1993 eftir landshlutum samkvæmt þeim upplýsingum og áætlunum sem fyrir liggja?
3. Hvernig hefur fjöldi iðnfyrirtækja breyst eftir landshlutum frá 1980 samkvæmt þeim upplýsingum og áætlunum sem fyrir liggja?
4. Hvernig hefur framleiðni vinnuafls í iðnaði þróast frá 1981 til og með 1993 samkvæmt þeim áætlunum sem fyrir liggja miðað við 100 árið 1980?
5. Hvernig hefur markaðshlutdeild innlendra iðnaðarvara breyst frá 1977 til og með 1993 samkvæmt upplýsingum þeim og áætlunum sem fyrir liggja? Í svari óskast markaðshlutdeildin tilgreind eftir 5 til 10 vöruflokkum.
6. Hverju nemur verðmæti útfluttra iðnaðarvara — fyrir utan stóriðju — á föstu verðlagi frá 1980 til og með 1993? Hverju nemur verðmæti sömu iðnaðarvara á sama tíma sem hlutfall heildarútflutnings?
7. Hvernig hefur eiginfjárhlutfall iðnfyrirtækja breyst frá 1980 til og með 1993?
8. Hvernig hefur kaupmáttur kauptaxta iðnverkafólks þróast frá 1980 til og með 1993? En kaupmáttur ráðstöfunartekna?

Þar sem ársverk eru nefnd er höfð hliðsjón af skýrslu iðnaðarráðherra á síðasta þingi. Þar sem beðið er um upplýsingar eftir árum er átt við hvert ár fyrir sig sé þess kostur.

Skriflegt svar óskast.

546. Frumvarp til laga [354. mál]

um samfélagsþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Hafi maður verið dæmdur í allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta dóminn þannig að í stað refsivistar komi ólaunuð samfélagsþjónusta, minnst 60 klukkustundir og mest 180 klukkustundir.

Þegar um refsivist er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en þrír mánuðir.

2. gr.

Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun ríkisins eigi síðar en hálfum mánuði áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun refsivistar.
2. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum, þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.
3. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.

Áður en ákvörðun um samfélagsþjónustu er tekin skal fara fram athugun á persónulegum högum dómþola og skal rökstuddu áliti á því, hvort dómþoli sé líklegur til að geta innt samfélagsþjónustu af hendi og hvaða samfélagsþjónusta komi til greina, skilað til samfélagsþjónustunefndar.

3. gr.

Þegar samfélagsþjónusta er ákveðin skal tiltaka hversu margar klukkustundir dómþoli skuli vinna við samfélagsþjónustu í stað refsivistar. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar refsivist skal taka tillit til þess við ákvörðun um fjölda klukkustunda. 60 klukkustunda samfélagsþjónusta jafngildir eins mánaðar refsivist.

Jafnframt skal ákveða á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi, en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

Þegar refsivist er breytt í samfélagsþjónustu skal yfirlýsing dómþola fengin um það að hann vilji hlíta skilyrðum þeim sem sett eru fyrir samfélagsþjónustu. Jafnframt skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir samfélagsþjónustu og hverju það varði ef skilyrðin eru rofin.

4. gr.

Samfélagsþjónusta skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki brotlegur á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi.
2. Að dómþoli sæti á þeim tíma, sem samfélagsþjónusta er innt af hendi, umsjón og eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar.

Enn fremur má binda samfélagsþjónustu þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 2.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

5. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, samfélagsþjónustunefnd, til að taka ákvörðun um hvort orðið verði við umsókn um samfélagsþjónustu. Forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins skal eiga sæti í nefndinni. Annar hinna nefndarmannanna tveggja skal fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Þegar samfélagsþjónusta er ákveðin skal nefndin einnig tiltaka:

1. Klukkustundafjölda samfélagsþjónustu.
2. Hvar, hvernig og á hve löngum tíma samfélagsþjónusta verði innt af hendi.

Ákvarðanir samfélagsþjónustunefndar samkvæmt grein þessari eru endanlegar.

6. gr.

Fangelsismálastofnun ríkisins tekur á móti umsóknum um samfélagsþjónustu. Í samráði við formann samfélagsþjónustunefndar sér stofnunin einnig um:

1. Að afla upplýsinga um persónulega hagi dómþola, sbr. 2. mgr. 2. gr., sé umsókn ekki þegar hafnað.
2. Að undirbúa mál til meðferðar hjá nefndinni.
3. Að annast ritun fundargerða og sjá um annað skrifstofuhald fyrir nefndina.

Fangelsismálastofnun ríkisins sér um framkvæmd samfélagsþjónustu þegar hún er ákveðin.

7. gr.

Samfélagsþjónustunefnd skal þegar hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1.–2. tölul. 1. mgr. 2. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá tímafresti í 1. tölul. 2. gr.

Þegar umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu refsivistar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

8. gr.

Fremji dómþoli nýtt brot eftir að samfélagsþjónusta er ákveðin og rannsókn út af því hefst fyrir lok þess tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi ákveður dómstóll, sem fjallar um málið, refsingu í einu lagi fyrir það brot sem nú er dæmt um samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga með hliðsjón af þeim tímafjölda samfélagsþjónustu sem eigi hefur verið innt af hendi þannig að eftirstöðvar samfélagsþjónustu verði virtar með sama hætti og skilorðsdómur.

Rjúfi dómþoli skilyrði fyrir samfélagsþjónustu, sbr. 4. gr., leggur Fangelsismálastofnun ríkisins upplýsingar um það fyrir samfélagsþjónustunefnd sem ákveður hvort skilyrðum skuli breytt, tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða dómur um refsivist komi til afplánunar.

Komi refsivist til afplánunar ákveður samfélagsþjónustunefnd lengd refsivistar, að teknu tilliti til þess tíma sem dómþoli hefur varið til samfélagsþjónustu.

Ákvörðun um viðbrögð við broti á skilyrðum fyrir samfélagsþjónustu skal vera skrifleg og rökstudd og hún skal birt dómþola með sannanlegum hætti.

Þegar samfélagsþjónustunefnd ákveður að refsivist skuli koma til framkvæmda skal dómþoli þegar hefja afplánun.

Ákvarðanir samfélagsþjónustunefndar samkvæmt grein þessari eru endanlegar.

9. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um samfélagsþjónustu, framkvæmd hennar og starfshætti nefndar skv. 5. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995 og gilda til 31. desember 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 1995 skal dómsmálaráðherra þegar skipa samfélagsþjónustunefnd skv. 5. gr. sem starfar fram til 1. júlí 1995 að undirbúningi að gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp sama efnis og þetta hefur áður verið lagt fram á Alþingi á 113. og 115. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Það frumvarp var endursamið af nefnd sem Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra skipaði í október 1993 til þess að fara yfir umsagnir sem um frumvarpið hefðu borist og kanna hvort gera þyrfti á því breytingar áður en það yrði lagt fram að nýju. Í nefndinni áttu sæti Ari Edwald, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Haraldur Johannessen, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins, og Margrét Frímannsdóttir alþingismaður. Það frumvarp sem hér liggur fyrir var síðan lagt fram á Alþingi á 116. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er frumvarpið nú endurflutt óbreytt.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði tilraun með samfélagsþjónustu hér á landi, þannig að dóma um allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist megi að uppfylltum ströngum skilyrðum, þegar almannahagsmunir mæla ekki gegn því, fullnusta með ólaunaðri vinnu í þágu samfélagsins. Um forsendur samfélagsþjónustu vísast nánar m.a. til athugasemda um 1. og 2. gr. frumvarpsins. Að um tilraun er að ræða kemur fram með þeim hætti að lögunum er ætlað að gilda í tilgreindan tíma. Er gildistíminn styttur um eitt ár frá því sem ráðgert var í fyrra frumvarpi og lagt til að hann verði tvö og hálft ár frá 1. júlí 1995 að telja. Hins vegar hefur nú verið horfið að því ráði að flytja frumvarp til sjálfstæðra laga um samfélagsþjónustu, en ekki frumvarp að viðauka við almenn hegningarlög eins og áður. Þykir þetta einfaldara. Ef ákveðið verður að marka samfélagsþjónustu varanlegan sess hér á landi kemur hins vegar vel til álita að fella ákvæði um samfélagsþjónustu inn í almenn hegningarlög.

Um athugasemdir við frumvarp þetta vísast til athugasemda á þskj. 658, 374. mál 116. löggjafarþings, bls. 3835–3839 í A-deild Alþt. 1992–93. Athugasemdirnar í þessu máli eru samhljóða á 116. og 117. þingi nema ártalið 1995 kemur í stað „1994“ á fjórum stöðum í textanum: á bls. 3836 í 6. línu að ofan og á bls. 3839 í 11., 15. og 22. línu að ofan.

Frumvarpinu fylgdu þrjú fylgiskjöl.

Fskj. I, sem birt var í lausaskjalinu, er hluti af greinargerð með eldra frumvarpi sama efnis [Almenn hegningarlög (samfélagsþjónusta), 59. mál, þskj. 60] sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Um samhljóða texta vísast til þskj. 60, bls. 794–801 í A-deild Alþt. 1991–92. Á fskj. II var prentuð tafla yfir fjölda óskilorðsbundinna dóma árin 1985–1992 og vísast um það fylgiskjal til samhljóða fskj. II á þskj. 658, 374. mál 116. löggjafarþings, bls. 3840 í A-deild Alþt. 1992–93.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um samfélagsþjónustu.

Frumvarp um samfélagsþjónustu er nú lagt í fjórða sinn fyrir Alþingi. Það kom fyrst fram á 113. löggjafarþingi og var síðan endurflutt á 115. löggjafarþingi. Síðan var það endursamið af nefnd og lagt fram í breyttri mynd á 116. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Það er nú lagt óbreytt fyrir aftur.

Í frumvarpinu er lagt til að gerð verði tilraun með samfélagsþjónustu hér á landi og er henni ætlað að gilda í tvö og hálft ár frá 1. júlí 1995 til 31. desember 1997.

Í athugasemdum með frumvarpinu er samfélagsþjónusta skilgreind þannig að hún sé ein tegund viðurlaga við afbrotum sem felst í því að á brotamann er lögð sú skylda að vinna ákveðinn tímafjölda launalaust og í frítíma sínum að verkefnum sem koma þjóðfélaginu að gagni. Í 1. gr. frumvarpsins segir að hafi maður verið dæmdur í allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist er heimilt ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því að fullnusta dóminn þannig að í stað refsivistar komi ólaunuð samfélagsþjónusta. Sé um að ræða refsivist samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en þrír mánuðir.

Í 2. gr. frumvarpsins er meðal skilyrða að samfélagsþjónusta komi til álita að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun ríkisins eigi síðar en hálfum mánuði áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun refsivistar. Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna samfélagsþjónustunefnd til að taka ákvörðun um hvort orðið verði við umsókn um samfélagsþjónustu (5. gr.).

Í athugasemdum við frumvarpið er vikið að kostnaði sem af samþykkt þess kynni að leiða. Þar kemur fram að í nágrannalöndunum sé talið að samfélagsþjónusta geti komið í stað 5–7% óskilorðsbundinna refsivistardóma vegna hegningarlagabrota. Eigi þetta hlutfall við hér á landi þýðir það að samfélagsþjónustan geti komið í stað 15–20 refsivistardóma. Líklegt má telja að í framkvæmd tækju þessir dómþolar allt að fimm fangarými á ári. Meðalkostnaður á hvert fangarými í landinu nemur um 2,6 m.kr. í fjárlögum

1994. Ekki er þó talið raunhæft að gera ráð fyrir að samfélagsþjónusta lækki kostnað við rekstur fangelsa svo nokkru nemi á ofangreindu tilraunatímabili þar sem mestur hluti reksturskostnaðar við fangelsin er fastur kostnaður. Hins vegar gæti samfélagsþjónusta í stað fangavistar sparað umtalsvert fé þegar litið er til lengri tíma þar sem yfir 60% af öllum óskilorðsbundnum dómum eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

Gera verður ráð fyrir að viðbótarkostnaður við að taka upp samfélagsþjónustu geti orðið um 4–5 milljónir króna á ári á tilraunatímabilinu. Helstu kostnaðarliðir eru þá taldir laun til eins starfsmanns, nefndarkostnaður og hugsanlega laun eða þóknun til eftirlitsmanna úti á landi þar sem ekki er skilorðseftirlit. Ekki hefur verið gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna þessa í fjárlögum yfirstandandi árs.

547. Tillaga til þingsályktunar [355. mál]

um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Kristín Einarsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Ingibjörg Pálmadóttir, Svavar Gestsson, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að beita sér fyrir aukinni notkun steinsteypu til slitlagsgerðar þar sem álagsumferð er meiri en 5 þúsund bílar á dag, jafnframt til brúargerðar og á vegi við þéttbýli þar sem umferð er 5–8 þúsund bílar á sólarhring og meira. Vegagerð ríkisins hafi að markmiði við nýlagningu og endurnýjun slitlags að nota steinsteypu þar sem umferðarþungi og álag er mikið.

Greinargerð.

Mjög ítarlegar og markvissar rannsóknir hafa verið unnar á síðustu tveimur áratugum á notkun steinsteypu til vega- og gatnagerðar. Fyrir liggur að mun hagkvæmara er að nota steypu þar sem umferð og álag af völdum veðurfars og þungaflutninga er mikið. Í þessari greinargerð er vísað til meðfylgjandi gagna um rannsóknir sem unnar hafa verið og kynntar af Íslendingum. Notkun íslenskra efna til vegagerðar er kappsmál þar sem saman fara atvinnuskapandi og gjaldeyrissparandi þættir, auk meiri gæða.

Kostir frá umhverfissjónarmiði eru ótvíræðir. Í stað olíuefna, sem gufa upp og menga jarðveg og andrúmsloft eða er komið fyrir í náttúrunni þegar gömul olíuslitlög eru fjarlægð, kemur umhverfisvænt efni, alíslenskt, sem er steinsteypa.

Góða sönnun fyrir hagkvæmni steinsteypu sem bundins slitlags má finna á Akranesi. Allt frá fyrstu tíð, þ.e. frá árinu 1960, hafa steyptu slitlögin reynst þar eins og best verður á kosið. Engum fjármunum hefur verið varið til viðhalds steyptra gatna á Akranesi þau 33 ár sem þau hafa verið í notkun. Tæknimenn Akranesbæjar reikna með að steypt gata endist a.m.k. þrisvar sinnum lengur en malbikuð og er það byggt á framansögðu. Við mat á hagkvæmni slitlags kemur það enn frekar í ljós. Tilboð í 5 sm þykkt malbik á síðasta ári var ekki nema 40% ódýrara en 12 sm þykk steypa. Verðtilboð í steypu var á Akranesi á árinu 1993 1.891 kr. á fermetra miðað við 12 sm þykkt, en verðtilboð í malbik á sama tíma var 1.150 kr. á fermetra miðað við 5 sm þykkt.

Rétt er að geta þess að sementsverð er það sama á öllu landinu vegna verðjöfnunar. Á malbiki er engin verðjöfnun sem gerir það þeim mun dýrara sem flutningsleið þess er lengri frá löndunarhöfn. Enn fremur ber að hafa í huga að til lagningar malbiks þarf sérhæfð tæki og mannskap. Nær alls staðar á Íslandi er til verkþekking til gatna- og vegagerðar með steinsteypu. Eftirfarandi atriði mæla sérstaklega með steinsteypu til gatna- og vegagerðar:

— Meiri ending og minna viðhald, ekki síst við álag nagladekkja.
— Minni erlendur kostnaður, en kostnaður er óháður olíuverði sem er u.þ.b. 11% af stofnkostnaði malbiks.
— Fleiri störf hérlendis, steypustöðvar, efnisvinnsla, sementsverksmiðja.
— Minni eldsneytisnotkun (10–20%) einkum vegna harðara yfirborðs steypu og minna vatns í hjólförum.
— Minni efnamengun vegna slitryks.
— Að jafnaði grynnri hjólför og þar af leiðandi minna um slys.
— Minni kostnaður við lýsingu þar sem steypa er ljós en malbik dökkt.

Á allt of mörgum sviðum hefur hagkvæmum og atvinnuskapandi möguleikum, þar sem um hefur verið að ræða íslensk efni, verið hafnað. Erlend efni hafa verið tekin fram yfir vegna auglýsinga og áróðurs í krafti fjármagns þeirra sem hlut eiga að máli. Oft eru ákvarðanir teknar með skammtímasjónarmið í huga og án þess að reikna hagkvæmnidæmið til enda og þegar haft er í huga að eingöngu opinberir aðilar standa að slitlagagerð gefur það vissulega tilefni til sérstakrar rannsóknar og úttektar. Hliðstæð dæmi má nefna þar sem íslensk byggingarefni, sambærileg að verði og gæðum, hafa lotið í lægra haldi fyrir innfluttum byggingarvörum sem oft eru niðurgreiddar eða ríkisstyrktar. Þetta á t.d. við um eldhúsinnréttingar, fjölmarga innanstokksmuni, gipseiningar og margs konar loft- og veggplötuklæðningar. Annað dæmi, sem rétt er að nefna, er íslenskur skipasmíðaiðnaður sem er nánast rjúkandi rústir sökum samkeppni við ríkis- og atvinnubótastyrktan sambærilegan iðnað í nágrannalöndum okkar, svo sem Noregi, Danmörku, Svíþjóð og fleiri vestrænum ríkjum.

Íslensk yfirvöld verða að stemma stigu fyrir því að verkþekking og atvinnutækifæri glatist sökum andvaraleysis þegar vegið er að starfsgreinum í atvinnulífi landsmanna.

Þingsályktunartillögu þessari fylgdu tvö fylgiskjöl. Á fskj. I var birt erindi Páls Jenssonar prófessors, flutt á steinsteypudegi, 12. febrúar 1993, um steypu í gatna- og vegagerð. Á fskj. II var prentuð greinargerð frá því í mars 1992 um hástyrkleikasteypu úr íslenskum efnum eftir Ólaf Wallevik og Karsten Iversen hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

Auk þess var dreift með þingsályktunartillögunni fyrirlestri á norsku eftir Anders Grimnes yfirverkfræðing frá Nordisk Veibetong um steypta vegi í Noregi.

548. Fyrirspurn [356. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skiptingu botnfisksafla og ársverk í fiskvinnslu og fiskveiðum.

Frá Petrínu Baldursdóttur.

1. Hver hefur árleg hlutdeild útflutts óunnins botnfisks verið af heildarafla síðan 1985:
   a. í tonnum,
   b. hlutfallslega?
2. Hver hefur árleg hlutdeild frystitogara verið af botnfisksafla frá 1985:
   a. í tonnum,
   b. hlutfallslega?
3. Hver hefur árleg hlutdeild landvinnslu í botnfisksafla verið síðan 1985:
   a. í tonnum,
   b. hlutfallslega?
4. Hver hefur árleg hlutdeild fiskmarkaða verið af botnfisksafla síðan 1987:
   a. í tonnum,
   b. hlutfallslega?
5. Hvernig hefur fjöldi ársverka þróast frá 1985 í:
   a. fiskvinnslu,
   b. fiskveiðum?

Skriflegt svar óskast.

549. Tillaga til þingsályktunar [357. mál]

um heilbrigðisátak á ári fjölskyldunnar.

Flm.: Guðni Ágústsson, Finnur Ingólfsson, Ingibjörg Pálmadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir sérstöku heilbrigðisátaki í samráði við heilsugæslustöðvar, sveitarstjórnir og íþrótta- og ungmennafélög um allt land í tilefni af ári fjölskyldunnar.

Greinargerð.

Flutningsmenn hreyfa hér þeirri hugmynd að á ári fjölskyldunnar verði gert sérstakt heilbrigðisátak og einkum hugað að ýmsum innri málefnum fjölskyldunnar, svo sem heilsufari, frítíma og tómstundum, aðbúnaði barna og ungmenna svo eitthvað sé nefnt.

Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin beiti sér fyrir myndun starfshópa með fulltrúum heilsugæslustöðva, sveitarstjórna, íþrótta- og ungmennafélaga um allt land sem skipuleggi og leiði átakið. Þeim sem taka þátt í heilsuátakinu verði jafnframt boðið upp á læknisskoðun á heilsugæslustöð og hljóti fræðslu um mikilvægi hreyfingar og útivistar, kjörþyngd og hollt mataræði. Eðlilegt er að vinnuhóparnir gegni því hlutverki að skipuleggja og hvetja fjölskyldurnar til samveru og tómstundaiðju á íþrótta- og útivistarsvæðum, að ganga, skokka, hlaupa, synda o.s.frv. Einn liður af hálfu sveitarfélaganna gæti t.d. ver-

ið að allir fengju frítt í sundlaugar landsins á sunnudögum. Slíkur hvati mundi skila sér í stóraukinni aðsókn að sundlaugum á næstu missirum. Vellíðan hvers manns fer mjög eftir líkamlegu atgervi og heilsufari. Forvarnarstarf er verkefni sem heilbrigðiskerfið þarf að sinna í ríkari mæli. Fólk, sem temur sér þá reglu frá ungum aldri að stunda einhverja íþrótt, er í miklu minni áhættu en hinn og lifir jafnframt reglusamara lífi.

Staðreyndin er sú að þrátt fyrir langlífi Íslendinga deyja margir eða verða fyrir alvarlegum áföllum í blóma lífsins vegna menningarsjúkdóma nútímans sem rekja má til hreyfingarleysis og tóbaksreykinga. Ríkisvaldið má kosta nokkru til í svona átaki því að sparnaðurinn kemur til baka í færri aðgerðum á sjúkrahúsum og betra heilsufari. En þessi tillaga gengur ekki síst út á það að með samstilltu átaki verði fjölskyldan sameinuð í leik og starfi.

550. Frumvarp til laga [358. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Á eftir 29. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Við sjúkrahús, sbr. 1.–2. tölul. 1. mgr. 24. gr., skulu starfa trúnaðarmenn sjúklinga. Þeir skulu vera talsmenn sjúklinga og aðstandenda þeirra gagnvart sjúkrahúsum og heilbrigðisyfirvöldum, afla upplýsinga fyrir þá og greiða úr spurningum. Trúnaðarmaður skal efla samvinnu milli starfsfólks heilbrigðisstétta, sjúklinga og aðstandenda þeirra. Trúnaðarmaður skal hafa samband við sjúkling og aðstandendur hans í upphafi sjúkrahússdvalar og veita nauðsynlegar upplýsingar um hana.

Trúnaðarmaður skal hafa menntun á sviði heilsugæslu. Þar sem einn trúnaðarmaður starfar skal hann að öðru jöfnu vera hjúkrunarfræðingur að mennt en séu þeir fleiri skal leitast við að velja þá úr sem flestum heilbrigðisstéttum.

Sjúkrahússtjórn annast ráðningu trúnaðarmanns í nánu samráði við félög sjúklinga eða aðstandendur þeirra. Trúnaðarmaður skal að jafnaði koma úr hópi fastráðins starfsliðs sjúkrahúss og gegna starfi trúnaðarmanns samhliða öðru starfi þar. Laun vegna starfa trúnaðarmanns greiðast úr ríkissjóði.

Við sjúkrahús, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 24. gr., skal trúnaðarmaður vera til taks allan sólarhringinn.

Starfsmönnum heilbrigðisstétta og heilbrigðisyfirvöldum er skylt að veita trúnaðarmanni allar þær upplýsingar sem sjúklingar og aðstandendur þeirra eiga rétt á samkvæmt lögum. Komi upp ágreiningur um hvort upplýsingar skuli veittar má skjóta honum til úrskurðar landlæknis.

Um þagnarskyldu trúnaðarmanns og viðurlög við brotum á starfsskyldum fer eftir ákvæðum þeirra laga eða reglugerða sem trúnaðarmaður hefur starfsleyfi sitt samkvæmt.

Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess að honum hafi verið falið að gegna starfanum.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um störf trúnaðarmanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 112. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Það var endurflutt á 116. þingi í nokkuð breyttri mynd, m.a. í samræmi við ábendingar sem fram komu frá starfsfólki sjúkrahúsa og er nú endurflutt í þeirri mynd.

Málefni sjúklinga, aðstandenda þeirra og starfsfólks sjúkrahúsa eru nú víða til umfjöllunar og endurskoðunar. Stofnuð hafa verið fjölmörg félög sjúklinga er hafa látið sig varða málefni þeirra á margvíslegan hátt. M.a. hafa þau beint sjónum að andlegri líðan við erfiðar aðstæður. Starfsfólk sjúkrahúsa hefur einnig víða tekið höndum saman og átt frumkvæði að því að fjalla um mál er varða andlega velferð starfsfólks og sjúklinga. Í því sambandi má benda á umfjöllun um sorg og sorgarviðbrögð sem heilbrigðisstéttirnar, sjúklingar og aðstandendur þeirra hafa látið til sín taka.

Eins og skipulagi sjúkrahúsa er nú háttað þykir mörgum, bæði starfsfólki stofnana, sjúklingum og aðstandendum þeirra, að heppilegt væri að koma á einhvers konar kerfi trúnaðarmanna fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra, líkt og trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum. Starfssvið þessara aðila yrði án efa mjög vítt og mundi þurfa að mótast í samvinnu sjúklinga, aðstandenda þeirra og starfsfólks sjúkrahúsa. Hlutaðeigandi yrði ætlað annað hlutverk en það sem þegar er í höndum félagsráðgjafa og presta sjúkrahúsa, m.a. að leita svara við spurningum sjúklinga og aðstandenda þeirra um læknisfræðilega meðferð, liðsinna sjúklingum og aðstandendum þegar þeim þykir skorta skýringar eða upplýsingar um læknismeðferð eða aðrar ákvarðanir sem teknar eru um málefni þeirra. Einnig væri það hlutverk trúnaðarmanns að vera talsmaður sjúklinga og aðstandenda þeirra í öllum þeim margvíslegu málum sem upp kunna að koma í mannlegum samskiptum á sjúkrahúsum. Þar koma oft upp viðkvæm mál þegar taka þarf erfiðar ákvarðanir. Slíkt reynir mjög á fólk, bæði líkamlega og andlega.

Á nokkrum sjúkrahúsum er nú þegar vísir að slíkri starfsemi. Dæmi er um að geðhjúkrunarfræðingar hafi það hlutverk að styðja sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk sjúkrahúss og hefur það gefist mjög vel. Þessi þjónusta er þó takmörkuð við þá sjúklinga og aðstandendur sem sérstök ástæða þykir til að sinna. Brýnt er að uppbygging trúnaðarmannakerfis á sjúkrahúsum verði með hliðsjón af því sem þegar hefur verið gert í þeim efnum á hverjum stað.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu eins og það lá fyrir í upprunalegri mynd. Þær miðast við að tryggja að trúnaðarmaður sé í nánum tengslum við annað starf sem fram fer á viðkomandi sjúkrastofnun og gegni starfi trúnaðarmanns samhliða öðrum skyldustörfum á stofnuninni. Einnig er gefið svigrúm til þess að trúnaðarmenn á stærri sjúkrahúsum komi úr fleiri heilbrigðisstéttum en hjúkrunarfræðinga og hafi þá með sér náið samstarf. Þessi háttur er hafður á til þess að hægt sé að mynda teymi trúnaðarmanna sem hafi góða yfirsýn yfir starfsemi sjúkrahússins og bein tengsl við sem flestar heilbrigðisstéttir.

Auk þessara breytinga er bætt við ákvæði í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins um að trúnaðarmaður skuli að fyrra bragði hafa samband við sjúkling og aðstandendur hans í upphafi sjúkrahússdvalar.

Menntun íslenskra heilbrigðisstétta er góð og tækjakostur sjúkrastofnana víða fullkominn. Nauðsynlegt er að hyggja að andlegri velferð sjúklinga og aðstandenda þeirra. Frumvarpi þessu er ætlað að vera skref í áttina að því að taka á því mikilvæga máli sem mannleg samskipti á sjúkrahúsum eru og virða rétt sjúklinga og aðstandenda þeirra til að fá fullkomnar upplýsingar og úrlausn mála hjá einum óháðum aðila sem bundinn er trúnaði og hefur þá skyldu fyrst og fremst að liðsinna sjúklingum og aðstandendum þeirra og efla samstarf þeirra við heilbrigðisstéttir.

551. Fyrirspurn [359. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ráðningu sjúkraþjálfara við heilsugæslustöðvar.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hvernig hefur verið framfylgt ákvæðum 17. gr. heilbrigðisþjónustulaga, nr. 97/1990, um ráðningu sjúkraþjálfara til H2 heilsugæslustöðva og í öll heilsugæsluumdæmi Reykjavíkur?

552. Frumvarp til laga [360. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Petrína Baldursdóttir.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., og orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal að höfðu samráði við landlæknisembættið og Umferðarráð merkja allar umbúðir undir áfengi, sem selt er í útsölum hennar, með viðvörun þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslendingar voru meðal fyrstu þjóða sem lögleiddu að merkimiðar með varnaðarorðum um skaðsemi tóbaks væru settir á allar tóbaksumbúðir. Þetta framtak vakti athygli víða um lönd og þótt erfitt sé að mæla bein áhrif slíkra viðvarana eru flutningsmenn sannfærðir um að slík varnaðarorð hafa bæði bein og óbein áhrif.

Frumvarp um að merkja áfengisumbúðir með viðvörun um að áfengi geti valdið fósturskaða og að akstur og áfengisneysla eigi ekki samleið hefur áður verið flutt en varð eigi útrætt.

Fósturskaðar af völdum áfengis voru mikið til umræðu fyrir um áratug og hafa síðan stöðugt verið í umfjöllun en eins og kunnugt er hafa með rannsóknum fengist óyggjandi sannanir fyrir skaðsemi þess fyrir fóstur. Erlendar tíðnitölur sýna að eitt af hverjum 750–1.000 fæddum börnum séu alvarlega skemmd af þessum sökum. Tíðnitölur eru ekki þekktar hérlendis en vitað er um nokkur börn sem eru sköðuð.

Í Bandaríkjunum var fyrir fimm árum lögleitt að viðvaranir um skaðsemi áfengis skuli vera á öllum áfengisumbúðum og er þar ekkert undanskilið, hvorki létt vín né áfengur bjór. Viðvörunin á áfengisumbúðum í Bandaríkjunum er svohljóðandi:

„Opinber viðvörun:

1. Að ráði landlæknis ættu barnshafandi konur ekki að neyta áfengis sökum hættu á fósturskaða.

2. Áfengisneysla dregur úr ökuhæfni og hæfileika til að stjórna vélum og kann að valda heilsutjóni.“

Íslenskt áfengi, sem selt er í Bandaríkjunum, er með viðvörunum eins og að ofan greinir. Annars væri sala á því ekki leyfð. Ekki verður séð að neinir tæknilegir örðugleikar séu samfara því að merkja áfengi sem selt er hér á landi með viðlíka hætti og nú er lögboðið í Bandaríkjunum. Merkingu áfengisumbúða kann að fylgja nokkur kostnaður en sé ráð fyrir þessu gert strax við prentun merkimiða hlýtur sá kostnaður að vera hverfandi lítill.

553. Fyrirspurn [361. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rækjukvóta loðnuskipa.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hyggst ráðherra endurúthluta rækjukvóta þeim sem úthlutað var til loðnuskipa árið 1988?
2. Ef svo er, verður þeim kvóta þá úthlutað til útgerða á þeim stöðum sem hafa farið hvað verst út úr skerðingu á þorskkvóta?

554. Fyrirspurn [362. mál]

til sjávarútvegsráðherra um endurskoðun á úthlutun aflaheimilda á þessu ári.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

Verður endurskoðuð úthlutun aflaheimilda yfirstandandi fiskveiðiárs á botnfiskstegundum, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða?

555. Svar [327. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um byggingu nýs framhaldsskóla í Borgarholti.

1. *Hvers vegna var ekki efnt til opinnar samkeppni meðal arkitekta um hönnun Borgarholtsskóla í stað þess að velja sex arkitektastofur í lokaða samkeppni af 42 sem lýstu sig reiðubúnar til þátttöku?*

Í stofnsamningi um Borgarholtsskóla var við það miðað að byggingarnefnd leitaði tilboða í framkvæmdir miðað við svonefnt alútboð að öllu leyti eða að hluta. Við alútboð er átt við að framkvæmdaraðili hanni og byggi mannvirki á grundvelli forsagna verkkaupa.

Við athugun komst byggingarnefnd að þeirri niðurstöðu að ekki væri fært að fara þessa leið þar sem um margra ára framkvæmd verður að ræða sem skipta þarf í nokkra áfanga sem hver um sig verður boðinn út í sérútboði miðað við fjárveitingu hverju sinni. Var þar með grundvöllur alútboðs brostinn.

Eins og fram kemur í yfirlýstri stefnu þessarar ríkisstjórnar skal bjóða út verklegar framkvæmdir, vörukaup og þjónustu þar sem því verður við komið. Byggingarnefnd leitaði því leiða til þess að fá tilboð í hönnun skólans í stað þess að ráða hönnuð beint eins og oftast hefur verið gert. Varð lokað útboð eða, eins og arkitektar nefna þessa aðferð, lokuð samkeppni fyrir valinu þar sem sú aðferð var talin spara tíma og vera einfaldari í framkvæmd en opið útboð. Stjórn Arkitektafélags Íslands óskaði eftir að vera aðili að málinu og tók að sér að sjá um framkvæmd forvals og leggja til fulltrúa í dómnefnd.

Þegar fyrir lágu yfirlýsingar 42 hönnunaraðila um að þeir væru reiðubúnir til þess að taka þátt í lokaðri samkeppni í framhaldi af forvalsbréfi Arkitektafélags Íslands var ekki lengur um það að ræða að halda opna samkeppni þar sem forval er undanfari lokaðs útboðs samkvæmt lögum nr. 65/1993.

2. *Hvaða reglur eða forsendur voru lagðar til grundvallar við val á fyrrnefndum sex arkitektastofum og voru þær öllum kunnar áður en valið fór fram? Var t.d. sérstaklega til þess horft hversu vel kostnaðar- og framkvæmdaáætlanir þeirra hafa staðist við svipaðar framkvæmdir fyrir opinbera aðila?*

Við val í lokaða samkeppni er ekki við lagareglur að styðjast en í þessu tilfelli sem öðrum verður að byggja á upplýsingum er koma fram í svörum við forvalsbréfi og þeim upplýsingum er verkkaupi getur aflað sér og treystir. Allir þeir aðilar er valdir voru eru þekktir að vönduðum vinnubrögðum. Byggingarnefnd skýrði stjórn Arkitektafélags Íslands frá forsendum fyrir vali í bréfi, dags. 18. janúar 1994, en þar segir:

„Við val sitt tók byggingarnefndin fyrst og fremst mið af fyrri störfum hönnuða, kunnugleika nefndarmanna á byggingum er hönnuðir hafa unnið að og öðru því er nefndarmenn töldu máli skipta varðandi samskipti við væntanlega hönnuði. Slíkt val á fáum úr stórum hópi hæfra aðila er ætíð mjög vandasamt og hlýtur að enda með slíku mati.“

Varðandi kostnaðaráætlanir og reynslu af þeim verður að benda á þá venju er ríkt hefur yfirleitt í opinberum framkvæmdum, þ.e. að verkkaupi gerir sínar eigin kostnaðar- og framkvæmdaáætlanir sem eru lagðar til grundvallar framkvæmdum en ekki áætlanir hönnuðar.

3. *Hve langan tíma tók byggingarnefnd Borgarholtsskóla sér til að fara yfir þær 42 umsóknir sem bárust um þátttöku í samkeppninni og voru allir nefndarmenn sammála um þær vinnuaðferðir sem viðhafðar voru?*

Svör við forvalskerfi Arkitektafélags Íslands bárust fyrir kl. 16 29. desember sl. Ákvörðun um endanlegt val var tekin á fundi 6. janúar 1994 og var þá yfirferð á svarbréfum lokið. Afgreiðsla málsins var samhljóða.

4. *Með hvaða hætti var reynt að tryggja að umsækjendum væri ekki mismunað, m.a. á grundvelli persónulegra, pólitískra eða faglegra tengsla við einstaka byggingarnefndarmenn eða umbjóðendur þeirra, en ljóst er að allar þær sex arkitektastofur, sem valdar voru, hafa um árabil sinnt umfangsmiklum hönnunarverkefnum fyrir ríkið og Reykjavíkurborg?*

Ekki er vitað til þess að neinn byggingarnefndarmaður standi í persónulegum, pólitískum eða faglegum tengslum við neinn þeirra aðila er valdir voru þótt aðilar hljóti einhverjir að þekkjast nokkuð í okkar fámenna þjóðfélagi. Flestir þeir aðilar er valdir voru hafa annast hönnunarstarf bæði fyrir borg og ríki og eru þeir flestum nefndarmönnum kunnir af þeim sökum og hlýtur það að styrkja vissu manna um að valið sé byggt á traustum grunni.

5. *Liggur fyrir endanleg og útfærð ákvörðun af hálfu ráðuneytisins um það hvers kyns skólastarf hinn nýi framhaldsskóli í Borgarholti eigi að hýsa?*

Ákveðið er að Borgarholtsskóli skuli starfa sem framhaldsskóli í samræmi við lög þar um. Verður þar bæði um bóknám og verknám að ræða, væntanlega í hlutföllunum: bóknám 60%, verknám 40%.

Ekki er ætlunin að binda útfærslu skipulags skólans endanlega niður heldur er að því stefnt að unnt verði að hafa nokkurn sveigjanleika í uppbyggingu og rekstri. Nú þegar hefur verið gerður samstarfssamningur við aðila í bílgreinum um fyrirkomulag í rekstri bílgreinadeildar skólans en í samningi þessum er verulega breytt frá því skipulagi verknáms er hingað til hefur ríkt í framhaldsskólum landsins.

Með þessari auknu þátttöku aðila vinnumarkaðarins er vonast til að skólarnir geti betur komið til móts við þarfir atvinnulífsins. Er að því stefnt að fleiri greinar verknáms í hinum nýja skóla verði skipulagðar með slíkri samvinnu skóla og atvinnulífs. Verður því reynt að forðast of fastmótaðar forskriftir varðandi útfærslu skólastarfs hins nýja skóla þótt að sjálfsögðu verði hann í starfi sínu að fara að lögum um framhaldsskóla og þeim reglugerðum er um þetta skólastig gilda á hverjum tíma.

6. *Hver er stefna ráðuneytisins um hönnun verklegra framkvæmda?*

Fyrir liggur yfirlýst stefna þessarar ríkisstjórnar um opinberar framkvæmdir, sbr. „Útboðsstefnu ríkisins", útg. af fjármálaráðherra í september 1993, en þar er sú meginstefna mörkuð að viðhafa skuli útboð.

556. Fyrirspurn [363. mál]

til utanríkisráðherra um undirbúning að frísvæði á Suðurnesjum.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hvað líður framkvæmd á tillögum nefndar um undirbúning að stofnun frísvæðis á Suðurnesjum sem ríkisstjórnin samþykkti í apríl sl.?
2. Hvenær er þess að vænta að Alþingi fái til umfjöllunar frumvarp til laga er setji frísvæði og fyrirtækjum er þar starfa skýra réttarstöðu og kjör í sköttum og tollum?
3. Hvenær er þess að vænta að önnur atriði tillagna nefndarinnar sjáist í framkvæmd?
4. Er samstarf flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli og Sandgerðis að undirbúningi frísvæðis á landi í lögsögu Sandgerðis í samræmi við þann undirbúning sem til þessa hefur verið sagður miðast við stofnun frísvæðis innan marka lögsögu Njarðvíkur, Keflavíkur og Gerðahrepps? Eru fleiri aðgreindir aðilar innan ráðuneytisins ellegar í stofnunum sem undir það heyra að undirbúa stofnun fleiri en eins frísvæðis á Suðurnesjum er byggi á nábýli við Keflavíkurflugvöll?

557. Fyrirspurn [364. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleysistryggingar.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margt atvinnulaust fólk var án atvinnuleysisbóta í janúar vegna þess að það hafði verið atvinnulaust í ár eða lengur?
2. Hvar á landinu hefur atvinnulausu fólki verið boðið upp á námskeið þannig að það missi ekki atvinnuleysisbætur í 16 vikur?
3. Hversu margir hafa nýtt sér námskeið fyrir atvinnulausa eftir að lögum um atvinnuleysistryggingar var breytt sl. vor?
4. Hvernig hefur verið staðið að kynningu á námskeiðum fyrir atvinnulausa?

558. Fyrirspurn [365. mál]

til utanríkisráðherra um viðræður við Bandaríkin eða Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku um fríverslun.

Frá Árna R. Árnasyni.

Mun ráðherra leita eftir viðræðum við Bandaríkin eða Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku — NAFTA — um fríverslun, markaðsaðgang, samskipti og samstarf á sviði viðskipta- og athafnalífs, miðlun nýrrar tækni og þróunarstarf og fleira sem tengist frjálsum viðskiptum nú þegar sér fyrir endann á GATT-viðræðunum?

559. Fyrirspurn [366. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu innan þjóðgarða, fólkvanga og friðlýstra svæða.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hvernig er hagað löggæslu í þjóðgörðum, fólkvöngum og á friðlýstum svæðum?
2. Hvernig er hagað afskiptum af ferðalöngum ef grunur leikur á óheimilum afnotum af neyðarskýlum og neyðarbirgðum, sumarbústöðum eða íbúðarhúsum jarða er falla innan þjóðgarðs, fólkvangs eða friðlýsts svæðis?
3. Hvaða sérstaða hefur skapast á þessum svæðum?
4. Er reynt að koma ábendingum um þessi mál á framfæri við ferðaskrifstofur og aðra ferðasala ef ætla má að þær vísi ferðalöngum á neyðarskýli eða íbúðarhús, sbr. 2. lið?

Skriflegt svar óskast.

560. Fyrirspurn [367. mál]

til fjármálaráðherra um átak í innheimtu þungaskatts.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

Hvernig verður staðið að sérstöku átaki í innheimtu þungaskatts?

561. Frumvarp til laga [368. mál]

um tímabundið bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Steingrímur Hermannsson, Halldór Ásgrímsson, Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Páll Pétursson, Stefán Guðmundsson.

1. gr.

Hvern þann sem bregst gróflega skyldum sínum í eigin atvinnurekstri eða í atvinnurekstri lögaðila sem hann er í forsvari fyrir má með dómi útiloka frá frekari atvinnurekstri um tiltekinn tíma, sbr. 4. gr.

2. gr.

Maður skal teljast hafa brugðist skyldum sínum gróflega hafi hann í atvinnurekstrinum gerst sekur um:

a. brot gegn almennum hegningarlögum eða annað meiri háttar afbrot,
b. meiri háttar brot gegn lögum um opinber gjöld,
c. meiri háttar brot gegn lögum um bókhald,
d. önnur meiri háttar efnahagsbrot.

Við mat á því hvort um gróft brot sé að ræða skal til þess litið hvort misferli hefur verið kerfisbundið, lotið að verulegum peningaverðmætum eða verulegum hagnaði miðað við umfang atvinnurekstrar og þess hvort brot hefur haft í för með sér hættu á verulegu tjóni.

Einnig má dæma í atvinnurekstrarbann mann sem hefur í sjálfstæðum atvinnurekstri orðið gjaldþrota, enda hafi hann í atvinnurekstrinum gerst sekur um stórlega ámælisverða háttsemi gagnvart lánardrottnum sínum. Sama gegnir um einstaklinga sem hafa í störfum sínum sem forsvarsmenn lögaðila, er verða gjaldþrota, gerst sekir um stórlega ámælisverða háttsemi gagnvart lánardrottnum.

3. gr.

Hafi brot, sem fellur undir 2. gr., verið framið í atvinnurekstri lögaðila skal dæma eftirgreinda forsvarsmenn þeirra í atvinnurekstrarbann nema þeir sýni fram á að þeir hafi hvorki vitað né mátt vita um hina ólögmætu háttsemi:

a. sameigendur í sameignarfélagi,
b. félagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð í samlagsfélagi,
c. stjórnarformann og framkvæmdastjóra hlutafélags,
d. stjórnarformann og forstöðumann hvers kyns annars konar lögaðila með fjárhagsleg markmið,
e. þann sem í raun veitir atvinnurekstri lögaðila forstöðu eða hefur komið fram sem slíkur út á við.

Aðra forsvarsmenn lögaðila skal, hafi brot skv. 2. gr. verið framið í atvinnurekstri lögaðilans, dæma í atvinnurekstrarbann sé sýnt fram á að þeir hafi vitað eða mátt vita af ólögmætri háttsemi án þess að hafast nokkuð að til að koma í veg fyrir hana.

4. gr.

Atvinnurekstrarbann skal dæma til ákveðins tíma, þriggja ára hið skemmsta og fimm ára hið lengsta.

5. gr.

Manni, sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann, er óheimilt að:

a. stunda sjálfstæðan atvinnurekstur,
b. gangast undir ótakmarkaða ábyrgð á rekstri hvers kyns félags eða annars lögaðila með fjárhagsleg markmið,
c. vera í stjórn eða varastjórn hvers kyns félags eða lögaðila með fjárhagsleg markmið,
d. vera framkvæmdastjóri, staðgengill framkvæmdastjóra eða veita í raun forstöðu atvinnurekstri lögaðila sem hefur fjárhagsleg markmið.

6. gr.

Þeim sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann skal heldur ekki heimilt að starfa við eða taka að sér föst reglubundin verkefni í atvinnurekstri þeirra sem hann er skyldur eða mægður að feðgatali eða niðja, maka síns eða sambýlings, systkina eða systkina maka, kjörforeldra eða kjörbarna, fósturforeldra eða fósturbarna, ef þeim sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann væri sjálfum ekki heimilt að hafa þau tengsl við atvinnurekstur sem venslamaður hans hefur.

Sá sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann má heldur ekki taka að sér reglubundin verkefni í atvinnustarfsemi sams konar þeirri sem hann brást skyldum sínum í.

7. gr.

Ef ástæður atvinnurekstrarbanns þykja augljóslega fyrir hendi má héraðsdómari að kröfu saksóknara úrskurða menn í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða. Úrskurður um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða tekur gildi við uppkvaðningu.

Ekki má úrskurða í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða í lengri tíma en sex mánuði. Sé mál þess sem úrskurðaður hefur verið í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða enn fyrir dómstólum er bráðabirgðabannið rennur út má að kröfu saksóknara úrskurða hann í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða að nýju í allt að þrjá mánuði.

Hafi mál til atvinnurekstrarbanns ekki þegar verið höfðað við uppkvaðningu úrskurðar um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða skal saksóknara í úrskurðinum veittur ákveðinn frestur, tveir mánuðir hið lengsta, til málshöfðunar. Þann frest má að kröfu saksóknara framlengja um einn mánuð ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Hafi mál til atvinnurekstrarbanns ekki verið höfðað innan tilskilins frests fellur úrskurður um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða úr gildi.

Úrskurður um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða fellur úr gildi jafnskjótt og dómur gengur í málinu. Við ákvörðun atvinnurekstrarbanns í dómi skal sá tími, er dæmdur hefur sætt atvinnurekstrarbanni til bráðabirgða, koma að fullu til frádráttar.

8. gr.

Úrskurð um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða er unnt að kæra til Hæstaréttar. Staðfesti Hæstiréttur hinn kærða úrskurð telst frestur, sem saksóknara hefur verið veittur til málshöfðunar, byrja að líða við uppkvaðningu úrskurðar í Hæstarétti.

9. gr.

Þeim sem dæmdur er í atvinnurekstrarbann skal veita frest í allt að þrjá mánuði til ráðstafana sem verða mega til þess að tryggja, þrátt fyrir bannið, framgang atvinnurekstrarins. Við þær ráðstafanir verður að leita aðstoðar lögmanns eða löggilts endurskoðanda. Héraðsdómari í viðkomandi umdæmi skal hafa eftirlit með þessum ráðstöfunum og skal honum sent endurrit af dómi jafnskjótt og hann hefur verið kveðinn upp. Hinum dæmda ber að tilkynna héraðsdómara hvern hann hefur fengið sem aðstoðarmann innan tveggja vikna frá uppsögu dómsins. Að öðrum kosti skipar héraðsdómari honum aðstoðarmann.

10. gr.

Þá sem brjóta gegn atvinnurekstrarbanni má dæma í allt að tveggja ára fangelsi eða sé brot minni háttar til varðhalds eða greiðslu sektar.

Brot gegn atvinnurekstrarbanni skulu að lágmarki leiða til þess að sá tími, sem menn hafa verið dæmdir í atvinnurekstrarbann, tvöfaldast. Samanlagður tími má þannig fara fram úr fimm árum.

Brjóti menn atvinnurekstrarbann skal höfða nýtt mál samkvæmt lögum þessum. Í nýjum dómi skal kveða á um nýjan heildartíma atvinnurekstrarbanns og nýr dómur skal fella eldri dóm úr gildi.

11. gr.

Mál til höfðunar atvinnurekstrarbanns skulu sæta meðferð opinberra mála samkvæmt lögum nr. 19 frá 1991.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Greinargerð.

Fá ákvæði og lítt notuð eru í íslenskri löggjöf um heimildir til að svipta menn starfsréttindum vegna afbrota í atvinnurekstri. Engin ákvæði eru um almennar heimildir til að meina mönnum að stunda atvinnurekstur vegna slíkra afbrota. Sýnt þykir þó að slíkar heimildir, sé þeim beitt, eru líklegri til að letja menn til afbrota sem tengjast atvinnurekstrinum en hinar hefðbundnu sektir og jafnvel refsivist. Ólíklegt er að brotlegir atvinnurekendur leiði hugann að öðru en sektum að gildandi lögum, refsivist kemur sjaldan til nema brot sé þeim mun alvarlegra. Stæðu brotamenn hins vegar frammi fyrir hugsanlegri sviptingu réttinda til atvinnurekstrar má ætla að þeir mundu hugsa sig betur um.

Annars staðar á Norðurlöndum hefur þróunin verið sú að auka heimildir til leyfissviptinga og jafnvel að meina mönnum almennt þátttöku í atvinnurekstri vegna brota í atvinnurekstri. Tilgangur þessa er ekki síst sá að koma í veg fyrir að sömu einstaklingar brjóti ítrekað af sér.

Sé brot alvarlegt má, verði þetta frumvarp að lögum, meina brotamanni almennt þátttöku í atvinnurekstri um ákveðinn tíma. Þannig gengur frumvarp þetta lengra en nokkurt gildandi lagaákvæði sem aðeins heimilar sviptingu réttinda samkvæmt útgefnum stjórnvaldsleyfum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Atvinnurekstrarbann getur einungis náð til einstaklinga. Megi skilja atvinnureksturinn sjálfan frá þeim brotlega nær bannið ekki til atvinnurekstrarins. Svo væri t.d. í mörgum tilvikum um atvinnurekstur hlutafélaga.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. eru tilgreind þau brot sem varðað geta atvinnurekstrarbanni, sbr. þó einnig 3. mgr.

Í 2. mgr. er tilgreint hvað skal haft til hliðsjónar við mat á því hvort um gróft brot sé að ræða. Þar skulu almennar reglur refsiréttarins einnig hafðar að leiðarljósi, enda um refsikennd viðurlög að ræða, og með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Í 3. mgr. er sérregla um gjaldþrot. Stórlega ámælisverð háttsemi gjaldþrota einstaklings eða forsvarsmanns gjaldþrota lögaðila gagnvart lánardrottnum, jafnvel þótt hún gæti ekki fallið undir 1. mgr., getur varðað atvinnurekstrarbanni.

Um 3. gr.

Greinin nær einungis til atvinnurekstrar lögaðila. Sé í rekstri þeirra sýnt fram á brot sem varðar atvinnurekstrarbanni skulu forsvarsmenn, tilgreindir í 1. mgr., dæmdir í atvinnurekstrarbann nema þeir sanni að þeir hafi hvorki vitað né mátt vita um brot. Atvinnurekstur lögaðila verður ekki rekinn öðruvísi en af forsvarsmönnum. Forsvarsmenn tilgreindir í 1. mgr., eru þeir sem almennt má reikna með að stjórni rekstrinum og því þeir sem líklegastir væru til að vera ábyrgir fyrir brotum. Ekki þykir þó rétt að ganga svo langt að leggja á þá hlutlæga ábyrgð heldur skal þeim gefinn kostur á að sýna fram á að þeir hafi í raun verið saklausir af broti.

Í 2. mgr. er ákæruvaldi veitt heimild til þess að draga aðra forsvarsmenn en þá sem nefndir eru í 1. mgr. til ábyrgðar að uppfylltum þargreindum skilyrðum.

Um 4. gr.

Tímalengd atvinnurekstrarbanns er í samræmi við það sem tíðkast í sambærilegri norrænni löggjöf.

Um 5. gr.

Hér eru afleiðingar atvinnurekstrarbanns tilgreindar. Meirihlutaeign í hlutafélagi mundi almennt falla undir það ákvæði að veita atvinnurekstri í raun forstöðu.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að manni, sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann, er ekki heimilt að starfa við atvinnurekstur tilgreindra venslamanna sinna mætti hann ekki hafa það hlutverk með höndum á eigin vegum. Þetta er gert til að minnka möguleika á því að farið sé í kringum atvinnurekstrarbann. Skv. 2. mgr. er manni í atvinnurekstrarbanni meinað að starfa eða taka að sér reglubundin verkefni í sams konar starfsemi og hann braut af sér í. Ótilhlýðilegt þykir að sá sem brotið hefur af sér og hefur þar með fyrirgert rétti sínum til að reka atvinnustarfsemi geti starfað við sams konar atvinnurekstur annarra meðan atvinnurekstrarbann stendur.

Um 7. gr.

Sé brot mjög gróft og augljóst má úrskurða menn í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða. Rétt þykir að koma í veg fyrir að menn, sem augljóslega og gróflega hafa brotið af sér, fái að halda áfram starfsemi sinni meðan mál þeirra er fyrir dómi.

Í 2. mgr. kemur þó fram að atvinnurekstrarbann til bráðabirgða getur staðið hið lengsta í sex mánuði. Þó getur það verið framlengt um allt að þrjá mánuði sé mál enn fyrir dómstólum er fyrra bann gengur úr gildi. Það gerist aðeins að kröfu saksóknara og samkvæmt mati dómstóla. Heildartími atvinnurekstrarbanns getur þannig orðið allt að níu mánuðir.

Í 3. mgr. er saksóknara veittur ákveðinn frestur til málshöfðunar að uppkveðnum úrskurði um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða. Ljóst er að atvinnurekstrarbann er mjög viðurhlutamikið. Því verður að leitast við að flýta því svo sem auðið er að fá endanlega niðurstöðu. Úrskurður um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða fellur úr gildi ef saksóknari hlítir ekki tímamörkum.

Í 4. mgr. kemur fram að dómur fellir úr gildi bráðabirgðabann. Dæmt atvinnurekstrarbann skal talið hefjast við uppkvaðningu úrskurðar um bráðabirgðabann.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins nær atvinnurekstrarbann aðeins til einstaklinga, ekki lögaðila. Er það til þess gert að takmarka tjón samfélagsins svo sem auðið er. Því er brotlegum samkvæmt þessari grein veittur ákveðinn frestur til að koma í veg fyrir að atvinnureksturinn líði undir lok, t.d. með því að selja hann. Brotlegur verður þó við þessar ráðstafanir að njóta aðstoðar lögmanns eða löggilts endurskoðanda og fara þær fram undir umsjá héraðsdómara í viðkomandi umdæmi. Haganlegt þykir að hafa þann hátt á því að ætla má að nokkur skyldleiki sé með þessum ráðstöfunum og meðferð þrotabúa og greiðslustöðvun.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um viðurlög við brotum á atvinnurekstrarbanni. Brot yrðu á þann veg að menn í atvinnurrekstrarbanni störfuðu að atvinnurekstri á þann hátt að ósamrýmanlegur væri lögum þessum.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er ákvæði sem heimilar að fara fram úr hinu almenna hámarki á lengd atvinnurekstrarbanns sem tilgreint er í 4. gr.

Í 3. mgr. kemur fram að mál vegna brota á atvinnurekstrarbanni skulu rekin samkvæmt þessum lögum. Nýr heildartími atvinnurekstrarbanns telst líða frá því að fyrra bann gekk í gildi.

Um 11. gr.

Frumvarp þetta kveður á um refsikennd viðurlög og eðlilegast þykir því að láta fara með mál þessi að hætti opinberra mála. Enn fremur má gera ráð fyrir að á lög þessi mundi reyna jafnhliða öðrum lögum, t.d. almennum hegningarlögum, í einu og sama máli.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um refsiviðurlög vegna afbrota í atvinnustarfsemi. Afleiðingar þessa geta orðið viðurhlutamiklar og þykir því rétt að gefa rúman tíma til að kynna lögin.

562. Fyrirspurn [369. mál]

til menntamálaráðherra um kvikmyndaeftirlit.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvernig er skoðun kvikmynda háttað eftir að lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, féllu úr gildi með lögum nr. 58/1992?

563. Frumvarp til hafnalaga. [193. mál]

(Eftir 2. umr., 9. febr.)

I. KAFLI

Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn hafnamála.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál. Í hafnaráði skulu eiga sæti fimm fulltrúar. Þar af skulu tveir tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Þrír fulltrúar eru skipaðir af samgönguráðherra og skal einn þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytis og er hann jafnframt formaður ráðsins og skipaður til fjögurra ára í senn. Tvo fulltrúa samgönguráðherra skal skipa að nýju við ráðherraskipti.

Þóknun til hafnaráðsmanna greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Hafnaráð skal fjalla um skipulags-, rekstrar-, starfsmanna- og fjárfestingarmál Hafnamálastofnunar ríkisins og fylgjast almennt með starfsemi hennar.

Hafnaráð skal fjalla um framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Hafnamálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir.

4. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt sem ákveðið er í lögum þessum.

5. gr.

Hafnamálastjóri skal að fenginni umsögn hafnaráðs skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu, jafnframt því sem hann gegnir starfi vitamálastjóra og annast framkvæmd laga um leiðsögu skipa.

Hafnamálastjóri ræður starfsfólk Hafnamálastofnunar með ráðningarsamningi.

6. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

II. KAFLI
Um stjórn hafna og rekstur.

7. gr.

Höfn táknar í lögum þessum nánar afmarkað svæði þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum þarf henni að hafa verið sett reglugerð er tilgreini mörk hennar, auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.

8. gr.

Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög. Hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Ráðherra skal ákveða með reglugerð að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna að mynduð verði hafnasamlög um rekstur þeirra þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Innan hvers hafnasamlags skal rekinn einn hafnarsjóður. Með reglugerð um hvert hafnasamlag skal fylgja áætlun um framkvæmdir samkvæmt hafnaáætlun svo sem við á um hlutaðeigandi hafnir.

9. gr.

Hafnarstjórn, sem kosin er af eigendum hafnar eða hafnasamlaga, skal hafa á hendi stjórn hafnar eða hafnasamlags og hafnarsjóðs í samræmi við reglugerð, sbr. 2. mgr. 7. gr.

Séu eigendur fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt reglugerð og stofnsamningi hafnasamlags. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans.

10. gr.

Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum eigenda hafna reglugerð fyrir hafnir. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Kosningu, starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.
3. Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
4. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
5. Viðurlög við brotum.

11. gr.

Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn:
   a. Gjöld, miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
   b. Fastagjöld fiskiskips í heimahöfn.
   c. Hafnsögugjöld.
   d. Vigtargjöld af öllum sjávarafla.
   e. Gjöld af ferjum.
   f. Önnur gjöld.

2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
3. Leiga fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 18. gr.
5. Lóðargjöld og lóðarleiga.
6. Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs, sbr. 4. mgr. 12. gr.
7. Ýmis þjónustugjöld, svo sem fyrir vigtun, móttöku á úrgangi, vatnssölu, rafmagnssölu, festagjöld o.fl.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum er fara um bryggjuna nema hafnarstjórn samþykki.

12. gr.

Öll gjöld skv. 11. gr. má taka fjárnámi hjá þeim aðila sem samkvæmt reglugerð er gert að standa skil á greiðslum til hafnarsjóðs.

Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda. Hafnarstjórn er heimilt að krefjast þess að útflytjandi leggi fram tryggingu fyrir vörugjaldi áður en vara fer úr höfn. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við almenna gjaldskrá skv. 13. gr. og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 10 brúttótonnum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.

Leiga af lóðum hafna skal almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðar. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. skal renna í Hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld eins og þau eru ákveðin í hinni almennu gjaldskrá, önnur en aflagjald, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Innheimtuaðilar vörugjalds skv. 2. tölul. 1. mgr. 11 gr. skulu innheimta og standa skil á sérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu og ákveða hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Hafnaráð skal að fengnum tillögum Hafnasambands sveitarfélaga gera tillögur til samgönguráðuneytisins, a.m.k. einu sinni á ári, um gjaldskrá skv. 1. tölul. a–b og 2. tölul. 11. gr. Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur hafnarsjóðanna standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga.

Slík gjaldskrá, staðfest af samgönguráðherra, skal gilda fyrir allar hafnir er lög þessi ná til. Önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn. Ráðherra getur heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá hinni almennu gjaldskrá ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar er einstökum hafnarstjórnum heimiluð frávik til lækkunar á hinni almennu gjaldskrá fyrir hafnir vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávarafla.

14. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða. Eigendur hafnar eða hafnasamlags bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

15. gr.

Ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana Hafnamálastofnun ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

16. gr.

Halda skal reikning fyrir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, en þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnarstjórn er skylt að senda Hafnamálastofnuninni ársreikninga og þær upplýsingar sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðasta árs fyrir 1. mars ár hvert ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

17. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem best með að ákvæði þessarar greinar séu haldin skal senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar sé þess óskað.

18. gr.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnarinnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn og Hafnamálastofnun við gerð þess.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðinu nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Rísi ágreiningur skal málinu vísað til samgönguráðuneytisins til úrskurðar.

Sé leyfi til mannvirkjagerðar eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

Hafnarstjórn er heimilt, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af eða hafa staðið ónotuð í fimm ár eða lengur.

III. KAFLI
Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerð o.fl.

19. gr.

Frumkvæði um hafnargerð er hjá eiganda hafnar og framkvæmdir á ábyrgð hans.

20. gr.

Áður en hafnarframkvæmdir hefjast skal Hafnamálastofnun fá staðfest að fjármagn verði handbært til viðkomandi verkáfanga.

21. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

22. gr.

Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu unnar undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins og skulu allar áætlanir og uppdrættir sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar.

Hafnamálastofnun annast framkvæmd frumrannsókna í samráði við viðkomandi hafnarstjórn. Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu að jafnaði unnar samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti að útboð telst ekki muni gefa góða raun er heimilt að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar að víkja frá útboði.

Fari hafnarstjórn þess á leit annast Hafnamálastofnun auk frumrannsókna framkvæmdir eftir því sem við verður komið, skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana.

23. gr.

Hafnarframkvæmdir eru kostaðar af sjálfsaflafé hafnarinnar og framlagi frá eigendum. Enn fremur greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

24. gr.

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þar með talið skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.
2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, ferjuaðstöðu, dýpkun og uppfyllingar sem teljast nauðsynlegur hluti viðlegumannvirkja.
3. Dreifikerfi rafmagns, skolps og vatns sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar samkvæmt staðfestingu Hafnamálastofnunar hverju sinni.

4. Umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt staðfestingu Hafnamálastofnunar hverju sinni.
5. Framkvæmdir við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir á hafnarsvæðum við upptökumannvirki fyrir skip.

Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs telst hafnarframkvæmd, enda sé það liður í nýbyggingu, til umhverfisbóta eða mannvirkið í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirki svo illa farið að til álita komi að endurbyggja það skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf að mannvirkið hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi hafnamálastjóra.

Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps, verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

Landa- og lóðakaup hafna, svo og landgerð, njóta ekki ríkisstyrks. Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast. Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

25. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu úr ríkissjóði skv. 24. gr. eru:

1. Að eigendur hafnar eða hafnasamlags hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi sem fram fer við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar sem eigendur hafnar hafa samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og hafnamálastjóra.

26. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum:

1. Ríkissjóður greiðir allt að 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Ríkissjóður greiðir allt að 90% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   hafnargarða (öldubrjóta),
   dýpkun hafnar og innsiglingar,
   siglingamerki,
   sérbúnað fyrir ekjuskip og ferjur.

3. Ríkissjóður greiðir allt að 60% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   bryggjur og viðlegukanta,
   uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði,
   upptökumannvirki fyrir skip,
   mengunar- og slysavarnir,
   vatns-, raf- og holræsalagnir um hafnarmannvirkin,
   skipulag hafna og hafnarsvæða.
   niðurrif hafnarmannvirkja.

27. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar Hafnamálastofnun sem vinnur úr tillögunum og leggur fyrir hafnaráð og samgönguráðuneyti. Ráðherra leggur fyrir Alþingi tillögur sínar að fenginni umsögn hafnaráðs.

Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, þó með þeim takmörkunum um hámark sem kveðið er á um í 26. gr.

Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal ákveðin um leið og verk eru tekin inn á hafnaáætlun og tekin til endurmats á tveggja ára fresti við endurskoðun hafnaáætlunar. Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs.

Skerðing á hámarki framlaga skv. 26. gr. skal miðast við fjárhagslega stöðu hafnarsjóðs og skulu settar um það nánari reglur í reglugerð. Þrátt fyrir slíkar reglur getur ráðherra ákveðið að framkvæmdir í höfnum, sem mynda hafnasamlag, njóti tímabundið hámarksframlags skv. 26. gr.

28. gr.

Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem hafa ekki nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum vegna styrkhæfra hafnarframkvæmda. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðherra skal gera tillögu til fjárlaganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

IV. KAFLI
Um framkvæmdaáætlanir.

29. gr.

Hafnamálastofnun skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára.

Við þessa áætlanagerð ber Hafnamálastofnuninni að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð.

Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild.

Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar. Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmdir í hafnamálum árið áður.

V. KAFLI
Um Hafnabótasjóð.

30. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer hafnaráð með stjórn sjóðsins í umboði samgönguráðherra. Hlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til hafnargerða og bæta tjón á hafnarmannvirkjum.

31. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, sbr. 5. mgr. 12. gr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.
3. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.
4. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis.

32. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

33. gr.

Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt að fengnum tillögum Hafnamálastofnunar og hafnaráðs og með samþykki fjárlaganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.
2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þar með talið tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.
3. Sjóðnum er heimilt að veita lán og/eða styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 30% af heildarframkvæmdakostnaði til staða sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka. Styrkir mega aldrei nema meira en 15% af heildarframkvæmdakostnaði.
4. Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga umfram það sem segir í 3. tölul.
5. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

Samanlagt mega styrkir og lán úr Hafnabótasjóði að viðbættu ríkisframlagi aldrei fara yfir 90% af styrkhæfum framkvæmdakostnaði.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er talið að Landhelgisgæslan eigi fjögur stór varðskip og að þau séu í fullum rekstri allt árið. Eitt skip er ávallt í höfn vegna leyfa skipverja, viðhalds og lagfæringa. Nú er svo ástatt að þrjú skip eru úti yfir hávetrartímann, janúar, febrúar og mars, en á öðrum árstímum eru aðeins tvö skip við vörslu landhelginnar. Þá er oftar en ekki aðeins eitt skip við eftirlit á Íslandsmiðum yfir hluta sumartímans.

Fimm togarar frá löndum Efnahagsbandalagsins munu samkvæmt EES-samningi fá heimild til veiða innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar á tilteknum svæðum sem mjög náið eftirlit þarf að hafa með. Enn fremur ber að geta þess að ástandið við miðlínu Íslands og Grænlands þarf lítið að breytast til að nauðsyn verði á mjög aukinni gæslu. Það fer m.a. eftir fiskgöngum. Sama gildir um landhelgina í átt til Jan Mayen.

Meðalaldur íslensku varðskipanna er 26,3 ár, en aldur þeirra er eftirfarandi: vs. Óðins 34 ár, vs. Ægis 26 ár og vs. Týs 19 ár. Viðhaldskostnaður varðskipanna eykst með hverju árinu sem líður, og þótt nú þegar yrði byrjað á smíði nýs varðskips yrði það varla tilbúið fyrr en eftir þrjú ár í fyrsta lagi.

Íslenska landhelgin er 750 þúsund ferkílómetrar. Á sama tíma og skipum og starfsmönnum Gæslunnar hefur fækkað hefur landhelgi Íslendinga margfaldast að stærð. Það þarf ekki mikil rök að hafa varðandi nauðsyn þess að Íslendingar reki öfluga landhelgisgæslu, minnkandi afli og nauðsynleg fiskvernd auk ásælni erlendra fiskiskipa segja allt hvað þetta nauðsynlega mál varðar.

Allir sem þekkingu hafa á málefnum Landhelgisgæslunnar telja mjög brýnt að hefja þegar undirbúning að endurnýjun varðskipa. Stærð landhelginnar við Ísland er svo mikil að ekki má hætta á neitt er dregið gæti úr strangri gæslu. Þess verður að gæta að eðlileg endurnýjun fari fram á skipastól Gæslunnar og því er þessi þingsályktunartillaga borin fram. Núverandi ástand er óviðunandi.

566. Frumvarp til laga [371. mál]

um vernd Breiðafjarðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að vernd Breiðafjarðar.

2. gr.

Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Hrafnanesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Búlandshöfða að sunnanverðu.

3. gr.

Umhverfisráðherra fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum þessum. Ráðherra nýtur aðstoðar Breiðafjarðarnefndar sem hann skipar til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Skal einn skipaður eftir tillögu héraðsnefndar Dalasýslu, einn eftir tillögu héraðsnefndar Austur-Barðastrandarsýslu, einn eftir tillögu héraðsnefndar Snæfellinga og einn eftir tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umhverfisráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Skipa skal jafnmarga menn til vara á sama hátt.

Breiðafjarðarnefnd er stjórnvöldum til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga þessara. Tillagna Breiðafjarðarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra ákvæða er lúta að vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín.

4. gr.

Á landsvæði því sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil svo og jarðrask nema til komi leyfi ráðherra að fenginni umsögn Breiðafjarðarnefndar.

Heimilar skulu þó framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum nema spjöllum valdi á menningar- eða náttúruminjum að dómi Breiðafjarðarnefndar.

Þá eru heimilar án leyfis ráðherra skv. 1. mgr. byggingar og gerð mannvirkja samkvæmt staðfestu skipulagi.

5. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar, reglugerð um vernd lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess. Í reglugerð skal enn fremur kveða á um varnir gegn hvers konar mengun svæðis þess sem lögin taka til.

Í reglugerð skulu einnig sett ákvæði um aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars.

6. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar á Breiðafirði. Í reglugerð, sem ráðherra setur að fenginni tillögu Breiðafjarðarnefndar, skal kveða á um stjórn og starfsemi stöðvarinnar.

7. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum og varðhaldi. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 10 þúsund krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um vernd Breiðafjarðar er samið að tilhlutan Össurar Skarphéðinssonar umhverfisráðherra. Unnið hefur verið að gerð þess í umhverfisráðuneytinu í samráði við fulltrúa þeirra sveitarfélaga er málið varðar. Umsjón með frumvarpsgerðinni hefur verið í höndum Jóns Gunnars Ottóssonar, skrifstofustjóra í ráðuneytinu, en honum til aðstoðar hafa verið Ævar Petersen og Haukur Jóhannesson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Gísli Gíslason landslagsarkitekt og Friðjón Þórðarson, fyrrverandi alþingismaður.

Aðdragandi þess frumvarps sem hér liggur fyrir er að sumarið 1993 ræddi Össur Skarphéðinsson umhverfisráðherra við ýmsa sveitarstjórnarmenn við Breiðafjörð um það hvernig best yrði staðið að vernd náttúru og menningarverðmæta í firðinum og eflingu byggðar þar. Í framhaldi af því var ákveðið að kanna möguleika á að setja sérstök lög um vernd Breiðafjarðar þar sem hliðsjón væri höfð af lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Gagna var aflað á vegum umhverfisráðuneytisins um náttúrufar á svæðinu, menningarverðmæti, nýtingu hlunninda, atvinnuhætti, umferð ferðamanna, eignarhald og önnur atriði sem málið varðar. Ráðherra efndi að því búnu til fundar með fulltrúum hreppsnefnda Reykhólahrepps í Austur-Barðastrandarsýslu, Saurbæjarhrepps, Skarðshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu og fulltrúum náttúruverndarnefnda á þessu svæði. Á fundinum, sem haldinn var 20. október 1993 í Vogalandi í Króksfjarðarnesi, kynnti ráðherra hugmyndir að sérlögum um vernd Breiðafjarðar og ræddi þær við fundarmenn sem voru á einu máli um mikilvægi slíkrar lagasetningar. Fundað var í Stykkishólmi 13. desember sl. um sama efni með fulltrúum hreppsnefnda, náttúruverndarnefnda og héraðsnefndar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Fundur þessi var fjölsóttur og var einróma samstaða um að stefnt skyldi að setningu laga um vernd Breiðafjarðar sem næðu til sem flestra eyja, hólma og skerja á firðinum og strandlengju í innri hluta hans.

Þeim sveitarstjórnum, sem málið varðar, voru send drög að frumvarpi til laga um vernd Breiðafjarðar um miðjan desember sl. og í framhaldi af því efndi ráðherra til fundar með fulltrúum þeirra í Stykkishólmi 12. janúar 1994. Á fundinum gafst fundarmönnum kostur á að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum sínum við frumvarpsdrögin. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að setja lög um vernd svæðisins og höfðu ekki athugasemdir við frumvarpsdrögin. Í ljósi þessarar samstöðu var ákveðið að leggja frumvarp þetta til laga um vernd Breiðafjarðar fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1994.

Helstu markmið með setningu laga um vernd Breiðafjarðar eru:

1. að vernda landslag, einstakar jarðmyndanir og lífríki Breiðafjarðar,
2. að tryggja vernd menningarminja,
3. að búa í haginn fyrir vaxandi fjölda ferðamanna og tryggja almenningi aðgang að náttúru fjarðarins og sögu án þess að spjöll hljótist af,
4. að stuðla að auknum rannsóknum á lífríki og jarðfræði Breiðafjarðar,
5. að renna styrkum stoðum undir eyjabúskap og aðra hefðbundna nýtingu hlunninda á Breiðafirði.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að í lögunum verði einungis almenn verndarákvæði sem gilda skuli um allt svæðið. Í reglugerð, sem sett verði á grundvelli laganna í samvinnu við heimamenn, verði hins vegar kveðið nánar á um framkvæmdina og reglur settar um þá þætti sem máli skipta. Lagt er til að í Breiðafjarðarnefnd, sem verði ráðherra til ráðgjafar við framkvæmd laganna og þar á meðal setningu reglugerða og annarra ákvæða er lúta að vernd svæðisins, verði heimamenn í meiri hluta. Það er ljóst að taka verður tillit til margra ólíkra sjónarmiða sem erfitt getur verið að samræma eigi að vernda náttúru Breiðafjarðar og menningarminjar í firðinum og tryggja jafnframt blómlegar byggðir um ókomin ár. Góður árangur af þeirri viðleitni næst ekki nema með skilningi og vilja heimamanna.

Langt er síðan umræða hófst um þörf fyrir sérstaka vernd Breiðafjarðar. Alþingi ályktaði árið 1978, að tillögu Friðjóns Þórðarsonar alþingismanns, „að skora á ríkisstjórn að stuðla hið fyrsta að því, að hið fjölþætta lífríki Breiðafjarðar verði kannað og verndað, eftir því sem þurfa þykir, í samráði við heimamenn og náttúruverndarsamtök". Í greinargerð með tillögu til þessarar þingsályktunar er á það bent að fram hafi komið hugmyndir um setningu sérstakra laga um vernd Breiðafjarðar líkt og gilda um Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Jafnframt er tekið fram í greinargerðinni að þótt bráður háski vofi ekki yfir Breiðafirði sé eðlilegt og sjálfsagt að athuga þessi mál í tæka tíð og gera viðeigandi ráðstafanir ef þurfa þykir. Náttúruverndarþing, náttúruverndarsamtök heimamanna og fleiri aðilar hafa einnig ályktað um nauðsyn þess að vernda náttúru Breiðafjarðar með einhverjum hætti og svæðið hefur verið á náttúruminjaskrá síðan árið 1978.

Náttúrufar og menningarminjar.

Breiðafjörður er stærsta samfellda votlendissvæði landsins og eru strandsvæði þar um helmingur af allri strandlengju landsins. Í firðinum innanverðum er mikið grunnsævi, en utar er dýpi víðast mælt í tugum metra og er liðlega hundrað metrar þar sem það er mest. Kunnastur er Breiðafjörður fyrir mikinn fjölda eyja, hólma, skerja og boða. Eyjarnar á Breiðafirði hafa löngum verið álitnar óteljandi líkt og Vatnsdalshólar og vötnin á Arnarvatnsheiði.

Breiðafjarðareyjum er gjarnan skipt í tvo hópa, Vestureyjar og Suðureyjar, sem ná þó ekki til allra eyja á firðinum. Skilin á milli Vestureyja og Suðureyja eru á reiki, en eftir því sem næst verður komist eru Suðureyjar sunnan línu frá fjallinu Klofningi yst í Dalasýslu og út fjörð, en Vestureyjar norðan hennar.

Sjávarfalla gætir meira á Breiðafirði en flestum öðrum strandsvæðum við Ísland og er mesti munur flóðs og fjöru á sjötta metra. Miklar breytingar eiga sér stað á landslagi eftir sjávarföllum vegna misdýpis og hins mikla fjölda eyja og skerja. Sund þorna og stórir leiru- eða skerjaflákar rísa úr sjó um fjöru svo að landslagið tekur miklum stakkaskiptum. Víða myndast straumrastir og er Hvammsfjarðarröst þeirra kunnust. Þetta umhverfi og breytingar á því torvelda siglingar og gera þær hættulegar. Ekki er ókunnugum ráðlagt að sigla um eyjarnar án góðrar leiðsagnar.

Vegna eyjafjöldans er talið að á Breiðafirði sé yfir helmingur af öllum fjörum við Ísland. Þetta atriði eitt veitir vísbendingu um þá þýðingu sem Breiðafjörður hefur fyrir lífríki landsins. Lífmagn í fjörum og á grunnsævi er mikið og líffræðileg áhrif þessara svæða ná langt út fyrir mörk þeirra, hvort heldur er upp á land eða út á dýpri hafsvæði.

Stofnar hryggdýra í Breiðafirði eru yfirleitt stórir og gefur það vísbendingu um óvenjuauðugt lágdýralíf sem fiskar, selir, hvalir og fuglar lifa á beint eða óbeint. Tegundaauðgi í fjörum og á grunnsævi er ótrúlega mikil þar sem smádýr þrífast í skjóli víðáttumikilla þang- og þaraskóga. Fuglar eru áberandi í lífríki Breiðafjarðar. Sjófuglar eru algengastir fugla á firðinum og mest áberandi. Þeir hafa verið nytjaðir um aldir og telst svæðið vera með þýðingarmestu sjófuglabyggðum landsins þótt eiginleg fuglabjörg séu þar bæði lítil og lág. Fuglalífið er fjölskrúðugt og umtalsverða hluta af stofnum sumra tegunda í landinu er að finna á firðinum, t.d. lunda, æðarfugls, teistu, svartbaks og hvítmáfs. Hæst hlutfall er þó í stofnum toppskarfs og dílaskarfs því um 90% af skörfum landsins verpa á Breiðafirði. Um helmingur þeirra fuglategunda sem verpa hérlendis, eða 37, eru árvissir varpfuglar í eyjunum og fimm tegundir hafa að auki orpið þar óreglulega. Þegar strandsvæði fjarðarins eru talin með verpa um 50 tegundir fugla á svæðinu sem er um 70% af árvissum varpfuglum landsins. Sjaldséðir fuglar eiga varplönd á Breiðafirði, þar á meðal um fimmtungur íslenska þórshanastofnsins og rúmur helmingur af öllum haförnum í landinu. Þrjár fuglategundir, margæs, tildra og rauðbrystingur, eru árvissir gestir vor og haust þótt þær verpi ekki. Þetta eru svonefndir fargestir sem eru á reglubundnum ferðum milli varpheimkynna á norðlægum slóðum og vetrarstöðva á Bretlandseyjum. Nálægt 10% allra margæsa af þeim stofni sem kemur við hér á landi halda sig á Breiðafjarðarsvæðinu. Um 60% af þeim tæplega 300 þúsund rauðbrystingum sem koma við á Íslandi nýta sér fjörur á Breiðafirði.

Báðar íslensku selategundirnar kæpa á Breiðafirði. Í firðinum er nálægt fimmtungur af öllum landselum við Ísland og allt að helmingur af öllum útselum. Þá má sjá ýmis smáhveli svo sem hnísu, höfrungategundir og háhyrninga víða á firðinum og talsvert er þar af hrefnu, aðallega þó fyrir utan ystu sker. Margar lax- og silungsár falla í Breiðafjörð, þar á meðal nokkrar af bestu laxveiðiám landsins svo sem Haukadalsá og Laxá í Dölum.

Óvíða er jafnmikla grósku að finna og í mörgum Breiðafjarðareyja þótt hrjóstrug eða gróðurvana sker séu einnig ótalmörg. Eyjarnar eru margbreytilegar að stærð, landslagi, vatnsbúskap, gerð og dýpt jarðvegs, auk fjarlægðar frá ströndu. Allir þessir eðlisþættir hafa áhrif á fjölbreytileika gróðurs, en búseta, beit, stærð og tegund fuglabyggða eru einnig áhrifavaldar. Breiðafjarðareyjar bjóða upp á næg dæmi um breytileg áhrif allra þessara umhverfisþátta. Alls hafa fundist í eyjunum 229 tegundir háplantna eða um helmingur af náttúrulegri flóru landsins. Ein þessara jurta, flæðarbúi, hefur hvergi fundist hér á landi nema á þessum slóðum. Önnur sjaldgæf tegund er villilaukur sem vex í Hvallátrum.

Fyrir tilstilli sjófugla njóta Breiðafjarðareyjar frjósemi sjávar í ríkum mæli með þeim áburði sem þeir bera upp á land. Gnægð næringarefna leiðir af sér mikla framleiðni, svo gras vex þar í úthaga eins og á bestu túnum. Ýmsir fuglar, t.d. kríur og máfar, þóttu hinir ágætustu áburðargjafar og í seinni tíð hafa grágæsir, sem sækja eyjarnar heim til að fella fjaðrir, bæst í hópinn þótt þær kunni einnig að ganga nærri gróðri. Gróður fuglabyggðanna er frekar einhæfur, en hvergi grænkar eins fljótt á vorin og þar. Fuglabyggðir, einkum lundabalar, haldast stundum grænar allan veturinn. Stundum er þó of mikið af því góða, t.d. á skarfaskerjum því hvítt drit bókstaflega þekur þau svo þau sjást langt að. Skarfar, sem flytja sig upp í gróðursælar eyjar, hafa aldrei verið aufúsugestir í augum eyjamanna, enda skilja þeir eftir sviðna jörð. Bændur misstu því bæði slægjur á landrýrum jörðum og æðarfuglinn sem forðast skarfabyggðir. Nú er hins vegar ekki hver hólmi sleginn né fé haldið eins stíft að beit í eyjum og fyrrum. Gróðurfarið hefur tekið

stakkaskiptum í kjölfarið. Þetta sést greinilega á hvönninni sem hefur þotið upp víða og sauðfé er sólgið í. Þar má nefna hvannabreiðurnar í Sandeyjum í Flateyjarlöndum og Sprókseyjum í Látralöndum. Jarðvegur er annars grunnur í flestum Breiðafjarðareyja og vatnsöflun víða torveld, einkum í þurrkasumrum og vetrarhörkum. Þær takmörkuðu mýrar sem eru í eyjunum eru sannkallaðar lífæðar því þar er helst neysluvatn að fá.

Fleira en fuglafjöld hefur hjálpað til að mynda og bæta jarðveg. Þang- og þaraskógar eru geysimiklir um allan fjörð og slitnar stöðugt úr þeim og rekur á land þannig að hrannir myndast í flóðfarinu. Á hverjum stórstraumi losna þessar hrannir og reka í löngum röstum um allan sjó, en þær kastast einnig upp á land og rotna smám saman og mynda jarðveg. Fyrrum var þang borið úr fjörum upp í matjurtagarða og reyndist besti áburður sem hjálpaði til að bæta jarðveginn.

Undirlendi er fremur lítið umhverfis fjörðinn. Ströndin er víðast aðeins mjó ræma sem rís all snögglega inn til landsins í 300–500 m há fjöll. Jarðhiti er víða, einkum vestarlega í Vestureyjum og Vatnsfirði, svo og á Reykjanesi í Reykhólasveit. Merkilegar jarðmyndanir frá jarðfræðilegu sjónarmiði eru margar á Breiðafirði. Þar má t.d. nefna bogadregna keiluganga, basaltinnskot með fallegu stuðlabergi, flykruberg, gabbróinnskot og berg úr hvítu anortósíti.

Búið hefur verið í eyjum á Breiðafirði allt frá því að land byggðist. Áður var búið í tugum eyja á firðinum. Mannvistarleifar má því finna um allar eyjar, sérstaklega á heimaeyjunum. Breytingar til þeirra lífshátta sem nú tíðkast hafa gengið hægar fyrir sig á Breiðafjarðareyjum en víðast annars staðar á landinu og hafa mannvistarleifar því varðveist betur en annars staðar. Þar eru t.d. gamlir matjurtagarðar, fornir torfgarðar, grjótgarðar, nátthagar, naust, ruddar varir, bryggjur, bátakvíar, sjóvarnargarðar, legufæri, fiskhjallar, skothús, æðarbyrgi, útsýnisturnar, kúagötur, réttir, stekkar og sjávarfallavirkjun. Tóftir af híbýlum og útihúsum eru af óvenjufjölbreyttum toga, t.d. íbúðarhús, fjós, hlöður, fjárhús, íshús, bræðsluhús, verbúðir, smíðahús, dúnhús, bátaskýli, bænhús, klaustur, yfirsetukofar, hænsnakofar, brunnhús og útsýnisturn.

Þessar mannvistarleifar bera margbreytilegu atvinnulífi glöggt vitni. Af nógu er að taka, en það sem gerir mannvistarleifar í Breiðafjarðareyjum einkum áhugaverðar eru þær sem tengjast sjónum á einn eða annan hátt, svo sem að líkum lætur. Einhver merkilegustu mannvirkin eru bátakvíar eða dokkir, hlaðnir garðar til varnar fyrir báta, Silfurgarðurinn í Grýluvogi í Flatey, dokkin í Rauðseyjum og kvíin Steingerður í Akureyjum á Gilsfirði. Einnig má nefna sjávarfallavirkjunina sem dreif kornmyllu í Brokey, en þar er einnig útsýnisturn sem og í Akureyjum á Gilsfirði og Sviðnum. Þau mannvirki voru byggð svo unnt væri að svipast um eftir bátsferðum veiðiþjófa og annarra.

Frá tímum landnáms á Íslandi hefur Breiðafjörður ávallt verið talinn með gjöfulustu svæðum landsins, oft nefndur gullkista þjóðarinnar. Kemur þar margt til, svo sem fjölbreytt og auðugt fugla- og dýralíf, miklar og góðar grasnytjar og fjörubeit, tekja sölva og annarra þörunga og fengsæl fiskimið. Hlunnindabúskapur hefur hvergi verið meira áberandi hérlendis en á Breiðafirði. Fjölbreytni lífríkis og mikil auðgi varð þess valdandi að betra þótti að búa í Breiðafjarðareyjum en flestum öðrum stöðum á Íslandi.

Búseta við Breiðafjörð.

Tugir eyja á Breiðafirði hafa verið byggðar í lengri eða skemmri tíma, sumar allt frá upphafi byggðar á Íslandi. Þær skiptast milli tvenns konar býla, eyjajarða og landjarða. Eyjajarðir eru þau býli kölluð sem hafa ekki landrými nema í eyjum sem þeim tilheyra, en landjarðirnar eiga landnytjar sínar að mestu uppi í landi þótt einn eða fleiri hólmi fylgi undan ströndu. Mörg af helstu stórbýlum landhéraðanna umhverfis Breiðafjörð eiga þó umtalsverð ítök í eyjum. Þar má nefna Bjarnarhöfn og Helgafell á Snæfellsnesi, Staðarfell og Skarð í Dalasýslu, Króksfjarðarnes, Miðhús, Reykhóla, Stað, Skálmarnesmúla, Fjörð og Brjánslæk í Barðastrandarsýslum. Jafnframt eru þetta mörg af stærstu og kunnustu býlum landsins. Hvað ítök í eyjum snertir og nytsemi af þeim eru höfuðbólin Reykhólar og Skarð stærst landjarða.

Búskapur þróaðist með nokkuð öðrum hætti á breiðfirskum eyjabýlum en landjörðum. Talað hefur verið um „eyjabúskap“ sem eitthvað annað en það sem bændur aðhöfðust uppi á landi. Ef til vill var helsti munurinn sá að eyjabændum voru bátar jafnnauðsynlegir og hestar landjarðabændum. Hin margbreytilegu hlunnindi eyjanna gerðu það einnig að verkum að eyjamenn höfðu ætíð nóg að bíta og brenna meðan hungursneyð ríkti annars staðar á landinu. Nálægð eyjamanna við fengsæl fiskimið átti ekki síst stóran þátt í velgengni þeirra.

Áður var mannmargt í Breiðafjarðareyjum og tugir eyjajarða í byggð, en fólksflótti hefur verið mikill úr eyjunum á síðari tímum, ekki síst um miðja þessa öld. Samanburður á eyjajörðum í ábúð 1703 þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín tóku saman Jarðabókina og þeirra sem nú eru byggðar sýnir þá þróun sem átt hefur sér stað, en eyjabyggð hefur að mestu lagst af á þessum tíma. Af 40 eyjajörðum sem Árni og Páll nefna eru aðeins tvær (5%) enn þá í fullri ábúð. Landjarðirnar hafa haldist mun betur í byggð og er heilsársbúseta enn á 36 (77%) þeirra.

Sumarbústaðabyggð er töluverð í Breiðafjarðareyjum. Líklega er slík byggð í 20 eyjaklösum og heyra til tæplega helmings af eyjajörðum. Stærst er sumarbyggð í Flatey þar sem einnig er heilsársbúseta, en nærri liggur að um eitt hundrað manns dveljist þar á sumrin. Aðallega er um að ræða afkomendur þeirra sem bjuggu í eyjunum, en aðkomufólk hefur einnig keypt eyjar til að dveljast þar í frístundum. Síðustu 10–20 ár hafa fjölmargar eyjar verið seldar til sumardvalar og nytja, svo sem Stóru-Tungueyjar á Hvammsfirði, Akureyjar á Gilsfirði, Bjarneyjar, Sviðnur og Hvallátur í Vestureyjum.

Eignarhald.

Eignarhald er flókið á mörgum Breiðafjarðareyja og langt frá því að vera áreiðanlegt í þeim gögnum sem fyrir hendi eru. Í flestum tilfellum munu eyjarnar vera í óskiptri sameign. Fjöldi eigenda er mikill að sumum eyjaklösum, tugur eða jafnvel nokkrir tugir manna. Ástæðan er fyrst og fremst stöðugar skiptingar milli erfingja í tímans rás og eyjajarðirnar oft margbýlar. Gömlu skiptingarnar milli býla, hvort sem átt er við eyjabýli eða landjarðir, hafa líka riðlast frá því sem áður var. Búið er að selja einstakar eyjar undan jörðum eða eyðijarðir hafa fallið undir nágrannabýli í tímans rás. Á vegum umhverfisráðuneytisins er unnið að því að taka saman yfirlit um eignarhald á eyjunum. Alls eru um 200 eyjar og hólmar í eigu opinberra aðila, eða nálægt 8% Breiðafjarðareyja.

Hlunnindi.

Skynsamleg nýting hlunninda hefur verið kjölfestan í búskap í Breiðafjarðareyjum á liðnum öldum auk hefðbundinna búgreina og fiskveiða. Fjölbreytni í hlunnindum gerði það að verkum að „ . . . hvergi [var] gagnsamara á Íslandi en í Breiðafjarðareyjum . . . “ eins og Jón Espólín orðaði það árið 1698. Lesa má um hlunnindi sem nýtt voru í Breiðafjarðareyjum fyrr á tímum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem út var gefin árið 1703. Þar segir m.a. frá þýðingu hinna ýmsu hlunninda á Breiðafjarðarbýlum fyrir nær þremur öldum. Eggjatekja var mjög þýðingarmikil, sérstaklega taka skarfs-, æðar-, svartbaks-, kríu-, anda-, teistu- og hvítmáfseggja. Æðar- og skarfsegg, svartbaks- og kríuegg eru enn nytjuð en í mun minna mæli og alls ekki tínd með jafnreglubundnum hætti og áður. Nú eru einnig tekin ritu- og fýlsegg sem ekki var fyrrum, líklega vegna þess að rita var sjaldgæf og fýll óþekktur sem varpfugl.

Í Breiðafirði voru umtalsverð hlunnindi af selveiðum. Afurðirnar voru notaðar til hins ýtrasta, skinn í skó og föt, kjöt og spik til matar og spik til lýsingar. Á þessari öld hafa einkum verið veiddir landselskópar eftir að skinn þeirra urðu eftirsóknarverð útflutningsvara. Aðeins skinnið er hirt af kópum og lítils háttar af kjöti og spiki ef hræjunum er ekki sökkt eftir að búið er að hirða kjálka úr þeim. Á annan áratug hafa selskinn verið mikið til verðlaus vegna áróðurs erlendra friðunarsinna og dró úr selveiðum þess vegna. Hins vegar hóf svonefnd hringormanefnd, sem saman stendur af hagsmunaaðilum í sjávarútvegi, að greiða verðlaun fyrir drepna seli árið 1982. Það varð til þess að laða gamalgróna hlunnindabændur, svo og fjölmarga skotmenn úr þéttbýli og sveitum, til að drepa seli vegna verðlaunanna þrátt fyrir bann við skotveiðum á innanverðum Breiðafirði, sbr. lög um selaskot frá 1925. Segja sumir að það sé af sem áður var þegar forfeður hlunnindabænda börðust fyrir friðun sela í látrum, enda skotveiðar álitnar vís leið til að fæla þá frá.

Æðardúnstekja var víða í Breiðafjarðareyjum og er enn. Þetta eru einu hlunnindin sem nokkurn veginn jafnmikil rækt er lögð við nú og áður. Verð á æðardúni hefur lengi verið hátt og dúntekja þess vegna haldist við. Allra seinustu ár hefur þó komið afturkippur í sölu á æðardúni. Æðarrækt er í raun talin vera grundvöllur áframhaldandi búsetu í eyjunum nema annað komi í staðinn.

Lundatekja var víða fyrrum og er enn stunduð töluvert sem háfveiði á fullvöxnum fuglum. Áður var kofan (unginn) yfirleitt tekin í holu. Háfveiði er nú meira stunduð sem sport en af brýnni nauðsyn. Skelfisks- og hrognkelsaveiðar voru áður taldar til hlunninda á um 20% býlanna. Sá veiðiskapur hefur þróast í arðbærar atvinnugreinar sem ekki eru síður stundaðar af þéttbýlisfólki en til sveita. Önnur hlunnindi voru stunduð í minna mæli í tíð Árna og Páls, álftaveiðar aðeins á einu býli og hvannatekja á tveimur. Það er nokkuð ljóst að hlunnindi býla voru talsvert meiri en Árni og Páll greina frá í Jarðabók sinni. Áberandi er að þeir hafa reynt að draga úr þýðingu þeirra fyrir býlin, enda hætta á aukinni skattlagningu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gerð grein fyrir þeim tilgangi frumvarpsins að stuðla að verndun Breiðafjarðar. Eins og fram kemur af öðrum ákvæðum frumvarpsins er gert ráð fyrir almennri vernd sem nái til landslags, einstakra jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Stefnt er að því að varðveita náttúrufar Breiðafjarðar og menningarminjar eftir því sem hægt er með hliðsjón af þróun byggðar og atvinnuháttum þess fólks sem svæðið byggir.

Um 2. gr.

Í greininni eru dregin mörk þess svæðis sem ákvæði frumvarpsins ná til. Gert er ráð fyrir að Hagadrápssker, Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey séu að öllu leyti innan þessa svæðis.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er staðfest að umhverfisráðherra fari með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt frumvarpinu. Nauðsynlegt er talið að setja ákvæði í frumvarpið um ráðgjafanefnd fyrir umhverfisráðherra sem ynni jafnframt að ýmsum málum er varða framkvæmd verndarinnar. Gert er ráð fyrir að nefndin semji drög að reglugerðum skv. 5. og 6. gr. og fjalli um leyfisveitingar og undanþágur skv. 4. gr. frumvarpsins. Lagt er til að heimamenn skipi meiri hluta nefndarinnar enda mun verndin að verulegu leyti byggja á þekkingu þeirra og vilja til að laga atvinnuhætti og þróun mannlífs að náttúru fjarðarins. Til að svo megi verða þarf að taka tillit til margra ólíkra sjónarmiða sem erfitt gæti reynst að samræma án virkrar þátttöku heimamanna.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein verður almenna reglan sú að hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt án samþykkis umhverfisráðherra að fenginni umsögn ráðgjafanefndarinnar. Hins vegar eru heimilaðar nauðsynlegar og eðlilegar framkvæmdir vegna búskapar á lögbýlum svo framarlega sem þær valda ekki spjöllum á menningarminjum eða náttúruverðmætum að dómi ráðgjafanefndarinnar. Leiki vafi á því hvort hætta sé á að framkvæmd vegna búskapar á lögbýli valdi spjöllum verður að bera hana undir nefndina. Ekki þarf leyfi ráðherra fyrir byggingum eða gerð mannvirkja sem eru í samræmi við staðfesta skipulagsáætlun.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að ráðgjafanefndin skuli gera tillögur að reglum um vernd lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess sem ráðherra staðfesti með reglugerð. Gert er ráð fyrir að hefðbundnar nytjar haldist og önnur auðlindanýting verði í samræmi við markmið verndarinnar. Einnig að atvinnuhættir og umferð um svæðið verði með þeim hætti að ekki valdi neikvæðum áhrifum á lífríki. Sérstaklega ætti að gæta þess að valda ekki óþarfa truflun fyrir fuglalíf um varptíma og skaða ekki fjöru- og botndýralíf með óæskilegum veiðarfærum eða öðrum verkfærum. Jafnframt skal í reglugerðinni kveða á um varnir gegn hvers konar mengun.

Í 2. mgr. er kveðið á um að setja skuli ákvæði í reglugerð til að hamla gegn hættu á spjöllum á náttúrufari af völdum ferðamanna. Ásókn ferðamanna í Breiðafjarðareyjar hefur aukist verulega á undanförnum árum. Enn sem komið er leitar fólk mest til Flateyjar með flóabátnum Baldri sem gengur milli Stykkishólms og Brjánslækjar og í bátaferðir frá Stykkishólmi. Einnig eru nýlega hafnar skipulagðar ferðir frá Reykhólum og stuttar ferðir eru auglýstar um nágrenni Flateyjar. Fyrir 10–15 árum komu 1.000–2.000 manns til Flateyjar á sumrin, en síðasta áratug hafa 6.000–8.000 manns heimsótt eyjuna árlega. Lítið hefur verið gert til þess að mæta þessari aukningu og er fuglalíf í eyjunni þegar farið að láta á sjá af þessum sökum að mati fuglafræðinga. Nauðsynlegt er orðið að setja umgengnisreglur og koma upplýsingum um eyjuna með skipulegum hætti til ferðafólks. Sama á við um marga aðra staði á firðinum þótt straumur ferðamanna sé enn sem komið er ekki mikill. Jafnvel getur þurft að takmarka aðgang tímabundið að ákveðnum eyjum eða svæðum á firðinum, t.d. um varptíma, og setja reglur um ferðir báta (leiðir, hraða, stærð, hávaða).

Um 6. gr.

Í greininni er ráðherra veitt heimild til að leyfa starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar á Breiðafirði. Gert er ráð fyrir að samið verði við heimamenn um slíka stöð, rekstur hennar, skipulag og hlutverk. Mælt er fyrir um að ráðherra skuli setja með reglugerð nánari fyrirmæli um stjórn og starfsemi stöðvarinnar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vernd Breiðafjarðar.

Frumvarpi þessu er ætlað að styrkja náttúruvernd í Breiðafirði. Ef frumvarpið verður að lögum yrði kostnaður ríkissjóðs einkum af tvennum toga. Í fyrsta lagi yrði skipuð nefnd fimm manna stjórnvöldum til ráðgjafar um framkvæmd náttúruverndarinnar. Ætla má að nefndarlaun og annar kostnaður nefndarinnar verði innan við 100 þús. kr. á ári. Í öðru lagi yrði heimilt að koma á fót náttúrurannsóknastöð sem fjármögnuð yrði af ríkissjóði skv. 7. gr. frumvarpsins. Af hálfu umhverfisráðuneytisins er fyrirhugað að samið verði um hlutverk og starfsrækslu stöðvarinnar við viðkomandi sveitarfélög. Á þessu stigi liggja ekki fyrir fullmótaðar tillögur um umfang þessarar starfsemi. Ekki hafa

heldur verið lögð fram drög að rekstraráætlun stöðvarinnar. Ef tekið er mið af fyrstu hugmyndum umhverfisráðuneytis um tilhögun rannsóknanna og rekstri svipaðrar stöðvar við Mývatn má þó ætla að stofnkostnaður verði a.m.k. 1 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 4 m.kr. Er þá gert ráð fyrir að húsnæði fyrir stöðina verði tekið á leigu og að launakostnaður samsvari einu starfi.

567. Skýrsla [372. mál]

félagsmálaráðherra um velferð barna og ungmenna.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Inngangur.

Með þingsályktun um velferð barna og ungmenna ályktaði Alþingi 9. maí árið 1992 að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt og semja skýrslu um orsakir vaxandi erfiðleika og hættu fyrir börn og unglinga sem m.a. kæmu fram í aukinni neyslu vímuefna, sjálfsvígum, ofbeldi og öðrum afbrotum. Nefndin var skipuð af félagsmálaráðherra með bréfi, dagsettu 26. janúar 1993. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir:

Cecil Haraldsson prestur, formaður,
Drífa Hjartardóttir bóndi,
Drífa Kristjánsdóttir bóndi og skólastjóri,
Guðrún Helgadóttir alþingismaður,
Siv Friðleifsdóttir sjúkraþjálfari.

Ritari nefndarinnar var Guðjón Bjarnason, starfsmaður í félagsmálaráðuneytinu.

Nefndin skilaði skýrslu sinni 8. nóvember 1993. Eftir að skýrslan barst félagsmálaráðherra var hún lögð fyrir ríkisstjórn. Að því búnu voru tillögur nefndarinnar sendar viðkomandi ráðuneytum til athugunar og fyrirgreiðslu hvað varðar þau atriði skýrslunnar sem undir þau heyra.

Skýrsla nefndarinnar fylgir hér á eftir:

Nefndin telur að sú mynd, sem við blasir af afbrotum meðal barna og ungmenna, sjálfsvígum, vímuefnaneyslu o.s.frv., sé allflókin og ekki sé auðvelt að átta sig til fulls á því hvort velferð barna og ungmenna hafi hrakað eins og gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni og greinargerð hennar. Sem dæmi má nefna að upplýsingar lögreglunnar í Reykjavík benda ekki til að ofbeldisverkum þar sem börn eða ungmenni eiga hlut að máli sé að fjölga. Skýrslur lögreglunnar í Reykjavík frá árunum 1989 og 1990 leiddu í ljós að ofbeldi hefði aukist um 5% á milli þessara ára, nær eingöngu vegna fjölgunar „minni háttar mála“. Á sama tíma fækkaði alvarlegum málum þar sem um líkamsmeiðingar var að ræða um 23%. Þá fækkaði árásaraðilum yngri en 20 ára öll árin 1989–1991. Lögreglunni þykir þó hlutfall hinna yngri nokkuð hátt miðað við aldursskiptingu íbúa. Hins vegar gefur huglægt mat til kynna að tilhæfulaust og óvægið ofbeldi ungs fólks í miðborg Reykjavíkur að kvöld- og næturlagi um helgar hafi aukist og er það afar uggvekjandi.

Nefndin telur varasamt að nota ýmsar upplýsingar sem stundum eiga að sýna fram á að börn eigi í vaxandi erfiðleikum sem mælikvarða á velferð þeirra. Sem dæmi má taka tölur um fjölda barna sem leita eftir sálfræðiþjónustu í grunnskóla. Þessar tölur benda til að fjöldi þeirra hafi aukist hægt og sígandi. Síðustu þrjú ár hefur lítil breyting orðið. Tölur um fjölda innlagna eða þeirra sem leita eftir þjónustu er tæpast viðunandi mælikvarði á aukinn vanda. Það er þekkt staðreynd að aðsókn þjónustu eykst í samræmi við framboð hennar án þess að það segi til um þörfina frá einum tíma til annars. Nefndin hefur leitt hugann að þeirri spurningu hvort afmarkaðar kannanir eða rannsóknir, sem og nefndarvinna ýmiss konar, séu þess megnug að skýra flókin samfélagsleg eða sálfræðileg fyrirbæri eða benda með mikilli vissu á orsakatengsl. Nefndinni hefur verið bent á að margar athuganir síðari ára á málefnum barna og ungmenna, svo sem varðandi fíkniefnavanda, hafi ekki verið nægilega vandaðar. Gildi rannsóknanna er rýrt vegna aðferðafræðilegra galla. Í sumum tilvikum munu frumgögn týnd og ekki mögulegt að fá vandaðan samanburð, svo sem um breytingar frá einum tíma til annars. Nefndin telur mikilsvert að unnið sé jöfnum höndum að því að rannsaka vísindalega málefni barna og fjölskyldna hér á landi og gera til þeirra rannsókna strangar gæðakröfur.

Í kjölfar þeirra breytinga sem orðið hafa í þjóðfélaginu á undanförnum árum og áratugum hefur aðgreining aldurshópa orðið meiri en áður var. Þörf atvinnuveganna fyrir vinnuafl og tekjuþörf heimilanna eiga þarna mikinn þátt. Auk þessa hefur hlutfallsleg aldursskipting íbúanna breyst.

Aðgreining aldurshópa birtist meðal annars í byggingu sérstaks húsnæðis fyrir aldraða og umönnun barna annars staðar en á eigin heimilum. Þjóðfélagið er á margan hátt orðið þannig að vinnandi fólk er á einum stað, aldraðir á öðrum, unglingar á þeim þriðja og börn á þeim fjórða. Þessum breytingum hefur ekki fylgt sú aðlögun sem nauðsynleg hefði verið af hálfu samfélagsins með því að „kenna“ fólki að búa í breyttu umhverfi og búa svo í haginn að væri við hæfi barna.

Hver hópur fyrir sig er gerður að afmörkuðum neysluhópi og að honum beint sérhæfðri sölumennsku, ekki síst ungmennum. Þessa skiptingu má einnig sjá í frístundum fólks. Það er fátítt að börn og fullorðnir eigi frístundirnar saman, t.d. í leikhúsum, kvikmyndahúsum eða á veitingastöðum. Helst má sjá fólk á öllum aldri á skíðasvæðum.

Eitt einkenni þjóðfélagsins er að umræða um barnavernd og velferðarmál barna er af mjög skornum skammti og er helst að hún gjósi upp um einstök afmörkuð atriði. Því gosi fylgir oftar en ekki átak, jafnvel fjársöfnun, í stuttan tíma. Að því loknu leggst deyfðin yfir aftur og umræðan hverfur. „Þjóðin“ hefur keypt samviskunni frið með því að leggja út stofnkostnað einhvers konar, en sjaldnast er spurt að því hver eigi að kosta rekstur-inn.

Annað sem einkennir þjóðfélag okkar nú er að börn sjást sjaldan að leik nema í skipulögðu starfi (og oft kostnaðarsömu fyrir foreldra þeirra), enda virðist skipulag byggðar og umferðar ekki gera ráð fyrir börnum nema sem þiggjendum.

Nokkrar staðreyndir um stöðu barna og fjölskyldna á Íslandi.

Ýmsar athyglisverðar staðreyndir um börn og fjölskyldur benda til að íslenska samfélagið sé í veigamiklum atriðum frábrugðið þeim samfélögum sem Íslendingar bera sig helst saman við. Nokkrar staðreyndir má nefna:

— Börn og ungmenni á Íslandi að 18 ára aldri eru um 30% af íbúum landsins. Hlutfall barna hér á landi er þannig mun hærra en annars staðar á Norðurlöndunum þar sem það er um 20–25% af mannfjölda.
— Til verkefna á sviði félags- og heilbrigðismála, svo sem dagvistarstofnana, æskulýðsstarfsemi og barnaverndar, verja Íslendingar 2,5% af landsframleiðslu sinni. Það hlutfall er 3,5% annars staðar á Norðurlöndunum nema í Svíþjóð þar sem það er 5,1%.
— Hlutfallslega eru færri börn hérlendis í dagvistun allan daginn en annars staðar á Norðurlöndunum. Færri pláss eru fyrir börn á dagvistarstofnunum hér á landi og uppbygging starfseminnar virðist mun hægari.
— Óstöðugleiki í gæslu barna er mun meiri hér á landi en í nágrannalöndunum. Til dæmis voru 13% forskólabarna í fleiri en einni tegund dagvistar árið 1988. Könnun hér hefur leitt í ljós að af níu ára börnum eru 11% ein allan daginn og 9% hluta dags.
— Atvinnuþátttaka beggja foreldra hér á landi er sú hæsta á Vesturlöndum.
— Fjölskyldur á Íslandi eru að meðaltali stærri en á Norðurlöndunum.
— Barnsburðaraldur foreldra er lágur hér landi miðað við önnur Vesturlönd.
— Um 20% fjölskyldna forskólabarna eiga oft í fjárhagsörðugleikum í samanburði við 4% þeirra para sem ekki eiga börn.

Ofangreindar staðreyndir benda til þess að börn og fjölskyldur hér á landi búi við mun þrengri kost en tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum, í þeim löndum sem Íslendingar bera sig helst saman við.

Heildaryfirsýn.

Upplýsingar.

Með heildaryfirsýn hefur nefndin í huga tvö atriði:

a. Söfnun upplýsinga og greiningu á þeim.
b. Miðlun upplýsinga og notkun þeirra.

Í kaflanum á undan hefur verið tekið dæmi um slíkar upplýsingar. Mikilvægt er að frumgreining fari fram á vanda þeirra fjölskyldna og barna sem á aðstoð þurfa að halda og að nákvæmar upplýsingar liggi fyrir á hverjum tíma um framboð á stofnanarými að teknu tilliti til sérhæfingar þess.

Félagsmálaráðuneytið er nýbúið að taka við málaflokknum vernd barna og ungmenna. Nefndin telur mikilvægt að vel sé vandað til skipulagningar og framkvæmdar málaflokksins í ráðuneytinu.

Fjölskyldustefna.

Nú stendur yfir í félagsmálaráðuneytinu yfirgripsmikill undirbúningur að ári fjölskyldunnar. Nefndin leggur til að áframhald verði á þeirri vinnu, þar á meðal að virk umræða haldi áfram, boðskiptaleiðir, sem hafa verið virkjaðar, haldist opnar o.s.frv. Þá telur nefndin nauðsynlegt að upplýsingar um málefni fjölskyldunnar verði endurnýjaðar jafnharðan og stefna mótuð með tilliti til þeirrar vitneskju. Nefndin bendir á að í málefnasamningi ríkisstjórnar þeirrar, sem nú situr, eru áform um að leggja upplýsingar, sem

aflað verður fyrir ár fjölskyldunnar, til grundvallar fyrir þá stefnumótun í fjölskyldumálum sem ríkisstjórnin vill fylgja. Hefur nefndin væntingar um að þetta gangi eftir og að áhersla á fjölskyldumálefni verði fastur liður í samstarfssamningi ríkisstjórna framtíðarinnar.

Breytt hlutverk stofnana.

Í heildarsýn felst að átta sig á því hvaða atriði það eru sem hafa hvað mest áhrif á líf barna og fjölskyldna þeirra og hvernig stofnanir samfélagsins hver um sig geti á grundvelli þessarar þekkingar unnið kerfisbundið að því að bæta hag barna og fjölskyldna. Með hugtakinu heildarsýn hefur nefndin í huga að með breyttu hugarfari eða nálgun megi takast að nýta betur ýmsar stofnanir samfélagsins og á annan hátt en gert er. Sem dæmi má taka að öðlast mætti nýjan skilning á því sem felst í heilsugæslu og hugtakinu heilsa. Nefndin telur að nýta mætti betur heilbrigðisstofnanir, ekki síst heilsugæslustöðvar, til forvarnarstarfa með fræðslu um mataræði, áfengisneyslu, streitu og samskiptavanda, líðan á vinnustöðum, svo dæmi séu tekin, í því augnamiði að auka vellíðan fólks. Nefndin telur vert að huga vel að tilraun sem gerð hefur verið á Heilsugæslustöðinni á Akureyri og felst í því að skilgreina á nýjan hátt hlutverk heilsugæslustöðva í heilsu- og fjölskylduvernd. Til að þetta megi verða telur nefndin að auka þurfi mjög samstarf þeirra sem vinna á hinum ýmsu sviðum sem snerta fjölskyldur.

Nefndin telur brýnt að þegar í stað verði farið að vinna að því að framkvæma þau ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu sem mæla fyrir um félagslega ráðgjöf á heilsugæslustöðvum landsins.

Félagsleg þjónusta.

Inntak félagslegrar aðstoðar.

Nefndin telur nauðsynlegt að í síbreytilegu þjóðfélagi sé sífellt hugað að því að leita að nýjum úrræðum á sviði félagslegrar þjónustu og í barnaverndarstarfi og leggur áherslu á að markmiðum laga um félagslega þjónustu verði náð. Vísa má til þess að í lögunum er megininntakið í því sem kallast félagsleg þjónusta að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð á grundvelli samhjálpar. Þess skuli gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar. Grípa skuli til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál. Tvö síðasttöldu atriðin telur nefndin afar mikils virði í allri félagslegri vinnu, raunar meginatriði í þeirri hugsun sem að baki liggur.

Nefndin hefur áhyggjur af því að mörg sveitarfélaganna axli tæpast þá miklu ábyrgð sem lögð eru á þau með lögum um félagslega velferð. Nefndin telur að ekki sé nægilegt að vinna að því að bæta þá starfsemi sem fram fer á vegum ríkisins á þessu sviði ef ekki er unnt að veita þá þjónustu, sem þörf er fyrir, heima í héraði.

Ný viðhorf.

Nefndin telur brýnt að unnið verði að því að draga úr neikvæðum og villandi viðhorfum um félagsþjónustuna. Sú óheillavænlega staða hefur komið upp að almenningur virðist telja félagslega aðstoð og eftirlit einhvers konar niðurlægingu eða ósigur. Nefndin telur eftirsóknarvert að félagslegt eftirlit og fyrirbyggjandi starf fái svipaða stöðu og ungbarnaeftirlit, þ.e. sé sjálfsagt eftirlitskerfi þar sem fylgst er með velferð barna og umönnun fyrstu æviárin og aðstoð veitt þegar við á. Nefndinni finnst ekki fara vel á því misræmi sem er á milli hins mikla eftirlits fyrstu æviár barnsins og þeirrar staðreyndar að

takmarkað virkt eftirlit er haft með börnum frá því að þau eru tveggja ára og allt þar til þau hefja skólagöngu.

Nefndin leggur á það áherslu að sveitarfélögum verði gert kleift að þróa þessa starfsemi og hefur rætt þá hugmynd að félagsmálaráðuneytið láti gera fyrir sveitarfélögin formlega áætlun og leiðbeiningarefni um félagsþjónustuna.

Ágreiningur foreldra um forsjá barna og umgengnisrétt.

Nefndin er þeirrar skoðunar að verulega skorti á um ráðgjöf á sviði uppeldismála en einnig á sviði skilnaðarmála, þar á meðal forsjár- og umgengnismála. Breyttir sambúðar-hættir gera það að verkum að enginn veit með vissu um fjölda þeirra barna sem verður fyrir þeirri lífsreynslu að foreldrar skilji að skiptum. Til þessa hafa aðeins verið til aðgengilegar upplýsingar um fjölda barna þeirra foreldra sem skilja að lögum. Áætlað er að a.m.k. 600–700 börn hér á landi verði á ári hverju fyrir því að foreldrar skilji. Miðað við reynslu er ekki úr vegi að ætla að rétt innan við 10% þeirra, eða um 50–60 börn, verði bitbein í hatrammri deilu foreldra vegna forsjár. Nefndin telur vert að hugað sé að reynslu þeirra landa sem sett hafa í löggjöf að skilnaður sé ekki veittur foreldrum þegar ágreiningur er um forsjá barna nema þeir hafi leitað sérfræðilegrar ráðgjafar til að leysa ágreining sinn. Sé sú reynsla jákvæð leggur nefndin til að samsvarandi ákvæði verði tekin upp í íslenskri löggjöf.

Þá er það áhyggjuefni að mati nefndarinnar hve mörg börn búa við langvarandi ágreining foreldra vegna umgengni barna. Nefndin telur að samfélagið hafi gert of lítið til að stuðla að því að foreldrar eigi þess kost að geta unnið bug á slíkum deilum með sérhæfðri aðstoð. Þetta telur nefndin mjög varhugavert og úr þurfi að bæta sem fyrst.

Félagslegar íbúðir.

Á sínum tíma guldu margir varhug við því að skipulögð væru og byggð stór og fjölmenn íbúðarhverfi á stuttum tíma þar sem eðlileg aldursdreifing íbúa mundi riðlast. Nefndin telur að þessi ábending eigi að verulegu leyti enn við. Þetta atriði hafi alls ekki fengið næga umfjöllun í seinni tíð. Að mati nefndarinnar hafa ýmis neikvæð félagsleg áhrif, sem eiga að einhverju leyti rætur í framangreindu, ekki látið á sér standa. Nefndin telur t.d. þá tilhögun varhugaverða að íbúðir, sem skjólstæðingum félagsmálastofnana er úthlutað, skuli í svo ríkum mæli vera á sama stað. Nefndin telur ástæðu til að kannað verði hvaða félagsleg áhrif þetta hafi. Séu þau neikvæð leggur nefndin til að breytt verði tilhögun á úthlutun íbúðarhúsnæðis fyrir þá sem lakast standa félagslega.

Þjónusta við unglinga.

Lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga fela í sér að unglingum skuli veittur almennur félagslegur stuðningur, svo sem hvað varðar tilsjón og eftirlit, leiðbeiningarhlutverki sinnt og aðstæður séu til að veita unglingi og/eða fjölskyldu hans langtímameðferð. Nefndin hefur efasemdir um að þessi þjónusta sé alls staðar með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir.

Tómstundir, íþróttir, skólastarf.

Nefndin telur það forgangsverkefni sveitarfélaga að vinna þannig að málefnum barna og ungmenna að þau fái notið hollra og þroskavænlegra skilyrða. Ekki síst telur nefndin ástæðu til að hvetja til þess að skólastarf verði eflt. Þar hefur nefndin í huga að hlutverk skólans verður sífellt viðameira og ábyrgðarmeira. Sú staðreynd er í ósamræmi við þann mikla niðurskurð sem orðið hefur í rekstri skólanna.

Nýjar hugmyndir í félagsþjónustu.

Nefndin er sannfærð um að til séu hugmyndir um úrræði sem nota mætti í barnaverndarstarfi. Á hinn bóginn lítur út fyrir að langt sé í land með að margar þessar hugmyndir komi að gagni, oft vegna skorts á fjármunum. Nefndin hefur vitneskju um að ekki sé mögulegt að nota álitleg og árangursrík úrræði í þeim mæli sem æskilegt væri, svo sem stuðningsfjölskyldur fyrir börn, vegna þess hve lítil þóknun er greidd fyrir slíka vinnu. Fáir vilji taka að sér svo krefjandi verkefni af þeim sökum.

Nefndin telur að stöðugt verði að leita nýrra úrræða og endurnýja önnur í barnavernd og í félagsþjónustu. Meðal úrræða, sem nefndin hefur rætt, eru „foreldrauppeldi“ og „foreldrafræðsla“. Þessi atriði lúta að því að gera hvern og einn hæfara foreldri og undirbúa ungmenni undir þetta hlutverk. Nefndin álítur að þetta eigi að einhverju marki að fara fram í grunnskólum en einnig á síðari skólastigum, í almannafræðslu og með því að væntanlegir foreldrar eigi greiðan aðgang að upplýsingaefni, námskeiðum og öðru því sem nota mætti í þessu augnamiði. Í þessu starfi yrði þess freistað að kynna gildi fjölskyldunnar, kynna væntanlegum foreldrum að þeir geti og eigi að leita aðstoðar við uppeldi barna sinna þegar á bjátar o.s.frv.

Nefndin vill benda á úrræðið „fjölskylduheimili“, svipað því sem Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar rekur í Hraunbergi 15. Þetta úrræði felur í sér að foreldrar, sem álitnir eru standa höllum fæti félagslega, búa í vernduðu umhverfi þar sem þeim er leiðbeint við umönnun barna sinna.

Nefndin vill einnig minnast á fjölskylduráðgjöf. Nefndin telur það mikils um vert að þjóðkirkjan skuli hafa stigið það skref að koma á fót ráðgjöf af þessu tagi. Þar er um mikilvæga viðbót við félagslega þjónustu að ræða. Nefndin telur hins vegar hvergi nærri nóg að gert í fyrirbyggjandi starfi, svo sem á vegum barna- og unglingageðdeildar Landspítalans eða á vegum Unglingaheimila ríkisins. Þessi mikilvæga starfsemi nær ekki að anna nema hluta þeirra verkefna sem að berast, auk þess sem óviðunandi bið er eftir viðtölum. Nefndin hefur í huga þau ummæli yfirlæknis á barna- og unglingageðdeild Landspítalans að þar séu tvö stöðugildi á göngudeild. Væri slík deild jafn vel mönnuð og sambærileg stofnun í nágrannalöndum ættu að starfa þar 30 manns.

Nefndin hefur heyrt þá gagnrýni að ekki sé til þess ætlast að á vegum ríkisins sé rekin grunnþjónusta eins og „göngudeildarvinna“. Nefndin telur þessa gagnrýni réttmæta að nokkru leyti en lætur í ljós það álit að fyrirbyggjandi barna- og unglingageðdeildarvinna, skilnaðarráðgjöf, vinna við mál þar sem börn hafa verið áreitt kynferðislega o.s.frv. sé svo sérhæft og þungt verkefni að erfitt verði svo vel fari að byggja slíka þjónustu upp á vegum sveitarfélaga.

Vernd barna og ungmenna.

Nefndin leggur áherslu á fækkun barnaverndarnefnda og stækkun umdæma þeirra. Nefndin telur að samstarf eða einhvers konar sameining verði að komast á hvað sem líður sameiningu sveitarfélaga eða samvinnu á öðrum sviðum. Nefndin telur þetta óhjákvæmilegt ef markmið laga um vernd barna og ungmenna eigi að nást en þau eru að mati nefndarinnar afar krefjandi. Nefndin bendir á að þau úrræði sem notuð eru í barnaverndarstarfi séu í mörgum tilvikum langvarandi og kostnaður því mikill. Útilokað er að minnstu sveitarfélög landsins geti staðið undir slíkum úrræðum til langframa. Þar með er það því miður staðreynd að það er háð búsetu hvert andlegt og líkamlegt öryggi börn í landinu búa við.

Í þessu sambandi telur nefndin að gera þurfi átak til að kynna sveitarstjórnarmönnum á svæðisbundnum fundum verksvið og verkefni barnaverndarnefnda, tengsl þessa starfs við félagsþjónustu o.s.frv.

Veðmálakassar.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum yfir vaxandi ásókn í tölvutengd veðmál og happdrætti og telur raunalegt að opinber fyrirtæki og almannafélög þurfi að leita slíkra leiða í rekstri sínum.

Nefndin vill að sett verði löggjöf um rekstur sjálfvirkra veðmálakassa. Sú löggjöf á að tryggja að börn og unglingar eigi ekki aðgang að þeim.

Skoðun myndefnis.

Nefndin telur skoðun kvikmynda takmörkun á sýningu myndefnis við ákveðinn aldur vera nauðsynlegri nú en nokkru sinni. Þetta á við um sýningar í kvikmyndahúsum, myndbandaleigu, sjónvarpsefni og tölvuleiki.

Nefndin telur sýnt að lög um ofbeldismyndir hafi í öllum aðalatriðum reynst nauðsynleg. Nefndin telur brýnt að frumvarp til nýrra laga um skoðun kvikmynda líti dagsins ljós. Með því að þau láti á sér standa telur nefndin starfsgrundvöll Kvikmyndaeftirlits ríkisins ekki eins traustan og vera ætti. Nefndin leggur til að í nýjum lögum verði hlutverk Kvikmyndaeftirlitsins víkkað frá því sem nú er þannig að það hafi skilgreint upplýsinga- og fræðsluhlutverk. Þá telur nefndin rétt að eftirlitið skoði tölvuleiki á sama hátt og annað myndefni.

Það er álit nefndarinnar að kvikmyndaeftirlit sé til verndar börnum og ungmennum og til samræmis við það sé eðlilegt að eftirlitið heyri undir félagsmálaráðuneytið enda fer það ráðuneyti með vernd barna og ungmenna.

Íþróttir.

Nýlega var birt rannsókn sem sýnir jákvætt samband milli íþróttaiðkunar, námsárangurs og bindindis. Nefndinni þykir rétt að benda á þetta og nauðsyn þess að efla íþróttaiðkun barna og ungmenna. Vegna ótvíræðs forvarnarhlutverks íþróttastarfseminnar er nauðsynlegt að opinberir aðilar svo sem sveitarfélög veiti ríflega styrki til starfseminnar.

Nefndin telur mjög mikilvægt að íþróttafélögin leggi metnað sinn í að ráða hæfa og áhugasama þjálfara fyrir börn og ungmenni en láti ekki lungann úr tekjum sínum renna til lítils hóps afreksmanna. Brýnt er að íþróttafélög ráðstafi opinberum styrkjum sínum og öðrum tekjum á þann hátt að æfinga- og keppnisgjöldum barna og ungmenna sé í hóf stillt eða þau felld niður. Tilgangurinn með breyttum áherslum við íþróttaiðkun ætti að vera sá að ná til sem flestra án þess að efnahagur foreldra hafi áhrif á það hvort börn geti eða geti ekki stundað íþrótt af áhuga.

Draga þarf úr þeirri áherslu sem er á keppnisíþróttum en leggja þess í stað áherslu á hið félagslega hlutverk íþróttanna og þau jákvæðu áhrif sem þær hafa á líkama og sál.

Nefndin telur að við uppbyggingu íþróttamannvirkja eigi að gæta þess að þau verði fjölnota og bjóði upp á möguleika á að leggja stund á fjölskylduíþróttir.

Menntun. Skólar.

Nefndin leggur áherslu á:

— að allir skólar verði einsetnir samfelldir heilsdagsskólar,
— að nemendum verði séð fyrir heitri máltíð í skólanum,
— að fræðsluyfirvöld fylgist grannt með þeim börnum sem hverfa úr námi áður en grunnskólanámi er lokið og þeim börnum veitt sérstök aðstoð,
— að börn taki virkari þátt í því að halda röð og reglu í skólaumhverfi sínu.

Við breyttar þjóðfélagsaðstæður og útivinnu beggja foreldra hefur vera barna á heimili án þess að njóta leiðsagnar fullorðins heima lengst mikið. Þetta hefur í för með sér að allt aðhald heimilisins til náms og frístundaiðkanna hefur minnkað stórlega. Þessir breyttu heimilishættir hafa m.a. orðið til fyrir þörf atvinnulífsins fyrir vinnuafl og breytta hugsun í þjóðfélaginu varðandi jafnrétti kynja til náms og vinnu. Þjóðfélagið hefur ekki mætt þessum breyttu háttum og fyrir vikið hafa börnin orðið út undan. Afleiðingar þessa eru ef til vill ekki þekktar til fulls en nefndin telur vert að samfélagið sé á varðbergi gagnvart þessari þróun og grípi til úrræða til að vinna gegn óæskilegum áhrifum sem óhjákvæmilega fylgja fjarveru foreldra frá heimili og minnkandi leiðsögn þeirra gagnvart börnum sínum.

Nefndin telur að við þessum breyttu háttum barna verði, a.m.k. að hluta til að bregðast við innan veggja skólanna og í umsjá þeirra. Það krefst þess m.a. að þar verði aðstaða fyrir þau til að eiga samfellda veru, í venjulegu skólastarfi, á matmálstíma (í hádegi), til „heimanáms“ og leikja. Nefndin telur þá þróun mjög varhugaverða að draga saman kennslu frá því sem mælt er fyrir um í grunnskólalögum.

Í þessu sambandi er einnig rétt að huga að því að tengja betur skóla og félagsstörf. Nefndin bendir á að þetta er gert í ríkum mæli þar sem um íþróttir er að ræða. Þar nýta skólar og íþróttafélög sama húsnæðið sem oft er í notkun „frá morgni til kvölds“.

Með meiri þátttöku barna í að halda reglu í umhverfi sínu hefur nefndin í huga athyglisvert fyrirkomulag í Japan þar sem börn fá leiðbeiningu varðandi umgengni sína við umhverfið og vinna léttari verk.

Áfengis- og vímuefnaforvarnir.

Nýleg rannsókn hefur sýnt að neysla áfengis er mikil hjá unglingum hér á landi. Margar rannsóknir hafa einnig sýnt að ofbeldi er nátengt áfengisnotkun. Til að ná tökum á ofbeldi unglinga telur nefndin að einfaldast væri að byrja á því að taka drykkjuvandamálið fastari tökum.

Nefndin telur að áfengis- og vímuefnavarnir gagnvart unglingum hafi brostið og telur því að það ætti að vera eitt af forgangsverkefnum opinberra aðila að hrinda af stað öflugu forvarnarstarfi gegn neyslu áfengis og vímuefna.

Meginundirstaða allra forvarna er fræðsla. Dæmi um velheppnaða fræðsluherferð er áróður gegn tóbaksreykingum. Nefndin bendir þó á að slík fræðsla er afar „skammlíf" og hana verði að endurnýja með jöfnu millibili og með nýjum áherslum. Nefndin bendir á að margir aðilar, bæði opinberir aðilar og frjáls félagasamtök, hafi reynslu á þessu sviði en hér sem víðar virðist samræmingu og heildarstefnu vanta.

Nefndin telur mikið á skorta að opinberir aðilar séu góð fyrirmynd hvað varðar áfengis- og tóbaksnotkun og leggur áherslu á að þeir hvetji hvorki beint né óbeint til neyslu slíkra efna.

Umboðsmaður barna.

Nefndin fagnar því að hafin sé vinna að því að undirbúa frumvarp til laga um umboðsmann barna. Nefndin er ekki í vafa um að slíkt embætti gæti lagt drjúgan skerf til þess að vekja athygli á málum sem snerta börn og verja réttindi þeirra og hagsmuni. Vísar nefndin til hins jákvæða árangurs sem orðið hefur af starfi umboðsmanns barna í Noregi og væntir viðlíka árangurs af starfi umboðsmanns á Íslandi.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

Eiginlega ætti barátta fyrir réttindum barna að vera forgangsverkefni allra þjóða. Ein mikilvægasta samþykkt Sameinuðu þjóðanna er barnasáttmálinn sem á annað hundrað ríki hafa staðfest. Engin samþykkt Sameinuðu þjóðanna hefur hlotið jafnskjótan stuðning og þessi. Barnasáttmálinn gengur langt í að tryggja öllum börnum rétt til lífs, rétt til þróunar og öryggis og rétt til að lifa mannsæmandi lífi frjáls og í friði. Sáttmálinn gengur langt í að vernda þau réttindi sem sérhver einstaklingur fæðist til og samkvæmt henni er það skylda hverrar þjóðar að tryggja möguleika til lífs. Nokkuð vantar þó upp á að þessum markmiðum sé náð hér á landi. Á því sem eftir lifir aldarinnar ættum við Íslendingar að vinna að því að samþykkt Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna taki gildi alls staðar og nái í raun til allra barna. Það væri verðugt skref til framtíðar því að það eru börnin sem eru undirstaða velferðar í framtíð.

Eftirmáli.

Þingsályktunartillaga sú, sem samþykkt var af Alþingi og nefndin hefur unnið eftir, er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt og semja skýrslu um orsakir vaxandi erfiðleika og hættur fyrir börn og unglinga sem koma meðal annars fram í aukinni neyslu vímuefna, sjálfsvígum, ofbeldi og öðrum afbrotum.

Til að vinna að þessu verkefni skipi ríkisstjórnin nefnd með fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi. Í starfi sínu leiti nefndin upplýsinga hjá þeim stofnunum, félagasamtökum og öðrum aðilum sem um þetta málefni hafa fjallað.

Nefndin skili skýrslu sinni og ábendingum um úrbætur svo fljótt að taka megi málið til meðferðar á næsta Alþingi í samræmi við þá niðurstöðu sem nefndin kemst að í starfi sínu."

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er talað um uggvænlega þróun og óheillaþróun, óefni og ógæfuhlið, svo dæmi séu nefnd.

Í greinargerðinni sagði einnig: „ . . . áreiðanlega fyrst og fremst hugarfarsbreyting og vilji til að sýna hana í verki, sérstaklega hjá þeim sem forræði hafa í þjóðfélaginu, sem vega þyngst í baráttunni.“

Nefndin er þessu sammála. Breytt þjóðfélag birtist að mörgu leyti í breyttu heimilislífi. Eitt einkenni er þátttökuleysi barna í atvinnulífi og umræðum á heimilinu. Einnig virðist eftirtekt foreldra varðandi börn og vitneskja þeirra hafa minnkað sem er eðlilegt þar sem samvera við þau er minni, svo og aðhald foreldra. Enn fremur er mataræði barna oft ábótavant. Allir þessir þættir hafa áhrif á vellíðan.

Til að bregðast við þessum breyttu háttum hvetur nefndin til aukinna samvista allrar fjölskyldunnar. Jafnframt verði börnum veitt meiri aðild að fjölskyldumálum og þau höfð með í umræðu um þau þannig að foreldrar ræði gleðiefni sín og áhyggjumál við börnin og gefi þeim færi á að vera aðilar að málum sem varða alla fjölskylduna. Undirstaða trúnaðar er gagnkvæm virðing.

Í greinargerðinni segir einnig að: þegar þessar upplýsingar liggi fyrir hljóti Alþingi að grípa til áhrifaríkra aðgerða.

Nefndin leggur því til:

— að rannsókna- og upplýsingastarf á sviði barna- og fjölskyldumála verði eflt,
— að starfssvið heilbrigðisþjónustu verði víkkað með því að koma á ráðgjöf um samskipti, foreldrafræðslu, fjölskylduráðgjöf og félagsþjónustu,
— að gerð verði áætlun um uppbyggingu og þróun félagsþjónustu og barnaverndar og leiðbeiningar veittar um framkvæmd þessarar starfsemi,
— að ráðgjöf á sviði skilnaðar- og umgengnismála verði aukin. Jafnframt verði hugað að reynslu þeirra landa sem í löggjöf sinni mæla svo fyrir að skilnaður sé ekki veittur foreldrum þegar ágreiningur er um forsjá barna nema þeir hafi leitað sérfræðilegrar ráðgjafar til að leysa ágreining sinn.
— að könnun verði gerð á sambandi búsetu og félagslegrar stöðu,
— að starfsemi göngudeilda, svo sem barnageðdeildar, verði stórlega efld,
— að barnaverndarumdæmi verði stækkuð hvað sem líður sameiningu sveitarfélga,
— að löggjöf verði sett sem tryggi að börn og unglingar eigi ekki aðgang að veðmálakössum,
— að Kvikmyndaeftirlit ríkisins fái traustan starfsgrundvöll og aukin verkefni,
— að þátttöku-, æfinga- og keppnisgjöldum í félagsstarfi unglinga verði stillt í hóf eða þau felld niður,
— að skólar verði samfelldir, einsetnir heilsdagsskólar,
— að nemendur fái heita máltíð í grunnskólum,
— að aðstoð sé veitt þeim sem hverfa úr námi áður en skyldunámi er lokið,
— að skólanemendur verði virkir í öðru skólastarfi en því sem bundið er stundarskrá,
— að endurnýjaður verði kraftur fræðsluátaks um skaðsemi tóbaks, áfengis og annarra vímuefna,
— að öllum markmiðum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verði náð,
— að stofnað verði embætti umboðsmanns barna.

568. Frumvarp til laga [373. mál]

um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 72/1989, orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla að loknum sveitarstjórnarkosningum. Skólanefndirnar skulu vera fullskipaðar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að kosningum lýkur. Skólanefnd heldur umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð. Í skólanefnd skulu sitja sjö menn: tveir fulltrúar starfsmanna kosnir á starfsmannafundi, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans, þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Varamenn skulu valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til tveggja ára í senn.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þær skólanefndir, er nú starfa, skulu halda umboði sínu fram að næstu sveitarstjórnarkosningum, sbr. 1. gr. laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram til að tryggja það að skipunartími skólanefnda við framhaldsskóla og kjörtími sveitarstjórna fari saman.

Í 7. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla, segir að menntamálaráðherra skuli skipa skólanefndir við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn.

Í 15. gr. reglugerðar nr. 105/1990, um framhaldsskóla, sem sett var á grundvelli laganna, segir m.a.:

„Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn og skal miðað við kjörtímabil sveitarstjórna. Í skólanefndum skulu sitja sjö menn: tveir fulltrúar starfsmanna kosnir á fundi allra starfsmanna skólans, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans, þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Varamenn skulu valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til tveggja ára í senn, en fulltrúi ráðuneytisins kallar nýja nefnd saman til fyrsta fundar. Fráfarandi nefnd heldur fullu starfsumboði þar til ný nefnd hefur verið skipuð. Miða skal við að skólanefndir framhaldsskóla séu að jafnaði fullskipaðar fyrir júlílok að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Fulltrúar nemenda og starfsmanna skulu þó tilnefndir áður en skólaári lýkur.“

Í svari við fyrirspurn á Alþingi 7. febrúar sl. kom fram hjá menntamálaráðherra að skipunartími flestra skólanefnda við framhaldsskóla rynni út á tímabilinu janúar til mars 1994. Það eigi ekki við lög að styðjast að framlengja starfstíma nefndanna fram yfir fjögur ár. Lögin kveði skýrt á um það að nefndirnar skuli sitja um fjögurra ára skeið. Það sé því ekki hægt að fara að ákvæðum reglugerðarinnar um samræmingu kjörtímabils sveitarstjórna án þess að ganga gegn ákvæðum laganna um að setja skuli nýja skólanefnd þegar fjögur ár eru liðin frá skipan fráfarandi nefndar.

Í máli ráðherrans kom enn fremur fram að eðlilegast væri að kjörtímabil skólanefnda og sveitarstjórna færi saman, en ráðuneytið hefði ekki heimild til að framlengja kjörtímabil þeirra skólanefnda sem voru skipaðar í janúar og febrúar og allt fram í mars 1990.

Með samþykkt þessa frumvarps yrði ráðuneytinu veitt þetta svigrúm. Með því að setja inn í 7. gr. laganna ákvæði þess efnis að skipunartími skólanefnda fylgi kjörtímabili sveitarstjórna, skólanefndir skuli vera fullskipaðar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok sveitarstjórnarkosninga og að fráfarandi nefnd haldi fullu starfsumboði þar til ný nefnd hefur verið skipuð er náð fram því markmiði að skipunartími nefndanna fylgi kjörtímabili sveitarstjórna. Með bráðabirgðaákvæði frumvarpsins ætti jafnframt að vera tryggt að umboð þeirra skólanefnda er nú starfa fram að sveitarstjórnarkosningum, en umboð þeirra rennur út á fyrri hluta þessa árs, framlengdist fram yfir kosningar í lok maí nk. og nefndirnar yrðu skipaðar á ný eigi síðar en tveimur mánuðum eftir kosningar, þ.e. í síðasta lagi fyrir lok júlí.

Þess má að lokum geta að þetta er í samræmi við eitt af meginmarkmiðum með setningu setningu laga nr. 57/1988, en í greinargerð með frumvarpi að þeim lögum segir að með því að veita framhaldsskólum aukið sjálfstæði sé skólunum veitt aðstaða til þess að taka tillit til staðhátta og þarfa atvinnulífs á hverjum stað.

569. Svar [208. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ragnars Arnalds um biðlaunarétt.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hver var biðlaunaréttur starfsmanna ríkisins við eftirtaldar ríkisstofnanir 1. október sl. í mánuðum og krónum talið? Svarið óskast sundurliðað á eftirfarandi hátt:

1. *Sérskólar ríkisins á grunnskólastigi:*
   a. *stjórnendur,*
   b. *deildarstjórar,*
   c. *sérkennarar,*
   d. *annað starfsfólk.*
2. *Námsgagnastofnun:*
   a. *forstjóri,*
   b. *deildarstjórar,*
   c. *annað starfsfólk.*
3. *Fræðsluskrifstofur:*
   a. *fræðslustjórar,*
   b. *deildarstjórar,*
   c. *fulltrúar,*
   d. *annað starfsfólk.*

4. *Grunnskólar:*
   a. skólastjórar og aðstoðarskólastjórar,
   b. skipaðir grunnskólakennarar,
   c. ráðnir grunnskólakennarar,
   d. leiðbeinendur.

Starfsmenn skóla sem hugsanlega hafa biðlaunarétt (laun miðuð við 1. október 1993):

Skóli	Starfsmenn	Ársverk	Daglaun fyrir október	Meðallaun á ársverk
Sérskólar	Stjórnendur	6,00	694.614	115.769
Sérskólar	Deildarstjórar/sérkennarar	89,95	7.906.034	87.889
Sérskólar	Annað starfsfólk	31,80	2.463.681	77.475
Námsgagnastofnun	Forstjóri	1,00	186.095	186.095
Námsgagnastofnun	Deildarstjórar	5,00	547.990	109.598
Námsgagnastofnun	Annað starfsfólk	26,35	2.088.221	79.249
Fræðsluskrifstofa	Fræðslustjóri	8,00	1.049.384	131.173
Fræðsluskrifstofa	Deildarstjórar	6,69	827.271	123.643
Fræðsluskrifstofa	Fulltrúar	9,08	1.028.183	113.195
Fræðsluskrifstofa	Annað starfsfólk	40,39	3.977.612	98.474
Grunnskólar	Skólastjórar/aðstoðarskólastjórar	270,92	29.590.093	109.219
Grunnskólar	Grunnskólakennarar	1.899,76	162.202.314	85.380

Ofangreindar upplýsingar eru unnar af starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis að beiðni menntamálaráðuneytis. Ekki reyndist unnt að sundurgreina hve margir hafa hugsanlega rétt á biðlaunum í 12 mánuði og hve margir í sex mánuði.

570. Fyrirspurn [374. mál]

til samgönguráðherra um sjálfvirkan sleppibúnað gúmbjörgunarbáta um borð í skipum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvað líður framkvæmd athugunar á sjálfvirkum sleppibúnaði um borð í skipum sem hefur verið til skoðunar hjá Iðntæknistofnun síðan 1988?

Hvenær er von á nýrri reglugerð um þetta brýna öryggismál sjómanna?

571. Fyrirspurn [375. mál]

til heilbrigðisráðherra um eftirlit með heilbrigði og hollustu innfluttra landbúnaðarvara.

Frá Jóni Helgasyni.

1. Hvernig er háttað eftirliti með heilbrigði og hollustu innfluttra landbúnaðarvara?
2. Eru tæki og þjálfað starfsfólk tiltækt til að annast þetta eftirlit í landinu?
3. Hvernig er samstarfi einstakra stofnana háttað hvað varðar þetta eftirlit?

4. Eru innfluttar landbúnaðarvörur efnagreindar á Íslandi með hliðsjón af
   a. varnarefnum (illgresiseyði og skordýraeitri),
   b. þungmálmum,
   c. lyfjaleifum,
   d. hormónum,
   e. þrávirkum lífrænum efnum,
   f. geislavirkum efnum?
5. Hversu margar tegundir innfluttrar landbúnaðarvöru voru rannsakaðar á síðasta ári, af hverjum og hvernig?
6. Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til eftirlits með heilbrigði og hollustu innfluttra landbúnaðarvara á síðustu árum?
7. Hyggst heilbrigðisráðherra láta gera breytingar varðandi eftirlit með heilbrigði og hollustu innfluttra landbúnaðarvara í ljósi aukins og fjölbreyttari innflutnings strax á þessu ári og á komandi árum?

572. Fyrirspurn [376. mál]

til fjármálaráðherra um viðræður ríkisins og BSRB.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða skýring er á því að viðræður ríkisins og BSRB hafa ekki hafist um „breytingar og nýskipan í ríkisrekstri, sem stjórnvöld ákveða, þar sem m.a. verði rædd þau áform um einkavæðingu einstakra stofnana sem á döfinni eru á hverjum tíma og þau mál sem að starfsmönnum viðkomandi stofnana snúa“ eins og segir í bréfi fjármálaráðherra frá 28. nóvember 1993?
2. Hvenær hyggst fjármálaráðherra hefja viðræður við BSRB?

573. Frumvarp til laga [377. mál]

um umboðsmann barna.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að bæta hag barna í samfélaginu. Í því skyni skal starfrækja embætti umboðsmanns barna sem hafi það hlutverk að standa vörð um hagsmuni og réttindi barna.

Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga allt að 18 ára aldri.

2. gr.

Forseti Íslands skipar, að tillögu forsætisráðherra, umboðsmann barna til fimm ára í senn.

Umboðsmaður barna skal hafa lokið háskólaprófi og vera eldri en 30 ára. Hafi umboðsmaður barna ekki lokið embættisprófi í lögum skal lögfræðingur starfa við embættið.

Kjaradómur ákveður laun og starfskjör umboðsmanns barna. Umboðsmanni barna er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf.

3. gr.

Umboðsmaður barna skal vinna að því að stjórnsýsluhafar, einstaklingar, félög og samtök einstaklinga taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Í starfi sínu skal umboðsmaður barna setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins.

Umboðsmaður barna skal einkum:

a. hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna,
b. koma á framfæri tillögum um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnsýsluhafa er varða börn sérstaklega,
c. stuðla að því að þjóðréttarsamningar, er varða réttindi og velferð barna og fullgiltir hafa verið af Íslands hálfu, séu virtir,
d. bregðast við telji hann að stjórnsýsluhafar, einstaklingar, félög og samtök einstaklinga hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi brotið gegn réttindum, þörfum og hagsmunum barna í samfélaginu.

Telji umboðsmaður barna að ákvæði d-liðar 2. mgr. kunni að hafa verið brotið skal hann beina rökstuddri álitsgerð til viðkomandi aðila ásamt tillögum um úrbætur, eigi það við.

4. gr.

Öllum er heimilt að leita til umboðsmanns barna með erindi sín.

Umboðsmaður barna tekur mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða eftir ábendingum. Hann ákveður sjálfur hvort ábending gefur tilefni til meðferðar af hans hálfu.

Umboðsmaður barna tekur ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga, en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um leiðir sem færar eru innan stjórnsýslu og hjá dómstólum.

5. gr.

Stjórnsýsluhöfum er skylt þrátt fyrir þagnarskyldu að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Með sama hætti er einstaklingum, félögum og samtökum einstaklinga skylt að veita umboðsmanni barna allar upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu skv. d-lið 3. gr.

Umboðsmaður barna skal einnig, er hann telur nauðsyn bera til, hafa óheftan aðgang að öllum stofnunum sem vista börn eða hafa afskipti af börnum á einn eða annan hátt í starfsemi sinni, hvort sem þær eru reknar af opinberum aðilum eða einstaklingum, félögum eða samtökum einstaklinga.

Komi upp ágreiningur vegna ákvæða 1. og 2. mgr. er umboðsmanni barna heimilt að leita atbeina dómstóla. Um málsmeðferð fer eftir reglum einkamálalaga.

6. gr.

Umboðsmanni barna ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfi og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns barna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Að öðru leyti fer um þagnarskyldu umboðsmanns barna og starfsmanna hans samkvæmt almennum reglum um starfsmenn ríkisins.

7. gr.

Umboðsmaður barna ræður sjálfur starfsmenn embættisins. Honum er einnig heimilt að ráða sérfræðinga til að vinna að einstökum verkefnum.

8. gr.

Forsætisráðuneytið skal hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Umboðsmaður barna skal gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert. Að öðru leyti er umboðsmaður barna sjálfstæður og óháður fyrirmælum framkvæmdarvalds.

Forsætisráðherra setur nánari reglur um starfshætti umboðsmanns barna í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 13. september 1993 skipaði Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra nefnd til að semja frumvarp til laga um umboðsmann barna. Nefndina skipuðu Ragnheiður Thorlacius héraðsdómslögmaður, formaður, Áslaug Þórarinsdóttir, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Elín Norðdahl lögfræðingur og Guðjón Bjarnason, deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu.

Fyrri lagafrumvörp um umboðsmann barna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnað verði embætti umboðsmanns barna. Hugmynd að stofnun embættis umboðsmanns barna hér á landi kom fyrst fram árið 1978 í greinargerð með þingsályktunartillögu sem þingmenn Alþýðuflokksins fluttu um umbætur í málefnum barna. Drög að lögum um umboðsmann barna komu frá sifjalaganefnd í greinargerð með frumvarpi til barnalaga árið 1981. Á 109. löggjafarþingi árið 1986 var lagt fram frumvarp til laga um embætti umboðsmanns barna. Frumvarpið var endurflutt á 110. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Annað frumvarp um umboðsmann barna var flutt á 113. löggjafarþingi árið 1990 og endurflutt árið eftir en var þá vísað til ríkisstjórnar að tillögu allsherjarnefndar.

Embættisheitið umboðsmaður. Staða umboðsmanns barna í stjórnkerfinu.

Embættisheitið umboðsmaður hefur unnið sér traustan sess í hugum Íslendinga þau tæpu sex ár sem umboðsmaður Alþingis hefur starfað. Annars staðar á Norðurlöndum eru einnig starfandi embætti umboðsmanna þjóðþinga en þau eiga sér lengri sögu. Auk þess eru þar starfandi umboðsmenn ýmissa sérhópa og má þar nefna umboðsmann barna, umboðsmann jafnréttismála og umboðsmann neytendamála.

Í umræðu um umboðsmenn sérhópa í þjóðfélaginu er yfirleitt átt við óháða embættismenn sem hafa það hlutverk að taka við kvörtunum vegna tiltekinna málefna sem heyra undir verksvið þeirra jafnframt því að vera talsmenn þeirra hópa gagnvart stjórnvöldum, gefa út álitsgerðir, þrýsta á stjórnvöld um úrbætur, hafa frumkvæði að ábendingum til stjórnvalda um það sem betur mætti fara í löggjöf eða á viðkomandi sviðum framkvæmdarvaldsins og almennt að móta viðhorf í þjóðfélaginu og hafa stefnumarkandi áhrif fyrir þá þegna þjóðfélagsins sem þeir eru talsmenn fyrir.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að til starfa taki umboðsmaður fyrir fjölmennasta aldurshópinn í íslensku þjóðfélagi, þ.e. einstaklinga frá fæðingu til átján ára aldurs en þeir voru í lok desember 1993 77.616 talsins eða 29,7% heildarmannfjölda þjóðarinnar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umboðsmaður barna verði stjórnsýsluhafi. Er það í samræmi við skipan mála í Noregi og Svíþjóð en þar eru umboðsmenn barna, svo og umboðsmenn annarra sérhópa, stjórnsýsluhafar. Auk þess eru verkefni og starfshættir umboðsmanns barna samkvæmt frumvarpi þessu í grundvallaratriðum frábrugðin verkefnum og starfsháttum umboðsmanns Alþingis, eins og nánar verður rakið hér á eftir. Jafnframt þykir skipan umboðsmanns barna í stjórnkerfinu samkvæmt frumvarpinu í eðlilegu samræmi við uppbyggingu íslensks stjórnsýslukerfis.

Löggjöf um umboðsmenn barna á Norðurlöndum.

Í umræðu hér á landi hefur einna helst verið litið til Noregs í umræðu um sérstakan umboðsmann barna. Embætti umboðsmanns barna í Noregi var sett á stofn með lögum árið 1981. Ein meginástæða fyrir stofnun embættisins þar var sú staðreynd að börn eru áhrifalaus hópur í stjórnmálalegu tilliti og því ekki þess megnug að hafa áhrif á löggjöf eða ákvarðanatöku sem snertir hag þeirra beint eða óbeint. Enn fremur skipti það máli að ábyrgð á málefnum barna er dreifð á margar hendur í stjórnsýslu Noregs og hjá flestum stofnunum eru málefni barna aðeins eitt af mörgum verkefnum þeirra. Í Noregi er það samdóma álit manna að á þeim tólf árum, sem liðin eru frá stofnun embættis umboðsmanns barna þar í landi, hafi það sannað ágæti sitt. Telja verður að tilgangur norsku laganna hafi náðst, þ.e. að koma á fót embætti sem hefur með höndum að tryggja að gætt sé hagsmuna barna við lagasetningu, skipulagningu og ákvarðanatöku í samfélaginu. Jafnframt hefur sýnt sig að full þörf var fyrir óháðan aðila sem hefur eftirlit með því að þeir sem fjalla um málefni barna fari að lögum. Vegna frumkvæðis norska umboðsmannsins í almennri umræðu um málefni barna hafa verið gerðar ýmsar úrbætur á löggjöf og starfsháttum framkvæmdarvalds.

Umboðsmaður barna í Noregi er stjórnsýsluhafi. Hann er skipaður af konungi til fjögurra ára í senn samkvæmt tilnefningu ríkisráðs. Umboðsmaður barna í Noregi heyrir undir barna- og fjölskylduráðuneyti.

Þann 1. júlí 1993 var með lögum sett á stofn embætti umboðsmanns barna í Svíþjóð. Meginhlutverk sænska umboðsmannsins er að fylgjast með framkvæmd skuldbindinga sænskra stjórnvalda samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Svíar hafa fullgilt og að lög og reglur séu í samræmi við sáttmálann. Umboðsmaðurinn á jafnframt að hafa frumkvæði að almennri umræðu um málefni barna og rannsóknum á réttinda- og hagsmunamálum þeirra.

Umboðsmaður barna í Svíþjóð er stjórnsýsluhafi. Hann er skipaður af ríkisstjórn og heyrir undir félagsmálaráðuneyti.

Á danska þinginu var árið 1985–1986 lögð fram þingsályktunartillaga um að ríkisstjórnin legði fram frumvarp um stofnun embættis umboðsmanns barna. Lagt var til að embættið yrði með svipuðu sniði og í Noregi. Meiri hluti var ekki fyrir tillögunni og var hún felld. Sömu örlög hlaut samhljóða þingsályktunartillaga sem lögð var fyrir danska þingið ári síðar. Á þinginu 1990–1991 var lögð fram þingsályktunartillaga þess efnis að ríkisstjórnin legði fram frumvarp til laga um að stofnuð yrði deild innan embættis umboðsmanns danska þingsins er fjallaði eingöngu um málefni barna og ungmenna. Tillagan var ekki samþykkt. Meginástæða þess að embætti umboðsmanns barna hefur ekki verið komið á fót í Danmörku virðist vera sú að stjórnvöld telja að málefnum barna sé best borgið hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Stofnanir þeirra, foreldrar, kennarar, læknar, félagsráðgjafar, sálfræðingar og einkastofnanir tryggi að nægilega vel sé fylgst með réttinda- og hagsmunamálum barna í Danmörku. Nú kannar nefnd á vegum danska félagsmálaráðuneytisins þá hugmynd að skipað verði ráð sérfræðinga sem heyri undir danska félagsmálaráðherrann og sinni verkefnum hliðstæðum þeim sem umboðsmanni barna í Noregi er falið.

Í Finnlandi hefur í rúm 70 ár starfað stofnun á vegum einkaaðila (Mannerheims Barneskyddsförbund) sem unnið hefur að réttindamálum barna og umbótum á högum barnafjölskyldna. Stofnunin hefur með starfsemi sinni vakið athygli stjórnvalda á aðstæðum barnafjölskyldna, gengist fyrir námskeiðum í barna- og unglingamálefnum í samvinnu við aðrar stofnanir, rekið upplýsingaþjónustu o.s.frv. Árið 1981 kom stofnunin á fót starfsemi umboðsmanns barna. Tilgangurinn var að aðstoða börn og veita þeim beinan aðgang að lögfræðilegum upplýsingum. Umboðsmaðurinn fjallar um einstök mál, kannar m.a. hvað best sé fyrir barn í skilnaðarmáli, auk annarra verkefna, svo sem fyrirlestra og þátttöku í opinberri umræðu um málefni barna. Í Finnlandi hafa farið fram umræður um stofnun ríkisrekins embættis umboðsmanns barna en ákvörðun hefur verið slegið á frest.

Tilgangur frumvarps þessa og hlutverk umboðsmanns barna.

Tilgangur frumvarpsins er fyrst og fremst sá að hér á landi verði starfandi óháður embættismaður sem vinni að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, hagsmuna og þarfa barna, jafnt hjá opinberum sem einkaaðilum. Umboðsmanni barna er ætlað að vera málsvari eða talsmaður allra barna í samfélaginu og honum er ætlað að hafa frumkvæði að gagnrýnni og stefnumarkandi umræðu um stöðu barna í samfélaginu. Með því móti veiti hann stjórnvöldum og einstaklingum aðhald. Honum er ætlað að hafa áhrif á jafnt stjórnvöld sem einstaklinga, félög þeirra eða samtök, þannig að þeir hafi hagsmuni barna að leiðarljósi í störfum og öllum afskiptum af börnum.

Hér á landi eru í gildi ný og ítarleg lög á sviði barnaverndar og barnaréttar. Þá er börnum einnig tryggður í lögum réttur til heilsugæslu, menntunar o.s.frv. En þótt réttindi og vernd barna séu vel tryggð í löggjöf verður að telja að verulega skorti á að fullt tillit sé tekið til þessa fjölmenna þjóðfélagshóps. Þjóðfélaginu er stjórnað af hinum fullorðnu. Ákvarðanir um uppbyggingu þess, forgangsröð verkefna, framkvæmdir og skiptingu fjármagns virðast fyrst og fremst taka mið af hagsmunum og þörfum hinna fullorðnu. Börn eru ekki þrýstihópur hér á landi. Þau hafa ekki sökum ungs aldurs og réttarstöðu forsendur til að fylgja eftir réttinda- og hagsmunamálum sínum eða vekja athygli á því sem betur má fara. Heildstæða fjölskyldustefnu skortir hér á landi og tilhneiging hefur verið til að skilgreina málefni barna sem „hin mjúku mál“ með þeim afleiðingum að þau hafa setið á hakanum þegar ákvarðanir eru teknar um skipulagningu

Um 3. mgr.

Komi upp ágreiningur um rétt umboðsmanns barna til upplýsinga samkvæmt þessari málsgrein frumvarpsins er honum heimilt að leita atbeina dómstóla. Má í því sambandi benda á XII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, sem kveður á um skjóta úrlausn með aðstoð dómstóla án málshöfðunar.

Um 6. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um upplýsingaskyldu stjórnsýsluhafa, einstaklinga, félaga og samtaka einstaklinga. Í störfum sínum verða umboðsmanni barna án efa kunn ýmis atvik er varða einka- eða almannahagsmuni sem þurfa að fara leynt. Hins vegar er ljóst að til að rækja hlutverk sitt skv. 1. og 3. gr. frumvarpsins kunngjörir hann álit sitt í einstökum málum og skýrir opinberlega frá málefnum sem hann vinnur að. Því er í greininni lögð sú skylda á umboðsmann barna að hann meti hverju sinni hverju hæfilegt og viðeigandi sé að skýra frá og leggja til grundvallar álitsgerðum sínum. Fela verður umboðsmanni barna þetta mat. Vísast í því sambandi til 32. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954.

Um 7. gr.

Ákvæði 7. gr. er ætlað að stuðla frekar að sjálfstæði umboðsmanns barna í starfi með því að hann ræður hverja hann velur sem starfsmenn sína eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir stofnun ráðs er vera skuli umboðsmanni barna til aðstoðar eða ráðgjafar. Þess í stað skal embættinu tryggt fé á fjárlögum til að standa straum af vinnu sérfræðinga vegna einstakra verkefna eftir ákvörðun umboðsmanns barna hverju sinni.

Um 8. gr.

Um 1. mgr.

Rétt þykir að embætti umboðsmanns barna heyri undir forsætisráðuneyti fremur en félagsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti eða dómsmálaráðuneyti en þau ráðuneyti hafa með höndum flesta þá málaflokka sem snerta börn sérstaklega. Hlutleysi gagnvart fagráðuneytum er umboðsmanni barna nauðsyn til þess að hann geti unnið að málefnum íslenskra barna af fullri einurð. Telja verður að traust almennings á störfum umboðsmanns barna verði best tryggt með því að embættið heyri undir ráðuneyti sem telja verður að fjalli almennt lítið um málefni barna.

Til að tryggja sjálfstæði umboðsmanns barna er þó forsætisráðuneytinu eingöngu ætlað að hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Um boð- eða eftirlitsvald af hálfu ráðuneytisins er því ekki að ræða. Fyrirsjáanlegt er að tillögur, ábendingar eða gagnrýni umboðsmanns barna geta beinst að ríkjandi stjórnvöldum á hverjum tíma og því er umboðsmanni barna nauðsyn á sjálfstæði í starfi.

Í greininni er lagt til að umboðsmaður barna gefi forsætisráðherra árlega skýrslu um störf sín líkt og tíðkast hefur hjá umboðsmanni barna í Noregi. Skýrsla af þessu tagi er gagnleg heimild um störf embættisins og jafnframt til þess fallin að vekja athygli og undirstrika enn frekar þau málefni sem umboðsmaður barna beitir sér fyrir.

Um 2. mgr.

Í málsgreininni er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um starfshætti umboðsmanns barna, svo sem um aðgang að embættinu og meðferð og afgreiðslu mála svo að dæmi séu tekin.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1995 en Alþingi ljúki afgreiðslu frumvarpsins og taki ákvörðun um stofnun embættis umboðsmanns barna á árinu 1994 sem er ár fjölskyldunnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann barna.

Tilgangur laganna er að stofna embætti umboðsmanns barna sem hefur það meginverkefni að standa vörð um hagsmuni og réttindi barna. Verksvið umboðsmannsins er nánar skilgreint í 3. og 4. gr. frumvarpsins. Honum er ætlað að vera opinber talsmaður barna og vinna að því að stjórnsýsluhafar, einstaklingar, félög og samtök einstaklinga taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna þeirra. Þetta er annað hlutverk en umboðsmanns Alþingis sem er ætlað að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnsýslunni, gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti eins og rakið er í inngangi athugasemda við frumvarpið. Hins vegar getur umboðsmaður barna tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði og er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kjaradómur ákveði umboðsmanni laun og hér er gert ráð fyrir að auk hans starfi við embættið tveir starfsmenn, lögfræðingur og ritari, báðir í hálfu starfi. Launakostnaður er áætlaður um 6 m.kr. á ári, annar rekstrarkostnaður embættisins um 3 m.kr. og aðkeypt sérfræðiþjónusta allt að 1 m.kr.

Ekki er ólíklegt að umfang starfseminnar aukist eftir því sem frá líður, t.d. að hlutastörf verði að heilum störfum og meiri þörf verði fyrir aðkeypta þjónustu. Verði sú reyndin mundi árlegur kostnaður við embættið hækka um 2–3 m.kr.

574. Tillaga til þingsályktunar [378. mál]

um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að meginmarkmið byggðastefnu séu:

— Að treysta byggðina þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar verði nýttar með hagkvæmum hætti.
— Að efla byggð á svæðum þar sem hægt er að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita þjónustu að kröfum nútímasamfélags.
— Að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega.

Til þess að ná þessum markmiðum verður til ársloka 1997 lögð áhersla á eftirfarandi stefnumál:

1. Efling samfelldra atvinnu- og þjónustusvæða.

Unnið verði að því að tengja þéttbýlisstaði og sveitir með öruggum samgöngum og efla samfelld atvinnu- og þjónustusvæði (vaxtarsvæði). Svæðin verða að vera nægilega fjölmenn til þess að hægt sé að reka þar fjölbreytta þjónustu og atvinnulíf á hagkvæman hátt. Aðgerðir í þessu skyni verði meðal annars eftirfarandi:

a. Leggja skal áherslu á samgönguframkvæmdir, m.a. gerð heilsársvega sem þjóna hagsmunum atvinnulífsins og stækka þjónustusvæði.
b. Ný opinber þjónusta sem almenningur þarf að leita til og þjóna skal heilum landshlutum skal fyrst og fremst vera í stærstu þéttbýlisstöðunum eða þar sem hagkvæmt þykir.
c. Stefnt er að því að draga ekki úr þeirri opinberu þjónustu á vegum ríkisins sem nú er veitt á landsbyggðinni.
d. Í aðgerðum ríkisvaldsins á jaðarsvæðum verði einkum horft til nýtingar náttúruauðlinda og ferðaþjónustu. Í allra afskekktustu byggðum verði þeim bændum sem hætta vilja búskap boðin aðstoð við það.

2. Starfsemi og framkvæmdir ríkisins verði samræmdar.

Starfsemi og framkvæmdir ríkisins verði samræmdar og með því reynt að forðast tilviljanakenndar ákvarðanir. Opinbera þjónustu á að veita á sem hagkvæmastan hátt og laga hana að íbúafjölda, samgöngum og tækni. Aðgerðir í þessu skyni verði meðal annars eftirfarandi:

a. Tekin verði upp samræmd vinnubrögð við ákvarðanir um opinberar framkvæmdir og fyrirkomulag þjónustu. Langtímamarkmið ráðuneyta og stofnana ríkisins skulu samræmd. Forsætisráðuneytið annist samræmingu og beiti sér fyrir því að ný vinnubrögð verði tekin upp. Við þetta verkefni njóti ráðuneytið aðstoðar Byggðastofnunar.
b. Gerðar verði fjögurra ára áætlanir um hvern þjónustumálaflokk sem verði grundvöllur fjárlagagerðar til lengri tíma.
c. Forsætisráðherra leggi fram skýrslu um framkvæmd þessara áætlana í byrjun hvers árs.
d. Forsætisráðherra skipi nefnd til að endurskoða lagaákvæði um áætlanagerð á vegum ríkisins í þeim tilgangi að vinnubrögð verði markvissari og fjármunir nýtist betur.

e. Litið verði á svæðisbundnar áætlanir sem samstarfssamning milli ríkis og viðkomandi sveitarfélaga. Þær verði unnar í nánu samstarfi við sveitarfélögin og ráðuneyti en Byggðastofnun verði samræmingaraðili fyrir hönd forsætisráðuneytis við gerð þeirra.

3. Valddreifing frá ríki til sveitarfélaga.

Stefna skal að valddreifingu með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Forsenda fyrir því er sameining eða samningsbundið samstarf sveitarfélaga. Aðgerðir í þessu skyni verði meðal annars eftirfarandi:

a. Tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga verði lagðar fyrir Alþingi sem fyrst.
b. Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt.

4. Nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi.

Atvinnulífinu í landinu verði búin þau skilyrði að fyrirtækin geti skilað arði. Aukin áhersla verði lögð á atvinnuþróunarstarf á vegum Byggðastofnunar og heimamanna sem beinist að nýsköpun og aukinni fjölbreytni í atvinnulífi. Aðgerðir í þessu skyni verði meðal annars eftirfarandi:

a. Byggðastofnun hafi frumkvæði að því að samræma nýtingu fjárveitinga úr ríkissjóði til atvinnumála á landsbyggðinni. Byggðastofnun styrki fyrirtæki á landsbyggðinni til að bæta og efla vöruþróun, markaðsmál, hæfni starfsmanna og nýsköpun. Samstarf fyrirtækja við önnur fyrirtæki og rannsókna- og menntastofnanir verði styrkt. Áfram verði stutt við verkefni sem efla framtak kvenna í atvinnumálum.
b. Atvinnuþróunarstarf á vegum heimamanna verði eflt með fjárhagslegum stuðningi Byggðastofnunar við atvinnuþróunarfélög í hverju kjördæmi. Byggðastofnun verði hluthafi með allt að þriðjungseignaraðild í atvinnuþróunarfélögunum, auk þátttöku í rekstrarkostnaði og einstökum verkefnum á vegum félaganna.
c. Kannað verði hvaða hlutverki Byggðastofnun geti gegnt í samræmdum aðgerðum á vegum hins opinbera til þess að glæða áhuga erlendra aðila á að fjárfesta hér á landi. Enn fremur verði kannað hvort hægt sé að kaupa erlend fyrirtæki til landsins. Áfram verði unnið að öflun upplýsinga um aðstæður fyrir stóriðju á landsbyggðinni.

d. Framlög af fjárlögum verði sem hér segir:

	1994	1995	1996	1997
Byggðastofnun				
Atvinnuþróunarfélög – rekstur	25	30	30	30
Atvinnuþróunarfélög – hlutafé	10	30	30	30
Nýsköpun, ýmis verkefni	60	100	100	125
Til að stuðla að fjárfestingu erlendra aðila	15	15	15	15
Framlag til rekstrar	90	100	100	100
Framlag í afskriftasjóð útlána		25	25	100
Alls	***200***	***300***	***300***	***400***
Félagsmálaráðuneyti – atvinnumál kvenna	15	15	15	15
Iðnaðarráðuneyti - iðnaður á landsbyggðinni	10	10	10	10
Framleiðnisjóður	300	200	200	100
Samtals	**525**	**525**	**525**	**525**

Framlag til Framleiðnisjóðs 1994–1996 er samkvæmt búvörusamningi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga þessi er lögð fyrir Alþingi í samræmi við 8. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 64/1985, sbr. 1. gr. laga um breytingar á þeim lögum, nr. 39/1991.

Samhliða þingskjalinu er útbýtt til þingmanna riti Byggðastofnunar „Breyttar áherslur í byggðamálum“ og vísast þangað um forsendur tillögunnar.

575. Fyrirspurn [379. mál]

til dómsmálaráðherra um barnaklám.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Eru uppi áform um af hálfu ráðherrans að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem lýsir refsivert það athæfi að eiga eða hafa undir höndum efni með barnaklámi?

576. Svar [344. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um styrki úr Íþróttasjóði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða íþróttafélögum eða íþróttasamtökum hefur verið veittur styrkur úr Íþróttasjóði til byggingar íþróttamannvirkja árlega frá 1990?*
2. *Hve háar fjárhæðir hafa runnið til slíkra verkefna árlega frá 1990, sundurliðað eftir árum og íþróttafélögum?*

Samkvæmt lögum um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, veitir Alþingi árlega fé í Íþróttasjóð sem hefur það hlutverk að styrkja sérstök verkefni á vegum félaga og félagasamtaka í því skyni að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti hafa 145 íþróttafélögum og samtökum verið veittar samtals 74,5 millj. kr. á árunum 1990–1994 úr Íþróttasjóði.

Úthlutun styrkja úr Íþróttasjóði fer fram samkvæmt reglugerð nr. 609/1989 og gerir íþróttanefnd ríkisins tillögur um fjárveitingar þessar til menntamálaráðherra og Alþingis.

Íþróttasjóður er háður fjárveitingum á fjárlögum hvers árs og felur því sérhver fjárveiting ekki í sér skuldbindingar um frekari styrkveitingar.

Árlega hafa 80–100 aðilar sótt um styrki úr Íþróttasjóði og hafa óskir um fjárveitingar numið margföldu því fjármagni sem til ráðstöfunar hefur verið hverju sinni. Við úthlutun úr Íþróttasjóði hefur því verið lögð áhersla á að styrkja mjög brýn verkefni íþróttafélaga, svo sem að ljúka framkvæmdum sem dregist hafa, kaupa nauðsynleg áhöld og vélar og bæta aðstöðu við íþróttasvæði. Ekki er gert ráð fyrir styrkjum til bygginga íþróttahúsa eða meiri háttar framkvæmda við íþróttamannvirki. Til þess er sjóðurinn allt of vanmegnugur.

Þó að fjárveitingar hafi að jafnaði ekki numið háum fjárhæðum til hvers og eins verkefnis hafa viðbrögð forustumanna íþróttafélaganna yfirleitt verið jákvæð og þeir talið að með þessum stuðningi hafi mjög víða tekist að leysa brýnan vanda.

Fjárveitingar úr Íþróttasjóði 1990–1994.

Nafn	Verkefni	1990	1991	1992	1993	1994
Reykjanes:						
Íþrfél. Gerpla Kóp.	fimleikatæki	150.000				
Íþrfél. Gerpla Kóp.	fimleikagólf		150.000			
Íþrfél.Grótta Seltj.	tæki	150.000				
Íþrfél.Grótta "	fimleikagólf		350.000			
Golfkl.Ness "	golfvöllur	600.000				
Skotfél.Kópavogs	skotbraut	300.000			200.000	
Skotfél. Hafnarfj.	skotsvæði	300.000	300.000			
Un ? Drengur Kjós	íþróttaaðstaða				200.000	
Skotfél. Keflavíkur	æfingasvæði		150.000		250.000	400.000
Golfkl.Sandgerðis	golfvöllur	600.000	150.000		250.000	
Haukar Hafnarf.	endurn.á gólfi íþrh.		350.000			
Umf. Þróttur Vogum	íþróttavöllur			350.000		
Umf.Bessasthrepps	íþróttavöllur			500.000		400.000
Golfk. Garðabæjar	golfvöllur			400.000		
Umf.Víðir Garði	íþróttavöllur			300.000		
F H. Hafnarf.	tækjakaup				500.000	
Umf. Þróttur Vogum	íþróttavöllur				150.000	
Golfklúbbur Grindavíkur	golfvöllur					400.000

Nafn	Verkefni	1990	1991	1992	1993	1994
UMF Breiðablik	æfingasvæði					500.000
Vesturland:						
Golfkl.Mostri Stykkish	golfvöllur	500.000		400.000		
ÍA Akranesi	tæki f.íþróttahús		400.000	500.000	250.000	300.000
Golfkl.Leynir Akran.	endurbætur golfvallar				300.000	300.000
Umf..Staðarsveitar	íþróttasvæði				400.000	
Umf.Grundarfjarðar	skíðadeild		500.000			
Umf. Grundarfjarðar	íþróttasvæði			500.000	200.000	
Umf.Dalam og N.Brf	íþróttavöllur		400.000		200.000	
Umf. Ólafur Pá Dal.	íþróttavöllur		400.000		300.000	300.000
Umf.Reynir Hellis.	íþróttaaðstaða			500.000	300.000	400.000
Umf.Stjarnan Saurbhr.	íþróttavöllur			300.000		
Umf.Snæf.Stykkish.	v/tækjakaupa			500.000	200.000	300.000
Umf. " "	v/skíðaaðstöðu			200.000		
Vestfirðir						
HVÍ	íþróttasvæði				350.000	
Skotfélag Ísafj.	tækjakaup				300.000	
ÍB. Ísafjarðar	skíðamannvirki	600.000				
Skíðafél. Ísafjarðar	snjótroðari				400.000	
Golfkl.Gláma Þingey	tækjakaup				120.000	
Umf. Tálknafjarðar	sundlaug tæki	500.000				
Umf. Tálknafjarðar	sparkvöllur		400.000		250.000	
Umf.Grettir Bjarnarf.	sundlaug	400.000				
Umf. Leiftur Árneshr.	sundlaug	100.000				
Golfkl. Patreksfjarðar	golfv. og skáli					400.000

Nafn	Verkefni	1990	1991	1992	1993	1994
Golfkl. Bíldudals	golfvöllur					200.000
Boltafélag Ísafjarðar	endurbætur á vallarhúsi					250.000
Golfkl. Bolungarv.	golfvöllur	500.000				
Umf. Bolungarvíkur	íþróttavöllur				300.000	500.000
Íþrf.Hörður Patreksf.	íþróttavöllur		300.000	300.000		250.000
Íþrfél.Bíldælinga	íþróttavöllur		400.000	400.000		
Íþrf.Grettir Flateyri	íþróttavöllur		400.000			
Skíðaf.Ísafjarðar	hús v. skíðagöngu		400.000			
Umf. Geisli Hólmavík	íþróttavöllur		350.000			
Umf. Neisti Drangsnesi	skíðalyfta			200.000		
Umf.Harpa Bæjarhr.	íþróttaaðstaða			150.000		
Norðurland vestra:						
ÍB Siglufjarðar	skíðamannvirki	600.000				
Skíðafél.Fljótamanna	skíðalyfta (frestað)	500.000				
Golfkl. Skagastrandar	golfvöllur	500.000		300.000		200.000
Umf.Fram Skagast.	skíðalyfta		500.000			
Umf. Hvöt Blönduósi	skíðalyfta ,lyftuhús		400.000			
Umf.Hvöt Blönduósi	vallarhús			200.000		
Umf. Bólstaðarh.hr.	íþróttavöllur		350.000			
Umf. Tindastóll	skíðalyfta, íþróttavöllur		500.000		200.000	400.000
Umf. Víðir Víðidal	íþróttavöllur			100.000		
Umf. Grettir Miðf.	íþróttavöllur				200.000	
Umf.Framför Lýt.hr.t	íþróttavöllur			350.000		200.000
Umf.Grettir Skarðshr.	félagsaðstaða			150.000	100.000	
Ums.A-Hún Markviss	skotaðstaða			150.000		

Nafn	Verkefni	1990	1991	1992	1993	1994
Golfkl. Blönduóss	endurbætur golfv.				200.000	
Umf.Geislar Sve.sthr	íþróttasvæði				250.000	
Umf. Fram Seylulir.	íþróttasvæði				200.000	
Umf Vorboði Engihlhr.	íþróttavöllur					400.000
Umf. Neisti Hofsósi	grasvöllur					400.000
Skotfél.Siglufjarðar	skotvöllur					300.000
Norðurland eystra:						
Íþrfél.fatlaðra Ak.	íþróttahús	600.000				
Skíðaráð Akureyrar	gönguhús		500.000			
Félag siglingam. Ak.	siglingaaðstaða		250.000			
Íþrf. Þór Akureyri	íþróttaaðstaða			400.000	300.000	
Skotfél. Ólafsfj.	skotsvæði				150.000	
Íþrfél.Völsungur Húsav.	skíðaskáli				400.000	
Narfi Hrísey	íþróttavöllur	500.000				
Umf. Magni Grenivík	íþróttavöllur	500.000				
Umf. Þórshafnar	skíðalyfta	500.000				
Ólafsfjörður	þjónustuh.skíðasv.		450.000			
Leiftur,Ólafsfirði	íþróttasvæði			400.000		
Golfkl. Ólafsfjarðar	golfvöllur			300.000		
Skíðafél.Dalvíkur	hús v. skíðasvæði		500.000			
Golfkl. Hamar Dalvík	golfvöllur			300.000		300.000
Umf.Svarfdæla	íþróttasv.tækjakaup			500.000	300.000	
Umf. Geisli Aðaldal	íþróttavöllur		300.000			
Umf. Öxnfirðinga	vallarhús			400.000		
Umf.Mývatns og Umf. Eilífur					150.000	
Skautafél. Akureyrar	tæki til svellgerðar					500.000

Nafn	Verkefni	1990	1991	1992	1993	1994
Umf. Reynir Árskógshr.	íþróttavöllur					400.000
Umf. Þorst.Svörfuður	íþróttavöllur					400.000
Akur íþrfél.fatlaðra Ak.	bogfimi, útbúnaður					200.000
Umf. Snörtur, Kópask.	íþróttavöllur					200.000
Austurland:						
Umf. Huginn Fellabæ					300.000	
Skíðamiðst.ÚÍA	skíðamannvirki	500.000				
UÍA, Egilsstöðum	endurb íþróttav.vallarh				400.000	
Íþrfél.Huginn Seyðisf.	skíðalyfta	500.000				
Íþrfél. " "	skíðamannvirki			400.000		
Golfkl. Eskifjarðar	golfvöllur				300.000	
Umf. Valur Reyðarf.	íþróttavöllur	500.000			250.000	
Golfkl.Norðfjarðar	golfvöllur	200.000				
Skotfél A-Skaftafellss.	skotsvæði	200.000				
Umf. Einherji Vopnaf.	íþróttavöllur		400.000			
Umf. Borgarfjarðar	skíðatogbraut		200.000			
Umf.Neisti Djúpavogi	íþróttavöllur		300.000			300.000
Umf. Vísir Hlíðarhr.	íþróttavöllur			500.000		
Skíðamiðst.Oddskarði	tækjakaup, lýsing			500.000		
Umf. Vísir Borgarh.hr.	íþróttavöllur			400.000		
Golfkl. Fljótsdalshéraðs	golfvöllur og skáli					400.000
Umf.Þristur Vallahr.	íþróttasvæði					300.000
Íþrfél. Höttur Egilsst.	íþróttavöllur					400.000
Umf. Austri og Valur	lýsing í Oddskarði					400.000

Nafn	Verkefni	1990	1991	1992	1993	1994
Umf.Hrafnkell Freysgoði	endurbætur á íþróttaaðst.					400.000
Suðurland						
Umf. Dyrhólaey	íþróttavöllur	100.000				
Umf. Hrunamanna	sundlaug/skíðalyfta	500.000				200.000
Golfkl.Flúðum	golfv. og skáli	500.000				
Golfkl.Dalbúi Laugd.	golfvöllur	300.000				
Golfkl. " "	kaup á áhöldum		400.000			
Umf.Trausti A-Eyjfj.	íþróttavöllur		100.000		250.000	
Knattspf.Týr Vestm.	áhöld og tæki		600.000	500.000	300.000	200.000
Golfkl. Vestmeyja	endurb á golfvelli				400.000	500.000
Umf. Selfoss	íþróttatæki		500.000	450.000	200.000	
Umf. Þór Þorlákshöfn	áhöld í íþróttahús		600.000			
Skotfélag Suðurlands	skotsvæði		200.000			
Umf. Baldur Hvolsv.	íþróttaaðstaða			500.000		
Umf. Baldur Hraungerðishr.	áhaldakaup				200.000	
Íþróttam. Ísl.,Laugarv.	íþróttavellir			500.000	300.000	
Umf. Hekla Rang.	íþróttasvæði				250.000	300.000
Golfkl. Vík	golfvöllur					200.000
Umf. Gnúpverja						400.000
Umf.Vaka,Villh.hr.	íþróttasvæði				300.000	200.000
Íþróttafélagið Þór	áhöld og tæki					300.000
Reykjavík:						
Íþróttaf.fatlaðra Rvík	íþrh.og tækjakaup	1000.000	850.000	500.000		
KR Reykjavík	fimleikatæki	150.000				
Glímuf.Ármn Rvík	fimleikagólf	50.000	350.000			

Nafn	Verkefni	1990	1991	1992	1993	1994
Karatefél.Þórshamar	judódýna		350.000		250.000	
Hrönn skíðadeild	vélageymsla		400.000			
Siglingakl. Brokey			500.000			
Umf. Fjölnir	áhaldakaup			400.000		
KFUM	íþróttav.Vatnaskógi			500.000	200.000	
Knattspf.Valur	tækjakaup aðalstjórn			600.000	400.000	
Tennis-og badmintonf.	tækjakaup			500.000		
Víkingur	tækjakaup				400.000	
Íþróttafél. Reykjavíkur	viðgerð í skíðabrekku					200.000
Íþróttafél. Leiknir	frágangur vallar					200.000
Sérfræðileg aðstoð,leiðbeiningar		400.000	400.000	700.000	800.000	
Ófyrirséð		700.000	700.000		630.000	800.000
		14 millj.	16.millj.	16 millj.	14 millj.	14.5millj.

577. Fyrirspurn [380. mál]

til iðnaðarráðherra um þróun orkuverðs.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hvert var orkuverð dreifiveitna til húshitunar árin 1991, 1992, 1993 og 1994 miðað við notkun 400 rúmmetra húss að teknu tilliti til niðurgreiðslna og með virðisaukaskatti?
2. Hvert var orkuverð algengustu taxta dreifiveitna til iðnaðar annars en stóriðju tímabilin 1991, 1992, 1993 og 1994?
3. Hver var sala Landsvirkjunar á raforku til skipa árin 1991, 1992, 1993 og 1994?

Svar óskast í töflum og með súluritum er sýni orkuverðið hjá hverri dreifiveitu á verðlagi 1994.

Skriflegt svar óskast.

578. Fyrirspurn [381. mál]

til umhverfisráðherra um meðferð á olíuúrgangi.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hversu mikið fellur til árlega af olíuúrgangi sem ekki er nýtanlegur hér á landi:
   a. frá skipum,
   b. frá bílum,
   c. frá flugvélum,
   d. frá öðrum notendum?
2. Með hvaða hætti er olíuúrgangi komið fyrir, fargað eða hann endurunninn?
3. Hversu miklu af olíuúrgangi er skilað og komið fyrir á viðunandi hátt?
4. Hversu mikið af olíu og olíuúrgangi er talið að falli til án þess að vera komið fyrir á fullnægjandi hátt?
5. Eru uppi áform um hert eftirlit með meðferð á olíuúrgangi?

579. Fyrirspurn [382. mál]

til heilbrigðisráðherra um forvarnastarf á sviði áfengis og fíkniefna.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hversu miklir fjármunir voru veittir á vegum ráðuneytisins til forvarnastarfs á sviði áfengis og fíkniefna árin 1990 og 1993?

2. Með hvaða hætti er metinn árangur þeirra aðila sem starfa að forvarnastarfi á sviði fíkniefnamála og njóta til þess styrks úr ríkissjóði?
3. Hvernig er háttað samstarfi þeirra sem sinna forvarnastarfi og þeirra sem reka meðferðarstofnanir?

580. Fyrirspurn [383. mál]

til utanríkisráðherra um nýtingu olíuhafnar varnarliðsins í Hvalfirði.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

Hvaða möguleikar eru til að nýta hafnaraðstöðu og búnað í Hvalfirði og dreifa þaðan olíu um Vestur- og Norðurland?

581. Fyrirspurn [384. mál]

til fjármálaráðherra um eftirlit með pappírslausum viðskiptum.

Frá Sturlu Böðvarsssyni.

Hvernig er háttað eftirliti og endurskoðun með pappírslausum viðskiptum sem tengjast skattskyldum viðskiptum og þjónustu?

582. Fyrirspurn [385. mál]

til fjármálaráðherra um prófun og löggildingu tölvukerfa.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Með hvaða hætti eru tölvukerfi prófuð áður en þau eru tekin í notkun hjá opinberum stofnunum?
2. Hyggst fjármálaráðherra beita sér fyrir setningu löggjafar sem tryggi löggildingu þess hugbúnaðar sem í notkun er fyrir stofnanir ríkisins?

583. Fyrirspurn [386. mál]

til samgönguráðherra um aukin verkefni í pósthúsum landsins.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

Hefur verið kannað hvort auka megi hagkvæmni póstþjónustunnar með því að fela henni að sinna frekari opinberri þjónustu í pósthúsum landsins, t.d. með samstarfi við banka og sparisjóði?

584. Fyrirspurn [387. mál]

til samgönguráðherra um rekstur lóranstöðvarinnar á Gufuskálum.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hefur verið tekin ákvörðun um að loka lóranstöðinni á Gufuskálum?
2. Hvernig hyggst ráðherra tryggja sjófarendum þá þjónustu sem lóran C staðsetningarkerfið hefur veitt?
3. Hvaða svæði innan fiskveiðilögsögunnar verða utan sendinga lóran C kerfisins eftir lokun stöðvarinnar á Gufuskálum?
4. Hvaða aðgang hafa Íslendingar að GPS-staðsetningarkerfinu nú og hvernig verður því háttað í framtíðinni? Liggja fyrir samningar um afnot af GPS-kerfinu?
5. Hver er talinn kostnaður skipa af búnaði fyrir GPS-kerfið?
6. Með hvaða hætti munu mannvirki og búnaður lóranstöðvarinnar á Gufuskálum verða nýtt ef stöðin verður lögð niður?

585. Tillaga til þingsályktunar [388. mál]

um úttekt og mat á stöðu sorphirðumála í landinu.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Steingrímur Hermannsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Guðni Ágústsson, Jónas Hallgrímsson, Guðmundur Bjarnason, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta fara fram úttekt og mat á stöðu sorphirðumála í landinu. Tilgangur úttektarinnar verði m.a. að fá samanburð á þeim aðferðum sem notaðar eru til að farga sorpi hér á landi og í þeim löndum í kringum okkur sem talin eru fremst á þessu sviði. Við úttektina verði höfð náin samvinna við stærstu greinar atvinnulífsins á Íslandi. Markmiðið verði að setja Ísland í fremstu röð brautryðjendaþjóða í sorphirðumálum í heiminum.

Greinargerð.

Miklar framfarir í neysluvöruiðnaði um heim allan á 7. og 8. áratugnum, einkum í láglaunalöndum, leiddu af sér margföldun á úrgangsframleiðslu vestrænna þjóðfélaga. Umbúðaiðnaðurinn gerði kraftaverk í söluhvatningu, verð stórlækkuðu vegna tilkomu gerviefna, neyslan varð gengdarlaus, ruslið haugaðist upp.

Fjórar leiðir eru til að farga sorpi. Í fyrsta lagi endurvinnsla, í öðru lagi jarðgerð, í þriðja lagi brennsla og í fjórða lagi urðun. Þær tengjast hver annarri á margvíslegan hátt og enda hinar fyrri jafnan í þeirri síðastnefndu. Jarðgerð og brennsla eru þó í eðli sínu endurvinnsla því að við báðar þessar förgunaraðferðir verða til markaðssetjanlegar afurðir — mold við jarðgerð og orka til upphitunar við brennslu. Fljótt á litið virðist eðlilegt að endurvinna í hefðbundnum skilningi þess orðs öll nýtanleg efni úr sorpinu (málma, pappír, timbur, plast, hjólbarða og sum spilliefni), brenna því sem þá er eftir og urða að lokum öskuna.

Byggðasamlagið Sorpa var stofnað árið 1988 og hófst reksturinn árið 1991 en þá var ástandið í sorpmálum á höfuðborgarsvæðinu, og reyndar um landið allt, orðið óviðunandi. Eftir langar og harðar deilur um leiðir til úrbóta var ákveðið að fara þá leið að flokka til endurvinnslu eftir föngum og urða afganginn. En þrátt fyrir göfugan ásetning endurvinnur Sorpa þó einungis 11% af því sorpmagni sem henni berst. Til dæmis er þorrinn af öllum belgjum (hreinsuð strigalög) til að endurvinna hjólbarða fluttur til landsins á sama tíma og fyrirtækið urðar alla hjólbarða sem því berast.

Um það leyti sem Sorpa hóf rekstur sinn var þegar hafin í nágrannalöndum okkar öflug uppbygging í flokkunariðnaði. Margar þjóðir, eins og Þjóðverjar og Svíar, hertóku markaðinn og verðhrun varð á afurðum til endurvinnslu. Þannig hefur Sorpa fest miklar fjárhæðir í flokkunaraðstöðu til framleiðslu á vöru sem standa átti undir verulegum hluta tekna hennar og enginn vill nú kaupa.

Síðan ákveðið var að urða í Álfsnesi hefur margt tæknilegt komið fram í sorpvinnslu sem mælir eindregið gegn þessari förgunaraðferð, einkum eins og Sorpa framkvæmir hana. Raunar var margt í þeim vísindum þekkt þegar Sorpa var í burðarliðnum og má því spyrja hvers vegna þessir þættir voru ekki teknir til skoðunar áður en farið var af stað. Var urðinni valinn staður í Álfsnesi og látið í veðri vaka að þarna væri að verða bylting í sorphirðumálum þjóðarinnar. Aðrir telja þó að lítið hafi breyst nema að haugarnir í Gufunesi voru færðir úr augsýn því að fáir eiga leið um Álfsnesið.

Hin umdeilda urðunaraðferð Sorpu felst í að sorpinu er þjappað saman í ⅓ til ¼ hluta af rúmmáli þess þegar það er laust, og síðan baggað líkt og hey áður en það er urðað. Staðan í urð Sorpu í Álfsnesi er nokkru hærri en almennt gerist. Urðunartækni byggir á virkni örvera sem sjá um að lífrænn úrgangur rotni og timbur og pappír fúni. Þrefaldur til fjórfaldur þéttleiki baggastæðunnar ásamt óhóflegri þykkt hennar hindra að súrefni komist að efninu, en súrefni er forsenda fyrir að örverur geti lifað og starfað. Aðferð Sorpu minnkar því lífslíkur örveranna og dregur úr rothraðanum. Ársmeðalhitastig í stæðunni eru nálægt frostmarki og hægir það enn frekar á rotnuninni.

Plastefni þurfa útfjólublátt ljós til að brotna niður í óvirk efnasambönd. Sem dæmi má nefna að Reykjalundarrör brotna niður á tiltölulega skömmum tíma ofan jarðar en endast að eilífu ef þau eru grafin í jörð. Og til munu vera gerviefni sem tekur ofan jarðar yfir 300 þúsund ár að brotna niður til fulls. Jarðlagið ofan á urðinni er hin besta geislavörn og skýlir efstu lögum hennar, en á meira dýpi skýla efri lögin þeim neðri.

Fjarvera súrefnis og geislunar og lágt hitastig koma þannig í veg fyrir rotnun í Álfsnesi. Á Suðurlandi hafa heillegar vambir fundist í urð eftir tíu ár. Og jafnvel í mun hlýrri löndum en á Íslandi hafa pylsuendar, hamborgarar og lesanleg dagblöð komið upp úr urð eftir 40 ár. Ekki er vitað hversu miklu lengri rottíminn í Álfsnesi er vegna hinna sérstöku aðstæðna þar, en hann gæti verið margfaldur, jafnvel tugfaldur á við það sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Ein helstu rök fyrir ákvörðun Sorpu um að urða voru að það væri sú förgunaraðferð sem hlífði ósonlaginu hvað best. Nú hafa breskir vísindamenn hins vegar fundið að gas frá rotnun í urð, sem hættulegt er ósonlaginu, sé þrisvar sinnum meira að magni til en gas frá stýrðri brennslu. Þar hefur enn ein forsenda fyrir aðferðafræði Sorpu brostið.

Stóraukin fræðsla almennings á undanförnum árum leiðir til að sorpmagnið minnkar. Rekstrarforsendur Sorpu fara því versnandi. Mótaðgerða er leitað í aukinni veltu og hefur fyrirtækið nú uppi áform um að flytja allt sorp af Suður- og Vesturlandi til urðunar í Álfsnesi. Fái Sorpa vilja sínum framgengt í þessu efni verður rúmmál stæðunnar sem byggist upp í Álfsnesi á næstu tíu árum 2,5 milljón rúmmetrar. Til að setja þessa tölu í samhengi má bera hana saman við Jökulfell, frystiflutningaskip Samskipa, sem lestar 5.000 rúmmetra. Stæðan mundi fylla skipið 500 sinnum á tímabilinu — 50 sinnum á ári eða einu sinni í hverri viku — og hefði sorpinu þó verið þjappað saman í ⅓ til ¼ hluta af upphaflegu rúmmáli þess.

Sorpa hefir fordæmisgildi. Önnur sveitarfélög trúa að sú aðferð, sem þar er viðhöfð, sé sú besta. Hafa sum þeirra þegar farið að dæmi Sorpu, en önnur undirbúa áþekkar aðgerðir. Þó fer ekki fram hjá neinum að Sorpa á í miklum erfiðleikum, jafnt tæknilegum sem fjárhagslegum, og er fyrirsjáanlegt að þeir muni aukast til muna á næstu árum. Það er því alvarlegt ef mörg sveitarfélög fara að dæmi Sorpu og festa miklar fjárhæðir í úreltri förgunaraðferð sem auk þess er í hugmyndafræðilegri kreppu.

Mikill hraði er í þróun sorpmála á Vesturlöndum og hafa umtalsverðar nýjungar komið fram á þeim árum sem Sorpa hefir starfað. Fyrirtækið tileinkar sér ekki þessar nýjungar. Með tilliti til mikillar gagnrýni á starfsemi Sorpu að undanförnu og í ljósi þess að fyrirtækið gegnir brautryðjandahlutverki og er fyrirmynd annarra í þessum málum hér á landi er mjög aðkallandi áður en lengra er haldið að fram fari ítarleg úttekt og raunhæft mat á núverandi stöðu sorphirðumála í landinu.

586. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til l. um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Hafi dómstóll ákveðið að leita álits EFTA-dómstólsins er rétt að veita málsaðila, sem hefur ekki krafist að álitsins verði aflað, gjafsókn vegna þess þáttar málsins. Um skilyrði fyrir gjafsókn í slíku tilviki gilda almennar reglur, enda hafi EFTA-dómstóllinn ekki veitt málsaðilanum gjafsókn eftir starfsreglum sínum.
   Sé gjafsókn veitt skv. 1. mgr. á gjafsóknarhafi rétt á að fá útlagðan kostnað af rekstri málsins fyrir EFTA-dómstólnum endurgreiddan þótt því sé ekki lokið fyrir dómstólum hér á landi. Þetta gildir þó ekki um þóknun umboðsmanna hans fyrir flutning máls fyrir EFTA-dómstólnum, en fjárhæð hennar verður ákveðin í dómi í aðalmálinu eftir almennum reglum.
   Ef gagnaðili verður dæmdur til að greiða gjafsóknarhafa málskostnað í aðalmálinu er dómara heimilt við ákvörðun málskostnaðar að horfa fram hjá kostnaði gjafsóknarhafans af öflun álits EFTA-dómstólsins, þannig að hann falli á ríkissjóð. Þetta skal þó að öðru jöfnu ekki gert er gagnaðilinn hefur sjálfur átt frumkvæði að því að álitsins yrði aflað.
2. 4. gr., er verður 5. gr., orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

587. Frumvarp til laga [389. mál]

um sölu notaðra ökutækja.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Heimild til að hafa með höndum sölu á notuðum ökutækjum.

1. gr.

Lög þessi gilda um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja sem fram fer í atvinnuskyni. Þau gilda ekki um nauðungarsölu notaðra ökutækja.

2. gr.

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess sérstakt leyfi sýslumanns í viðkomandi umdæmi.

3. gr.

Leyfi skv. 2. gr. skal veitt til fimm ára í senn og verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Eru búsettir á Íslandi.
2. Hafa náð tuttugu ára aldri.
3. Eru fjárráða og hafa forræði á búi sínu.
4. Hafa lagt fram skilríki því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi, aflað sér bankatryggingar eða leggja fram aðrar tryggingar sem sýslumaður metur gildar og bæta viðskiptavinum tjón er þeir kunna að valda þeim af ásetningi eða gáleysi í tengslum við sölu notaðra ökutækja. Nánari skilyrði um fjárhæð trygginga og lágmarksskilmála skulu ákveðin í reglugerð.
5. Hafa sótt námskeið og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð sem ráðherra ákveður. Kostnað vegna námskeiða og prófa skal greiða með kennslu- og prófgjöldum er viðskiptaráðuneytið ákveður. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því.

Meiri hluti stjórnarmanna lögaðila skulu fullnægja skilyrðum 1.–3. tölul. 1. mgr. Þó eru stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, undanþegnir búsetuskilyrðum 1. tölul. Ráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins skal fullnægja skilyrðum 1.–3. og 5. tölul. 1. mgr.

4. gr.

Bifreiðasali skal afla upplýsinga, sem staðfestar skulu skriflega af seljanda, um akstur og ástand skráningarskylds ökutækis, svo og annarra þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Gögn þessi skal bifreiðasali varðveita í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.

Þá skal fylgja vottorð úr ökutækjaskrá sem sýnir ótvírætt að seljandi sé eigandi þess ökutækis sem selt er eða hafi umboð til sölunnar. Bifreiðasali skal staðfesta að rétt ástandslýsing fylgi ökutæki ef um það er að ræða og einnig skal hann staðreyna upplýsingar um eiganda ökutækis og hvort veðbönd hvíli á ökutækinu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla fyrir um þær lágmarksupplýsingar sem lagðar skulu fram við sölu notaðra ökutækja og fram eiga að koma í kaupsamningi og afsali vegna sölu notaðra ökutækja.

II. KAFLI
Réttindi og skyldur bifreiðasala.

5. gr.

Bifreiðasali skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Bifreiðasali ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við sölu ökutækja sem hefði hann sjálfur framkvæmt þau. Bifreiðasali skal, áður en gengið er frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins, svo sem faggilta skoðunarstofu eða faggilt endurskoðunarverkstæði.

Hafi bifreiðasali ástæðu til að ætla að ástandi ökutækis sé ábótavant ber honum að vekja athygli kaupanda á þeim annmarka.

6. gr.

Bifreiðasali skal annast um að endanlega sé gengið frá kaupsamningi, afsali og öðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn hans svo að eigi verði um villst.

Bifreiðasali skal ábyrgjast að tilkynning um eigendaskipti sé send ökutækjaskrá sem fyrst.

7. gr.

Hyggist bifreiðasali, fyrirtæki er hann starfar við eða aðrir starfsmenn við sölu notaðs ökutækis selja eigið ökutæki eða kaupa ökutæki sem þessum aðila hefur verið falið að annast sölu á og skal þá viðskiptamanni kynnt það sérstaklega og þess jafnframt getið í kaupsamningi. Sama gildir um maka og náin skyldmenni bifreiðasala eða starfsmanna við söluna.

8. gr.

Þeim einum er rétt að nefna sig bifreiðasala sem fengið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Niðurfelling leyfis.

9. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi ef skilyrðum laganna er ekki lengur fullnægt. Ber þá að skila leyfisbréfi til sýslumanns.

Eftirlit með starfsemi bifreiðasala er í höndum sýslumanna.

IV. KAFLI
Viðurlög og gildistaka.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku laga þessara stunda sölu notaðra ökutækja, sem lögin taka til, skulu sækja um leyfi til sýslumanns innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Að níu mánuðum liðnum frá gildistöku laganna er með öllu óheimilt að stunda sölu notaðra ökutækja í atvinnuskyni án leyfis þar að lútandi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur athygli framkvæmdar- og löggjafarvalds hér á landi sem annars staðar beinst í auknum mæli að neytendavernd. Leitast hefur verið við að setja almennan lagaramma um ýmis viðskipti þar sem viðskiptavenjur hafa ekki myndast sem tryggja nægilegt jafnræði í aðstöðu kaupanda og seljanda við viðskiptin. Sett hafa verið lög um fasteignaviðskipti, skaðsemisábyrgð, neytendalán, húsgöngu- og fjarsölu, umboðssöluviðskipti, verðbréfaviðskipti og að síðustu ný samkeppnislög.

Verslun með bifreiðar er með mikilvægari viðskiptum sem hinn almenni neytandi tekur þátt í. Einn af stærstu útgjaldaliðum heimilanna er rekstur bifreiðar og má gera ráð fyrir að ⅕ af ráðstöfunarfénu fari í kostnað vegna bifreiðaeignar. Við kaup á bifreið er eðlilegt að fram komi fleira en söluverð, t.d. rekstrar- og viðhaldskostnaður. Einnig verður öryggisbúnaður bifreiðarinnar að standast lágmarkskröfur. Notaðar bifreiðar af sömu gerð og árgerð sem hefur verið ekið svipaða vegalengd geta verið í afar misgóðu ástandi. Tæknilega eru bifreiðar flókin fyrirbæri og er því erfitt að meta gæði slíkra farartækja án sérfræðiþekkingar, sérstaklega eftir að þau hafa verið í notkun í lengri tíma. Kaup á notaðri bifreið eru því áhættuviðskipti fyrir stóran hóp neytenda.

Í íslenskum lögum er lítið fjallað um starfsemi þeirra er stunda viðskipti með notaðar bifreiðar. Í lögum um sölu notaðra lausafjármuna er að finna ákvæði um sölu notaðra bifreiða en þau eru mjög ófullkomin. Almenn ákvæði kaupalaga eiga að vísu við um þessi viðskipti en meginvandi kaupenda er oftast fólginn í sönnunarbyrði, t.d. hvaða upplýsingar voru veittar þegar kaupin áttu sér stað. Hefur oft verið rætt um það síðustu árin að besta lausnin á þessu máli væri að setja lög um viðskipti með bifreiðar sem gæti orðið bæði bifreiðasölum og viðskiptamönnum þeirra til hagsbóta. Ingi Björn Albertsson alþingismaður lagði tvisvar fram frumvarp um þetta efni á árunum 1988 og 1989 en þau náðu ekki fram að ganga.

Nú hefur frumvarp um þetta mál verið samið í viðskiptaráðuneytinu þar sem brýnt þykir að leysa sem fyrst þau vandamál og erfiðleika sem tengst hafa bifreiðasölu í gegnum árin. Mestu máli skiptir að gera auknar kröfur til þeirra sem vilja stunda slík viðskipti. Þeir verði því að sækja sérstakt námskeið og setja tryggingu fyrir hugsanlegum skaðabótakröfum viðskiptavina sinna. Jafnframt verði þeim settar ýmsar skyldur um upplýsingagjöf til viðskiptavina og frágang skjala.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gildissvið laganna afmarkað. Lögin gilda eingöngu um sölu notaðra ökutækja sem fram fer í atvinnuskyni. Þau girða því ekki fyrir milliliðalausa sölu sem ekki er í atvinnuskyni, svo sem þegar einkabifreiðar eru auglýstar til sölu í dagblaðsauglýsingum. Þá þykir eðlilegt að undanskilja notuð ökutæki sem seld eru nauðungarsölu gildissviði laganna.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni skulu þeir sem reka vilja bifreiðasölu hafa til þess sérstakt leyfi sýslumanns. Þetta þýðir í raun að engum öðrum en þeim sem hafa til þess sérstakt leyfi sýslumanns er heimilt að reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki. Markmiðið er að skapa ákveðið traust á þessum markaði með því að tryggja nauðsynlega faglega þekkingu og hæfi þeirra sem hafa milligöngu í þessum viðskiptum, sbr. skilyrðin fyrir veitingu leyfa skv. 3. gr.

Um 3. gr.

Í greininni eru talin upp þau skilyrði sem einstaklingar þurfa að uppfylla til að fá útgefið leyfi til sölu notaðra ökutækja. Er þar m.a. kveðið á um að bifreiðasala sé skylt að leggja fram tryggingu til að standa straum af skaðabótum sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja að bifreiðasali hafi ávallt nokkurt svigrúm til að greiða slíkar bætur auk þess sem ákvæðið er nokkur trygging fyrir viðskiptamann sem kann að eiga rétt til bóta. Lagt er til að nánari ákvæði um fjárhæð og fyrirkomulag tryggginganna verði sett í reglugerð. Ákvæðið er hliðstætt ákvæði um tryggingar verðbréfamiðlara í lögum nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti.

Í 5. tölul. greinarinnar er að finna ákvæði um að einstaklingar verði að standast próf áður en þeir fá útgefið leyfi til sölu notaðra ökutækja. Nánar verður fjallað um fyrirkomulag prófsins í reglugerð sem viðskiptaráðuneytið setur en hér er aðallega verið með í huga námskeið í frágangi skjala og í öðru sem tengist verslun og viðskiptum.

Um 4. gr.

Í grein þessari er sú skylda lögð á bifreiðasala að afla þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupa á notuðu skráningarskyldu ökutæki. Ákvæðinu er hvorki ætlað að leysa seljanda undan ábyrgð vegna þeirra upplýsinga sem hann veitir né slaka á hinni svokölluðu „rannsóknarskyldu“ sem hvílir á kaupanda skv. 47. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Hins vegar er ákvæðinu ætlað að skerpa skyldu bifreiðasala til að miðla ákveðnum upplýsingum er máli skipta í viðskiptum af þessu tagi. Skylda bifreiðasala til varðveislu gagna í eitt ár er í tengslum við ákvæði 54. gr. laga nr. 39/1922. Ákvæði um skriflega staðfestingu seljanda á þeim upplýsingum, sem hann veitir, tryggir sönnun málsatvika ef til ágreinings kemur vegna viðskipta með notuð ökutæki.

Nauðsynlegt þykir að vottorð frá ökutækjaskrá fylgi hverri bifreið við sölu til að koma í veg fyrir að annar en eigandi eða umboðsmaður hans geti selt viðkomandi bifreið. Í greininni er einnig kveðið á um skyldu bifreiðasalans til að sannreyna að upplýsingar varðandi ökutæki séu réttar.

Lagt er til að viðskiptaráðherra geti sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skuli fylgja ökutæki við sölu og hversu ítarlegar upplýsingar eigi að koma fram í kaupsamningi og afsali.

Um 5. gr.

Í þessari grein felst almennt ákvæði um skyldur bifreiðasala gagnvart viðskiptamönnum sínum. Hafa ber í huga að bifreiðasali er í þjónustu beggja aðila, seljanda og kaupanda, og er honum skylt að gæta hagsmuna þeirra beggja við samningsgerð eins og kostur er. Þykir rétt að kveða á um þá skyldu bifreiðasala að upplýsa kaupanda um þann möguleika að láta hlutlausan aðila skoða bifreiðina áður en kaup fara fram. Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram að ekki þykir rétt að leggja til að óháður aðili útbúi ástandslýsingu þegar notað ökutæki er tekið til sölu, sbr. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Þetta er vegna þess að ökutæki er iðulega sett á skrá hjá hlutaðeigandi bifreiðasala en síðan notar eigandi ökutækisins það áfram þar til af sölu verður. Ef notaðar bifreiðar væru yfirleitt í eigu bifreiðasalanna eins og algengast er í nágrannalöndunum og því ekki í stöðugri notkun þar til þær eru seldar væri ekki óeðlilegt að gera kröfur um ástandslýsingu frá óháðum aðila.

Um 6. gr.

Í greininni er leitast við að tryggja vandaðan frágang skjala vegna bifreiðaviðskipta. Ákvæðinu er m.a. ætlað að sporna við hinum svokölluðu opnu afsölum sem lengi hafa tíðkast og oft leitt til vandræða, ekki síst vegna opinberrar skráningar bifreiða og réttaráhrifa hennar. Þá þykir eðlilegt að fram komi á afsali og öðrum skjölum hvaða bifreiðasali annaðist samningsgerð. Eðlilegt þykir að bifreiðasali tilkynni sölu ökutækis til ökutækjaskrár vegna þeirrar tryggingar sem hann þarf að leggja fram skv. 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Athygli er vakin á því að ákvæði þetta er breyting á því sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 523/1988 um skráningu ökutækja.

Um 7. gr.

Ákvæði 7. gr. er ætlað að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun bifreiðasala eða starfsmanna hans á aðstöðu sinni.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Við gildistöku laga þessara víkja þau ákvæði laga nr. 61/1979, um sölu notaðra lausafjármuna, sem fjalla sérstaklega um bifreiðar og samrýmast ekki ákvæðum þessara yngri sérlaga að öðru leyti.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til í 11. gr. frumvarpsins að lögin öðlist þegar gildi. Rétt þykir þó að gefa aðilum, er lögunum er ætlað að taka til, sex mánaða frest til að sækja um leyfi til sýslumanns og að níu mánuðum liðnum frá gildistöku laganna er engum heimilt að stunda sölu notaðra ökutækja sem ekki hefur til þess leyfi. Nauðsynlegt þykir að veita nokkuð rúman aðlögunarfrest þar sem bæði þarf að undirbúa og halda námskeið fyrir þá sem áhuga hafa á að afla sér leyfis.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sölu notaðra ökutækja.

Með frumvarpi þessu er áformað að koma á betri skipan og heiðarlegri viðskiptaháttum hjá atvinnusölumönnum notaðra ökutækja. Gera má ráð fyrir að veiting leyfa og eftirlit með þeim verði til einhverrar aukningar í starfsumfangi hjá sýslumannsembættum, en kostnaðarauki af þeim sökum er talinn óverulegur.

588. Tillaga til þingsályktunar [390. mál]

um skipulega ræktun íslenska fjárhundsins.

Flm.: Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd sem gerir tillögur um aðgerðir til að vernda íslenska fjárhundinn og hreinrækta stofninn.

Greinargerð.

Íslenski fjárhundurinn er þjóðararfur og þjóðargersemi Íslendinga, hann er lifandi listaverk sem okkur ber að varðveita.

Nú er í gangi á vegum Hundaræktarfélags Íslands skráning á íslenska hundinum og nær fullmótað er ræktunartakmark. Þar mun mest hafa unnið Guðrún Guðjohnsen og telur hún að nú séu skráðir á fjórða hundrað hundar, reyndar mismunandi að gerð, þar sem starfsemi þessi á ekki langa sögu að baki. Vegna þess hve íslenski hundastofninn er fáliðaður og sundurleitur er nauðsynlegt að hafa sem flesta einstaklinga með í ræktuninni, ekki síst vegna þess að duldir erfðagallar eru til staðar hjá sumum einstaklingum. Hefur það valdið verulegum áhyggjum og vanda við val undaneldisdýra og nauðsynleg grisjun af þeim sökum ávallt verið erfið. Hér við bætist að ekki hefur gengið auðveldlega að ná samkomulagi um þau tegundareinkenni sem hundar þurfa að hafa til að teljast „íslenskir“ en þar sem skipulögð ræktun hefur verið fátækleg til þessa er brýn þörf á að hafa slíkan staðal til viðmiðunar ef skipuleg ræktun með nauðsynlegri ættbókarfærslu verður tekin upp fyrir alla „íslenska“ hunda.

Hér er um mikilsvert mál að ræða og hefur allt of lengi verið látið reka á reiðanum. Íslenski fjárhundurinn er vissulega í útrýmingarhættu og stafar hættan sennilega mest af síauknum innflutningi til landsins af erlendum hundakynjum. Af nýjungagirni taka margir Íslendingar þessa erlendu hunda fram yfir íslenska hundinn og áhuginn á íslenska hundinum dvínar. Reynslan undanfarna áratugi hefur sýnt að það eru tiltölulega fáir sem lagt hafa sig fram um ræktun og uppeldi íslenska hundsins en því miður hefur samstarf þessara aðila ekki ávallt gengið sem skyldi. Fjárskortur hefur einnig háð þessari ræktunarstarfsemi enda þótt flest störf séu unnin í sjálfboðavinnu.

Útlendingar hafa sýnt íslenska hundinum mun meiri sóma en við sjálf. Íslenski hundurinn er nú kominn í ræktun víða um lönd þar sem hann nýtur mikillar virðingar og síaukinna vinsælda. Bæði Norðmenn og Danir rækta stofninn og þar fjölgar ört í stofninum. Einnig hefur hann vakið mikla athygli á hundasýningum bæði í Evrópu og Ameríku.

Hreinræktaðir íslenskir hvolpar hafa verið seldir á háu verði úr landi. Eftirspurn er eftir hvolpum í fjölmörgum löndum eins og Bandaríkjunum, Sviss, Þýskalandi, Kanada og annars staðar á Norðurlöndunum. Það hefur víða orðið að tísku að eiga íslenskan hest og íslenskan hund og klæðast íslenskri lopapeysu. Hugsanlegt er að þessar tvær búgreinar, hundarækt og hrossarækt, kunni að styrkja hvor aðra og ef vel tekst til með markvissu átaki, sem stjórnað væri af okkar besta ræktunarfólki og sérfræðingum, yrði íslenski hundurinn enn betri auglýsing á erlendum vettvangi og skapaði þannig gjaldeyristekjur.

Fyrir nokkrum árum þegar Hundaræktarfélagið varð 20 ára gáfu hundaræktunarfélögin annars staðar á Norðurlöndunum félaginu peningagjöf sem verja skyldi til að gera myndband um íslenska hundinn. Allt ber þetta að sama brunni. Hugsjónafólkið, sem er að reyna að vernda íslenska hundastofninn frá útrýmingu, fær oftar aðstoð frá áhugafólki erlendis meðan íslenskir aðilar láta sér fátt um finnast. Einnig voru fluttir hingað til lands fyrir fáeinum árum þrír hvolpar frá Danmörku til undaneldis. Það er ekki vansalaust að miðstöð um ræktun íslenska hundsins skuli ekki vera rekin með glæsibrag hér á landi og þegar ræktendur hundsins óska eftir erfðaefni til að bæta stofninn hjá sér sæki þeir það ekki hingað heldur öfugt. Á þessu þarf að verða breyting til batnaðar sem fyrst.

Ágrip af sögu íslenska fjárhundsins.

Saga íslenska hundsins nær eins langt aftur í tímann og saga okkar Íslendinga. Landnámsmenn tóku búsmala sinn með sér til Íslands og þá einnig hunda til aðstoðar við gæslu og smölun. Landið er víðáttumikið og engar girðingar fyrr en á síðustu 100 árum. Lítið er ritað um hunda í Íslendingasögum og engar lýsingar gefnar á fjárhundum. Hins vegar eru til lýsingar á einstökum hundum vegna þess hve ólíkir þeir voru þeim hundum sem algengir voru í landinu, t.d. Sámur Gunnars á Hlíðarenda, sem vafalítið má telja að verið hafi írskur úlfhundur enda er hann þaðan kominn og nokkuð góð lýsing af honum sem slíkum. Um 990 var hungursneyð í landinu og lagði Arnór kerlingarnefur til að lógað yrði flestum eða öllum hundum í landinu þar sem þeir voru svo margir að það gæti bjargað fjölda mannslífa ef ekki þyrfti að fóðra hundana.

Á miðöldum voru íslenskir hundar orðnir nokkuð vinsæl útflutningsvara frá Íslandi, sérstaklega til Bretlands, og voru þeir vinsælir sem heimilishundar hjá fyrirfólki. Marteinn Beheim skrifar 1492 að Íslendingar selji hunda sína háu verði en gefi börn sín til þess að þau fái mat. Olaus Magnus skrifar 1555 að íslenskir hundar séu vinsælir hjá aðalsfrúm og prestum. Shakespeare nefnir einnig íslenskan hund í leikriti sínu um Hinrik V (skrifað um 1600). John Caius skrifar 1570 um íslenska hunda sem séu mikils metnir og í sérstöku uppáhaldi hjá fyrirfólki í Bretlandi.

Í ferðabók Eggerts og Bjarna 1744 er fyrst getið um tvenns konar háralag íslenskra hunda, venjulegan feld með löngum árum og einnig mjög þykkan, grófan feld og nefnist þeir hundar lubbar.

Frá þessum tíma og fram á þessa öld er minnst á íslenska hunda í flestum ef ekki öllum ferðabókum sem skrifaðar eru um Ísland. Lýsing þessara ferðalanga á íslenska hundinum er nokkuð mismunandi en þó er auðsætt að hér er um sama hundakyn að ræða. Þeir eru sagðir ómissandi á hverjum bæ, reka búsmala úr túnum, smala fénu, reka hross, finna fé í fönn og svo mætti lengi telja. Fyrir góða hunda má fá hestverð. 1869 var talið að fjöldi hunda á Íslandi væri 24.000 en á árunum 1883–1887 er talið að hundar séu hér 10.000.

Fyrstu lög varðandi hundahald voru sett 25. júní 1869 og 1871 var settur hár skattur á alla hunda nema ákveðinn fjölda fjárhunda á sveitabæjum. Voru þessi lög sett til að fækka hundum sem hýstu egg bandorma sem ollu sullaveiki í fólki. Eftir þetta fækkaði hundum mjög hérlendis, enda magnaðist smám saman ótti fólks við sullaveikina. Almennur skortur á hreinlæti meðal þjóðarinnar var þó höfuðsök þeirrar hættu sem af sullaveikinni stafaði.

Árið 1900 hefur hundum fækkað mjög og vegna innflutnings erlendra hundakynja á 19. öld, sem höfðu blandast íslenska hundinum, var svo komið að Christian Schierbeck, læknir í Reykjavík, sem ferðaðist mikið um landið, telur að fáir íslenskir hundar séu eftir og eingöngu á afskekktum bæjum til sveita.

Árið 1897 er getið um fyrstu íslensku hundana á sýningu í Tívolí í Kaupmannahöfn, Vips, Svartur og Pillar sem fékk tvenn fyrstu verðlaun og bikar. Árið 1905 var íslenskur hundur „Chuck“ ættbókarfærður í The English Kennel Club og um leið var kynið viðurkennt sem slíkt í Englandi og gefin út ræktunarmarkmið sem þýtt var úr dönsku. Íslenskir hundar hafa örsjaldan komið þar fram á sýningum en þó var Vaskur frá Þorvaldsstöðum bestur í sínum flokki og keppti um titilinn „Besti hundurinn á sýningu á Crufts“ árið 1960, þá sjö ára gamall. The Hon. Mark Watson var mikill aðdáandi alls sem íslenskt var og ferðaðist mikið um landið. Hann sagði að á ferðum sínum á Íslandi um 1930 hafi hann séð nokkuð af íslenskum hundum í sveitum landsins en um 1950 mátti segja að íslenskir hundar væru svo til horfnir nema á afskekktum stöðum. Hann ákvað því að flytja út nokkra hunda og tíkur til Kaliforníu í Bandaríkjunum þar sem hann bjó þá og freista þess að rækta þá þar til þess að kynið yrði ekki aldauða. Páll A. Pálsson yfirdýralæknir aðstoðaði hann við þennan útflutning en eftir hjá Páli varð tík frá Vestfjörðum. Hundar þeir, sem fluttir voru til Bandaríkjanna, fengu hundapest skömmu eftir komuna þangað og drápust sumir þeirra. Þeir sem af lifðu eignuðust hvolpa og virtust mjög arfhreinir. Þegar Mark fluttist svo nokkru seinna til Englands tók hann hundana með sér og lét halda áfram að rækta þá. Bretar eru duglegir ræktunarmenn og það tók þá ekki langan tíma að gjörbreyta útliti hundsins í þá veru sem þeim þótti fallegt. Þessir hundar voru stuttir, kubbslegir og smábeinóttir!

Páll A. Pálsson skynjaði manna fyrstur þá hættu sem steðjaði að íslenska hundastofninum og lét rækta kynhreina íslenska hvolpa undan tíkinni sem eftir varð á Keldum. Enn fremur var gerð tilraun til að hefja skipulega ræktun íslenska hundsins í Hveragerði og veittur til þess styrkur frá landbúnaðarráðuneytinu.

Sigríður Pétursdóttir á Ólafsvöllum í Skeiðahreppi hóf síðar mikið ræktunarstarf í samstarfi við Pál A. Pálsson. Sigríður átti samstarf við Mark Watson og fleiri aðila í Bretlandi sem veittu henni ómetanlega aðstoð og upplýsingar. Sigríður flutti síðan tvo hvolpa hingað frá Bretlandi sem Mark Watson gaf henni. Ræktunarstofninn var mjög fátæklegur á þessum tíma. Íslenski hundastofninn býr yfir mikilli kynfestu og því ætti að reynast auðvelt að snúa vörn í sókn, hefja öfluga ræktun undir leiðsögn vísindamanna og gera sérstæða fjárhundinn okkar að eftirsóttum félaga á íslenskum heimilum og verðmikilli afurð erlendis.

589. Nefndarálit [302. mál]

um frv. til l. um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands utan Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Á fundi nefndarinnar um þetta mál komu Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Kristján Ragnarsson frá LÍÚ og Arnar Sigurmundsson og Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva og loks Árni Kolbeinsson og Ólafur Davíðsson sem, ásamt Þorkeli Helgasyni, skipuðu nefnd þá sem mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. febr. 1994.

Vilhjálmur Egilsson, frsm. Gunnlaugur Stefánsson. Árni R. Árnason.

Einar K. Guðfinnsson, með fyrirvara.

590. Frumvarp til laga [391. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Ákveða skal með reglugerð hvernig fari um launagreiðslur til starfsmanna í veikindaforföllum og í fjarvistum vegna barnsburðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þann 10. september 1993 samþykkti kærunefnd jafnréttismála á fundi sínum niðurstöðu í tveimur málum sem henni bárust og vörðuðu rétt karla í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi. Í báðum þessum málum hafði fjármálaráðuneytið synjað körlum um slíka greiðslu með þeim rökum að einungis konur ættu þennan rétt.

Synjun fjármálaráðuneytisins byggðist á því að um rétt ríkisstarfsmanna til greiðslna í fæðingarorlofi fari samkvæmt reglugerð nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Reglugerðin sé sett samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar segir:

„Ákveðið skal með reglugerð hvernig fari um launagreiðslur til starfsmanna í veikindaforföllum svo og til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar."

Á grundvelli þessa kynbundna lagaákvæðis telur starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins að karlar í starfi hjá ríkinu eigi ekki rétt á launuðu fæðingarorlofi. Í báðum þessum málum synjaði Tryggingastofnun ríkisins beiðni um greiðslu fæðingardagpeninga með þeim rökum að karlmaður eigi því aðeins þann rétt að kona hans hafi notið fæðingardagpeninga, með öðrum orðum réttur feðra sé afleiddur af rétti mæðra.

Í álitsgerð kærunefndar jafnréttismála kemur aftur á móti fram sú skoðun að með þessari framkvæmd standi „ . . . stór hluti feðra . . . án nokkurs réttar til greiðslna taki þeir fæðingarorlof og [séu] þannig beittir misrétti sem engin efnisleg rök virðast fyrir". Vísar nefndin í því sambandi til þess að á árinu 1987 hafi Alþingi samþykkt fyrstu almennu lögin um fæðingarorlof sem hafi átt að tryggja öllum foreldrum rétt til leyfis frá launuðum störfum vegna fæðingar barns. Þá hafi Alþingi jafnframt samþykkt breytingar á lögum um almannatryggingar sem höfðu það að markmiði að bæta í einhverju það tekjutap sem foreldri, sem leggur niður vinnu, verður fyrir vegna töku fæðingarorlofs. Í áliti kærunefndar segir:

„Af ræðum alþingismanna um fyrrgreind lagafrumvörp frá 1987 verður ekki ráðið að vilji þeirra hafi staðið til þess að feðrum væri mismunað með þeim hætti sem gert hefur verið. Þvert á móti mætti ætla að þeir hafi talið að feður í opinberri þjónustu hefðu sama rétt og mæður í opinberri þjónustu og því talið óþarft að taka sérstaklega á réttindum þeirra. Þessi skilningur kemur beinlínis fram — og er ómótmælt — hjá einum þingmanni."

Niðurstaða kærunefndar jafnréttismála var sú að túlkun starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sé „ ... hvorki í samræmi við 4. gr. laga nr. 28/1991, tilgang þeirra laga né skilning og fyrirætlan löggjafans þegar sett voru lög nr. 57/1987 og lög nr. 59/1987“. Og síðan segir:

„Með vísan til 20. gr. laga nr. 28/1991 er þeim tilmælum því beint til fjármálaráðuneytisins að það hlutist til um að gerðar verði þær ráðstafanir sem þarf til þess að viðurkenndur verði og tryggður réttur feðra í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi.“

Í framhaldi af þessu lagði flutningsmaður þessa frumvarps fram fyrirspurn til fjármálaráðherra á þskj. 48 á þessu þingi þar sem spurt var með hvaða hætti hann hygðist bregðast við þessum tilmælum. Ráðherra lýsti því sem sinni skoðun að eðlilegt og nauðsynlegt væri að endurskoða ákvæði 17. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en virtist hafa lítinn vilja til að taka sérstaklega á málinu. Vísaði ráðherra málinu inn í framtíðina og sagði að það þyrfti „ ... að ganga til heildstæðrar umfjöllunar um lögin“. Að mati flutningsmanns eru þetta óviðunandi svör þegar hægt er að ráða bót á þessu misrétti með einföldum hætti. Þess vegna er þetta frumvarp fram komið.

Í fylgiskjali með frumvarpinu var birt álit kærunefndar jafnréttismála í þeim tveimur málum sem getið er í greinargerðinni. Þar koma fram málavextir og niðurstaða.

Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

591. Frumvarp til laga [392. mál]

um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Orðin „og sambærileg“ í 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og vísar máli sínu til kærunefndar jafnréttismála, sbr. 19 gr., eða höfðar mál fyrir dómi skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá árinu 1976 hafa verið í gildi jafnréttislög hér á landi sem hafa þann tilgang að koma á jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla. Lögunum hefur verið breytt nokkuð í áranna rás, síðast árið 1991. Meginbreytingin, sem gerð var á lögunum 1991, fól í sér að sett var á fót kærunefnd jafnréttismála sem fjallar um kærur út af meintum brotum á jafnréttislögum. Einnig var tekið inn það nýmæli að nú er kveðið á um það í 6. gr. að atvinnurekandi skuli „sýna kærunefnd fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans“, ef einhver telur rétt á sér brotinn og vísar málinu til kærunefndar. Þetta þýðir að þeir sem kæra launamisrétti þurfa hvorki að afla nákvæmra upplýsinga og leggja fram um t.d. laun þeirra karla sem kæra er miðuð við né sanna að launamunurinn sé kynbundinn. Atvinnurekandinn þarf að sýna fram á að ekki sé um mismunun eftir kynferði að ræða. Þetta hefur verið kallað „öfug sönnunarbyrði“.

Þær breytingar, sem hafa verið gerðar á jafnréttislögum, lúta að því að reyna að ná betur þeim markmiðum sem sett eru með lögunum. Ýmis ákvæði jafnréttislaganna eru þó með þeim hætti að ekki er alltaf auðvelt að túlka ákvæði þeirra. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á jafnréttislögum á Norðurlöndum og í Evrópu á undanförnum árum til að auka líkurnar á að markmiðum um jafnan rétt kynjanna verði náð. Eðlilegt er að jafnréttislög séu ávallt í endurskoðun. Flutningsmenn þessa frumvarps telja eðlilegt að leggja nú til breytingar á núgildandi lögum að því er varðar tvö efnisatriði.

Í fyrsta lagi er lagt til að niður falli orðin „og sambærileg störf“ í 4. gr. laganna. Þegar þessi ákvæði voru samþykkt á Alþingi árið 1976 var þess getið að ákvæðið væri í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem Ísland fullgilti árið 1958 en þar er kveðið á um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Óheimilt er að mismuna starfsfólki vegna litarháttar, kynferðis, trúarskoðana og fleiri slíkra atriða. Þar er þess ekki sérstaklega getið að um sambærileg störf þurfi að vera að ræða. Í jafnréttislöggjöf Norðurlanda og EB er ekki áskilið að við samanburð á launum kvenna og karla þurfi að vera um sambærileg störf að ræða. Í 69. gr. EES-samningsins segir: „Hver samningsaðili skal tryggja og viðhalda beitingu þeirrar meginreglu að karlar og konur hljóti jöfn laun fyrir jafna vinnu.“ Eðlilegt er að breyta orðalagi 4. gr. jafnréttislaga í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem er fyrirmynd lagasetningar um jöfn laun karla og kvenna í þeim ríkjum sem hafa fullgilt hana. Í kynningarriti um starfsmat og launamál, sem Jafnréttisráð gaf út í desember 1993, segir Birna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur á skrifstofu jafnréttismála: „Á þessu ári eru liðin 35 ár frá því að íslensk stjórnvöld fullgiltu jafnlaunasamþykkt ILO. Á þessum tímamótum vaknar sú spurning hvort ekki sé tímabært að íslensk stjórnvöld taki afstöðu til þess með hvaða hætti þau ætli að standa við þær skuldbindingar sem tekist var á hendur með fullgildingu samþykktarinnar. Það er til lítils að gangast undir alþjóðlegar skuldbindingar ef ekki fylgir hugur máli.“

Í bæklingi, sem Norræna jafnlaunaverkefnið gaf út árið 1992 með leiðbeiningum um meðferð kærumála út af launamisrétti kynja, er meðal annars fjallað um hvernig störf eru borin saman. Þar er meðal annars lögð áhersla á að ekki sé aðeins hægt að kæra út af launum fyrir sömu störf heldur sé einnig hægt að kæra þó að störfin séu ólík eða önnur að verulegu leyti. Líkur eru á að störf séu jafnverðmæt ef þau hafa fengið svipað mat eða svipaða stigagjöf í starfsmati, sjá fylgiskjal.

Í öðru lagi er lagt til að sönnunarbyrðin sé atvinnurekandans ekki aðeins fyrir kærunefnd jafnréttismála heldur einnig fyrir dómstólum þegar um meint brot á jafnréttislögum er að ræða, þ.e. að hin svokallaða öfuga sönnunarbyrði gildi að þessu leyti einnig fyrir dómstólum. Í núgildandi lögum er í 6. gr. slíkt ákvæði aðeins að því er varðar kærunefnd jafnréttismála. Erfitt getur reynst að sýna fram á að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi í raun verið brotin því að atvinnurekendur geta borið aðrar ástæður fyrir sig þegar á reynir. Með reglum um öfuga sönnunarbyrði verða atvinnurekendur að sýna fram á að kynjunum hafi ekki verið mismunað með einstökum ráðstöfunum. Slík ákvæði eru í löggjöf í Danmörku og Svíþjóð. Norska Stórþingið hefur nú til meðferðar tillögur um breytingar á jafnréttislögum þar sem m.a. er gert ráð fyrir slíkri tilhögun. Ákvæði sem þessi eru í samræmi við EB-rétt og þróun og meðferð jafnréttismála hjá dómstól Evrópubandalagsins. Forsenda þess að slík mál séu tekin til meðferðar með þessum hætti er að kærandi leggi fram gögn sem sýni fram á að líkur séu á að um launamisrétti sé að ræða. Ein af röksemdunum fyrir breyttri sönnunarbyrði er að atvinnurekandi hafi betri aðgang að gögnum málsins. Í mörgum fyrirtækjum ríkir svokölluð launaleynd sem gerir það að verkum að launþegi hefur takmarkaðan aðgang að upplýsingum um laun í því fyrirtæki sem hann vinnur hjá. Það er því eðlilegt að sönnunarbyrðin sé atvinnurekandans.

Þann 27. október 1993 kvað dómstóll EB í Lúxemborg upp úrskurð í máli sem talmeinafræðingur, sem er kona, höfðaði gegn breskum heilbrigðisyfirvöldum. Hún taldi að talmeinafræðingar, sem að meiri hluta eru konur, fengju lægri laun en greidd væru í starfsgreinum þar sem karlar væru í meiri hluta. Samanburður var gerður við sálfræðinga og lyfjafræðinga.

Í úrskurði EB-dómstólsins segir að fram komi í gögnum sem liggja fyrir að umtalsverður munur sé á launum milli jafnverðmætra starfa sem annars vegar eru unnin aðallega af konum og hins vegar af körlum. Þess vegna gerði dómstóllinn þá kröfu að atvinnurekandinn sýndi fram á að mismunurinn væri ekki vegna kynferðis. Jafnframt segir að það sé ekki nægjanleg réttlæting á mismunandi launum kvennastarfa og karlastarfa að samið hafi verið um þau laun í kjarasamningi.

Með þessu frumvarpi eru aðeins lagðar til breytingar á tveimur greinum jafnréttislaga. Lögin þyrfti að endurskoða í heild, setja inn ný ákvæði og skerpa þau sem fyrir eru, til að auka líkurnar á að komið verði á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum.

Í fylgiskjali með frumvarpinu voru birtir kaflar úr bæklingi um leiðbeiningar um meðferð kærumála vegna launamisréttis kynja. Leiðbeiningar voru teknar saman á vegum Norræna jafnlaunaverkefnisins 1992.

Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

592. Nefndarálit [302. mál]

um frv. til l. um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands utan Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Annar minni hluti sjávarútvegsnefndar telur að ein helsta ástæðan fyrir verkfalli fiskimanna sé sú staðreynd að stjórnvöld hafa haft lítið samráð við hagsmunaaðila um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Allt frá síðasta vori hefur legið ljóst fyrir að það stefndi í átök milli samtaka sjómanna og útgerðarinnar, einkum vegna þeirra áhrifa sem viðskipti með aflaheimildir hafa á kjör sjómanna. Samt var ekkert aðhafst af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrr en allt var komið í hnút og verkfall skollið á.

Deilur um svokallað „kvótabrask“ hafa einkennt umræðuna, en ekki hefur tekist að finna ásættanlega leið til lausnar. Yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og loforð einstakra ráðherra um tillögur eða frumvörp sem tryggi réttarstöðu sjómanna eru nú sannanlega einskis virði, sbr. bréf frá sjávarútvegsráðherra sem óskar eftir afgreiðslu málsins án þess að nokkur niðurstaða liggi fyrir.

Annar minni hluti telur að þessi staða sem upp er komin sé alfarið á ábyrgð ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar. Stjórnarandstaðan hefur ekki átt aðild að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og lítið sem ekkert samráð haft við hana frekar en hagsmunaaðila.

Annar minni hluti sjávarútvegsnefndar er andvígur setningu bráðabirgðalaga samkvæmt frumvarpi þessu og munu einstakir nefndarmenn gera nánari grein fyrir afstöðu sinni við umræðu um málið.

Alþingi, 15. febr. 1994.

Steingrímur J. Sigfússon, varaform., frsm. | Halldór Ásgrímsson. | Stefán Guðmundsson.

Jóhann Ársælsson.

593. Fyrirspurn [393. mál]

til viðskiptaráðherra um afurðalánaviðskipti ríkisbankanna.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

1. Hvaða skilyrði þurfa ný sjávarútvegsfyrirtæki að uppfylla til að komast í afurðalánaviðskipti við ríkisbankana, Landsbankann og Búnaðarbankann?
2. Þurfa slík fyrirtæki að leggja fram aðrar tryggingar en afurðir og þá hversu verðmiklar?
3. Uppfylla öll sjávarútvegsfyrirtæki sem eru í viðskiptum við ríkisbankana áðurgreind skilyrði og tryggingar?

4. Er það stefna ríkisbankanna að taka ekki ný sjávarútvegsfyrirtæki í afurðalánaviðskipti?
5. Hvernig stuðla ríkisbankarnir að nýsköpun í atvinnulífi um allt land og þá sérstaklega í sjávarútvegi?

594. Fyrirspurn [394. mál]

til heilbrigðisráðherra um varnir gegn útbreiðslu alnæmis.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hvað eru heilbrigðisyfirvöld að gera í fræðslumálum til varnar útbreiðslu alnæmis?

595. Svar [348. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Stefánssonar um styrk vegna ferða til tannréttinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu miklar voru greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins í ferðakostnað vegna tannréttinga árin 1992 og 1993:*
   a. *tannréttinga sem gerðar voru vegna alvarlegra tilfella,*
   b. *tannréttinga sem metnar voru vegna útlitslýta eingöngu?*
   Ef þessi sundurliðun er ekki til óskast heildartala uppgefin.
2. *Eru áform um að taka upp á ný greiðslu ferðakostnaðar vegna þeirra tannréttinga sem ekki teljast vera vegna alvarlegra tilfella og ef svo er, hvernig verður þeim greiðslum hagað og hvenær má vænta þess að nýjar reglur í þessu efni taki gildi?*

Ráðherra leitaði upplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna þessarar fyrirspurnar.

1. Þær upplýsingar, sem hér eru lagðar fram, koma frá sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins.

Á árinu 1992 greiddi Tryggingastofnun ríkisins 61.545.638 kr. vegna ferðakostnaðar innan lands og á árinu 1993 66.323.024 kr. Mögulegt er að enn eigi eftir að berast reikningar vegna ferða á árinu 1993.

Fyrrgreindar tölur eru vegna allra ferða, þ.e. bæði vegna tannréttinga og annarra veikinda. Í bókhaldi Tryggingastofnunar er ferðakostnaður ekki sundurgreindur. Í einu umboði Tryggingastofnunar (umboðinu á Ísafirði) var hins vegar sundurgreint hvernig ferðakostnaður skiptist. Ef gengið er út frá hvernig kostnaður skiptist í því umboði þrjá síðustu mánuði ársins 1993 eru hlutföllin eftirfarandi:

Tannréttingar vegna alvarlegra tilfella	1,11%
Tannréttingar sem ekki teljast vera vegna alvarlegra tilfella	5,55%
Önnur veikindi	93,34%

Ef miðað er við ofangreind hlutföll verður ferðakostnaður eftirfarandi:

Árið 1992:

Tannréttingar vegna alvarlegra tilfella	683.157
Tannréttingar sem ekki teljast vera vegna alvarlegra tilfella	3.415.783

Árið 1993:

Tannréttingar vegna alvarlegra tilfella	736.186
Tannréttingar sem ekki teljast vera vegna alvarlegra tilfella	3.680.928

2. Hvað varðar 2. lið fyrirspurnarinnar skal tekið fram að til þess að taka upp á ný greiðslu ferðakostnaðar vegna tannréttinga sem ekki teljast vera vegna alvarlegra tilfella þarf að breyta reglum nr. 74/1991 um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands. Samkvæmt j-lið 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 setur tryggingaráð reglurnar og ráðherra staðfestir þær.

Á fundi tryggingaráðs 10. desember 1993 var tryggingayfirlækni og deildarstjóra sjúkratryggingadeildar falið að gera tillögur að breytingum á reglugerðinni fyrir 1. mars 1994.

596. Fyrirspurn [395. mál]

til umhverfisráðherra um fráveitumál sveitarfélaga.

Frá Gísla S. Einarssyni.

Hvað líður úttekt á ástandi fráveitumála sveitarfélaga sem Alþingi ályktaði um 10. mars 1992? Hvað líður vinnslu málsins í ráðuneytinu? Hefur verið unnið í samráði við Samtök sveitarfélaga að framgangi þess? Hefur verið leitað eftir tilnefningu um fulltrúa annarra ráðuneyta í nefnd um málið?

597. Fyrirspurn [396. mál]

til menntamálaráðherra um viðhald og endurnýjun skólamannvirkja á Laugarvatni.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mikið fjármagn er til ráðstöfunar til byggingarframkvæmda, viðhalds og endurnýjunar á húsnæði menntaskólans og héraðsskólans á Laugarvatni á þessu ári? Hve stór hluti þess er geymd fjárveiting frá árinu 1993?

2. Hvaða einstaka verkþætti á að bjóða út? Hvenær hefjast framkvæmdir og hvaða verkþáttum á að ljúka fyrir upphaf næsta skólaárs? Hver er áætlaður kostnaður þessara verkþátta, skipt niður á viðfangsefni?
3. Hver er forgangsröð ráðuneytis á eftirfarandi verkefnum:
   a. byggingu álmu ofan á viðbyggingu skólahúss menntaskólans,
   b. viðgerðum á múrskemmdum á skólahúsi menntaskólans,
   c. viðgerðum á leka í mötuneytisálmu menntaskólans,
   d. viðgerðum á steypuskemmdum á húsi héraðsskólans og sambyggðum íþróttasal og sundlaug,
   e. frekari viðgerðum á héraðsskólahúsinu, svo sem þaki og gluggum,
   f. stækkun heimavistarhúsnæðis,
   g. endurnýjun heimavistar héraðsskólans í Mörk,
   h. stækkun kennsluhúsnæðis,
   i. vinnuaðstöðu kennara við menntaskólann og héraðsskólann,
   j. byggingu starfsmannaíbúða,
   k. húsnæði fyrir bókasafn skólanna,
   l. breytingu og endurnýjun á innviðum héraðsskólans?

Greinargerð.

Á árinu 1993 voru 25 millj. kr. á fjárlögum ætlaðar til framkvæmda við Menntaskólann á Laugarvatni. Að undanskilinni vinnu við viðhald og endurnýjun heimavistarhúsnæðis voru ekki neinar framkvæmdir við skólann sl. ár. Því má ætla að um áramótin 1993–1994 hafi verulegur hluti þessarar fjárveitingar verið ónýttur. Því til viðbótar er í fjárlögum 1994 gert ráð fyrir 50 millj. kr. til framkvæmda við skólamannvirki á Laugarvatni. Verkefnin liggja fyrir og Alþingi hefur tekið ákvörðun um fjárveitingar. Nauðsynlegt er að ráðuneytið vinni nákvæma verkáætlun í samráði við stjórnendur skólanna.

Skriflegt svar óskast.

598. Fyrirspurn [397. mál]

til heilbrigðisráðherra um frumvarp til laga um áfengis- og vímuefnavarnir.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hvers vegna hefur frumvarp til laga um áfengis- og vímuefnavarnir, sem kynnt var á ráðstefnu í nóvember 1991 undir yfirskriftinni „Verum vakandi“ og lagt var fram á 115. löggjafarþingi, ekki komið til umræðu á Alþingi?

599. Skýrsla [398. mál]

Íslandsdeildar RÖSE-þingsins (þings Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu) fyrir árið 1993.

Í yfirlýsingu þjóðarleiðtoga RÖSE-ríkjanna, sem undirrituð var 21. nóvember 1990 í París, var hvatt til þess að komið yrði á fót þingmannasamkundu ríkjanna. Fyrsti undirbúningsfundur til að hrinda þessu ákvæði Parísaryfirlýsingarinnar í framkvæmd var haldinn í apríl 1991 í Madrid. Á Madrid-fundinum var ákveðið að koma á fót RÖSE-þingi er kæmi saman einu sinni á ári (í júlí). Þar var samþykkt svokölluð Madrid-yfirlýsing sem er grundvallarskjal RÖSE-þingmannasamstarfsins. Að loknum tveimur undirbúningsfundum á árinu 1992 var fyrsti fundur RÖSE-þings haldinn í júlí 1992 í Búdapest. RÖSE-þingið er því ungt að árum og starf þess er eðlilega enn í mótun. Þó er þegar ljóst að samstarf þetta var orðið fyllilega tímabært og að þingið getur orðið mikilvægur hlekkur í RÖSE-keðjunni á öllum sviðum RÖSE-samstarfsins.

I. Markmið og skipulag RÖSE-þingsins.

Samkvæmt þeim þingsköpum sem stjórnarnefnd RÖSE-þingsins samþykkti á fundi sínum í Kaupmannahöfn 15. janúar 1993 er RÖSE-þinginu ætlað eftirfarandi hlutverk:

1. Að meta árangurinn af RÖSE-samstarfinu.
2. Að ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra RÖSE-ríkjanna.
3. Að þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr átökum.
4. Að stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í RÖSE-ríkjunum.
5. Að leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana RÖSE.

Samkvæmt þingsköpum RÖSE-þingsins er aðild að þinginu miðuð við þjóðþing þeirra ríkja sem undirritað hafa Helsinki-yfirlýsinguna frá 1977 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 og þátttöku þeirra í RÖSE-samstarfinu. Í dag eiga 52 þjóðþing RÖSE-ríkjanna aðild að RÖSE-þinginu. Samkvæmt samþykkt, sem gerð var í Kaupmannahöfn, er gert ráð fyrir 312 þingfulltrúum og þar af á Alþingi þrjá fulltrúa.

Þingsköp gera ráð fyrir að RÖSE-þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Auk þingfunda er gert ráð fyrir að á þinginu starfi þrjár fastanefndir er fjalli um mál er þingið vísar til þeirra. Þær eru nefnd um stjórn- og öryggismál (fyrsta nefnd), nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál (önnur nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (þriðja nefnd). Heimilt er forseta þingsins að boða til aukaþings ef stjórnarnefnd þingsins ákveður svo. Líklegt er þó að þeirri heimild verði aðeins beitt í undantekningartilvikum.

Forsætisnefnd þingsins (Bureau) er skipuð forseta þess, níu varaforsetum og gjaldkera. Stjórnarnefnd þingsins (Standing Committee) er skipuð forseta RÖSE-þingsins, varaforsetum, gjaldkera, formönnum nefnda þingsins og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, og er nefndinni ætlað að undirbúa störf þingsins.

Þingsköp RÖSE-þingsins gera ráð fyrir að þingið og forsætisnefndin taki ákvarðanir sínar með meiri hluta atkvæða en að ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skuli teknar samkvæmt afbrigði af svokallaðri „samstöðureglu" (consensus rule), en henni er fylgt á fundum fulltrúa ríkisstjórna RÖSE-ríkjanna. Stjórnarnefnd þingsins fylgir svokallaðri „consensus minus one" reglu sem felur í sér að til að ákvörðun nái fram að ganga má ekki nema fulltrúi eins aðildarríkis vera henni andvígur.

Fulltrúi ráðherraráðs RÖSE ávarpar þingið á árlegum fundi þess og gefur þinginu skýrslu um málefni RÖSE og þau verkefni sem verið er að vinna að á þeim vettvangi. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til þess ráðherra er mætir sem fulltrúi ráðherraráðsins.

Líkt og almennt hefur gilt í RÖSE-samstarfi eru opinber tungumál þingsins sex: enska, franska, þýska, ítalska, rússneska og spænska.

II. Stofnun Íslandsdeildar RÖSE-þingsins.

Líkt og þing annarra ríkja, sem aðild eiga að RÖSE, hefur Alþingi tekið þátt í þingmannastarfi RÖSE-ríkjanna frá upphafi. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins tók í umboði forsætisnefndar (áður forseta Alþingis) þátt í þingmannastarfi RÖSE þar til Íslandsdeild RÖSE-þingsins var stofnuð. Í febrúar 1993 samþykkti forsætisnefnd Alþingis að stofna Íslandsdeild RÖSE-þingsins, í apríl 1993 samþykkti forsætisnefnd starfsreglur fyrir deildina. Tilnefnd af þingflokkum til setu í Íslandsdeildinni voru Tómas Ingi Olrich, Finnur Ingólfsson, Guðjón Guðmundsson, Sigbjörn Gunnarsson, Ólafur Ragnar Grímsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson (áheyrnarfulltrúi). Á fyrsta fundi Íslandsdeildarinnar 2. júní 1993 var Tómas Ingi Olrich kjörinn formaður og Finnur Ingólfsson varaformaður. Ritari deildarinnar er Belinda Theriault alþjóðaritari. Íslandsdeildin hélt fimm fundi á árinu.

III. Starfsemi á árinu 1993.

a. Fundur stjórnarnefndar

Stjórnarnefnd (Standing Committee) RÖSE-þingsins kom saman í Kaupmannahöfn 15. janúar 1993 áður en Íslandsdeildin var stofnuð. Þann fund sóttu af hálfu Alþingis Björn Bjarnason, formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og Þorsteinn Magnússon, deildarstjóri nefndadeildar Alþingis.

Meginviðfangsefni fundar stjórnarnefndar RÖSE-þingsins í Kaupmannahöfn 15. janúar 1993 var að ganga frá tillögum til annars fundar RÖSE-þingsins um þingsköp fyrir þingið, afgreiða fjárhagsáætlun fyrir samtökin sem og að staðfesta ráðningu forstjóra og tveggja aðstoðarforstjóra fyrir skrifstofu þingsins sem aðsetur hefur í Kaupmannahöfn. Umræðan um þingsköp RÖSE-þingsins tók mestan hluta af fundi stjórnarnefndarinnar. Hvað varðar ráðningar æðstu embættismanna samþykkti stjórnarnefndin ráðningu Spencers Oliver, fyrrum starfsmanns utanríkismálanefndar Bandaríkjaþings, sem framkvæmdastjóra RÖSE-þingsins. Aðstoðarframkvæmdastjórar voru ráðnir Pentti Väänänen, yfirmaður alþjóðadeildar finnska þingsins, og Vitaly Evseyev, deildarstjóri hjá rússneska þinginu. Frakkar og Belgar lýstu verulegri óánægju með að enginn af æðstu stjórnendum skrifstofunnar skyldi koma frá EB-ríki.

Þá var einnig samþykkt ályktun um ástand mála í ríkjum fyrrum Júgóslavíu og m.a. hvatt til þess að aðildarþing RÖSE sendi sendinefnd á vettvang til að kynna sér ástand mála í þessum ríkjum.

b. Annar fundur RÖSE-þingsins.

Dagana 6.–9. júlí sl. var haldinn annar árlegur fundur RÖSE-þingsins í Helsinki. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Tómas Ingi Olrich, Guðjón Guðmundsson og Ólafur Ragnar Grímsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Þingið er ungt að árum og bar skipulagningin þess merki. Fundastarf var þó markvisst, margar áhugaverðar tillögur komu fram og þingmenn RÖSE-ríkjanna fengu tækifæri til að skiptast á upplýsingum og skoðunum.

Starfið skiptist í þingfundi og nefndarstarf. Á opnunarfundi þingsins sagði forseti RÖSE-þingsins, Ilkka Suominen frá Finnlandi, frá því að starf þingsins yrði sífellt viðameira þar sem auk þess sem þingið væri með sína sjálfstæðu starfsemi tækju fulltrúar þingsins í auknum mæli þátt í starfsemi á vegum RÖSE. Sú ánægjulega þróun hefði átt sér stað að stofnanir RÖSE sýndu mikinn áhuga á samstarfi við þingið. Hann lagði mikla áherslu á að nýta þingið og meðlimi þess í framtíðinni til kosningaeftirlits í RÖSE-ríkjum auk þess sem hann taldi mikilvægt að þingið sendi sendinefndir út af örkinni til að safna upplýsingum um ástand ýmissa svæða og gefa þinginu skýrslur um þau mál.

Vladimir Petrovsky, framkvæmdastjóri skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf, flutti skilaboð til þingsins frá Boutros Boutros-Ghali, aðalritara Sameinuðu þjóðanna þar sem hann lýsti stuðningi sínum við svæðisbundin samtök eins og RÖSE. Hann sagði að styrkja þyrfti slík samtök til þess að þau gætu tekist á við svæðisbundinn vanda og þyrfti þá að huga að öllu í senn pólitískum vilja og fjárhagslegri og hernaðarlegri getu. Hann fagnaði umsókn RÖSE um áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum.

Margaretha af Ugglas, utanríkisráðherra Svíþjóðar og formaður ráðherraráðs RÖSE, ræddi um hve mikilvægt framlag RÖSE-þingið gæti lagt til eflingar lýðræði og mannréttindum. Hún ræddi um aðgerðir RÖSE til að efla starf sitt og stofnanir og um þann árangur sem starf RÖSE væri að skila víða í Evrópu. Að loknum inngangi sínum svaraði ráðherrann spurningum þingfulltrúa og var þá m.a. rætt um það hvort RÖSE gæti verið stolt af framgangi sínum í málefnum Júgóslavíu fyrrverandi. Voru deildar meiningar um það.

Ritt Bjerregaard, þingmaður frá Danmörku og einn af varaforsetum RÖSE-þingsins, kynnti skýrslu sendinefndar þingsins sem fór til Makedóníu, Belgrad og Kosovo í júní 1993. Tilgangur ferðarinnar var að afla upplýsinga, styðja erindrekstur RÖSE og Sameinuðu þjóðanna á svæðinu, koma í veg fyrir að önnur ríki blönduðust í vopnuð átök og hjálpa til við að draga úr spennu milli þjóðerna.

Þrjár nefndir starfa á vegum RÖSE-þingsins. Íslandsdeildin tók fullan þátt í nefndarstarfi og skiptist þannig í nefndir:

1. Nefnd um stjórn- og öryggismál:	Tómas Ingi Olrich.
2. Nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál:	Guðjón Guðmundsson.
3. Nefnd um lýðræði og mannréttindamál:	Ólafur Ragnar Grímsson.

Ýmsir gestir voru fengnir á nefndarfundi til að flytja erindi og svara fyrirspurnum. Skýrslur voru lagðar fram í öllum nefndum og voru þær ræddar. Samþykktar voru ályktanir í hverri nefnd. Þær ályktanir voru þó bornar upp grein fyrir grein á hinum sameig-

inlega þingfundi þannig að þingið í heild hafði lokaorðið varðandi ályktanir.

Kosið var um embætti nefndanna, en hver nefnd hefur formann, varaformann og framsögumann.

Sameiginlegur þingfundur var haldinn á síðasta degi fundarins. Þar voru endurkjörnir forseti RÖSE-þingsins fyrir næsta ár, Ilkka Suominen frá Finnlandi, og gjaldkeri Sir Peter Emery frá Bretlandi. Varaforsetar þingsins eru níu og eru kosnir til þriggja ára, þrír á hverju ári. Þar sem þetta var fyrsta kosningin samkvæmt þessum starfsreglum þurfti í ár að kjósa þrjá til þriggja ára, þrjá til tveggja ára og þrjá til eins árs. Frambjóðendur voru tólf, en eftirfarandi náðu kosningu:

Ritt Bjerregaard	Danmörk	til þriggja ára
John Bosley	Kanada	—
Jaques Genton	Frakkland	—
Joszef Bratinka	Ungverjaland	til tveggja ára
Uluc Gürkan	Tyrkland	—
Nikolai Ryabov	Rússland	—
Jan Carnogursky	Slóvakía	til eins árs
Nilde Iotte	Ítalía	—
Muhit Izbanov	Kazakhstan	—

Helsinki-yfirlýsing RÖSE-þingsins er samansett úr ályktunum þingnefndanna þriggja. Á hinum sameiginlega þingfundi voru ályktanir nefndanna ræddar og samþykktar með nokkrum breytingum, en mikill ágreiningur ríkti um nokkrar greinar ályktananna. Í Helsinki-yfirlýsingunni er m.a. rætt um að gagngerra breytinga sé þörf á starfsháttum RÖSE. Er m.a. lagt til að í ráðherraráði RÖSE verði hætt að krefjast samþykkis allra ríkja (consensus eða consensus minus one) við ákvarðanatöku og að þess í stað verði meiri hluti atkvæða látinn ráða. Þá er ráðherraráðið beðið um að íhuga uppsetningu öryggisráðs innan RÖSE.

Sérstakur kafli er í ályktuninni um Júgóslavíu fyrrverandi. Mikill ágreiningur var um grein, sem samþykkt var í nefnd, þar sem farið var fram á að vopnasölubanni á Bosníu yrði aflétt þannig að múslimar í Bosníu gætu varið sig. Var þessi grein felld út úr ályktun þingfundarins með 90 atkvæðum gegn 62 eftir miklar deilur.

Lokaályktunin í heild var samþykkt gegn atkvæðum Króata sem voru ósáttir við að Króatíu var kennt að nokkru leyti um hvernig komið væri í Bosníu og gegn atkvæðum Grikkja sem voru ósáttir við að í ályktuninni var lagt til að hið fyrrverandi júgóslavneska lýðveldi Makedónía fengi fulla aðild að RÖSE.

Sérstök ályktun var samþykkt um sendinefndir RÖSE í Kosovo, Vojvodina og Sanjek. Í ályktuninni er áhyggjum lýst vegna ákvörðunar stjórnar Júgóslavíu að framlengja ekki umboð þessara sendinefnda og stjórnin hvött til að endurskoða afstöðu sína.

c. Kosningaeftirlit í Rússlandi.

RÖSE-þingið ákvað frá upphafi að taka virkan þátt í kosningaeftirliti og leggja áherslu á það starf sem mikilvægan lið í eflingu lýðræði og virðingar fyrir mannréttindum. Jafnframt hefur RÖSE hvatt þingið til þess að sinna þessu starfi af fullum krafti. Fyrsta stóra tækifærið á þessu sviði gafst þegar boðað var til þingkosninga í Rússlandi.

Þegar ljóst var að skrifstofa RÖSE-þingsins skipulegði meiri háttar eftirlitsverkefni vegna rússnesku þingkosninganna í desember fór Íslandsdeildin þess á leit við forsætis-

nefnd Alþingis að hún veitti fjármagn til þess að deildin gæti sent einn fulltrúa til að taka þátt í þessu eftirliti. Þessi beiðni fékk jákvæða afgreiðslu hjá forsætisnefnd og tilnefndi Íslandsdeildin Ólaf Ragnar Grímsson sem fulltrúa sinn og Önnu Ólafsdóttur Björnsson til vara.

Alls tóku 35 þingmenn þátt í kosningaeftirliti RÖSE-þingsins auk starfsmanna. Skrifstofa RÖSE-þingsins leysti það erfiða verkefni að undirbúa eftirlitsstarfið og dagskrá eftirlitsmanna mjög vel af hendi. Ætlast var til þess að eftirlitsmenn kæmu til Rússlands nokkrum dögum fyrir kosningarnar og fór Ólafur Ragnar Grímsson til Moskvu 8. desember og dvaldist þar til 14. desember. Til undirbúnings fengu eftirlitsmenn upplýsingar um framkvæmd kosninganna og þá stjórnmálaflokka er voru í framboði og jafnframt hittu þeir helstu frambjóðendur flokkanna í Moskvu. RÖSE-þingið ákvað að sinna kosningaeftirliti á fjórum stöðum í landinu utan Moskvu. Þar sem athygli umheimsins beindist helst að Moskvu voru minnstar líkur á svindli þar og því þótti frekar þörf á því að sinna eftirliti á öðrum stöðum. RÖSE-þingið valdi fjögur héruð auk Moskvu: Tula, Nizhny Novgorod, Tver og Ryazan. Ólafur Ragnar Grímsson fór ásamt nokkrum öðrum eftirlitsmönnum til Tula og dvaldist þar í tvo daga fyrir kosningarnar, fylgdist með kosningaundirbúningnum og ræddi við frambjóðendur og starfsmenn kosninganna um framkvæmd þeirra. Á kjördaginn sjálfan fylgdist hann með kjörstöðum. Daginn eftir kosningarnar, þegar allir eftirlitsmenn RÖSE-þingsins voru komnir aftur til Moskvu, báru menn saman bækur sínar og að lokum var haldinn blaðamannafundur þar sem niðurstöður voru kynntar.

Eftirlitsmenn RÖSE-þingsins komust að þeirri niðurstöðu að kosningarnar hefðu farið nokkuð vel fram og teldust frjálsar og lýðræðislegar. Þó að vissulega hefði mátt finna að ýmsu bæði varðandi framkvæmd kosninganna í héruðunum og kosningahegðun fólks, sérstaklega samanborið við Vesturlönd, þá var það ekki talið skipta sköpum og var í mörgum tilfellum rakið til menningarlegra aðstæðna. Ljóst þótti að stjórnvöld í Moskvu hefðu ekki haft uppi neina tilburði til kosningasvindls.

Sem frumraun RÖSE-þingsins á þessu sviði þótti kosningaeftirlitið í Rússlandi takast mjög vel. Þingið ætlar að nýta sér þessa reynslu til að þróa þetta starf frekar og mun leggja mikla áherslu á kosningaeftirlit í framtíðinni sem tæki til að vinna að auknu lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Hvað Alþingi varðar getur þetta verið mjög áhugaverður vettvangur til þátttöku. Ísland er virt sem land með sterkar lýðræðislegar hefðir og saga Alþingis er nokkuð þekkt meðal evrópskra stjórnmálamanna. Í þessu starfi getur vægi Íslands verið nokkuð mikið þar sem um frekar lítinn hóp eftirlitsmanna er að ræða hverju sinni og kostnaður við þátttöku er tiltölulega lítill.

Alþingi, 11. febr. 1994.

Tómas Ingi Olrich, form. | Finnur Ingólfsson, varaform. | Guðjón Guðmundsson.

Sigbjörn Gunnarsson. | Ólafur Ragnar Grímsson.

Fylgiskjal I.

SKIPAN RÖSE-ÞINGSINS

	Fjöldi þingsæta hvers aðildarríkis	Fjöldi þingsæta eftir þinghópum
A. Bandaríkin	17	17
B. Rússland	15	15
C. Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland	13	52
D. Kanada og Spánn	10	20
E. Úkraína, Belgía, Holland, Pólland, Svíþjóð og Tyrkland	8	48
F. Rúmenía	7	7
G. Austurríki, Danmörk, Finnland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Noregur, Portúgal, Tékkneska lýðveldið, Sviss, Hvíta-Rússland, Úzbekistan, Kazakhstan	6	78
H. Búlgaría og Lúxemborg	5	10
I. Júgóslavía og Slóvakía	4	8
J. Kípur, Ísland, Malta, Eistland, Lettland, Litáen, Albanía, Slóvenía, Króatía, Moldóva, Tadzhikistan, Túrkmenistan, Georgía, Kyrgízía, Armenía, Azerbaijan, Bosnía-Herzegóvína	3	51
K. Liechtenstein, Mónakó, San Marínó	2	6
		Samtals 312

Fylgiskjal II.

Starfsreglur fyrir Íslandsdeild RÖSE-þingsins.

1. gr.

Íslandsdeild RÖSE-þingsins (The Icelandic delegation to the CSCE Parliamentary Assembly) er skipuð fimm alþingismönnum. Íslandsdeildin sendir þrjá fulltrúa á RÖSE-þingið hvert ár, sbr. ákvæði Madrid-yfirlýsingarinnar frá apríl 1991 og viðauka við starfsreglur þingsins frá janúar 1993 um fjölda fulltrúa frá einstökum aðildarþingum.

2. gr.

Þingflokkar skulu tilnefna í Íslandsdeildina eftir hverjar alþingiskosningar og gildir tilnefningin út kjörtímabilið nema þingflokkar ákveði annað.

3. gr.

Þingflokkur skal tilnefna í deildina eftir hlutfallsreglu jafnmarga þingmenn og hann á rétt til samkvæmt stærð flokksins nema samkomulag sé um aðra skiptingu fulltrúa. Þingflokki, sem ekki hefur styrkleika til að hljóta fulltrúa í Íslandsdeildina, skal heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum deildarinnar. Áheyrnarfulltrúi skal hafa rétt til þátttöku í starfi RÖSE-þingsins samkvæmt almennum reglum 7. gr.

4. gr.

Fulltrúi stærsta þingflokksins skal kalla Íslandsdeildina saman til fyrsta fundar og skal þá kjósa formann og varaformann deildarinnar fyrir kjörtímabilið.

Formaður situr í stjórnarnefnd (Standing Committee) RÖSE-þingsins, sbr. 32. gr. starfsreglna þess.

5. gr.

Íslandsdeildin hefur ritara sem er nefndinni til aðstoðar, sbr. 3. mgr. 35. gr. þingskapa Alþingis.

6. gr.

Íslandsdeildin skal árlega leggja fyrir forsætisnefnd Alþingis, innan þess frests sem nefndin ákveður, tillögur um fjárveitingar til starfsemi deildarinnar. Tillagan skal við það miðuð að fjárveiting nægi til að greiða árgjald til aðalskrifstofu þingsins, ferðakostnað fulltrúa og annan kostnað sem af starfsemi deildarinnar leiðir. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti og önnur útgjöld Alþingis.

7. gr.

Í upphafi hvers kjörtímabils skipuleggur Íslandsdeildin þátttöku deildarinnar í starfi RÖSE-þingsins fyrir kjörtímabilið í heild, sbr. 2. mgr.

Formaður deildarinnar skal að jafnaði sækja öll þau þing sem Íslandsdeildin tekur þátt í. Við val á öðrum þátttakendum á þingin skal fylgja hlutfallsreglu eftir stærð þingflokka ef ekki er samkomulag um annað.

8. gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

(Samþykktar á fundi forsætisnefndar 28. apríl 1993.)

600. Lög [101. mál]

um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

(Afgreidd frá Alþingi 16. febr.)

1. gr.

Nú er mál rekið fyrir héraðsdómstóli þar sem þarf að taka afstöðu til skýringar á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem í viðaukunum er getið og getur þá dómari í samræmi við 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls kveðið upp úrskurð um að leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á því atriði málsins áður en málinu er ráðið til lykta.

Hvort sem aðili máls krefst að álits verði leitað skv. 1. mgr. eða dómari telur þess þörf án kröfu skal dómari gefa aðilum kost á að tjá sig áður en úrskurður verður kveðinn upp.

Kæra má úrskurð héraðsdómara skv. 1. mgr. til Hæstaréttar eftir almennum reglum laga um meðferð einkamála eða meðferð opinberra mála eftir því sem á við. Kæra frestar frekari aðgerðum samkvæmt úrskurðinum.

2. gr.

Með sama hætti og segir í 1. og 2. mgr. 1. gr. getur Félagsdómur leitað álits EFTA-dómstólsins um atriði mála sem eru rekin þar. Úrskurður þess efnis verður ekki kærður til Hæstaréttar.

3. gr.

Hæstiréttur getur jafnan kveðið upp úrskurð, eins og lýst er í 1. og 2. mgr. 1. gr., í máli sem fyrir honum er rekið.

4. gr.

Hafi dómstóll ákveðið að leita álits EFTA-dómstólsins er rétt að veita málsaðila, sem hefur ekki krafist að álitsins verði aflað, gjafsókn vegna þess þáttar málsins. Um skilyrði fyrir gjafsókn í slíku tilviki gilda almennar reglur, enda hafi EFTA-dómstóllinn ekki veitt málsaðilanum gjafsókn eftir starfsreglum sínum.

Sé gjafsókn veitt skv. 1. mgr. á gjafsóknarhafi rétt á að fá útlagðan kostnað af rekstri málsins fyrir EFTA-dómstólnum endurgreiddan þótt því sé ekki lokið fyrir dómstólum hér á landi. Þetta gildir þó ekki um þóknun umboðsmanna hans fyrir flutning máls fyrir EFTA-dómstólnum, en fjárhæð hennar verður ákveðin í dómi í aðalmálinu eftir almennum reglum.

Ef gagnaðili verður dæmdur til að greiða gjafsóknarhafa málskostnað í aðalmálinu er dómara heimilt við ákvörðun málskostnaðar að horfa fram hjá kostnaði gjafsóknarhafans af öflun álits EFTA-dómstólsins, þannig að hann falli á ríkissjóð. Þetta skal þó að öðru jöfnu ekki gert er gagnaðilinn hefur sjálfur átt frumkvæði að því að álitsins yrði aflað.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

601. Fyrirspurn [399. mál]

til landbúnaðarráðherra um bætur vegna samninga um riðuveiki 1980–1985.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Getur landbúnaðarráðherra upplýst hvort þeir ábúendur á lögbýlum, sem förguðu sauðfé eða misstu stóran hluta bústofns á árunum 1980–1985 af völdum riðuveiki, hafi sætt öðrum og verri kjörum en síðar varð?
2. Um hversu mörg tilvik af slíku tagi er ráðuneytinu kunnugt?
3. Er þess að vænta að landbúnaðarráðuneytið styðji einstaka bændur sem kunna að hafa farið illa út úr samningagerð á þessum árum til að ná rétti sínum?

602. Frumvarp til laga [400. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. málsl. 7. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Fasteignamats ríkisins. Skal einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar. Skal stjórnin skipuð til fjögurra ára.

Stjórn Fasteignamats ríkisins mótar starf og innra skipulag stofunarinnar og hefur eftirlit með rekstri hennar. Stjórnin gerir tillögur að gjaldskrá stofnunarinnar sem síðan skal staðfest af ráðherra.

4. gr.

Við 9. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Fasteignamat ríkisins skal hafa eftirlit með því að sveitarfélög sinni upplýsingaskyldu sinni. Í því skyni skal stofnunin halda skrár er sýni hve margar fasteiginir eru metnar í einstökum sveitarfélögum á ári hverju.

Fasteignamat ríkisins skal árlega senda skýrslu um matsstörf í einstökum sveitarfélögum til fjármálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur frumvarpsins er að styrkja starfsemi Fasteignamats ríkisins og efla tengsl stofnunarinnar við sveitarfélög. Í því skyni verði stofnuninni sett þriggja manna stjórn sem fulltrúi sveitarfélaga eigi aðild að. Jafnframt verði fellt brott ákvæði um að stofnunin flokkist sem A-hluta stofnun. Sveitarfélög hafa verulega hagsmuni af starfi Fasteignamats ríkisins þar sem fasteignagjöld eru grundvölluð á fasteignamati, en þau eru mikilvægur tekjustofn sveitarfélaga. Í ljósi umræðu að undanförnu um matsstörf sveitarfélaga þykir einnig ástæða til að bæta við ákvæði um að Fasteignamat ríkisins skuli hafa eftirlit með því að sveitarfélög sinni þeirri lögbundnu skyldu að senda stofnuninni fullnægjandi upplýsingar um gerð og breytingar á fasteignum.

Frumvarp um skráningu og mat fasteigna var lagt fram á síðasta þingi en var ekki afgreitt. Frumvarpið er nú endurflutt með nokkrum breytingum. Í fyrra frumvarpi voru lagðar til breytingar á liðum sem tengjast gjaldtöku fyrir þjónustu en ekki nú. Þá var einnig lagt til að sett yrði inn ákvæði um að Fasteignamat ríkisins hefði heimild til að framkvæma annars konar mat en hið eiginlega fasteignamat, en það ákvæði er ekki í þessu frumvarpi þar sem ekki verður séð að slík vinna sé stofnuninni óheimil samkvæmt núgildandi lögum. Með gildistöku EES-samningsins verður öllum tryggingafélögum heimilt að sjá um brunatryggingar og því opnast sá möguleiki að Fasteignamat ríkisins taki að sér brunabótamat fasteigna gegn gjaldi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er felldur niður 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. þar sem kveðið er á um að Fasteignamat ríkisins sé A-hluta stofnun.

Um 2. gr.

Felldur er niður málsliður sem kveður á um að forstjóri ákveði innra skipulag Fasteignamats ríkisins. Samkvæmt frumvarpinu er þetta hlutverk falið stjórn Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að skipa eigi sérstaka stjórn yfir Fasteignamati ríkisins. Hún á m.a. að móta starfsemi stofnunarinnar, hafa eftirlit með rekstrinum og gera tillögur að gjaldskrá. Gert er ráð fyrir að stjórnin vinni í nánu samstarfi við forstjóra. Hún verði skipuð þremur mönnum til fjögurra ára, þar af einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í staðinn falli niður núverandi ákvæði 8. gr. um ráðgefandi nefnd, en það ákvæði hefur í reynd aldrei komist í framkvæmd.

Um 4. gr.

Fasteignamati ríkisins er hér falið að hafa eftirlit með því að sveitarfélög sendi stofnuninni fullnægjandi upplýsingar um gerð og breytingar á fasteignum eins og þeim ber lögum samkvæmt. Slíkt eftirlitshlutverk stofnunarinnar var ekki lögbundið áður. Tilgangur hins nýja ákvæðis er að tryggja betur en áður að fasteignamat, sem er grunnur að álagningu fasteignagjalda, byggist jafnan á nýjustu upplýsingum. Jafnframt verði fjármálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti upplýst um matsstörf í einstökum sveitarfélögum og hvort stofnunin telji þeim ábótavant.

Um 5. gr.

Greinin þarnast ekki skýringar.

603. Skýrsla [401. mál]

Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins fyrir árið 1993.

1. Almennt um Norður-Atlantshafsþingið.

Í þingmannasamtökum Norður-Atlantshafsþjóðanna, sem voru stofnuð árið 1955, eru 188 þingmenn frá öllum aðildarríkjum Norður-Atlantshafsbandalagsins (NATO). Norður-Atlantshafsþingið hefur enga formlega stöðu innan NATO, en samstarfið á milli þessara aðila er náið og virkt og hefur tekið á sig fastara form með tímanum. Samtökin eru vettvangur þar sem þingmenn frá Norður-Ameríku og Evrópu koma saman til að ræða mál er varða sameiginlega hagsmuni. Fulltrúatala aðildarríkja er í hlutfalli við mannfjölda og eru þingmenn tilnefndir af þjóðþingum sínum samkvæmt reglum viðkomandi þings.

Aðildarríki Norður-Atlantshafsþingsins eru: Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Grikkland, Holland, Ísland, Ítalía, Kanada, Lúxemborg, Noregur, Portúgal, Sambandslýðveldið Þýskaland, Spánn og Tyrkland.

Norður-Atlantshafsþingið hefur brugðist við þeim gífurlegu breytingum, sem orðið hafa á alþjóðavettvangi á undanförnum árum, m.a. með því að bjóða þingmönnum ríkja Sovétríkjanna fyrrverandi og ríkja Austur-Evrópu til samstarfs. Markmið þessa samstarfs er annars vegar að aðstoða við lýðræðisþróun og eflingu lýðræðis í Austur-Evrópu og hins vegar að efla skoðanaskipti og samstarf við þessi ríki. Þetta samstarf er orðið mjög mikilvægur hluti af starfi þingsins. Aukaaðild ríkja í Austur-Evrópu hefur aukið mjög umfang og skipulag þingsins og breikkað verulega starfssvið þess.

2. Hlutverk og starfssvið Norður-Atlantshafsþingsins.

Meginverkefni Norður-Atlantshafsþingsins er að upplýsa og efla samstöðu. Þingið gerir fulltrúum þjóðþinga Atlantshafsbandalagsríkja og nú einnig ríkja Mið- og AusturEvrópu kleift að koma á framfæri áhugaefnum ríkja sinna og skiptast á upplýsingum um þau mismunandi viðhorf sem uppi eru í hinum ýmsu löndum og svæðum varðandi mikilvæg sameiginleg hagsmunamál. Enn fremur er Norður-Atlantshafsþingið mikilvægur tengiliður milli bandalagsins og þjóðþinga aðildarríkja þess. Með umræðum sínum veitir Norður-Atlantshafsþingið góða innsýn í álit þingmanna á málefnum bandalagsins. Á þennan hátt má segja að þingið gegni mikilvægu hlutverki í stefnumótun þótt áhrif þess séu óbein. Ályktunum þingsins er vísað til Atlantshafsráðsins eða viðkomandi ríkisstjórna, þjóðþinga eða alþjóðastofnana eftir eðli þeirra.

Þingið kemur saman tvisvar á ári, á vorfundi og haustfundi, í hinum mismunandi aðildarríkjum. Fimm nefndir eru starfandi innan þingsins: stjórnmálanefnd, öryggis- og varnarmálanefnd, efnahagsmálanefnd, vísinda- og tækninefnd og félagsmálanefnd og fer málefnavinna þingsins fram innan nefndanna. Nefndirnar skipa undirnefndir til að skoða afmörkuð mál og funda þær reglulega. Undirnefndirnar skila skýrslum, samþykktum og ályktunum til þingsins og eru þau rædd og afgreidd á þingfundum.

Þó að Norður-Atlantshafsþingið hafi ekki formlega stöðu innan NATO hefur samstarfið þróast og tekið á sig fast form eins og fyrr segir. Framkvæmdastjóri NATO setur fram álit fyrir hönd Atlantshafsráðsins á tillögum þingsins, hann ávarpar þingið á haustfundum þess, í febrúar eru haldnir nefndarfundir í Brussel með fulltrúum frá NATO og fundur formanna landsdeilda með fulltrúum úr Atlantshafsráðinu.

3. Samstarf við ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Norður-Atlantshafsþingið hefur, eins og NATO, á undanförnum árum þurft að bregðast við gífurlegum breytingum á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á áframhaldandi þörf fyrir Atlantshafsbandalagið og samvinnu Bandaríkjanna og Evrópu á sviði varnar- og öryggismála er engin skýr og yfirvofandi ógnun úr austri lengur til staðar. Samstarf og upplýsingaskipti einkenna nú samskipti austurs og vesturs á sviði öryggismála. NATO brást við nýjum aðstæðum með því að setja á stofn Norður-Atlantshafssamstarfsráðið og nú síðast með því að bjóða ríkjum Sovétríkjanna fyrrverandi og Mið- og Austur-Evrópu að taka þátt í áætlun um samstarf í þágu friðar (Partnership for Peace). Í þingmannasamvinnu hefur Norður-Atlantshafsþingið tekið forustuna á sviði öryggismálasamvinnu við þessi ríki.

Norður-Atlantshafsþingið hóf samskipti við ríki Mið- og Austur-Evrópu árið 1987 er stjórnmálanefndin skipaði undirnefnd um Austur-Evrópu og Sovétríkin fyrrverandi. Á næstu árum heimsótti undirnefndin nokkur fyrrverandi austantjaldsríki og þingmenn og embættismenn þessara ríkja tóku þátt í nokkrum fundum Norður-Atlantshafsþingsins. Samskiptin urðu formlegri árið 1990 er þingið veitti nokkrum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu aukaaðild. Sú þróun hefur haldið áram og hafa nú alls þrettán ríki fengið aukaaðild að þinginu, nú síðast Albanía sem var veitt aukaaðild á vorfundi þingsins 1993. Þau ríki, sem hafa nú aukaaðild að þinginu, eru nú auk Albaníu Búlgaría, Eistland, Hvíta-Rússland, Lettland, Litáen, Pólland, Rúmenía, Rússneska ríkjasambandið, Slóvakía, Tékkland, Úkraína og Ungverjaland. Aukaaðildin veitir þessum ríkjum rétt til þátttöku í vor- og haustfundum þingsins og í nefndarfundum.

Norður-Atlantshafsþingið hefur haft frumkvæði að margvíslegri starfsemi sem snýr að ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Rose-Roth-námsstefnur eru mikilvægur liður í samstarfi þingsins við þessi ríki. Þær hófust árið 1991 og fást við afmörkuð vandamál ríkja Mið- og Austur-Evrópu þar sem Norður-Atlantshafsþingið og meðlimir þess hafa þekkingu og reynslu og geta lagt eitthvað af mörkum. Jafnframt tekur Norður-Atlantshafsþingið starfsfólk frá ríkjum Mið- og Austur-Evrópu til þjálfunar á skrifstofu þingsins.

Af ofangreindu er ljóst að Norður-Atlantshafsþingið leggur nú áherslu á evrópsk öryggismál í víðara samhengi auk hinnar hefðbundnu starfsemi sinnar varðandi samvinnu Bandaríkjanna og Vestur-Evrópu í varnar- og öryggismálum. Markmið samstarfsins við ríki Mið- og Austur-Evrópu er í raun þríþætt. Í fyrsta lagi er meðlimum þingsins ljóst að breytingar á sviði efnahags- og stjórnmála í Austur-Evrópu kalla á stuðning og aðstoð frá ríkjum Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum, ekki síst í mótun þingræðis. Löggjafi, sem hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu og veitir því aðhald, er einn af hornsteinum lýðræðisins. Löggjafarþing í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðisþróuninni þar. Samskipti þingmanna frá mismunandi löndum munu ekki leysa þau erfiðu vandamál á sviði efnahags- og félagsmála sem ríki Mið- og Austur- Evrópu horfast nú í augu við, en þau munu auðvelda þingmönnum að taka þátt í umbótaferlinum. Þetta er mikilvægt, ekki síst í dag þegar talsverð óvissa ríkir í stjórn- og efnahagsmálum í ríkjum Sovétríkjanna fyrrverandi og í sumum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu sem getur leitt til ólgu og átaka á þessum svæðum.

Í öðru lagi er mikilvægt í þessu samstarfi að taka heils hugar á móti nýjum lýðræðisríkjum, að þau finni að þau er hluti af samfélagi vestrænna lýðræðisríkja og eigi þar heima. Síðast en ekki síst ber að stuðla að auknu öryggi í Evrópu. Samskipti þingmanna stuðlar að auknum skilningi og trausti landa á milli. Þingið mun leitast við að gegna uppbyggilegu hlutverki við að koma á nýrri skipan öryggismála í Evrópu, en kjarni þess verður áfram samstarfið yfir Atlantshafið.

4. Fulltrúar Alþingis á Norður-Atlantshafsþinginu.

Fulltrúar Alþingis á fundum Norður-Atlantshafsþingsins hafa frá upphafi verið tilnefndir af þeim þingflokkum sem stóðu að samþykkt Alþingis um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, þ.e. Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Eru tilnefndir í Íslandsdeildina þrír aðalmenn og þrír menn til vara. Á 114. löggjafarþingi, í maí 1991, voru tilnefnd af viðkomandi þingflokkum til setu í Íslandsdeildinni fyrir yfirstandandi kjörtímabil Karl Steinar Guðnason, Alþýðuflokki, Sólveig Pétursdóttir, Sjálfstæðisflokki, og Jón Kristjánsson, Framsóknarflokki, og til vara Ingi Björn Albertsson og Tómas Ingi Olrich, Sjálfstæðisflokki, og Finnur Ingólfsson, Framsóknarflokki. Karl Steinar Guðnason var kjörinn formaður deildarinnar og Sólveig Pétursdóttir varaformaður.

Í haust hvarf Karl Steinar Guðnason af þingi og tók þá sæti hans í Íslandsdeildinni Petrína Baldursdóttir, Alþýðuflokki. Framsóknarflokkur skipti um varamann sl. sumar og tók Jóhannes Geir Sigurgeirsson sæti Finns Ingólfssonar í Íslandsdeildinni. Í vor skipti Sjálfstæðisflokkurinn um annan varamann sinn og tók þá Árni R. Árnason sæti Tómasar Inga Olrich. 15. nóvember sl. var Sólveig Pétursdóttir kjörinn formaður Íslandsdeildarinnar og Jón Kristjánsson varaformaður. Ritari deildarinnar er Belinda Theriault alþjóðaritari.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þingsins. Vegna smæðar hefur Ísland þó aðeins atkvæðisrétt í þremur nefndum auk stjórnarnefndar.

Íslandsdeildin skiptist þannig í nefndir (Karl Steinar Guðnason átti sæti í stjórnarnefnd þingsins fram á haust, en þá tók Sólveig Pétursdóttir sæti í nefndinni):

Stjórnmálanefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Félagsmálanefnd:	Petrína Baldursdóttir.
Efnahagsmálanefnd:	Jón Kristjánsson.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Ingi Björn Albertsson. Árni R. Árnason.
Vísinda- og tæknimálanefnd:	Enginn.

Karl Steinar Guðnason átti sæti í undirnefnd félagsmálanefndar um Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE). Jón Kristjánsson á sæti í undirnefnd efnahagsmálanefndar um samvinnu austurs og vesturs.

5. Starfsemi ársins 1993.

Norður-Atlantshafsþingið heldur tvo allsherjarfundi árlega, svokallaðan vorfund og ársfund að hausti. Auk þess er haldinn einn sérfundur stjórnarnefndar. Þá eru haldnar námsstefnur og fundir í nefndum og undirnefndum þingsins reglulega á milli þinga og febrúarfundir eru haldnir með framkvæmdastjóra NATO og Atlantshafsráðinu. Jafnframt er árlega farið í kynnisferð til eins aðildarríkis NATO til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Þá voru haldnar sjö Rose-Roth-námsstefnur á árinu. Íslandsdeildin tók aðeins þátt í sérfundi stjórnarnefndar og vor- og haustfundum þingsins á árinu 1992 auk þess sem einn nefndarfundur var sóttur í efnahagsmálanefnd.

a. Fundur stjórnarnefndar.

Stjórnarnefnd Norður-Atlantshafsþingsins hélt fund 26.–28. mars í Portúgal. Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Karl Steinar Guðnason og ritari deildarinnar. Var aðalumræðuefni fundarins staða ríkja utan NATO innan Norður-Atlantshafsþingsins.

b. Fundur efnahagsmálanefndar Norður-Atlantshafsþingsins.

Jón Kristjánsson sótti fund efnahagsmálanefndar þingsins sem haldinn var í París 8. febrúar í samvinnu við Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunina (OECD). Margir af helstu embættismönnum OECD hittu nefndina að máli og var m.a. rætt um efnahagsástandið í aðildarríkjum OECD og efnahagsþróunina í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

c. Vorfundur Norður-Atlantshafsþingsins.

Dagana 20.–24. maí var haldinn vorfundur Norður-Atlantshafsþingsins í Berlín. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Karl Steinar Guðnason, Tómas Ingi Olrich, Finnur Ingólfsson og Árni R. Árnason auk ritara. Staðfest var að fundur stjórnarnefndar 1997 verður haldinn á Íslandi í boði Alþingis. Á fundi stjórnarnefndar var samþykkt samhljóða að veita Albönum aukaaðild að þinginu.

Fundir voru haldnir í hinum fimm nefndum þingsins og tók Íslandsdeildin fullan þátt í nefndastarfi. Skýrslur voru lagðar fram í öllum nefndum og voru þær ræddar. Var þar í flestum tilfellum um að ræða undirbúningsstarf fyrir haustfund Norður-Atlantshafsþingsins.

Sameiginlegur þingfundur var haldinn á síðasta degi fundarins. John Shalikashvili hershöfðingi, yfirmaður herja Atlantshafsbandalagsins, flutti erindi um framtíð evrópskra öryggismála og hlutverk NATO.

Aðalumræðuefni sameiginlega þingfundarins var „NATO og hin nýja Evrópa: áskorunin á Balkanskaga". Undir þessum lið gafst þingfulltrúum tækifæri til að ræða stríðið í Júgóslavíu fyrrverandi. Voru þingfulltrúar ekki á einu máli um hvernig bregðast ætti við ástandinu þar. Í ræðu sinni sagði Karl Steinar Guðnason, þáverandi formaður Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, að Evrópa gæti ekki leyst deiluna á Balkanskaga án aðstoðar Bandaríkjamanna. Hann hvatti til þess að NATO yrði beitt með ákveðnari hætti en hingað til í deilunni.

d. Ársfundur Norður-Atlantshafsþingsins.

39. ársfundur Norður-Atlantshafsþingsins var haldinn dagana 7.–11. október í Kaupmannahöfn. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Petrína Baldursdóttir og Ingi Björn Albertsson, auk ritara.

Á fundi stjórnarnefndar var ákveðið að verða ekki við beiðni Moldóvu um aukaaðild að þinginu fyrr en lýðræðislegar kosningar hefðu farið fram í landinu. Nýr vinnuhópur var settur á laggirnar til að fást við spurninguna um stækkun NATO. Stjórnarnefndin samþykkti ályktun þar sem lýst var yfir stuðningi við aðgerðir Jeltsíns Rússlandsforseta í baráttu hans við andlýðræðisöfl í landinu. Fagnað var áformum um lýðræðislegar þingkosningar og samþykkt lýðræðislegrar stjórnarskrár en jafnframt bent á að mikið starf muni fram undan við að þróa og festa lýðræðið í sessi í Rússlandi. Stjórnarnefndin lýsti Norður-Atlantshafsþingið reiðubúið til að aðstoða Rússa eftir mætti og skoraði á aðildarþjóðir þingsins að veita nauðsynlega aðstoð. Þá var ákveðið að þingið sendi fulltrúa til að fylgjast með þingkosningum í Rússlandi.

Að öllum nefndarfundum loknum var haldinn sameiginlegur þingfundur. Þar fluttu erindi, auk formanns Norður-Atlantshafsþingsins Loic Bouvard, Poul Nyrup Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, og Gerard von Moltke, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO.

Aðalályktun fundarins hét „EuroAtlantic Solidarity in a Revolutionary Age" og var að miklu leyti byggð á lokaskýrslu sérskipaðrar nefndar um framtíð NATO og samskipti Evrópu og Norður-Ameríku. Áður en ályktunin var afgreidd gafst þingfulltrúum tækifæri til að tjá sig almennt um efni hennar. Sólveig Pétursdóttir talaði fyrir hönd Íslandsdeildarinnar og skýrði m.a. frá viðræðum Íslendinga og Bandaríkjamanna varðandi framtíð Keflavíkurstöðvarinnar. Hún lagði mikla áherslu á mikilvægi samvinnu Evrópu og Norður-Ameríku í varnarmálum. Hún sagði sérstöðu NATO felast í tengingunni yfir Atlantshafið og að ekki mætti rjúfa þá tengingu. Hún fagnaði þeirri þróun sem átt hefur sér stað í Mið- og Austur-Evrópu og fjallaði um nauðsyn þess að NATO héldi áfram að aðlaga sig þróuninni í Evrópu en varaði jafnframt við því að of geyst yrði farið í stækkun bandalagsins.

Við afgreiðslu ályktunarinnar var ágreiningur einna mestur um það hvort NATO ætti að þurfa samþykki Sameinuðu þjóðanna eða RÖSE til þess að grípa til aðgerða utan NATO-landa eða hvort bandalagið gæti einhliða ákveðið að grípa til aðgerða ef það þætti nauðsynlegt. Í endanlegri útgáfu ályktunarinnar er gert ráð fyrir að einungis verði gripið til aðgerða utan NATO-svæðis ef samþykki fyrir því hefur fengist hjá Sameinuðu þjóðunum eða RÖSE. Í ályktuninni eru ríkisstjórnir NATO hvattar til að víkka út skilgreininguna á meginhlutverki NATO og taka upp „crisis prevention and management" annars vegar og „risk reduction" í ríkjum Varsjárbandalagsins fyrrverandi hins vegar sem viðbót við hin hefðbundnu meginhlutverk bandalagsins. Meðal þess sem lagt er til í ályktuninni er að stofnað verði Efnahagsmálasamvinnuráð Evrópu og Norður-Ameríku sem hafi það hlutverk að draga úr spennu milli EB og Bandaríkjanna á sviði viðskipta, að gagngerar breytingar verði gerðar á starfsemi Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins (NACC) sem miði að áþreifanlegu samstarfi á sviði varnar- og öryggismála, að staða yfirmanns NACC verði búin til innan NATO, að skilyrði fyrir inngöngu nýrra ríkja í NATO verði sett fram með skýrum hætti og að ákveðið verði hvernig innganga muni ganga fyrir sig með skýrum tímatakmörkunum.

e. Annar hluti þrítugasta og níunda fundar Vestur-Evrópusambandsþingsins (VES-þingsins).

Fulltrúi Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins sótti fund VES-þingsins 29. nóvember til 2. desember sl. samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar. Árni R. Árnason sótti fundinn fyrir hönd Íslandsdeildarinnar. Var þetta í fyrsta sinn sem Alþingi hefur fulltrúa á slíkum fundi, en VES-þingið bauð Alþingi að senda fulltrúa í tilefni af væntanlegri aukaaðild Íslands að VES og þar með aukaaðild Alþingis að VES-þinginu. Var hlutverk hans einkum fólgið í að fylgjast með umræðum og störfum þingsins og gefa forsætisnefnd skýrslu um málið. Stækkun VES-þingsins var rædd á fundinum og staða þeirra ríkja sem hafa munu aukaaðild að því. Verður þessum ríkjum, þ.e. Íslandi, Noregi og Tyrklandi, boðið að taka þátt í störfum þingsins og verður stærð leyfilegrar sendinefndar miðuð við stærð sendinefndar viðkomandi lands til Evrópuráðsþingsins. Þátttaka miðast á flestum sviðum við full réttindi en þó munu aukaaðilar eðlilega ekki njóta fulls jafnréttis á við ríki með fulla aðild á nokkrum sviðum samstarfsins.

Alþingi, 10. febr. 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form.	Jón Kristjánsson, varaform.	Petrína Baldursdóttir.

Fylgiskjal I.

Útgefnar skýrslur Norður-Atlantshafsþingsins 1993.

Stjórnmálanefnd:

European and Transatlantic Security in a Revolutionary Age.
Öryggismál í Evrópu og yfir Atlantshafið á byltingartímum.

Engaging the New Democracies.
Þátttaka hinna nýrri lýðræðisríkja í varnar- og öryggismálasamstarfi.
From Stockholm to Budapest: CSCE and the Challenge of Change.
Frá Stokkhólmi til Búdapest: RÖSE í breyttu umhverfi.
A View from Poland on the New European Security Order.
Sjónarmið frá Póllandi varðandi nýja skipan öryggismála í Evrópu.

Varnar- og öryggismálanefnd:
The Bosnian Tragedy; Nuclear Weapons in the former Soviet Union.
Harmsagan í Bosníu; Kjarnavopn í Sovétríkjunum fyrrverandi.
Military Trends within the Atlantic Alliance.
Þróun hernaðarmála innan Atlantshafsbandalagsins.
Co-operation in Peacekeeping and Peace Enforcement.
Samstarf við friðargæslu og við að framfylgja friði.
A New European Security Architecture: Reflections on Bosnia, Russia and the Hungarian Case for Membership in NATO.
Ný skipan öryggismála í Evrópu: Hugleiðingar um Bosníu, Rússland og rök fyrir aðild Ungverjalands að NATO.
Euroatlantic Security: One Viewpoint from Bulgaria.
Öryggismál í Evrópu og Norður-Ameríku: Álit frá Búlgaríu.

Félagsmálanefnd:
Democratization in Eastern and Central Europe: an Interim Assessment.
Lýðræðisþróunin í Mið- og Austur-Evrópu: Bráðabirgðamat.
The CSCE Human Dimension: Principles, Mechanisms & Implementation.
Mannréttindamál innan RÖSE: Hverjar eru grundvallarreglurnar, hvaða tæki höfum við til að tryggja að mannréttindi séu virt og hvernig virka þau?
Fundamentalist Tendencies and the Future of Democracy in North Africa.
Tilhneigingin til bókstafstrúar og framtíð lýðræðis í Norður-Afríku.

Efnahagsmálanefnd:
The EC-US Trade Relationship: the Challenge of the Future.
Viðskiptasamsamskipti EB og Bandaríkjanna: Áskorun framtíðarinnar.
The Economic Reform Process in Russia.
Ferill efnahagsumbóta í Rússlandi.
Romania and Latvia: Economies at the Crossroads.
Rúmenía og Lettland: Efnahagur á krossgötum.

Vísinda- og tæknineфnd:
Nuclear Proliferation.
Útbreiðsla kjarnavopna.
Nuclear Weapons in the Former Soviet Union and Nuclear Power in Central and Eastern Europe.
Kjarnavopn í Sovétríkjunum fyrrverandi og kjarnorka í Mið- og Austur-Evrópu.

Fylgiskjal II.

Ályktanir Norður-Atlantshafsþingsins 1992.

Resolution on Supporting Democratic Developments in Eastern and Central Europe,
um stuðning við lýðræðisþróunina í Mið- og Austur-Evrópu.
Resolution on the NATO Summit and Enlargement,
um leiðtogafund NATO og stækkun bandalagsins.
Resolution on The Proliferation of Weapons of Mass Destruction,
um útbreiðslu gereyðingarvopna.
Resolution on Euroatlantic Solidarity in a Revolutionary Age,
um samstöðu Evrópu og Norður-Ameríku á byltingarkenndum tímum.

604. Fyrirspurn [402. mál]

til umhverfisráðherra um hagræn stjórntæki og umhverfisvernd.

Frá Árna M. Mathiesen.

Hvað líður beitingu hagrænna stjórntæka, svo sem umhverfisskatta, umhverfisgjalda og skilagjalda, við umhverfisvernd, sbr. stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum (429. mál, þskj. 729, á 116. löggjafarþingi)?

605. Fyrirspurn [403. mál]

til landbúnaðarráðherra um Héraðsskóga.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum um Héraðsskóga á yfirstandandi þingi?

606. Svar [345. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um útflutning á ferskum fiski.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hversu mikið var flutt út af ferskum fiskflökum á árunum 1990–1993? Svar óskast sundurliðað eftir magni og verðmæti á sambærilegu verðlagi.*
2. *Hvernig skiptist þessi útflutningur eftir fisktegundum og markaðslöndum, sundurliðað eftir magni og verðmæti á sambærilegu verðlagi?*
3. *Hve miklar voru heildartollgreiðslur af þessum útflutningi?*
4. *Hvaða áhrif hefur GATT-samkomulagið og EES-samningurinn á tollgreiðslur af þessum útflutningi?*

1. **Útflutningur á ferskum fiskflökum 1990-1993**

Ný, kæld eða ísvarin fiskflök

		Samb.verðl.1994	
	Tonn	Millj.kr.	Millj.kr. jan. 1994
janúar-desember 1990	8.911,9	1.871,4	2.177,5
janúar-desember 1991	6.666,9	1.567,6	1.707,9
janúar-desember 1992	5.690,1	1.385,2	1.454,8
Janúar-desember 1993	4.195,6	1.362,0	1.366,0

2. Í töflunum eru fisktegundirnar sundurliðaðar eftir markaðslöndum, magni og verðmæti. Þessi útflutningur er ekki framreiknaður eftir einstökum tegundum heldur eru niðurstöðutölur fyrir hvert ár reiknaðar á þann hátt. Það kemur fram í svari við fyrstu spurninguna.

Yfirlit yfir tollskrárnúmer má sjá á viðbót.

Útfluttar vörur eftir tollskrárnúmerum og löndum árið 1990.

	Magn	FOB Þús.kr.
0304.1011		**034.51**
Ýsuflök		
Alls	**1.415,5**	**462,548**
Bandaríkin . . .	1.261,4	410.722
Bretland	147,1	50.229
Svíþjóð	4,3	942
Önnur lönd (5)	2,7	655
0304.1012		**034.51**
Þorskflök		
Alls	**6.510,1**	**1.206.186**
Bandaríkin . . .	53,4	14.550
Belgía	12,9	3.065
Bretland	441,4	98.576
Danmörk	4.125,4	755.215
Frakkland	39,9	7.783
Holland	622,3	111.612
Lúxemborg . . .	42,1	7.299
Spánn	1.152,3	203.569
Sviss	2,3	554
Svíþjóð	3,9	1.101
V-Þýskaland . .	14,2	2.859
Grænland	0,0	3
0304.1013		**034.51**
Ufsaflök		
Alls	**128,5**	**19.676**
Bandaríkin . . .	7,1	1.330
Belgía	3,4	553
Danmörk	10,4	1.875
V-Þýskaland . .	96,6	14.654
Önnur lönd (6)	10,9	1.264
0304.1014		**034.51**
Síldarflök		
Alls	**0,0**	**2**
Grænland	0,0	2
0304.1016		**034.51**
Karfaflök		
Alls	**714,5**	**149.793**
Bandaríkin . . .	284,5	61.243
Belgía	52,3	11.401
Bretland	4,7	1.145
Danmörk	229,2	50.265
Frakkland	25,2	5.247
Holland	39,2	6.245
Lúxemborg . . .	25,6	2.931
Sviss	1,9	556
Svíþjóð	4,1	777
V-Þýskaland . .	47,8	9.984
0304.1017		**034.51**
Lönguflök		
Alls	**36,3**	**4.562**
Danmörk	32,1	3.970
Önnur lönd (3)	4,2	591
0304.1018		**034.51**
Keiluflök		
Alls	**5,2**	**698**
Danmörk	5,0	673
Önnur lönd (2)	0,2	25

	Magn	FOB þús.kr.
0304.1019		**034.51**
Annað þó ekki flatfiskur		
Alls	**57,9**	**14.458**
Danmörk	39,5	9.721
Frakkland	8,3	2.007
Svíþjóð	8,6	2.242
Önnur lönd . . .	1,6	489
0304.1021		**034.51**
Grálúðuflök		
Alls	**27,3**	**7.225**
Bandaríkin . . .	24,6	6.612
Önnur lönd (4)	2,7	613
0304.1022		**034.51**
Lúðuflök		
Alls	**8,8**	**4.233**
Bandaríkin . . .	7,6	3.672
Bretland	1,2	547
Önnur lönd (3)	0,0	13

	Magn	FOB þús.kr.
0304.1029		**034.51**
Annað		
Alls	**4,6**	**1.697**
Bandaríkin . . .	2,2	905
Danmörk	1,7	605
Önnur lönd . . .	0,8	187
0304.1031		**034.51**
Laxaflök		
Alls	**42,6**	**16.027**
Bandaríkin . . .	40,1	14.902
Önnur lönd . . .	2,5	1.124
0304.1032		**034.51**
Silungsflök		
Alls	**6,7**	**2.820**
Bandaríkin . . .	6,3	2.616
Svíþjóð	0,4	204
0304.1039		**034.51**
Annað		
Alls	**3,2**	**369**
Ýmis lönd (5) .	3,2	369

Útfluttar vörur eftir tollskrárnúmerum og löndum árið 1991

	Magn	FOB Þús.kr.
0304.1011		**034.51**
Fersk ýsuflök		
Alls	**1.849,7**	**642.237**
Bandaríkin ...	1.380,6	478.251
Bretland	452,6	158.969
Kanada	1,8	609
Svíþjóð	12,2	3.751
Önnur lönd (5)	2,6	658
0304.1012		**034.51**
Fersk þorskflök		
Alls	**3.691,9**	**706.536**
Bandaríkin ...	51,8	15.887
Belgía	64,8	16.817
Bretland	703,1	151.273
Danmörk	2.272,1	424.400
Færeyjar	4,9	899
Holland	84,7	17.223
Lúxemborg ...	96,5	17.020
Nígería	10,4	1.919
Spánn	356,4	50.179
Sviss	6,5	2.322
Svíþjóð	3,5	1.144
Þýskaland	36,1	7.111
Önnur lönd (4)	1,2	342
0304.1013		**034.51**
Fersk ufsaflök		
Alls	**260,5**	**30.815**
Bandaríkin ...	15,3	2.847
Belgía	5,1	815
Bretland	7,6	557
Danmörk	4,6	870
Færeyjar	193,8	20.075
Grikkland	6,8	1.085
Þýskaland	26,4	4.442
Önnur lönd (4)	0,9	122
0304.1014		**034.51**
Fersk síldarflök		
Alls	**1,3**	**49**
Bretland	1,3	49

	Magn	FOB Þús.kr.
304.1016		**034.51**
Fersk karfaflök		
Alls	**646,8**	**130.115**
Bandaríkin ...	150,7	33.140
Belgía	76,8	15.298
Danmörk	204,3	47.400
Frakkland	6,3	1.459
Holland	3,2	746
Lúxemborg ...	100,6	11.038
Sviss	1,9	535
Svíþjóð	16,9	4.629
Þýskaland	86,0	15.859
Önnur lönd (2)	0,0	11
0304.1017		**034.51**
Fersk lönguflök		
Alls	**31,9**	**4.288**
Bretland	8,0	1.005
Danmörk	20,1	2.687
Önnur lönd (4)	3,8	596
0304.1018		**034.51**
Fersk keiluflök		
Alls	**0,9**	**127**
Ýmis lönd (6)	0,9	127
0304.1019		**034.51**
Önnur fersk flök		
Alls	**66,4**	**19.734**
Danmörk	32,3	8.810
Frakkland	13,2	3.379
Holland	2,6	780
Svíþjóð	14,5	5.759
Önnur lönd (5)	3,8	1.007
0304.1021		**034.51**
Fersk grálúðuflök		
Alls	**44,7**	**13.021**
Bandaríkin ...	36,5	10.547
Holland	4,8	1.541
Svíþjóð	2,5	718
Önnur lönd (2)	0,8	215

	Magn	FOB þús.kr.
0304.1022		**034.51**
Fersk lúðuflök		
Alls	**2,2**	**1.034**
Bandaríkin . . .	1,5	765
Önnur lönd . . .	0,7	269
0304.1029		**034.51**
Önnur fersk flatfiskflök		
Alls	**69,4**	**19.342**
Bandaríkin . . .	1,4	611
Bretland	4,8	1.404
Holland	59,5	16.046
Svíþjóð	2,1	776
Önnur lönd (4)	1,6	504
0304.1031		**034.51**
Fersk laxaflök		
Alls	**44,8**	**18.608**
Bandaríkin . . .	44,1	18.272
Önnur lönd (3)	0,7	336
0304.1032		**034.51**
Fersk silungsflök		
Alls	**3,8**	**1.599**
Sviss	1,8	1.115
Önnur lönd (3)	1,9	484
0304.1039		**034.51**
Önnur fersk flök		
Alls	**1,1**	**292**
Ýmislönd (4) . .	1,1	292

Útfluttar vörur eftir tollskrárnúmerum og löndum árið 1992.

	Magn	FOB Þús.kr.
0304.1011		**034.51**
Fersk ýsuflök		
Alls	**1.663,5**	**590.371**
Bandaríkin . . .	1.009,2	362.444
Bretland	632,7	222.576
Danmörk	2,7	626
Svíþjóð	17,8	4.308
Önnur lönd . . .	1,2	417
0304.1012		**034.51**
Fersk þorskflök		
Alls	**2.868,6**	**583.021**
Bandaríkin . . .	32,2	9.856
Belgía	71,8	19.054
Bretland	422,2	99.488
Danmörk	2.145,7	410.421
Frakkland	24,0	6.003
Færeyjar	35,0	6.525
Holland	8,1	1.923
Lúxemborg . . .	9,1	1.885
Portúgal	66,1	14.854
Sviss	3,5	1.171
Svíþjóð	11,3	2.622
Þýskaland	39,4	9.197
Önnur lönd (2)	0,1	23
0304.1013		**034.51**
Fersk ufsaflök		
Alls	**207,1**	**25.715**
Bandaríkin . . .	21,9	3.293
Belgía	7,8	1.324
Bretland	41,6	5.708
Danmörk	25,8	2.913
Frakkland	5,5	679
Holland	98,9	10.352
Þýskaland	4,9	1.297
Önnur lönd (4)	0,6	146
0304.1014		**034.51**
Fersk síldarflök		
Alls	**63,6**	**3.441**
Frakkland	18,9	763
Japan	44,6	2.678

	Magn	FOB Þús.kr.
0304.1016		**034.51**
Fersk karfaflök		
Alls	**590,5**	**109.213**
Bandaríkin . . .	128,0	22.341
Belgía	107,0	23.681
Danmörk	74,2	17.146
Frakkland	25,1	6.158
Holland	31,0	6.969
Lúxemborg . . .	147,8	16.970
Svíþjóð	20,0	4.838
Þýskaland	55,9	10.632
Önnur lönd . . .	1,6	478
0304.1017		**034.51**
Fersk línuflök		
Alls	**31,8**	**5.627**
Danmörk	22,1	3.792
Frakkland	5,1	1.169
Önnur lönd . . .	4,5	667
0304.1018		**034.51**
Fersk keiluflök		
Alls	**2,5**	**272**
Ýmis lönd (5) .	2,5	272
0304.1019		**034.51**
Önnur fersk flök		
Alls	**147,2**	**41.978**
Bandaríkin . . .	8,4	3.577
Belgía	8,8	2.440
Bretland	12,5	640
Danmörk	17,5	5.338
Frakkland	42,2	11.041
Holland	20,8	6.288
Sviss	2,5	825
Svíþjóð	32,5	11.034
Þýskaland	1,9	779
Noregur	0,1	14

	Magn	FOB Þús.kr.
0304.1021		**034.51**
Fersk grálúðuflök		
Alls	**36,0**	**9.128**
Bandaríkin . . .	10,5	2.443
Frakkland	2,9	797
Japan	6,5	1.007
Noregur	2,1	611
Svíþjóð	11,5	3.640
Önnur lönd (3)	2,5	630
0304.1022		**034.51**
Fersk lúðuflök		
Alls	**5,2**	**1.673**
Bandaríkin . . .	2,1	787
Önnur lönd (3)	3,1	886
0304.1029		**034.51**
Önnur fersk flatfiskflök		
Alls	**72,6**	**13.714**
Bretland	23,3	3.425
Danmörk	18,3	2.795
Holland	22,0	4.966
Svíþjóð	7,6	2.000
Önnur lönd (5)	1,4	526
0304.1031		**034.51**
Fersk laxaflök		
Alls	**49,2**	**18.458**
Bandaríkin . . .	23,3	9.407
Bretland	19,4	6.762
Frakkland	2,3	712
Holland	4,0	1.512
Sviss	0,1	65
0304.1032		**034.51**
Fersk silungsflök		
Alls	**3,2**	**1.816**
Sviss	2,4	1.418
Önnur lönd (4)	0,8	399
0304.1039		**034.51**
Önnur fersk flök		
Alls	**1,7**	**1.097**
Belgía	1,1	963
Önnur lönd (4)	0,6	134

Útfluttar vörur eftir tollskrárnúmerum og löndum árið 1993.

	Magn	FOB Þús.kr.
0304.1011		**034.51**
Ýsuflök		
Alls	**1.996,8**	**800.355**
Bandaríkin ...	1.549,2	644.091
Belgía	0,5	165
Bretland	441,6	154.940
Danmörk	0,0	6
Finnland	0,1	9
Holland	0,6	155
Hong Kong ...	0,1	2
Noregur	0,3	66
Svíþjóð	4,2	890
Þýskaland	0,1	31
0304.1012		**034.51**
Þorskflök		
Alls	**742,3**	**220.631**
Bandaríkin ...	319,4	114.765
Belgía	31,7	8.096
Bretland	127,2	41.086
Danmörk	121,5	27.344
Finnland	0,2	43
Frakkland	3,8	1.067
Holland	16,6	3.816
Hong Kong ...	0,2	67
Lúxemborg ...	7698	13.655
Noregur	0,0	9
Portúgal	10,8	1.637
Spánn	18,1	4.969
Sviss	1,5	641
Svíþjóð	13,5	3.152
Tékkland	0,0	32
Þýskaland	0,8	252
0304.1013		**034.51**
Ufsaflök		
Alls	**70,9**	**10.767**
Bandaríkin ...	31,1	5.982
Belgía	9,4	1.359
Bretland	3,0	390
Danmörk	5,2	510
Finnland	0,1	21
Frakkland	0,6	117
Holland	0,7	57
Lúxemborg ...	7,2	813
Noregur	0,1	10
Svíþjóð	0,1	13
Þýskaland	13,3	1.493
0304.1016		**034.51**
Karfaflök		
Alls	**827,7**	**164.319**
Bandaríkin ...	177,1	42.022
Belgía	125,2	30.485
Bretland	0,3	73
Danmörk	15,0	3.818
Finnland	0,1	31
Frakkland	19,3	5.456
Holland	63,2	14.114
Hong Kong ...	0,1	47
Lúxemborg ...	44,6	5.600
Noregur	0,1	10
Spánn	0,3	73
Svíþjóð	16,1	4.098
Þýskaland	366,1	58.492
0304.1017		**034.51**
Lönguflök		
Alls	**24,8**	**4.275**
Bandaríkin ...	0,0	4
Bretland	6,7	734
Danmörk	14,5	2.616
Finnland	0,0	3
Frakkland	3,6	911
Hong Kong ...	0,0	2
Svíþjóð	0,0	5
0304.1018		**034.51**
Keiluflök		
Alls	**1,4**	**272**
Belgía	0,4	67
Danmörk	0,2	26
Frakkland	0,2	53
Svíþjóð	0,6	126

	Magn	FOB Þús.kr.
0304.1019		**034.51**
Annað þó ekki flatfiskflök		
Alls	**216,9**	**61.877**
Bandaríkin . . .	18,3	8.746
Belgía	33,3	9.351
Bretland	1,5	409
Danmörk	40,2	11.261
Finnland	0,2	62
Frakkland	32,0	9.362
Holland	33,0	7.618
Hong Kong . . .	0,1	18
Lúxemborg . . .	17,1	2.229
Noregur	0,8	132
Svíþjóð	40,2	12.625
Þýskaland	0,1	28
Spánn	0,1	36
0304.1021		**034.51**
Gráðlúðuflök		
Alls	**41,8**	**12.099**
Bandaríkin . . .	31,2	9.420
Belgía	0,9	255
Frakkland	0,8	222
Holland	1,1	178
Hong Kong . . .	0,1	2
Japan	1,2	200
Noregur	3,8	1.014
Svíþjóð	2,7	808
0304.1022		**034.51**
Lúðuflök		
Alls	**18,6**	**8.061**
Bandaríkin . . .	17,2	7.569
Belgía	0,5	176
Danmörk	0,1	2
Frakkland	0,1	11
Holland	0,1	14
Hong Kong . . .	0,1	38
Svíþjóð	0,2	83
Þýskaland	0,3	168
0304.1029		**034.51**
Annað		
Alls	**220**	**61.832**
Bandaríkin . . .	45,7	15.280
Belgía	24,6	8.326
Bretland	107,6	27.708
Danmörk	0,1	4
Finnland	0,7	206
Frakkland	0,3	107
Holland	13,2	1.553
Hong Kong . . .	0,1	65
Kanada	21,1	7.072
Svíþjóð	6,5	1.484
Þýskaland	0,1	27
0304.1031		**034.51**
Laxaflök		
Alls	**22,3**	**11.102**
Bandaríkin . . .	13,6	5.908
Belgía	0,3	199
Bretland	1,5	781
Frakkland	0,1	2
Holland	0,8	348
Hong Kong . . .	1,1	781
Sviss	098	695
Þýskaland	4,0	2.388
0304.1032		**034.51**
Silungsflök		
Alls	**10**	**5.627**
Bandaríkin . . .	4,0	1.720
Belgía	0,3	206
Frakkland	1,1	650
Holland	1,6	806
Sviss	1,4	1.183
Þýskaland	1,6	1.062
0304.1039		**034.51**
Annað		
Alls	**2**	**752**
Bandaríkin . . .	0,8	284
Belgía	0,1	49
Spánn	1,0	349
Svíþjóð	0,0	2
Þýskaland	0,1	68

3. Árið 1990 fóru 72.9%, 1991: 62.6%, 1992: 67.7% og 1993: 32.4% af útflutningi ferskra fiskflaka til Evrópubandalagsins. Samkvæmt bókun nr. 6. við fríverslunarsamning Íslands og EB námu tollar á helstu afurðirnar 18 prósentum fram til 1. janúar 1994. Þessi hái tollur á flökum á EB-markaðinum virðist hafa hrint þessum útflutningi á aðrar brautir. Taka verður fram að tollagjöld eru yfirleitt reiknuð af cif-verðmæti útflutnings en útflutningstölur frá Hagstofu Íslands eru gefnar upp samkvæmt fob-verðmæti. Flutningskostnað er erfitt að áætla þar sem hann er breytilegur frá einu landi til annars og hann fer einnig eftir því hvort flutt er flugleiðis eða sjóleiðis. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni má áætla flutningskostnaðinn sem 10% af fob. verðmæti. Því eru áætlaðar heildartollgreiðslur til ríkja Evrópubandalagsins fyrir árin 1990-1993 sem hér segir framreiknaðar til verðlags dagsins í dag:

	Skv. fob verðm		Skv. cif verðm.	
1990	285.9	Millj.kr.	314.5	Millj.kr.
1991	192.3	"	211.5	"
1992	177.3	"	195.1	"
1993	79.9	"	87.9	"

Á þessu tímabili sem hér um ræðir, þ.e. árin 1990-1993, kom Bandaríkjamarkaður næst Evrópubandalaginu í innflutningi ferskra fiskflaka. Fyrir árið 1990 fóru til Bandaríkjanna 26.7%, 1991: 34.6%, 1992: 29.5%. 1993: um 62.8%. Upplýsingar um sundurliðun á einstökum tollflokkum ferskra fiskflaka í Bandaríkjunum eru ekki fyrirliggjandi fyrir árin 1990, 1992 og 1993. Reynslan hefur sýnt að það tekur um tvo mánuði að afla þessara upplýsinga. Hins vegar er fyrirliggjandi meðaltalstollur á útfluttum fiskflökum, nýjum eða kældum, til Bandaríkjanna fyrir árið 1991 en hann reyndist vera 0.6%. Aðallega var hér um að ræða ýsuflök með 4,134 sent/kg sem samsvarar 0.6% verðtolli. Munur á tollgreiðslum reiknuðum samkvæmt fob eða cif er í þessu tilfelli það lítill að gengið er út frá fob. verðmæti þegar tollgreiðslur eru áætlaðar.

Sé stuðst við þann meðaltalstoll fyrir árin 1990, 1992 og 1993 eru heildartölur fyrir Bandaríkjamarkað sem hér segir:

1990	3.6	Milljónir kr.
1991	3.5	"
1992	2.6	"
1993	5.2	"

4. Það sem mun skipta mestu máli í útflutningi á ferskum fiskflökum til Evrópu í framtíðinni er EES samningurinn. Með EES-samningnum verða mikilvægar breytingar á innflutningstollum fyrir sjávarafurðir. Í heildina er áætlað að tollar að andvirði um tveggja miljarða króna sem lagður er á íslenskar sjávarafurðir muni lækka í 450 miljónir á þessu ári, þ.e. um 1.5 miljarða króna lækkun á ári. Fyrsta áfangalækkunin, 14%, átti að taka gildi 1. janúar 1993 og önnur 1. janúar 1994. Þótt gildistaka EES samningsins hafi dregist á það ekki að hafa áhrif á þá tímaáætlun sem kemur fram í meðfylgjandi töflu.

Hvað fersk fiskflök varðar má sjá af töflunni hér fyrir neðan þá fellur niður 18% tollur á fersk ýsu-, þorsk-, ufsa-, grálúðu- og lúðuflök. Á síðasta ári var útflutningsverðmæti þessara flakategunda til EB ríkja um 262.984,000 miljónir króna, samsvarandi upphæð á ári yrði tollfrjáls. Heildarinnflutningur flaka til EB ríkjanna nam á síðasta ári um 442.721,000 miljónum íslenskra króna. Aðrar tegundir lækka úr 18% í 4.5-5.4 % fram til ársins 1997. Annar flatfiskur lækkar úr 18% í 5.4%. Lax helst óbreyttur en silungur lækkar úr 12% í 3.6%. Annar ferskvatnsfiskur lækkar úr 9% í 2.7% og annar fiskur lækkar úr 18% í 5.4%.

Fiskflök og annað fiskkjöt, ferskt:

		Tollar %						
		Ytri	Ísland		EES-samningurinn			
Tollflokkur		EB	B.6	1993	1994	1995	1996	1997
Fiskflök og annað fiskkjöt, ferskt:								
0304-1011	-- Ýsa	18%	18%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
0304-1012	-- Þorskur	18%	18%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
0304-1013	-- Ufsi	18%	18%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
úr 0304-1014	-- Síld (15.feb. til 15.júní)	0%	0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
úr 0304-1014	-- Síld (16.júní til 14.feb.)	15%	15%	15,0%	15,0%	15,0%	15,0%	15,0%
0304-1015	-- Loðna	15%	15%	12,9%	10,8%	8,7%	6,6%	4,5%
0304-1016	-- Karfi	18%	18%	15,4%	12,9%	10,4%	7,9%	5,4%
0304-1017	-- Langa	18%	18%	15,4%	12,9%	10,4%	7,9%	5,4%
0304-1018	-- Keila	18%	18%	15,4%	12,9%	10,4%	7,9%	5,4$
0304-1019	-- Annar fiskur, kældur, þó ekki flatfiskur:	18%	18%	15,4%	12,9%	10,4%	7,9%	5,4%
0304-1021	-- Grálúða	18%	18%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
0304-1022	-- Lúða	18%	18%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
0304-1029	-- Annar flatfiskur	18%	18%	15,4%	12,9%	10,4%	7,9%	5,4%
0304-1031	-- Lax	2%	2%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%
0304-1032	-- Silungur	12%	12%	10,3%	8,6%	6,9%	5,2%	3,6%
úr 0304-1039	-- Annar ferskvatnsfiskur	9%	9%	7,7%	6,4%	5,2%	3,9%	2,7%
úr 0304-1039	-- Annar fiskur	18%	18%	15,4%	12,9%	10,4%	7,9%	5,4%

GATT samkomulagið mun ekki hafa áhrif á þær tollívilnanir sem náðust í gegn með EES samningnum að öðru leyti en því að bæta að einhverju leyti stöðu samkeppnisþjóða Íslendinga sem standa utan EES svæðisins. Í Úrúgvæ samningnum beindust kröfur Íslands um tollalækkanir og afnám annarra viðskiptahindrana að viðskiptaríkjum vestanhafs, Bandaríkjunum og Kanada og að mörkuðum í Suð-Austur Asíu, Japan og Suðrur-Kóreu. Þar var fyrst og fremst um að ræða kröfur um tollalækkanir fyrir fisk og fiskafurðiur o.fl. vörur tengdar sjávarútvegi. Öll helstu viðskiptaríki Íslands hafa lagt fram tilboð um tollalækkanir fyrir fisk og fiskafurðir. Fastanefnd Íslands í Genf er að vinna að úttekt á þessum tilboðum. Þátttökuríkin lögðu fram sín tilboð 15. desember 1993 en sum hver, þ.m.t. Bandaríkin, Japan og Kanada hafa haldið samningaviðræðum áfram sín í milli og hafa þess vegna ekki heimilað dreifingu tilboðanna. Því munu endanlegar niðurstöður ekki liggja fyrir fyrr en eftir 15. febrúar n.k. þar sem kallað hefur verið eftir endanlegum tilboðum sem skila þarf inn til GATT í síðasta lagi þann dag. Þó mega þátttökuríki ekki draga á neinn hátt til baka þær skuldbindingar sem tilboð þeirra frá 15.desember 1993 fólu í sér heldur einungis bæta tilboðin. Vegna þessa hefur fastanefndin í Genf ekki tök á því að ljúka við úttekt sína fyrr en eftir 15. febrúar n.k.

Því er ekki unnt að segja á þessu stigi hver heildaráhrif GATT samkomulagsins koma til með að verða varðandi þennan útflutning.

Viðbót.

TOLLSKRÁRNÚMER

0304	**Fiskflök og annað fiskkjöt, nýtt eða kælt:**
	- Nýtt eða kælt:
0304.1011	-- Ýsa
0304.1012	-- Þorskur
0304.1013	-- Ufsi
0304.1014	-- Síld
0304.1015	-- Loðna
0304.1016	-- Karfi
0304.1017	-- Langa
0304.1018	-- Keila
0304.1019	-- Annar fiskur, kældur, þó ekki flatfiskur
	-- Flatfiskur:
0304.1021	--- Gráðlúða
0304.1022	--- Lúða
0304.1029	--- Annar
0304.1031	-- Lax
0304.1032	-- Silungur
0304.1039	-- Annar

607. Svar [347. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um EES-pakka II.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Er lokið formlegum samningum EFTA og EB um þær nálægt 400 gerðir (EES-pakka II) sem Evrópubandalagið hefur afgreitt frá 1. ágúst 1991 að telja og varða EES-samningssviðið? Sé svo ekki, hver er staða samninga um það efni?*
2. *Í hvaða formi hyggst ríkisstjórnin leita eftir staðfestingu Alþingis á þessum gerðum?*
3. *Hvenær verða textar þessara gerða í heild lagðir fram á Alþingi á íslensku?*
4. *Hvenær telur ríkisstjórnin að afstaða Alþingis til þessara gerða þurfi að liggja fyrir?*

1. Samningum um viðbótarpakka EES-samningsins og efnisinnihald hans er lokið þótt ekki verði formlega gengið frá samþykkt hans í sameiginlegu EES-nefndinni fyrr en í mars.

2. Ríkisstjórnin hyggst leggja viðbótarpakkann fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

3. Textar flestra þeirra gerða sem hér um ræðir liggja nú þegar fyrir í íslenskri þýðingu og verða tilbúnir í heild þegar þingsályktunartillagan verður lögð fram í mars.

4. Vonast er til að afstaða Alþingis liggi fyrir áður en þingstörfum lýkur í vor.

608. Skýrsla [404. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins um V.–VII. hluta 44. þings þess.

1. Inngangur.

Árið 1993 var markvert í sögu samskipta Alþingis og þings Evrópuráðsins. Í fyrsta lagi gerðist það í fyrsta sinn að forseti Íslands ávarpaði þingið í Strassborg þegar frú Vigdís Finnbogadóttir kom þangað í september. Í öðru lagi bar svo við í ágúst að M.A. Martinez, forseti Evrópuráðsþingsins, kom hingað í opinbera heimsókn með skrifstofustjóra þingsins og aðstoðarmanni sínum. Í þriðja lagi hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um lögfestingu á mannréttindasáttmála Evrópu sem segja má að sé þungamiðjan í starfsemi Evrópuráðsins. Í fjórða lagi fékkst samþykkt tillaga á þinginu í september þar sem tekið er ríkt tillit til sjónarmiða Íslendinga og Norðmanna varðandi hvalveiðar.

Gildi þess að Íslendingar taki virkan þátt í störfum Evrópuráðsþingsins er ótvírætt. Þar gefst tækifæri til pólitísks samstarfs við þingmenn frá 31 Evrópuríki og þar er unnt að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri. Með hliðsjón af því að Ísland hefur ákveðið að standa utan þess pólitíska samstarfs sem fer fram á vettvangi Evrópusambandsins er nauðsynlegt að leggja meiri rækt en ella við þátttöku annars staðar þar sem fulltrúar Evrópuþjóðanna hittast. Til þess er þing Evrópuráðsins kjörinn vettvangur. Er nauðsynlegt að Alþingi velti því rækilega fyrir sér hvernig fjármunum til alþjóðasamstarfs er best varið þegar slík samskipti þingmanna fara ört vaxandi. Má í því sambandi geta þess að aukaað-

ild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu (VES) kallar á þátttöku í þingi þess en aðilar VES senda á það þing sömu þingmenn og sitja þing Evrópuráðsins.

Þegar litið er almennt á störf Evrópuráðsþingsins á árinu ber hæst undirbúningur undir fyrsta leiðtogafund Evrópuráðsins sem haldinn var í Vínarborg í október 1993. Hér skal getið tveggja mála sem þingið undirbjó fyrir þann fund.

Á þingi Evrópuráðsins voru samþykktar tillögur um nýjan viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu um réttindi þjóðernisminnihluta. Þar er vísað til hópa sem nefndir eru *national minorities* á ensku og var tillaga um viðaukann samþykkt á fundi þingsins í febrúar 1993. Hér standa ekki efni til að rekja einstök ákvæði þessarar tillögu en viðaukinn er í 20 greinum. Í greinargerð fyrir tillögunum segir að það sé ákaflega brýnt að veita þessum minnihlutahópum vernd og það sé ófrávíkjanleg skylda þjóðasamfélagsins að skilgreina þessi réttindi og sjá til þess með virkum hætti að þau séu virt.

Átökin í Júgóslavíu fyrrverandi eiga að verulegu leyti rætur að rekja til þess að þar er gerð tilraun til að uppræta þjóðernisminnihlutahópa. Í öllum nágrannaríkjum Ungverjalands búa ungverskir minnihlutahópar sem nú telja sig eiga undir högg að sækja. Í vesturhluta Evrópu standa menn einnig frammi fyrir óleystum vanda vegna slíkra hópa. Hér er því um mjög viðkvæmt og brýnt pólitískt vandamál að ræða. Þeir sem hafa trú á gildi laga og réttar hljóta að líta á það sem markvert skref til þess að skapa stöðugleika og frið í Evrópu ef unnt er að hrinda í framkvæmd alþjóðasamningi um lagaúrræði til að leysa úr vanda minnihlutahópa.

Vilji Evrópuráðsþingsins stóð til þess að leiðtogafundur Evrópuráðsins í Vínarborg tæki ákvörðun um nýjan viðauka við mannréttindasáttmálann um þjóðernisminnihluta. Það var ekki gert en hins vegar var ráðherranefndinni falið að gera sem fyrst drög að rammasamningi þar sem fram kæmu þær meginreglur sem aðildarríkin hétu að virða í því skyni að vernda þjóðernisminnihluta. Ríkjum utan Evrópuráðsins yrði boðið að gerast aðilar að samningnum. Einnig var ráðherranefndinni falið að hefja vinnu við drög að samningi á sviði menningarmála til viðbótar við mannréttindasáttmála Evrópu sem hefði að geyma ákvæði sem tryggja réttindi einstaklinga, einkum fólks sem tilheyrir þjóðernisminnihlutum.

Á haustfundi Evrópuráðsþingsins 1993 var samþykkt tillaga sem miðar að því að gripið verði til samningsbundinna aðgerða gegn kynþáttahatri, útlendingahatri, gyðingahatri og vægðarleysi í skoðunum. Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, var upphafsmaður tillögu um þetta efni og spratt hún af því að þessar kenndir setja æ meiri svip á samskipti manna í einstökum Evrópuríkjum. Sauð upp úr á árinu 1992 þegar farandverkamenn, flóttamenn, sígaunar og gyðingar áttu meira undir högg að sækja en áður. Má geta þess að 2.100 árásir af þessu tagi voru skráðar í Þýskalandi á árinu 1992 og þar týndu þá 17 manns lífi vegna þeirra.

Í samþykkt þingsins er gert ráð fyrir að skipuð verði sérfræðinganefnd til að fylgjast með því að aðildarríki standi við lagalegar skuldbindingar sínar og gefi um það skýrslu til ráðherranefndar ráðsins. Sérstakri evrópskri flóttamannastofnun verði komið á fót í náinni samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Loks verði tryggt að ákvæðin í 14. gr. mannréttindasáttmálans veiti vernd gegn hvers konar mismunun.

Á leiðtogafundinum í Vínarborg var samþykkt sérstök áætlun um aðgerðir gegn kynþáttahatri, útlendingahatri, gyðingahatri og vægðarleysi í skoðunum. Samkvæmt henni á að efna til evrópskrar herferðar meðal æskulýðs til að efla áhuga almennings á umburðarlyndu samfélagi. Þess er farið á leit við aðildarríkin að þau efli varnir gegn hvers konar misrétti sem byggist á kynþætti, þjóðarbroti, þjóðerni og trúarbrögðum. Í því skyni

verði löggjöf endurskoðuð og afnumin ákvæði sem kunna að stuðla að mismunun eða ala á fordómum. Tryggð verði virk framkvæmd löggjafar sem ætlað er að vinna gegn kynþáttahatri og mismunun. Jafnframt á að koma á fót nefnd sérfræðinga á vegum hins opinbera til að endurskoða löggjöf, stefnu og aðgerðir aðildarríkjanna á þessu sviði til að gera tillögur til aðildarríkjanna um almenna stefnumótun og til að kanna hvaða alþjóðasamþykktir eigi við um málefnið og leggja fram tillögur um breytingar á þeim þar sem við á.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hefur starfað í samræmi við starfsreglur sem hún setti sér 16. janúar 1992. Framkvæmd á starfsreglunum ræðst af því fé sem Íslandsdeildin fær til ráðstöfunar hverju sinni. Meginreglan er að fjórir þingmenn sæki hvert þing ráðsins, þ.e. þrír aðalmenn og varamaður, auk ritara. Þingmenn sitja í fleiri en einni nefnd og leitast við að sækja fundi í þeim eftir föngum.

Aukin umsvif Evrópuráðsþingsins og nefnda á vegum þess gera ríkari kröfur til Íslandsdeildarinnar. Að mati hennar er brýnt að brugðist sé við þessum kröfum á þann veg að enginn geti dregið í efa áhuga Alþingis á því að rækta sem best tengsl við Evrópuráðið.

Efni skýrslunnar.

Í þessari skýrslu er fjallað um síðari hluta 44. þings Evrópuráðsins. Frá og með 1. janúar 1994 er hvert þing haldið fjórum sinnum á ári miðað við almanaksárið.

Í skýrslunni er efni einstakra tillagna og ályktana V.–VII. hluta 44. Evrópuráðsþingsins ekki rakið, hins vegar er birt sem fylgiskjal I skrá um þessi mál. Er unnt að vísa til hennar ef áhugi er á því að kynna sér mál frekar og skýrslur sem samdar eru til rökstuðnings með samþykktum þingsins. Með skýrslunni eru birtar frásagnir Íslandsdeildarinnar af fjórum fundalotum ársins 1993, en þeim hefur áður verið dreift til þingmanna.

2. Almennt um Evrópuráðið.

Stofnskrá Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 er mótuð af þeirri von að Evrópuríkin geti með því að bindast fastari böndum staðið að því að varðveita lýðræði, mannréttindi og frið í heiminum. Í inngangi stofnskrárinnar segjast ríkin staðfesta á ný trú sína á þau verðmæti, andleg og siðferðileg, sem eru hin sameiginlega arfleið þessara þjóða og hin sönnu upptök einstaklingsfrelsis, stjórnmálalegs frjálsræðis og skipunar laga og réttar.

Í 3. gr. stofnskrárinnar segir um skilyrði til þess að verða aðili að Evrópuráðinu að sérhvert þátttökuríki verði að viðurkenna grundvallarreglurnar um skipun laga og um að öllum einstaklingum innan umdæmis þess skuli tryggð mannréttindi og grundvallarfrelsi. Ríkin verði og í orði og verki að taka þátt í samvinnu til að ná markmiði ráðsins eins og það er skilgreint í fyrsta kafla stofnskrárinnar.

7. febrúar 1950 var þingsályktunartillaga samþykkt á Alþingi um að Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu og kom hún til framkvæmda 1951.

Frá stofnun Evrópuráðsins hafa fjölmargir Evrópusáttmálar verið settir um ýmis svið þjóðlífsins og er mikilvægastur þeirra mannréttindasáttmáli Evrópu sem var undirritaður árið 1950 en Ísland fullgilti 19. júní 1953. Evrópuráðið hefur því reynst kjörinn vettvangur til þess að styðja þjóðir Mið- og Austur-Evrópu á leið þeirra til lýðræðis og breytts þjóðskipulags, laga og réttar.

Aðildarríki og gestaaðild.

Aðildarríkjum hefur fjölgað um sex frá því um áramótin 1992–1993 og eru þau nú 32 (innan sviga er getið aðilardarárs þeirra ríkja sem fengu aðild að ráðinu eftir stofnun þess 1949): Bretland, Frakkland, Belgía, Holland, Lúxemborg, Svíþjóð, Noregur, Danmörk, Ítalía, Írland, Grikkland og Tyrkland. Síðan hafa bæst við: Ísland og Þýskaland (1950), Austurríki (1956), Kípur (1961), Sviss (1963), Malta (1965), Portúgal (1976), Spánn (1977), Liechtenstein (1978), San Marino (1988), Finnland (1989), Ungverjaland (1990), Pólland (1991), Búlgaría (1992), Eistland, Litáen og Slóvenía (maí 1993), Tékkland og Slóvakía (júní 1993) og Rúmenía (september 1993). 11. maí 1989 var samþykkt á þinginu ályktun um að veita ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, að vissum skilyrðum uppfylltum, gestaaðild að ráðinu. Hefur slík aðild jafnan verið undanfari þess að ríkin fengju fulla aðild. Gestaaðild hafa nú Albanía, Hvíta-Rússland, Króatía, Lettland, Makedónía, Moldóva, Rússland og Úkraína. Þar af hafa öll ríkin fyrir utan Hvíta-Rússland þegar sótt um fulla aðild að Evrópuráðinu. Auk þess hafa Armenía og Azerbaidjan formlega sótt um gestaaðild.

Skipulag þinghaldsins.

Evrópuráðsþingið starfar sem ráðgjafarþing fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins en í henni sitja utanríkisráðherrar allra aðildarríkja eða fulltrúar þeirra. Sveinn Á. Björnsson, starfandi sendiherra í París, er nú fulltrúi utanríkisráðherra í ráðherranefndinni fyrir hönd Íslands. Almennt hafa aðildarríkin sérstaka sendiherra í Strassborg til að gegna starfi fastafulltrúa.

Þingið er umræðuvettvangur Evrópuráðsins og því er falið að fjalla um þau mál sem heyra undir starfssvið þess samkvæmt stofnskránni og leggur það niðurstöður sínar fyrir ráðherranefndina í formi tillagna. *Tillaga* (recommendation) er skilgreind sem tillaga þingsins til ráðherranefndarinnar en framkvæmd hennar er á höndum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Þingið getur og skilað ráðherranefndinni áliti á málefnum sem hafa verið borin undir það. *Álit* (opinion) þingsins geta einnig verið í formi ályktana. *Ályktun* (resolution) er skilgreind sem ákvörðun í mikilvægu málefni sem þingið hefur vald til að framkvæma eða álit sem það eitt ber ábyrgð á. Þingið getur gefið skrifstofu eða öðrum stofnunum þess *fyrirmæli* (order).

Mikilvægastar þessara ákvarðana eru tillögur til ráðherranefndarinnar um að samþykkja ákvarðanir þingsins svo að fela megi ríkisstjórnum aðildarríkjanna að hrinda þeim í framkvæmd.

Skipan sendinefndar hverrar þjóðar á þinginu endurspeglar þingstyrk stjórnmálaflokka í heimalandinu. Á þinginu starfa þingflokkar þar sem tekin er sameiginleg afstaða til þeirra mála sem eru á dagskrá þingsins hverju sinni. Þessir þingflokkar eru Socialist Group, þ.e. jafnaðarmenn (Alþýðuflokkurinn), European Democratic Group, þ.e. hægri flokkar (Sjálfstæðisflokkurinn), Liberal Democratic and Reformers Group, þ.e. frjálslyndir (Framsóknarflokkurinn), European People's Party, þ.e. kristilegir flokkar, og United European Left, þ.e. flokkar til vinstri við jafnaðarmenn. Fulltrúar Alþýðubandalags og Kvennalista hafa ekki tekið þátt í störfum þingflokka á Evrópuráðsþinginu.

3. 44. þing Evrópuráðsins.

a. Fulltrúar Íslands á Evrópuráðsþinginu.

Í samræmi við stofnskrá Evrópuráðsins eru þrír fulltrúar af hálfu Íslands á þingi þess og þrír til vara. Íslandsdeild Evrópuráðsins er skipuð til fjögurra ára og í henni eru nú: Björn Bjarnason, formaður, Sjálfstæðisflokki, Guðmundur Bjarnason, varaformaður, Framsóknarflokki, Sigbjörn Gunnarsson, Alþýðuflokki, Ragnar Arnalds, Alþýðubandalagi, Kristín Ástgeirsdóttir, Samtökum um kvennalista, og Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki.

b. Þingfundir V.–VII. hluta 44. þings.

V.–VII. hlutar 44. þings Evrópuráðsins voru haldnir 10.–14. maí, 29. júní – 2. júlí og 27. september – 2. október 1993. Frásögnum af þessum þingum hefur verið dreift til þingmanna og eru birtar með þessari skýrslu í fylgiskjali II.

c. Ný ríki og gestaaðild.

Á árinu 1993 fengu sex ný ríki aðild að ráðinu. Eistland, Litáen og Slóvenía gengu í Evrópuráðið í maí 1993, Tékkland og Slóvakía á sumarþinginu í júní 1993 og Rúmenía fékk aðild í september 1993.

d. Ræður þjóðarleiðtoga á 44. þinginu.

Hanna Suchocka, þáverandi forsætisráðherra Póllands, Poul Nyrup Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, Censu Tabone, forseti Möltu, Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, og Ljuben Berov, forsætisráðherra Búlgaríu, ávörpuðu V.–VII. hluta 44. þingsins.

e. Ályktanir og tillögur samþykktar á V.–VII. hluta 44. þings.

Á V.–VII. hluta 44. þings Evrópuráðsins voru samþykktar 18 tillögur og 21 ályktun fyrir utan álit og fyrirmæli. Í fylgiskjali I er birt yfirlit yfir samþykktirnar. Í þingtíðindum Evrópuráðsins er unnt að kynna sér alla texta og ræður á þinginu.

4. Nefndastörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Þátttaka Íslandsdeildarinnar í nefndum skiptist þannig:

1. Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Björn Bjarnason.
2. Fastanefnd:	Björn Bjarnason.
3. Stjórnmálanefnd:	Björn Bjarnason.
4. Laganefnd:	Ragnar Arnalds,
til vara:	Björn Bjarnason.
5. Efnahagsnefnd:	Guðmundur Bjarnason,
til vara:	Ragnar Arnalds.
6. Umhverfis-, skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd:	Guðmundur Bjarnason,
til vara:	Kristín Ástgeirsdóttir.
7. Þingskapanefnd:	Guðmundur Bjarnason.
8. Fjárlaganefnd:	Sigbjörn Gunnarsson.
9. Landbúnaðarnefnd:	Sigbjörn Gunnarsson.

10. Vísinda- og tæknínefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir,
til vara:	Sigbjörn Gunnarsson.
11. Mennta- og menningarmálanefnd:	Ragnar Arnalds,
til vara:	Guðmundur Bjarnason.
12. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir,
til vara:	Guðmundur Bjarnason.
13. Nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins:	Kristín Ástgeirsdóttir,
til vara:	Björn Bjarnason.
14. Flóttamannanefnd:	Kristín Ástgeirsdóttir.
15. Nefnd um almannatengsl þingsins:	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

b. Þátttaka í nefndarfundum utan þinga.

Utan reglulegra þinga tóku fulltrúar Íslandsdeildarinnar þátt í 12 nefndarfundum alls sem haldnir eru ýmist í Strassborg eða París eða einhverju aðildarríkja ráðsins.

5. Annað.

a. Nýr aðstoðarframkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Peter Leuprecht.

12. maí var kosið í embætti varaframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til fimm ára. Frambjóðendur voru tveir: Johan Christen Løken frá Noregi og Peter Leuprecht frá Austurríki sem hlaut kosningu í embættið.

b. Heimsókn breskra þingmanna til Íslands.

Dagana 12.–15. ágúst efndi Íslandsdeildin með aðstoð sjávarútvegsráðuneytisins og Samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi til kynnisferðar nokkurra breskra þingmanna til Íslands með það fyrir augum að kynna þeim sjávarútveg hér á landi og þá sérstaklega hvalveiðar. Var þetta liður í undirbúningi fyrir skýrslu og ályktun um sjávarspendýr sem lögð var fyrir Evrópuráðsþingið í september, sjá f-lið.

c. Heimsókn forseta Evrópuráðsþingsins, M.A. Martinez, til Íslands.

Dagana 21.–24. ágúst dvaldi forseti Evrópuráðsþingsins, Miguel Angel Martinez, ásamt eiginkonu sinni á Íslandi í boði forseta Alþingis. Skrifstofustjóri Evrópuráðsþingsins, Heiner Klebes, og aðstoðarmaður forsetans, Erik Leijon, voru með í förinni. Martinez ræddi við forseta Íslands, forseta Alþingis, forsætisráðherra, utanríkisráðherra, utanríkismálanefnd Alþingis og Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, m.a. um ástand og horfur í Evrópu, störf Evrópuráðsþingsins og mannréttindamál.

d. Forseti Íslands ávarpar Evrópuráðsþingið í fyrsta sinn.

Hinn 28. september 1993 ávarpaði frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, Evrópuráðsþingið og var það í fyrsta sinn sem íslenskur þjóðhöfðingi heimsækir þingið í Strassborg. Í ræðu sinni fjallaði forsetinn um sögu Íslands og stöðu þjóðarinnar á alþjóðavettvangi, og var gerður góður rómur að ræðu hennar. Í tengslum við heimsóknina var Þorvaldur Garðar Kristjánsson, fyrrverandi forseti sameinaðs Alþingis, sæmdur æðsta heiðursmerki Evrópuráðsins fyrir störf sín í ráðinu um 25 ára skeið. Heimsóknardegi forseta Íslands lauk með því að Íslandsdeildin og fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu buðu til móttöku í þinghúsinu.

e. Leiðtogafundurinn í Vínarborg 8.–9. október.

Forsætisráðherra gaf Alþingi sérstaka skýrslu um fundinn að frumkvæði Íslandsdeildarinnar samkvæmt þskj. 195, 61. máli.

f. Samþykkt ályktun um sjávarspendýr.

Á haustþinginu lagði undirnefnd landbúnaðarnefndar Evrópuráðsþingins, sem fjallar um sjávarútveg, fram skýrslu og ályktunartillögu um sjávarspendýr. Sigbjörn Gunnarsson er formaður undirnefndarinnar og hafði framsögu um skýrsluna. Að umræðunni lokinni var ályktun samþykkt og fékkst þar með mikilvæg viðurkenning á málstað Íslands og Noregs. Íslensk þýðing ályktunarinnar er birt með skýrslunni í fylgiskjali III.

g. Norrænt samstarf.

Fulltrúar Norðurlandanna hafa unnið að því að efla samstarf sitt á vettvangi Evrópuráðsins og á 44. þingi þess hafa sendinefndirnar efnt til samnorrænna funda til samráðs um sameiginleg hagsmunamál.

Alþingi, 18. febr. 1994.

Björn Bjarnason, form.	Guðmundur Bjarnason, varaform.	Sigbjörn Gunnarsson.
Ragnar Arnalds.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Fylgiskjal I.

Samþykktir V.–VII. hluta 44. þings Evrópuráðsins.

Tillögur:

Recommendation 1210: on safety-critical computing systems,
um öryggismál í tölvubúnaði

Recommendation 1211: on clandestine migration: traffickers and employers of clandestine migrants,
um ólöglega fólksflutninga: mangarar og atvinnuveitendur ólöglegra innflytjenda.

Recommendation 1212: on the adoption of a revised Statute of the Council of Europe,
um endurskoðun stofnskrár Evrópuráðsins.

Recommendation 1213: on developments in biotechnology and the consequences for agriculture,
um þróun í líftækni og afleiðingar hennar fyrir landbúnað.

Recommendation 1214: on the Vienna Summit (8–9 October 1993),
um leiðtogafundinn í Vín (8.–9. október 1993).

Recommendation 1215: on the ethics of journalism,
um siðfræði í blaðamennsku.

Recommendation 1216: on European cultural co-operation,
um evrópska samvinnu á sviði menningarmála.

Recommendation 1217: on economic assistance to Albania,
um efnahagslega aðstoð við Albaníu.

Recommendation 1218: on establishing an international court to try serious violations of international humanitarian law,
um stofnun alþjóðlegs dómstóls fyrir alvarleg brot á alþjóðlegum mannréttindalögum.
Recommendation 1219: on establishing a mechanism for the protection of human rights in European states not members of the Council of Europe,
um stofnun eftirlits til varnar mannréttindum í Evrópuríkjum utan Evrópuráðsins.
Recommendation 1220: on recent political events (related to the Vienna Summit, 8–9 October 1993),
um nýlega pólitíska atburði (í tengslum við leiðtogafundinn í Vín, 8.–9. október 1993).
Recommendation 1221: on the peace process in the Middle East,
um friðarhorfur í Mið-Austurlöndum.
Recommendation 1222: on the fight against racism, xenophobia and intolerance,
um baráttuna gegn kynþáttahatri, útlendingaandúð og vægðarleysi í skoðunum.
Recommendation 1223: on reservations made by member states to Council of Europe conventions,
um fyrirvara aðildarríkja Evrópuráðsins við samþykktum þess.
Recommendation 1224: on the protection and management of freshwater resources in Europe,
um verndun og nýtingu ferskvatns í Evrópu.
Recommendation 1225: on the management, treatment, recycling and marketing of waste,
um vinnslu, meðferð og endurvinnslu úrgangsefna.
Recommendation 1226: on the improvement of Council of Europe staff careers,
um bættan starfsferil starfsmanna Evrópuráðsins.
Recommendation 1227: on oil pollution of the seas,
um olíumengun sjávar.

Ályktanir:
Resolution 997: on European industrial competitiveness in a global context,
um samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar á alþjóðlegum markaði.
Resolution 998: on the Council of Europe's North-South Centre: role and achievements,
um Norður-Suður-miðstöð Evrópuráðsins: hlutverk hennar og árangur.
Resolution 999: on the situation in Bosnia-Herzegovina,
um ástandið í Bosníu-Herzegóvínu.
Resolution 1000: on Vietnamese migrants and asylum-seekers in Hong Kong (boat people),
um víetnamska flóttamenn í Hong Kong (bátafólkið).
Resolution 1001: on the future of wine-production,
um framtíð vínframleiðslu.
Resolution 1002: on the European Bank of Reconstruction and Development: achievements, activities and priorities,
um Evrópska þróunar- og endurreisnarbankann (EBRD): störf og forgangsverkefni.
Resolution 1003: on the ethics of journalism,
um siðfræði í blaðamennsku.
Resolution 1004: on the United Nations embargo against Serbia and Montenegro,
um verslunarbann Sameinuðu þjóðanna gegn Serbíu og Montenegro.

Resolution 1005: on economic assistance to Albania,
um efnahagsaðstoð til Albaníu.
Resolution 1006: on North-South interdependence and solidarity: Europe and the least developed countries,
um samvinnu milli Norðurs og Suðurs: Evrópa og minnst þróuðu löndin.
Resolution 1007: on North-South technology transfer,
um tæknilega samvinnu milli Norðurs og Suðurs.
Resolution 1008: on social policies for elderly persons and their self-reliance,
um félagsmál og sjálfstæði aldraðra.
Resolution 1009: on the amendment of Rule 55a of the Assembly's Rules of Procedure (special guest status),
um breytingu á a-lið 55. gr. þingskapa Evrópuráðsins (gestaaðild).
Resolution 1010: on the situation of the refugees and displaced persons in Serbia, Montenegro and the former Yugoslav Republic of Macedonia,
um aðstæður flóttamanna í Serbíu, Montenegro og fyrrum júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu.
Resolution 1011: on the situation of women and children in the former Yugoslavia,
um aðstæður kvenna og barna í fyrrum Júgóslavíu.
Resolution 1012: on marine mammals,
um sjávarspendýr.
Resolution 1013: on the peace process in the Middle East,
um friðarviðræður í Mið-Austurlöndum.
Resolution 1014: on the activities of the OECD in 1992,
um störf OECD árið 1992.
Resolution 1015: on joint meetings of Assembly committees or sub-committees (Rule 45 (2) of the Rules of Procedure),
um sameiginlega fundi nefnda eða undirnefnda þingsins (45. gr. (2) þingskapa Evrópuráðsins).
Resolution 1016: on the procedure of role-call votes (Rule 35 of the Rules of Procedure),
um framkvæmd nafnakalls (35. gr. þingskapa Evrópuráðsins).
Resolution 1017: on the representation in the Bureau of the Parliamentary Assembly of the delegation to which belongs the President of the Assembly (Rules 8 and 10 of the Rules of Procedure),
um fulltrúa úr landsdeild forseta þingsins í forsætisnefnd þingsins (8. g 10. gr. þingskapa ráðsins).

Fylgiskjal II.

FRÁSAGNIR AF V.–VII. HLUTA 44. ÞINGS EVRÓPURÁÐSINS

Frásögn af fundum nefnda þings Evrópuráðsþingsins á Möltu 24.–26. mars 1993.

Forsætisnefnd, fastanefnd og nokkrar aðrar nefndir þings Evrópuráðsins komu saman til funda á Möltu 24.–26. mars 1993. Sóttu Björn Bjarnason og Guðmundur Bjarnason fundina.

Ákveðið var að Litáen, Eistland og Slóvenía yrðu aðilar að Evrópuráðinu í maí nk. Frestað var ákvörðun varðandi Tékkland og Slóvakíu vegna óvissu um stjórnskipun Slóvaka.

Ákveðið var að leggja til við maíþingið að framhald verði á 44. þinginu og að því ljúki ekki fyrr en í október þannig að framvegis verði þingtími miðaður við almanaksárið.

Stefnt er að því að M.A. Martinez, forseti Evrópuráðsþingsins, komi með eiginkonu sinni og tveim fylgdarmönnum í opinbera heimsókn til Íslands 22.–25. ágúst 1993.

Stefnt er að því að forseti Íslands ávarpi Evrópuráðsþingið á fundum þess nk. haust.

Frásögn af V. hluta 44. þings Evrópuráðsins 10.–14. maí 1993 í Strassborg.

Dagana 10.–14. maí 1993 var V. hluti 44. þings Evrópuráðsins haldinn í Strassborg. Þingið sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Björn Bjarnason, Guðmundur Bjarnason, Ragnar Arnalds, Kristín Ástgeirsdóttir auk ritara.

Á þinginu bar hæst að þessu sinni samþykkt aðildar þriggja nýrra ríkja að Evrópuráðinu: Litáen, Slóveníu og Eistlands. Aðildarríki Evrópuráðsins eru nú orðin 29. Föstudaginn 14. maí undirrituðu utanríkisráðherrar nýju ríkjanna aðildarskjölin og mannréttindasáttmála Evrópu.

Þingið fjallaði um skýrslur nefnda um eftirfarandi málefni: aðildarumsóknir nýju aðildarríkjanna þriggja, jafnrétti kynjanna og fóstureyðingar, ólöglega innflytjendur og atvinnumál, endurskoðun stofnskrár Evrópuráðsins, Norður-Suður-miðstöð Evrópuráðsins, þróun í líftækni og afleiðingar hennar fyrir landbúnað, flóttamenn frá Víetnam og „bátafólkið“ og siðferðilegan rétt til undanþágu frá herþjónustu.

Undir liðnum málefni líðandi stundar var rætt um málefni Bosníu-Hezegóvínu og þingið ályktaði um málið. Fyrir hönd ráðherranefndar Evrópuráðsins flutti Tristan Garel-Jones, aðstoðarutanríkisráðherra Bretlands, þinginu skýrslu nefndarinnar.

Að þessu sinni ávörpuðu tveir gestir þingið, Hanna Suchocka, forsætisráðherra Póllands, sem flutti ávarp og svaraði einnig fyrirspurnum þingmanna og Sir Michael Marshall, forseti Alþjóðaþingmannasambandsins.

Veitt voru safnaverðlaun Evrópuráðsins til stríðsminjasafns í Slóveníu annars vegar og þjóðminjasafns í Istanbul hins vegar.

12. maí var kosið í embætti varaframkvæmdastjóra Evrópuráðsþingsins og var Peter Leuprecht frá Austurríki kjörinn í embættið til fimm ára.

Undir stjórn fulltrúa Íslands var haldinn fundur með norrænu sendinefndunum fyrsta dag þingsins. Helsta umræðuefni fundarins var væntanlegt kjör varaframkvæmdastjóra, undirbúningur skýrslu undirnefndar landbúnaðarnefndarinnar um hvalveiðar og hugsanleg þátttaka Eystrasaltsríkjanna í samráðsfundum Norðurlandanna innan Evrópuráðsþingsins.

Sumarþing Evrópuráðsins verður haldið í Strassborg 29. júní til 2. júlí 1993.

Frásögn af VI. hluta 44. þings Evrópuráðsins
29. júní – 2. júlí 1993 í Strassborg.

Dagana 29. júní – 2. júlí 1993 var VI. hluti 44. þings Evrópuráðsins haldinn í Strassborg. Þingið sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Björn Bjarnason, Guðmundur Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Lára Margrét Ragnarsdóttir auk ritara.

Þetta sumarþing í Strassborg stóð í fjóra daga, frá þriðjudegi til föstudags. Á mánudeginum efndi landbúnaðnefnd þingsins til opins fundar um málefni sjávarspendýra. Jóhann Sigurjónsson, hvalasérfræðingur Hafrannsóknastofnunar og vísindalegur ráðunautur nefndarinnar við undirbúning fundarins sem haldinn var í Reykjavík í maí 1992, ávarpaði fundinn. Auk hans hélt Ray Gambell, framkvæmdastjóri Alþjóðahvalveiðiráðsins, ræðu og Anne Collet frá sjávarspendýrarannsóknastöðinni La Rochelle í Frakklandi svaraði fyrirspurnum, en hún var einn af framsögumönnum á fundinum í Reykjavík. Líklegt er að þingið taki skýrsluna og ályktun um hvalamálið til meðferðar á fundi sínum í september nk.

Samþykkt var á þinginu að Tékkland og Slóvakía skyldu fá aðild að Evrópuráðinu og eru aðildarríkin þá orðin 31. Nokkrar umræður urðu um það hvort Slóvakía uppfyllti allar kröfur varðandi virðingu fyrir mannréttindum sem gera þyrfti til aðildarríkis. Til þess að tryggja að ný aðildarríki standi við skuldbindingar, sem þau takast á hendur, samþykkti þingið samhljóða að skipulega skuli fylgst með því hvernig nýju aðildarríkin ganga fram við úrlausn mála er snerta skuldbindingarnar. Áskilur þingið sér rétt til að taka afstöðu sína til aðildar viðkomandi ríkis til endurskoðunar með hliðsjón af niðurstöðum eftirlitsins. Fyrir utan Slóvakíu á þessi samþykkt þingsins til dæmis við Eistland.

Björn Bjarnason var með framsögu um starfsskýrslu forsætisnefndar og stjórnarnefndar þingsins. Að venju gaf ráðherranefndin skýrslu um störf sín frá síðasta þingi. Skýrslu um siðferðilegan rétt til undanþágu frá herþjónustu, sem þingið fékk til meðferðar á maíþinginu, var vísað aftur til nefndar. Þá var ályktað um eftirfarandi málefni: framtíð vínframleiðslu í Evrópu, siðfræði í blaðamennsku, evrópska samvinnu á sviði menningarmála, verslunarbann Sameinuðu þjóðanna gegn Serbíu og Montenegro, Evrópska þróunar- og endurreisnarbankann (EBRD), leiðtogafund Evrópuráðsins í Vínarborg í október nk., efnahagsaðstoð til Albaníu og efnahagslega og tæknilega samvinnu milli Norðurs og Suðurs.

Að þessu sinni ávörpuðu þingið Poul Nyrup Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, og Censu Tabone, forseti Möltu. Auk þeirra töluðu Mario Sarcinelli, varaforseti Evrópska þróunar- og endurreisnarbankans, í umræðum um skýrslu Evrópuráðsins um bankann og Jordi Solé Tura, menntamálaráðherra Spánar, um evrópska samvinnu á sviði menningarmála.

Næsta þing Evrópuráðsins verður haldið 27. september – 1. október nk.

Frásögn af VII. hluta 44. þings Evrópuráðsins 27. september – 2. október 1993 í Strassborg.

Dagana 27. september – 1. október 1993 var VII. hluti 44. þings Evrópuráðsins haldinn í Strassborg. Þingið sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Björn Bjarnason, Guðmundur Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson, Ragnar Arnalds og Lára Margrét Ragnarsdóttir auk ritara.

Samþykkt var aðild Rúmeníu að Evrópuráðinu og er hún 32. aðildarríki þess. Náið verður fylgst með framgangi mála í Rúmeníu þannig að tryggt sé að ríkið uppfylli til fulls þær kröfur um lýðræði, þingræði og mannréttindi sem ráðið setur. Albanía, Hvíta Rússland, Lettland, Moldóva, Króatía, Rússland og Úkraína hafa óskað eftir aðild að ráðinu en auk þeirra hafa Armenía, Azerbaidjan og Georgía sótt formlega um gestaaðild að því.

Kosnir voru þrír dómarar í mannréttindadómstól Evrópu og hlutu Karel Jungwiert fyrir Tékkland, Bohumil Repik fyrir Slóvakíu og Peter Jambrek fyrir Slóveníu kosningu til 20. janúar 2001.

Frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, ávarpaði Evrópuráðið 28. september. Í ræðu sinni fjallaði forsetinn um sögu Íslands og stöðu þjóðarinnar á alþjóðavettvangi auk þess sem hún skýrði meðal annars afstöðu Íslendinga til hvalveiða, en tillaga um sjávarspendýr kom til umræðu og afgreiðslu þingsins síðar þennan sama dag. Var gerður góður rómur að ræðu forseta Íslands, en íslenskur þjóðhöfðingi hefur ekki áður ávarpað Evrópuráðsþingið. Í tengslum við heimsókn forseta Íslands var Þorvaldur Garðar Kristjánsson, fyrrverandi forseti sameinaðs þings, sæmdur æðsta heiðursmerki Evrópuráðsins fyrir störf sín í ráðinu um 25 ára skeið. Heimsóknardegi forseta Íslands lauk með því að Íslandsdeildin og fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu buðu til móttöku í þinghúsinu.

Að þessu sinni var einum starfsdegi þingsins varið til að ræða um málefni OECD. Flutti Jean-Claude Paye, framkvæmdastjóri OECD, skýrslu um starfsemi stofnunarinnar en þingmenn frá Ástralíu, Kanada og Japan tóku þátt í umræðum auk Evrópuráðsþingmanna.

Alois Mock, utanríkisráðherra Austurríkis, flutti skýrslu ráðherranefndar ráðsins og Catherine Lalumière, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, gaf ráðinu ársskýrslu sína. Þá ávarpaði Ljuben Berov, forsætisráðherra Búlgaríu, þingið.

Undirnefnd landbúnaðarnefndar þingsins, fiskveiðinefnd sem fjallar um sjávarútveg, lagði fram skýrslu og tillögur að ályktun um sjávarspendýr. Sigbjörn Gunnarsson er formaður nefnarinnar og hafði framsögu um skýrsluna. Í umræðunni tóku þátt Guðmundur Bjarnason og Björn Bjarnason. Var ályktunartillagan samþykkt að umræðunni lokinni. Fékkst þar viðurkenning á málstað Íslands og Noregs.

Auk þess ályktaði þingið um eftirfarandi málefni: leiðtogafund Evrópuráðsins í Vín 8.–9. október, stofnun alþjóðadómstóls til varnar mannréttindum í ríkjum utan Evrópuráðsins, ástandið í Júgóslavíu fyrrverandi, friðarhorfur í Mið-Austurlöndum, aðgerðir gegn kynþáttahatri og óumburðarlyndi, fyrirvara sumra aðildarríkja ER við sáttmálum þess, ferskvatn í Evrópu og frágang og úrvinnslu úrgangsefna.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var kosin varaformaður nefndar um samskipti milli þinga og við almenning (Committee on Parliamentary and Public Relations).

Drög að tillögu um verðlaunasjóð fyrir unga listamenn, sem Ragnar Arnalds er flutningsmaður að, hafa verið samþykkt í menntamálanefndinni og verða tekin fyrir á fundi fastanefndar Evrópuráðsþingsins.

45. þing Evrópuráðsins hefst með fundi dagana 24.–28. janúar 1994.

Fylgiskjal III.

ÁLYKTUN
Evrópuráðsþingsins um sjávarspendýr
nr. 1012, samþykkt 28. sept. 1993.

1. Þingið minnist ályktana sinna nr. 929 (1989), um framtíð hvalveiða, og nr. 972 (1991), um framtíð fiskveiða á hafinu.

2. Þingið er þeirrar skoðunar að sjálfbærar aðferðir til stjórnunar á fjölþættri nýtingu auðlinda hafsins, þar á meðal sjávarspendýra, skuli byggjast á nákvæmri þekkingu og skilningi á viðkomandi sjávarvistkerfum.

3. Þingið viðurkennir ábyrgð Alþjóðahvalveiðiráðsins á verndun og eftirliti með hvalastofnunum og stjórnun hvalveiða samkvæmt alþjóðasáttmálum um stjórnun hvalveiða frá 1946 og þingið metur jafnframt mikils störf vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins (Kyoto, Japan, 10.–14. maí 1993).

4. Þingið fagnar verndun smáhvela í Eystrasalti og Norðursjó, sem samþykkt var með sáttmálanum um verndun villtra flökkudýra (Bonnsáttmálinn), og fagnar þeim ráðstöfunum sem nýlega voru gerðar til að koma á sambærilegum samningi um verndun smáhvela í Miðjarðarhafi og Svartahafi. Þingið leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að vernda sjávarspendýr á grundvelli sáttmála Evrópuráðsins um verndun dýralífs og kjörlenda í Evrópu (Bernarsáttmálinn), sáttmála Sameinuðu þjóðanna um alþjóðaverslun með villtar dýra- og plöntutegundir sem eru í útrýmingarhættu (CITES), sáttmálans um mengunarvarnir á Miðjarðarhafi (Barcelona-sáttmálinn) og sáttmálans frá 1992 um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins.

5. Með hliðsjón af þessu hvetur þingið ríkisstjórnir aðildarríkja Evrópuráðsins aðrar ríkisstjórnir sem málið varðar, svo og Evrópubandalagið til þess:

i. að þróa og/eða bæta alþjóðleg og svæðisbundin lagakerfi til verndunar og sjálfbærrar stjórnunar á öllum tegundum sjávarspendýra (stórhvela og smáhvela, rostunga og sela);

ii. að auka verulega við rannsóknaáætlanir sínar í því augnamiði að bæta þekkingu og skilning á sjávarvistkerfum og lífsnauðsynlegu hlutverki þeirra fyrir umhverfi heims og lífið á jörðinni;

iii. að tryggja að sjávarspendýr fái fullnægjandi athygli í slíkum rannsóknaáætlunum;

iv. að gera þá kröfu að þjóðir, sem gefa út leyfi til veiða á sjávarspendýrum, tryggi jafnframt að veiðiaðferðir fullnægi kröfum um mannúðlegar drápsaðferðir eða fari eins nálægt því og unnt er, rannsókna- og þróunarstarfsemi ætti að auðvelda að þetta markmið náist;

v. að samningar um verndun og nýtingu hafi að geyma fullnægjandi eftirlitsákvæði til að fyrirbyggja misferli og brot.

6. Enn fremur fer þingið þess á leit að ríkisstjórnir aðildarríkja Evrópuráðsins og Evrópubandalagið komi á fót sjávarstofnun Evrópu (European Marine Agency — EMA) til þess að framkvæma og samræma rannsóknir á vistkerfum sjávarins, marka verndunar- og nýtingarstefnu og miðla upplýsingum og þekkingu.

609. Skýrsla [405. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) fyrir árið 1993.

I. ALMENN STARFSEMI

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 með það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir EFTA. Þingmannanefndin hefur í gegnum árin haft frumkvæði að ýmsum aðgerðum EFTA, t.d. að upptöku fríverslunar með fisk og ákvörðunar um að opna EFTA-skrifstofu í Brussel. Umsvif og starfsemi nefndarinnar hafa farið vaxandi síðan samningar hófust um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1989.

Þingmannanefndin heldur fundi nokkrum sinnum á ári. Á milli funda hittist dagskrárnefnd þingmannanefndarinnar, en hún gerir eins og nafnið bendir til tillögur að dagskrá og verkefnum þingmannanefndarinnar. Í dagskrárnefnd sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-landi. Í Íslandsdeildinni hefur auk formanns einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi dagskrárnefndarinnar. Innan þingmannanefndarinnar eru starfandi þrír vinnuhópar, vinnuhópar um landbúnað og fisk, fjármál og umhverfismál og hittast þeir yfirleitt í tengslum við fundi þingmannanefndarinnar. Í upphafi árs var skipting Íslandsdeildarinnar í vinnuhópa eftirfarandi:

Vinnuhópur um fjármál:	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
til vara:	Guðrún Helgadóttir.
Vinnuhópur um umhverfismál:	Páll Pétursson,
til vara:	Össur Skarphéðinsson.
Vinnuhópur um landbúnað og fisk:	Eyjólfur Konráð Jónsson,
til vara:	Páll Pétursson.

Í september var Vilhjálmur Egilsson kjörinn formaður vinnuhóps um landbúnað og fisk. Í október stokkaði Íslandsdeildin upp þátttöku sína í vinnuhópum og skipting er nú eftirfarandi:

Vinnuhópur um fjármál:	Guðrún Helgadóttir,
til vara:	Gísli S. Einarsson.
Vinnuhópur um umhverfismál:	Eyjólfur Konráð Jónsson,
til vara:	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Vinnuhópur um landbúnað og fisk:	Vilhálmur Egilsson, formaður,
til vara:	Páll Pétursson.

Jafnframt hefur þingmannanefnd EFTA á undanförnum árum haft samskipti við Evrópuþingið og hafa þau samskipti aukist og orðið æ veigameiri hluti starfsins vegna undirbúnings á gildistöku EES og undirbúnings fyrir stofnun þingmannanefndar EES. Þá hefur þingmannanefnd EFTA einnig samstarf við ríki Mið- og Austur-Evrópu, en það samstarf hefur einnig aukist að undanförnu vegna aukinna viðskiptatengsla og samninga við þessi ríki.

Hvert EFTA-ríki má senda fimm aðalmenn og tvo áheyrnarfulltrúa á fundi þingmannanefndarinnar þótt Íslandsdeildin nýti heimildina alla jafna ekki til fulls. Á 114. löggjafarþingi í maí 1991 voru Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Páll Pétursson, Vilhjálmur Egilsson og Össur Skarphéðinsson tilnefnd af þingflokkum til setu í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA á yfirstandandi kjörtímabili. Vilhjálmur Egilsson var kjörinn formaður deildarinnar. Í júní hvarf Össur Skarphéðinsson úr Íslandsdeildinni er hann tók við ráðherraembætti. Gísli S. Einarsson tók sæti hans í deildinni í október. Belinda Theriault, alþjóðaritari Alþingis, er ritari Íslandsdeildarinnar.

II. STARFSEMI ÁRSINS 1993

Umsvif og starfsemi á árinu báru merki þess aukna vægis sem þingmannanefnd EFTA hefur öðlast innan EFTA á undanförnum árum. Á árinu 1993 var miklum tíma þingmannanefndar EFTA varið til að undirbúa gildistöku samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Þingmannanefndin eyddi töluverðum tíma í samskiptum við þjóðþing EB-ríkja til að þrýsta á um staðfestingu samningsins. Mestur tími fór þó í undirbúning fyrir þátttöku í þingmannanefnd EES og samninga við Evrópuþingið. Þar sem grundvallarmunur er á skipulagi, starfsháttum og umboði Evrópuþingsins annars vegar og þingmannanefndar EFTA hins vegar þurfti að leggja mikla vinnu í undirbúning að sameiginlegri þingmannanefnd, m.a. í starfsreglur, í undirbúning á ótal framkvæmdaratriðum vegna funda og síðast en ekki síst þurfti að ræða starfssvið og áherslur í væntanlegu samstarfi. Jafnframt var mikil áhersla lögð á að ræða væntanlegt samstarf þjóðþinga og ríkisstjórna EFTA-ríkjanna vegna EES-mála á undirbúningsstigi. Voru þessi mál rædd og þróuð á öllum fundum þingmannanefndar EFTA á árinu, á fundum með þingmönnum frá Evrópuþinginu og á fundi með ráðherrum EFTA-ríkjanna. Í lok ársins var komin föst skipan á flest þessi mál þó að vissulega þyrfti EES-starfið að þróast. Þrátt fyrir hina miklu áherslu á EES-mál rækti þingmannanefnd EFTA einnig samstarfið við ríki Mið- og Austur-Evrópu og hélt með fulltrúum þeirra tvo stóra fundi þar sem skipst var á skoðunum og upplýsingum og rætt um hvernig mætti auka samstarf þessara ríkja við EFTA. Hér á eftir fer samantekt á fundum þingmannanefndar EFTA á árinu.

a. 14. fundur dagskrárnefndar.

Dagskrárnefnd hélt sinn fyrsta fund á árinu 15. janúar. B.O. Johansson, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, skýrði frá áhrifum niðurstöðu svissnesku þjóðaratkvæðagreiðslunnar á EES. Rætt var um afleiðingar hennar fyrir starfsemi þingmannanefndar EFTA. Rætt var um samstarf við ríki Mið- og Austur-Evrópu og gerð áætlun um tvo fundi með fulltrúum þeirra á árinu. Ákveðið var að halda fund dagskrárnefndarinnar í Reykjavík í maí. Rætt var um að vinna markvisst að því að hvetja þjóðþing EB-ríkja til að staðfesta EES-samninginn og voru lögð drög að því að senda sendinefndir út af örkinni til þeirra þinga sem líklegust væru til að draga staðfestinguna. Fundinn sótti fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

b. Fundur vinnuhóps um landbúnað og fisk, annar fundur vinnuhóps um umhverfismál, þriðji fundur vinnuhóps um fjármál og 30. fundur þingmannanefndar EFTA.

7.–8. mars sl. voru haldnir fundir á vegum þingmannanefndar EFTA í Genf. Við vinnukvöldverð 7. mars hélt Ulf Dinkelspiel, Evrópumálaráðherra Svía, ræðu um framvindu EES-mála og gafst nefndarmönnum færi á að bera fram fyrirspurnir til hans, en Svíar fóru á þessum tíma með formennsku í EFTA. 8. mars voru haldnir fundir í öllum vinnuhópum nefndarinnar.

Þriðja fund vinnuhóps um fjármál sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Guðrún Helgadóttir. Svisslendingur hafði gegnt formennsku í hópnum en sagði af sér í kjölfar niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss þar sem aðalverkefni vinnuhópsins er að fjalla um fjármál Eftirlitsstofnunar EFTA. Kjósa varð nýjan formann og var Jörn Donner frá Finnlandi kjörinn. Á fundinum voru ræddar breytingar á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA vegna brotthvarfs Sviss, auk þess sem starfslýsing fyrir vinnuhópinn og starf hópsins á þessu ári voru rædd.

Annan fund vinnuhóps um umhverfismál sat fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson. Fundarmenn fengu upplýsingar um þá löggjöf sem á döfinni væri vegna EES. Í umræðum um starfið fram undan var samstarf við umhverfisnefnd Evrópuþingsins. Þá var rætt um að einstakir þingmenn í vinnuhópnum styrktu tengsl sín við starfsbræður sína í Evrópuþinginu.

Fund vinnuhóps um landbúnað og sjávarútveg sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Páll Pétursson og Eyjólfur Konráð Jónsson, auk ritara. Ossi Tuusvuori frá skrifstofu EFTA ræddi landbúnaðarþátt fríverslunarsamninga EFTA við Mið- og Austur-Evrópuríki. Prófessor Richard Baldwin ræddi um EFTA og ríki Mið- og Austur-Evrópu með tilliti til landbúnaðarmála í framtíðinni.

Fundur þingmannanefndarinnar hófst að loknum fundum vinnuhópa og sóttu hann af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Páll Pétursson, auk ritara.

Stærsta mál fundarins var skipting sæta Liechtenstein og Sviss í þingmannanefnd EES milli annarra EFTA-landa. Í þingmannanefnd EES eiga EFTA-ríki 33 sæti. Þar sem Sviss tekur ekki þátt í EES þurfti að skipta þeim sex sætum á milli annarra EFTA-ríkja sem Sviss átti að fá í sameiginlegu þingmannanefndinni. Þar sem Liechtenstein tekur a.m.k. ekki strax þátt í EES þurfti einnig að skipta upp þeim tveimur sætum sem það átti að fá. Íslandsdeildin lagði mikla áherslu á að Ísland, sem áður hafði fengið úthlutað þremur sætum í nefndinni, fengi eitt sæti í sinn hlut af þessum viðbótarsætum. Ágreiningur varð um það hvort Ísland ætti að fá aukasæti frá Sviss, sem yrði þá eitthvað til frambúðar, eða frá Liechtenstein sem hugsanlega yrði að skila strax á næsta ári aftur til Liechtenstein. Eftirfarandi tillaga um heildarskiptingu sæta í nefndinni var að lokum samþykkt með 14 atkvæðum Svía, Finna og Austurríkismanna gegn 10 atkvæðum Íslands og Noregs: Austurríki og Svíþjóð 8 sæti, Finnland 7 sæti, Noregur 6 sæti, Ísland 4 sæti. Ef Liechtenstein gengur í EES láta Finnland og Ísland af hendi eitt sæti hvort til Liechtenstein.

Rætt var um leiðir til að þrýsta á þing EB-ríkja til að staðfesta EES samninginn með skjótum hætti. Samþykkt var að þingmannanefndin ritaði þingum EB-ríkja bréf. Einstakir nefndarmenn voru hvattir til að senda bréf til pólitískra samherja sinna á þingum EB-ríkja. Þá var ákveðið að þingmannanefndin sendi sendinefndir til þeirra þinga þar sem mikil óvissa ríkir um tímasetningu á staðfestingu.

Aðstoðarframkvæmdastjóri GATT, Charles R. Carlisle, ræddi stöðu viðræðnanna í Úrúgvæ-lotunni og svaraði fyrirspurnum þingmanna.

c. Fundur þingmannanefndar EFTA með þingmönnum frá Mið- og Austur-Evrópu.

21. og 22. apríl var haldinn fundur á vegum þingmannanefndar EFTA með þingmönnum þeirra Mið- og Austur-Evrópuríkja sem EFTA hefur gert fríverslunarsamninga við. Fundinn sátu þingmenn frá öllum aðildarríkjum EFTA og frá Tékkneska lýðveldinu, Slóvakíu, Póllandi, Búlgaríu, Rúmeníu og Ungverjalandi. Auk þess sátu fundinn framkvæmdastjóri EFTA og fulltrúar ýmissa stofnana. Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Páll Pétursson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Fyrri daginn var fundurinn í fyrirlestrarformi með fyrirspurnum og umræðum. Seinni daginn var unnið í vinnuhópum og í lokin voru niðurstöður kynntar. Íslandsdeildin skiptist þannig í vinnuhópa:

Ungverjaland	Vilhjálmur Egilsson, formaður vinnuhópsins
Pólland	Páll Pétursson
Slóvakía	Eyjólfur Konráð Jónsson
Tékkneska lýðveldið	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Í upphafi fundarins voru fríverslunarsamningar EFTA við ríki Mið- og Austur-Evrópu kynntir og eins samningar EB við þessi ríki. Þá var skýrt frá fríverslunarsamningi sem Ungverjaland, Pólland, Tékkneska lýðveldið og Slóvakía hafa gert sín á milli. Þingmenn frá Mið- og Austur-Evrópu veittu upplýsingar um gang mála hjá þeim við að breyta hagkerfum sínum og hvernig gengi að ljúka nauðsynlegri lagasetningu vegna breytinga yfir í markaðshagkerfi. Rætt var um viðskipti Austur- og Vestur-Evrópu út frá sögulegum forsendum og hagvaxtarmöguleikum Mið- og Austur-Evrópuríkja.

Þá var rætt um ýmis vandamál í samskiptum Austur- og Vestur-Evrópu á sviði viðskipta. Var í þessu sambandi m.a. rætt um upprunareglur, kosti fjölþjóðasamninga fram yfir tvíhliða og hvort það gæti hugsanlega verið raunhæfur valkostur fyrir ríki Mið- og Austur-Evrópu að gerast aðilar að EFTA og EES í stað þess að sækjast eftir inngöngu í EB á allra næstu árum. Margir fulltrúar Mið- og Austur-Evrópu lýstu yfir óánægju með að markaðir í Vestur-Evrópu væru eins lokaðir og raun bæri vitni og að ríki þeirra væru beitt óréttmætum viðskiptahindrunum. Þeir töldu Vesturlandabúa vera fylgjandi frjálsri verslun í orði en ekki á borði. Flestar þær vörur, sem þessi ríki gætu flutt út með góðum árangri, kæmust af ýmsum ástæðum ekki inn á markaði Vestur-Evrópuríkja. Töldu þeir að opnir markaðir væru besta „efnahagsaðstoðin" sem þeir gætu fengið.

Meðal niðurstaðna vinnuhópa var nauðsyn þess að ryðja viðskiptahindrunum enn frekar úr vegi á milli Austur- og Vestur-Evrópu, t.d. fyrir vörur eins og stál, vefnaðarvörur og landbúnaðarvörur. Áhersla var lögð á jafnræði milli samstarfsaðila, sérstaklega að Vestur-Evrópuríki tækju ekki einhliða ákvarðanir um t.d. að banna innflutning á vörum frá Austur-Evrópu án þess að hafa fyrst samráð við viðkomandi samstarfsríki. Jafnframt var áhersla lögð á að þróa samstarf á meðal þingmanna. Voru hugmyndir um að stofna sameiginlega vinnuhópa og að halda árlegan þingmannafund ræddar. Þátttakendur voru sammála um að hugsanleg aðild ríkja Mið- og Austur-Evrópu að EFTA væri einn þeirra valkosta sem skoða þyrfti og var lagt til að hann yrði ræddur á næsta fundi þingmannanefndar EFTA með þingmönnum frá Mið- og Austur-Evrópu.

d. 15. fundur dagskrárnefndar.

16. maí var haldinn fundur í dagskrárnefnd í Reykjavík. Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson og Guðrún Helgadóttir, auk ritara. Fundurinn með fulltrúum ríkja Mið- og Austur-Evrópu var metinn með tilliti til næsta fundar með þingmönnum þessara ríkja. Þá var rætt um staðfestingarferilinn vegna EES-samningsins og um undirbúining að þingmannanefnd EES.

e. Aðalfundur þingmannanefndar EFTA, fundur í vinnuhóp um landbúnað og sjávarútveg og fundur með þingmönnum frá Evrópuþinginu.

28. júní var aðalfundur þingmannanefndar EFTA haldinn í Bergen. Á aðalfundinum var kjörinn nýr formaður, Inger Pedersen frá Noregi, og varaformaður Jörn Donner frá Finnlandi. Í ávarpi sínu lagði fráfarandi formaður, Nic Grönvall, til að nefndin lýsti yfir stuðningi við þá hugmynd að Sviss fengi áheyrnaraðild að fundum þingmannanefndar EES. Fékk sú tillaga góðan hljómgrunn.

Rætt var um starfsreglur þingmannanefndar EES. Ákvörðun um hvernig skyldi haga atkvæðagreiðslum var helsta vandamálið í því máli. Ágreiningur var um hvort einfaldur meiri hluti þeirra 66 þingmanna, sem sitja í nefndinni, skuli nægja í atkvæðagreiðslum, eða hvort meiri hluti verði að vera fyrir hendi bæði EFTA og EB megin.

Ákveðið var að allir héldu fimm fulltrúum í hinni gömlu þingmannanefnd EFTA. Þannig heldur Alþingi fimm sætum í þeirri nefnd þó að það hafi einungis þrjú sæti í hinni sameiginlegu þingmannanefnd EES.

Fyrir fund þingmannanefndarinnar var haldinn fundur í vinnuhóp þingmannanefndarinnar um landbúnaðarmál. Auk þeirra sem sitja í hópnum var fulltrúum Evrópuþingsins boðið að sitja fundinn. Á fundinum voru landbúnaðarmál í Noregi kynnt. Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sátu fundinn Vilhjálmur Egilsson og Páll Pétursson, auk ritara.

29. og 30. júní var haldinn sameiginlegur fundur þingmannanefndar EFTA og hluta þeirra þingmanna Evrópuþingsins sem sitja munu í hinni sameiginlegu þingmannanefnd EES. Rætt var um þann efnahagslega ávinning sem aðildarlöndin gætu haft af EES-samningnum. Skoraði fundurinn á þau þjóðþing, sem ættu eftir að staðfesta samninginn, að gera það hið fyrsta.

Rætt var um nauðsyn þess að nýta sameiginlegu þingmannanefndina til að tryggja lýðræðislegt eftirlit með lagasetningu á EES-svæðinu og tryggja pólitískt framlag lýðræðislega kjörinna fulltrúa aðildarþjóðanna.

Rætt var m.a. um hvort nefndin eigi að starfa sem ein heild eða í tvennu lagi í atkvæðagreiðslum, hvort hún þyrfti að hittast oftar en tvisvar á ári, hvort áhersla ætti að vera á starfi í pólitískum hópum, hvort fundir sameiginlegu þingmannanefndarinnar ættu að vera opnir og hvernig nefndir Evrópuþingsins og vinnuhópar þingmannanefndar EFTA gætu unnið saman.

Fundina sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar: Vilhjálmur Egilsson, formaður Íslandsdeildarinnar, Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Eiður Guðnason, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildarinnar.

f. Fundur dagskrárnefndar þingmannanefndar EFTA og fundir í vinnuhópum.

Dagskrárnefndarfundur var haldinn 15. september. Rætt var um staðfestingu EES-samningsins í þjóðþingum EB-landa og ákveðið var að þingmannanefndin beindi kröftum sínum að því að reyna að hafa áhrif á franska þingið. Áfram var unnið að undirbúningi þingmannanefndar EES, farið yfir drög að starfsreglum nefndarinnar og skipulag almennt af hálfu þingmannanefndar EFTA. Ákveðið var að Vilhjálmur Egilsson tæki við formennsku í vinnuhóp um landbúnað og fisk. Þáverandi formaður Johan Løken frá Svíþjóð var að hætta þingmennsku og var Vilhjálmur Egilsson formlega kjörinn formaður á fundi vinnuhópsins næsta dag.

Formaður umhverfisnefndar Evrópuþingsins ásamt nokkrum nefndarmönnum komu á fund vinnuhóps þingmannanefndar EFTA um umhverfismál til að ræða ýmis mál sem nefndin væri að fjalla um. Jafnframt lagði skrifstofa þingmannanefndar EFTA fram nýjar upplýsingar um lagasetningu á sviði umhverfismála innan EB. Vilhjálmur Egilsson og Páll Pétursson sóttu fundina af hálfu Íslandsdeildarinnar.

g. 32. fundur þingmannanefndar EFTA, fundir í vinnuhópum og fundur með þingmönnum frá Mið- og Austur Evrópu voru haldnir 18.–19. október.

Fund vinnuhóps um landbúnað og sjávarútveg sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, formaður vinnuhópsins, og Páll Pétursson. Rætt var um afstöðu Frakka til GATT-viðræðnanna.

Fjórða fund vinnuhóps um umhverfismál sátu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Eyjólfur Konráð Jónsson. Farið var m.a. yfir stöðu lagasetningar á sviði umhverfismála hjá EFTA-ríkjunum gagnvart EES-samningnum og hugsanleg áhrif GATT-samningsins á umhverfismál.

Fjórða fund vinnuhóps um fjármál sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Guðrún Helgadóttir og Gísli S. Einarsson. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun 1994 fyrir Eftirlitsstofnun EFTA, auk þess sem upplýsingar voru veittar um fjárhagsáætlanir EFTA-dómstólsins og skrifstofu EFTA.

Á 32. fundi þingmannanefndar EFTA var farið yfir stöðu EES-samningsins og afgreiðslu hans hjá ríkjum EB. Ákveðið var að þingmannanefnd EES hittist sem fyrst eftir að samningurinn tæki gildi og að fundur yrði þá væntanlega í janúar. Aðstoðarframkvæmdastjóri GATT kom á fundinn og ræddi stöðu GATT-viðræðnanna.

Fundurinn með fulltrúum ríkja Mið- og Austur-Evrópu var að þessu sinni með fulltrúum frá ríkjum sem EFTA hefur gert samstarfssamninga við. Fundurinn hófst með erindum um ýmsa þætti samstarfsins. Jafnframt gerðu gestir grein fyrir efnahagsástandinu í sínum heimalöndum. Þá skýrði þingmaður frá Evrópuþinginu annars vegar og Norðurlandaráði hins vegar frá samstarfi EB og Norðurlandaráðs við ríki Mið- og Austur-Evrópu. Fulltrúi Norðurlandaráðs á þessum fundi var Hjörleifur Guttormsson. Vilhjálmur Egilsson skýrði gestum frá starfsemi þingmannanefndar EFTA og frá fyrirhugaðri samvinnu þingmanna innan EES. Þá var fundarmönnum skipt niður í vinnuhópa þar sem rætt var m.a. um leiðir til að auka samskipti og með hvaða hætti EFTA-ríki gætu helst aðstoðað þessi ríki í efnahagsumbótum sínum. Skipti Íslandsdeildin þannig með sér verkum:

Litáen	Guðrún Helgadóttir, formaður vinnuhópsins
	Eyjólfur Konráð Jónsson
Lettland	Páll Pétursson
Eistland	Vilhjálmur Egilsson
Albanía	Gísli S. Einarsson
Slóvenía	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Í lokin kynntu vinnuhópar niðurstöður sínar. Öll hafa þessi ríki áhuga á að ná fríverslunarsamningi við EFTA sem fyrst og kom m.a. fram að mörg þeirra hafa einnig áhuga á að ganga í EFTA og taka þátt í EES.

Fulltrúar á fundinum skrifuðu undir stuðningsyfirlýsingu við áskorun til Serba um að sleppa úr haldi þingmönnum frá Kósóvó sem hnepptir hafa verið í fangelsi og sætt hafa pyndingum. Áskorunin var lögð fram af forseta albanska þingsins sem var þátttakandi í fundinum.

h. Fundur formanna landsdeilda þingmannanefndar EFTA og fundur með þingmönnum sem sitja munu fyrir hönd Evrópuþingsins í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES.

Fundur þessi var haldinn 2. desember til undirbúnings fyrsta fundi þingmannanefndar EES. Þar sem þingmannanefnd EFTA hafði ekki tekið ákvörðun um hverjir sitja ættu í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES fyrir hennar hönd var ákveðið að formenn landsdeilda nefndarinnar sætu fundinn. Fyrir hádegi hittust þingmenn EFTA-ríkjanna og ræddu afstöðu sína til þeirra mála er til umræðu yrðu um eftirmiðdaginn með fulltrúum Evrópuþingsins. Voru mörg framkvæmdaratriði rædd, starfsreglur fyrir þingmannanefnd EES og starfsemi hennar og starfsáætlun. Norðurlandaráð hafði farið fram á að fá áheyrnaraðild að þingmannanefnd EES, en ákveðið var að takmarka áheyrnaraðild við Liechtenstein og Sviss. Ákveðið var að benda Norðurlandaráði á að fundir þingmannanefndar EES væru opnir og að ráðið gæti fylgst með fundum að vild.

i. 33. fundur þingmannanefndar EFTA, 9. fundur með ráðherraráði EFTA og fundur vinnuhóps um landbúnað og fisk.

16.–17. desember sl. voru haldnir fundir á vegum þingmannanefndar EFTA í Vínarborg. Fundina sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, formaður Íslandsdeildarinnar, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Gísli S. Einarsson og Páll Pétursson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Norðmenn hafa farið með formennsku í þingmannanefndinni frá síðasta aðalfundi í júní 1993. Í kjölfar kosninga í Noregi um haustið skipti norska stórþingið um fulltrúa í nefndinni og varð því að kjósa nýjan formann. Haakon Blankenborg, þingmaður Verkamannaflokksins norska, var einróma kjörinn.

Farið var yfir drög að starfsreglum fyrir nýju EFTA-nefndina og þingmannanefnd EES. Ákveðið hefur verið að í þingmannanefnd EES verði sætaskipan eftir stjórnmálaflokkum og að atkvæðagreiðslur miði við aukinn meiri hluta, eða ⅔ hluta atkvæða allra sem sitja í sameiginlegu nefndinni. Fjórir þingmenn frá EFTA og fjórir frá Evrópuþinginu munu skipa framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES. Þar sem fimm EFTA-ríki eiga aðild að samningnum hefur verið gert samkomulag um að það land, sem ekki fær fulltrúa í framkvæmdastjórn, fær aðalframsögumann EFTA-ríkjanna í þingmannanefnd EES.

Rætt var um samstarf við ríki Mið- og Austur-Evrópu. Ákveðið var að fulltrúar þingmannanefndar EFTA reyni að heimsækja Slóveníu og Ungverjaland á næsta ári. Jafnframt var rætt um að halda fund með fulltrúum allra samstarfsríkja EFTA í Mið- og Austur-Evrópu á næsta ári.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var rætt um starfsaðferðir vegna EES-mála í þjóðþingunum sjálfum. Rætt var um væntanlegar starfsaðferðir hinna mismunandi þjóðþinga EFTA-ríkjanna vegna EES-mála er koma munu til þinganna eftir að samningurinn hefur tekið gildi og var upplýsingum frá hverju þjóðþingi dreift. Sérstaklega var rætt um hvernig ætti að nálgast mál á undirbúningsstigi, um samráð ríkisstjórna við þjóðþingin og hvaða aðilar innan hvers þings mundu fjalla um ný EES-mál er þau kæmu til afgreiðslu í þingunum. Starfsaðferðir verða nokkuð mismunandi og ljóst er að fyrirkomulag er á fæstum stöðum fullmótað. Vilhjálmur Egilsson kynnti fyrir hönd Íslands þær hugmyndir sem verið er að ræða innan Alþingis og dreift var á ensku stuttri samantekt úr greinargerð þeirri er Þorsteinn Magnússon tók saman fyrir utanríkismálanefnd um þinglega meðferð EES-mála á Alþingi.

Á 9. fundi þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA rifjaði Wolfgang Schüssel, formaður ráðherraráðs EFTA og efnahagsmálaráðherra Austurríkis, upp EES-ferilinn og þakkaði þingmönnum þeirra framlag við að koma samningnum í höfn. Rætt var um framtíð EES og EFTA og skiptust þingmenn og ráðherrar á skoðunum. Schüssel sagði EES mjög mikilvægt öryggisnet fyirr þau EFTA-ríki sem sótt hefðu um aðild að EB. Þá taldi hann mikilvægt að EFTA héldi áfram að vinna að því að lækka viðskiptahindranir almennt. Hann sagði jafnframt samskipti við Mið- og Austur-Evrópu vera stærsta verkefnið fram undan fyrir EFTA. Almennt töldu menn mjög mikilvægt að efla samskipti og viðskipti við Mið- og Austur-Evrópuríki, en skiptar skoðanir voru um það hvort einhver þessara ríkja ættu erindi í EFTA í bráð. Rætt var um að Evrópa þyrfti að verða eitt stórt fríverslunarsvæði í framtíðinni.

Á fund vinnuhóps um landbúnað og fisk kom dr. Harald Kreid, sendiherra og aðalsamningamaður Austurríkismanna á sviði landbúnaðarmála í aðildarviðræðunum að ES (áður EB), og fjallaði um aðildarviðræður Austurríkismanna að ES með tilliti til landbúnaðarmála. Jafnframt var rætt um nýgerða GATT-samninga og áhrif þeirra á landbúnaðarmál.

j. Annað.

Innan Evrópuþingsins starfar svokallaður Kengúruhópur (The Kangaroo Group, The Movement for Free Movement) sem vinnur að frjálsum flutningum á sem flestum sviðum innan Evrópu. Hefur hópurinn boðið þingmönnum úr þingmannanefnd EFTA að sitja ráðstefnur sínar. Kengúruhópurinn hélt mjög vel heppnaða ráðstefnu í Reykjavík 17.–18. maí um stækkun EB með bæði innlendum og erlendum framsögumönnum. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu fundinn Vilhjálmur Egilsson, Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Eyjólfur Konráð Jónsson, auk ritara.

Þingmannanefnd EFTA átti áheyrnarfulltrúa á 42. þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Ósló 1.–4. mars.

Páll Pétursson var fulltrúi þingmannanefndarinnar á Norðurslóðaráðstefnu Norðurlandaráðs sem haldin var í Reykjavík 16.–17. ágúst.

III. EES-SAMSTARFIÐ

Þingmannanefnd EFTA hafði í samvinnu við Evrópuþingið frumkvæði að því að í samningnum um EES var gert ráð fyrir sextíu og sex manna sameiginlegri þingmannanefnd (95. gr. samningsins). Hin sameiginlega þingmannanefnd EES á að fara ofan í saumana á nýrri EES-löggjöf á undirbúningsstigi og gefa álit sitt á EES-málum.

Það hefur verið álit þingmannanefndar EFTA að þjóðþing EFTA-ríkjanna þurfi að huga vel að möguleikum á að hafa áhrif á lagasetningu á EES-svæðinu áður en frumvörp koma til þjóðþinganna þar sem erfitt eða ómögulegt getur orðið að hafa áhrif á málin á því stigi þegar búið er að komast að samkomulagi í sameiginlegu EES-nefndinni. Þess vegna telur þingmannanefnd EFTA mikilvægt að þjóðþingin styðji mjög eindregið við þingmannasamstarf EES þar sem hægt er að hafa áhrif á reglur á undirbúningsstigi. Þá er samstarfið milli þingmanna þjóðþinga EFTA-ríkjanna mjög mikilvægt í þessu sambandi, bæði vegna þess að komið hefur í ljós að upplýsingaflæði til þjóðþinganna frá ríkisstjórnum hefur verið mismunandi á milli landa þannig að upplýsingaskipti milli þjóðþinga eru mikilvæg og vegna þess að nauðsynlegt er að EFTA-ríkin skilji afstöðu hvers annars til mála er koma upp og vinni saman eins og hægt er gagnvart ES.

Samráð við þingmannanefnd EFTA um EES-mál.

Hugmyndir þingmanna og ráðherra EFTA-ríkjanna um samráð við þingmannanefndina um EES-mál voru ræddar á sameiginlegum fundi þessara aðila í desember. Þingmenn lögðu áherslu á að þingmannanefnd EFTA ætti að vera milliliður milli þjóðþinganna og Evrópuþingsins og á mikilvægi upplýsingaskipta og samráðs milli þingmannanefndar EFTA og fastanefndar EFTA.

Jafnframt var af hálfu þingmannanefndarinnar lögð áhersla á það að sú hætta væri fyrir hendi að þjóðþingin yrðu áhrifalaus gagnvart nýjum EES-reglum þar sem ekki yrði hægt að gera neinar breytingar á frumvarpi þegar það kæmi til afgreiðslu á þjóðþingunum að loknum löngum og ströngum samningum í sameiginlegu EES-nefndinni. Þau hefðu á því stigi einungis kost á að samþykkja eða hafna frumvarpinu, en mjög erfitt gæti orðið að velja síðari kostinn. Því væri samráð á undirbúningsstigi og skilvirkar starfsaðferðir í þjóðþingunum gagnvart þessum málum mjög mikilvægt. Samráðið við þingmannanefndina er fyrirhuguð á þessa leið:

a. Um leið og ljóst er innan EES-nefndarinnar að ný lagatillaga innan EB hefur áhrif á EES verði þingmannanefnd EFTA látin vita þannig að hún viti hvaða breytingar eru fyrirhugaðar frá fyrstu stigum málsins.
b. Fastanefnd EFTA leggur tillögur að nýjum lögum fyrir þingmannanefndina með góðum fyrirvara og óskar eftir innleggi frá henni varðandi stöðu EFTA-ríkjanna. Fastanefndin setur tímatakmörk innan hvers tíma álit EFTA-ríkjanna verður að liggja fyrir. Góð samvinna og hraði á vinnslu munu skipta miklu máli. Þingmannanefndin getur með þessu móti látið fastanefndina vita af málum er kynnu að vera viðkvæm með góðum fyrirvara þannig að hún getur reynt að hafa áhrif á gang mála.
c. Þingmannanefndin lætur skoðanir EFTA í ljós innan sameiginlegrar þingmannanefndar EES og tryggir að þingmenn Evrópuþingsins skilji afstöðu EFTA-ríkja.
d. Sameiginlega þingmannanefndin leggur fram skýrslur, ályktanir o.s.frv. til sameiginlegu EES-nefndarinnar til að hafa áhrif á niðurstöður hennar.

Þess má geta að á dagskrá þingmannanefndar EFTA verður fastur liður fyrir upplýsingar um nýjar EES-reglur á undirbúningsstigi. Kynningu undir þessum lið mun skrifstofa þingmannanefndar EFTA væntanlega annast ásamt fulltrúum þess lands sem er í forustu innan þingmannanefndarinnar.

Alþingi, 18. febr. 1994.

Vilhjálmur Egilsson, form.	Páll Pétursson.	Eyjólfur Konráð Jónsson.
Gísli S. Einarsson.	Guðrún Helgadóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

610. Skýrsla [406. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 1993.

Þátttaka Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins í starfi sambandsins á árinu 1993 var með hefðbundnum hætti. Íslandsdeildin tók þátt í báðum reglulegum þingum sambandsins. Það fyrra var haldið í Nýju-Delhí á Indlandi (89. þing) í apríl og hið síðara í Canberra í Ástralíu (90. þing) í september. Ætla má að á hvort þing um sig hafi sótt 800–1.000 manns, þingmenn, ráðgjafar og aðrir starfsmenn auk fjölmiðlafólks.

Þá sótti formaður Íslandsdeildar einnig samráðsfundi norrænu deildanna í Alþjóðaþingmannasambandinu sem haldnir voru fyrir bæði þingin.

Stjórn Íslandsdeildarinnar skipa Geir H. Haarde, formaður, Ólafur Þ. Þórðarson, varaformaður, Gunnlaugur Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir (Svavar Gestsson til vara) og Einar K. Guðfinnsson. Áheyrnarfulltrúi Kvennalistans er Anna Ólafsdóttir Björnsson.

A. ÞINGIÐ Í NÝJU-DELHÍ

I. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt sitt 89. þing í Nýju-Delhí dagana 12.–17. apríl 1993. Þingið sóttu fulltrúar 107 þjóðþinga, en á þinginu voru auk þess áheyrnarfulltrúar frá fjölmörgum alþjóðasamtökum, þar á meðal ýmsum stofnunum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuþinginu.

Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður, Ólafur Þ. Þórðarson, varaformaður deildarinnar, Svavar Gestsson og Einar K. Guðfinnsson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

Alþjóðaþingmannasambandið gefur út greinargóða skýrslu, á ensku og frönsku, um hvert þing sambandsins og geta þeir sem þess óska fengið eintak af henni hjá ritara Íslandsdeildarinnar.

II. Störf og ályktanir þingsins.

Að venju var fjallað um þrjú málefni á þinginu auk þess sem fram fóru almennar stjórnmálaumræður. Þau þrjú efni, sem fjallað var um, voru eftirfarandi:

a. alþjóðleg skráning og eftirlit með sölu vopna,
b. beiting mennta- og menningarstefnu sem lið í að efla virðingu manna fyrir lýðræði,
c. ástandið í Júgóslavíu, einkum með hliðsjón af stöðu þjóðernisminnihluta og mannréttindamála.

Um öll þessi efni samþykkti þingið sérstakar ályktanir.

Íslenska sendinefndin tók virkan þátt í störfum þingsins, bæði í umræðum og nefndastörfum. Nefna má m.a. að Geir H. Haarde talaði í umræðum um eftirlit með vopnasölu, Svavar Gestsson flutti ræðu í umræðunum um menntamál og lýðræði og Einar K. Guðfinnsson talaði í almennu stjórnmálaumræðunum. Allir í sendinefndinni tóku jafnframt þátt í nefndastörfum auk þess sem Svavar Gestsson var kjörinn í ellefu manna undirnefnd (drafting committee) sem falið var að gera tillögu að ályktun þingsins um menntamál og lýðræði. Þá kom það jafnframt í hlut formanns Íslandsdeildarinnar að gegna um tíma störfum þingforseta.

III. Störf og ákvarðanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingfundir niðri. Ráðið er hin formlega stjórn sambandsins og eiga í því sæti tveir fulltrúar frá hverri þjóðdeild. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sátu Geir H. Haarde og Ólafur Þ. Þórðarson fundi í ráðinu.

Ráðið samþykkti að veita átta þingum aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu. Þessi þing voru: Tékkland, Slóvakía, Azerbaidjan, Burkina Faso, Kazakhstan, Marshall-eyjar, Nígería og Slóvenía. Auk þessa var Evrópuráðsþinginu og þingi rómönsku Ameríku veitt aukaaðild. Í allt eiga því nú 124 þing aðild að sambandinu og þrjú fjölþjóðaþing eiga aukaaðild að því.

Að vanda var lögð fram ítarleg skýrsla þeirrar nefndar Alþjóðaþingmannasambandsins er hefur það verkefni að fylgjast með mannréttindabrotum gagnvart þingmönnum og reyna að fá þingmenn leysta úr haldi hafi þeir verið fangelsaðir án dóms og laga. Í skýrslu nefndarinnar var gerð grein fyrir fangelsunum, ofsóknum og morðum á þingmönnum í átta ríkjum sem nefndin hefur haft til rannsóknar. Ríkin, sem hér um ræðir, eru Búlgaría, Kólumbía, Haítí, Hondúras, Indónesía, Myanmar, Tógó og Tyrkland.

Líkt og á fyrri fundum fjallaði ráðið um fjölmörg önnur atriði er varða innra starf sambandsins, svo sem fjármál og skýrslur forseta ráðsins, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og sérnefnda svo og þátttöku sambandsins í kosningaeftirliti. Þess má geta að kosningaeftirlit á vegum sambandsins er orðið víðtækt, ekki síst í ýmsum fjarlægum ríkjum. Má nefna í því sambandi Kambódíu, El Salvador og Mósambik.

IV. Störf pólitískra svæðahópa á þinginu.

Á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins er mikið um fundi pólitískra svæðahópa (nokkurs konar þingflokkar) sem þingfulltrúar skiptast í. Segja má að veigamesta framlag Íslandsdeildarinnar til þingsins í Delhí hafi verið formennska deildarinnar í hinum svokallaða 12-plúshópi sem skipaður er þingmönnum frá ríkjum Vestur- og Mið-Evrópu og Norður-Ameríku auk Ástralíu og Nýja-Sjálands. Formaður Íslandsdeildarinnar var á fundi hópsins í Stokkhólmi 1992 kjörinn til að fara með formennsku í hópnum á árinu 1993 og er þetta í fyrsta skipti sem Íslandsdeildin gegnir slíkum trúnaðarstörfum á

vegum hópsins. Geir H. Haarde stýrði því störfum hópsins bæði helgina fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var tekin afstaða til einstakra mála, kosninga í trúnaðarstörf og þátttöku í nefndastarfi. Þá lagði Íslandsdeildin fram á þessum fundum tillögur um starfsreglur fyrir hópinn og voru þær samþykktar með smávægilegum breytingum. Almenn ánægja var með þetta frumkvæði Íslandsdeildarinnar. Jafnframt lagði Íslandsdeildin fram tillögur um endurbætur á skipulagi og starfsháttum Alþjóðaþingmannasambandsins sem unnar voru með hliðsjón af umræðum sem fram höfðu farið um málið innan hópsins á fyrri þingum sambandsins. Ákveðið var að ræða málið frekar á næsta þingi sambandsins. Í Nýju-Delhí var samþykkt að veita Búlgaríu aðild að hópnum og jafnframt að Ísrael fengi áheyrnaraðild. Með því voru fullgild aðildarríki orðin 30 auk áheyrnaraðila.

Þá tók Íslandsdeildin einnig þátt í fundi Norðurlandahópsins sem fundaði einu sinni meðan þingið stóð yfir, en norrænu deildirnar hafa með sér náið samstarf innan Alþjóðaþingmannasambandsins og skiptast á um að stýra því samstarfi í eitt ár í senn.

V. Fundir með ræðismanni.

Á meðan á dvölinni í Nýju-Delhí stóð átti íslenska sendinefndin viðræður við aðalræðismann Íslands í borginni, Nand Khemka, og aðstoðarmenn hans um athuganir sem áttu sér stað á vegum fyrirtækja hans um möguleika hans og íslenskra fyrirtækja á samstarfi í sjávarútvegsmálum. Þess má geta að sendinefndin naut framúrskarandi fyrirgreiðslu af hálfu ræðismannsins og starfsfólks hans á meðan á þinginu stóð, sem og við undirbúning þess.

B. ÞINGIÐ Í CANBERRA

I. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt sitt 90. þing í Canberra dagana 13.–18. september. Þingið sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar þingmennirnir Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildarinnar, Ólafur Þ. Þórðarson, varaformaður deildarinnar, Gunnlaugur Stefánsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara deildarinnar. Alls sóttu þingið fulltrúar 94 þinga.

II. Störf og ályktanir þingsins.

Að venju var fjallað um þrjú málefni á þinginu auk þess sem fram fóru almennar stjórnmálaumræður. Þau þrjú efni, sem fjallað var um, voru eftirfarandi:

a. virðing fyrir mannúðarlögum og stuðningur við mannúðarstarf á stríðstímum,
b. heilbrigði og velferð aldraðra,
c. nauðungarflutningar í Bosníu og Herzegóvínu og öðrum stríðssvæðum.

Þingið ályktaði um öll þessi mál auk þess sem samþykkt var sérstök ályktun þar sem fagnað var friðarsamningum Ísraela og Palestínumanna.

Íslenska sendinefndin tók virkan þátt í störfum þingsins. Geir H. Haarde talaði í almennu stjórnmálaumræðunum og fjallaði ræða hans um hvalveiðar út frá sjónarhóli Íslendinga. Einnig flutti hann ræðu sem áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs og greindi m.a. frá niðurstöðum ráðstefnu þess í Reykjavík í ágúst um málefni norðurheimskautssvæðisins. Ólafur Þ. Þórðarson flutti ræðu í umræðunum um mannúðarlög og fjallaði um þau tilvik þar sem réttlætanlegt væri að ríki hlutuðust til um innanríkismál annarra ríkja. Gunnlaugur Stefánsson talaði í umræðunni um heilbrigði og velferð aldraðra og fjallaði um stöðu aldraðra í dreifbýli. Anna Ólafsdóttir Björnsson flutti ræðu bæði við umræðu

um mannúðarlög og í umræðu um heilbrigði og velferð aldraðra. Í ræðu sinni um mannúðarlög ræddi hún m.a. um nauðganir og annað kynferðislegt ofbeldi sem konur hefðu mátt sæta í stríðinu í Bosníu-Herzegóvínu. Allir í sendinefndinni tóku jafnframt þátt í nefndastörfum.

Á þinginu voru kosnir tveir nýir fulltrúar í 13 manna framkvæmdastjórn sambandsins og voru sjálfkjörnir Svíinn Sture Ericson og Slóveninn Zoran Thaler.

III. Störf og ákvarðanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingfundir niðri. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sátu Geir H. Haarde og Anna Ólafsdóttir Björnsson fundi ráðsins.

Ráðið samþykkti umsókn Ghana um aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu og eru því nú 125 þjóðdeildir sem aðild eiga að sambandinu. Auk þessa eiga þrjú fjölþjóðaþing aukaaðild að þinginu: Evrópuráðsþingið, þing Andean-ríkjanna í rómönsku Ameríku og þing ríkja rómönsku Ameríku.

Að vanda var lögð fram í ráðinu ítarleg skýrsla um mannréttindamál þingmanna en nefndin gerði grein fyrir málum 101 þingmanns í sjö ríkjum þar sem brotin höfðu verið mannréttindi á þingmönnum. Þau sex ríki, sem um var að ræða, voru Búlgaría, Kólumbía, Indónesía, Myanmar, Tógó, Tyrkland og Uzbekistan.

Þá fjallaði ráðið að vanda um fjölmörg önnur atriði er varða innra starf sambandsins, svo sem fjármál og skýrslur forseta ráðsins, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og sérnefnda, þátttöku sambandsins í kosningaeftirliti og ráðstefnu sambandsins um mannréttindamál í Búdapest í maí 1993.

Ráðið ákvað einnig að send skyldi sendinefnd þriggja þingmanna á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins til fyrrum lýðvelda Júgóslavíu (Slóveníu, Króatíu og Serbíu, sem öll eiga aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu) á fyrri hluta ársins 1994. Á þessari stundu er óvíst hvort og hvenær af þessari ferð verður.

Næstu regluleg þing sambandsins verða í París (mars 1994) og Kaupmannahöfn (september 1994). Ráðið samþykkti að þar á eftir yrðu þing í Madrid (mars 1995), Búkarest (september 1995), Istanbul (apríl 1996), Beijing (september 1996) og Seoul (apríl 1997).

IV. Störf pólitískra svæðahópa á þinginu.

Líkt og á þinginu í Nýju-Delhí má segja að veigamesta framlag Íslandsdeildarinnar til þingsins í Canberra hafi verið formennska deildarinnar í 12-plúshópnum. Í Canberra var samþykkt að veita Slóveníu aðild að hópnum og eiga því 31 þjóðþing fulla aðild að hópnum auk þess sem Ísrael, Evrópuþingið og Evrópuráðsþingið eiga áheyrnaraðild að honum. Hópurinn fundaði bæði helgina fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var tekin afstaða til einstakra mála, kosninga í trúnaðarstörf og þátttöku í nefndastarfi. Við lok þingsins var Geir H. Haarde einróma endurkjörinn formaður 12-plúshópsins fyrir árið 1994 að tillögu kanadísku og bresku fulltrúanna.

Konur úr hópi þingmanna héldu sérstakan fund daginn fyrir upphaf þingsins til að ræða málefni þess, sem og til að fjalla um stjórnmálaþátttöku kvenna. Anna Ólafsdóttir Björnsson sótti þennan fund af hálfu Íslandsdeildarinnar.

Þá tók Íslandsdeildin einnig þátt í fundi norrænu þjóðdeildanna. Á þinginu létu Norðmenn af formennsku í norræna samstarfinu og Danir tóku við.

Alþingi, 17. febr. 1994.

Geir H. Haarde, form. Ólafur Þ. Þórðarson. Gunnlaugur Stefánsson.

Margrét Frímannsdóttir. Einar K. Guðfinnsson.

611. Skýrsla [407. mál]

um norrænt samstarf frá febrúar 1993 til febrúar 1994.

1. ÞING NORÐURLANDARÁÐS

1.1. 42. þing ráðsins.

1.1.1.

Norðurlandaráð hélt 42. þing sitt í Ósló 1. til 4. mars 1993. Ákveðið hafði verið að helga hinar almennu umræður þingsins atvinnumálum, en umræðurnar snerust einnig um breytingar á áherslum samstarfsins næsta ár í tilefni þess að ráðherranefndin hafði lagt fram tillögu um aukna áherslu og nýtt skipulag norræns menningar-, menntamála- og vísindasamstarfs og tillögu um starfsáætlun um breytingar á fjármögnun og skipulagi norrænna stofnana á menningarsviði. Auk þess voru EES-samningarnir og Evrópumálin í brennidepli.

Vegna þess að Svíar fara með forustuhlutverk í ríkisstjórnasamstarfinu þetta starfsár flutti sænski forsætisráðherrann *Carl Bildt* inngangsræðu umræðnanna. Hann hélt fram nauðsyn þess að norrænt samstarf væri opið fyrir breytingum og nýjum hugmyndum. Það væri forsenda þess að samstarfið stæðist í hinum öru breytingum sem stæðu fyrir dyrum í Evrópu. Hann fjallaði um mikilvægi þess að EES-samningurinn gengi í gildi sem fyrst og að Finnland, Svíþjóð og Noregur fylgdust að í aðildarviðræðum við EB. Hann taldi rétt að stefna að því að gerður yrði sérstakur norrænn fyrirvari í samningnum í líkingu við norræna fyrirvarann í EES-samningnum enda væri gengið lengra í ýmsum norrænum samningum en í EES-samningnum, t.d. í samningunum um norrænan vinnumarkað og um félagslegt öryggi. Hann lagði áherslu á að koma bæri í veg fyrir tvíverknað með því að meta það sérstaklega hvar umfjöllun um hvert tiltekið mál ætti best heima, á norrænum vettvangi eða breiðari alþjóðavettvangi. Hann kvað forsætisráðherrana vilja beina kröftum norræns samstarfs að afmörkuðum verkefnum sem talin væru mikilvæg og nefndi í því sambandi auknar fjárfestingar á sviði samgöngumála, m.a. vegna þess hve atvinnuskapandi þær væru. Auk þess nefndi hann aukið norrænt samstarf um menntamál, vísindi og aðgerðir til að bæta málskilning og sjónvarpsmál, enda er fyrirhugað að auka til muna norrænar fjárveitingar til þeirra málaflokka.

Í almennu umræðunum tóku 61 þingmaður og ráðherrar til máls. Fyrir hönd forsætisnefndar ráðsins talaði *Ilkka Suominen*, fyrir hönd flokkahóps sósíaldemókrata *Kirsti Kolle Grøndal*, fyrir hönd miðflokkanna *Halldór Ásgrímsson* alþingismaður, fyrir hönd hægri manna *Geir H. Haarde* alþingismaður, fyrir hönd flokkahóps vinstri sósíalista *Kjellbjörg Lunde* og fyrir hönd flokkahóps frjálslyndra *Carl I. Hagen*. Af hálfu Íslendinga tóku auk framangreindra þátt í umræðunum *Davíð Oddsson* forsætisráðherra, *Jón Sigurðsson*, þáverandi iðnaðarráðherra, *Sighvatur Björgvinsson*, þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og alþingismennirnir *Hjörleifur Guttormsson* og *Árni M. Mathiesen*.

1.1.2.

Að loknum almennu umræðunum tóku við umræður um málefni nefndanna. Fyrir þinginu voru lagðar sex ráðherranefndartillögur og 17 þingmannatillögur. Í tilefni af tillögunum voru gerðar 16 samþykktir og tvær yfirlýsingar samþykktar. Fyrirspurnir til ráðherranefndar Norðurlanda og ríkisstjórnanna á starfsárinu voru 52 að tölu. Samþykktirnar og þær fyrirspurnir, sem íslensku fulltrúarnir í ráðinu báru fram á árinu, fylgja skýrslunni sem fylgiskjal I og III.

1.1.3.

Eins og fram kemur í upphafi skýrslunnar lá fyrir þinginu ráðherranefndartillaga um aukna áherslu á og nýtt skipulag norræns menningar-, menntamála- og vísindasamstarfs sem lögð var fram af norrænu menningar- og menntamálaráðherrunum vegna fyrirheita forsætisráðherranna um að 50% norrænu fjárlaganna eigi að renna til mennta- og menningarmála ekki síðar en 1996. Þar var m.a. lagt til að í stað þess að ein ráðherranefnd sinnti bæði menningar- og menntamálum skiptust verkefnin milli ráðherranefndar á sviði menningarmála og ráðherranefndar á sviði menntamála og vísinda. Í tillögunni var lagður fram rammi þess samstarfs sem unnt yrði að framkvæma vegna fyrirhugaðra aukinna fjárveitinga á árabilinu 1994 til 1996, en þá skyldi helmingi norrænu fjárlaganna varið til starfsemi innan þessara málaflokka. Norrænt samstarf á fjölmiðla- og kvikmyndasviði, um málefni barna og ungmenna, bættan norrænan málskilning og listkynningar utan Norðurlanda var meðal þess sem lagt var til að yrði styrkt. Einnig voru lagðar til auknar fjárveitingar til norræns vísindasamstarfs, nemenda- og kennaraskipta innan NORDPLUS og NORDPLUS-junior-kerfisins og til fullorðinsfræðslu.

Rannveig Guðmundsdóttir, formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs, sagði m.a. þegar hún gerði grein fyrir afstöðu nefndarinnar til tillögunnar að hún væri í aðalatriðum í samræmi við áherslur nefndarinnar enda hefði af hálfu ráðherranefndar verið haft samráð við hana á öllum stigum undirbúningsins. Hún kvað nefndina hafa talið æskilegt að lögð hefði verið fram tillaga um aukið norrænt sjónvarpssamstarf þar eð það væri mjög til þess fallið að auka málskilning og tengja ungt fólk á Norðurlöndum nánar norrænum uppruna sínum. Því lýsti hún ánægju með yfirlýsingu sænska forsætisráðherrans um að kannaðir yrðu möguleikar þess að koma á nánara norrænu sjónvarpssamstarfi um gervihnött. Hún fagnaði sérstaklega þeirri áherslu sem ráðherranefndin lagði í tillögunni á verkefni á sviði menningar- og menntamálasamstarfsins sem tengdust börnum og ungmennum. Hún fagnaði og fyrirhugaðri aukningu á fjárveitingum til Norræna menningarsjóðsins, ekki síst vegna þess að það mundi auka möguleika á styrkveitingum til eflingar norrænu grasrótarsamstarfi. Að lokum lagði hún áherslu á nauðsyn þess að efla upplýsingastarfið og gera norrænt menningarsamstarf sýnilegt bæði innan og utan Norðurlanda.

1.1.4.

Meðal annarra mikilvægra mála, sem til afgreiðslu komu á þinginu, var starfsáætlun ráðherranefndarinnar á sviði norræns löggjafarsamstarfs, samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um gæði matvæla, þingmannatillaga um framtíð norræns raforkusamstarfs (NORDEL), þingmannatillaga um skipulag fjármögnunarkerfis til að hreinsa Eystrasaltið og þingmannatillaga um félagslega þjónustu við aldraða.

1.1.4.1.

Ráðherranefndartillagan um starfsáætlun á sviði norræns löggjafarsamstarfs var lögð fram sem viðbót við þá löggjafaráætlun sem laganefnd ráðsins hafði lagt fram og ráðið samþykkt 1988. Ráðherranefndin tók fram í inngangi sínum um tillöguna að þróun mála á alþjóðavettvangi hefði fremur aukið þörf á norrænu löggjafarsamstarfi en hitt og laganefnd sagði í nefndaráliti sínu að gæta yrði þess að löggjafarsamstarf Norðurlanda færi ekki eingöngu fram á forsendum EB. Áætlunin tekur bæði til þess samstarfs sem fellur innan og utan þess sviðs sem EES-samningarnir taka til og tekur þannig m.a. til félagaréttar, vörumerkjalöggjafar, alþjóðlegs einkamálaréttar, refsiréttar, fjölskylduréttar og sjóréttar.

1.1.4.2.

Ráðherranefndartillaga sú um samstarfsáætlun um gæði matvæla, sem lögð var fyrir þingið, tekur við af þeirri áætlun sem í gildi hafði verið síðan 1988. Laganefnd ráðsins fagnaði sérstaklega að þar væri á ferðinni samstarf á sviðum sem lagasamræming EB næði ekki þegar yfir og því gætu Norðurlönd sameiginlega haft áhrif á undirbúning EB-löggjafarinnar. Laganefnd var sammála ráðherranefndinni um að þörf væri á auknum upplýsingum um gæði matvæla og neytendamál bæði til neytenda, framleiðenda og eftirlitsaðila.

1.1.4.3.

Í ljósi þeirrar þróunar, sem á sér stað á Norðurlöndum og í EB í átt að frjálsari raforkumarkaði þar sem samkeppni mun aukast, taldi efnahagsmálanefnd rétt, vegna þess hve vel NORDEL-samstarfið hefði reynst, að beina því til ráðherranefndarinnar að gera úttekt á starfi og framtíðarmöguleikum norræna raforkusamstarfsins, NORDEL.

1.1.4.4.

Umhverfisnefnd mælti með því að Norðurlandaráð samþykkti tilmæli til ráðherranefndarinnar um að vinna að því að koma á skipulegu fjármögnunarkerfi til að unnt verði að framkvæma starfsáætlun HELCOM um hreinsun Eystrasaltsins. Umhverfisnefnd ráðsins var sama sinnis og flutningsmenn tillögunnar um mikilvægi starfsemi HELCOM sem m.a. hefði gert úttekt á starfsemi 132 aðila sem flestir væru staðsettir í Póllandi og öðrum Austur-Evrópuríkjum og menguðu Eystrasaltið óhóflega. Einnig taldi nefndin að 20 ár væri of langur frestur til að bæta ástandið, en það væri sá tími sem hreinsun tæki ef ekki kæmi til frekara fjármagn. Af þessari ástæðu var lagt til áðurnefnt fjármögnunarkerfi og vísað til þess að möguleikar Austur-Evrópuríkjanna á lánum á alþjóðamarkaði væru takmarkaðir. Í nefndaráliti umhverfisnefndar var nefndur sá möguleiki að stofna sérstakan sjóð sem yrði fjármagnaður af ríkjunum kringum Eystrasaltið í hlutfalli við þjóðarframleiðslu og að sjófarendur um Eystrasalt greiddu einnig í sjóðinn.

1.1.4.5.

Félagsmálanefnd taldi á grundvelli þingmannatillögu um félagslega þjónustu við aldraða í framtíðinni að æskilegt væri að ríki Norðurlanda skiptust á upplýsingum um þá reynslu sem fengist hefði af mismunandi formi á þjónustu við eldri borgara hvað varðar húsnæðismál, aðhlynningu o.fl. Því væri rétt auk annars að efna til ráðstefnu um málefni aldraðra í ljósi þess að fjöldi aldraðra á Norðurlöndum mundi aukast til muna næstu áratugi.

2.2. 43. þing ráðsins.

1.2.1.

Norðurlandaráð hélt 43. þing sitt í Maríuhöfn á Álandseyjum 8.–10. nóvember 1993 og var það í annað sinn sem haldið var reglulegt þing bæði að hausti og vori. Helstu mál þingsins voru utanríkis- og varnarmál, atvinnumál og norræn fjárlög ársins 1994.

Almennar umræður þingsins voru helgaðar umræðum um utanríkis- og varnarmál. Vegna forustu Svía þetta starfsár kom það í hlut sænska utanríkisráðherrans *Margareta af Ugglas* að flytja inngangsræðuna. Aðalefni ræðu hennar var staða Norðurlanda í ljósi nýorðinna breytinga í Austur-Evrópu og þeirrar staðreyndar að þrjú norræn ríki hafa sótt um aðild að EB. Utanríkisráðherrann kvað öryggi Evrópu og þar á meðal Norðurlanda hefði aukist vegna þróunarinnar í Austur-Evrópu samtímis sem hún minnti á að landamæri Finnlands og Noregs við Rússland væru einu landamæri Vestur-Evrópu við Rússland. Því hefði ástandið þar bein áhrif á Norðurlönd. Hún fjallaði um samskipti ríkjanna í Austur-Evrópu við Atlantshafsbandalagið og kvað áhuga þeirra á bandalaginu tengdan áhuga þeirra fyrir því að Bandaríkin héldu ítökum sínum í Evrópu.

Ráðherrann kvað mikilvægt að auka tengsl Rússlands við önnur Evrópuríki. Öryggi Evrópu yrði að byggja upp í samvinnu við Rússland en ekki gegn því. Eins yrði RÖSE að eiga samstarf við Rússland og nýta sér rússnesk áhrif í ríkjum fyrrverandi Sovétríkjanna. Ráðherrann kvað það hafa afgerandi þýðingu fyrir Svía og væntanlega Norðurlöndin öll að treysta hið evrópska samstarf án þess að nýjar varnarlínur í öryggismálum yrðu dregnar upp. Hún kvað þá staðreynd að ekki hefði verið bundinn endi á stríðið í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu vera til marks um að auka þyrfti evrópskt samstarf fremur en draga úr því.

Utanríkisráðherrann lagði áherslu á nauðsyn þess að minnka hið efnahagslega misræmi sem ríkti milli borgara Norðurlanda og Rússlands. Svíar hefðu hug á að auka aðstoð við ákveðin svæði í Rússlandi, t.d. Pétursborgarsvæðið, samsvarandi þeirri aðstoð sem Eystrasaltsríkjunum er veitt m.a. við uppbyggingu lögreglu, landamæravörslu og strandgæslu.

Hún lauk ræðu sinni með því að segja sameiningu Evrópu vera hið sögulega hlutverk vorrar kynslóðar.

Tæplega 50 þingfulltrúar og ráðherrar tóku þátt í utanríkismálaumræðunum en sænski þingmaðurinn *Sten Andersson*, fyrrverandi utanríkisráðherra Svía, talaði þar fyrir hönd forsætisnefndar Norðurlandaráðs. Fyrir hönd flokkahóps sósíaldemókrata talaði norski þingmaðurinn *Torbjörn Jagland*, fyrir hönd flokkahóps miðjumanna talaði *Knud Enggaard*, fyrrverandi varnarmálaráðherra Dana, fyrir hönd flokkahóps hægri manna *Hans Engell*, fyrrverandi varnarmála- og dómsmálaráðherra Dana, og fyrir hönd flokkahóps vinstri sósíalista finnski þingmaðurinn *Outi Ojala*. Af hálfu Íslendinga tóku *Davíð Oddsson* forsætisráðherra og *Hjörleifur Guttormsson* alþingismaður þátt í umræðunum.

Sten Andersson lagði í ræðu sinni áherslu á hlutverk Norðurlandaráðs sem vettvangs fyrir formlegt samstarf Norðurlanda um gæslu hagsmuna sinna í Evrópubandalaginu en taldi að nauðsynlegt gæti reynst að breyta skipulagi Norðurlandaráðs þess vegna. Hann kvað það hafa verið eðlilegt að Norðurlandaráð beindi athygli sinni sérstaklega að grannsvæðunum við Eystrasalt en benti jafnframt á að Norðurlandaráð hefði á liðnu ári beint sjónum að norðursvæðunum, m.a. með því að halda ráðstefnu um málefni norðurheimskautssvæðanna í Reykjavík á liðnu sumri.

Thorbjörn Jagland lagði áherslu á nauðsyn þess að Norðurlönd leituðust við að hafa í sameiningu áhrif á þróunina í Evrópu og vísaði því á bug að þau væru of smá til að áhrifa þeirra gætti. Hann kvað Norðurlönd hafa valið mismunandi leiðir í utanríkismálum þennan áratug, en kvað það jákvætt fyrir Norðurlöndin öll ef þau sem vildu og gætu tækju fullan þátt í störfum Atlantshafsbandalagsins og í varnarmálasamstarfi EB. Hann kvað aðild Norðurlanda að EB geta orðið mikilvæga fyrir öryggi Evrópu. Landsvæði EB og Rússlands lægju saman og Norðurlönd gætu því aukið tengsl Vestur-Evrópu og Rússlands sem oft hefði haft tilhneigingu til að einangra sig.

Knud Enggaard varaði við því að bakslag gæti komið í þá lýðræðisþróun sem á sér stað í Rússlandi og tók undir með utanríkisráðherra Svía um hlutverk EB til að auka jafnvægið í Evrópu. Opnari landamæri milli Vestur- og Austur-Evrópu yrðu prófsteinn á það hvort við tækjum af alvöru þeirri áskorun sem leiddi af breytingunum sem fylgt hefðu í kjölfar hruns kommúnismans. Hann lýsti ánægju með að sænski utanríkisráðherrann hefði lýst áhuga norrænu ríkjanna á áframhaldandi bandarískum ítökum í Evrópu í ljósi þess að Atlantshafsbandalagið og Vestur-Evrópusambandið virtust vera að ná samkomulagi um samstarf um ákveðin verkefni. Hann kvað Norðurlandaráð geta orðið eðlilegan vettvang fyrir samræmingu mismunandi sjónarmiða um Evrópumál þegar fleiri norræn ríki gengju í EB.

Hans Engell kvað evrópskt samstarf verða æ mikilvægara nú þegar lok kalda stríðsins hefðu leitt til aukins frelsis án þess að þau hefðu leitt til aukins jafnvægis. Hann benti á að efnahagslegar og pólitískar umbætur tækju tíma og því hefði skapast aukið svigrúm fyrir þjóðernislegar og tækifærissinnaðar hreyfingar í Mið- og Austur-Evrópu. Hann kvað því aukin viðskipti við Mið- og Austur-Evrópu mikilvæg fyrir jafnvægið í álfunni. Hann taldi og mikilvægt fyrir Norðurlönd að styrkur Atlantshafsbandalagsins héldist og hvatti til stuðnings við tillögu hægri manna um að Rússar drægju til baka herafla sinn í Eistlandi og Lettlandi.

Outi Ojala benti á mikilvægi þess að öll ríki Evrópu auk Bandaríkjanna og Kanada stuðluðu að því að RÖSE yrði gerð að miðstöð um gæslu öryggis Evrópu. RÖSE ætti að verða eins konar svæðisbundin öryggisstofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna. Hún sagði að þó svo að Atlantshafsbandalagið hefði ákveðnu hlutverki að gegna um jafnvægi gætu öryggismál Evrópu ekki hvílt á samtökum sem væru beinlínis hernaðarlegs eðlis. Þar sem teikn væru á lofti um að Atlantshafsbandalagið tæki ekki við nýjum aðildarríkum næstu ár gæfist færi fyrir ríkisstjórnir Norðurlanda á að ræða framtíð RÖSE. Hún kvað ríkisstjórnir Norðurlanda tala eins og það eina sem máli skipti væri að gefa utanríkisstefnu EB norræna vídd. Að sínu mati væri spurningin frekar hvaða valkostur væri fyrir hendi ef þjóðir Norðurlanda greiddu atkvæði gegn aðild að EB. Eðlilegast væri að binda stórveldin í evrópsku öryggisbandalagi og byggja þannig upp öryggi Evrópu með Rússlandi en ekki á móti því. Því ætti að styrkja RÖSE og aðildarríki þess ættu að stofna sameiginlegt öryggisráð sem hefði vald til að koma í veg fyrir átök og leysa deilur.

Davíð Oddsson forsætisráðherra kvað óvissu einkenna ástand það sem skapast hefði eftir lok kalda stríðsins. Þó ástæða væri til nokkurrar bjartsýni væri ástandið í Evrópu varhugavert. Þær lausnir, sem einstök ríki eða minnihlutahópar leituðu, gætu verið á kostnað jafnvægisins í öryggismálum Evrópu. Ríki Vestur-Evrópu yrðu að skoða vandamál ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu í víðara samhengi. Sú siðferðisskylda hvíldi á ríkjum Vestur-Evrópu að verða við óskum og væntingum hinna nýfrjálsu ríkja en jafnframt væri ljóst að öryggi Vestur-Evrópu yrði ekki tryggt á kostnað Rússlands. Leitast þyrfti við að nýta þann styrk sem Rússland byggi yfir til hagsbóta fyrir Evrópu alla með því að styrkja tengslin milli austur- og vesturhluta hennar. Hann kvað þá skoðun njóta æ meira fylgis að öryggi yrði best tryggt með útbreiðslu lýðræðisins og auknum mannréttindum. Norðurlönd hefðu mikið að bjóða umheiminum hvað varðaði reynslu og gætu þau þannig lagt sitt af mörkum til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir.

Hjörleifur Guttormsson minnti á þær breytingar sem orðið hefðu í Evrópusamstarfinu síðasta ár, m.a. með EES- og Maastricht-samningunum, og kvað Maastricht-samninginn bindandi skref í átt að stofnun Bandaríkja Evrópu sem byggðu ekki á vilja þjóðanna sjálfra frekar en EES-samningurinn og vísaði í því sambandi til þjóðaratkvæðagreiðslnanna í Danmörku og Frakklandi. Hann lýsti furðu yfir því að ýmsir ræðumenn hefðu fært fram öryggissjónarmið sem rök fyrir aðild að Vestur-Evrópusambandinu og teldu nú helstu ógnunina felast í óvissunni um framtíð Rússlands. Hann kvað hættuna frekar felast í því vestur-evrópska ríkjasambandi sem verið væri að mynda þar eð það skipti Evrópu á sama hátt og járntjaldið hefði áður gert. Réttara væri að leggja áherslu á að styrkja RÖSE.

1.2.2.

Að loknum almennu umræðunum tóku við umræður um málefni nefndanna. Fyrir þingið voru lagðar tvær ráðherranefndartillögur og 32 þingmannatillögur. Ekki voru leyfðar munnlegar fyrirspurnir á sjálfu þinginu. Í framhaldi af tillögunum voru gerðar 14 samþykktir sem fylgja skýrslu þessari sem fylgiskjal II.

1.2.3.

Fjárlagatillögur ráðherranefndar Norðurlanda fyrir árið 1994 komu til afgreiðslu annan dag þingsins. Upphæð tillagnanna var óbreytt frá síðasta ári, 650.670 millj. danskra króna. Skipting fjárveitinganna samkvæmt tillögunni milli samstarfssviða var í samræmi við þá ákvörðun forsætisráðherra Norðurlanda að auka til muna samstarfið á sviði menningarmála, menntunar og vísinda og að kosta þá aukningu með niðurskurði á öðrum samstarfssviðum, aðallega sjávarútvegssamstarfi, starfi því er varðaði réttindi borgaranna og efnahagssamstarfi. Árið 1994 skyldi þó niðurskurðurinn ekki koma niður á samstarfinu af fullum þunga vegna þess að óráðstöfuðum fjárveitingum frá árinu 1992, samtals að upphæð 31 millj. danskra króna, yrði skipt niður á nokkur verkefni sem talið var að harðast yrðu úti. Eftir umfjöllun um fjárlagatillögurnar í landsdeildum, flokkahópum og málefnanefndum lagði fjárlaga- og eftirlitsnefnd ráðsins fram fyrir þingið tillögu um að fjárlögin yrðu samþykkt með þeim breytingum að fyrirhuguð aukning til menningarsamstarfsins yrði lækkuð um 7 millj. danskra króna sem varið yrði til stuðnings við samtök fatlaðra, til samstarfs um neytendamál, byggingarmál, félagsmál og til aðgerða gegn vímuefnaneyslu. Skiptar skoðanir voru meðal þingfulltrúa um fjárlögin og var það skoðun margra að vænlegra hefði verið að fara mun hægar í sakirnar hvað varðaði áherslubreytingarnar þó svo að sæst hefði verið á að leggja ekki til frekari tilfærslur. Nítján full-

trúar tóku þátt í umræðunum og meðal þeirra voru íslensku fulltrúarnir Rannveig Guðmundsdóttir og Árni M. Mathiesen. Tillaga fjárlaganefndar var samþykkt af þinginu og samstarfsráðherrar Norðurlanda samþykktu síðan á fundi strax að þinginu loknu fjárlögin með þeim breytingum sem þingið hafði lagt til.

1.2.4.

Til grundvallar umræðunum um atvinnumál, sem fóru fram síðasta dag þingsins, lágu fimm þingmannatillögur, ein frá hverjum flokkahópi eða nafngreindum fulltrúum viðkomandi hóps. Í öllum tillögunum var áhersla lögð á að atvinnuleysi væri alvarlegt og flókið vandamál og sérstaklega bent á alvarlegar afleiðingar af atvinnuleysi ungs fólks og langvarandi atvinnuleysi. Aðgerðir þær, sem bent var á í tillögunum, voru í samræmi við þær mismunandi stjórnmálastefnur sem flytjendur fylgdu og því ólíkar innbyrðis. Efnahagsmálanefnd sá sér því ekki fært að sameinast um tillögur til ráðherranefndarinnar um beinar aðgerðir en lagði þess í stað til að ráðið mæltist til þess við ráðherranefndina að hún legði fram fyrir 1. mars 1994 tillögur um aðgerðir á norrænum vettvangi sem væru til þess fallnar að auka atvinnu. Nefndin benti sérstaklega á nauðsyn þess að ræða atvinnumál á öllum stigum bæði innan landanna og á alþjóðavettvangi. Nefndin minnti í því sambandi á ráðstefnu þá sem hún hefði boðað til um efnið 11.–12. apríl 1994.

Hjörleifur Guttormsson lagði til í minnihlutaáliti sem viðauka við álit efnahagsmálanefndar að Norðurlandaráð mæltist til þess við ráðherranefndina að hún

— gerði ráðstafanir til að styrkja opinbera geirann sérstaklega á sviði heilbrigðis- og umönnunarmála og mennta- og menningarmála í því skyni að koma í veg fyrir niðurskurð og fjölga atvinnutækifærum,
— fjölgaði atvinnutækifærum á samgöngusviði með því að leggja áherslu á almenningssamgöngur á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra,
— gerði ráðstafanir til að koma á samræmdri norrænni stefnu í atvinnumálum og til að takmarka frjálst flæði fjármagns,
— stuðlaði að dreifingu atvinnutækifæra með styttum vinnutíma og takmarkaðri yfirvinnu.

Tillaga nefndarinnar var samþykkt en minnihlutatillagan felld með 43 atkvæðum gegn 12.

Í almennu umræðunum um atvinnumál tóku 33 þingmenn og ráðherrar til máls. *Lars P. Gammelgaard*, sem talaði fyrir hönd efnahagsmálanefndar, benti m.a. á að atvinnuleysi á Norðurlöndum væri nú alvarlegra en það hefði verið undanfarinn áratug enda væru meira en milljón Norðurlandabúar atvinnulausir. Langvarandi atvinnuleysi og atvinnuleysi ungs fólks væri svo alvarlegt vandamál að allir hugsandi menn skildu að aðgerðir gegn atvinnuleysi hlytu að vera forgangsverkefni yfirvalda á öllum stigum. Hann kvað afstöðu nefndarinnar byggjast á því að ábyrgðin á því að leggja þann grundvöll, sem glætt gæti atvinnulífið, hvíldi fyrst og fremst á norrænu ríkjunum hverju og einu en jafnframt væru samræmdar aðgerðir á alþjóðlegum grundvelli nauðsynlegar. Undir öllum kringumstæðum þyrfti að tryggja að aðgerðir í einu landi sköðuðu ekki önnur lönd. Það væri álit nefndarinnar að á grundvelli norrænna samninga og tengsla milli stofnana á Norðurlöndum væri unnt að grípa til sameiginlegra aðgerða sem væru til þess fallnar að styrkja og undirbyggja aðgerðir ríkjanna hvers um sig. Til slíkra aðgerða þyrfti norrænt fjármagn þó að augljóst væri að norrænar aðgerðir einar sér hefðu ekki afgerandi þýðingu fyrir atvinnuástandið á Norðurlöndum. Hann kvað efnahagsmálanefnd nefna fjölmargar aðgerðir í nefndaráliti sínu sem raunhæft væri að ráðherranefndin leggði mat á hið fyrsta.

Halldór Ásgrímsson, sem talaði fyrir hönd miðflokkanna, kvað útlendingahatur geta verið afleiðingu mikils atvinnuleysis sem sýndi best hve alvarlegt það væri. Því teldi miðflokkahópurinn mikilvægt að gripið væri til aðgerða gegn því. Hann kvað atvinnumál hafa forgang hjá öllum norrænu ríkisstjórnunum, en það þýddi þó ekki að með því væri vandinn leystur. Nauðsynlegt væri að viðurkenna, þrátt fyrir mismunandi stjórnmálaskoðanir, að hér væri um að ræða vanda sem ekki yrði leystur með venjubundnum hagstjórnaraðferðum. Ríkisstjórnir og önnur yfirvöld hefðu það að langtímamarkmiði að koma á stofn nýjum framleiðslugreinum. Lausnin lægi m.a. í auknu norrænu samstarfi á sviði efnahags- og atvinnumála þó að staða Norðurlanda væri mismunandi. Norrænt samstarf milli fyrirtækja og rannsókna- og menntastofnana mundi styrkja samkeppnisaðstöðu Norðurlanda. Hann nefndi og Norræna fjárfestingarbankann og Verkefnaútflutningssjóðinn og aukið samstarf um orku- og umhverfismál í þessu sambandi. Hann lýsti að lokum stuðningi við nefndarálit efnahagsnefndar.

Geir H. Haarde, sem talaði fyrir hönd flokkahóps hægri manna, kvað það ljóst að hagvöxtur væri forsenda þess að unnt væri að minnka atvinnuleysi og vísaði til yfirlýsinga norrænu forsætis- og fjármálaráðherranna fyrr í vikunni. Norðurlönd gætu hvorki hvert um sig né sameiginlega leyst atvinnuleysisvandamálin en þau gætu leitað lausna sem tengdust öðru alþjóðasamstarfi, bæði í Evrópu og innan GATT-samkomulagsins. Hann kvað það vera mikilvægt pólitískt markmið að tryggja framkvæmd EES-samningsins þannig að samkeppni ykist og auðlindir nýttust sem best. Í nefndaráliti efnahagsmálanefndar kvað hann vera komið inn á það mikilvægasta hvað varðaði Evrópusamstarfið en lagði auk þess áherslu á þýðingu þess að gera samning Finnlands, Noregs og Svíþjóðar við EB þannig að hann yrði góður grundvöllur þróunar efnahagslífs landanna. Hann kvað hægri menn leggja áherslu á að samræma stefnu í vaxtamálum Evrópu, að fella niður eignarskatta, auka samkeppnishæfni fyrirtækja, lækka tekjuskatta einstaklinga, minnka skrifræðið og gera skólakerfið sveigjanlegra. Að lokum lýsti hann stuðningi við nefndarálit efnahagsnefndar.

Hjörleifur Guttormsson, sem talaði fyrir hönd vinstri sósíalista, kvað þá ríku áherslu sem ríkisstjórnirnar legðu á jafnvægi í peningamálum hafa valdið auknu atvinnuleysi. Frjálsara flæði fjármagnsins og aukin völd fjölþjóðlegra fyrirtækja hefðu takmarkað til muna möguleika ríkjanna á að stýra efnahagsmálum þjóðanna. Meðaltalsatvinnuleysistölur upp á 10,5% vinnuafls í EB segðu ekki nema hálfan sannleikann því atvinnuleysi ungs fólks væri víða mun meira og sama máli gegndi um atvinnuleysi kvenna. Það markmið að koma atvinnuleysinu niður í 7% um aldamót kvað hann ekki háleitt. Nokkuð breið samstaða væri um þá skoðun að atvinnuleysið nú ætti ekki eingöngu rót sína að rekja til almenns samdráttar heldur einnig að miklum hluta til skipulagsbreytinga. Hins vegar væru skiptar skoðanir um hverjar væru mikilvægustu ástæður þess hluta atvinnuleysisins sem væri vegna skipulagsbreytinga. Þessi ólíku sjónarmið endurspegluðust í þingmannatillögum flokkahópanna um atvinnumál. Hann kvað alþjóðahyggju í efnahagsmálum og frjálshyggju í markaðsmálum vera meðal þess sem kynni að leiða til stóraukins atvinnuleysis í heiminum, en gagnrýni á markaðshyggjuna hefði nú aukist víða í Evrópu og Norður-Ameríku. Hið gagnstæða væri hins vegar uppi á teningnum á Norðurlöndum án tillits til hvort hægri flokkar eða sósíaldemókratískir flokkar væru þar við völd og þetta endurspeglaðist í nefndaráliti efnahagsnefndar. Í ljósi þess að EES- og Maastricht-samningarnir væru að ganga í gildi væri ekki von að skoðanir vinstri sósíalista um mikilvægi þess að þjóðríkin héldu stjórn efnahagsmála nytu fylgis. Þó að vinstri sósíalistar hefðu talið æskilegra að fastar hefði verið kveðið að orði í tillögu efnahagsmálanefndar kvað

hann þá styðja tillöguna en sérálit hans væri viðauki við hana.

Sighvatur Björgvinsson, samstarfsráðherra Norðurlanda, lýsti þeim breytingum sem orðið hefðu á atvinnuástandinu á Íslandi síðan á stríðsárunum og kvað atvinnuleysið hafa verið orðið 5% síðastliðið vor. Það hefði verið komið niður í 3,5% í haust vegna opinberra aðgerða en meðaltal ársins 1993 yrði 4–4,5%. Spáð væri ámóta atvinnuleysi næsta ár þó að takmarkanir á fiskveiðum yrðu meiri en árið áður því að efnahagshorfur væru að öðru leyti góðar, raungengi krónunnar lágt og vextir lækkandi. Auk þess væri búist við að EES-samningurinn hefði jákvæð áhrif á efnahagslífið. Það breytti þó engu um þá áherslu sem lögð væri á norrænt samstarf, en samstarfið á menntamála- og rannsóknasviði og um nýsköpun væru afar þýðingarmiklir þættir í baráttunni við atvinnuleysið.

Sigríður A. Þórðardóttir kvað atvinnumálin vera í brennidepli ekki bara á Norðurlöndum og í Evrópu enda hefðu þau afgerandi þýðingu fyrir velferð þjóðanna. Norðurlönd hefðu byggt upp sterkt og dýrt velferðarkerfi sem einkenndist af öryggi fyrir borgarana en einnig af háum sköttum sem legðust á einstaklinga og atvinnufyrirtæki. Nauðsynlegt væri að lækka skatta, auka valddreifingu, minnka umfang hins opinbera, auka nýsköpun í atvinnulífinu og gefa atvinnufyrirtækjunum tækifæri á að blómstra. Þannig mundi atvinnutækifærum fjölga. EES-samningnum fylgdi aukið frelsi í viðskiptum og aukin samkeppnishæfni fyrir norræn fyrirtæki á Evrópumarkaði.

Til að auka nýsköpun í atvinnulífinu væri nauðsynlegt að leggja áherslu á fjárfestingar í rannsókna- og þróunarstörfum til að auka samkeppnisfærni fyrirtækjanna. Auk þess þyrfti að koma til eftir- og endurmenntun en tækniþróun væri svo hröð að menntun yrði mun fyrr úrelt en áður.

2. ÍSLANDSDEILD NORÐURLANDARÁÐS

2.1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild og fastanefndir Norðurlandaráðs.

3. nóvember 1992 kaus Alþingi eftirtalda þingmenn til setu í Norðurlandaráði til eins árs: Geir H. Haarde, Rannveigu Guðmundsdóttur, Árna M. Mathiesen, Sigríði A. Þórðardóttur, Halldór Ásgrímsson, Hjörleif Guttormsson og Kristínu Einarsdóttur. Varamenn voru kosnir: Sturla Böðvarsson, Karl Steinar Guðnason, Árni Johnsen, Ingi Björn Albertsson, Valgerður Sverrisdóttir, Svavar Gestsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Á fundi í Íslandsdeild þann sama dag skipti deildin þannig með sér verkum að Halldór Ásgrímsson var kosinn formaður og tilnefndur í forsætisnefnd Norðurlandaráðs og endurkosinn í laganefnd, Geir H. Haarde var kosinn varaformaður deildarinnar og tilnefndur í forsætisnefnd, Rannveig Guðmundsdóttir var endurkosin í menningarmálanefnd, Árni M. Mathiesen var endurkosinn í fjárlaganefnd og tilnefndur í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt, Sigríður A. Þórðardóttir var endurkosin í félagsmálanefnd, Hjörleifur Guttormsson var endurkosinn í efnahagsmálanefnd og Kristín Einarsdóttir var endurkosin í umhverfismálanefnd og tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt.

Á Norðurlandaráðsþinginu í Ósló 2. mars 1993 var kosið í trúnaðarstöður í samræmi við framangreindar tilnefningar Íslandsdeildar. Einnig var Rannveig Guðmundsdóttir endurkosin formaður menningarmálanefndar, Hjörleifur Guttormsson endurkosinn í kjörnefnd og Geir H. Haarde kosinn í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans fyrir tímabilið frá maí 1993 til apríl 1995.

28. september 1993 tilnefndi flokkahópur vinstri sósíalista Hjörleif Guttormsson í forsætisnefnd í stað Tora Aasland Haug sem hætti á norska þinginu að afloknum þingkosningum þar í september 1993.

18. desember kaus Alþingi sömu menn til setu í Norðurlandaráði næsta starfsár. Sú breyting var gerð að í stað Karls Steinars Guðnasonar var Petrína Baldursdóttir kosin varamaður í ráðinu.

2.2. Störf Íslandsdeildar Norðurlandaráðs

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt tíu fundi á starfsárinu.

2.2.1.

Í tengslum við 42. þing ráðsins í Ósló átti deildin fund með fulltrúum þeirra íslensku ungliða stjórnmálaflokkanna sem sóttu þingið. Á fundinum var rætt um þau mál sem ungliðarnir vildu að áhersla yrði lögð á í norrænu samstarfi og lokaályktun Norðurlandaráðsþings æskunnar sem haldið var dagana fyrir þingið var kynnt. Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra sat fundinn.

2.2.2.

Í júní 1993 átti deildin fund með Eiði Guðnasyni, þáverandi samstarfsráðherra Norðurlanda, þar sem norrænu fjárlagatillögurnar fyrir 1994 voru til umræðu. Af hálfu Íslandsdeildar var lýst áhyggjum vegna þess niðurskurðar á norrænu samstarfi á atvinnumála- og rannsóknasviði sem líklega mundi leiða af fyrirhugaðri aukningu samstarfsins á menningarsviði. Um norrænu fjárlagatillögurnar var auk þess fjallað á flestum fundum deildarinnar fram að 43. þingi ráðsins í Maríuhöfn þar sem tillögurnar voru bornar undir atkvæði.

2.2.3.

Dagana 16. og 17. ágúst var haldin í Háskólabíói í Reykjavík á vegum forsætisnefndar Norðurlandaráðs fjölþjóðleg þingmannaráðstefna um þróun og vernd norðurheimskautssvæðisins. Ráðstefnan var haldin í samræmi við ákvörðun Norðurlandaráðs á grundvelli tillögu frá Halldóri Ásgrímssyni. Hana sóttu u.þ.b. 60 fulltrúar frá tíu þjóðþingum auk fulltrúa alþjóðlegra stofnana, embættismanna og fréttamanna. Efnislegur undirbúningur ráðstefnunnar var á hendi vinnuhóps sem í áttu sæti fimm þingmenn en framkvæmdin og undirbúningur ráðstefnuhaldsins var á hendi skrifstofu Íslandsdeildar.

Deildin hélt sameiginlegan undirbúningsfund með þeim fulltrúum sem sóttu ráðstefnuna sem fulltrúar Alþingis.

Á ráðstefnunni var samþykkt lokaskjal með áskorunum til viðkomandi ríkisstjórna um úrbætur á sviði umhverfis- og þróunarmála. Lokaskjalið fylgir skýrslu þessari sem fylgiskjal IV.

Jafnframt var ákveðið að stofna fasta þingmannanefnd til að fylgja eftir ályktunum þingsins og meta nauðsyn áframhaldandi samstarfs. Halldóri Ásgrímssyni var síðar af forsætisnefnd Norðurlandaráðs falið að vera þar í forsvari. Kanadísku þingfulltrúarnir buðust til þess í lok ráðstefnunnar að halda næstu ráðstefnu um málefni norðurheimskautssvæðisins.

Í framhaldi máls þessa lagði Hjörleifur Guttormsson fram í Norðurlandaráði tvær tillögur um umhverfisvernd og aðgerðir gegn kjarnorkuvá á norðurslóð. Þær koma væntanlega til umfjöllunar á 44. þingi ráðsins í Stokkhólmi.

2.2.4.

Norrænir fréttamannastyrkir voru á árinu veittir fjórum íslenskum fréttamönnum. Samanlagt var styrkupphæðin jafnvirði 75.000 sænskra króna. Íslandsdeild ákvað að eftirgreindir fréttamenn hlytu styrki: Ágúst Þór Árnason, Björg Árnadóttir, Karl Garðarson og Sigurjón Magnús Egilsson.

2.2.5.

Árið 1992 var ákveðið að veita þingmönnum frá Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og Rússlandi norræna styrki til að heimsækja Norðurlönd og kynna sér framkvæmd lýðræðis og þingræðis og auka við faglega þekkingu sína. Á árinu 1993 heimsóttu fjórir þingmenn Ísland. Áætlað er að 25 þingmenn heimsæki Norðurlönd 1994 í fimm hópum og að tveir hópanna heimsæki Ísland. Þau málefni, sem sérstaklega verða kynnt hér á landi, eru sjálfsstjórn sveitarfélaga, vinnumarkaðsmálefni, neytendamál og efnahagsmál.

2.2.6.

Á fundi Íslandsdeildar á starfsárinu með formanni stjórnar Norræna félagsins og framkvæmdastjórn þess var rætt um þingmannatillögu þá sem samþykkt var á 42. þingi ráðsins í Ósló og nefnd hefur verið NORDLIV, en í tillögunni er gert ráð fyrir þátttöku Norrænu félaganna í framkvæmd ákveðinna verkefna. Fulltrúar í Íslandsdeild lýstu stuðningi við þátttöku Norrænu félaganna í framkvæmdinni.

2.2.7.

Kjörnefnd Norðurlandaráðs var falið á starfsárinu að leggja fyrir forsætisnefnd ráðsins tillögur um nýjar starfsreglur sem leggja skyldi til grundvallar tillögum kjörnefndar um kjör í trúnaðarstöður í ráðinu. Íslandsdeild fylgdist með þessum störfum gegnum fulltrúa sinn þar, Hjörleif Guttormsson, enda voru til umræðu í kjörnefnd tillögur um að fella niður ákvæði í starfsreglum kjörnefndar um að skipað skuli þannig í formannsstöður í fastanefndum ráðsins að formenn kæmu frá landsdeildunum öllum, en Íslandsdeild hefur lagt áherslu á jafnan rétt landsdeildanna í þessu tilliti sem öðru. Formaður kjörnefndar skilaði tillögum sínum til forsætisnefndar sem tók á fundi sínum í desember 1993 ákvörðun um nýjar reglur. Samkvæmt þeim er réttur landsdeildanna til að fá a.m.k. eina formannsstöðu bundinn í reglunum jafnframt því sem kjörnefnd fær sjálfstæðan rétt til að tilnefna í trúnaðarstöður, en þann rétt höfðu í raun bara landsdeildirnar áður. Sigríður A. Þórðardóttir varð fulltrúi flokkahóps hægri manna í kjörnefndinni 27. janúar 1994.

2.2.8.

Í tilefni þess að Snjólaug Ólafsdóttir, ritari og skrifstofustjóri Íslandsdeildar, sagði á starfsárinu stöðu sinni lausri frá áramótum 1993–94 var staða forstöðumanns skrifstofu deildarinnar auglýst laus til umsóknar. Um stöðuna bárust 42 umsóknir og á fundi sínum 4. nóvember ákvað deildin að ráða Elínu Flygenring lögfræðing til að gegna stöðu forstöðumanns. Hún hóf störf 1. febrúar 1994.

3. STARFSEMI NEFNDA NORÐURLANDARÁÐS

3.1. Forsætisnefnd.

Forseti Norðurlandaráðs er Jan P. Syse, en hann tók við af Illka Suominen á þingi Norðurlandaráðs í Ósló í mars 1993. Fulltrúar Íslandsdeildar í forsætisnefnd eru Halldór Ásgrímsson og Geir H. Haarde, en Hjörleifur Guttormsson tók sæti í nefndinni á vegum flokkahóps vinstri sósíalista 26. október 1993.

Forsætisnefnd hélt 10 fundi á árinu. Nefndin hélt fundi með forsætisráðherrum Norðurlandanna í sambandi við þing ráðsins 1. mars í Ósló og 8. nóvember í Maríuhöfn. Efni fundarins í Ósló var staðan í EES-samningunum, samstarf við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland ásamt atvinnumálum. Í Maríuhöfn var m.a. rætt um stöðuna í aðildarviðræðunum við EB, sjónvarpssamvinnu ríkjanna, atvinnumál og hlut Sama í starfi Norðurlandaráðs. Forseti Norðurlandaráðs hélt einn fund með nefndarformönnum og sérstakan fund með formönnum flokkahópanna um afgreiðslu norrænu fjárlaganna og um virka formennsku hjá ráðinu.

Skipulagsmál og aukin völd Norðurlandaráðs til áhrifa á norrænu fjárlögin ásamt alþjóðlegum samskiptum einkenndu störf forsætisnefndar Norðurlandaráðs á árinu.

3.1.1.

Fjölþjóðleg þingmannaráðstefna á vegum forsætisnefndar um samstarf og málefni heimskautssvæðisins var haldin á Íslandi 16.–17. ágúst 1993. Ráðstefnan var haldin í samræmi við samþykkt sem gerð var á 40. þingi ráðsins að frumkvæði Halldórs Ásgrímssonar. Fræðimenn og sérfræðingar lögðu fram gögn fyrir ráðstefnuna um þau sérstöku málefni sem ráðstefnan fjallaði um, en það voru aðallega umhverfismál og þróun atvinnumála á svæðinu, staða frumbyggja svæðisins, öryggis- og varnarmál á heimskautssvæðinu og stofnun formlegs samstarfs milli þjóða heimskautssvæðisins. Sérstakt lokaskjal ráðstefnunnar var sent til ríkisstjórna viðkomandi landa, fskj. IV. Sérstök þingmannanefnd með þingmönnum frá þeim ríkjum sem sóttu ráðstefnuna var stofnuð til að þrýsta á að lokasamþykktinni verði fylgt eftir. Að ráðstefnunni var gerður mjög góður rómur, bæði hvað varðar faglegt og pólitískt innihald og jók hún áhuga manna á málefnum heimskautssvæðisins innan ramma norrænnar samvinnu, sjá einnig 2.2.3.

3.1.2.

Í mars gerði forsætisnefnd samþykkt um framtíðarverkefni ráðsins og ábyrgð landanna á að fylgja eftir málum innan Norðurlandaráðs. Í samþykktinni var ákveðið að mikilvægustu samstarfssvið ráðsins væru: menningar- og menntamál, rannsóknir, umhverfismál, réttindi borgaranna, fjárhagsmál, fiskveiðar og lagaleg málefni. Þar að auki voru atvinnumálin og atvinnuleysi ásamt utanríkis- og öryggismálum ákveðin sem forgangsmálefni. Forsætisnefnd sá ekki þörf á að breyta samsetningu ráðsins eða nefndum, en fjárlaganefnd ráðsins var fengin sérstök ábyrgð á Evrópumálefnum. Landsdeildum ráðsins var uppálagt að fylgja betur eftir málefnum sem fjallað hefur verið um í ráðinu með því m.a. að krefja ráðherra svara um til hvaða aðgerða hefði verið gripið í þeim tilgangi að verða við samþykktum ráðsins. Auk þess ákvað forsætisnefnd að bjóða norrænu utanríkisráðherrunum árlega til haustþings til þess að flytja skýrslu um utanríkis- og öryggismál sem grundvöll umræðnanna þar.

3.1.3.

Í byrjun ársins var gerð athugun á þeim möguleika að sameina skrifstofur forsætisnefndar Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Forsætisnefnd komst að þeirri niðurstöðu að þessi sameining væri ekki tímabær. Í framhaldi af því ákvað forsætisnefnd að gera úttekt á skipulagi og vinnuháttum á forsætisnefndarskrifstofunni. Á grundvelli þeirrar úttektar ákvað forsætisnefnd að leggja til breytingar á skipulagi skrifstofunnar og mönnun í því skyni að bæta forsendur fyrir gerð úttekta, nýrri upplýsingastefnu og betri stjórnun skrifstofunnar.

3.1.4.

Forsætisnefnd átti í mars fund með fulltrúum frá Evrópuþinginu þar sem gerð var grein fyrir þeim málefnum sem væru á döfinni og aðildarviðræðunum. Forsætisnefndin hitti sérstaklega að máli danska fulltrúann í framkvæmdanefnd EB, Henning Christophersen.

3.1.5.

Á árinu var á öllum Norðurlöndunum tekið á móti þingmönnum frá Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og Rússlandi samkvæmt ákvörðunum forsætisnefndar, en þingmönnunum er með því gefinn kostur á að kynna sér lýðræði og þingræði á Norðurlöndunum og auka faglega þekkingu sína, sjá 2.2.5.

3.2. Laganefnd.

Sænski þingmaðurinn Hans Nyhage er formaður nefndarinnar, en Halldór Ásgrímsson er íslenski fulltrúinn í nefndinni.

Laganefnd hélt fimm fundi á árinu og þar að auki fund með jafnréttisráðherrum landanna. Nefndinni gafst kostur á að hitta þingmenn frá Eystrasaltsríkjunum í tengslum við þing ráðsins í Ósló.

Í janúar var haldinn fundur með ráðherrum þeim er fara með jafnréttismál. Var þar rætt um samstarfsáætlunina um jafnréttismál og fyrirhugaða norræna kvennaráðstefnu, „Nordisk Forum“, í Åbo 1994.

3.2.1.

Nefndin hafði til umfjöllunar á árinu ráðherranefndartillögu til breytinga á samstarfssamningi Norðurlandanna, Helsingfors-samningnum, í þá veru að utanríkismálefni eru tekin inn í samninginn, forsætisráðherrar eru gerðir ábyrgir fyrir yfirstjórn Norðurlandasamstarfsins og Norðurlandaráð getur breytt forgangsröð í fjárlagatillögum ráðherranefndarinnar innan fjárlagarammans. Tillagan var samþykkt á þinginu í Ósló í mars. Laganefndin óskaði í sinni álitsgerð eftir að ráðherranefndinni yrði gert skylt að fylgja eftir tillögum ráðsins um forgangsröðun verkefna innan fjárlagarammans. Þessu breytti nefndin á næsta þingfundi eftir andstöðu þingfulltrúa við fyrri tillöguna.

3.2.2.

Ráðherranefndartillaga, sem laganefndin hafði fjallað um, um starfsáætlun norrænnar lagasetningarsamvinnu var einnig samþykkt á þinginu í mars, en í henni felst ný samstarfsáætlun um norrænt löggjafarsamstarf til fimm ára þar sem ráðherranefndinni er gert að hafa norrænt frumkvæði um lagasetningu og ekki eingöngu fylgja lagasetningum EB. Enn fremur var ráðherranefndinni falið að kanna hvort Eystrasaltsríkin gætu notið góðs af þessari samvinnu.

3.2.3.

Nefndin fjallaði enn fremur um norræna samstarfsáætlun um gæði matvæla sem samþykkt var á þinginu í mars í Ósló þar sem upplýsingar til neytaendans og heilsa borgaranna, ásamt gæðum matvæla, voru hafðar í hávegum.

3.2.4.

Á þinginu í Maríuhöfn var samþykkt samstarfsáætlun um neytendamálefni, en nefndin hafði þá tillögu til umfjöllunar. Markmið hennar er m.a. það að hafa áhrif á þróun þeirra mála innan Evrópubandalagsins.

3.2.5.

Málefni Sama voru á dagskrá laganefndar á árinu. Samaráðið hafði farið þess á leit að Samar fengju aðild sem fullgildir fulltrúar í Norðurlandaráði. Fulltrúar laganefndar sátu fund forsætisnefndar Norðurlandaráðs með fulltrúum Samaþinganna. Þar voru menn sammála um að samvinna við fulltrúa Sama í Norðurlandasamstarfi hefði aukist á sl. 10 árum og að áframhaldandi jákvæð þróun í þeim efnum væri nauðsynleg.

Laganefnd heimsótti EB-dómstólinn í Lúxemborg og framkvæmdanefnd EB í Brussel í mars.

3.3. Menningarmálanefnd.

Formaður menningarmálanefndar og jafnframt eini íslenski fulltrúinn í nefndinni er Rannveig Guðmundsdóttir.

Nefndin hélt átta fundi á árinu og auk þess samráðsfundi með ráðherrum menningar- og menntamála í janúar, júní og nóvember, en þann fund sat einnig stjórn Norræna menningarsjóðsins.

3.3.1.

Framtíð norræna menningarsamstarfsins var fastur liður á dagskrá nefndarinnar allt árið vegna þeirrar ákvörðunar forsætisráðherra Norðurlandanna að veita menningar- og menntamálasamstarfinu forgang innan Norðurlandasamstarfsins. Stefnt er að því að í fjárlögum ársins 1996 skuli helmingur fjárveitinganna renna til þessara málaflokka. Í framhaldi af ákvörðuninni setti ráðherranefndin fram tillögu um framtíðarskipan menningar-, mennta- og rannsóknasamstarfsins.

Nefndin fylgdist náið með tillögugerðinni, m.a. gegnum samráðsfundi með ráðherrunum. Ráðherranefndartillagan var samþykkt á þinginu í Ósló. Nefndin taldi tillöguna samsvara að miklu leyti forgangsröðun verkefna hjá nefndinni sjálfri en hefði óskað eftir ákveðnari tillögum á vissum sviðum. Einkum óskaði nefndin eftir auknum metnaði varðandi sjónvarpssamvinnu Norðurlanda. Nefndin taldi stóraukningu á nemendaskiptum vera forsendu þess að tungumálaerfiðleikar minnkuðu og þekking á menningu ann-

arra Norðurlandaþjóða ykist. Náms- og starfsskipti milli landanna fyrir þá sem starfa við menningarmál þyrftu að aukast. Norræni menningarsjóðurinn hefur lengi verið forgangsverkefni hjá nefndinni, en hún taldi nauðsynlegt að eiga ætíð fulltrúa í stjórn sjóðsins. Frjálsan aðgang að skólum og gagnkvæma viðurkenningu á prófum taldi nefndin forsendu þess að Norðurlöndin mynduðu eitt menntamálasvæði. Upplýsingar um þær áætlanir og verkefni, sem í gangi eru, þyrftu að stóraukast. Varðandi skiptingu ráðherranefndar menningar- og menntamála í tvær ráðherranefndir lýsti nefndin yfir áhyggjum af því að hún leiddi til þess að ákveðin málefni, sem væru á mörkum starfssviða beggja ráðherranefndanna, yrðu út undan.

3.3.2.

Nefndin fjallaði einnig um ráðherranefndartillögu sem samþykkt var á Óslóarþinginu um breytingu á skipulagi og fjármögnun stofnana á sviði menningar, menntamála og rannsókna. Þar var lagt til að nokkrar stofnanir og samstarfsnefndir, einkum á sviði rannsókna, fengju ekki beinan fjárstuðning í fjárlögum ráðherranefndarinnar frá og með árinu 1994. Tvær stofnanir skyldu missa fastan fjárstuðning sinn með tímanum. Nefndin áleit mikilvægt að starfsemi norrænna stofnana væri athuguð með jöfnu millibili, en óskaði eftir að ráðherranefndin gerði grein fyrir hvernig þeim stofnunum og nefndum, er sækja þyrftu um styrki á hinum frjálsa markaði, mundi vegna og að starfsemi samstarfsnefndar um læknisfræðirannsóknir á heimskautssvæðum skyldi tryggð önnur fjárhagsaðstoð áður en hún yrði svipt beinum fjárframlögum ráðherranefndarinnar.

3.3.3.

Áætlanir Norræna rannsóknaráðsins (Nordiska forskningspolitiska rådet) 1993–1995 voru einnig samþykktar í formi ráðherranefndartillögu á þingi ráðsins í Ósló. Þar lagði nefndin til að rannsóknaráðið gerði úttekt á því hvaða þýðingu EES-samningarnir hafa fyrir norrænt rannsóknasamstarf. Auk þess mælti nefndin með því að rannsóknaráðið legði fram yfirlit yfir starfsemi sína frá upphafi, gæfi út fréttabréf um rannsóknir á Norðurlöndum og að ráðið stæði fyrir nýju norrænu rannsóknarverkefni.

3.3.4.

Menningarmálanefndin fjallaði um tvær þingmannatillögur sem samþykktar voru á þinginu í Ósló um aukinn norrænan þátt í kennsluáætlunum og um framkvæmd NORD-LIV-verkefnisins á árunum 1995–1997, en um þessar tillögur var fjallað sameiginlega. Nefndin fjallaði einnig um þingmannatillögu um stofnun norrænnar upplýsingaskrifstofu í Flensborg, en henni var vísað frá.

3.3.5.

Á þinginu í Maríuhöfn voru samþykktar tvær þingmannatillögur sem nefndin hafði haft til umfjöllunar; um samvinnu um aðgerðir gegn les- og skrifblindu og um norrænt átak gegn útlendingahatri. Tveimur öðrum þingmannatillögum sem nefndin hafði fjallað um var vísað frá; um samnorræna rannsókn á smáskammtalækningum og um stofnun umhverfisstofnunar í Rantasalmi.

Menningarmálanefndin studdi fjárlagatillögur ráðherranefndarinnar á þinginu í Maríuhöfn, en ráðið lagðist gegn þeim að hluta til og lagði til breytingar, sjá kafla 1.2.3 um meðferð fjárlaga.

3.3.6.

Innan menningarmálanefndarinnar starfa þrír vinnuhópar um alþjóðamálefni: Tengsl við EB-þingið, tengsl við Evrópuráðið og tengsl við Eystrasaltsríkin. EB-vinnuhópurinn efndi til ráðstefnu í Færeyjum í maí um samstarf Norðurlanda og EB á sviði menningar- og menntamála þar sem fulltrúum menningarmálanefnda þjóðþinga landanna var boðið. Hópurinn heimsótti Brussel og hliðstæða nefnd þar í janúar og efndi til áheyrnarfundar í október um opinberan aðgang að skjölum í EB. Eystrasaltshópurinn hitti frammámenn menningarmála í Gautaborg í september. Í desember var haldinn fundur hópsins með fulltrúum menningarmálanefndar Eystrasaltsráðsins þar sem fjallað var um hugsanlegt framtíðarsamstarf. Evrópuráðshópurinn átti fund með hliðstæðri nefnd í Strassborg í september og heimsótti þá „European Youth Center". Tveir síðastnefndu vinnuhóparnir héldu sameiginlegan fund í Maríuhöfn í nóvember og ákváðu þar að standa sameiginlega að ráðstefnu fyrir menningarmálaþingmenn í Eystrasaltslöndunum og Evrópuráðinu.

3.4. Félagsmálanefnd.

Sænski þingmaðurinn Lena Öhrsvik er formaður nefndarinnar. Af Íslands hálfu situr þar Sigríður A. Þórðardóttir.

Nefndin hélt sex reglulega fundi á starfsárinu, auk eins fundar með atvinnumálaráðherrum og annars með félags- og heilbrigðismálaráðherrum Norðurlanda. Nefndin stóð fyrir námsstefnu um umönnun eldri borgara og hélt samráðsfund með fulltrúum norrænna öryrkjabandalaga.

Helstu málefni, sem nefndin fjallaði um, voru atvinnumál, húsnæðismál, félags- og heilbrigðismál, auk alþjóðlegra samskipta.

3.4.1.

Atvinnumál með sérstöku tilliti til atvinnuleysis ungs fólks og innflytjenda voru aðalefni fundar nefndarinnar með atvinnumálaráðherrum landanna. Á vegum nefndarinnar starfar vinnuhópur um atvinnumál ungs fólks. Nefndin leggur áherslu á að sú norræna afstaða, sem tekin hefur verið um stefnu í atvinnumálum og um vinnuréttarmálefni, verði virt í EES-samstarfinu. Það er álit nefndarinnar að atvinnuleysið verði ekki minnkað til muna með opinberum aðgerðum nema tímabundið, en aukinn hagvöxtur hefði að sjálfsögðu jákvæð áhrif.

3.4.2.

Norræn samstarfsáætlun á sviði byggingar- og húsnæðismála gildir fyrir árin 1992–1996 en þetta samstarf fellur ekki innan þess ramma sem forsætisráðherrar landanna hafa ákveðið að veita forgang næstu ár. Því stóð til að draga inn allar fjárveitingar til rannsókna og annarra verkefna á þessu sviði næstu ár en við meðferð Norðurlandaráðs á fjárlögunum varð því komið til leiðar að 3 millj. danskra króna verður varið til þessara mála 1994. Hvað verður eftir það er hins vegar óráðið.

3.4.3.

Nefndin leggur áherslu á að ráðherranefndin taki á ný til við endurskoðun á samstarfsáætlun um félags- og heilbrigðismál. Eftir fund nefndarinnar með félags- og heilbrigðisráðherrunum er búist við ráðherranefndartillögu um það samstarf haustið 1994. Nefndin telur barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna mikilvægan í baráttunni fyrir réttindum barna og fulltrúar í nefndinni hafa því lagt fram þingmannatillögu um hvernig koma megi því til leiðar að ákvæðum samningsins verði fylgt. Málefni er varða eldri borgara eru og mikilvæg samstarfsverkefni að mati nefndarinnar og því stóð nefndin að ráðstefnu um þau í samstarfi við norrænu ráðherranefndina í Bergen haustið 1993. Var þar m.a. fjallað um breytilegan eftirlaunaaldur, hvort vista ætti gamalt fólk á stofnunum eða ekki og um þörf á samstöðu milli ólíkra aldurshópa í þjóðfélaginu.

Fulltrúar í nefndinni hafa lagt til að ráðherranefndin geri samstarfsáætlun um aðgerðir gegn fíkniefnaneyslu vegna þeirrar aukningar sem orðið hefur á henni á Norðurlöndum undanfarið. Nefndin telur og nauðsynlegt að fjalla á norrænum vettvangi um aðgerðir gegn ólöglegri og ástæðulausri hormónaneyslu. Bann við innflutningi slíkra efna telur nefndin eðlilegt upphaf aðgerða af hálfu norrænu ríkisstjórnanna.

Nefndin leggur og ríka áherslu á málefni fatlaðra og telur að átak þurfi til að koma í því skyni að uppfylla markmið norrænu samstarfsáætlunarinnar frá 1991 um fullkomna þátttöku fatlaðra í þjóðfélaginu og fullt jafnrétti þeim til handa.

Rannsóknir á áfengisvandanum og þeim kostnaði sem af honum hlýst fyrir þjóðfélagið eru og meðal þess sem nefndin telur mikilvægt að eiga um norrænt samstarf.

3.4.4.

Formaður nefndarinnar sat að vanda vinnumálaráðstefnu ILO í Genf í júní 1993.

Nefndin stofnaði á starfsárinu þrjá vinnuhópa til að sinna Evrópumálunum, málefnum varðandi Sameinuðu þjóðirnar og Eystrasalts- og Austur-Evrópuríki. Vinnuhóparnir munu leggja aðaláherslu á samskipti og samstarf við þingmannasamtök, en hlutverk vinnuhópanna er að taka frumkvæði um alþjóðlegt samstarf, afla upplýsinga og fylgjast með málefnum sem varða starfssvið nefndarinnar.

3.5. Umhverfisnefnd.

Finnski þingmaðurinn Anneli Jääteenmäki er formaður nefndarinnar. Af hálfu Íslands situr þar Kristín Einarsdóttir.

Nefndin hélt sex reglulega fundi á starfsárinu, en átti auk þess fundi með landbúnaðarráðherrunum, með formanni ráðherranefndar þeirrar sem fjallar um umhverfismál og með umhverfisráðherrunum. Nefndin átti og fund með fulltrúum þróunarbanka Evrópu, stjórn umhverfisstofnunarinnar í Stokkhólmi og með NEFCO um fjármögnun aðgerða til hreinsunar á Eystrasaltinu og fjármögnun aðgerða til að auka öryggi þeirra kjarnorkuvera sem reist hafa verið í námunda við Norðurlönd. Nefndin heimsótti Pétursborg og kjarnorkuverið í Sosnovy Bor og ræddi þar við ýmsa forsvarsmenn um umhverfis- og kjarnorkuöryggismál.

3.5.1. Þingmannatillögur.

Nefndin lagði fyrir 42. þing ráðsins í Ósló tvær samþykktir sem báðar voru afgreiddar þar. Þær voru um aðgerðir til að auka öryggi kjarnorkuveranna í Sosnovy Bor og Ignalia og um skipulag fjármögnunarkerfis til að hreinsa Eystrasaltið.

Fyrir 43. þing ráðsins í Maríuhöfn lagði nefndin fram þrjár samþykktir um þingmannatillögur sem báðar voru afgreiddar þar. Þær voru um eftirlit með kjarnorkutæknilegri starfsemi, um öryggi, orku og umhverfi og um samstarf um byggðamál. Til nefndarinnar var vísað til umsagnar frá öðrum nefndum sex tillögum sem hún gaf umsagnir um.

3.5.2. Fundir með ráðherranefndum.

Á fundi nefndarinnar með landbúnaðarráðherrunum var fjallað um landbúnaðarmál í EB, aðgerðir í kjölfar umhverfisráðstefnunnar í Ríó, framtíð norræna landbúnaðar- og skógræktarsamstarfsins og reglur um geislun matvæla í EB. Á fundi nefndarinnar með formanni norrænu ráðherranefndarinnar um umhverfismál, sem er jafnframt formaður norrænu ráðherranefndarinnar, samstarfsráðherranna, var rætt um fyrirhugað norrænt umhverfisátak, kjarnorkuöryggismál og norrænu fjárlögin. Nefndin gagnrýndi forgangsröðun ráðherranefndarinnar þar sem hún byggði á fyrir fram ákveðinni prósentuhækkun til menningarsamstarfsins og kváðust fulltrúar nefndarinnar hafa viljað gefa atvinnumálum meira vægi í sinni forgangsröðun. Nefndin gagnrýndi og að ekki væri hugað að fjármögnun fyrirhugaðrar samstarfsáætlunar um geymslu erfðavísa í drögum að norrænu fjárlögunum fyrir árið 1994.

Á fundi nefndarinnar með norrænu umhverfisráðherrunum var m.a. rætt um aðildarviðræður þeirra norrænu landa sem sótt hafa um aðild að EB og um tilhögun samstarfs nefnda Norðurlandaráðs og ráðherranefnda. Nefndin gaf og skýrslu um lokaskjal ráðstefnu Norðurlandaráðs um málefni norðurheimskautssvæðisins.

3.5.3. Fundir nefndarinnar með öðrum aðilum.

Í janúar 1993 heimsótti nefndin umhverfisstofnunina í Stokkhólmi. Athygli vakti hið umfangsmikla alþjóðasamstarf stofnunarinnar og sá árangur sem náðst hefur með þeim verkefnum sem lúta að orkusparnaði í Eystrasaltsríkjunum, oft með litlum tilkostnaði.

Nefndin hefur fylgst með þeim annmörkum sem á því eru að fjármagna aðgerðir þær sem gert er ráð fyrir í starfsáætluninni um hreinsun Eystrasaltsins. Því ræddi nefndin á fundi í maí við fulltrúa þróunarbanka Evrópu og fulltrúa norræna umhverfisfjárfestingarfélagsins NEFCO um þessi mál. Fyrir sumarfund sinn fékk nefndin upplýsingar um mengunina í Finnsku víkinni og um mismun öryggisbúnaðar í rússneskum og vesturevrópskum kjarnorkuverum vegna fyrirhugaðrar heimsóknar í kjarorkuverið í Sosnovy Bor. Í heimsókn nefndarinnar í kjarnorkuverið voru þessi mál til umræðu. Jafnframt ræddi nefndin við sveitarstjórnarmenn þar og við yfirvöld þau sem fara með umhverfismál í Pétursborg.

3.5.4. Norrænu fjárlögin.

Vegna þeirra áherslubreytinga, sem gerðar hafa verið á norrænu fjárlögunum, er ljóst að stór hluti þeirra verkefna sem falla innan starfssviðs nefndarinnar verða næsta ár fjármagnaðar með óráðstöfuðum fjármunum af fjárlögum ársins 1992. Umhverfisnefnd mun því leggja ríka áherslu á að fjármagn fáist á fjárlögum næstu ára til þessara verkefna.

3.6. Efnahagsmálanefnd.

Danski þingmaðurinn Helge Adam Møller var formaður nefndarinnar til 3. maí 1993 en frá þeim tíma var danski þingmaðurinn Lars P. Gammelgaard formaður.

Nefndin hélt sex reglulega fundi á starfsárinu og einn fund með Björn Tore Godal, þáverandi viðskiptaráðherra Noregs og formanni norrænu ráðherranefndarinnar, skipaðri utanríkisviðskiptaráðherrum Norðurlanda. Einnig áttu fulltrúar nefndarinnar fund með fulltrúum Eystrasaltsríkjaráðsins.

Aðalmál nefndarinnar á starfsárinu voru, auk þess að fylgjast með samrunaþróuninni í Evrópu, atvinnumál, orkumál, markaðsmál og afstaðan til Eystrasaltsríkjanna og miðevrópskra ríkja. Nefndin hefur og lagt áherslu á að fulltrúar nefndarinnar sæki norrænar og alþjóðlegar ráðstefnur um þau málefni sem eru á dagskrá nefndarinnar.

3.6.1. Atvinnumál.

Allir þeir flokkahópar, sem starfa í Norðurlandaráði, lögðu fram á starfsárinu þingmannatillögur um atvinnumál sem vísað var til efnahagsnefndar, sjá nánar kafla 1.2.4 um efni tillagnanna og umfjöllun á 43. þingi ráðsins. Nefndin lagði til á grundvelli þessara tillagna að 43. þing ráðsins mæltist til þess við ráðherranefndina að hún legði fram fyrir 44. þing ráðsins í Stokkhólmi tillögu um aðgerðir sem væru til þess fallnar að auka atvinnu á Norðurlöndum. Tillaga nefndarinnar var samþykkt einróma. Tillögu nefndarinnar fylgdu af hálfu hennar ýmsar áherslur og hugmyndir til úrbóta í atvinnumálum. Nefndin hefur auk þess ákveðið að halda ráðstefnu um atvinnumál í Danmörku í apríl 1994.

3.6.2. Orkumál.

Norðurlandaráðsþingið í Ósló samþykkti tillögu frá efnahagsmálanefnd um að óska eftir því við ráðherranefndina að hún gerði athugun á þróun NORDEL-samstarfsins sem sýndi m.a. sjónarmið ríkisstjórnanna um markmið og samstarfshætti á sviði norræns raforkusamstarfs. Vinnuhópur á vegum nefndarinnar átti í júní fund með stjórn NORDEL um starfshætti samtakanna. Nefndin átti einnig á starfsárinu fund með umhverfisnefnd ráðsins. Í framhaldi af fundinum ákvað nefndin að stefna að ráðstefnu á næsta ári um orku- og umhverfismál.

3.6.3. Markaðsmál.

EES-samningarnir, aðildarumsóknir Finna, Svía og Norðmanna að EB og Maastricht-samningurinn hafa í mismunandi samhengi verið til umfjöllunar í nefndinni á starfsárinu. Fulltrúar frá nefndinni sóttu ráðstefnu á vegum EFTA um samstarfssamninga EFTA við ríki Mið-Evrópu og ráðstefnu Evrópuráðsins um efnahagsþróunina í Mið- og Austur-Evrópu.

3.7. Fjárlaganefnd.

3.7.1.

Formaður fjárlaganefndar var tímabilið frá 1. janúar til 30. september norski þingmaðurinn Helga Haugen, frá 1. október til 7. nóvember finnski þingmaðurinn Timo Järvilahti og síðan 8. nóvember norski þingmaðurinn Peter Angelsen. Af hálfu Íslands situr Árni M. Mathiesen í nefndinni.

Fjárlaganefnd hélt tíu fundi á starfsárinu, tvo fundi með formanni ráðherranefndarinnar skipaðri samstarfsráðherrum landanna, einn fund með fulltrúum flokkahópanna og einn fund með fulltrúum hinna fastanefndanna. Nefndin hélt fund með starfsmönnum ráðherranefndarskrifstofunnar um meðferð fjárlagatillagnanna og áhrif Norðurlandaráðs á fjárlögin. Nefndin ræddi einnig við yfirmenn norrænu upplýsingaskrifstofanna þriggja í Eystrasaltsríkjunum um starfsemi skrifstofanna.

3.7.2.

Starfsemi nefndarinnar á starfsárinu mótaðist af þeim auknu áhrifum á norrænu fjárlögin sem Norðurlandaráði voru fengin með þeim breytingum á Helsingfors-samningnum sem gengu í gildi 7. nóvember 1993. Með þeim var ráðherranefndinni gert að fara að tillögum ráðsins um skiptingu norrænu fjárlaganna innan fjárlagarammans enda mæltu engin veigamikil rök gegn því. Þessum auknu áhrifum fylgdi þannig sú kvöð að tillögur ráðsins væru innan fjárlagarammans og hlutverk fjárlaganefndar var í því efni að sætta hin ólíku sjónarmið sem voru uppi í flokkahópum og hinum fastanefndunum og leggja fram fyrir haustþingið tillögu að nefndaráliti um norræn fjárlög fyrir árið 1994 sem þingfulltrúar gætu sæst á. Tillaga fjárlaganefndar var samþykkt af ráðinu og ráðherranefndinni strax að þinginu loknu. (Um efni tilmælanna vísast til tilmæla nr. 25/1993 í fskj. II, sjá og kafla 1.2.3 um meðferð fjárlaganna.)

3.7.3.

Í nefndartillögu gerði fjárlaganefnd grein fyrir eftirlitsstörfum sínum árið 1992 og mæltist af því tilefni til þess við ráðherranefndina að hún tæki tillit til þeirra sjónarmiða um norrænt samstarf á sviði landbúnaðar og skógræktar sem fram komu í skýrslu fjárlaganefndar. Tillagan var samþykkt af 42. þingi ráðsins, sjá tilmæli nr. 8/1993 í fskj. I.

Fjárlaganefnd hefur og eftirlit með starfsemi forsætisnefndarskrifstofu Norðurlandaráðs og fjallar því um uppgjör skrifstofunnar og skýrslu endurskoðenda ráðsins um starfsemina. Fjárlaganefnd hefur lokið meðferð sinni á uppgjöri ársins 1992 og gerði ekki athugasemdir við það.

Fjárlaganefnd fól á árinu sérfræðingi að gera úttekt á starfsemi NORDREFO og á notkun meginreglunnar um upplýsingaskyldu stjórnvalda hjá norrænum stofnunum. Skýrslur um bæði málin verða lagðar fyrir nefndina í byrjun ársins 1994.

Alþingi, 18. febr. 1994.

Halldór Ásgrímsson, form.	Geir H. Haarde, varaform.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Hjörleifur Guttormsson.	Árni M. Mathiesen.	Sigríður A. Þórðardóttir.
	Kristín Einarsdóttir.	

Fylgiskjal I.

SAMÞYKKTIR SEM GERÐAR VORU Á 42. ÞINGI NORÐURLANDARÁÐS Í ÓSLÓ 1993

Samþykkt nr. 1/1993 um nýtt skipulag og aukna áherslu á menntamála- og rannsóknasamstarfið (menningarmálanefnd).

(Ráðherranefndartillaga.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda

1. að hún samþykki ráðherranefndartillöguna um aukna áherslu og nýtt skipulag á menningar-, menntamála- og rannsóknasamstarfinu í samræmi við ráðherranefndartillögu B137/k og með tilliti til sjónarmiða menningarmálanefndarinnar og að koma nýskipaninni til framkvæmda á tímabilinu 1994–1996,
2. að hún fjarlægi allar fyrirstöður fyrir samræmdu norrænu menningar-, mennta- og rannsóknasviði,
3. að hún auki fjárveitingar til Norræna menningarsjóðsins í því skyni að styðja alþýðumenningarlegt samstarf og að tryggja að menningarmálanefnd eigi ætíð fulltrúa í stjórn menningarsjóðsins,
4. að hún grípi til aðgerða sem leiða til afgerandi framfara í norræna sjónvarpssamstarfinu í því skyni að útsendingar á sjónvarpsefni nágrannalandanna geti aukist,
5. að hún auki og bæti norræn nemendaskipti til þess að auka norrænan tungumálaskilning og norrænt barna- og unglingasamstarf,
6. að hún leggi fljótlega fram nákvæmar tillögur og áætlun um skiptingu fjárlaganna á menningarsviðinu fyrir árið 1994.

Samþykkt nr. 2/1993 um samstarfsáætlun um fjármögnunar- og skipulagsbreytingar á stofnunum þeim sem tilheyra menningarmálasviðinu (menningarmálanefnd).

(Ráðherranefndartillaga.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda

1. að hún hrindi í framkvæmd samstarfsáætluninni um fjármögnunar- og skipulagsbreytingar á stofnunum þeim sem tilheyra menningarmálasviðinu, samstarfsáætlun og öðrum fastaverkefnum samkvæmt ráðherranefndartillögu B136/k og með tilliti til þeirra sjónarmiða sem menningarmálanefnd hefur lagt fram og
2. að hún taki jafnframt tillit til eftirfarandi atriða:
   — Áður en norrænum fjárveitingum til Norræna lýðháskólans á sviði heimilisfræðslu og norrænu samstarfsnefndarinnar um læknisfræðilegar heimskautsrannsóknir verður hætt beri að tryggja fjármögnun annars staðar að,
   — þessum stofnunum verði gefinn nægilegur tími til að koma á nauðsynlegum skipulagsbreytingum,

— ráðherranefnd Norðurlanda skili skýrslu í síðasta lagi 1. nóvember 1993 til menningarmálanefndar um möguleika stofnana á utanaðkomandi fjármögnun þegar bundinn verður endi á norrænar fjárveitingar 1. janúar 1994,
— ráðherranefnd Norðurlanda gefi menningarmálanefnd skýrslu um allar fjárhagslegar breytingar sem verða samkvæmt þessari ráðherranefndartillögu og taki síðan tillit til þeirra sjónarmiða sem nefndin kann að hafa um þær.

Samþykkt nr. 3/1993 um ný stefnumið fyrir Norræna rannsóknaráðið 1993–1995 (menningarmálanefnd).
(Ráðherranefndartillaga.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda að
1. hún leggi stefnumið Norræna rannsóknaráðsins til grundvallar starfsemi þess tímabilið 1993–1995, samkvæmt ráðherranefndartillögu B132/k og með tilliti til þeirra sjónarmiða sem menningarmálanefnd hefur sett fram og
2. á því tímabili starfseminnar sem stefnumiðin eru sett fyrir
— tilgreini hún rannsóknapólitísk og efnahagsleg áhrif EES-samningsins á rannsóknir á Norðurlöndum og setji fram tillögur sem hafa að markmiði að styrkja stöðu norrænna rannsókna í Evrópu,
— skrái hún allar rannsóknastofnanir og samtök á Norðurlöndum sem eru samnorræn til þess að bæta norræna stýringu á rannsóknasviðinu,
— vinni hún að sameiginlegri greinargerð um starfsemi Norræna rannsóknaráðsins.

Samþykkt nr. 4/1993 um verkefnið NORDLIV og norrænu víddina í námsskrám (menningarmálanefnd).
(1. flm. Eeva Turunen.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún hefji samstarf milli þeirra sem málið varðar í því skyni að auka norrænt efni og leggja áherslu á norræna vídd í námsskrám og námsbókum, sérstaklega í sögu og samfélagsfræði,
— að hún ýti undir norrænt ívaf í menntun kennara á Norðurlöndum og hafi frumkvæði að námskeiðsstarfsemi fyrir skólastjóra á Norðurlöndum og
— að hún framkvæmi verkefnið NORDLIV að fullu eða að hluta í tengslum við fyrirhugaða aukna áherslu á norræna menningarmálasamstarfið í því skyni að vekja frekari áhuga almennings á Norðurlöndum á sögu og samfélagsfræði í samvinnu við Norrænu félögin.

Samþykkt nr. 5/1993 um samræmingu framboðs á ritum sem varða fötlun (menningarmálanefnd).
(1. flm. Lena Öhrsvik.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún kanni hvernig unnt er að samræma norrænt framboð á ritum er varða fötlun þannig að það verði sem hagkvæmast með tilliti til skipulags og fjármögnunar og leggi síðan fram tillögu þar að lútandi.

Samþykkt nr. 6/1993 um starfsáætlun á sviði norræns löggjafarsamstarfs (laganefnd).
(Ráðherranefndartillaga).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún samþykki nýja samstarfsáætlun á sviði löggjafar í samræmi við tillögu ráðherranefndarinnar og þau sjónarmið sem laganefnd Norðurlandaráðs hefur sett fram,
— að hún haldi áfram að vinna að norrænum forgangslista í stað þess að bíða eftir frumkvæði EB,
— að hún íhugi auk þess vel hvort það samstarf, sem stendur yfir um stuðning við Eystrasaltsríkin, ætti ekki að tengjast norræna löggjafarsamstarfinu á þann hátt að Eystrasaltsríkin gætu hrint í framkvæmd eða fært í nútímalegt horf sínar eigin reglur á þeim sviðum sem þykja mest áríðandi.

Samþykkt nr. 7/1993 um samstarfsáætlun um gæði matvæla (laganefnd).
(Ráðherranefndartillaga.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
1. að hún hafi það að markmiði í stefnumótun varðandi gæði matvæla að tryggja heilsu og öryggi þegnanna,
2. að hún láti menntun, upplýsingar og kynningarstarfsemi fyrir þegna á öllum aldri njóta forgangs,
3. að hún haldi áfram að vinna að norrænum forgangslista,
4. að hún vinni að því að tryggja gæði matvæla, bæði varðandi næringargildi, hreinlæti og innihald ósækilegra efna, sem dæmi má nefna að tryggt verði að salmonella, þungmálmar og eiturefni verði ekki til staðar í matvælum,
5. að hún vinni að því að eftirlit með matvælum verði nægilegt til að tryggja kröfur og hagsmuni norrænna þegna í alþjóðlegum viðskiptum,
6. að hún auki samstarfið við Eystrasaltsríkin og reyni að tengja Eystrasaltsríkin við nýju samstarfsáætlunina. Nefndin á hér sérstaklega að beina athygli að málefnum varðandi drykkjarvatn í Eystrasaltsríkjunum.

Samþykkt nr. 8/1993 um eftirlit fjárlaganefndar með samstarfinu 1992 (fjárlaganefnd).
(Tillaga frá fjárlaganefnd.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún taki tillit til þeirra sjónarmiða og tillagna sem koma fram bæði í skýrslu þeirri sem lögð hefur verið fram og í nefndaráliti fjárlaganefndar um eftirlit með samstarfinu 1992 í störfum sínum á sviði landbúnaðar og skógræktar og skýri nefndinni frá þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í tilefni úttektarinnar.

Samþykkt nr. 9/1993 um framtíð NORDEL (norræns raforkusamstarfs) (efnahagsmálanefndin).
(1. flm. Poul Nielson.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda
— að þær leggi fram fyrir áramót 1993 sameiginlega athugun á þróun NORDEL-samstarfsins og skýri þar m.a. hvert þróunin er talin leiða næstu ár. Þar skulu einnig koma fram sjónarmið ríkisstjórnanna um markmið og samstarfshætti á sviði norræns raforkusamstarfs.

Samþykkt nr. 10/1993 um aðgerðir til að auka öryggi kjarnorkuveranna í Sosnovy Bor og Ignalina (umhverfisnefnd).
(1. flm. Poul Nielson.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna
— að þær vinni að því að viðræðunum um úrbætur á alvarlegustu vandamálunum varðandi öryggi kjarnorkuveranna í Sosnovy Bor og Ignalina verði haldið áfram og lokið og, ef þær bera árangur, vinni þá að því að lagt verði fram á alþjóðlegum vettvangi nægilegt fjármagn og sérþekking.

Samþykkt nr. 11/1993 um skipulag fjármögnunarkerfis til að hreinsa Eystrasaltið (umhverfisnefnd).
(1. flm. Anneli Jääteenmäki.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún vinni að því á ráðstefnunni í Gdansk, sem haldin er af HELCOM 25.–26. mars, að komið verði á skipulegu fjármögnunarkerfi til að unnt verði að koma til framkvæmdar starfsáætlun HELCOM um hreinsun Eystrasaltsins,
— að hún hefji eftir ráðstefnuna viðræður við ríkisstjórnir allra Eystrasaltsríkjanna, landanna á frárennslissvæði hafsins ásamt EB með tilliti til skipulegs fjármögnunarkerfis fyrir Eystrasaltið,

— að hún sjái til þess að einstök ríki fái réttláta meðferð hvað varðar fjármögnunina,
— að hún nýti þær fjárveitingar sem koma inn samkvæmt þeirri forgangsröðun sem HELCOM hefur lagt til í samræmi við meginregluna um hámarksnýtingu fjármagnsins.

Samþykkt nr. 12/1993 um félagslega þjónustu við aldraða í framtíðinni (félagsmálanefnd).
(1. flm. Lena Öhrsvik.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún stuðli að því að Norðurlönd nýti reynslu hvert annars í þeim tilgangi að leysa þann vanda sem stafar af vaxandi fjölda aldraðra sem þarfnast umönnunar og hjúkrunar.

Samþykkt nr. 13/1993 um aukið samstaf um félagsleg mál innan ECE (Efnahagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu) (félagsmálanefnd).
(1. flm. Lena Öhrsvik.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna
— að þær taki virkan þátt í að styrkja starfsemi efnahagsmálanefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (ECE), sérstaklega á félagslega sviðinu.

Samþykkt nr. 14/1993 um breytingar á Helsinki-samningnum (laganefnd).
(Ráðherranefndartillaga.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
1. að hún láti breyta 1. gr., 33. gr., 61. gr. og 63. gr. í Helsinki-samningnum í samræmi við ráðherranefndartillöguna,
2. að 40. gr. verði svohljóðandi:
„Samstarfið fer fram í Norðurlandaráði, í ráðherranefnd Norðurlanda, á fundum forsætisráðherra, utanríkisráðherra og annarra ráðherra, í sérstökum samstarfsstofnunum og milli stjórnvalda landanna sem annast viðkomandi málaflokka“,
3. að hún samþykki breytingar á 64. grein í samræmi við ráðherranefndartillögu B135/j,
4. að hún breyti „Ålands Landsting“ í „Ålands Lagting“ í 47. og 48. gr.

Tilmæli nr. 15/1993 um samstarfsáætlun um aðgerðir gegn áfengisneyslu á Norðurlöndum (félagsmálanefnd).
(1. flm. Svein Alsaker og Lena Öhrsvik.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún semji samstarfsáætlun um að samræma aðgerðir gegn áfengisneyslu á Norðurlöndum sem m.a. feli í sér aðgerðir til að staðið verði við metnaðarfulla áfengisstefnu í samræmi við hina evrópsku starfsáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar gegn tjóni því sem hlýst af áfengisneyslu.

Tilmæli nr. 16/1993 um metnaðarfyllri stefnu í áfengismálum (félagsmálanefnd).
(1. flm. Svein Alsaker og Lena Öhrsvik.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna
— að þær leggi fram einróma röksemdafærslu um áfengismál í þeim viðræðum, sem eru í gangi eða standa fyrir dyrum um aðild að EB, og að þær upplýsingar sem settar verða fram í upplýsingaherferðum landanna lúti aðallega að atvinnulífi, meðgöngu og umferð, þar á meðal umferð skemmtibáta, og að þeim verði sérstaklega beint til foreldra ungra barna og til barna og unglinga.

YFIRLÝSINGAR NORÐURLANDARÁÐS

Yfirlýsing Norðurlandaráðs nr. 1/1993 um ársskýrslu ráðherranefndar Norðurlanda um norrænt samstarf liðins árs (C1) (fjárlaganefnd).

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að hún láti Norðurlandaráði í té nauðsynleg gögn til þess að unnt verði að meta sanngirni þess að auka fjárveitingar til menningarmála um 25% árið 1994 áður en endanleg ákvörðun verður tekin,
— að ráðherranefnd Norðurlanda gefi upplýsingar um hver áhrif aukningarinnar á fjárveitingum til menningarmála verði á önnur svið samstarfsins,
— að fjárlaganefnd, sem ber ábyrgð í Norðurlandaráði á umfjölluninni um fjárlög ráðherranefndar Norðurlanda, fái jafnóðum upplýsingar um innihald þeirra skýrslna og samstarfsáætlana sem skipta máli við meðferð fjárlaganna.

Yfirlýsing Norðurlandaráðs nr. 2/1993 um skýrslu ráðherranefndar Norðurlanda um starfsáætlun næstu ára (C 2) (fjárlaganefnd).

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
1. að hún láti Norðurlandaráði í té nauðsynleg gögn til þess að unnt verði að meta sanngirni þess að hækka fjárveitingar til menningarmála áður en endanleg ákvörðun verður tekin,
2. að hún skýri Norðurlandaráði eins snemma á ferlinu og unnt er frá fyrirhuguðum niðurskurði á verkefnum og annarri starfsemi og að nægilegur tími verði gefinn til að ljúka þeirri starfsemi sem ekki rúmast innan framtíðaráætlana ráðherranefndarinnar,
3. að hún taki frumkvæði um sameiginlegt norrænt átak um aðgerðir gegn atvinnuleysi á Norðurlöndum,
4. að ráðinu verði gert kleift að breyta skiptingu fjárveitinganna innan fjárlagarammans eins og hann er ákveðinn,
5. að Helsinki-samningnum verði breytt að því er varðar áhrif ráðsins á fjárlögin,
6. að hún vinni að því að C2-skýrslan verði í framtíðinni raunveruleg starfsáætlun sem unnt verði að leggja til grundvallar,
7. að hún taki einnig tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í nefndarálitinu.

Viðbótaryfirlýsing Norðurlandaráðs nr. 3/1993 um skýrslu ráðherranefndar Norðurlanda um starfsáætlun næstu ára (C2) og greinargerð forsætisráðherranna (Skjal 3) (fjárlaganefnd).

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

1. að hún gefi Norðurlandaráði skýrslu eigi síðar en á 43. þingi ráðsins í Maríuhöfn um árangur fyrirhugaðs fundar um samræmingu viðræðnanna um EB-aðild,
2. að Norðurlönd vinni að því í fyrirhuguðum viðræðum um EB-aðild að bætt verði við ákvæði um norrænt samstarf samsvarandi því ákvæði sem fyrir er í EES-samningnum og byggir á ákvæði Rómarsáttmálans um Benelux-samstarfið m.a.,
3. að hún taki frumkvæði um samræmingu á framlögum ríkjanna til Eystrasaltsríkjanna,
4. að hún stuðli að fríverslun milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna,
5. að hún flýti fyrir afnámi viðskiptahindrana og landamæraeftirlits,
6. að hún stuðli að virkri norrænni stefnu varðandi vinnumarkaðsmál og taki auk þess frumkvæði um aðgerðir til að auka hagvöxt með það að markmiði að minnka atvinnuleysið; um getur verið að ræða afnám viðskiptaþvingana, auknar fjárfestingar og opnari vinnumarkað á Norðurlöndum,
7. að hún taki tillit til þess að menntun og rannsóknir eiga sér stað á mörgum sviðum og að þessar rannsóknir eru jafnmikilvægar og þær sem eiga sér stað á menningarmálasviðinu,
8. að hún falli frá þeirri stefnu að skipta fjárveitingunum eftir fyrir fram ákveðnum prósentuhlutföllum en að fjárþörfin á þeim sviðum sem skipta máli hvað varðar norræna hagsmuni verði höfð að leiðarljósi við skiptinguna.

Fylgiskjal II.

SAMÞYKKTIR SEM GERÐAR VORU Á 43. ÞINGI NORÐURLANDARÁÐS Í MARÍUHÖFN 1993

Samþykkt nr. 17/1993 um framkvæmda- og samstarfsáætlun fyrir grunnsvæði Norðurlanda (forsætisnefnd).

(1. flm. Halldór Ásgrímsson.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda

— að hún upplýsi við gerð áætlunarinnar um kostnað þann sem fylgir framkvæmd hennar innan og utan norrænu fjárlaganna,
— að hún athugi sérstaklega við gerð áætlunarinnar forsendur fyrir samstarfsmöguleikum á sviði umhverfis-, viðskipta-, menningar- og samgöngumála.

Samþykkt nr. 18/1993 um flutning rússnesks herliðs frá Eistlandi og Lettlandi (forsætisnefnd).
(Tillaga frá flokkahópi hægri manna.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda
— að þær ítreki gerðar kröfur á hendur Rússlandi um að rússneska herliðið verði endanlega flutt hratt og skipulega frá Eistlandi og Lettlandi.

Samþykkt nr. 19/1993 um samstarf um aðgerðir gegn les- og skrifblindu (dyslexi) (menningarmálanefnd).
(1. flm. Ingrid Näslund og Lena Öhrsvik.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún auki norrænt samstarf um aðgerðir gegn les- og skrifblindu (dyslexi) aðallega með því að koma því til leiðar að reynslu, aðferðum og rannsóknaniðurstöðum verði miðlað milli landanna,
— að hún komi á sameiginlegri stefnu um upplýsingamiðlun um les- og skrifblindu til þeirra sem málið varðar,
— að hún láti kanna hvernig námi forskólakennara, uppeldisfræðinga, skólasálfræðinga og fleiri stétta, sem að málinu koma, er háttað á Norðurlöndum og annars staðar í þeim tilgangi að finna aðferð til að bæta nám þessara stétta um les- og skrifblindu.

Samþykkt nr. 20/1993 um norrænt átak gegn útlendingahatri (menningarmálanefnd).
(1. flm. Marianne Anderson o.fl.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún skipi vinnuhóp sem í eigi sæti fulltrúar ráðherranefndarinnar, Norðurlandaráðs, norrænu æskulýðssamtakanna og Sambands norrænu félaganna; vinnuhópurinn fái það hlutverk að leggja fram tillögu fyrir 15. febrúar 1994 um norrænt átak undir yfirskriftinni „Norðurlönd gegn útlendingahatri“,
— að hún tryggi fjármögnun átaksins.

Samþykkt nr. 21/1993 um samninga um forræði barna við skilnað (laganefnd).
(1. flm. Rose-Marie Björkenheim.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún sjái um að löggjöf á sviði fjölskyldumála á Norðurlöndum verði samræmd,
— að hún sjái um að vinnuhópur sá, sem vinnur að endurskoðun norræna samningsins um hjúskaparmál frá 1931, flýti störfum sínum eftir mætti,
— að hún sjái um að foreldrar sem óska lögskilnaðar, skilnaðar að borði og sæng eða óformlegs skilnaðar fái samræmdar leiðbeiningar sem jafnframt geti gagnast í þeim tilvikum þar sem samkomulag hefur náðst.

Samþykkt nr. 22/1993 um samstarfsáætlun um neytendamál (laganefnd).
(Ráðherranefndartillaga.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún samþykki tillöguna að samstarfsáætlun um neytendamál og taki jafnframt tillit til þess sem nefndin hefur lagt til varðandi framkvæmd og lagaleg atriði,
— að þeir ráðherrar sem fara með neytendamál leggi fram áður en Norðurlandaráð heldur 45. þing sitt í Tromsö 1994 tillögu um samstarfsáætlun um fjármagnsþjónustu (finansielle tjenesteydelser) og taki í því sambandi tillit til þess sem nefndin hefur haldið fram í kaflanum um fjármagnsþjónustu.

Samþykkt nr. 23/1993 um endurnýjun norræna almannatryggingakerfisins (félagsmálanefnd).
(1. flm. Lena Öhrsvik.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda
— að þær eigi samstarf um framtíðarskipan almannatryggingakerfisins með það að markmiði að útrýma atvinnuleysi og að þær hefji það starf með samanburðarrannsókn,
— að þær bæti vinnuumhverfið í víðri merkingu í því skyni að hindra slys,
— að þær grípi til aðgerða til aukinnar endurhæfingar,
— að þær gæti í evrópska samrunaferlinu hagsmuna Norðurlanda á sviði almannatrygginga.

Samþykkt nr. 24/1993 um aðgerðir til aukinna réttinda norrænna borgara (félagsmálanefnd).
(1. flutningsmaður Sinikka Hurskainen, meðal meðflutningsmanna var Rannveig Guðmundsdóttir.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún grípi til aðgerða til að auka réttindi norrænna borgara á Norðurlöndum,
— að hún stuðli að því á vettvangi EB og EFTA að réttinda borgaranna verði gætt í samræmi við hagsmuni Norðurlanda.

Samþykkt nr. 25/1993 um norræn fjárlög ársins 1994 (fjárlaganefnd).
(Ráðherranefndartillaga.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda

— að við ákvörðun um fjárlög ársins 1994, að því tilskildu að ákvörðunin um ráðstöfun ónotaðra fjárveitinga ársins 1992 standi, flytji hún 7,016 millj. danskra króna frá fyrirhugaðri aukningu á fjárveitingum til menningarmála til eftirgreindra sviða:

Rannsóknir á sviði matvæla	1 millj. DKK
Neytendamál	1,2 millj. DKK
Fjárhagsstuðningur við samtök fatlaðra	1,155 millj. DKK
Aðgerðir gegn fíkniefnaneyslu	0,361 millj. DKK
Aðgerðir fyrir aðila sem þurfa á félagsaðstoð að halda	0,300 millj. DKK
Húsnæðisgeirinn o.fl.	3,000 millj. DKK
	7,016 millj. DKK

— að við ákvörðun um fjárlög ársins 1994 skeri hún niður fyrirhugaða aukningu á fjárveitingum til menningarmála á eftirgreindum sviðum:

Norrænt kvikmynda- og fjölmiðlasamstarf	–1,500 millj. DKK
Æskulýðssamstarf	–1,500 millj. DKK
Norrænt kynningarstarf í Evrópu og á Norðurlöndum	–1,500 millj. DKK
Menningarátak í því landi þar sem þing Norðurlandaráðs er haldið	–2,016 millj. DKK

Samþykkt nr. 26/1993 um atvinnumál á Norðurlöndum (efnahagsmálanefnd).
(Tillaga 1036/e: 1. flm. Sten Anderson, meðal meðflm. var Rannveig Guðmundsdóttir. Tillaga 1038/e: 1. flm. Carl. I Hagen. Tillaga 1042/e: 1. flm. Claes Andersson, meðal meðflm. var Hjörleifur Guttormsson. Tillaga 1046/e: 1. flm. Hans Engell, meðal meðflm. var Geir H. Haarde.
Tillaga 1049 frá flokkahópi miðjumanna.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda

— að hún leggi fram fyrir 1. mars 1994 tillögu um aðgerðir á norrænum vettvangi sem eru til þess fallnar að auka atvinnu á Norðurlöndum.

Samþykkt nr. 27/1993 um sérstök atvinnusvæði (näringszoner) á Norðurlöndum (efnahagsmálanefnd).
(1. flm. Carl I. Hagen.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda

— að hún láti kanna hver reynslan er af sérstökum atvinnusvæðum (näringszoner),
— að hún vinni að samræmingu þeirra reglna sem máli skipta fyrir vaxtarmöguleika atvinnufyrirtækja á landamærasvæðum á Norðurlöndum.

Samþykkt nr. 28/1993 um aukið samstarf um byggðamál (umhverfisnefnd).
(1. flm. Elver Jonsson, meðal meðflm. var Halldór Ásgrímsson.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún styrki norrænt samstarf um byggðamál til að mæta auknum kröfum um samræmt og styrkara samstarf vegna hinnar evrópsku samrunaþróunar,
— að hún taki í því sambandi tillit til þeirra möguleika sem kunna að skapast á samstarfi við Evrópubandalagið um skipulagsmál,
— að hún geri úttekt á því hvaða forsendur séu fyrir markvissu samstarfi um byggðamál á Eystrasalts- og Barentssvæðunum og hvernig unnt væri að hátta því samstarfi,
— að hún taki upp samstarf við þróunarstofnanir á Norðurkollusvæðinu í því skyni að þróa verkefni sem gætu orðið hluti af byggðasamstarfi á Barentssvæðinu.

Samþykkt nr. 29/1993 um eftirlit með kjarnorkutæknilegri starfsemi (umhverfisnefnd).
(1. flm. Claes Andersson, meðal meðflm. var Hjörleifur Guttormsson.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda
— að hún auki aðgerðir sínar í þágu meira öryggis á sviði kjarnorkumála á norðurslóðum og kringum Eystrasalt ásamt aðgerðum til að koma á bindandi alþjóðasamningum um eftirlit með allri kjarnorkustarfsemi, hernaðarlegri og annarri, þar á meðal með geymslu kjarnaúrgangs til frambúðar,
— að hún kanni möguleika þess að styðja aðgerðir sem lúta að hagkvæmri og umhverfisvænni orkuframleiðslu og orkudreifingu á Eystrasalts- og Norðurkollusvæðinu.

Samþykkt nr. 30/1993 um öryggi orku og umhverfi (umhverfisnefnd).
(1. flm. Claes Andersson, meðal meðflm. var Hjörleifur Guttormsson.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda
— að þær gangist fyrir átaki til að bæta ástandið hvað varðar umhverfisþátt orkumála á Norðurlöndum, Eystrasalts- og Norðurkollusvæðinu,
— að þær gangist fyrir því að leitað verði raunhæfra valkosta í stað orkuvera þeirra á Eystrasalts-, Pétursborgar- og Kólasvæðunum sem eru hættuleg umhverfinu og ella þarf að halda áfram að reka,
— að þær, í því skyni að koma í veg fyrir að þekking á framleiðslu kjarnavopna berist út, styðji áætlanir þær sem í gangi eru um uppbyggingu rannsóknastofnana þar sem rússneskir vísindamenn, sem áður höfðu með höndum þróun og framleiðslu kjarnavopna, fengju ný verkefni,
— að þær styðji verkefni sem fela í sér nýbreytni og taki frumkvæði um að auðvelda breytinguna frá kjarnavopnaframleiðslu til annarrar framleiðslu,
— að þær stuðli með beinum aðgerðum að afvopnun, að þróun öruggra aðferða til eyðingar kjarnorkuvopna og að því að gera Norðurlönd kjarnorkuvopnalaust svæði.

Fylgiskjal III.

Fyrirspurnir til ráðherranefnda og ríkistjórna Norðurlanda frá fulltrúum Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Hjörleifur Guttormsson:
Fyrirspurn E29/1993 til ráðherranefndar Norðurlanda fyrir 42. þing Norðurlandaráðs um afstöðu ráðherranefndar Norðurlanda til Thorp-endurvinnslustöðvarinnar í Sellafield.

Hjörleifur Guttormsson:
Fyrirspurn E30/1993 til ráðherranefndar Norðurlanda fyrir 42. þing Norðurlandaráðs um samnorræna tillögu tengda Lundúnasamþykktinni um bann við losun geislavirks úrgangs.

Hjörleifur Guttormsson:
Fyrirspurn E31/1993 til ráðherranefndar Norðurlanda fyrir 42. þing Norðurlandaráðs um aðgerðir vegna flutninga á plútóníum frá Evrópu til Japan.

Halldór Ásgrímsson:
Fyrirspurn E47/1993 til ríkisstjórnar Finnlands fyrir 42. þing Norðurlandaráðs um stöðu sænskunnar í grunn- og framhaldsskólum í Finnlandi.

Hjörleifur Guttormsson:
Fyrirspurn E48/1993 til ráðherranefndar Norðurlanda fyrir 42. þing Norðurlandaráðs um sjóflutninga á plútóníumnítrati frá Dounreay til Sellafield.

Hjörleifur Guttormsson:
Fyrirspurn E52/1993 til ráðherranefndar Norðurlanda fyrir 42. þing Norðurlandaráðs um aðgerðir gegn fyrirhugaðri starfsemi endurvinnslustöðvarinnar í Thorp áður en frestur til að koma með athugasemdir rennur út.

Fylgiskjal IV.

Alþjóðleg þingmannaráðstefna Norðurlandaráðs um þróun og vernd norðurheimskautssvæðisins.

Við, kjörnir fulltrúar kanadíska, danskra, færeyskra, finnskra, grænlenskra, íslenskra, norskra, rússneskra, samískra og sænskra þjóðþinga ásamt fulltrúum Norðurlandaráðs og Vestnorræna þingmannaráðsins,

skiljum

— hversu lífsnauðsynlegt norðurheimskautssvæðið og lífvænleg þróun þess er fyrir tilverugrundvöll alls heimsins og hversu mikið álag starfsemi sú, sem á sér stað á jörðinni, er fyrir viðkvæmt umhverfi svæðisins,
— hvílík ábyrgð hvílir því á heiminum varðandi varnir og verndun norðurheimskautssvæðisins gegn umhverfisógnun og öðrum ógnunum,
— möguleika á áframhaldandi nýtingu náttúruauðlinda á norðurheimskautssvæðinu ef grundvallaratriðum um lífvænlega þróun er framfylgt,
— nauðsyn þess að nota þekkingu þá, sem íbúar á norðurheimskautinu og þá einkum frumbyggjar norðurheimskautsins búa yfir, varðandi aðstæður á norðurheimskautinu og spurningar þar að lútandi, á öllum þeim vettvangi, þar sem ákvarðanir þessu viðvíkjandi verða teknar,
— þrotlausan áhuga norðurheimskautsríkja á að halda uppi alþjóðafriði og öryggi og nauðsyn þess að fjalla um vandamál varðandi hernað og annað á norðurheimskautssvæðinu á vettvangi samningaviðræðna annars staðar en á norðurheimskautssvæðinu sjálfu,
— þörf á virkum svæðastofnanaramma til þess að efla samvinnu um náttúruvernd og lífvænlega þróun á norðurheimskautssvæðinu,

erum ákveðnir í

— að koma á sameiginlegu átaki til þess að vernda og verja norðurheimskautssvæðið gegn ógnunum, sem eiga rót sína að rekja til aðstæðna utan norðurheimskautssvæðisins og óarðbærrar fjármálastarfsemi á svæðinu, svo og að tryggja að norðurheimskautssvæðið muni í framtíðinni þróast í samræmi við vönduðustu umhverfissjónarmið og ábyrga auðlindastýringu,
— að bæta lífsskilyrði frumbyggja norðurheimskautsins og möguleika á að halda við, vernda og verja upprunalega menningu þeirra, lífshætti og lögbundin réttindi til frambúðar,
— að hvetja til meiri samskipta menningarlega og milli manna ásamt vöru- og skoðanaskiptum á norðurpólssvæðunum, og tryggja á sama tíma að þetta verði framkvæmt á þann hátt að umhverfi norðurheimskautsins sé ekki stefnt í hættu,
— að sannfæra heiminn um að hann verði að viðurkenna ábyrgð sína á því að frelsa norðurheimskautssvæðið frá umhverfisógnunum, hér með töldum losunum eða tæmingu geislavirkra efna eða annarra hættulegra úrgangsefna á legi eða láði og koma í kring afvopnunarframkvæmdum á þann hátt að þær dragi úr þrýstingi hernaðarframkvæmda og aukinnar umhverfismengunar,

— að efla vísindalegar rannsóknir á svæðum sem geta orðið til gagns fyrir norðurpólssvæðið og íbúana þar,

mælum því með

— öflugri samvinnu norðurheimskautsríkjanna og annarra aðila sem taka þátt í Rovaniemi-ferlinu og framsetningu þess á viðbrögðum til að varðveita norðurheimskautsumhverfið í samræmi við dagskrá UNCED nr. 21,
— áframhaldandi stuðningi til alþjóðavísindasamstarfs, t.d. samstarfs sem Alþjóðavísindanorðurheimskautsnefnd (IASC) samræmir, og söfnunar hennar á þekkingu þar með talin hefðbundin þekking á norðurheimskautssvæðinu og íbúum norðurheimskautsins,
— frekari tilraunum frá norðurheimskautsríkjunum til að ná fram samþykki um stofnun norðurheimskautsráðs sem getur beint alþjóðasamstarfi varðandi norðurheimskautið í farveg, verið því styrkur og mótað yfirbragð þess,
— áframhaldandi alþjóðasamstarfi meðal þeirra ríkja sem hlut eiga að máli til að efla til frambúðar lífvænlega þróun á sviði efnahags og iðnaðar á norðurheimskautssvæðinu, þar á meðal nýtingu á endurnýjanlegum náttúruauðlindum og notkun endurnýjanlegra orkulinda,
— eflingu samstarfs varðandi rannsóknir dýrastofna og stjórnun lifandi auðlinda sjávar, og gæslu og viðhald líffræðilegrar fjölbreytni útbreiðslusvæða, plöntu- og dýralífs á norðurheimskautssvæðinu,
— eflingu og samhæfingu eftirlits og rannsókna á veðurfarsbreytingum,
— minnkun og að lokum brottflutningi loft- og sjávarmengunar, t.d. frá þungamálmum, gróðurhúsalofttegundum, PCB, DDT og klórkolvetni,
— auknu samstarfi ríkja á milli um uppbyggingu samgöngu- og flutningakerfa sem svara til fjárhagslegra, félagslegra og eðlilegra tenginga á svæðinu,
— aukningu þeirrar venju að menn, sem búa á norðurheimskautinu, fari að taka þátt í alþjóða samningaviðræðum sem hafa í för með sér beinar afleiðingar fyrir norðurheimskautsþjóðfélög og landsvæði, umhverfi og náttúruauðlindir,
— að alþjóðlegt frumbyggjaár eigi að leiða til yfirlýsingar um alþjóðlegan áratug frumbyggja heimsins,

og förum þess á leit við ríkisstjórnir

— að þær komi á kerfisbundinni athugun á alþjóðasamningum og öðrum skuldbindingum til þess að tryggja það að nægilegt tillit sé tekið til umhverfisins á norðurheimskautssvæðinu og gengið sé fastar eftir gildandi ákvörðunum eða nýjar séu teknar þegar þess er þörf,
— að tryggt verði að áætlanir um að nýta lifandi og ekki lifandi auðlindir norðurheimskautssvæðisins nái einnig til mats á umhverfislegum afleiðingum (EIA) nægilega snemma,
— að þær styðji allar tilraunir til að koma á algjöru banni gegn atómtilraunum og felli alla aðra einka- og hernaðarlega meðferð kjarnorkutækni og kjarnorkuefna, þar með talin meðferð úrgangsefna, undir stranga alþjóðlega umsjón og eftirlit og
— að þær styrki fjölþjóða foráætlun innan Barentshafsráðsins til að afla hagnýtrar reynslu um eftirlit og að lokum brottflutning á kjarnorkuúrgangi frá einum eða fleiri stöðum á norðurheimskautssvæðinu,

— að þær flýti fyrir og gefi skýrslur um alla nýja möguleika á traustvekjandi framkvæmdum, vígbúnaðareftirliti, afvopnun og eftirliti sem tengist norðurheimskautssvæðinu á því samningaviðræðnasviði sem fyrir hendi er og sjái um að slíku sé framfylgt, hugsanlega beint af norðurheimskautsríkjunum sjálfum,
— að þróuð verði samhæfð starfsemisáætlun í samráði við frumbyggja norðurheimskautssvæðisins með það fyrir augum að leggja áherslu á menningu frumbyggja, viðurkenna rétt þeirra og bæta skilyrði þeirra á öllu svæðinu á sama tíma og tillit verði tekið til þeirra eigin gilda,
— að þær efli viðleitni þá sem í gangi er til að rannsaka afleiðingar af opnun umferðar gegnum Norðaustursund fyrir skip í föstum ferðum milli Evrópu og Norður-Ameríku og Austur- og Suðaustur-Asíu,
— að þær tryggi að fyrir hendi séu nægilegar varnarráðstafanir og viðbúnaður gegn hugsanlegri olíumengun vegna umferðar olíuflutningaskipa um norðurheimskautssvæðið.

Þessu til viðbótar
— höfum við, til að hrinda þessari álitsgerð í framkvæmd, ákveðið að setja á stofn fasta þingmannanefnd fyrir norðurheimskautssvæðið
— og við förum þess á leit við ríkisstjórnir þær sem hlut eiga að máli að þær í sameiningu gefi nefndinni skýrslu um framkvæmd þess sem mælt er með í þessari álitsgerð, svo og allar spurningar sem máli skipta í sambandi við framtíð norðurheimskautssvæðisins.

Reykjavík, 17. ágúst 1993.

612. Skýrsla [408. mál]

um störf Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1993.

Frá Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

Á fundi Alþingis 21. desember 1992 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir til setu í Vestnorræna þingmannaráðinu: Árni Johnsen, Jón Helgason, Karl Steinar Guðnason, Steingrímur J. Sigfússon og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Varamenn voru þá kosnir Guðmundur Hallvarðsson, Valgerður Sverrisdóttir, Sigbjörn Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson. Á fundi sínum 18. janúar 1993 kaus Íslandsdeild þingmannaráðsins Árna Johnsen formann og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur varaformann.

Á fundi Alþingis 18. desember 1993 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir til setu í Vestnorræna þingmannaráðinu: Árni Johnsen, Jón Helgason, Petrína Baldursdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Varamenn voru þá kosnir Guðmundur Hallvarðsson, Valgerður Sverrisdóttir, Sigbjörn Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson. Á fundi sínum 7. janúar 1994 kaus Íslandsdeild þingmannaráðsins Jón Helgason formann og Petrínu Baldursdóttur varaformann.

2. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins.

Deildin hélt sex fundi á starfsárinu. Á fundi í febrúar skýrðu fulltrúar flugfélagsins Óðins frá erfiðri fjárhagsstöðu fyrirtækisins og óskuðu eftir stuðningsyfirlýsingu frá ráðinu. Í framhaldi af því var sent bréf til Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda og til danska sparisjóðsins Bikuben þar sem lýst var yfir stuðningi Íslandsdeildar við áframhaldandi flugrekstur Óðins á flugleiðum til Grænlands.

Á fundum ráðsins á árinu var mikið rætt um meðferð þinga og stjórnvalda í löndunum á samþykktum ráðsins og að beiðni Íslandsdeildar gerði skrifstofan samantekt um afdrif þeirra í ráðuneytunum. Í samantektinni kemur m.a. fram að samtals hafa verið gerðar 60 samþykktir, en 21 þeirra frá árunum 1985–87 hefur aldrei komist til umfjöllunar í ráðuneytunum. Af u.þ.b. 40 samþykktum á árunum 1987–92 hafa þrjár samþykktir verið framkvæmdar (tvær um vestnorrænt ár og ein um nemendaskipti), en níu eru enn þá í meðferð á mismunandi stigum í ráðuneytunum. Í samantektinni kemur auk þess fram að nokkuð hefur verið um að samþykktir hafa verið gerðar oft um sama málefnið, t.d. snerust níu af samþykktunum 60 um sjávarútvegsmál, fimm um kjarnorkuver og sex um málefni ungs fólks. Ákveðið var að taka þetta mál upp á níunda ársfundi ráðsins í Færeyjum sumarið 1993.

Á fundi Íslandsdeildar í júní var rætt um undirbúning ársfundarins og tillögur þær sem ætti að leggja fyrir ársfundinn af hálfu Íslandsdeildar. Auk þess var ákveðið að Jóna Valgerður Kristjánsdóttir yrði fulltrúi Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins á Heimskautsráðstefnu Norðurlandaráðs í Reykjavík 16.–17. ágúst 1993.

Á miðsvetrarfundi landsdeildarformanna ráðsins, sem haldinn var í Kaupmannahöfn 5. mars 1993, var m.a. rætt um það hvernig best væri að fylgja eftir ráðstefnunum þremur sem haldnar voru í tengslum við Vestnorræna árið 1992, um tímasetningu fyrir ársfundinn 1993 í Færeyjum og hvernig unnt væri að fylgja betur eftir samþykktum ráðsins í löndunum þremur. Auk þess var mikið rætt um fjárhags- og atvinnuástand í vestnorrænu löndunum.

12. janúar 1994 var á ný haldinn miðsvetrarfundur landsdeildarformanna ráðsins í Kaupmannahöfn. Þar var m.a. til umræðu meðferð samþykkta ráðsins í þjóðþingunum, þátttaka vestnorrænna kvenna í kvennaráðstefnunni „Nordisk Forum“ í Åbo í ágúst 1994, samningur frá september 1993 milli Grænlands og Íslands um ferðamál og fyrirhugaður sumarfundur á Grænlandi 1994.

3. Níundi ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1993.

Áttundi ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins var haldinn í Þórshöfn á Færeyjum 21. júní 1993. Hann sóttu af hálfu Íslandsdeildar þingmannaráðsins eftirtaldir þingmenn: Árni Johnsen, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Jón Helgason, Karl Steinar Guðnason og Steingrímur J. Sigfússon. Í allt sóttu 15 vestnorrænir þingmenn ársfundinn. Færeyski þingmaðurinn, Lisbeth L. Petersen, tók við formennsku í ráðinu af Árna Johnsen. Á fundinum fluttu formenn landsdeildanna stuttar skýrslur um störf landsdeildanna á árinu. Fyrir hádegi voru almennar umræður með þátttöku flestra þingfulltrúanna og eftir hádegishlé hófst umfjöllun um tillögurnar sex sem fyrir þinginu lágu og voru þær allar samþykktar að umfjöllun lokinni. Auk þess var samþykkt ein yfirlýsing. Um efni þeirra vísast til þingsályktunartillögu þeirrar sem lögð var fram á Alþingi 17. desember 1993, 300. mál þingsins.

Ákveðið var að halda tíunda ársfund þingmannaráðsins í Ilulissat á Grænlandi sumarið 1994.

Alþingi, 18. febr. 1994.

Árni Johnsen, form. | Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, varaform. | Jón Helgason.

Petrína Baldursdóttir. | Steingrímur J. Sigfússon.

613. Skýrsla [409. mál]

samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1993–94.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. Endurmat norræns samstarfs.

1.1. Skýrsla forsætisráðherranna.

Í skýrslu samstarfsráðherra norrænna mála, Eiðs Guðnasonar, um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1992–93, sem lögð var fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi þess, er fjallað allrækilega um endurmat á norrænu samstarfi, eins og það birtist í tillögum til forsætisráðherranna í skýrslum svonefndra „Iloniemi-nefndarinnar“ og „Störe-hópsins“ sem lagðar voru fram á árinu 1992.

Skýrsla forsætisráðherranna um endurmat á norrænni samvinnu hlaut ítarlega umræðu á Alþingi Íslendinga hinn 29. október 1992. Í ræðu sinni í þeirri umræðu sagði Davíð Oddsson forsætisráðherra meðal annars:

„Það verkefni sem við stöndum frammi fyrir í norrænu samstarfi er tvíþætt.

Í fyrsta lagi að tryggja náið samstarf Norðurlanda á þeim sviðum þar sem um sérstök sameiginleg áhugamál er að ræða sem skynsamlegt er að vinna að innan Norðurlandanna einna. Í þessu efni getum við byggt á langri reynslu.

Í öðru lagi þurfum við að finna nýjar og hentugar samstarfsaðferðir vegna þátttöku okkar í evrópskri samvinnu.

Að því er fyrri þáttinn varðar má nefna menningarmál, menntun og rannsóknir, umhverfismál, ýmis félagsleg réttindi fólks og samgöngur. Til viðbótar kemur hér til sögunnar samband við ríkin við Eystrasalt og í vaxandi mæli utanríkis- og öryggismál.

Að því er seinni þáttinn varðar skiptir EES-samstarfið mestu máli á næstu árum. Síðan mun væntanleg aðild flestra Norðurlandanna að Evrópubandalaginu hafa áhrif á norrænt samstarf, en um það er enn margt í óvissu.“

Í máli forsætisráðherra var þeim breytingum, sem fyrirhugað er að gera á norrænu samstarfi, lýst í hnotskurn:

„Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda í Maríuhöfn á Álandseyjum í nóvember á sl. ári var fjallað um norræna samvinnu í ljósi þróunarinnar í Evrópu. Þar var ákveðið að forsætisráðherrarnir skipuðu fulltrúa sína í starfshóp til að fjalla um endurmat á norrænni samvinnu út frá eftirfarandi meginatriðum:

1. Nýjar forsendur norrænnar samvinnu vegna samruna Evrópuríkja.
2. Samvinna Norðurlanda við nágrannaríki, einkum Eystrasaltsríkin og svæðið í kringum Eystrasalt.
3. Þær skipulagsbreytingar sem tillögur til úrbóta miðast við, þar með talin hugsanleg breyting á Helsingfors-sáttmálanum.“

Eiður Guðnason umhverfis- og samstarfsráðherra dró saman í ræðu sinni á Alþingi níu meginatriði sem horfðu til breytinga:

„*Í fyrsta lagi* að forsætisráðherrarnir verði oddvitar samstarfsins.

Í öðru lagi að sama landið, þ.e. það land sem hefur forustu í norræna samstarfinu það árið, hafi með höndum formennsku í öllum ráðherra- og embættismannanefndum.

Í þriðja lagi að náin norræn samvinna verði um þau mál sem eru á dagskrá Evrópska efnahagssvæðisins, Evrópubandalagsins og á öðrum svæðisbundnum samstarfssviðum.

Í fjórða lagi að samvinna á sviði utanríkis- og öryggismála verði aukin.

Í fimmta lagi að ríkisstjórnir geri ráðinu víðtæka og rækilega grein fyrir framvindu og stöðu mála sem snerta Evrópusamstarfið.

Í sjötta lagi að framlag til menningarmála verði stóraukið með menningarmálasjóðnum. . . .

Í sjöunda lagi að haldið verði áfram að vinna að og efla þá málaflokka sem kalla má samnorræna í eðli sínu.

Í áttunda lagi að stuðlað verði að enn frekari samvinnu þeirra aðila í frjálsri félagastarfsemi sem eru virkir í norrænni samvinnu og eru jafnstór og veigamikill þáttur samvinnunnar og raun ber vitni.

Í níunda lagi að unnið verði að þeim breytingum á norræna stjórnkerfinu að það falli að þessum meginmarkmiðum skýrslunnar."

Tillögur þessar voru í meginatriðum samþykktar af forsætisráðherrunum á þingi Norðurlandaráðs í Árósum 9.–11. nóvember 1992 og staðfestar á 43. þingi Norðurlandaráðs í Ósló 1.–4. mars 1993.

Samkvæmt endurmatinu skyldi starfseminni þjappað saman um sjö megináherslu-flokka, en þeir eru:

1. Menningarmál.
2. Rannsóknir og menntun.
3. Umhverfismál.
4. Réttindamál þegnanna.
5. Efnahagsmál.
6. Sjávarútvegsmál.
7. Löggjafarmál.

Þannig skyldu fjárlög norrænu ráðherranefndarinnar í framtíðinni í aðaldráttum endurspegla þessar áherslur.

Forsætisráðherrarnir lögðu þegar til á Árósaþinginu að fjárveitingar til tveggja fyrstu málaflokkanna yrðu auknar um 25% árið 1994 frá árinu 1993 og stefna bæri að því að 50% af fjárlögunum yrðu helguð þessum tveimur málaflokkum fyrir 1996.

Norrænu samstarfsnefndinni (NSK), sem leysa skyldi svonefnda „staðgenglanefnd" af hólmi, var jafnframt falið að vinna að útfærslu ofangreindra áherslusviða og annarra samstarfssviða sem greindust út frá þeim svo að alls urðu samstarfssviðin 12 talsins, þ.e.

1. Menningarmál.
2. Rannsóknir og menntun.
3. Umhverfismál.
4. Sjávarútvegsmál.
5. Félags- og heilbrigðismál.
6. Vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál.

7. Neytendamál.
8. Orku- og iðnaðarmál.
9. Byggðamál.
10. Landbúnaðar- og skógræktarmál.
11. Löggjafarmál.
12. Jafnréttismál.

Allir þessir málaflokkar fá fjármuni til ráðstöfunar á fjárlögum ársins 1994.

Þá var ein af afleiðingum endurmatsins sú að samþykkt var á vorþingi Norðurlandaráðs í Ósló (1.–4. mars 1993) að Helsingfors-samningnum skyldi breytt. Breytingarnar fælu m.a. í sér að þingmenn fengju aukið vald til að hafa áhrif á fjárlagagerðina og þar með fjárveitingar. Þá yrði m.a. bætt við samninginn ákvæðum um samstarf í utanríkismálum o.fl.

Skrifað var undir breytingarnar á Helsingfors-samningnum í Helsingfors 18. mars 1993 og tók samningurinn gildi 7. nóvember 1993. Samningurinn fylgir með þessari skýrslu sem fylgiskjal. Þá voru samdar nýjar starfsreglur fyrir ráðherranefndina og norrænu samstarfsnefndina sem fylgja einnig þessari skýrslu sem fylgiskjal.

1.2. Samstarf forsætisráðherranna.

Eins og að framan var getið leiddi endurmat norræns samstarfs til þess að forsætisráðherrarnir tóku að sér yfirstjórn hins norræna samstarfs. Þessi breyting tók þegar gildi á 42. þingi Norðurlandaráðs í Árósum. Forsætisráðherra Norðmanna talaði þar fyrir hönd starfsbræðra sinna á öðrum Norðurlöndum um hvernig ríkisstjórnir landanna vildu haga hinni norrænu samvinnu ríkisstjórnanna, þar á meðal um uppstokkun hins formlega samstarfs í sjö áherslusvið, og fjárlög næsta árs skyldu taka mið af þessum áherslum.

Þá ákváðu forsætisráðherrarnir að til menningarmála, rannsóknamála og menntamála skyldi auka fjárveitingar árið 1994 um 25% frá árinu 1993 og stefna bæri að því að til þessara sömu málaflokka skyldu renna 50% af fjárveitingum fyrir árið 1996.

Á fundi forsætisráðherranna á þingi Norðurlandaráðs í Ósló 1.–4. mars 1993 samþykktu þeir fyrrgreinda tillögu norrænu samstarfsnefndarinnar (NSK) um 12 samstarfssvið sem öllum hefur verið veitt fé á fjárlögum 1994.

Á 43. þingi Norðurlandaráðs í Ósló lagði forsætisráðherra Svíþjóðar fram stefnuyfirlýsingu sína sem oddviti formannslandsins á komandi ári í samvinnu við forsætisráðherra hinna norrænu landanna. Í ræðu sænska forsætisráðherrans var drepið á ýmis mál sem ríkisstjórnirnar voru sammála um að vinna að. Mikilvæg væri umsókn þriggja norrænna landa um aðild að Evrópubandalaginu, enn fremur lausn á atvinnuleysi og baráttu gegn útlendingahatri o.fl.

Þá óskuðu forsætisráðherrarnir eftir athugun á möguleikum til að setja á stofn norræna sjónvarpsrás til að senda efni um gervihnött milli Norðurlandanna.

Forsætisráðherrarnir töldu reynsluna af samvinnu Norðurlanda við Eystrasaltsríkin geta verið forsendu fyrir áþekku átaki gagnvart Norðvestur-Rússlandi.

Hin aukna þátttaka forsætisráðherranna í Norðurlandasamstarfi birtist einnig í reglulegum fundarhöldum þeirra. Þannig hafa þeir haldið fjóra fundi á árinu, tvo í sambandi við þing Norðurlandaráðs og tvo þess á milli. Á fundum þessum hafa forsætisráðherrarnir rætt fjölmörg mál og fylgja yfirlýsingar þeirra skýrslu þessari sem fylgiskjöl.

Á árinu kom í ljós að ríkissjónvarpsstöðvar fjögurra norrænu landanna voru því meðmæltar að standa að sjónvarpssendingum um gervihnött innan Norðurlandanna, enda kæmi ríkisaðstoð til. Forsætisráðherrarnir töldu sig ekki geta fallist á þá lausn og fólu ríkissjónvarpsstöðvunum að halda áfram könnun sinni. Auk þess ákváðu þeir að fela menningarmálaráðherrunum að vinna að aukinni útbreiðslu dagskrárefnis norrænu sjónvarpsstöðvanna milli grannlandanna.

Forsætisráðherrarnir tóku einnig til umræðu landamærahindranir við ferðum manna milli landa, dvalarleyfi og atvinnuleyfi.

Gerð hefur verið úttekt á viðkomandi hindrunum og hafa forsætisráðherrarnir lagt fyrir viðkomandi fagráðherra að koma með tillögur til úrbóta fyrir þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í mars nk.

Þá var samstarfsráðherrunum falið að gera tillögur um „norræna jafnréttisreglu“ sem fella mætti inn í Helsingfors-samninginn í ljósi ákvæða EES-samningsins um sama efni.

1.3. Skrifstofa Norðurlandamála.

Skrifstofa Norðurlandamála hefur frá stofnun hennar á miðju ári 1987 verið vistuð í utanríkisráðuneytinu. Frá og með síðustu áramótum var ákveðið að vista skrifstofuna í tengslum við forsætisráðuneytið í samræmi við hið nýja skipulag.

Til þessa hefur framlag til skrifstofu Norðurlandamála og framlag Íslands til norrænu ráðherranefndarinnar að sama skapi verið fært hjá utanríkisráðuneyti, en í fjárlögum 1994 færast þessir gjaldaliðir til forsætisráðuneytis í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Framlag til skrifstofu Norðurlandamála hækkar úr 10,7 millj. kr. 1993 í 18 millj. kr. 1994 vegna formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni 1994–1995. Framlag Íslands til fjárlaga norrænu ráðherranefndarinnar að upphæð 60,7 millj. kr. færist yfir til forsætisráðuneytisins, en árið 1993 nam framlagið 57,9 millj. kr.

Bætt verður við einu og hálfu nýju starfi til að mæta auknu umfangi í starfi skrifstofunnar vegna formennsku Íslands.

Í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, sem tók við völdum 30. apríl 1991, var Eiður Guðnason jafnframt útnefndur samstarfsráðherra Norðurlanda. Er Eiður Guðnason hætti ráðherrastarfi útnefndi forsætisráðherra Sighvat Björgvinsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra samstarfsráðherra í hans stað frá og með 22. júní 1993.

Á þessu starfsári héldu norrænu samstarfsráðherrarnir fundi sem hér segir:

8. febrúar í Ósló,
1.–4. mars í Ósló,
5. maí í Stokkhólmi,
4.–6. ágúst í Vasa,
8.–10. nóvember í Maríuhöfn,
3. desember í Kaupmannahöfn.

Fyrir utan hefðbundin störf skrifstofu Norðurlandamála voru það sérstök verkefni skrifstofunnar og starfsliðs hennar að taka þátt í og vinna að þeim breytingum á stjórnkerfi Norðurlandasamstarfsins sem af samþykktum forsætisráðherranna leiddi og festa breytingarnar í sessi.

Skrifstofustjóri var Jón Júlíusson sem jafnframt var fulltrúi Íslands í norrænu samstarfsnefndinni.

2. Norrænu fjárlögin 1994.

2.1. Nýmæli í fjárlagagerð.

Í samræmi við endurmat á norrænu samstarfi og pólitíska stefnumörkun forsætisráðherra Norðurlanda hefur orðið samkomulag um nokkur grundvallaratriði sem móta eiga samstarfið í framtíðinni:

1. Forsætisráðherrarnir taka sameiginlega að sér virkara hlutverk í norrænu samstarfi en verið hefur.
2. Meginreglan um virka formennsku verður látin gilda á öllum stigum ríkisstjórnarsamstarfsins.
3. Samstarfinu verður beint að nokkrum forgangssviðum.
4. Áhrif Norðurlandaráðs á fjárlagaákvarðanir eflast verulega.

Ráðherranefndin og embættismannanefndirnar munu framvegis vinna að framgangi mála á sjö áherslusviðum en þau eru: Menning, menntun og rannsóknir, umhverfismál, réttindi almennings, sjávarútvegsmál, efnahagsmál og lagaleg atriði (tafla 1).

Til þess að hægt sé að spanna allt samstarfið og fella það skipulagslega og í fjárlagagerðinni undir hin mismunandi áherslusvið verða framlög einkum veitt til eftirfarandi starfssviða: Menningar, menntunar og rannsókna umhverfismála, sjávarútvegsmála, félags- og heilbrigðismála, vinnumarkaðs- og vinnuverndarmála, neytendamála, orku- og atvinnumála, byggðamála, landbúnaðar- og skógræktarmála, lagasetningar og jafnréttismála.

Enda þótt megináhersla sé lögð á þessi tólf samstarfssvið útilokar það ekki framlög á fjárlögum eða af ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar til annarra samstarfssviða. Samstarfsráðherrarnir fá þannig til umráða 3 millj. d.kr. sem nota á til mikilvægra pólitískra verkefna á árinu 1994.

Í norrænu fjárlögunum 1994 eru framlög til menningar- og menntamála aukin um 53 millj. d.kr. frá fyrra ári. Þetta er í samræmi við þá áherslu sem lögð hefur verið á að efla norræna menningu og sjálfsmynd Norðurlandabúa frammi fyrir hraðfara Evrópuþróun. Þá hafa fjárveitingar til rannsókna, umhverfismála og til grannsvæða Norðurlanda notið forgangs við fjárlagagerðina.

Gengið hefur verið út frá þeirri forsendu við fjárlagagerðina að heildarframlög verði óbreytt að raungildi milli áranna 1993 og 1994. Þetta hefur í för með sér að niðurskurður verður á nær öllum öðrum samstarfssviðum en hér hafa þegar verið nefnd.

Haldið verður áfram að þróa ramma- og markmiðsstjórnun í allri norrænni fjárlagastarfsemi en það mun auka möguleika á virkri pólitískri stjórnun og auðvelda innsýn og yfirlit.

Endurskipulagning hefur átt sér stað á skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í því skyni að gera samstarfið hagkvæmara. Markmiðið er að 1. janúar 1995 hafi stjórnunarkostnaður lækkað um 20% miðað við 1993.

Samanlagt eru niðurstöðutölur norrænu fjárlaganna u.þ.b. 656 millj. d.kr.

2.2. Norræni lykillinn.

Skipting framlaga landanna fer eftir „norræna lyklinum" sem hefur verið ákveðinn í samræmi við hlutfall viðkomandi lands af brúttóþjóðartekjum (BNI) norrænu ríkjanna í heild:

Ár	1992 %	1993 %	1994 %
Danmörk	20,6	20,4	20,8
Finnland	22,4	22,9	21,8
Ísland	1,0	0,9	0,9
Noregur	18,3	18,0	18,0
Svíþjóð	37,7	37,8	38,5

2.3. Gengi og umreikningsreglur.

Við ákvörðun fjárlagatalna hefur ráðherranefndin notað það skiptagildi á norrænum myntum sem skráð var 9. nóvember 1993:

100 FIM = 119 DKK
100 ISK = 10 DKK
100 NOK = 93 DKK
100 SEK = 84 DKK

Við fjárlagaákvarðanir voru í gildi eftirfarandi umreikningsreglur varðandi framlög til stofnana: Danmörk 3,0%, Finnland 2,5%, Ísland 3,0%, Noregur 1,75%, Svíþjóð 2,2%, en varðandi verkefnaframlög 2,5% árið1994.

2.4. Þróun norrænu fjárlaganna.

Á breytilegu verðlagi hafa fjárlögin þrefaldast frá því í upphafi níunda áratugarins. Sé tekið tillit til verðlagsþróunar á Norðurlöndum hafa fjárlögin rúmlega tvöfaldast, mælt á föstu verðlagi (á verðlagi ársins 1993).

Mynd (repró).

Skipting fjárlaga eftir áherslusviðum (breytilegt verðlag).

Tafla 1.

Áherslusvið	1993 þús. d. kr.	Hlutdeild %	1994 þús. d. kr.	Hlutdeild %
I Menning	93.336	14,3	128.842	19,6
II Menntun/rannsóknir	177.429	27,3	197.981	30,2
III Umhverfismál	32.358	5,0	33.167	5,1
IV Sjávarútvegsmál	7.519	1,1	6.663	1,0
V Réttindamál þegnanna	69.106	10,6	59.105	9,0
VI Efnahagsmál	151.699	23,3	130.386	19,9
VII Lagaleg atriði	8.268	1,3	13.327	2,0
VIII Önnur starfsemi	110.955	17,1	86.415	13,2
SAMANLAGT	**650.670**	**100,0**	**655.886**	**100,0**

Fjárlögin eru þannig sett upp að undir hverju áherslusviði er gerð grein fyrir skiptingu framlaga milli verkefna og stofnana (tafla 3). Á áherslusviðunum menning og menntun/rannsóknir er verkefnafé skipt upp í verkefnaframlög annars vegar og tímabundnar áætlanir og almenn styrkjakerfi hins vegar. Síðastnefnd tegund framlaganna er mitt á milli venjulegs verkefnafjár og framlaga til stofnana. Á skýringarmyndinni er gerð grein fyrir skiptingu heildarfjárlaganna milli verkefna- og stofnanaframlaga og framlags til skrifstofu ráðherranefndarinnar.

2.5. Ramma- og markmiðsstjórnun.

Um þessar mundir er verið að gjörbreyta og þróa fjárlagakerfi norrænu ráðherranefndarinnar. Ramma- og markmiðsstjórnun við fjárlagagerð verður látin taka til allrar norrænnar starfsemi seinast 1995. Það á að gefa betri innsýn og yfirlit yfir starfsemina. Skiptingin í áherslusvið á einnig að auðvelda stjórnmálamönnum afskipti af fjárlagagerðinni. Eftir því sem ráðherranefndin er nákvæmari í starfsáætlun sinni (C2) ætti að vera auðveldara að ræða hvaða verkefnum er brýnast að hrinda í framkvæmd.

Stefnt er að því að samningsbundin ramma- og markmiðsstjórnun nái til 40% þeirrar starfsemi sem norrænu fjárlögin snerta. Tilgangur umbótanna er að finna betri farveg fyrir samskipti og samvinnu milli stofnananna og ráðherranefndarinnar og leggja styrkari grunn að pólitískum ákvörðunum. Það eru fyrst og fremst tvö atriði sem einkenna nýja fjárlagakerfið.

— Samningur sem markar eðli verkefnisins og umfang, svo og fjárhagsgrundvöll þess.
— Skýrslugjöf sem greinir frá árangri miðað við verkefni og fjárframlög meðan á starfseminni stóð.

Samningurinn, sem gerður er í samvinnu stofnunar og ráðherranefndar, felst í pólitískri viljayfirlýsingu sem sett er fram í formi „pöntunar“ með vissum fjárhagsrömmum fyrir viðkomandi stofnun. Hún tilgreinir í nokkurs konar „tilboði“ möguleika sína til þess að afgreiða pöntunina í samræmi við gefnar forsendur. Samningsferlið eykur möguleika stjórnmálamanna til þess að hafa áhrif á og stýra markmiðum og viðfangsefnum stofnananna. Um leið öðlast viðkomandi stofnanir aukið sjálfræði til þess að þróa af eigin rammleik aðferðir og leiðir að markmiðunum. Þær stofnanir, sem vinna í samræmi við samning til margra ára, fá þannig aukna möguleika til þess að gera langtímaáætlanir um starfsemi sína.

Skýrsla um árangur í texta og lykiltölum er gefin út á hverju ári og send þingmönnum í nefndum Norðurlandaráðs og embættismannanefndum. Reynslan af þessari fjárlagatækni er afar góð.

— Hægt er að leiðrétta fljótt vandamál í starfseminni.
— Fleiri vita um og láta sig varða þau vandamál sem uppi eru.
— Skilningur eykst á gildi og verðleikum viðkomandi stofnunar.
— Fjárlagavinnan fyrir næsta tímabil verður auðveldari.
— Áhersla á markmið og árangur vex innan stofnana.
— Hæfni í afgreiðslu embættismanna eykst.
— Pólitísk stjórnun eflist með því að þingmenn og fulltrúar ríkisstjórna fá upplýsingar og geta rækt eftirlitsskyldur sínar.

2.6. Verkefnastjórnun í starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar.

Fé til norrænna verkefna kemur annars vegar sem framlög á norrænu fjárlögunum eða sem verkefnafé frá norrænum samstarfsstofnunum. Eiginlegt verkefnafé norrænu ráðherranefndarinnar var 292 millj. d.kr. árið 1993.

Verkefnastjórnun er ákaflega misjöfn eftir samstarfssviðum og allur gangur er á því hvernig afskipti eru höfð af framkvæmd og innihaldi verkefna af opinberri hálfu. Það er stundum litið á það sem vandamál hve fjöldi verkefna er mikill og valddreifing er algeng í norrænu samstarfi.

1. Framkvæmd margra verkefna er talin ganga of hægt.
2. Þekkingu á árangri verkefna er ekki miðlað á nógu skipulegan hátt.
3. Árangri er sjaldnast fylgt eftir og hann er heldur ekki kynntur nægilega fyrir almenningi á Norðurlöndum.
4. Fjárlagastjórnun á verkefnafé er ekki mikil að gæðum og það skortir á að eftirlitsaðferðir samstarfsstofnana, sem eiga að samræma starfsemina, séu nægilega þróaðar. Þess vegna er talin ástæða til þess að skerpa þær reglur og viðmiðanir sem gilda um samnorræn verkefni.

Eftirfarandi stefnumið eiga framvegis að gilda um verkefnastarfsemina:

1. Verkefni verður að hafa yfirlýstan metnað til þess að efla norræna sjálfsvitund eða fylla raunverulega þörf á norrænni samvinnu. Mikilvæg viðmiðun í þessu sambandi er að fjármunir séu nýttir á hagkvæman hátt til þess að koma í veg fyrir tvíverknað einstakra norrænna ríkja.
2. Verkefni verða að vera í samræmi við þá forgangsröðun sem ákveðin hefur verið á hverju samstarfssviði.
3. Verkefni á að hafa tiltekinn framkvæmdatíma og fyrir fram ákveðin verklok. Verklokin ber að ákveða með tilliti til þess hvenær árangurinn getur vakið sem mesta athygli á opinberum vettvangi.
4. Verkefnum ber að sinna með ákveðnu stjórnskipulagi, innan ramma fjárhagsáætlunar og fastákveðinnar framvinduáætlunar.
5. Aðalábyrgð á einstökum verkefnum ber viðkomandi fagráðuneyti.

Ráðherranefndin mun hrinda í framkvæmd nokkrum atriðum til þess að auðvelda verkefnastjórnunina:

— Komið hefur verið á laggirnar verkefna- og starfsemisskrá sem auðvelda á yfirlit um verkefni sem unnið er að.
— Nýja kerfið með markmiðs- og rammastjórnun við fjárlagagerð mun ná til fleiri aðila en áður á árinu 1994, m.a. verkefna á sviði upplýsingastarfsemi, upplýsinga um vinnumarkað, byggðaverkefna, umhverfisverkefna og jafnréttisverkefna.
— Starfsemi skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar mun æ meir beinast að því að fylgja eftir árangri og áhrifum mikilvægustu verkefna norræns samstarfs. Reynt verður að skapa umræðuvettvang og möguleika fyrir kynningu á árangri norræns samstarfs, m.a. með því að koma á fót fundum (hearings) og hugmyndasmiðjum (workshops).

2.7. Tekjuhlið fjárlaganna.

Bein framlög frá ríkjunum standa að langmestu leyti straum af starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar og er framlögunum jafnað niður á löndin samkvæmt „norræna lyklinum“ sem tekur mið af hlutfalli af samanlögðum brúttóþjóðartekjum (BNI) á Norðurlöndum.

Tafla 2.

Í þús. d.kr.	Fjárlög 1993	Fjárlög 1994	Norr. lykillinn 1994
Launatengd gjöld starfsmanna	7.000	6.500	
Vaxtatekjur	20.000	20.000	
Aðrar tekjur/(hugsanlegt tap)	770	800	
Framlög Norðurlandanna	**622.900**	**628.586**	
Danmörk	127.072	130.746	20,8 %
Finnland	142.644	137.032	21,8 %
Ísland	5.606	5.657	0,9 %
Noregur	112.122	113.145	18,0 %
Svíþjóð	235.456	242.006	38,5 %
Samtals	**650.670**	**655.886**	**100 %**

2.8. Gjaldahlið fjárlaganna.

Tafla 3.

Breytilegt verðlag í þús. d.kr.		1993	1994
1	**Menningarsamvinna**	**93.336**	**128.842**
	Verkefnafé	56.029	91.915
	Stofnanir	37.307	36.927
2	**Menntun/rannsóknir**	**177.429**	**197.981**
	Verkefnafé	103.539	132.158
	Stofnanir	73.890	65.823
3	**Umhverfismál**	**32.358**	**33.167**
	Verkefnafé	32.358	33.167
4	**Sjávarútvegsmál**	**7.519**	**6.663**
	Verkefnafé	7.519	6.663
5	**Réttindi almennings**	**69.106**	**59.105**
	Verkefnafé	30.331	26.097
	Stofnanir	38.775	33.008
6	**Efnahagsmál**	**151.699**	**130.386**
	Verkefnafé	46.549	38.541
	Stofnanir	105.150	91.845
7	**Lagaleg atriði**	**8.268**	**13.327**
	Verkefnafé	6.920	11.945
	Stofnanir	1.348	1.382
8	**Önnur starfsemi**	**110.955**	**86.415**
	Verkefnafé	45.414	31.952
	Stofnanir	65.541	54.463
	Samanlagt	**650.670**	**655.886**

3. Menningarmál.

3.1. Breytt skipulag.

Á árinu 1993 mótaðist samvinna ríkisstjórnanna á sviði menningar-, mennta- og vísindamála af þeirri stefnumörkun sem ákveðin var með yfirlýsingu forsætisráðherranna á fundi þeirra í Árósum 11. nóvember 1992 sem laut bæði að skipulagi og efnisáherslum í norrænu samstarfi.

Ráðherranefnd menningar- og menntamála lagði fyrir 42. þing Norðurlandaráðs í Ósló 1.–4. mars 1993 ríkisstjórnatillögu um eflingu og breytt skipulag samstarfsins í menningar-, mennta- og vísindamálum. Tillagan hafði verið undirbúin í samráði við menningarmálanefnd Norðurlandaráðs. Eftir umfjöllun á þingi ráðsins, sem lauk með því að fallist var á tillöguna í megindráttum, jafnframt því að settar voru fram ábendingar um framkvæmdina í nokkrum atriðum, staðfesti ráðherranefndin þá áætlun sem í tillögunni fólst. Þar er lýst áformum um áherslusvið í samstarfinu á næstunni og hvernig nýta eigi það aukna fjármagn sem samkvæmt yfirlýsingu forsætisráðherranna er ráðgert að renni til menningar- og menntamálageira norrænu samstarfsfjárlaganna næstu árin. Þessum áformum var síðan fylgt eftir með nánari verkefnaútfærslu í tengslum við undirbúning samstarfsfjárlaganna fyrir árið 1994 og verður vikið nánar að þeim þáttum hér á eftir.

Að loknu Norðurlandsráðsþinginu í Ósló komu til framkvæmda þær skipulagsbreytingar sem tillaga ráðherranefndarinnar gerði ráð fyrir, í samræmi við samþykkt forsætisráðherranna. Þær fólu í sér að í stað einnar ráðherranefndar á sviði menningar-, mennta- og vísindamála komu tvær, annars vegar ráðherranefnd menningarmála og hins vegar ráðherranefnd mennta- og vísindamála. Af Íslands hálfu starfar menntamálaráðherra í báðum nefndunum. Með hliðstæðum hætti komu tvær embættismannanefndir í stað einnar áður, sín fyrir hvort framangreindra sviða.

Fyrir Norðurlandaráðsþingið í Ósló var einnig lögð ríkisstjórnartillaga frá ráðherranefnd menningar- og menntamála um hvernig staðið skyldi að breytingum á fjármögnun og skipulagi stofnana og annarra fastra verkefna sem kostuð eru af menningarmálalið norrænu samstarfsfjárlaganna. Tillagan, sem hlaut stuðning Norðurlandaráðs í meginefnum, var reist á niðurstöðum athugunar sem unnin var í þremur starfshópum á vegum ráðherranefndar menningar- og menntamála og beindist m.a. að því að kanna hvernig auka mætti sveigjanleika í ráðstöfun tiltækra fjármuna á þessu sviði. Gerð var grein fyrir meginatriðum í tillögum starfshópanna í skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda í fyrra. Samkvæmt áætlun ráðherranefndarinnar er gert ráð fyrir að breytingar í framhaldi af úttekt starfshópanna komi til framkvæmda smám saman á næstu árum. Meðal þess sem þegar hefur verið komið á er sú tilhögun á fjárveitingum til stofnana og fastra samstarfsverkefna að framlög eru ákveðin á grundvelli rammasamnings til nokkurra ára með hliðsjón af tilgreindum markmiðum að því er varðar hlutverk og umsvif.

Við undirbúning norrænu samstarfsfjárlaganna fyrir árið 1994 var lögð til grundvallar sú stefnumörkun sem fólst í Árósayfirlýsingu forsætisráðherranna. Hún gerði ráð fyrir að á árinu 1994 yrði varið 25% meira fé til menningar- og menntamála en samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir 1993 og árið 1996 ættu 50% framlaga samkvæmt norrænu fjárlögunum að renna til samstarfs á þessu sviði. Á þessum grundvelli var í fjárlagatillögum samstarfsráðherranna gert ráð fyrir að til aukins samstarfs í menningarmálum yrði 1994 varið um 41 millj. d.kr. umfram fjárlögin 1993. Á 43. þingi Norðurlandaráðs í Maríuhöfn í nóvember 1993 var samþykkt tillaga um að minnka þessa viðbótarfjárveitingu um ríflega 7 millj. d.kr. og verja þeim mismun til verkefna á öðrum samstarfssviðum. Um

það bil 20 millj. d.kr. aukning fjárveitingar til mennta- og vísindamála var látin óhögguð. Samstarfsráðherrarnir staðfestu fjárlögin í samræmi við tillögur Norðurlandaráðs.

3.2. Menningarmál.

Í áætlun ráðherranefndar menningar- og menntamála um eflingu og breytt skipulag samstarfsins, sbr. tillögu hennar til 42. þings Norðurlandaráðs, kemur fram að með auknu samstarfi á menningarsviðinu sé stefnt að eftirtöldum markmiðum:

— að varpa ljósi á og styrkja það sem sameinar norrænar þjóðir á sviði menningar og tungumála;
— að glæða vitund æskufólks um sérkenni norrænnar menningar;
— að tryggja og efla gæði og fjölbreytni á sviði lista og alþýðlegrar menningarstarfsemi á Norðurlöndum;
— að stuðla að aukinni athygli umheimsins á norrænni menningu og stofna til átaksverkefna í því skyni að treysta og auðga menningarsamvinnu á Norðurlöndum í samskiptum við aðrar Evrópuþjóðir og á alþjóðavettvangi.

Lýst er áformum um að beina auknum fjárveitingum sérstaklega að eftirtöldum viðfangsefnum:

— að efla Menningarsjóð Norðurlanda;
— að efla framleiðslu og dreifingu norræns sjónvarpsefnis og kvikmynda;
— að beina auknum kröftum að norrænni málsamvinnu;
— að auka starf í þágu barna og ungmenna;
— að efla samvinnu á sviði lista;
— að búa í haginn fyrir aukið alþýðlegt menningarsamstarf;
— að skerpa ímynd norræns menningarsamstarfs í Evrópu og innan Norðurlanda;
— að stofna til sérstakrar menningarkynningar ár hvert í formennskulandinu (í tengslum við þing Norðurlandaráðs).

Á vegum ráðherranefndar menningarmála hefur framangreindum áformum verið fylgt eftir í sambandi við undirbúning norrænu samstarfsfjárlaganna fyrir árið 1994. Því aukna fjármagni, sem þar er gert ráð fyrir til menningarmála, á að verja sem hér segir:

	Millj. d.kr.
Til Menningarsjóðs Norðurlanda	6
— norræns kvikmynda- og fjölmiðlasamstarfs	2
— málsamvinnu	1,3
— starfs í þágu barna og ungmenna	4,1
— samstarfs á sviði lista	3,8
— alþýðlegs menningarsamstarfs	2,1
— norrænnar menningarkynningar í Evrópu	4,1
— menningarkynningar í tengslum við þing Norðurlandaráðs	3,6
— verkefna sem kostuð eru af ráðstöfunarfjárveitingu	2

Meðal einstakra nýrra verkefna, sem samþykkt hefur verið að veita fé til eða eru á döfinni, skulu fáein nefnd:

— Styrkir til dreifingar á norrænum kvikmyndum.
— Myndbandasafn í Norræna húsinu í Reykjavík. Til þess eru veittar 300 þúsund d.kr. í tengslum við áætlun um málsamvinnu.

— Ferðastyrkir handa ungum listamönnum.
— Norrænt myndlistarár 1995.

Jafnhliða áætlanagerð um ný samstarfsverkefni hefur verið haldið uppi öflugri og fjölbreytilegri starfsemi á vegum þeirra stofnana og annarra samstarfsaðila sem fyrir eru á menningarmálasviðinu.

Norræna húsið í Reykjavík minntist 25 ára afmælis síns í ágúst 1993 með fjölskrúðugri dagskrá, þar á meðal málstefnu þar sem m.a. var fjallað um stöðu Íslendinga í samfélagi norrænna þjóða.

Norðurlandahúsið í Færeyjum, sem varð 10 ára vorið 1993, hefur mjög stuðlað að auknum menningarsamskiptum Íslendinga og Færeyinga. Menntamálaráðuneytið hefur árlega um skeið veitt stofnuninni nokkurn styrk vegna þessara samskipta af fjárveitingu til norrænnar samvinnu.

Haustið 1993 hófst framkvæmd verkefnis sem á íslensku hefur verið nefnt *„Norræn æska — norræn list“* og felst m.a. í heimsóknum norrænna listamanna í skóla víða um Norðurlönd til að vinna með nemendum. Skólar á Akureyri og víðar við Eyjafjörð taka þátt í verkefninu hér á landi.

3.3. Athugun á norrænni sjónvarpsrás.

Í ársbyrjun 1993 fólu menningarmálaráðherrar Norðurlanda stjórnarnefnd norræns menningar- og fjölmiðlasamstarfs að kanna tæknilegar og fjárhagslegar forsendur norrænnar sjónvarpsrásar sem miðuð væri öðru fremur við sendingar frétta og fréttatengds efnis um gervitungl. Samstarfsráðherrarnir höfðu hlutast til um athugun þess máls að frumkvæði Eiðs Guðnasonar, þáverandi samstarfsráðherra, í desember 1992. Stjórnarnefndin skilaði greinargerð þar sem lýst var þremur mismunandi kostum og árlegur kostnaður áætlaður um 48–77 millj. d.kr., háð því hve mikið af efni yrði þýtt. Á fundi ráðherranefndar menningarmála 20. janúar 1993 varð niðurstaðan sú að slíkt verkefni mundi ekki rúmast innan þess fjárhagsramma sem fyrirhugaðri eflingu menningarmálasamstarfsins væri markaður.

Forsætisráðherrarnir tóku málið síðan upp og fólu opinberu sjónvarpsstofnununum á Norðurlöndum að undirbúa og leggja fram tillögu um sameiginlega norræna sjónvarpsrás. Í skýrslu sjónvarpsstofnananna var reifuð tillaga um rás með viðamikilli dagskrá sem kostuð yrði aðallega af notendagreiðslum. Hins vegar var gert ráð fyrir að á uppbyggingarskeiði nytu stöðvarnar lána eða ríkisábyrgða af hálfu Norðurlandaríkjanna, um 550 millj. d.kr., auk þess sem kostnaður vegna þýðinga og textunar, áætlaður um 100 millj. d.kr. á ári, yrði greiddur af ríkjunum. Danska ríkisútvarpið stóð ekki að tillögunni. Skýrslan kom til umfjöllunar á fundi forsætisráðherranna í Maríuhöfn 7. nóvember 1993.

Í samþykkt forsætisráðherranna um málið var tillagan talin áhugaverð að því er varðaði dagskrárefni og tilhögun dreifingar en tekið fram að ekki væru að mati ráðherranna tök á að ríkissjóðir landanna veittu þann fjárhagsstuðning sem gert væri ráð fyrir. Var því vísað til sjónvarpsstofnananna að meta sjálfar hvaða möguleikar kynnu að vera á að koma upp norrænni sjónvarpsrás. Áður höfðu forsætisráðherrarnir beint því til menningarmálaráðherranna að kanna hvernig bæta mætti skilyrði til dreifingar á sjónvarpsefni milli norrænna grannlanda og efla gagnkvæm skipti á sjónvarpsefni og samstarf um framleiðslu þess. Stjórnarnefnd norræns menningar- og fjölmiðlasamstarfs hefur unnið að gerð skýrslu um forsendur aukins samstarfs af þessu tagi.

Stjórnarnefnd *kynningar á norrænni menningu erlendis* átti hlut að mörgum verkefnum árið 1993 sem fyrr, bæði í Evrópu og Ameríku. Sem dæmi má nefna umfangsmikla sýningu á listhönnun frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum sem haldin var í höfuðborgum allra Eystrasaltsríkjanna og norræna ljóðakynningu í Bandaríkjunum, hvort tveggja með íslenskri þátttöku.

4. Rannsóknir og menntun.

4.1. Mennta- og vísindamál.

Í þeirri áætlun ráðherranefndar menningar- og menntamála um eflingu og breytt skipulag norræns samstarfs á þessum sviðum, sem lögð var fyrir 42. þing Norðurlandaráðs og getið var hér að framan, er lýst því markmiði að búa í haginn fyrir norrænt mennta- og vísindasamfélag. Þannig eigi að vera jafnauðvelt að ástunda hvers konar samskipti og starfsemi á sviði menntunar og vísinda innan Norðurlanda sem heildar og í eigin landi. Lögð er áhersla á eftirtalin samstarfssvið:

— námsmanna- og kennaraskipti,
— norrænt rannsókna- og rannsóknamenntunarsamfélag,
— stuðning við Vestur-Norðurlönd sem forgangsverkefni,
— norræna málsamvinnu,
— fullorðinsmenntun og alþýðufræðslu.

Við undirbúning norrænu samstarfsfjárlaganna fyrir árið 1994 var tekið mið af þessum áherslum. Framlög til mennta- og vísindamála eru þar aukin sem nemur um 20 millj. d.kr., en með tilfærslum á grundvelli ákvarðana um aukinn sveigjanleika í fjárveitingum voru alls um 30 millj. d.kr. til ráðstöfunar í átaksverkefni innan þessa geira. Af því fé renna tæplega 10 millj. d.kr. sem viðbótarframlag til NORDPLUS-styrkjakerfisins, um 5,5 millj. d.kr. til Norræna rannsóknaháskólans (NorFA), 1,5 millj. d.kr. til áætlunarinnar um norræna málsamvinnu (og gert ráð fyrir að sú auking nýtist ekki síst í þágu Vestur-Norðurlanda) og um 2,5 millj. d.kr. til verkefna á sviði fullorðinsfræðslu.

Í júní 1993 staðfesti ráðherranefnd mennta- og vísindamála nýja starfsáætlun fyrir stjórnarnefnd *norræns skólasamstarfs*. Lögð verður áhersla á samstarfsverkefni sem tengjast sameiginlegri menningararfleifð norrænna þjóða eða gefa færi á hagræðingu með því að vinna sameiginlega að viðfangsefnum. Stjórnarnefndin stóð vorið 1993 að ráðstefnu í Reykjavík um norræna menningarfræðslu í skólum í samvinnu við ýmsar samstarfsnefndir á menningarsviðinu og með stuðningi Menningarsjóðs Norðurlanda. Þátttakendur í ráðstefnunni komu hvaðanæva af Norðurlöndum.

Ráðherranefnd mennta- og vísindamála hefur ákveðið að gerðar verði ráðstafanir til að koma á laggirnar *tölvuneti* sem allir skólar á Norðurlöndum eigi kost á að tengjast og nota megi til margvíslegra samskipta og upplýsingamiðlunar. 300 þús. d.kr. af norrænu fé verður varið til þessa á næsta ári.

Haldið er áfram framkvæmd áætlunar um *norræna málsamvinnu*, en áætlunin tekur til áranna 1990–95. Innan vébanda hennar er m.a. efnt til margvíslegra námskeiða, einkum fyrir kennara og túlka, og hafa Íslendingar notið góðs af því starfi. Norræna húsið í Reykjavík hefur fengið styrki til að halda námskeið í íslensku fyrir norræna þátttakendur. Einnig er starf skólaráðgjafans, sem þar hefur aðsetur, kostað af fjárveitingum til áætlunarinnar um málsamvinnu. Meðal annarra verkefna, sem styrkt eru af því fé, er rannsókn Auðar Hauksdóttur cand. mag. á dönskukennslu í íslenskum grunnskólum.

Á fundi ráðherranefndar mennta- og vísindamála í Maríuhöfn á Álandseyjum 9. október 1993 voru samþykkt drög að norrænum *samningi um aðgang að æðri menntun*. Samningurinn kveður á um að norrænir námsmenn skuli eiga rétt til inngöngu í háskóla hvarvetna á Norðurlöndum með sömu eða sambærilegum skilyrðum og heimamenn. Gert er ráð fyrir að samningur þessi verði undirritaður í febrúar 1994 og komi til framkvæmda frá upphafi háskólaársins 1994–95. Heimilt verður þó að beita takmörkunum í einstökum greinum fyrstu árin ef nauðsynlegt reynist, eftir nánara samkomulagi. Jafnframt var samþykkt að stefna að því að gera fyrir 1. júlí 1996 samning um gagnkvæmar greiðslur milli landanna vegna kennslukostnaðar í tengslum við námsvist norrænna stúdenta. Tekið er þó fram að slíkt greiðslukerfi eigi ekki að taka til stúdenta frá Íslandi.

Starfandi er norræn samstarfsnefnd um stuðning við *kennslu í norrænum tungumálum og menningu* við erlenda háskóla. Að tilhlutan ráðherranefndar mennta- og vísindamála var á árinu 1993 tekin saman skýrsla um stöðu mála í þessum efnum til undirbúnings tillögum um hvernig samhæfa megi og efla starfsemi norrænna sendikennara utan Norðurlanda.

Í reglum um *Norræna vísindaráðið* er kveðið á um að ráðið skuli á þriggja ára fresti leggja fram drög að stefnumiðum fyrir starfsemi sína. Í mars 1993 voru staðfest slík stefnumið fyrir tímabilið 1993–95 að lokinni umfjöllun í Norðurlandaráði. Í stefnuyfirlýsingunni er gerð grein fyrir því á hvaða sviðum vísindaráðið hyggst einkum beita sér á næstu árum, en því er ætlað að efla norrænt vísindasamstarf, bæði á sviði grunnvísinda og hagnýtra rannsókna, svo og um rannsóknamenntun. Áhersla verður lögð á að stuðla að greiðum samskiptum vísindamanna og sameiginlegri nýtingu þeirrar aðstöðu sem býðst til rannsóknamenntunar á Norðurlöndum. Einnig mun ráðið beita sér fyrir aukinni upplýsingamiðlun og umfjöllun um mál sem tengjast vísindastefnu og eru ofarlega á baugi í löndunum öllum. Þá er og ráðgert að efla samráð og samhæfingu að því er varðar norræna þátttöku í fjölþjóðlegu vísindasamstarfi.

5. Umhverfismál.

Almennt.

Eins og áður hefur komið fram var gerð breyting á skipulagi norrænnar samvinnu 1992 og samþykkt áætlun sem tók gildi 1. janúar 1993 og starfa nú fimm fastar vinnunefndir undir embættismannanefnd um umhverfismál (ÄK-M).

Norrænt samstarf að umhverfismálum.

Á liðnu ári hefur áhersla verið lögð á að efla samstarfið og laga það að tækifærum sem opnast vegna aðildarumsókna norrænna landa að Evrópubandalaginu, gildistöku samnings um Evrópskt efnahagssvæði og þróunar í Austur-Evrópu og Rússlandi. Þessar áherslur þarf að skoða í ljósi þess að árangursrík stefna í umhverfismálum þarf að byggja á samvinnu milli atvinnugreina og alþjóðlegu samstarfi. Leiðarljós í eflingu norræns samstarfs í umhverfismálum er þau forgangsverkefni sem kynnt voru í yfirlýsingu ráðherranefndarinnar sem samþykkt var í Kirkenes í Noregi í september 1992. Eitt markmiða yfirlýsingarinnar er að afla alþjóðaviðurkenningar á stefnu Norðurlandanna í umhverfismálum og samræma alþjóðleg viðhorf afstöðu Norðurlandanna. Á árinu hefur verið unnið að tillögu ráðherranefndarinnar um norræna stefnu í umhverfismálum fyrir tímabilið mars 1994 til marsmánaðar 1996. Þá hefur verið gert yfirlit yfir norræna þátttöku

á alþjóðavettvangi í samstarfi milli stofnana sem vinna að umhverfismálum.

Tekist hefur að efna til samvinnu stofnana og nefnda á sviði umhverfismála við þá aðila sem hafa lykilhlutverki að gegna í umhverfismálum. Norræna embættismannanefndin í umhverfismálum (ÄK-M) og embættismannanefndin í skógar- og landbúnaðarmálum (NÄJS) hafa hrundið úr vör samstarfi að umhverfismálum á sviði landbúnaðar þar sem áhersla er lögð á umhverfisvöktun, erfðaefni og ræktarland, svo og almenna samvinnu aðila á verksviði þessara nefnda. Verkefnasamvinna er hafin við aðila í sjávarútvegi. Samstarf um hagrænar hliðar umhverfisnefndar við þá sem fjalla um fjármál á sér lengri sögu. Umræður hófust um verkefni sem lúta að umhverfisþáttum samgöngumála.

Á árinu hefur enn fremur verið unnið að endurskoðun á samstarfinu í ljósi forgangsröðunar umhverfisráðherranna á áherslum á næstu árum. Með endurskoðuninni hefur föstum vinnunefndum verið fækkað úr 12 í fimm. Nefndirnar fást við umhverfismál sem varða loft og haf, náttúru og útivist, umhverfisvöktun og upplýsingar, efnamengun og hreinni framleiðslutækni.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar var á árinu 1993 varið rúmum 32 millj. d.kr. til umhverfismála.

Yfirlit yfir störf vinnunefnda árið 1993.

Vinnunefnd um umhverfi lofts og hafs.

Um áramótin 1992–1993 varð allsherjaruppstokkun á vinnunefndum um umhverfismál á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Meðal annars var slegið saman vinnunefndum um loft-, haf- og vatnsmengun og mynduð ofangreind nefnd. Til þess að koma starfinu í nýju nefndinni í gang voru haldnir þrír fundir á árinu en framvegis verða aðeins tveir fundir árlega.

Viðfangsefni nefndarinnar er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og móta tillögur að aðgerðum á alþjóðavettvangi og heima fyrir, til að bæta umhverfið og draga úr hvers konar mengun, þ.e.:

— að móta samnorræna stefnu um varnir gegn mengun umhverfis, byggða á vísindalegum rökum,
— að gera tillögur um hvernig bestum árangri má ná með sem minnstum tilkostnaði og undirbúa alþjóðareglur í því sambandi.

Til að vera í stakk búin til að takast á við þetta skipaði nefndin þrjá verkefnahópa til að annast tiltekin verkefni og fá hóparnir fjárveitingar í því skyni. Auk þess annast nefndin sjálf vissa málaflokka. Þau verkefni, sem styrkt eru, miða að því að skýra ferli mengunarefna í umhverfinu og er því ýmiss konar líkanagerð mikilvæg. Einnig eru fengnir helstu sérfræðingar á mikilvægum sviðum, svo sem hvað varðar eyðingu ósonlagsins og gróðurhúsaáhrif, til að rita yfirlitsgreinar um stöðu rannsókna og þekkingar í þessum málaflokkum.

Ísland á tvo fulltrúa í vinnunefndinni, auk ritara í hálfu starfi. Ísland á auk þess fulltrúa í tveimur af verkefnahópunum.

Árið 1993 var ekki veitt fjármagn til verkefna undir stjórn íslenskra aðila, en Íslendingar voru þátttakendur í verkefnum og fengu fjármagn í gegnum þau. Fyrir næsta ár eru samþykkt þrjú verkefni á vegum íslenskra aðila að fjárhæð 3.250.000 ísl. kr., en heildarfjárframlög til nefndarinnar eru þó skorin niður á milli ára.

Náttúruvernd og útivistarmál.

Náttúruverndar- og útivistarnefndin hefur það hlutverk að vinna að málefnum er varða náttúruvernd og útivistarmál á Norðurlöndum og leggja grunn að því að hægt sé að skilgreina samnorræn markmið í þeim málaflokki.

Verksviðið er skilgreint þannig að áhersla er lögð á efirfarandi málefni: Hvernig samþykktinni um varðveislu fjölbreytileika lífs (Convention on Biological Diversity) verði framfylgt á Norðurlöndum, norrænar vinnureglur um verndun gróðurs, dýralífs og búsvæða/lífsvæða dýra og plantna og hvernig Norðurlöndin geti sameiginlega haft frumkvæði í landslagsvernd, fornleifavernd og útivistarmálum og útfærslu á vöktunarkerfi fyrir lífverur í útrýmingarhættu. Nefndin á einnig að gæta þess að samræma starf sitt starfi annarra vinnunefnda undir embættismannanefndinni og annarri alþjóðasamvinnu og samþykktum.

Náttúruverndar- og útivistarnefndin veitti fjármagn til um 15 verkefna á árinu. Þar af er helmingur á lokastigi, en nokkur ný verkefni, sem hefjast árið 1994, eru í undirbúningi. Í framkvæmdaáætlun fyrir 1994, sem skilgreinir nánar verksvið nefndarinnar, var lögð áhersla á fimm meginverksvið sem eru: Áætlun um hvernig fylgja skuli eftir samþykktinni um fjölbreytileika lífs, áætlun um hvernig fylgja skuli eftir samþykkt evrópsku skógarráðstefnunnar í Finnlandi 1993 um sjálfbæra nýtingu skóga, útivistarmál á Norðurlöndum, verndun menningarlandslags, lífríkis þess og menningarminja og áhrif mengunar frá landbúnaði á Eystrasaltið. Við val á verkefnum hefur nefndin litið til þess að ætla megi að niðurstöður verkefna hafi víðtækt notagildi fyrir þá er starfa að náttúruvernd og útivistarmálum á Norðurlöndum, auk þess sem þau þurfa að falla innan framangreinds verksviðs og fylgja framkvæmdaáætlun nefndarinnar. Þó voru ekki ákveðin nein ný verkefni um áhrif landbúnaðarmengunar á Eystrasaltið þar sem miklar rannsóknir eru á Eystrasaltinu á öðrum vettvangi.

Íslendingar voru þátttakendur í flestum þeirra verkefna er lauk á árinu og í undirbúningi er þátttaka Íslendinga í nýjum verkefnum.

Umhverfisvöktun og meðferð gagna (Nordisk monitoring og data grupp (NMD)).

Hlutverk NMD að samræma umhverfisvöktun og meðferð gagna á Norðurlöndunum og nágrannasvæðum. Þetta á að leiða til að betri heildarmynd af ástandi umhverfisins á þessu svæði fáist. Til þess að ná þessu markmiði þá skal nefndin gera eftirfarandi:

— byggja upp og samræma langtímaumhverfisvöktun og meðhöndlun gagna á Norðurlöndum,
— vinna að gerð skýrslu um ástand umhverfisins á Norðurlöndunum; skýrslan skal nýtast valdhöfum og öðrum við ákvarðanatöku og vera undirlag fyrir vinnu í alþjóða samhengi;
— stuðla að því að vöktun og meðferð gagna á nágrannasvæðunum (í Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum) verði sambærileg við það sem gerist á Norðurlöndunum,
— ýta undir norræna samvinnu á alþjóðavettvangi í sambandi við umhverfisvöktun og vernd.

Af skiljanlegum ástæðum tók nefndin við verkefnum frá eldri nefndum sem voru lagðar niður og af þeim sem Ísland tók þátt í má nefna eftirfarandi: vöktun á Norður-Atlantshafi, NCC-kódamiðstöð, útgáfu skýrslu um ástand umhverfisins (Miljötilståndsrapport) og vinnuhóp um umhverfisnema (Miljöindikatorer).

Að auki voru haldnir vinnufundir um nokkur verkefni í því augnamiði að kanna hvort æskilegt væri að halda þeirri vinnu áfram og tók Ísland m.a. þátt í vinnufundum um gæðatryggingu á vöktunargögnum (Kvalitetssäkring av Miljödata) og líffræðilega vöktun í ám á norðurslóðum.

Ákvörðun um framhald þessara verkefna verður tekin þegar skýrslur frá þessum vinnufundum liggja fyrir.

Nefndin sér einnig um að stýra vöktunarverkefnum sem eru sérstaklega til aðstoðar við Eystrasaltslöndin.

Þar sem ekki hafði verið um þátttöku að ræða af Íslands hálfu í þeim vinnuhópum sem mynduðu grunninn að þessari nýju nefnd einkenndist starfið af því að kynna sér það sem fyrir var og hafa áhrif á hvernig markmiðum skyldi náð.

Efnavörur.

Vinnunefnd um efnavörur er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna. Nefndin stuðlar að söfnun upplýsinga um notkun og útbreiðslu eiturefna og hættulegra efna og um áhrif á heilsufar og umhverfi og hún gerir tillögur um aðgerðir þegar þörf krefur til að takmarka notkun efnanna. Auk þess er hlutverk nefndarinnar að miðla upplýsingum, stuðla að samræmingu verkefna og að samvinnu stjórnvalda. Á vegum nefndarinnar hefur í auknum mæli verið unnið að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegri samvinnu innan Sameinuðu þjóðanna, OECD, EB og EFTA og styrkja stöðu Norðurlandaþjóðanna á viðkomandi vettvangi. Ísland hefur tekið þátt í starfi nefndarinnar frá því árið 1989.

Meðal verkefna nefndarinnar má nefna: Könnun á og flokkun tiltekinna efna og efnasambanda með tilliti til áhrifa á heilsufar manna og umhverfi; verkefni er varða ofnæmisvaldandi efni; öflun upplýsinga um eiturefna- og umhverfiseiturefnafræðilega eiginleika varnarefna; öflun upplýsinga um og ábendingar um leiðir til að takmarka notkun ósoneyðandi efna; aðgerðir til að draga úr notkun þungmálma og lífrænna klórefnasambanda. Í tengslum við þessi verkefni voru gefnar út ýmsar skýrslur. Meðal þeirra má nefna skýrslu um áhrif tiltekinna efna á heilsu, skýrslur um snertiofnæmi, sápu og hreinsiefni, takmörkun á notkun etera og aðferðir við efna- og málmahreinsun án ósoneyðandi efna. Þeim skýrslum, sem gefnar hafa verið út á vegum nefndarinnar, hefur verið dreift til hagsmunaaðila á Íslandi.

Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi nefndir og eiga Íslendingar fulltrúa í tveimur þeirra, þ.e. nefnd sem fjallar um takmörkun á notkun ósoneyðandi efna og nefnd sem vinnur að hættuflokkun umhverfisskaðlegra efna. Á vegum vinnunefndarinnar um ósonskaðleg efni var á árinu haldin ráðstefna um eftirlits- og skráningarkerfi fyrir ósoneyðandi kælimiðla.

Hreinni tækni.

Óskað var eftir því í kjölfar breytinganna á skipulagi vinnunnar að vinnan í hópunum yrði markvissari en jafnframt sveigjanleg eftir þörfum. Vænst er áþreifanlegri niðurstaðna af vinnu hópsins þannig að meta megi árangur (t.d. á tveggja ára fresti). Verkefnum skal forgangsraða. Jafnframt er stefnt að því að starf á vegum ráðherranefndarinnar fái meira vægi á alþjóðlegum vettvangi. Leggja á áherslu á alþjóðasamvinnu, stefnumarkandi mál og skilgreina sameiginleg svið.

Helstar breytingar og nýjar áherslur í vinnunefndinni eru þær að hópurinn á að vinna að stefnumarkandi málum og málefnum sem eru pólistískt mikilvæg hverju sinni. Jafnframt á hópurinn að vinna nær ráðherrunum, þ.e. vinna að tilteknum tillögum til ráðherranna. Hópurinn á fyrst og fremst að fjalla um ásættanlega meðhöndlun úrgangs út frá umhverfissjónarmiðum og lágmörkun úrgangsefna með fjögur meginþemu: spilliefni, hreinni framleiðslutækni, ábyrgð framleiðenda og hagræna stjórntækni.

Á árinu var fjallað um samnorrænar lausnir á sviði hreinnar framleiðslutækni. Í sambandi við líftímagreiningu (LCA) var unnið að handbók á ensku þar sem lágmarkskröfur eru skilgreindar. Fjallað var um samnorrænar kröfur (Eco-audit) hvað endurskoðun eigin fyrirtækja (Miljørevision) varðar. Tekið var upp samráð við EB um bestu fáanlega tækni (BAT). Loks var almennt fjallað um að efla upplýsingastreymi og norræna samvinnu á sviði tæknilegra leiðbeininga fyrir iðnað og eftirlitsaðila.

Á vegum nefndarinnar eru nokkrir undirhópar sem vinna að tilteknum verkefnum og á árinu var unnið að fjölda verkefna. Unnið var að kortlagningu umbúða á Norðurlöndum sem hugsanlega getur haft áhrif á þá vinnu sem er í gangi hjá EB og nýst til að vinna að norrænni framkvæmdaáætlun fyrir umbúðir. Ráðgjafi á vegum nefndarinnar fór til allra Norðurlandanna og lagði fram stöðuskýrslu um verkefnið jafnframt því sem lokið var við könnun á magni umbúða á Íslandi árið 1991. Í lok nóvember var fundur í Stokkhólmi þar sem farið var yfir stöðu einstakra undirverkefna. Verkefninu á að ljúka 1994.

Á vegum nefndarinnar er undirhópur sem fjallar um bestu fáanlega tækni (BAT). Lögð er áhersla á að vinnan nái til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. BAT-hópurinn lauk vinnu við eftirtaldar atvinnugreinar á árinu: yfirborðsmeðhöndlun málma, sútun og vefnaðarvöruiðnað (ullarlitun). Jafnframt komst hópurinn langt áleiðis með skipasmíðastöðvar og bílalökkun og hóf umfjöllun um fiskiðnað og vélaverkstæði.

Undirhópur um spilliefni hefur unnið að eftirtöldum undirverkefnum: endurvinnslu stálryks, meðhöndlun úrgangs sem inniheldur kvikasilfur og kemur frá brennslu spilliefna, svo og meðhöndlun mengaðs jarðvegs og rafgeyma. Hópurinn mun skila greinargerð 1994.

RT-hópurinn tók á árinu upp samvinnu við vinnunefndina um efnavörur. Byrjað var á því að ræða möguleg samvinnuverkefni hópanna í tengslum við vörur og efni sem koma í veg fyrir endurvinnslu og um CFC-efni og söfnunarkerfi fyrir þau.

Áhersla hefur verið lögð á dreifðar byggðir og lausnir fyrir eysamfélög. Í maí sl. var haldin námsstefna í Færeyjum um fiskúrgang. Þar var ákveðið að skoða úrgang frá rækjuverksmiðjum nánar, en ekki var farið út í tiltekið verkefni að sinni. Lögð var fram skýrsla um móttöku sorps og úrgangsolíu í höfnum á Íslandi árið 1991 sem Siglingamálastofnun gerði. Nokkuð var rætt um úrgang frá skipum og skilgreint hefur verið verkefni sem nær yfir öll Norðurlöndin. Unnið var að úttekt á sorphirðu í litlum byggðarlögum á Íslandi, Grænlandi, Færeyjum, Álandseyjum og Borgundarhólmi. Lokið var við verkefni um hreinni tækni og lágmörkun úrgangsefna í minni fyrirtækjum og forverkefni um líffræna úrgang og í undirbúningi er að fara út í að framkvæma jarðgerð í litlu byggðarlagi.

6. Réttindamál þegnanna.

6.1. Embættismannanefndin um heilbrigðis- og félagsmál.

Norræna heilbrigðis- og félagsmálanefndin hefur yfirumsjón með þeim verkefnum sem eru á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og að nokkru leyti á vegum félagsmálaráðuneytis í norrænu samstarfi.

Gert er ráð fyrir að fjórir aðalmenn séu frá hverju landi í nefndinni og fjórir varamenn. Í nefndinni eru nú: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Ólafur Ólafsson landlæknir og Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri frá heilbrigðisráðuneytinu og Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti. Varamaður er Kristján Guðjónsson, deildarstjóri í Tryggingastofnun ríkisins.

Starfsemi norrænu heilbrigðis- og félagsmálanefndarinnar er þannig háttað að fastir fundir eru tvisvar á ári, og er gert ráð fyrir að þessir fundir standi í tvo daga.

Nefndin hittist einnig á stuttum fundum þegar Norðurlandaráð kemur saman og þegar heilbrigðis- og félagsmálaráðherrar halda árlega sumarfundi sína.

Á stuttu fundunum, sem eru í tengslum við þing Norðurlandaráðs og ráðherrafundi, eru eingöngu tekin fyrir mál sem hefur verið frestað á næsta fundi áður eða önnur mál sem skrifstofa ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn telur að að ræða þurfi. Þá er einnig á þessum fundum gengið að fullu frá dagskrám í tengslum við ráðherrafundi eða fundi heilbrigðis- og félagsmálaráðherranna með nefndum Norðurlandaráðs.

Á fundunum í apríl og október er annars vegar rætt um fjárlagatillögur og nýtingu þess fjár sem til þessa starfs er ætlað og hins vegar rætt um þá starfsemi sem nefndin hefur umsjón með og rétt þykir að rekja þá starfsemi að nokkru.

Nefndin hefur umsjón með eftirtöldum stofnunum og nefndum og verður hér á eftir gerð nákvæmari grein fyrir störfum og viðfangsefnum flestra þeirra:

— Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn í Gautaborg (NHV).
— Norræna stofnunin til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).
— Norræna lyfjanefndin (NLN).
— Norræna rannsóknanefndin á sviði vímuefna (NAD).
— Norræna nefndin um heilbrigðistölfræði (NOMESKO).
— Norræn framkvæmdaáætlun um krabbamein.
— Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO).

6.1.1. Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn í Gautaborg (NHV).

Aðalverkefni stjórnar NHV á árinu 1994 verða að halda áfram þeim sparnaðar-, hagræðingar- og skipulagsverkefnum sem unnið hefur verið að í skólanum jafnframt því að aðlaga skólann harðnandi samkeppni og tryggja að skólinn verði í enn ríkari mæli „þvernorrænn og þverfaglegur“.

Á síðasta ári var gerð umfangsmikil úttekt á starfsemi NHV. Í þessari úttekt kemur annars vegar fram lof um skólann og spá um bjarta framtíð, hins vegar tillögur og ábendingar um ýmislegt sem styrkt getur skólann við þær nýju samkeppnisaðstæður sem myndast hafa sl. 2–3 ár.

Þær tillögur til breytinga, sem mestu máli skipta í úttektinni, eru tillögur um breytingar á skipulagi náms við skólann. Stjórn skólans samþykkti í júlí sl. að fela stjórnendum skólans að leggja fram framkvæmdaáætlun um slíka breytingu. Á fundi í nóvember sl. voru þessar tillögur síðan samþykktar í stjórn skólans og stjórnendum falið að hrinda þeim í framkvæmd. Það verður annað höfuðverkefni stjórnar skólans á næsta ári að fylgja því eftir að þessar breytingar nái fram að ganga eins fljótt og unnt er.

Annað sem fulltrúar Íslands hafa rætt um að taka upp sem stefnuskrármál er að:

— koma til leiðar rannsóknum og vísindastefnu, m.a. í doktorsnámi, þannig að rannsóknavinna verði í framtíðinni meira tengd raunverulegum verkefnum og fjármögnuð af utanaðkomandi aðilum,
— heimila skólanum að annast ráðgjöf, m.a. fyrir heilbrigðisyfirvöld,
— ráða rekstrarlegan framkvæmdastjóra að skólanum,
— vega og meta kosti og galla og undirbúa ákvörðun um hvort heimila skuli ensku sem kennslumál við skólann, m.a. með tilliti til óska Finna,
— vega og meta kosti og galla og undirbúa ákvörðun um hvort auka skuli alþjóðlega starfsemi skólans, m.a. í Eystrasaltslöndunum,
— endurskoða ráðningar- og hæfniskröfur, m.a. með aukinni áherslu á kennslufræði,
— endurskoða ráðningarkjör með tilliti til norræns þjóðernis, launakjara og húsnæðishlunninda.

Þetta eru þau áhersluatriði sem fulltrúar Íslands í skólastjórn og námsráði ásamt nemendafulltrúum telja ástæðu til að taka til ítarlegrar umræðu og ákvörðunar á næstunni og næstu árum.

6.1.2. Norræn stofnun til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).

NIOM er norræn stofnun sem stofnuð var árið 1972 og heyrir undir norrænu ráðherranefndina.

Í stjórn stofnunarinnar er einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna fimm og annar til vara, auk eins fulltrúa starfsfólks.

Verkefnum NIOM er skipt í fjóra meginþætti, þeir eru:

1. Gerð staðla.
2. Prófun efna.
3. Rannsóknir.
4. Fræðsla.

Á alþjóðavettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi við tannlækningar með þátttöku í t.d. ISO (International Organization for Standardisation), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire International).

Stofnuninni er skipt í eftirtaldar þrjár deildir:

1. Stjórnunar- og líffræðideild.
2. Fræðslu- og eðlisfræðideild.
3. Efnafræðideild.

Stöðugildi eru 28 og vinna við stofnunina sérfræðingar í tannlækningum, líffræði, eiturefnafræði, eðlisfræði, málmfræði og efnafræði.

Efni til tannlækninga, sem boðin eru til sölu á Norðurlöndunum, eru prófuð og viðurkennd eða hafnað af NIOM, en til að hljóta viðurkenningu af NIOM þurfa þau að uppfylla kröfur sem byggjast á alþjóðastöðlum eða lágmarkskröfum sem NIOM setur.

Einnig tekur NIOM þátt í starfi við að setja og endurskoða alþjóða- og Evrópustaðla.

Rannsóknarstörf NIOM njóta alþjóðlegrar viðurkenningar og eru oft unnin í samvinnu við aðrar rannsóknastofnanir á sviði tannlækninga, læknisfræði og eðlisfræði.

Mikilvægur þáttur í starfi NIOM er dreifing upplýsinga til notenda á öllum Norðurlöndunum og hafa tengslin við NIOM reynst hagkvæm íslenskum tannlæknum, tannsmiðum og öðru aðstoðarfólki, vegna upplýsinga sem fengist hafa varðandi gæði og aukaverkanir efna til tannlækninga, ekki síst varðandi ný efni sem framleiðendur reyna oft að selja áður en þau eru fullreynd.

Síðastliðið haust fékk NIOM þriggja ára starfshlé frá ráðherranefndinni, en í ljósi aukinnar samvinnu Evrópuþjóða er NIOM nú að aðlaga störf stofnunarinnar breyttum aðstæðum. Vegna fjárhagslegra þrenginga á öllum Norðurlöndunum, ekki síst í Finnlandi, hefur NIOM orðið að leita leiða til sparnaðar og aukningar eigin tekna frá fyrirtækjum í sambandi við prófanir á efnum.

6.1.3. Norræna lyfjanefndin (NLN).

Norræna lyfjanefndin er samstarfsvettvangur Norðurlanda í lyfjamálum.

Tveir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna sitja í nefndinni, þ.e. alls tíu manns og jafnmargir varamenn, skipaðir til fjögurra ára í senn. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári. Fulltrúar Íslands í nefndinni eru nú Árni Kristinsson, yfirlæknir á Landspítala, og Einar Magnússon, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Varamenn eru Guðrún S. Eyjólfsdóttir, forstöðumaður Lyfjaeftirlits ríkisins, og Sigurður B. Þorsteinsson, læknir á Landspítala og formaður lyfjanefndar. Skipunartími þeirra er til 1. janúar 1996. Núverandi formaður NLN er Knud Kristensen, deildarstjóri hjá Sundhedsstyrelsen í Danmörku.

Skrifstofa NLN er í Uppsölum í Svíþjóð og starfsmenn eru fjórir. Ulf Janzon, sænskur lyfjafræðingur, veitir skrifstofunni forstöðu.

Kostnaður við störf nefndarinnar er um 3 millj. s.kr. og greiðist að mestu með framlagi frá norrænu ráðherranefndinni, en einnig með sértekjum nefndarinnar sem voru á árinu 1992 741.000 s.kr., aðallega vegna námskeiðahalds.

Verkefni nefndarinnar eru:

— að stuðla að samræmingu laga, reglugerða og framkvæmd lyfjamála á Norðurlöndum og vinna að norrænni skráningu og norrænni merkingu lyfja,
— að stuðla að norrænni samvinnu um samstarf Evrópu um lyfjamál innan Evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar, EFTA og EB,
— að stuðla að norrænum rannsóknum og samvinnu um lyfjamál og vera ráðgefandi fyrir ríkisstjórnir Norðurlanda og norrænu ráðherranefndina,
— að gera reglulega samanburð á lyfjanotkun og kostnaði milli Norðurlanda (þar með talið ATC, DDD og ATCvet).

Starfshópar NLN.

Innan NLN eru starfandi starfshópar á eftirtöldum sviðum:

Norræn merking lyfja. Fulltrúi Íslands í starfshópnum er Guðbjörg Kristinsdótir, skrifstofustjóri lyfjanefndar.

Norræn lyfjatölfræði. Fulltrúi Íslands er Eggert Sigfússon, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Norrænir lyfjastaðlar. Fulltrúar Íslands eru Einar Magnússon, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, og Vilhjálmur G. Skúlason, prófessor í Lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands.

Innan NLN hafa auk þess starfað til skemmri tíma starfshópar um ýmis afmörkuð málefni, svo sem um samnorræna skráningu, flokkun lyfja, klíniskar prófanir, lyfjaeftirlit o.s.frv.

NLN heldur námskeið, bæði norræn og alþjóðleg, um lyfjafræðileg efni og hefur staðið fyrir ýmsum merkum ráðstefnum, ýmist ein sér eða í samstarfi við aðra. Árlega er haldin á vegum nefndarinnar norræn ráðstefna sem skipulögð er af norrænum lyfjaskráningarstjórum, „Nordisk lægemiddelkonference".

Útgáfustarf NLN.

Norræna lyfjanefndin hefur gefið út fjölda bóka og bæklinga með leiðbeiningastöðlum um framkvæmd lyfjamála og ýmis afmörkuð svið er varða lyf. Nýjasta útgáfan (NLN Publication No. 34) nefnist: „Nordic Statistic on Medicines 1990–1992" en þar er gerður samanburður á notkun einstakra lyfjaflokka á Norðurlöndum og heildarkostnaði. NLN hefur einnig gefið út fréttabréf.

Alþjóðlegt samstarf.

NLN hefur fengið áheyrnarfulltrúa í ýmsum mikilvægum vinnuhópum um lyfjamál innan EB. Nýjar tilskipanir EB um lyfjamál eru sendar NLN til umsagnar. Skrifstofa NLN varðveitir öll skjöl EB um lyfjamál og þangað geta heilbrigðisyfirvöld og lyfjafyrirtæki sótt þjónustu varðandi málefni EB. NLN tekur virkan þátt í samstarfi evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar. NLN hefur með styrk frá norrænu ráðherranefndinni tekið að sér aðstoð við Eystrasaltslöndin, Eistland, Lettland og Litáen, við að skipuleggja lyfjamál í löndunum. Tveir Eistlendingar dvöldust t.d. á vegum NLN hér á landi frá 17.–24. maí á síðasta ári til að kynna sér hvernig skipulagningu lyfjaskráninga og lyfjaeftirlits er háttað hér.

Gildi NLN fyrir Ísland.

Norræna lyfjanefndin hefur ótvírætt mikla þýðingu fyrir Íslendinga. Við skipulag lyfjamála á Íslandi hefur einkum verið tekið mið af skipulagi þessara mála annars staðar á Norðurlöndum en það hefur einmitt verið talið vera til fyrirmyndar fyrir önnur lönd.

Flokkun lyfja samkvæmt svokölluðu ATC-kerfi og mælikvarði á lyfjanotkun með skilgreindum dagsskömmtum (DDD) er tilkomin í norrænu samstarfi og NLN hefur unnið ötullega að útbreiðslu þessara kerfa á alþjóðavettvangi.

Mikill vinnusparnaður er fólginn í því fyrir okkur að geta fengið aðgang að upplýsingum og þeirri vinnu sem lögð er í skráningu lyfja, gerð laga og reglugerða annars staðar á Norðurlöndum. Einnig hefur samanburður á milli Norðurlanda á lyfjanotkun og kostnaði á vegum starfshóps NLN um lyfjatölfræði nýst heilbrigðisyfirvöldum hér á landi í verulegum mæli á undanförnum þremur árum við ákvarðanatöku um aðgerðir til að draga úr lyfjanotkun og lækka lyfjakostnað.

6.1.4. Norræna rannsóknanefndin á sviði vímuefna (NAD).

Norræna rannsóknanefndin á sviði vímuefna, NAD, er norræn stofnun á sviði félags- og heilbrigðismála. Aðalmarkmið nefndarinnar er að efla rannsóknir og safna upplýsingum um mikilvæg atriði í áfengis- og vímuefnamálum.

Fjárframlög til nefndarinnar fyrir tímabilið 1992–94 eru 6,5 milljónir finnskra marka. Skrifstofa nefndarinnar er í Helsingfors og þar starfa framkvæmdastjóri og tveir aðrir starfsmenn.

Í nefndinni eru þrír aðalmenn og þrír varamenn frá hverju landi. Þrír Íslendingar eru í nefndinni og þrír til vara. Nefndin fundar að jafnaði tvisvar á ári.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni nefndarinnar árið 1993.

Á sviði áfengispólitískra rannsókna hefur NAD átt frumkvæði að rannsókn á áhrifum „landamæraverslunar" og verðlækkana á áfengi. Þetta efni verður í brennidepli þegar EES-samningurinn kemur til framkvæmda og í viðræðum einstakra landa við Evrópusambandið. Þetta verkefni mun væntanlega einnig ná yfir óskráða áfengissölu eins og smygl og brugg áfengra drykkja.

NAD hefur látið gera norræna könnun sem kalla má „Barnið í áfengisrannsóknum". Þá hefur NAD tekið þátt í að meta árangur af norrænu fræðsluefni um vímuefni. Þetta fræðsluefni hefur ekki verið notað á Íslandi og nær könnunin því ekki til Íslands.

Á undanförnum árum hefur NAD stutt verkefni um vímuefni í löndunum við Eystrasalt.

Á sviði ólöglegra fíkniefna hefur NAD fengist bæði við alþjóðleg og norræn viðfangsefni. Verkefninu „Nauðungarmeðferð og vímuefni" lýkur á árinu. Á undanförnum árum hefur NAD stutt vinnuhóp sem kannað hefur dauðsföll af völdum fíkniefna. Þeirri rannsókn er nú lokið. Einn Íslendingur hefur tekið þátt í vinnuhópnum. Þá hefur NAD stutt rannsókn á meðferð lyfjamisnotenda og rannsókn á skráningu sjálfsvíga.

NAD hefur stutt fjölþjóðakönnun á AA-samtökunum. Einn Íslendingur er í fjölþjóðavinnuhópnum.

Á árinu hélt NAD tvo rannsóknafundi (seminarer). Í apríl hélt NAD fund um „fjölskyldumeðferð og vímuefnavandamál", en á Norðurlöndum hefur ýmsum formum fjölskyldumeðferðar verið beitt í vaxandi mæli í meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga. Einn Íslendingur var meðal þátttakenda og flutti fyrirlestur.

„Áfengis- og vímuefnameðferð á Norðurlöndum í umbyltingu" var efni fundar sem NAD hélt í maí. Þar var fjallað um þær breytingar sem eiga sér stað á norrænu velferðar kerfunum og hvaða afleiðingar þær hafa fyrir misnotendur áfengis og annarra vímuefna. Tveir þátttakendur voru frá Íslandi og flutti annar þeirra fyrirlestur.

NAD styrkir fjárhagslega og tilnefnir fulltrúa í ritstjórn norræna tímaritsins „Nordisk alkoholtidsskrift". Ritstjórn skipa sex manns, þar af er einn Íslendingur.

Á árinu hafa komið út þrjár bækur í ritröð NAD:

„Minor Tranquillizers in the Nordic Countries", NAD nr. 23.

„Narkotikapolitik i internationellt perspektiv", NAD nr. 24.

„Familiebehandling innen rusomsorgen i Norden", NAD nr. 25.

Einn kafli í síðasttalda ritinu er eftir Íslending. Öll ritin eru árangur rannsóknaverkefna sem NAD hefur átt frumkvæði að og stutt.

6.1.5. Norræna nefndin um heilbrigðistölfræði og heilbrigðisskýrslur (NOMESKO).

Norræna nefndin um heilbrigðistölfræði og heilbrigðisskýrslur (NOMESKO) starfar með svipuðum hætti og áður. Fyrir nefndina starfar ritari í hálfu starfi, Johannes Nielsen, og er hann staðsettur hjá norrænu tölfræðistofnuninni í Kaupmannahöfn.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

1. Samræming á skráningu skurðaðgerða. Við þetta starfar vinnuhópur sem mun ljúka störfum í febrúar 1994. Fulltrúi Íslands í vinnuhópnum hefur verið Jónas Magnússon, prófessor. Gert er ráð fyrir að að því loknu verði gefin út samræmd aðgerðaskráning fyrir öll Norðurlöndin sem auðveldar mjög samanburð fjölda og tegunda aðgerða sem framkvæmdar eru á sjúkrahúsum. Áður hafa verið í notkun mismunandi aðgerðaskrár, hér á Íslandi skrá sem gefin var út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni en hún hefur ekki verið endurnýjuð.
2. Samræmd skráning á slysum. Vinnuhópur hefur sett fram tillögur um samræmda flokkun slysa. Fulltrúi Íslands í þessum vinnuhópi hefur verið Brynjólfur Mogensen yfirlæknir á slysadeild Borgarspítalans. Er gert ráð fyrir að nefndin haldi áfram störfum á árinu 1994.
3. Samræmd skráning á fæðingum. Vinnuhópur undir stjórn Gunnars Bierings yfirlæknis á nýburadeild fæðingadeildarinnar hefur skilað skýrslu um fæðingar á Norðurlöndum sem gefin hefur verið út í bókaformi. Annar fulltrúi Íslands í þeim vinnuhópi var Gunnlaugur Snædal prófessor. Nefndin lauk störfum árið 1993 en gert er ráð fyrir að framhaldið verði að forsvarsmenn fæðingaskráa Norðurlanda hittist einu sinni á ári og annist gerð á samræmdum töflum um fæðingar sem birtast muni í árlegri tölfræðibók nefndarinnar, „Helsestatistik i de nordiske lande".
4. Skráning upplýsinga frá heilsugæslu. Gert er ráð fyrir að á árinu 1994 hefji störf vinnuhópur um skráningu upplýsinga frá heilsugæslu.
5. Alþjóðleg sjúkdóma- og dánarmeinaskrá. Danir hafa þegar tekið í notkun tíundu útgáfu alþjóðasjúkdóma- og dánarmeinaskrárinnar og er gert ráð fyrir að Finnland, Noregur og Svíþjóð taki þá útgáfu í notkun 1996 eða 1997. Hefur NOMESKO haft það hlutverk að samræma þýðingar og gangast fyrir námskeiðum fyrir þá sem flokka og skrá dánarmein. Fulltrúar Íslands í þeirri vinnu hafa verið Hrafn Tulinius prófessor og Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir.

Fundir í norrænu NOMESKO-nefndinni eru tvisvar á ári, í júní og desember. Formaður nefndarinnar frá 1. janúar 1994 er Gunnar Schiøler, yfirlæknir við danska landlæknisembættið.

Íslenska nefndin er þannig skipuð: Guðjón Magnússon, formaður. Aðrir nefndarmenn eru Hallgrímur Snorrason, Gunnlaugur Snædal og Ingimar Sigurðsson. Ritari er Bryndís Óskarsdóttir.

6.1.6. Norræn framkvæmdaáætlun um krabbamein.

Fjölþjóðasamstarf um aðgerðir gegn krabbameini færist í vöxt. Norræn framkvæmdaáætlun um krabbamein var samþykkt á þingi Norðurlandaráðs 1987. Framkvæmdaáætluninni er ætlað að:

— leiða til fækkunar dauðsfalla af völdum krabbameins og
— bæta líðan þeirra sem ekki læknast.

Með norrænni framkvæmdaáætlun er safnað upplýsingum um krabbamein úr rúmlega 20 milljóna þjóðfélagi á staðlaðan hátt. Upplýsingarnar eru sóttar rúmlega fjóra áratugi aftur í tímann, staðlaðar og á þeim byggð spá um þróun krabbameina á Norðurlöndum fram til ársins 2010. Þáttur forvarna, krabbameinsleitar, krabbameinsmeðferðar (sjúkdómsmeðferð, endurhæfing, líkn), fagmenntunar og rannsókna er skoðaður og metinn. Upplýsingar um mismun á árangri á milli landanna eða landsvæða innan þeirra eru dregnar fram sérstaklega til að benda á hvernig best er á málum haldið öðrum til eftirbreytni

þannig að gæðastaðall þjónustunnar sé sem jafnastur og sem minnst háður búsetu.

Norrænni framkvæmdaáætlun um krabbamein var skipuð stjórn 1989 og sl. tvö ár hefur Ísland veitt stjórninni formennsku.

Til samstarfs um skipulagningu og framkvæmd áætlunarinnar voru kölluð til *Norrænu krabbameinsskrárnar, Norræni heilbrigðisháskólinn í Gautaborg* og *Norræna krabbameinssambandið.*

Hlutverk *Norrænu krabbameinsskránna* er að safna saman tölfræðilegum upplýsingum um krabbamein og orsakir þeirra, meta árangur skipulegrar krabbameinsleitar hvað varðar afrakstur leitarstarfsins og hagkvæmni þess og skoða þátt sjúkdómsgreiningar, sjúkdómsstigs og meðferðar í ljósi lengri lifunar (survival) og fækkunar dauðsfalla. Þá munu krabbameinsskrárnar miðla upplýsingum um þá þætti sem helst geta stuðlað að frekari fækkun dauðsfalla af völdum sjúkdómsins á Norðurlöndum.

Norræni heilbrigðisháskólinn í Gautaborg hefur sem verkefni að stuðla að aukinni fagfræðslu til að bæta líf og líðan krabbameinssjúklinga á Norðurlöndum. Fagþekkingu á sviði félagslegrar og andlegrar umönnunar sjúklinga er nú safnað við skólann og gengið hefur verið frá fyrsta námskeiðinu við skólann sem m.a. miðlar aukinni fræðslu um líkn sem hluta krabbameinsmeðferðar. Þá er í gangi umræða við stjórn skólans um námskeið í mati á heilsutengdum lífsgæðum fyrir þá sem stunda klíníska krabbameinsrannsóknir eða hafa krabbameinssjúklinga til meðferðar.

Til umræðu er samstarf við krabbameinsfélög og samtök þeirra, Norræna krabbameinssambandið, og hvernig ná megi skýrari verkaskiptingu á milli frjálsra félagasamtaka og opinberra aðila í norrænni framkvæmdaáætlun um krabbamein, svo og samstöðu um sameiginlega framkvæmdaáætlun á landsvísu.

Norrænt samstarf um framkvæmdaáætlun um krabbamein getur haft áhrif á mótun íslenskrar heilbrigðisstefnu á þessu sviði. Ófært er að skipuleggja þessi mál á Íslandi án þess að hafa samanburð við né taka mið af þróuninni erlendis. Svipað þjóðfélagsskipulag, menning, menntun og efnahagur auk skyldleika þjóðanna gerir samanburð við önnur Norðurlönd áhugaverðan. Norræn framkvæmdaáætlun um krabbamein er því verðmætt verkfæri til þessara skipulagsmála hérlendis. Upplýsingum úr rúmlega 20 milljóna þjóðfélagi er safnað saman á staðlaðan hátt á einn stað og á þeim byggðar rökstuddar tillögur til úrbóta. Þessi vinna getur leitt til betri og hraðari þróunar á Norðurlöndum en hægt hefði verið að valda í hverju landanna fyrir sig.

6.1.7. Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO).

Norræn hagskýrslunefnd á sviði félagsmála, NOSOSKO, er fastanefnd sem starfað hefur frá árinu 1946. Fram til ársins 1978 heyrði nefndin undir ráðherra félagsmála á Norðurlöndum en hefur síðan starfað á vegum norrænu ráðherranefndarinnar.

Höfuðverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um félagsmál á Norðurlöndum og gefa út bók um þann málaflokk þriðja hvert ár. Hér er átt við félagsmál í víðri merkingu þar sem veigamestu þættirnir eru heilbrigðismál og ellitryggingar. Fram til ársins 1974 takmarkaðist verkefnið við ráðstafanir sem skipaðar voru með lögum, en síðan var starfsemi lífeyrissjóða og samningsbundnum launagreiðslum í veikindaforföllum bætt við.

Nefndin er skipuð þremur fulltrúum frá hverju landi. Hún hefur skrifstofu í Kaupmannahöfn og ritara í þjónustu sinni, en hann er jafnframt ritari norrænu nefndarinnar um heilbrigðisskýrslur, NOMESKO. Starfshópar, einn eða fleiri, skipaðir nefndarmönnum, starfa að jafnaði að tímabundnum verkefnum, og einnig er algengt að sérfróðir menn utan

nefndarinnar séu ráðnir til tiltekinna verkefna undir umsjón hennar.

Norræna ráðherranefndin greiðir laun ritara og annan kostnað við skrifstofu, prentun skýrslna og laun sérfræðinga sem ráðnir eru til einstakra tímabundinna verkefna. Kostnað við vinnu nefndarmanna að öflun gagna og skýrslugerð, þátttöku þeirra í starfshópum og ferðakostnað ber hins vegar hvert land fyrir sig.

Á árinu 1993 hefur NOSOSKO unnið að undirbúningi næstu skýrslu nefndarinnar sem gefa á út árið 1995. Að öðru leyti hafa umræður um framtíðarverkefni nefndarinnar mótast mjög af væntanlegri aðild Norðurlanda ýmist að Efnahagsbandalagi Evrópu eða EES, svo og af þeirri úttekt á starfi hennar sem norræna félagsmálanefndin hefur gengist fyrir. Var úttekt þessi falin Hannu Uusitalo, prófessor í Helsingfors.

Í greinargerð sinni kemst Hannu Uusitalo að þeirri niðurstöðu að NOSOSKO hafi unnið þarft verk og skýrslugerð nefndarinnar standi framar öðru hliðstæðu samstarfi Evrópuþjóða. Leggur hann til að nefndin gangist fyrir tengslum við EUROSTAT, og enn fremur telur hann æskilegt að nefndin gefi skýrslur sínar út árlega. Greinargerðin hefur nú verið send út til umsagnar, en norræna félagsmálanefndin mun taka afstöðu til hennar í aprílmánuði 1994.

Ísland hefur frá öndverðu leitast við að taka fullan þátt í starfi NOSOSKO. Á hinn bóginn er ljóst að aukin umsvif nefndarinnar mundu hafa í för með sér þörf fyrir aukin framlög norrænu ráðherranefndarinnar til þessa verkefnis og þá ekki síður aukna vinnu og aukin útgjöld hérlendis.

6.1.8. Norrænt samstarf um jafnréttismál.

Norrænt samstarf á sviði jafnréttismála hefur staðið allt frá árinu 1974. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda héldu einn fund á árinu 1993 og norræna embættismannanefndin um jafnréttismál (ÄK-JÄM) hélt fjóra fundi. Starfið á árinu fylgdi að mestu áætlun Norðurlanda á sviði jafnréttismála tímabilið 1989 til 1993. Jafnframt var unnið að gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar fyrir tímabilið 1995 til 2000. Vinna við undirbúning norræns kvennaþings, sem haldið verður í Åbo í Finnlandi í ágúst 1994, setti einnig svip sinn á norrænt samstarf á þessu sviði.

Framkvæmdaáætlun Norðurlanda 1989 til 1993.

Árið 1993 er síðasta ár þessarar áætlunar. Norræna jafnlaunaverkefnið er stærsta verkefni áætlunarinnar en það hófst árið 1989. Verkefnið skiptist annars vegar í norræn verkefni eða aðgerðir og hins vegar í aðgerðir í hverju landi. Verkefnisstjóri er starfandi í hverju landi. Á Íslandi skiptist verkefnið milli tveggja starfsmanna Jafnréttisráðs en stjórn þess er hjá Jafnréttisráði. Samkvæmt verkefnislýsingu er tilgangur verkefnisins í fyrsta lagi að kanna orsakir launamunar kvenna og karla og gera tillögur um úrbætur; í öðru lagi að kanna löggjöf á þessu sviði, einkum ákvæði er varða verðmæti starfa, og gera tillögur um hvernig beita megi jafnréttislöggjöfinni til að vinna að launajafnrétti kynja; í þriðja lagi að kanna upplýsingaöflun um laun kvenna og karla og gera tillögur um úrbætur á launatölfræði hvers lands og í fjórða lagi að efla almenna umræðu og miðla upplýsingum um launamun kynjanna.

Önnur verkefni samkvæmt áætluninni, sem Ísland tók þátt í á árinu, eru samvinna og stuðningur við norrænar kvennarannsóknir. Starfandi eru ráðgjafahópar og á árinu kom út fyrsta hefti nýs tímarits, „Nora“, um norrænar kvennarannsóknir en það er gefið út á ensku. Konur og karlar á Norðurlöndum og hvernig þau birtast í tölfræði er annað verkefni sem rétt þykir að nefna. Unnið er að útgáfu nýs norræns kynningarheftis á ensku um

stöðu kvenna og karla, „Women and men in the Nordic countries 1994".

Haldin var ráðstefna um mikilvægi þess að fjölga körlum í störfum við leikskóla og að karlar komi meira að hinni opinberu barnagæslu.

Framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála 1995 til 2000.

Á árinu var unnið að gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar og voru drög send út til ýmissa innlendra og norrænna félagasamtaka og stofnana í lok ársins. Stefnt er að því að jafnréttisráðherrar Norðurlanda afgreiði framkvæmdaáætlunina vorið 1994 og þing Norðurlandaráðs um haustið. Framkvæmdaáætlunin tekur til tímabilsins 1995 til 2000 og skiptist í eftirfarandi meginkafla og verkefnasvið:

— Möguleikar kvenna og karla til valda og áhrifa.
— Konur og karlar í efnahagslífinu.
— Konur og karlar í atvinnulífinu.
— Möguleikar kvenna og karla til að sameina fjölskyldulíf og launaða atvinnuþátttöku.
— Alþjóðlegt samstarf á sviði jafnréttismála.

Norrænt kvennaþing.

Undirbúningur nýs norræns kvennaþings í Åbo í Finnlandi í ágúst 1994 er í fullum gangi. Norrænt kvennaþing 1994 eða „Nordisk forum 1994" er stærsta og dýrasta verkefni sem norræna ráðherranefndin hefur skipulagt innan jafnréttissviðsins fram til þessa. Áhersla er lögð á þátttöku norrænna kvennahreyfinga og grasrótarhreyfinga við undirbúning og á þinginu sjálfu. Skipaður var sérstakur undirbúningshópur þar sem í eiga sæti fimm fulltrúar frá hverju Norðurlandanna. Íslensku fulltrúarnir fimm skipa jafnframt innlendan undirbúningshóp.

Samhliða „Nordisk forum" munu jafnréttisráðherrar Norðurlanda standa fyrir opinberri ráðstefnu í tvo daga en tilgangur hennar er að kynna drög að framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 1995 til ársins 2000.

Ýmislegt.

Norðurlandaráðsþing lagði áherslu á að til „Nordisk forum 1994" skyldi boðið fulltrúum kvennasamtaka frá Eystrasaltsríkjunum. Til að byggja upp tengsl við konur frá þessum löndum var ákveðið að standa fyrir ráðstefnum í hverju Eystrasaltslandanna í samvinnu við þarlend kvennasamtök. Á árinu 1993 voru haldnar tvær slíkar ráðstefnur en sú þriðja er fyrirhuguð í byrjun ársins 1994.

Breytingar á norrænu samstarfi og aukin samvinna við ríki Evrópu settu einnig mark sitt á starf nefndarinnar á árinu og koma þær breyttu áherslur fram í drögum að framkvæmdaáætlun fyrir árin 1995 til 2000 og þar með í starfi nefndarinnar á komandi árum.

6.1.9. Nefnd um málefni fatlaðra (NNH).

Helsti ávinningur fyrir Ísland af starfsemi NNH er sem hér segir:

1. *Stefnumótandi starf í málefnum fatlaðra.* NNH er samstarfs- og fagstofnun um málefni fatlaðra og ber ábyrgð á stefnumótun og samhæfingu í þeim málefnum og tryggir réttindi fatlaðra í samfélaginu. Með samvinnu NNH-skrifstofunnar og stjórnarmanna NNH, sem eru bæði fulltrúar frá heilbrigðis- og félagsmálakerfinu, svo og samtökum fatlaðra, er unnið starf sem nýtist mjög vel í hverju landi fyrir sig, svo og milli landanna.

2. *Félagslegt samstarf.* Samvinna við hinar ýmsu stofnanir, aðila og félagasamtök innan lands, sem og á hinum norrænu löndunum sem vinna að málefnum fatlaðra, þróun og prófunum á hjálpartækjum o.fl.
3. *Þátttaka í breytingum og þróun á sviði hjálpartækja og fleira.*
   — Norðurlandasamstarf varðandi hjálpartæki og fleira (ný þróun, kröfur, prófanir, staðlar, upplýsingamiðlun). Í þessu starfi felst stór ávinningur fyrir Ísland. Meðal annars fæst hér mikil þekking á hjálpartækjum, þeim kröfum sem eru gerðar til þeirra og fleira og nýtist beint í vali og innkaupum á hjálpartækjum. Þetta sparar bæði vinnu og fjármuni, einkum fyrir Tryggingastofnun ríkisins.
   — Evrópusamstarf með tilliti til hjálpartækja, aðgengis og fleira er snýr að málefnum fatlaðra (t.d. verkefnis á vegum Efnahagsbandalagsins (EB), Comité Européen de Normalisation (CEN)).
   — Alþjóðlegt samstarf með tilliti til hjálpartækja og fleira sem snýr að málefnum fatlaðra (t.d. International Organization for Standardization (ISO)).

Stjórn NNH: Ísland á tvo aðalmenn í stjórn NNH og tvo varamenn. Aðalmenn eru Björn Önundarson, tryggingayfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins, og Ásta Þorsteinsdóttir, formaður Landssamtakanna „Þroskahjálp". Varamenn eru Björk Pálsdóttir iðjuþjálfi, Tryggingastofnun ríkisins, og Þórey Ólafsdóttir, ritari Öryrkjabandalags Íslands.

Fjárveiting til NNH á árinu 1993 var 8,3 millj. s.kr., þar af 2,2 millj. s.kr. til „Nordisk utvecklingscenter för handikapphjälpmedel" (NUH) sem er stofnun á vegum NNH og 1,6 millj. s.kr. í styrki til norrænnar samvinnu félaga fatlaðra.

Sérstök verkefni NNH á árinu 1993: Kostnaður (ferðakostnaður) vegna þessara verkefna er ýmist greiddur af NNH eða einstökum stofnunum í hverju landi fyrir sig. NNH greiðir þó meiri hlutann af kostnaðinum.

1. Aðgengi í samfélaginu:
   — *Nefnd um aðgengi að byggingum og almenningsfarartækjum í samfélaginu.* Í nefndinni er Ólöf Ríkarðsdóttir, Öryrkjabandalagi Íslands, fulltrúi Íslands. Nefndin hefur verið starfandi frá 1992 og vinnur að mótun krafna um aðgengi fyrir alla með það í huga að hafa áhrif á lög og reglur í þessum málum. Fulltrúar í nefndinni eru jafnframt í evrópskri nefnd (sjá lið 5) til að móta samevrópskar viðmiðunarreglur og reyna þannig að hafa áhrif á reglur innan EB og EFTA. Á Íslandi er samstarfshópur (samtaka fatlaðra, ýmissa fagfélaga og stofnana) sem vinnur að gerð handbókar um aðgengi fyrir alla og kemur þetta norræna samstarf að beinu gagni fyrir þá vinnu.
   — *Aðgengi að tölvubúnaði fyrir alla.* Norræn tillaga um viðmiðunarreglur um aðgengi að tölvum fyrir alla.
   — *Aðgengi að símum* (sjá bls. 33, nefnd um fjarskipti fyrir fatlaða).
2. Sérstök viðfangsefni:
   — *Þjónusta í nærsamfélaginu.*
   a. Upplýsingasöfnun um þjónustu vegna sjaldgæfra sjúkdóma.
   b. Upplýsingasöfnun um lífskjör daufblindra.
   — *Menntun og atvinnumarkaðurinn.*
   a. Samstarfshópur á vegum norrænu nefndarinnar um norræna skólasamvinnu og NNH á sviði verkefna sem varða báðar nefndirnar. Hópurinn starfar í tengslum við samnorrænt verkefni í sérkennslu um myndun tengslaneta fyrir skilgreindar fatlanir sem er á vegum norrænu nefndarinnar um norræna skólasamvinnu. Verkefnið er til fimm ára, 1992–1997, og á að byggja upp fimm norræn tengslanet.

Kolbrún Gunnarsdóttir, menntamálaráðuneytinu, er fulltrúi Íslands í verkefnisstjórn. Íslenskir samstarfshópar starfa að þessu verkefni.

b. Ráðstefna í Finnlandi 24.–26. nóvember 1993: „Leið ungra fatlaðra frá menntakerfi til atvinnulífs". Þrír Íslendingar sóttu ráðstefnuna og hélt Guðrún Hannesdóttir frá Starfsþjálfun fatlaðra fyrirlestur.

3. Rannsóknir og þróunarverkefni á sviði málefna fatlaðra:

— *Tölvuskráð upplýsingasöfnun um rannsóknir á Norðurlöndum á sviði málefna fatlaðra.* NNH hefur verið með þessa skráningu frá upphafi starfsemi NNH.

4. Hjálpartæki og ný tækni:

— *Nefnd um flokkunarkerfi hjálpartækja.* Björk Pálsdóttir, Tryggingastofnun ríkisins, er nefndarmaður af hálfu Íslands. Nefndin hefur verið starfandi frá 1980 við þróun flokkunarkerfis hjálpartækja. ISO og CEN hafa tekið þetta kerfi upp og hefur norræna nefndin áhrif á þróun þessa máls í ISO/CEN. Upplýsingakerfi um hjálpartæki, notendakerfi o.fl. er byggt á þessu norræna flokkunarkerfi. Tryggingastofnun ríkisins notar þetta flokkunarkerfi í hjálpartækjakerfi sínu.

— *Norræn samvinna um evrópska stöðlun á hjálpartækjum.* Náin og öflug samvinna NNH og hjálpartækjastofnananna í Svíþjóð, Danmörku og Noregi í evrópskri stöðlunarvinnu innan CEN.

— *Nefnd um heyrnarhjálpartæki.* Birgir Ás Guðmundsson, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, er nefndarmaður af hálfu Íslands. Starf nefndarinnar er að gera tillmæli um kröfur til framleiðanda um heyrnarhjálpartæki.

— *Stofnun á vegum NNH í Finnlandi, NUH (Nordisk utvecklingscenter för handikapphjälpmedel).* Stjórn NUH er skipuð sex einstaklingum, einum frá hverju landi, Páli Theódórssyni, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, frá Íslandi og framkvæmdastjóra NNH.

NUH veitir styrki til samnorrænna verkefna á sviði nýrrar þróunar á hátæknivæddum hjálpartækjum og miðlar reynslu og niðurstöðum innan sviðsins. NUH er samstarfsaðili NNH í TIDE sem er verkefni á vegum EB.

Á árinu 1993 voru Íslendingar þátttakendur í þremur verkefnum sem styrkt eru á vegum NUH. Þau eru: 1) Tentaculus, tengibúnaður milli notandabúnaðar (rofa) og vélbúnaðar (tölvu/fjarstýribúnaðar), Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins, 2) Nordlys II, handbók fyrir fagaðila um flokkun hugbúnaðar sem er í notkun í norrænu löndunum og er ætlaður þeim sem ekki hafa lestrarfærni, Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins, 3) Blissgrammer, málfræðilegt tengiforrit milli BLISS-forrita og talgervla, Jón Hjaltalín Magnússon, ACT, í samvinnu við Konunglega tæknihaskólann í Stokkhólmi.

— *Nefnd um fjarskipti fyrir fatlaða (NFTH).* Gylfi Már Jónsson, Pósti og síma, er nefndarmaður af hálfu Íslands. Starf nefndarinnar er að sjá um að samræma viðmiðunarreglur í fjarskiptum, svo og miðlun upplýsinga á því sviði. NFTH er samstarfsaðili NNH í COST 219, verkefni á vegum EB.

— *Ráðstefna* í Stokkhólmi 19.–21. mars 1993. Tæknilegir möguleikar fyrir þá sem ekki hafa lestrarfærni. Fjórir Íslendingar sóttu ráðstefnuna. Sigrún Grendal, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og Jón Hjaltalín Magnússon frá JHM ACT héldu fyrirlestra.

5. Evrópusamvinna og önnur alþjóðleg samvinna:
   — *Þátttaka í vestur-evrópsku samstarfsverkefni um gerð handbókar um aðgengi* (sjá lið 1).
   — *Þátttaka í stöðlunarvinnu innan hjálpartækjasviðsins* á vegum CEN.
   — *Þátttaka í ýmsum verkefnum innan EB* (m.a. Handynet, TIDE, COST 219).
   — *Samstarfsverkefni við Eystrasaltsríkin.*
   a. Könnun á tengslum milli samtaka fatlaðra í norrænu löndunum og Eystrasaltslöndunum.
   b. Undirbúningur að námsstefnu 1994 í einu landi Eystrasaltsríkjanna.
6. Styrkveiting til norrænnar samvinnu félaga fatlaðra:
   — *Nefnd um úthlutun styrkja til félaga fatlaðra til þátttöku í norrænni samvinnu.* Arnþór Helgason, Öryrkjabandalagi Íslands, er nefndarmaður af hálfu Íslands. Þessi nefnd hefur starfað frá 1990. Styrkveitingar eru m.a. til ráðstefnuhalds og ferðakostnaðar vegna samstarfsfunda félaga í norrænu löndunum. Þetta gerir t.d. Íslendingum kleift að senda fulltrúa á ýmsar ráðstefnur og samstarfsfundi erlendis. Á árinu voru veittir styrkir til 40 samtaka fyrir 50 fundi og ráðstefnur.
7. Upplýsingamiðlun NNH:
   — *Upplýsingablað NNH, „NNH-Nytt"*, kom út fjórum sinnum á árinu 1993. Þetta blað er sent til ýmissa stofnana og samtaka.
   — *Bæklingar sem innihalda skýrslur um öll stærri verkefni og ráðstefnur* á vegum NNH. Sex slíkar skýrslur komu út á árinu 1993 og eru þær sendar ýmsum stofnunum og samtökum.
   — *Upplýsingabæklingar* um NNH og norræna samvinnu að málefnum fatlaðra.

6.1.10. Norræn menntastofnun um málefni daufblindra (NUD).

NUD varð sjálfstæð stofnun undir norrænu ráðherranefndinni frá 1. janúar 1993 og er með sér fjárveitingu frá sama tíma, en var áður stofnun undir NNH.

NUD er menntastofnun sem sér um námskeið og ráðstefnur fyrir starfsfólk sem vinnur með daufblinda. NUD er eini aðilinn á Norðurlöndum sem veitir faglega þjónustu hvað varðar vinnu við daufblinda (námskeiðahald, fagleg ráðgjöf í einstaka tilfellum, bókasafn). Íslendingar, sem vinna með daufblinda, blinda, sjónskerta og heyrnarskerta, leita mikið til stofnunarinnar hvað varðar skólun og ráðgjöf.

Fjárveiting til NUD 1993 var 5,5 millj. s.kr.

Stjórn NUD er sú sama og stjórn NNH.

Sérstakt skólaráð er til tveggja ára í senn og situr í því einn fulltrúi frá hverju landi. Frá Íslandi: Aðalmaður Anna Soffía Óskarsdóttir, sérkennari Þjálfunarskóla ríkisins, og varamaður Kristín Jónsdóttir, Blindrafélaginu.

Starfsemi: Ellefu námskeið og ráðstefnur voru haldnar á vegum NUD á árinu 1993. Á árinu sóttu tíu Íslendingar námskeið og/eða ráðstefnur sem haldnar voru á vegum NUD.

6.2. Norrænt samstarf um neytendamál á árinu 1993.

Á Norðurlöndum hefur starf að neytendamálum á árinu einkennst annars vegar af aðgerðum til samræmingar við það sem gerist í Evrópu og hins vegar af efnahagsþrengingum.

Norðurlöndin hafa haldið áfram að taka upp og aðlaga reglur Evrópusambandsins að sínum vegna gildistöku EES-samnings í árslok 1993. Löndin hafa haft samráð sín á milli um tilskipanir Evrópusambandsins, m.a. um pakkaferðir, öryggisatriði varðandi sölu-varning, stykkjaverð, ólögmæta viðskiptahætti og póstverslun.

Ráðgjafarstarfsemi neytendasamtaka um rekstur heimila og um fjármál hefur aukist í ríkjandi efnahagserfiðleikum.

Svíar fara nú að dæmi Dana, Norðmanna og Finna og vinna að lagasetningu sem heimilar skuldbreytingar. Fjármálaráðgjöf á vegum sveitarfélaga hefur verið efld í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Um skeið hefur verið gefin út svokölluð staðalfjárhagsáætlun heimilanna í Noregi og Svíþjóð. Þessi viðmiðun er notuð í ráðgjöf til heimilanna. Danir og Finnar eru að taka upp þessi vinnubrögð og Íslendingar hafa tekið málið til athugunar.

Skipulagsbreytingar hafa orðið á starfsemi að neytendamálum í löndunum. Í Svíþjóð hafa neytendafélög stofnað landssamtökin Neytendaráð Svíþjóðar. Þar í landi er að vænta nefndarálits þar sem kynntar verða m.a. tillögur um takmörkun afskipta hins opinbera af neytendamálum. Verðlagsstofnun á Íslandi var nýlega breytt í Samkeppnisstofnun með breyttum verkefnum og fyrirkomulagi um leið og ný samkeppnislög tóku gildi. Í Danmörku og Svíþjóð hafa verið lagðar til breytingar á lögum um auglýsingar og framboð vöru og þjónustu. Í sænsku tillögunum er m.a. gert ráð fyrir sektarákvæðum vegna villandi auglýsinga. Í barna- og fjölskylduráðuneyti Noregs starfar nú sérstök deild að neytendamálum og öryggismálum sem varða vörur. Fjármálaráðgjöf og skuldbreytingar eru nú orðið málefni sem sveitarfélög sinna í Noregi. Norska neytendaráðið bættist í hóp aðildarlanda Evrópusamtaka neytendafélaga, BEUC.

Á öllum Norðurlöndum og í samstarfi þeirra er nú gefinn meiri gaumur að umhverfisáhrifum neyslu og neysluvarnings. Norræna umhverfismerkið „græni svanurinn“ hefur fest sig í sessi á Norðurlöndunum. Í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð er umhverfismerking vöru í höndum sérstakra aðila.

Starfsemin 1993.

Endurskipulagning Norðurlandasamstarfsins olli á fyrri hluta árs 1993 nokkurri óvissu um samvinnu að neytendamálum. Í marsmánuði varð ljóst að neytendamál yrðu meðal þess sem forgangs nýtur í samstarfi landanna.

Ný embættismannanefnd var sett á laggirnar og sitja í henni eingöngu fulltrúar ráðherra, þ.e. embættismenn úr ráðuneytunum. Við hlið hennar starfar ráðgefandi nefnd, norræna neytendamálanefndin, sem hefur á að skipa fulltrúum stjórnvalda, frjálsra samtaka, rannsóknaraðila, háskólamanna og annarra er vinna að neytendamálum. Breytingar þessar voru gerðar vegna breyttra áherslna í norræna samstarfinu.

Auk samráðs og upplýsingaskipta í fastanefndum í skipulagða samstarfinu vex því samstarfi fiskur um hrygg sem verkefnisstjórnir standa fyrir. Þar er um að ræða kannanir, málþing og rannsóknir. Niðurstöðurnar nýtast opinberum stofnunum sem starfa að neytendamálum í daglegum störfum, bæði heima fyrir og í erlendu samstarfi, m.a. til þess að hafa áhrif á þróun þessara mála á alþjóðavettvangi.

Vegna uppstokkunar í norræna samstarfinu var lengi vel óvíst hvort neytendamálin yrðu áfram sjálfstæður samstarfsvettvangur, eins og áður er skýrt frá, en í mars 1993 var ljóst að þessi málaflokkur yrði meðal forgangsmála. Um leið og breytingar þessar hófust var unnið að nýrri norrænni samstarfsáætlun á sviði neytendamála, eins og að framan segir, og var hún samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í nóvember sl. og verður síðan endanlega afgreidd á fundi neytendamálaráðherra Norðurlanda sem haldinn verður í Stokkhólmi 24. janúar 1994. Helstu markmið í nýrri samstarfsáætlun eru að:

— bæta lagalega og fjárhagslega stöðu neytenda, svo og heilsu þeirra og öryggi,
— útvíkka og þróa neytendarannsóknir,
— hafa áhrif á þróun neytendamála í Evrópu,
— efla kröfu neytenda um að tillit verði í auknum mæli tekið til umhverfisins.

Íslendingar hafa aukið þátttöku sína í norræna samstarfinu á sviði neytendamála jafnt og þétt síðustu árin. Við tökum þátt í flestum verkefnum sem styrkt eru af norrænu ráðherranefndinni auk þess sem við höfum verið í forsvari fyrir tveimur þeirra. Annars vegar var unnið að því að útbúa staðlað heimilisbókhald fyrir íslenskar aðstæður og hins vegar var gerð könnun um landbúnaðarstefnuna og hag heimilanna á Norðurlöndunum. Var sú skýrsla kynnt sérstaklega hér á landi í byrjun ágúst sl.

6.3. Norrænn vinnumarkaður.

Atvinnuleysi ungs fólks.

Atvinnuleysi hefur haldið áfram að aukast á Norðurlöndum árið 1993 og fram hafa komið miklar áhyggjur af vaxandi atvinnuleysi ungs fólks. Norðurlandaráð hefur því lagt sérstaka áherslu á að leita úrræða gegn atvinnuleysi aldurshópsins 16 til 25 ára og skipuleggja aðgerðir í framhaldi af því. Á síðasta ári hefur verið unnið að því að undirbúa verkefnaáætlun undir heitinu „Ungdomssatsning 1994". Um það bil helmingi þess fjár, sem varið er til norræns vinnumálasamstarfs, verður á árinu 1994 varið til verkefna í tengslum við atvinnuleysi ungs fólks. Verkefni þessi verða margvísleg.

Frá því í október 1993 hafa tveir vísindamenn frá hverju landi unnið annars vegar að rannsókn á orsökum atvinnuleysis ungs fólks í hverju landi og hins vegar árangri vinnumarkaðsaðgerða gegn atvinnuleysi ungs fólks. Gert er ráð fyrir að þeir leggi fram niðurstöður sínar á ráðstefnu í Stokkhólmi sem verður haldin 8. og 9. febrúar 1994. Fyrir Íslands hönd starfa Gestur Guðmundsson félagsfræðingur og Guðmundur Gylfi Guðmundsson hagfræðingur að þessu verkefni.

Þá er fyrirhuguð önnur þriggja daga ráðstefna í Finnlandi í apríl 1994 um það fjölbreytta grasrótarstarf sem unnið er í einstökum löndum gegn atvinnuleysi ungs fólks þar sem kostur gefst á að miðla reynslu af þessu starfi milli landa. Gert er ráð fyrir að íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar, Félagsmálastofnun Akureyrar og ef til vill fleiri taki þátt í þessari ráðstefnu af hálfu Íslands.

Þá er gert ráð fyrir að vísindastofnanir geti lagt fram umsóknir um styrk til rannsóknarverkefna á þessu sviði til norrænu ráðherranefndarinnar.

Norræn ráðstefna um atvinnuleysistryggingar á Íslandi.

Dagana 6. og 7. september 1993 var haldin á Hótel Loftleiðum ráðstefna um atvinnuleysistryggingar á Norðurlöndum þar sem meginumræðuefnið var „Erfiðleikatímar og átaksverkefni atvinnuleysistrygginga".

Fjölmörg erindi og umræður á ráðstefnunni leiddu í ljós að mikið er að gerast í þessum málum á Norðurlöndum og athyglisvert var hve afstaða einstakra landa mótaðist af því á hvaða stigi þau voru stödd í atvinnuleysi eða hve lengi það hefur verið viðvarandi í viðkomandi löndum. Annars vegar er Danmörk, þar sem menn ganga út frá viðvarandi atvinnuleysi og aukin áhersla er lögð á að virkja fólk til hvers konar félags- og tómstundastarfa, og hins vegar Finnland þar sem atvinnuleysi er orðið svo mikið að menn fá ekki við neitt ráðið þótt allt sé reynt og talsverð áhersla lögð á að útvega fólki störf erlendis. Þá er Ísland með megináherslu á almennar efnahagsaðgerðir, sértæka atvinnusköpun, átaksverkefni og starfsmenntun og loks Noregur og Svíþjóð með áherslu á atvinnusköpun en þó fyrst og fremst starfsmenntunina þar eð takmörk eru fyrir hve hægt er að skapa mörg tímabundin störf.

Aðalfyrirlesarinn, Jens Lind, lektor frá Danmörku, lýsti því þróunarferli sem barátttan við atvinnuleysi er talin ganga í gegnum. Fyrst er eingöngu treyst á almennar efnahagsaðgerðir og bótagreiðslur, síðan kemur til tímabundin atvinnusköpun hjá hinu opinbera og styrkt vinna á almennum vinnumarkaði, þá starfsmenntun af ýmsu tagi og að lokum hvers kyns félags- og tómstundastarf til að virkja fólk. Þessari þróun fylgja eilífar breytingar á reglum um atvinnuleysisbætur til að draga úr kostnaði sem kunna ef til vill að enda með að menn viðurkenna lágmarksframfærslueyri sem „almenn borgaralaun“ sem öllum verða tryggð í stað margbreytilegs tryggginga- og framfærslukerfis en sú umræða hefur vaxandi meðbyr í Danmörku.

Evrópskur vinnumarkaður.

Samstarf Norðurlandanna á sviði atvinnumála á árinu 1993 hefur að öðru leyti snúist um að halda áfram þeim áherslubreytingum sem orðið hafa undanfarin ár í átt að alþjóðlegu vinnumálasamstarfi. Þessar áherslubreytingar vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði hafa í för með sér aukið samstarf á sviði vinnumála þótt það gerist á öðrum vettvangi en í formlegum nefndum norrænu ráðherranefndarinnar. Efnislega hefur umfjöllunin mótast mjög af aðild Norðurlandanna að EES og hugsanlegri aðild sumra þeirra að EB. Þannig hefur bæði verið fjallað um hugsanleg áhrif EES á vinnumarkaðinn, sem og útfærslu einstakra reglugerða og tilskipana eða umfjöllun um nýjar reglugerðir og tilskipanir sem eru á döfinni hjá EB. Hins vegar mun samstarf í nefndum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar mótast mjög af þessum breytingum og verða nefndirnar áfram mikilvægur vettvangur fyrir samstarf og skoðanaskipti um þessar breytingar.

Vinnumálanefndirnar.

Í „Iloniemi-skýrslunni“ er lögð áhersla á að réttindamál þegnanna séu samstarfssvið sem eigi að hafa forgang í norrænu samstarfi á næstu árum. Í þeim málaflokki eru m.a. vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál.

Nýtt skipulag, sem tók gildi 1. mars 1993, hefur verið fest í sessi, en gerð var grein fyrir þessu skipulagi í síðustu skýrslu og eru því aðeins aðalatriðin rakin hér. Markmiðið með skipulagsbreytingunum er að auka skilvirkni og hagkvæmni samstarfsins. Þetta er gert með einföldun og hagræðingu, t.d. með því að draga úr skrifræði og fækka nefndum og fundum.

Hið nýja skipulag felur í sér að vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismálin eru sameinuð undir eina yfirstjórn. Yfirstjórnina annast embættismannanefndin sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi. Nefndinni er ætlað að vera stefnumarkandi í vinnumálum eins og vinnumarkaðsmálum, atvinnumálum, vinnumarkaðsþjónustu, vinnuverndarmálum, vinnuréttarmálum og atvinnulífi.

Undir embættismannanefndina heyra sex málefnanefndir sem skipaðar eru sérfræðingum til að fjalla um einstaka málaflokka. Þetta eru nefndir um vinnumarkaðsmál, vinnumarkaðsrannsóknir, vinnuverndarmál, vinnuverndarrannsóknir, vinnuréttarmál og atvinnulíf og um fólksflutningamál. Þá starfar sérstakur stýrihópur sem samræmir störf nefndanna og undirbýr fundi embættismannanefndarinnar í samráði við skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar. Nefndirnar hafa allar gert nána grein fyrir hlutverkum sínum og verkefnum í sérstökum stefnu- og verkefnaskjölum.

Nefnd um stjórnun vinnumarkaðsmála.

Helstu verkefni nefndarinnar eru INFO eða „Informationsprojektet" sem er fjölbreytt upplýsingaútgáfa á mörgum sviðum. Á vegum þessa verkefnis er m.a. tímaritið „NORDISK ARBETSMARKNAD" sem hefur verið gefið út í sex ár en fjögur blöð voru gefin út á árinu 1992. Annað mikilvægt samfellt verkefni á vegum nefndarinnar er „NORDJOBB" sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli Norðurlandanna en Norræna félagið hefur annast þessi samskipti fyrir Íslands hönd og hefur hlutur Íslands verið stór í þessu verkefni. Verkefni þetta hefur verið til endurskoðunar í ljósi reynslunnar og breytinga vegna EES-samningsins og kom út skýrsla um þetta efni á árinu en nokkuð skiptar skoðanir eru um framtíðarstefnu þessa verkefnis vegna erfiðleika í atvinnumálum víðast hvar. Þá eru fjölmörg verkefni er tengjast starfsmenntun og endurmenntun, m.a. „VOKS FREM" sem er framkvæmdaáætlun til þriggja ára, þ.e. frá 1992 til 1995, um menntunarþarfir framtíðarinnar, en áætlunin er samsett af mörgum stærri og smærri verkefnum. Verkefnið „Effektivisering af internordisk arbejdsformidling" hefur skipulagt heimsóknir til vinnumiðlana í Evrópu og EB-stofnana til að undirbúa samstarf við þessa aðila gegnum vinnumiðlunarkerfið „EURES". Að lokum má nefna ýmis verkefni sem eru til stuðnings atvinnulífi í Eystrasaltslöndunum.

Tveimur verkefnum á vegum nefndarinnar lauk á árinu með lokaskýrslu. Í fyrsta lagi var um að ræða skýrslu um „Flaskehalsprojektet" sem snýst um að auka svæðisbundið samstarf milli vinnumiðlunar og starfsmenntunar fyrir atvinnulífið til þess að koma í veg fyrir að samtímis sé eftirspurn eftir menntuðu vinnuafli og nægt framboð vinnuafls sem ekki hentar í störfin sem um er að ræða. Í öðru lagi var lögð fram skýrsla um langtímaatvinnuleysi þar sem samþættuð er reynsla Norðurlandaþjóðanna hvað snertir orsakir, áhættuhópa og aðgerðir gegn langtímaatvinnuleysi.

Nefnd um vinnumarkaðsrannsóknir.

Helsta verkefni nefndarinnar nú er ofangreint verkefni um atvinnuleysi ungs fólks. Annað verkefni nefndarinnar hefur verið svokallað „Paraplyprojekt" sem fjallar um valkosti vinnumarkaðarins á tíunda áratugnum. Þessu verkefni lauk árið 1992, en á árinu 1993 hefur verið unnið að því að gefa út rit um verkefnið í fimm bindum á ensku og einu bindi með samantekt á Norðurlandamálunum. Þetta verkefni fjallar m.a. um ungt fólk á vinnumarkaði, aðstæður aldraðs fólks á vinnumarkaði, launamun á Norðurlöndum, atvinnuleysi á Norðurlöndum og hreyfanleika vinnuafls.

Athugun og rannsókn á starfsemi vinnumiðlana hefur verið í sviðsljósinu á árinu. Unnið hefur verið að samanburði á fyrirkomulagi opinberrar vinnumiðlunar og starfsemi einkaráðningarstofa á öllum Norðurlöndum. Þá hefur verið unnið að rannsókn sem leiða á í ljós hve virkar opinberar vinnumiðlanir eru í að ráða fólk þegar atvinnutilboð berast frá atvinnurekendum.

Nefnd um vinnurétt og atvinnulíf.

Í þessari nefnd hefur einkum verið fjallað um þá margvíslegu löggjöf sem taka þarf upp á sviði vinnuréttar vegna aðildar að EES jafnframt því sem mikið er fjallað um þær vinnuréttarreglugerðir eða tilskipanir sem eru til umfjöllunar hjá EB og hugsanlega verða teknar upp á síðari stigum í EES-samninginn.

Helstu verkefni nefndarinnar eru verkefnið „NordFram" eða „Den nordiska modellens fremtid" sem fjallar um hvaða áhrif alþjóðahyggjan og EB-samhæfingin hafa á vinnumarkaðinn í hinum norrænu löndum. Sérstök áhersla er á meðákvörðunar- og upplýsingarétt starfsmanna við breytingar í fyrirtækjum. Þessu verkefni lýkur með ráðstefnu 17. og 18. febrúar 1994.

Annað verkefni, sem þegar er langt komið, er verkefni um samanburð á vinnurétti á Norðurlöndum sem hefur verið útvíkkað til að ná til samanburðar við vinnurétt EB-ríkja, en samanburður á vinnurétti Norðurlanda lá fyrir í bók árið 1990 undir heitinu „Arbetsrätten i Norden". Íslenskir vísindamenn taka þátt í þessum verkefnum. Þriðja verkefnið, sem tengist þessum tveimur, er verkefnið „Samræming norrænnar starfsemi" en það tengist einkum rannsóknum eða könnunum á áhrifum EES og EB á norrænan vinnumarkað.

Önnur verkefni, sem eru langt komin eða er um það bil að ljúka, fjalla um ný rekstrarform til að auka sveigjanleika og vinnugæði í vefnaðariðnaði, fyrirtækjaformið í norrænum vinnurétti og ný rekstrarform fyrirtækja.

Nefnd um stjórnun vinnuverndarmála.

Samstarf um vinnuvernd vegna þátttöku Norðurlanda í Evrópska efnahagssvæðinu hefur verið mjög virkt og mikið upplýsingastreymi hefur verið um þær breytingar á vinnuverndarreglum sem þátttaka í EES hefur í för með sér.

Þá hafa Norðurlöndin unnið mikið saman og skipt með sér verkum vegna samstarfs við CEN, Staðlastofnun Evrópu, en um 100 staðla af ýmsu tagi þarf að taka upp sem eru í smíðum. Sérstakur hópur vinnur að athugun á öryggi véla til matvælaframleiðslu og annar fjallar um öryggi krana og lyftibúnaðar. Haldinn var samráðsfundur í nóvember um aðferðafræði við eftirlit á vinnustöðum og hvernig auka megi eigið eftirlit. Fleiri slíkir samráðsfundir voru haldnir um afmörkuð svið vinnuverndarmála eins og um atvinnusjúkdóma í endurvinnsluiðnaði.

Þá hefur sérstaklega verið unnið að samstarfi og samráði um aðstoð við Eystrasaltsríkin á sviði vinnuverndarmála og tók Vinnueftirlit ríkisins þátt í ráðstefnu í Tallin þar sem fulltrúi vinnueftirlitsins flutti erindi.

Nefnd um vinnuverndarrannsóknir.

Íslenskir sérfræðingar í vinnuverndarmálum fá styrki frá norrænu ráðherranefndinni til að sækja sérhæfð námskeið í vinnuverndarmálum hjá „NIVA", en það er norræn stofnun sem sér um framhaldsmenntun á sviði vinnuumhverfismála. Unnið er að margvíslegum rannsóknarverkefnum um efni, öryggisbúnað o.fl. hjá „NIVA".

Vinnueftirlitið tekur m.a. þátt í samstarfsverkefni um tilkynningu atvinnusjúkdóma. Þá starfar vinnueftirlitið í nefnd sem fjallar um mengunargildi efna í náttúrunni.

7. Efnahagsmál.

7.1. Fjármál og efnahagsmál.

Verkefni á sviði efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlanda á starfsárinu 1993–1994 hafa verið bæði mörg og yfirgripsmikil og teygt anga sína víða. Auk verkefna, sem telja má hefðbundin, hafa bæst við sérstök verkefni, bæði í tengslum við þá áherslu sem lögð hefur verið á stuðning við Eystrasaltsríkin og umfjöllun og umræður á vettvangi Norðurlandaráðs um aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi. Hér á eftir er gerð grein fyrir fundum efnahags- og fjármálaráðherra á árinu og starfi ýmissa nefnda á sviði þeirra, helstu verkefnum og greinargerðum.

Ráðherrafundir.

Efnahags- og fjármálaráðherrar Norðurlanda héldu þrjá reglubundna fundi á árinu 1993. Jafnframt héldu forsætis- og fjármálaráðherrar Norðurlanda sameiginlegan fund í Maríuhöfn í nóvember 1993 um vandamál vaxandi atvinnuleysis og áherslur af hálfu Norðurlandanna í því samhengi. Auk þess héldu ráðherrarnir sérstakan fund með fjármálaráðherrum Eystrasaltsríkjanna í tengslum við ársfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans í september 1993.

Meginákerslur ráðherrafundanna voru sem fyrr segir samskipti Norðurlanda við Eystrasaltsríkin, einkum í tengslum við hina sérstöku fjárfestingaráætlun (BIP) sem ráðherrarnir hrundu í framkvæmd í mars 1992. Enn fremur hefur mikil áhersla verið lögð á umfjöllun um atvinnuleysisvandann og hugsanlegar aðgerðir til að bregðast við honum. Í þessu samhengi hefur verið lögð mikil áhersla á alþjóðlegt samstarf, bæði á vegum EFTA- og EB-ríkjanna og innan OECD-samtakanna.

Ráðherrarnir höfðu frumkvæði að tveimur sameiginlegum fundum efnahags- og fjármálaráðherra EFTA- og EB-ríkjanna á árinu 1993 og verður því samstarfi fram haldið á árinu 1994. Í tengslum við þetta starf hefur ráðherranefndin tekið saman tvær greinargerðir sem hafa verið lagðar fram í Norðurlandaráði og unnið er að þeirri þriðju sem lögð verður fyrir Norðurlandaráðsþingið í mars 1994. Auk þess hafa ráðherrafundirnir verið vettvangur almennrar umræðu um ástand og horfur í efnahagsmálum og í nóvember 1993 kom að venju út árleg skýrsla ráðherranna um efnahagsmál á Norðurlöndunum (sjá umfjöllun um starf *efnahagsnefndar fjármálaráðherra*).

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

a. Embættismannanefndin (EK-finans). Nefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni nefndarinnar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig haft yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa sérstakir vinnuhópar starfað á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Á síðasta starfsári komu út fjórar skýrslur á vegum nefndarinnar, þ.e. tvær fyrrnefndar greinargerðir um atvinnuleysismál, skýrsla um styrki til atvinnuvega á Norðurlöndum og greinargerð um framgang sérstakrar efnahagsáætlunar Norður-

landa 1989–1992. Enn fremur er nú á lokastigi skýrsla um umhverfismál sem unnin er í sameiginlegum vinnuhópi embættismannanefnda um efnahagsmál og umhverfismál (sjá umfjöllun um starf *ráðgjafanefndar á sviði umhverfismála*).

b. *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Þessi nefnd var sett á laggirnar árið 1991, fyrst sem sérstakur vinnuhópur á vegum embættismannanefndarinnar til þess að undirbúa norrænu fjárfestingaráætlunina fyrir Eystrasaltsríkin sem var samþykkt á Norðurlandaráðsþingi 1992. Frá þeim tíma var nefndin formlega skipuð til þess að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni. Nefndina skipa að mestu sömu fulltrúar og sitja í embættismannanefndinni. Starf nefndarinnar hefur að mestu falist í að greiða fyrir og leitast við að tryggja framgang fjárfestingaráætlunarinnar. Í þessu skyni hefur nefndin haft náin samskipti við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (NoPEF). Auk þess hefur nefndin átt viðræður við stjórnvöld og fulltrúa bankakerfisins í Eystrasaltsríkjunum. Nefndin hefur tvisvar lagt sérstaka skýrslu fyrir Norðurlandaráð, nú síðast í nóvember 1993, þar sem gerð er grein fyrir stöðu og framgangi fjárfestingaráætlunarinnar.

c. *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndina skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu til fjármálaráðherranna sem síðan er lögð fram á aukaþingi Norðurlandaráðs (Økonomiske udsigter i Norden).

d. *Ráðgjafarnefnd í gjaldeyris- og peningamálum (Nordiskt finansielt udvalg).* Eins og nafnið ber með sér er nefndin ráðgefandi aðili fyrir fjármálaráðherrana í gjaldeyris- og peningamálum. Enn fremur annast nefndin undirbúning og samræmingu norrænna sjónarmiða á þessu sviði á alþjóðavettvangi, einkum fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndina skipa embættismenn frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna.

e. *Norræna hagrannsóknaráðið (Nordisk økonomisk forskningråd).* Ráðið er sjálfstæður aðili sem heyrir undir fjármálaráðherrana. Meginverkefni þess er að stuðla að framgangi hagrannsókna, með styrkveitingum, ráðstefnum o.fl. Í samræmi við þetta veitir ráðið árlega styrki til vísindamanna á þessu sviði og gengst fyrir ráðstefnum um ýmis þau málefni á sviði efnahagsmála sem efst eru á baugi hverju sinni. Enn fremur hefur ráðinu ekki síst verið falið að leggja sérstaka áherslu á tiltekin verkefni. Sem dæmi má nefna skattlagningu fyrirtækja, aðlögun Norðurlandanna að Evrópubandalaginu og nú síðast sérstakt uppbyggingar- og fræðslustarf í Eystrasaltsríkjunum. Í ráðinu sitja fulltrúar frá fjármálaráðuneytum, seðlabönkum og háskólum landanna.

f. *Ráðgjafarnefnd á sviði umhverfismála (Nordisk kontaktgruppe for miljøøkonomi).* Á vegum tveggja embættismannanefnda, þ.e. þeirra sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-M), starfar sérstakur ráðgjafahópur um beitingu hagrænna aðgerða á sviði umhverfismála. Fjármálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti eiga fulltrúa í þessum hópi. Á árinu 1993 hefur hópurinn unnið að ýmsum verkefnum. Í byrjun árs stóð hann m.a. fyrir ráðstefnu um notkun hagrænna stjórntækja í umhverfismálum og í tengslum við hana hefur verið gefin út sérstök skýrsla, „The use of Economic Instruments in Environmental Policy". Þá ritstýrir hópurinn tímariti um umhverfishagfræði, „Nordic Journal of Environmental Economics", en það kemur út

einu sinni á ári. Meginverkefni hópsins hefur hins vegar verið gerð skýrslu um stöðu umhverfismála á Norðurlöndunum út frá efnahagslegu sjónarmiði og er Ísland aðili að þessari skýrslu. Skýrslan verður gefin út á ensku, „A Nordic Report on Economic Instruments in Environmental Policy", og er hún væntanleg á næstunni.

g. *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um frumvarp samstarfsráðherrana til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Fundi hópsins sitja einnig starfsmenn frá skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar. Í tengslum við sérfræðinganefndina starfa sömu fulltrúar innan annars hóps, *Referensgruppen för mål- och ramstyrning.* Samstarfsráðherrar Norðurlandanna fólu norrænu staðgenglanefndinni í lok árs 1991 að skipa nefnd til að fylgjast með og meta árangur af tilraunastarfsemi er lýtur að markmiðs- og rammastjórnun norrænna stofnana, skilgreina markmið með vinnuaðferðinni og leggja mat á hvort ástæða sé til að færa ákvörðunarvald í enn meira mæli til stofnana. Nefndinni er ætlað að skila skýrslu til samstarfsráðherranna og hefur þegar skilað áfangaskýrslu.

h. *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet).* Norræna launa- og starfsmannanefndin er ráðgefandi fyrir norrænu ráðherranefndina (samstarfsráðherrana) og forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Nefndin veitir ráðherranefndinni og forsætisnefndinni ráðgjöf í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra sem starfa við samnorrænar stofnanir og skrifstofur nefndarinnar í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar ýmist frá norrænu samstarfsnefndinni (Nordiska samarbetskommittén), ráðherranefndinni, Norðurlandaráði eða skrifstofum þeirra. Nefndin getur að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndarinnar og forsætisnefndarinnar. Hún ákveður þóknanir til stjórnarmanna við samnorrænar stofnanir. Nefndin á að ábyrgjast að um málefni, er varða stofnanirnar, fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna um réttarstöðu samnorrænna stofnana frá 9. desember 1988 og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin.

Önnur starfsemi.

Auk þeirra verkefna, sem hér hafa verið nefnd, er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samstarf og samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Áður var minnst á samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Enn fremur má nefna hliðstæð samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna starfsemi Evrópubankans í London. Norðurlöndin eiga þrjá fulltrúa í stjórn bankans sem hafa náið en óformlegt samráð þar sem leitast er við að samræma norræn sjónarmið.

Loks er rétt að nefna að í ársbyrjun 1994 varð sú breyting á starfsháttum innan norrænu ráðherranefndarinnar að ábyrgð og umsjón með málefnum Norræna fjárfestingarbankans var formlega færð frá samstarfsráðherrum Norðurlanda til fjármálaráðherranna. Þessi breyting var talin eðlileg þar sem málefni bankans heyra í flestum landanna undir fjármálaráðuneytin. Breytingin var því talin greiða fyrir afgreiðslu ýmissa málefna bankans á norrænum vettvangi.

Þetta breytir ekki því að samkvæmt gildandi ákvæðum um verkaskiptingu íslenskra ráðherra heyra bankamál og samskipti við erlendar fjármálastofnanir undir viðskiptaráðherra, þar með talinn Norræni fjárfestingarbankinn, en viðskiptaráðherra skipar fulltrúa Íslands í stjórn hans.

7.2. Norrænt samstarf um orku- og iðnaðarmál.

Skipulag.

Haustið 1992 ákváðu iðnaðar- og orkuráðherrar Norðurlanda að sameina embættismannanefndirnar um orku- og iðnaðarmál og að halda sameiginlega fundi iðnaðar- og orkuráðherranna með einni sameiginlegri dagskrá. Breytingar þessar voru gerðar í samræmi við tillögur þær sem fyrir lágu frá forsætisráðherrum Norðurlanda um breytingar á norrænu samstarfi og viðleitni til að gera samstarfið virkara.

Ráðherrar þessara málefna funda því saman og sameiginleg embættismannanefnd orku- og atvinnumála annast málatilbúnað. Á árinu voru haldnir tveir fundir orku- og iðnaðarráðherra landanna.

Þannig starfa saman sem heild en í tveimur deildum þær embættismannanefndir er áður fjölluðu um orkumál annars vegar og hins vegar iðnaðarmál. Til iðnaðarhlutans, sem nú er kenndur við atvinnumál (näring), flokkast að auki ferðamannaþjónusta, stöðlun, vottun og prófun og eftir sem áður Norræni iðnaðarsjóðurinn í Ósló og „Nordtest" í Helsingfors.

Samstarf um iðnaðar- og atvinnumál.

Á síðasta ári beindust sjónir manna á sviði samstarfs í iðnaðar- og atvinnumálum mjög að forsendum starfsemi og starfsskilyrðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja og í því sambandi einkum að áhættufjármagni, svo og útflutningsmálum. Við forkönnun þessara málefna var samin skýrsla um áhættufjármagn á Norðurlöndum (NSA 1993:577). Að þessum málum verður hugað áfram enda starfshópur í gangi á vegum embættismannanefndarinnar sem falið hefur verið að greina hvernig koma megi til móts við þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja fyrir áhættufjármagn og leggja fram tillögur um hugsanlegar sameiginlegar aðgerðir.

Á árinu 1993 var sérstökum starfshóp falið að meta og leggja fram tillögur um það hvernig mætti auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum útflutning. Þessu starfi verður haldið áfram á árinu 1994 og útflutningseflandi samstarf gaumgæft nánar.

Á miðju síðasta ári var sérstökum samhæfingarhóp um norræna framkvæmdaáætlun fyrir Eystrasaltsríkin falið að vinna áfram að ráðgjafaráformum, einkavæðingarráðstefnum og gerð sjónvarpsþátta um markaðshagkerfi fyrir Eystrasaltsríkin. Þeim var einnig falið að kanna hvort unnt væri að framkvæma slíkar áætlanir í St. Pétursborg og nágrenni.

Norrænt rannsóknar- og þróunarsamstarf innan ramma Norræna iðnaðarsjóðsins á árinu 1993 nam um 320 millj. n.kr. Hlutur sjóðsins í fjármögnun nam 85,2 millj. kr. sem er nokkuð lægri upphæð en á árinu á undan.

Skilyrði fyrir stuðningi sjóðsins við rannsóknarverkefni er að um sé að ræða raunhæft samstarf á milli aðila frá a.m.k. tveimur Norðurlandanna.

Stjórn sjóðsins samþykkti stuðning við 74 verkefni, samtals að fjárhæð 76,8 millj. n.kr. Auk þess var á árinu veitt fé til undirbúnings verkefnum og fleiri verkefna almenns eðlis að fjárhæð 8,4 millj. n.kr.

Hlutur Íslendinga í stuðningi frá sjóðnum hefur vaxið með hverju ári og nam árið 1993 um 7% af samanlögðum styrkveitingum, en hlutdeild í greiðslum til sjóðsins er hins vegar 1%. Samtals var veitt fé til 118 verkefna sem er svipaður fjöldi og 1992.

Með hliðsjón af auknum möguleikum á þátttöku í evrópsku rannsóknarsamstarfi á vettvangi EES var ákveðið að beina fé sjóðsins að fáum afmörkuðum verkefnasviðum sem miklu máli skipta fyrir samstarf Norðurlanda. Þau eru ný tækni í matvælaiðnaði, efnistækni léttra burðarhluta og ný tækni í skógar- og tréiðnaði.

Í sérstökum kafla er fjallað nánar um starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins.

Samstarf um orkumál: breytt skipan.

Í samræmi við ofangreindar breytingar var ákveðið að leggja niður sérfræðinganefndir er starfað höfðu á vegum embættismannanefndarinnar á sviði orkusparnaðar, orkumarkaðar og orku- og umhverfismála.

Ákveðið var að leggja verulega aukna áherslu á alþjóðlegt samstarf. Fjallað hefur verið um samstarf að undirbúningi alþjóðlegra samninga, svo sem orkusáttmála Evrópu, sáttmála um loftslagsbreytingar, þróun mála í Evrópubandalaginu, áhrif EES á samstarf um orkumál og undirbúning funda í Alþjóðaorkustofnuninni (IEA).

Á vegum embættismannanefndar um orku- og iðnaðarmál, orkuhlutans, starfa nú eftirfarandi nefndir: Stjórn orkurannsóknanefndarinnar og samstarfsnefnd varðandi kynningu möguleika á nýtingu á jarðgasi. Hin síðarnefnda lýkur störfum árið 1994. Auk þessa hafa verið settar á fót starfsnefndir til að fjalla um afmarkaða þætti í starfsáætlun um orkusamstarf Norðurlanda. Nefndir þessar fjalla um sameiginlegan raforkumarkað, stefnumótun varðandi alþjóðlegt starf við takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda og alþjóðlegt starf á sviði orkusparnaðar. Þá hefur verið haldinn einn fundur með embættismannanefndinni og forsvarsmönnum „Nordels".

Starfsáætlun norræna orkusamstarfsins 1993.

Haustið 1992 samþykktu norrænu orkuráðherrarnir áætlun um samstarfið fyrir árið 1993. Áætlunin gildir raunar einnig í megindráttum fyrir árið 1994. Helstu áhersluatriði eru eftirfarandi:

— Norrænn raforkumarkaður.
— Samstarf um orkumál innan EB/EES.
— Orkusáttmáli Evrópu.
— Samstarf á vettvangi Alþjóðaorkustofnunarinnar.
— Stefnumótun varðandi alþjóðlegt starf við takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda.
— Norrænt orkurannsóknasamstarf.
— Staða og þróun orkumála í Austur-Evrópu og sérstaklega Eystrasaltsríkjunum.

Starfsemi 1993: norrænn raforkumarkaður.

Stofnaður var starfshópur sem fjalla skyldi um norræna raforkumarkaðinn (skipunartími er frá 1. mars 1993 til 30. júní 1994). Starfshópurinn skyldi gera tillögu að svari við tilmælum Norðurlandaráðs nr. 9/1993, um framtíð „Nordels", og meta forsendur og þörf fyrir sameiginlegar aðgerðir til að þróa norræna raforkumarkaðinn og kanna þróun innan Evrópubandalagsins og við Eystrasalt og meta afleiðingar hennar í sambandi við norrænan raforkumarkað.

Stefnumótun varðandi losun gróðurhúsalofttegunda.

Stofnaður var starfshópur sem meta skyldi áhrif skuldbindinga Norðurlanda um takmörkun útblásturs á orkuframleiðslu landanna (skipunartími hópsins er frá 1. apríl 1993 til 30. júní 1994). Meginverkefni starfshópsins eru eftirfarandi:

— Gera athugun á stefnumörkun landanna varðandi hið svokallaða gróðurhúsavandamál, bera hana saman við alþjóðastefnumörkun á þessu sviði og meta kostnað landanna við að ná þeim markmiðum sem löndin hafa sett.
— Meta áhrif orkuskatta sem hjálpartækis í orkumálum, sérstaklega koltvísýringsskatts við takmörkun útblásturs og hvaða áhrif slíkur skattur hefði á samkeppnishæfni.
— Leggja mat á það með hvaða hætti löndin geti sameiginlega framkvæmt skuldbindingar, m.a. að bera saman aðgerðir heima fyrir og aðgerðir í Eystrasaltslöndum og Austur-Evrópu, til þess að markmiðum verði náð með sem lægstum kostnaði (kostnadseffektivitet).
— Takmörkun útblásturs og flutningar.

Alþjóðleg orkumál.

Á vegum embættismannanefndarinnar hefur verið fylgst með þróun orkumála á alþjóðavettvangi.

Fjallað hefur verið um tilskipanir sem framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur samþykkt eða gert tillögu um, sérstaklega með hliðsjón af samstarfi og skuldbindingum á Evrópska efnahagssvæðinu (og í Evrópubandalaginu), svo sem drög að tilskipunum um leyfi til olíuleitar og olíuvinnslu og tilskipunum um sameiginlegar reglur um raforku og gasmarkað. Haft hefur verið samráð um mikilvæga þætti varðandi orkusáttmála Evrópu. Fulltrúar landanna hafa rætt mál sem hafa verið á dagskrá á fundum Alþjóðaorkustofnunarinnar (IEA).

Lögð hefur verið áhersla á upplýsingamiðlun um aðgerðir í Austur-Evrópu og Eystrasaltsríkjum, bæði aðgerðir sem einstök lönd hafa ráðist í og aðgerðir á vegum alþjóðlegra samtaka.

Orkusparnaður.

Settur var á stofn starfshópur til að fjalla um orkusparnað á alþjóðavettvangi (skipunartími er frá 1. mars 1993 til 28. febrúar 1994). Hópurinn skal fyrst og fremst fjalla um miðlun upplýsinga um orkusparnað í sambandi við aðgerðir Evrópubandalagsins á þessu sviði, þar á meðal SAVE- og PACE-verkefnin, sérstaklega með tilliti til merkingar raftækja með upplýsingum um orkunotkun, sem og staðla og mæliaðferðir í sambandi við rafmagnstæki til heimilisnota.

Orkurannsóknir.

Árið 1990 var ákveðið að halda áfram norræna orkurannsóknaverkefninu næstu fjögur árin, þ.e. til ársins 1994. Meginmarkmið verkefnisins er að byggja upp þekkingu og færni á sviði orkumála í háskólum í löndunum. Verkefnið nýtur fyrst og fremst styrkja beint frá Norðurlöndunum fimm og voru fjárveitingar í heild á árinu 1993 24 millj. n.kr. Viðamikið norrænt samstarf er unnið við verkefnið. Til marks um það er að um 60 rannsóknarmenn dveljast árlega í lengri eða skemmri tíma utan heimalands síns við nám og störf. Einnig eru haldin minni námskeið, málþing og ráðstefnur.

Ráðherranefndin beitti sér fyrir því að gerð var úttekt á árangri verkefnisins af sérstökum starfshópi. Umsögn hópsins var mjög jákvæð, og á grundvelli hennar hefur stjórn verkefnisins nú lagt drög að framhaldi sem ná skal til áranna 1995–1998.

Auk þeirra verkefna, sem lýst hefur verið hér að framan, hefur verið lokið við ýmis verkefni sem hafin voru á árinu 1993 og gefnar út lokaskýrslur um þau.

Nefndin hefur lagt fram svar við tveimur „tilmælum" (rekommendation) Norðurlandaráðs, nr. 9/1993, um framtíð Nordels, og nr. 35/1992, um samstarf á sviði umhverfis- og orkumála.

7.3. Norrænt samstarf um samgöngumál.

Eins og fram kemur í skýrslu samstarfsráðherra fyrir árið 1992 fer norrænt samstarf um samgöngumál fyrst og fremst fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NET), en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndunum ásamt aðstoðarfólki.

Norræn nefnd um samgöngurannsóknir (NKTF), sem er föst nefnd undir stjórn NET, hefur fengið til ráðstöfunar meginhluta þess fjármagns sem NET hefur yfir að ráða frá norrænu ráðherranefndinni. Nefndin hafði til ráðstöfunar 2,7 millj. d.kr. á árinu 1993.

Á árinu 1993 gerði NET tillögur til samgönguráðherra Norðurlandanna um verulegar breytingar á norrænu samstarfi á sviði samgöngumála.

Í fyrsta lagi að NKTF hætti starfsemi frá og með 1. janúar 1994.

Í öðru lagi var gerð sú tillaga að norræni samgöngusamningurinn frá árinu 1972 yrði felldur úr gildi.

Ráðherrarnir hafa samþykkt að NKTF hætti starfsemi frá áramótum 1993/1994. Á fundi í mars 1994 munu ráðherrarnir væntanlega taka til afgreiðslu tillögu NET varðandi uppsögn norræna samgöngusamningsins.

Undanfarin ár hefur ráðuneytið átt fulltrúa í sérstakri embættismannanefnd (EK-T) sem starfar að ferðamálum. Í tengslum við endurskoðun norræns samstarfs lagði aðalritari norrænu ráðherranefndarinnar til að EK-T yrði lagt niður 31. maí 1993 og að verkefni nefndarinnar yrðu flutt til norrænnar nefndar um iðnaðar- og orkumál þar sem þau ráðuneyti, sem fjalla um þessa málaflokka á Norðurlöndunum, nema á Íslandi og nýlega í Danmörku, hafa einnig með ferðamál að gera. Öll löndin hafa samþykkt þessa tilhögun mála.

7.4. Norrænt samstarf um húsnæðis- og byggingarmál 1993.

Embættismannanefndin um húsnæðis- og byggingarmál (ÄK-bygg) hefur starfað frá árinu 1972. Nefndin hefur á sínu verksviði samræmingu samstarfs Norðurlandanna um byggingarrannsóknir, samræmingu byggingarlaga og reglugerða, byggingarstaðla og gæðaeftirlits auk samstarfs á sviði stefnumótandi þátta húsnæðismálanna.

Í janúar héldu húsnæðisráðherrar Norðurlandanna fund í Ósló og staðfestu fjórar verkefnaáætlanir fyrir árið undir heitunum: „Hið byggða umhverfi", „Húsnæðispólitík", „Aðgerðir varðandi byggingarreglur og stöðlun" og „Verkáætlun fyrir aðgerðir í þágu baltnesku landanna". Á vegum embættismannanefndarinnar hafa verið ræddar nýjar áherslur í norrænu samstarfi á sviði húsnæðis- og byggingarmála.

Starfið samkvæmt samstarfsáætlun fyrir tímabilið 1992–1996, sem samþykkt var af ráðherrum á miðju ári 1992, er að taka á sig fast form. Stór framlög fóru til áframhaldandi starfs við að samræma norræna samstarfið á sviði stöðlunar vegna aðlögunar að Evrópustöðlum. INSTA B, sem miðar að samræmingu stöðlunar á vegum CEN, fékk 1.090.000 d.kr. af ráðstöfunarfé embættismannanefndarinnar. Samstarf um byggingarrannsóknir fer fram á vegum samstarfsnefndar norrænna byggingarrannsóknastofnana (NBS). Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er aðili að þessari nefnd og hefur haft umsjón með starfi samstarfsnefndarinnar tímabilið 1990–1993. Norræna nefndin um byggingarlög og reglur (NKB) er stofnun sem annast um samræmingu á lögum og reglum um byggingar og umhverfi þeirra. Skipulag ríkisins er aðili að þessari nefnd. Undirnefnd stofnunarinnar vinnur að samræmingu á reglum um gæðaeftirlit og byggingarstaðla. Norrænu húsnæðisráðuneytin og stjórnsýslustofnanir húsnæðismála vinna saman að rannsóknarverkefnum er lúta að stefnumótandi þáttum húsnæðismálanna.

Embættismannanefndin hefur tekið þátt í og styrkt fjölmörg rannsóknarverkefni, útgáfur skýrslna og ráðstefnur á vegum ofannefndra aðila. Á árinu var byrjað á tveimur nýjum samstarfsverkefnum á vegum húsnæðisstofnana og ráðuneyta á Norðurlöndunum: „Sértækar aðgerðir í húsnæðismálum — hlutverk félagslegra leiguíbúða“ og „Skipting áhættu og greiðsluerfiðleikar vegna húsnæðislána“.

Á árinu var fram haldið samstarfi við baltnesku löndin. Á vegum embættismannanefndarinnar hefur verið sett á laggirnar verkefni sem snýr að einkavæðingu sem nú er unnið að í húsnæðismálum í þessum löndum. Einnig hefur verið haldið áfram fræðslu og ráðgjafarstarfsemi. Í því skyni var haldið námskeið í Ríga fyrir öll baltnesku löndin undir heitinu „Stjórnun og viðhald húsnæðisstofnsins“.

Starf embættismannanefndarinnar einkenndist nokkuð af óvissu um framtíð samstarfsins í kjölfar þeirra breytinga á norrænu samstarfi sem ákveðnar hafa verið í samræmi við tillögur forsætisráðherranna. Samstarf á sviði húsnæðis- og byggingarmála er ekki eitt af forgangsviðfangsefnum norræns samstarfs samkvæmt fyrrgreindum breytingum. Á haustmánuðum varð ljóst að engin áform væru þrátt fyrir þetta um að hætta þessu samstarfi og hefur embættismannanefndinni verið veitt fjármagn til áframhaldandi starfs.

7.5. Vestur-Norðurlönd í norrænni samvinnu.

7.5.1. Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda.

Vestur-Norðurlönd eru eitt þeirra tíu samstarfssvæða sem heyra undir embættismannanefndina um byggðamál (NERP). Sérstaða samstarfs á þessu svæði felst m.a. í því að Ísland, Grænland og Færeyjar eiga ekki eiginleg landamæri saman, fjarlægðir eru miklar og staðhættir mjög misjafnir innan svæðisins. Starfsemi samstarfsnefndar Vestur-Norðurlanda er m.a. af þessum sökum ólík þeirri sem fram fer á hinum samstarfssvæðunum, en hún hefur í miklum mæli snúist um atvinnuþróunarstarf og samvinnu í atvinnumálum fremur en til að mynda samstarf í menningar- eða félagsmálum. Starfsemin á öðrum svæðum hefur beinst að því að ryðja burt þeim hindrunum sem landamæri eru, en af augljósum ástæðum hefur það ekki verið raunhæft markmið innan útnorðursvæðisins nema í takmörkuðum skilningi.

Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda var sett á stofn árið 1980. Nefndin er skipuð sex nefndarmönnum, tveimur frá hverju landi. Fyrir nefndina starfa sérstakur ráðgjafi í Færeyjum, ritari í hálfri stöðu á skrifstofu nefndarinnar í Færeyjum, auk starfsmanns á Grænlandi sem er þar í hálfu starfi fyrir samstarfsnefndina og hálfu fyrir Lánasjóð Vestur-Norðurlanda. Nefndin fundar að jafnaði tvisvar á ári.

Fyrstu árin, sem nefndin starfaði, hafði hún takmarkað fé til umráða, en nokkuð rættist úr með samþykkt framkvæmdaáætlunar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um eflingu norræns samstarfs. Árið 1993 hafði nefndin 3,5 millj. d.kr. til ráðstöfunar sem var lítils háttar hækkun frá fyrra ári. Langstærstur hluti þess fjár, sem nefndin hefur til umráða, er veittur til einstakra verkefna á grundvelli umsókna. Umtalsverð fjölgun umsókna síðustu ár hefur gert nefndinni kleift að gera auknar kröfur til verkefna.

Á síðustu tveimur árum hefur verið unnið að ýmsum breytingum á starfsháttum nefndarinnar. Nefndin hefur samið drög að samþykktum fyrir starfsemi sína og verða þau afgreidd af NERP í mars n.k. Í þeim er m.a. kveðið á um fjárhag og gerð ársskýrslu, markmið og verkefni, afgreiðslu umsókna, skilyrði fyrir styrkveitingum, eftirlit með verkefnum og skyldur styrkþega. Gerð er krafa um að verkefni, sem nefndin styrkir, feli í sér beint samstarf tveggja eða fleiri aðila í a.m.k. tveimur landanna eða að verkefni hafi ótvírætt gildi fyrir a.m.k. tvö þeirra. Þær umsóknir, sem fela í sér þróun og nýsköpun í atvinnumálum og hvetja til þess að samstarf sé tekið upp á nýjum sviðum, njóta nokkurs forgangs umfram aðrar umsóknir. Í því sambandi má benda á að nefndin áformar að beita sér fyrir því að koma á og styrkja samstarf rannsóknastofnana á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu í löndunum þremur. Þá er lögð þung áhersla á að niðurstöðum verkefna og þeim lærdómi, sem af þeim má draga, sé miðlað á milli landanna. Ekki er leyfilegt að veita styrki til einstakra verkefna lengur en til þriggja ára og skal nefndin að jafnaði ekki veita hærri styrki en sem nema helmingi útgjalda. Hér á landi hefur sú nýbreytni verið tekin upp að Byggðastofnun veitir umsögn um einstakar umsóknir íslenskra aðila áður en lagt er til við hina færeysku og grænlensku fulltrúa að nefndin styrki verkefnin. Meðal stærstu verkefna, sem nefndin ákvað að styrkja á árinu 1993, má nefna rannsóknir Hafrannsóknastofnunar og systurstofnunar í Færeyjum á sameiginlegum fiskstofnum, en rannsóknir hafa farið fram á karfastofninum og nú er unnið að því að kortleggja dreifingu ufsastofnsins; enn fremur ýmis verkefni á vegum vestnorræna ferðamálaráðsins sem ferðamálaráð landanna þriggja standa saman að.

Á sl. ári barst nefndinni fyrirspurn landssamtaka sveitarfélaga í Norður-Noregi (Landdelsutvalget for Nord-Norge) um starfsemi nefndarinnar og lýstu þau áhuga sínum á þátttöku í störfum hennar. Lýsti nefndin yfir jákvæðri afstöðu sinni til þess, en samkvæmt samþykktum nefndarinnar, sem bíða staðfestingar, er nefndinni heimilt að veita fulltrúum annarra svæða áheyrnarrétt á fundum sínum (observatør-status). Er þess að vænta að komið verði á föstum tengslum við landshlutasamtökin og að athugað verði hvort mögulegt sé að efna til verkefna með þátttöku Norðmanna, enda ljóst að atvinnu- og staðhættir í Norður-Noregi eru um margt áþekkir því sem gerist á hinum vestlægu Norðurlöndum.

Fulltrúar Íslands í nefndinni síðan 1991 eru Guðmundur Árnason, deildarstjóri í forsætisráðuneyti, og Sturlaugur Þorsteinsson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði.

7.5.2. Ferðamálaráð Vestur-Norðurlanda.
Vestnorræna ferðakaupstefnan.

Kostir þess að Íslendingar, Grænlendingar og Færeyingar hafi með sér náið samstarf í atvinnumálum eru e.t.v. hvergi eins augljósir og á sviði ferðamála þar sem segja má að ávinningur eins lands sé jafnframt ávinningur hinna. Meginmarkmið ferðamálaráðs Vestur-Norðurlanda er að vinna að fjölgun ferðamanna til aðildarlandanna og jafnframt að efla samskipti og ferðalög á milli landanna innbyrðis.

Meðal verkefna, sem ferðamálaráðið hefur beitt sér fyrir, er vestnorræn ferðakaupstefna þar sem starfandi aðilar í ferðaþjónustu frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum kynna erlendum ferðaskrifstofum þá þjónustu og möguleika sem ferðamönnum standa til boða í löndunum þremur. Er það samdóma álit þeirra sem til þekkja að hér sé um afar mikilsvert framtak að ræða og að árangurinn undirstriki þann ávinning sem hlotist getur af nánu samstarfi landanna á þessu sviði. Ferðakaupstefnurnar nýtast ekki hvað síst smærri þjónustuaðilum sem hafa takmarkað bolmagn til að ráðast í kostnaðarsama kynningar- og markaðsstarfsemi. Þessar ferðakaupstefnur eru haldnar árlega, á Íslandi annað hvert ár og hin árin til skiptis í Færeyjum og á Grænlandi. Góð aðsókn var að síðustu kaupstefnu sem haldin var í Syðri-Straumfirði á Grænlandi í september sl. og þótti hún heppnast mjög vel. Næsta kaupstefna verður haldin á Íslandi í september 1994.

Sameiginleg markaðssókn og markaðskönnun.

Ferðamálaráð Vestur-Norðurlanda tók í mars 1993 þátt í stórri ferðakaupstefnu sem sérhæfir sig í ferðamennsku með skemmtiferðaskipum. Er hér um að ræða markaðsátak sem vel þykir henta þessu samstarfi þar sem fyrst og fremst eru kynntar norðlægar slóðir og vakin athygli á viðkomu skemmtiferðaskipa í viðkomandi löndum. Stefnt er að þátttöku árið 1994. Gefinn verður út kynningarbæklingur með upplýsingum um helstu viðkomustaði fyrir skemmtiferðaskip í löndunum þremur og þá þjónustu sem veitt er á hverjum stað.

Ferðamálaráðið hefur unnið að þessu markaðsátaki í náinni samvinnu við hafnarstjórnir Reykjavíkur og Akureyrar sem jafnframt eru aðilar að samstarfsverkefni fjölda hafna í Evrópu undur heitinu „Cruise Europe".

Ferðamálaráðið tók þátt í markaðskönnun meðal farþega nokkurra skemmtiferðaskipa sem komu til Reykjavíkur síðasta sumar. Könnunin var unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir ferðamálaráðið, Reykjavíkurhöfn og Reykjavíkurborg.

Meðal annarra verkefna sem ráðið hefur staðið fyrir má nefna útgáfu kynningarbæklings um löndin þrjú á fimm tungumálum sem dreift hefur verið víða um heim. Verið er að vinna að gerð myndbanda um löndin þrjú, sérkenni þeirra og það sem aðgreinir þau.

Þá má einnig nefna heimsóknir blaðamanna og stuðning við ferðalög námsmanna milli landanna.

Í ferðamálaráði Vestur-Norðurlanda eiga sæti þrír fulltrúar frá hverju aðildarlandi. Fulltrúar Íslands árið 1993 eru Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri sem er formaður ráðsins, Pétur J. Eiríksson, markaðsstjóri Flugleiða, og Kristín Halldórsdóttir, fyrrverandi formaður ferðamálaráðs Íslands. Í byrjun árs 1992 var Inga Sólnes ráðin verkefnisstjóri ráðsins til tveggja ára. Samningur hennar hefur nú verið framlengdur til 31. desember 1995.

7.6. Landbúnaður og skógrækt.

Þróunin á Norðurlöndum.

Þróun landbúnaðarmála á Norðurlöndum ber skýr merki aðlögunar að alþjóðlegum aðstæðum og áhrifa umhverfissjónarmiða á stefnu í landbúnaði. Erfiðleikar urðu í GATT-viðræðunum á árinu, einkum vegna ágreinings um þýðingu „Blair-House"-samningsins sem skyldar Evrópubandalagið til að draga úr stuðningi við landbúnað. Lokadagur GATT-viðræðnanna var ákveðinn 15. desember 1993, og jákvæð niðurstaða þeirra leiðir til frjálsari viðskipta með landbúnaðarafurðir og að dregið verði úr útgjöldum til landbúnaðarmála.

Finnar, Norðmenn og Svíar standa í viðræðum um aðild að Evrópubandalaginu. Aðild landanna hefði í för með sér að stefna sambandsins yrði einnig stefna þeirra í landbúnaðarmálum og útfærsla þess er meðal viðfangsefna í viðræðunum. Gildistaka EES-samningsins hefur í för með sér að EFTA-löndin, sem aðild eiga að honum, munu taka upp reglur Evrópubandalagsins um plöntuheilbrigði, heilbrigði búsmala, fræ- og plöntuhluta og hollustu fóðurs. Gagnkvæmir samningar, sem náðust milli Evrópubandalagsins og EFTA-landanna um landbúnaðarmál samhliða EES-viðræðunum, tóku gildi frá 15. apríl 1993 að telja.

Samstarfsáætlun um landbúnaðarmál.

Unnið er samkvæmt áætlun til tíu ára sem samþykkt var árið 1985 á 33. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík. NEJS (Nordisk embetsmannskomité for jord- og skogbruksspørsmål) vinnur að framgangi þeirrar áætlunar auk annarra verkefna sem upp koma hverju sinni. Verkefnin eru flest á sviði landbúnaðar og skógræktar en einnig er tekist á við ýmis verkefni í samstarfi við aðra aðila innan Norðurlandasamstarfsins og þá einkum þau sem skarast við ofangreindan málaflokk. Stofnað hefur verið til sérstaks samstarfs við embættismannanefnd um umhverfismál, og einnig ýmis málefni tengd iðnaði, manneldismálum, rannsókna- og þróunarstarfi og byggðamálum.

Framgangur áætlunarinnar var metinn og á grundvelli endurmatsins var gerð ný áætlun fyrir síðari hluta tímabilsins, þ.e. árin 1990–1995. Í þessari nýju áætlun hefur verið lögð aukin áhersla á nokkur ný svið og þá einkum ýmsa þætti umhverfismála og erlend samskipti í tengslum við þau.

Forgangsverkefni þessa tímabils eru:

— Umhverfismál í landbúnaði.
— Norðlæg svæði Norðurlanda.
— Erfðaefni og erfðabreytileiki.
— Samræming og aðlögun að reglugerðum EB.
— Rannsóknasamstarf og framhaldsmenntun.

Íslendingar taka virkan þátt í flestum verksviðum starfsáætlunarinnar um landbúnaðarmál og eru þessi helst:

— Samræming á sviði stefnumörkunar í landbúnaði (NKJS).
— Norræni genbankinn fyrir nytjaplöntur (NGB).
— Norræni genbankinn fyrir búfé (NGH).
— Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ).
— Norræna bútækniráðið (NTS).
— Samstarf um plöntusjúkdóma og samræmdar reglur um innflutning.
— Samstarf á sviði aðfangaeftirlits.
— Samstarfsnefnd um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS).

Íslenskir skógræktarmenn taka virkan þátt í mörgum undirhópum SNS og Rannsóknastöðin á Mógilsá er beinn þátttakandi í þremur verkefnum sem eru í gangi og eru fjármögnuð að hluta til úr norrænum sjóðum.

Á árinu 1993 var unnið sérstaklega að endurskoðun á skipulagi samstarfs Norðurlandanna á sviði hagnýtrar erfðafræði plantna í þágu landbúnaðar og garðyrkju. Í framhaldi af því voru sameinaðar í eina stofnun NGB og SNP (Norrænar plöntukynbætur) og ber hin nýja stofnun nafnið NGB. Dr. Sigfús Bjarnason veitir þessari stofnun forstöðu og er henni ætlað mikið hlutverk í framtíðinni, ekki hvað síst í tengslum við aukið vægi umhverfismála, varðveislu erfðabreytileika í framhaldi af Ríó-ráðstefnunni og norrænt sam-

starf á sviði þróunaraðstoðar. NGB samræmir og styður margvísleg verkefni sem sum hver hafa haft mikla þýðingu hér á landi. Framkvæmdastjóri fyrir NGH er dr. Stefán Aðalsteinsson og hefur vægi þeirrar stofnunar innan norrænu ráðherranefndarinnar einnig aukist verulega á síðasta ári af sömu ástæðum og nefndar eru fyrir NGB. Á árinu var unnið að ýmsum skipulagsbreytingum sem koma í kjölfar breyttra starfshátta og breytts vægis málaflokka innan ráðherranefndarinnar í framhaldi af samþykkt síðasta þings Norðurlandaráðs.

7.7. Norrænt samstarf í líftækni.

7.7.1. Samstarfsnefnd um líftækni (NKB).

Norrænu líftækniáætluninni, sem hófst 1988, lauk formlega í árslok 1992. Einstakar undiráætlanir stóðu þó mislengi og þeim síðustu lýkur í byrjun árs 1994.

Stjórn norrænu líftækniáætlunarinnar (NPB) var því lögð niður en í staðinn var sett á laggirnar norræn samstarfsnefnd um líftækni (Nordisk Koordineringskommitté för Bioteknologi — NKB) og hófst starfsemi hennar 1. janúar 1993. Fulltrúi Íslands í NKB er dr. Jakob K. Kristjánsson hjá Iðntæknistofnun. NKB hefur haft u.þ.b. 3 millj. d.kr. til ráðstöfunar á ári. Nefndin hélt þrjá fundi á árinu 1993 og tóku fulltrúar frá Norræna iðnaðarsjóðnum (NI) og norrænu landbúnaðar- og skógnytjanefndinni (NÄJS) þátt í fundum NKB til þess að tryggja upplýsingaflæði að og frá nefndinni. NKB er uppálagt að fjármagna starfsemi norrænnar nefndar sem fjallar um siðfræðileg atriði líftækni. NKB ákvað síðan að setja á fót tvö samstarfsverkefni sem tengdust vandamálum við losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið. Þessi verkefni (netverk) fjalla annars vegar um losun, lífslíkur og losun erfðaefnis frá erfðabreyttum örverum í umhverfinu og hins vegar um notkun *Basillus turingensis* sem „náttúrulegs" skordýraeiturs. Þessu til viðbótar ákvað NKB að styrkja áfram framhald á verkefninu HUGO sem fjallar um erfðamengi mannsins („The Nordic Genome Initiative") og verkefni um mótefnafræði fiska (fiskeimmunologi). NKB hefur fjármagn til þess að efna til eins verkefnis enn til tveggja ára og verður tekin ákvörðun um það á næsta fundi nefndarinnar sem fyrirhugaður er á Íslandi í lok maí 1994.

Framhald á norrænu samstarfi í líftækni.

Megnið af því fjármagni sem fór til norrænu líftækniáætlunarinnar á sínum tíma fór í gegnum Norræna iðnaðarsjóðinn. Norræna líftækniáætlunin skipti verulegu máli fyrir rannsóknir á þessu sviði á Íslandi og er áætlað að tekist hafi að afla milli 20 og 30 millj. kr. árlega a.m.k. frá 1990 til 1993 til íslenskra líftæknirannsókna af verkefnafé norrænu líftækniáætlunarinnar. Áherslusvið Norræna iðnaðarsjóðsins hafa nú gjörbreyst auk þess sem fé til hans hefur verið skorið niður.

Íslenskir vísindamenn í líftækni hafa ekki getað bætt sér upp innan lands það fjármagn sem þeir urðu af þegar norrænu líftækniáætluninni lauk. Það kom sér einmitt sérstaklega illa þegar frestun varð á gildistöku EES-samningsins, en margir höfðu annars séð sér færi á að leita fanga í evrópskum samstarfsverkefnum og fjármagna þau með styrkjum úr sjóðum EB.

Áherslusvið Norræna iðnaðarsjóðsins eru nú fjögur, matvælaiðnaður, efnistækni, pappírsiðnaður og tréiðnaður. Ekkert þessara sviða gefur virkilega góða möguleika fyrir líftækniverkefni enda hefur það komið á daginn að hlutur Íslands í flestum þessum nýju áætlunum NI er mjög rýr. Eina áætlunin, þar sem Íslendingar eru með í einhverjum mæli, er matvælaiðnaðaráætlunin þar sem þeir náðu mjög góðum árangri í fyrsta hluta úthlutunarinnar, en líftækniverkefni þar eru hins vegar mjög fá og smá. Eitt lítið líftækniverkefni er þó með í norrænu pappírsiðnaðaráætluninni. Þau sambönd, sem byggð voru upp við norræna samstarfsmenn á meðan á norrænu líftækniáætluninni stóð, hafa þó haldist áfram. Sum þeirra hafa einmitt orðið að eins konar inngangi að EB-verkefnum.

7.7.2. Siðfræðilegar hliðar líftækni.

Framfarir í gentækni og líftækni almennt verða nú æ örari og stórstígari og bera fréttir í fjölmiðlum hérlendis á síðustu mánuðum glöggt vitni um það. Má þar nefna umræðu um erfðafræðilega fjölföldun eða „klónun" einstaklinga, um erfðakort mannsins, svokölluð „krabbameinsgen" og gervifrjóvgun er gerir eldri konum fært að eignast börn. Þá voru Nóbelsverðlaunin 1993 í lífeðlis- eða læknisfræði veitt fyrir uppgötvanir á þessu sviði. Hér höfum við greinileg teikn um það að þessi tækni getur komið til með að gerbylta starfsemi á mörgum sviðum í framtíðinni.

Samkvæmt ákvörðun norrænu ráðherranefndarinnar 16. september 1992 var endurskipað í nefnd til að fjalla um siðfræðilegar hliðar líftækni sem skyldi starfa í þrjú ár, frá og með 1. janúar 1993. Siðfræðinefnd hafði áður starfað frá 1988 til ársloka 1992 sem ein af nefndum líftækniáætlunar ráðherranefndarinnar, og var fjallað um störf þeirrar nefndar í heftinu *Bioteknologisk samarbeidsprogram 1988–92 — sluttrapport* sem kom út 1993 (Nordiske seminar og arbejdsrapporter 1993:535).

Fulltrúar Íslands í nefndinni eru nú dr. Erlendur Jónsson heimspekingur og dr. Jórunn Erla Eyfjörð erfðafræðingur.

Á árinu 1993 hélt nefndin fjóra fundi, í Kaupmannahöfn, Helsingfors, Ósló og Stokkhólmi. Á fundinn í Kaupmannahöfn kom prófessor Steen Struwe og fræddi nefndarmenn um samnorræna rannsóknaráætlun um umhverfishættu vegna erfðabreyttra lífvera.

Í ársbyrjun 1993 kom út bæklingurinn *Patent på liv?* er fjallar um siðfræðivanda í tengslum við einkaleyfi á líftæknilegum uppgötvunum. Í þessu riti birtust erindi, flutt á ráðstefnu í Lundi 28.–29. apríl 1992.

Haldin var fjölmenn málstofa á vegum nefndarinnar á Hanaholmen, Esbo, í Finnlandi dagana 22.–23. apríl undir yfirskriftinni „Notkun erfðabreyttra lífvera" með þátttöku vísindamanna, stjórnmálamanna og starfsmanna stjórnsýslu frá öllum Norðurlöndunum. Í lok málstofunnar var haldinn blaðamannafundur. Íslenskir þátttakendur í málstofunni voru, auk fulltrúa Íslands í nefndinni, Aðalheiður Jóhannsdóttir, lögfræðingur frá umhverfisráðuneytinu, sem hélt erindi um íslenskar réttarreglur um not á erfðabreyttum lífverum, og dr. Snorri Baldursson, sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Flutt voru erindi um það hvaða siða- og réttarreglur um erfðabreyttar lífverur gildi innan Evrópubandalagsins (Jan Vater frá danska umhverfisráðuneytinu í Kaupmannahöfn) annars vegar og á Norðurlöndum hins vegar (Madeleine Holst frá Svíþjóð, Hans Erik Svart frá Danmörku, Ritta Rönn frá Finnlandi, Wenche Blix Gundersen frá Noregi, auk Aðalheiðar Jóhannsdóttur). Sigrid Andersen frá Kaupmannahafnarháskóla ræddi um samnorræna rannsóknaráætlun um hættu á umhverfisspjöllum vegna erfðabreyttra lífvera og um ónæmi gegn fúkkalyfjum og þýðingu þess fyrir notkun á erfðabreyttum lífverum. Göran Hermerén, formaður nefndarinnar, prófessor í Lundi, fjallaði um hugsanlegan mun á gild-

ismati því er liggur að baki siða- og réttarreglna um þessi mál milli Norðurlandanna innbyrðis annars vegar og milli þeirra og Evrópubandalagsins hins vegar. Þeir dr. Peter Sandöe, formaður Dýraverndarráðs danska ríkisins (Det Dyreetiske Råd), og dr. Matthias Kaiser frá Óslóarháskóla töluðu um heimspekilegar hliðar á notkun erfðabreyttra lífvera. Erindi málstofunnar voru gefin út af norrænu ráðherranefndinni í september 1993 undir heitinu *Erfðabreyttar lífverur — siðfræðileg og lögfræðileg umræða á Norðurlöndum*. Sem viðauki við þetta rit birtast tveir siðareglubálkar Evrópubandalagsins um not á erfðabreyttum lífverum (nr. 90/219 og 90/220).

Nefndarmenn hafa enn fremur fengið það verkefni að semja yfirlit yfir umræður um siðfræðilegan vanda tengdan líftækni á árinu 1993 í sínu heimalandi.

Næsta höfuðverkefni nefndarinnar er að skipuleggja málstofu, sem haldin verður í apríl nk. í Ósló, um siðfræðilegar hliðar á forsögnum um sjúkdóma sem reistar eru á gentæknilegum rannsóknum. Á þessa málstofu verður boðið a.m.k. tveimur sérfræðingum frá Íslandi.

7.8. Norrænt samstarf um upplýsingavinnslu.

Nefnd um upplýsingavinnslu var skipuð samkvæmt bréfi norrænu ráðherranefndarinnar, dags. 30. september 1991, í framhaldi af tillögum fyrri samráðsnefndar er í daglegu tali var kölluð KO-data. Tillögurnar er að finna í skýrslunni „Framtidiga datapolitiska satsningsområder innen Nordisk ministerråd" sem dagsett er í maí 1991. Í skýrslum samstarfsráðherra fyrir árin 1991 og 1992 er greint ítarlega frá aðdraganda og upphafi starfseminnar. Verður það ekki rakið hér.

Af hálfu Íslendinga situr Jóhann Gunnarsson, deildarstjóri tölvumála í fjármálaráðuneyti, Hagsýslu ríkisins, í nefndinni.

Á fyrsta fundi ársins 1993, 21. janúar, var rætt um stöðu nefndarinnar í ljósi breyttra áherslna í norrænni samvinnu, sbr. samþykkt forsætis- og samstarfsráðherranna í Árósum 11. nóvember 1992, athugasemdir, dags. 14. desember 1992, frá Pär Stenbäck framkvæmdastjóra, „Politisk uppföljning av statsministerrapporten" og athugasemdir, dags. 1. desember 1992, frá skrifstofu framkvæmdastjórans, „Förslag til fördelning av samarbetsområden under de sju satsningsområdena".

Nefndin túlkar þessi gögn svo að áhersla hafi minnkað á upplýsingatækni sem sjálfstætt umfjöllunarefni í norrænni samvinnu. Að minnsta kosti í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er í vaxandi mæli litið á upplýsingatækni sem hjálpartæki fyrir aðrar greinar opinberrar stjórnsýslu og ábyrgð á þróun og framförum því færð yfir á þær.

Formaður nefndarinnar, Eivind Jahren, ritaði því ráðherranefndinni bréf, dags. 2. febrúar 1993, þar sem lagt var til að starfstímabil hennar yrði stytt um eitt ár og að áætluð fjárveiting til hennar 1994 að upphæð 1,5 millj. d.kr. ekki veitt. Þó megi nefndin árið 1994 ráðstafa því fé af fjárveitingu 1993 sem óráðstafað verði. Ráðherranefndin samþykkti þessa tillögu.

EB-tengiliður.

Svo sem getið var í skýrslu síðasta árs var Emil Bundesen, sérfræðingur í danska fjármálaráðuneytinu, ráðinn í hálft starf sem EB-tengiliður á vegum nefndarinnar með það forgangsverkefni að velja úr gögnum bandalagsins og senda tengiliðum í hverju landi valdar upplýsingar um málefni tengd upplýsingatækni í opinberri stjórnsýslu. Þessu verkefni gat hann ekki sinnt nema fram á mitt ár 1993, og var ekki fundinn annar maður í hans stað. Nefndir munu skiptast á upplýsingum um EB-málefni á þeim fundum sem eftir eru.

Upplýsingatækni og opinber stjórnsýsla.

Lögð var fram skýrsla um ráðstefnu, er nefndin styrkti, um efnið „Electronic document and EDI in the public administration of Nordic countries" er haldin var í Helsingfors haustið 1992.

Nefndin veitti styrk til undirbúnings ráðstefnu um upplýsinganet fyrir almenning, „medborgarnät". Atli Arason, viðskiptafræðingur hjá Skýrr, sótti hana og flutti erindi um stöðu mála hér á landi.

Stöðlun.

Ákveðið var að styrkja verkefni samkvæmt tillögu frá Svíþjóð um að þróa og laga sænskan staðal um stafrófsröðun, TN34:1, að aðstæðum á Norðurlöndum og í Evrópu með tilliti til víðtækrar notkunar hans.

Öryggi gagna.

Unnið var með fjárveitingu frá nefndinni að könnun á stöðu öryggismála varðandi upplýsingar og upplýsingatækni hjá opinberum stofnunum á Norðurlöndum. Ákveðið var af hálfu Íslendinga að taka ekki beinan þátt í könnuninni. Þó er búist við að niðurstöður hennar geti komið að gagni hér. Skýrsla liggur fyrir í drögum til gagnrýni. Nefndin hyggst taka til meðferðar hugsanlegar framhaldsaðgerðir þegar henni verður skilað í endanlegu formi.

Lokaorð.

Nefndin hefur til ráðstöfunar um 1 millj. d.kr. á árinu 1994. Formlega mun hún verða lögð niður 1. júlí næstkomandi. Tillögur liggja fyrir um nokkur verkefni, og verða þær afgreiddar á fundi í febrúar 1994.

8. Norrænt samstarf um sjávarútvegsmál.

Almenn atriði.

Í ársbyrjun 1993 féll verð á sjávarafurðum, m.a. vegna almenns samdráttar á heimsmarkaði og vegna lækkandi verðlags á samkeppnisvörum. Að auki drógust fiskveiðiheimildir landanna saman á árinu nema í Noregi.

Evrópubandalagið, sem er mikilvægasti markaður norrænna sjávarafurða, hefur sett lágmarksverð á innfluttan fisk til þess að sporna við lækkandi skiptaverði til sjómanna. Einnig hefur eftirlit með fiskinnflutningi og löndunum skipa frá ríkjum utan sambandsins verið hert. Alvarlegustu áhrifin af þessari óhagstæðu þróun hafa orðið í Færeyjum, en til viðbótar verðlækkunum hefur afli þeirra minnkað um 30 af hundraði frá árinu 1990.

Grænlendingar hafa haldið óbreyttum heimildum til rækjuveiða, en þær afla þjóðinni mestra útflutningstekna. Í því skyni að bæta afkomu útgerðarfyrirtækja á tímum lækkandi verðs á rækju hafa Grænlendingar fækkað úthafsrækjutogurum úr 55 í 33.

Landanir rússneskra fiskiskipa hafa haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á sjávarútveg í Noregi. Jákvæðu áhrifin eru aukin umsvif á vinnumarkaði en neikvæðu áhrifin að aukið framboð á afla hefur leitt til þrýstings til lækkunar á markaði, svo og til óróa í röðum norskra sjómanna.

Athygli vöktu aðgerðir danskra sjómanna gegn innflutningi frá Noregi og flutningum á norskum afla um Danmörku, ásamt deilum Norðmanna og Íslendinga um þorskveiðar íslenskra fiskiskipa í Smugunni í Barentshafi.

Umsóknir Finna, Norðmanna og Svía að Evrópubandalaginu og afstaða þeirra til sjávarútvegsmála í aðildarviðræðum hafa verið helsta tilefni viðræðna milli talsmanna sjávarútvegs og stjórnvalda.

Ákvörðun Norðmanna um að hefja hvalveiðar að nýju hefur verið umræðuefni á vettvangi Norðurlandasamstarfsins.

Norðurlandasamstarf á sviði sjávarútvegsmála hefur í vaxandi mæli varðað áhrif Evrópubandalagsins á stefnu Norðurlandanna í þessum málaflokki sem ljóslega hefur komið fram bæði í verkefnavali og á málþingum.

Ráðstöfunarfé sjávarútvegsráðherranna til verkefna hefur verið notað í samræmi við áherslur í samstarfsáætlun frá 1992 að viðbættu samstarfi við lönd við Eystrasalt og málefni varðandi Evrópubandalagið.

Eitt af sjö áherslusviðum í norrænu samstarfi.

Á árinu 1993 var norræna samstarfinu á sjávarútvegssviðinu hagað samkvæmt sérstakri starfsáætlun, en grundvöllur hennar er samstarfsáætlun um sjávarútvegsmál fyrir árin 1993–1996 sem sjávarútvegsráðherrar Norðurlandanna samþykktu í mars 1992. Á árinu 1993 var höfuðáhersla lögð á eftirtalin svið:

— Stefnumörkun í sjávarútvegsmálum og sjávarútvegsstefnu EB.
— Samstarf hagsmunasamtaka í sjávarútvegi með sérstakri áherslu á umhverfismál.
— Tengsl við Austur-Evrópu.
— Skynsamleg nýting auðlinda hafsins.
— Kjörhæfni veiðarfæra og aðrar tæknilegar aðferðir til verndunar fiskstofna.
— Hafbeit og fiskeldi.
— Framleiðsla sjávarafurða, gæðamál og markaðsmál.

Á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar hefur sú ákvörðun forsætisráðherranna að gera sjávarútvegsmál eitt sjö áherslusviða við endurskoðun á samstarfinu leitt til þess að unnt er að fylgja samstarfsáætluninni frá 1992 samkvæmt því sem gert hafði verið ráð fyrir.

Styrkir til ýmissa verkefna.

Á árinu 1993 var rúmum 9 millj. d.kr. ráðstafað til að styrkja ýmis verkefni á sviði sjávarútvegsins. Stærstum hluta þessara fjármuna var ráðstafað til ýmissa rannsóknarverkefna í samræmi við þær áherslur sem voru í starfsáætluninni. Auk þess var hluta fjármunanna varið til ráðstefnuhalds um ýmis samstarfsverkefni og til funda sem haldnir voru m.a. til að kanna möguleika á því að samræma stefnu Norðurlandanna út á við í tilteknum málum. Sem dæmi má nefna fund sem haldinn var fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um veiðar á úthafinu þar sem skipst var á skoðunum um efni ráðstefnunnar. Enn

fremur var haldinn fundur um nýtingu sjávarspendýra. Einnig voru haldnir fundir um fyrirkomulag veiðieftirlits á Norðurlöndunum og hagnýtingu nýjustu tækni til að senda upplýsingar frá skipum til lands og hvernig það, ásamt bættum upplýsingaskiptum milli landanna, gæti nýst í eftirliti.

Norrænt samstarf á sviði sjávarútvegsmála.

Af hálfu Íslands hefur verið lögð áhersla á samstarf á þeim sviðum sjávarútvegsmálanna sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Má þar nefna heilbrigðiskröfur EB til sjávarafurða og innra eftirlit með framleiðslu þeirra, sem og landamæraeftirlit við innflutning sjávarafurða til EB. Einnig var haldinn fundur um rannsóknasjóði EB og kannaðir möguleikar á samstarfi Norðurlandanna til að hafa áhrif á þá þætti sem áhersla verður lögð á í framtíðinni í rannsóknum á sjávarútvegssviðinu, en eins og kunnugt er fá EFTA ríkin aðgang að þessum sjóðum eftir að EES-samningurinn kemur til framkvæmda.

Styrkveitingar frá norrænu ráðherranefndinni.

Íslenskir vísindamenn og stofnanir áttu hlut að máli í mörgum þeirra verkefna sem voru styrkt af norrænu ráðherranefndinni á árinu 1993. Meðal verkefna, sem voru undir forustu Íslendinga, má nefna:

— verkun kryddsíldar,
— rannsóknir á stofnum löngu, keilu og blálöngu í Norðaustur-Atlantshafi,
— kynbætur á hafbeitarlaxi og
— verkefni sem einnig var styrkt af ráðherranefndinni um umhverfismál og fjallar um botndýralíf við Ísland (BIOICE).

Þá var tekið upp samstarf við ráðherranefndina um umhverfismál og voru bæði haldnir fundir ráðherra sem og embættismanna.

Norræna fiskimálaráðstefnan í Karlstad.

Á árinu var 23. norræna fiskimálaráðstefnan haldin í Karlstad í Svíþjóð, en ráðstefna sem þessi er haldin þriðja hvert ár. Á ráðstefnunni var m.a. fjallað um fyrirkomulag eftirlits með fiskveiðum og fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins. Enn fremur var fjallað um markaðsmál, lágmarksverð EB á fiski, sem og markað fyrir fisk á almennari grundvelli. Þá var norrænt verkefni um kjörhæfni veiðarfæra kynnt. Ráðstefnuna sóttu um það bil 250 manns. Meðal þeirra voru sjávarútvegsráðherrar Norðurlandanna, þingmenn, fulltrúar frá rannsóknastofnunum og hagsmunasamtökum í sjávarútveginum og fréttamenn. Frá Íslandi fóru 14 manns á ráðstefnuna.

9. Lagaleg atriði.

9.1. Samvinna um setningu laga.

Á árinu 1993 var norrænu samstarfi um setningu laga fram haldið með líkum hætti og verið hefur síðasta áratug. Samstarfsáætlun um lagasetningu frá 1988 hefur reynst hagnýtt verkfæri í vali milli verkefna.

Að tillögu laganefndar Norðurlandaráðs samþykktu dómsmálaráðherrarnir á árinu sérstaka verkefnaáætlun sem viðauka við samstarfsáætlun frá 1988. Verkefnaáætlunin nær til fimm ára og fjallar einkum um breytingar á hefðbundnu samstarfi að lagasetningu vegna áhrifa af breytingum á Evrópusamstarfinu.

Á þeim sviðum, sem EES-samningurinn nær til, munu verkefni einkum lúta að norrænu samstarfi við að taka upp og laga reglugerðir (tilskipanir) Evrópubandalagsins að lögum og reglugerðum heima fyrir.

Að venju funduðu dómsmálaráðherrar og embættismannanefndin reglulega á árinu. Embættismenn ráðuneyta skiptust á upplýsingum og ræddu einstök mál sem varða setningu laga. Fulltrúar Norðurlanda hafa einnig unnið saman á alþjóðavettvangi, jafnt í samningaviðræðum um EES sem í víðara samhengi. Óformleg samskipti embættismanna hafa verið umfangsmikil og einkum haft þýðingu í daglegu starfi að setningu laga.

Eðlilega hefur mikið af samstarfinu varðað atriði sem tengjast EES-samningnum. Samningurinn hefur leitt af sér nánara samstarf á mörgum sviðum en einnig til þess að samstarfið nær til fleiri sviða nú en áður. Þannig hafa Norðurlöndin haft samvinnu um undirbúning að þeim lagabreytingum heima fyrir sem leiðir af EES-samningnum. Lögð hefur verið áhersla á að finna svipaðar lausnir þegar ákvæði EES-samningsins eru ekki einhlít og að innleiða dómsaðgerðir Evrópubandalagsins með svipuðum hætti. Miklu hefur þótt skipta að nýta reynslu Dana þegar upp hafa verið teknar dómsaðgerðir Evrópubandalagsins. Ráðherranefndin íhugar einnig hvernig samvinnu að lagasetningu verður háttað eftir gildistöku EES-samningsins.

Samhliða samvinnu á grundvelli EES-samningsins hafa Norðurlöndin haldið áfram og fjölgað sviðum í samstarfi að setningu laga, m.a. í refsirétti og í meðferð opinberra aðila.

Aðstoð við þróun og uppbyggingu réttarfarskerfis í Eystrasaltslöndum hefur notið forgangs á árinu. Aðstoðin, sem bæði er veitt af einstökum löndum og af ráðherranefndinni, felur í sér menntun og þjálfun lögfræðinga, rit um lögfræðileg efni, málþing og aðstoð við gerð laga í einstökum málaflokkum. Samstarf þetta byggist m.a. á tilmælum Norðurlandaráðs. Í tengslum við fund norrænu dómsmálaráðherranna í Marstrand sumarið 1993 var efnt til fyrsta sameiginlega fundar þeirra með starfsbræðrum frá Eystrasaltslöndum.

Norræna nefndin um rannsóknir á Evrópurétti, sem stofnuð var 1991, starfaði á árinu. Í nefndinni eru tíu meðlimir og unnið er að því að byggja upp gagnagrunn um lögfræðilegar og réttarfarslegar rannsóknir á Evrópubandalaginu sem stundaðar eru á Norðurlöndunum. Einnig hafa komist á tengsl við rannsóknastofnanir á sviði lögfræði utan Norðurlandanna. Stofnun, sem nefndin rekur, verður flutt frá Noregi til Danmerkur árið 1994.

Ráðstöfunarfé embættismannanefndarinnar nam 447 þús. d.kr. á árinu.

9.2. Búferlaflutningur og málefni flóttamanna.

Samráðsnefnd æðri embættismanna um málefni flóttamanna hefur í vaxandi mæli fjallað um stefnumótun. Þessar umræður, svo og upplýsingaskipti um endurskoðun einstakra atriða í löndunum, hafa reynst einkar gagnlegar. Svíar hafa verið í forsæti starfsins á árinu. Fjórir fundir voru haldnir 1993. Á fundum hefur einnig verið rætt við fulltrúa yfirmanns flóttamannamála hjá Sameinuðu þjóðunum á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum, svo og við fulltrúa IOM. Starfsmaður 16 landa samráðs um málefni flóttamanna hefur setið einn fund nefndarinnar.

Ástand mála á grannsvæðum, svo og í fyrrum Júgóslavíu, var rætt við yfirmann flóttamannamála hjá Sameinuðu þjóðunum og við fulltrúa IOM. Efnt var til sérstaks fundar sérfræðinga um hæli fyrir flóttamenn til bráðabirgða og um takmarkanir á fjölda þeirra sem veitt er hæli til frambúðar. Kostnaður af þessu starfi hefur verið greiddur með sérstökum framlögum Norðurlandanna.

Auk umræðna um þróun mála í grannríkjum hefur samráðsnefndin einkum rætt ástandið í fyrrum Júgóslavíu. Skoðanaskiptin hafa auðveldað samráð Norðurlanda og sameiginlega afstöðu á alþjóðlegum vettvangi. Nefna má danskt-sænskt verkefni um flutning flóttamanna frá ríkjum fyrrum Júgóslavíu.

Vandamál, sem tengjast málefnum Eystrasaltslanda, hafa verið til umfjöllunar frá og með Stokkhólmsráðstefnunni 27.–29. apríl 1993 um ólöglegan straum flóttamanna yfir Eystrasaltið.

Unnið hefur verið að aðlögun Norðurlanda að Evrópubandalaginu. Þróun mála hefur verið til umræðu á öllum fundum nefndarinnar. Einkum hefur verið fjallað um norrænt samkomulag um vegabréfaeftirlit, samkomulagið, sem kennt er við Dublin, um hæli fyrir flóttamenn, um EURODAC og Schengen-samvinnuna. Jafnframt hefur gefist tækifæri til viðræðna við starfshóp Evrópubandalagsins um málefni innflytjenda, svo og við starfshóp bandalagsins sem fjallar á þess vegum um málefni flóttamanna frá fyrrum Júgóslavíu.

Samráðsnefndin hefur fram haldið umræðum um sameiginleg viðbrögð, mat á réttarstöðu o.fl. ef til þess kæmi að straumur flóttamanna lægi til einhvers landanna. Komi til neyðarástands er það mat manna að skilvirk upplýsingamiðlun skipti verulegu máli. Einnig hefur verið rætt um RÖSE-ferlið sem vettvang stefnumótunar um málefni flóttamanna í Evrópu.

Meðal annarra mála sem rædd hafa verið og samráð verið haft um eru:

— Samráð um þátttöku í alþjóðlegum fundahöldum.
— Viðbúnaður til að annast flóttamenn sem koma til landanna samkvæmt sérstökum heimildum sem veittar eru.
— Vegabréfaskylda í löndunum. Mikil áhersla er lögð á að tímanlega sé upplýst um breytingar sem verða á döfinni hjá einhverju landanna.

Starfshópur á vegum embættismannanefndarinnar um vinnumarkað og aðbúnað á vinnustöðum annast verkefni sem miða að aðlögun flóttamanna og innflytjenda í nýjum heimalöndum þeirra.

Árið 1992 lauk tveimur verkefnum. Tilgangur annars verkefnisins var að koma á tengslum til að miðla upplýsingum milli stjórnvalda um þróun mála er varða flóttamenn og búferlaflutninga. Hitt verkefnið fjallaði um markmið, leiðir og aðgerðir í þágu flóttamanna á vinnumarkaði.

Haustið 1993 var haldið níunda málþing vísindamanna sem fjalla um búferlaflutninga. Málþingið hét „Det flerkulturelle samfund í Norden".

Verkefni um skoðanamyndun lauk 1993. Viðfangsefnið var að lýsa aðgerðum á Norðurlöndunum til þess að vinna gegn kynþáttahatri, mismunun og fjandskap í garð útlendinga í þeim tilgangi að bæta tengsl þjóðarbrota.

Árið 1993 hófst verkefnið „Nýbúi í fyrirtækjarekstri". Viðfangsefnið er að varpa ljósi á atvinnurekstur sem nýbúar hafa ráðist í og meta þörf á stuðningi yfirvalda í því efni.

10. Önnur samstarfssvið.

10.1. Viðskiptasamvinna Norðurlanda.

Með tilkomu EES-samningsins var ljóst að forsendur norræns samstarfs á ýmsum sviðum mundu breytast. Þetta átti ekki hvað síst við um viðskiptasamvinnu Norðurlandanna enda var það ein helsta niðurstaða árlegs fundar utanríkisviðskiptaráðherra landanna, sem haldinn var í nóvember 1992, að þessi samvinna og allt samráð innan embættismannanefndar um viðskiptamál (EK-Handel) mundi í framtíðinni færast í auknum mæli inn á vettvang EES-samstarfsins. Þrátt fyrir gildistöku EES var þó talið að það samstarf mundi ekki geta komið að fullu í staðinn fyrir norrænt samstarf á þessu sviði.

Á fundi utanríkisviðskiptaráðherranna í Ósló 3. mars 1993 gaf formaður norrænu embættismannanefndarinnar skýrslu um störf nefndarinnar og undirbúning þess að hún verði lögð niður og lagði til að í stað hennar kæmi óformlegt samráð yfirmanna viðskiptamála á Norðurlöndum. Á þeim fundum er gert ráð fyrir að ekki verði einungis fjallað um viðskiptamál, eins og verið hefur, heldur einnig stefnumótun í alþjóðlegum samtökum á borð við GATT. Jafnhliða þessu var ákveðið að hvert Norðurlandanna mundi tilnefna ákveðinn tengilið sem færi með daglega umsýslu hvað þennan málaflokk varðaði.

Vegna dráttar á gildistöku EES-samningsins var síðasti fundur embættismannanefndarinnar (EK-Handel) ekki haldinn fyrr en í Stokkhólmi í desember sl. þar sem m.a. var ákveðið að fulltrúi Svía í nefndinni, en þeir fara með formennsku í Norðurlandasamstarfinu 1993–1994, mundi skrifa samstarfsráðherrum Norðurlandanna fyrir hönd nefndarinnar og tilkynna þeim að nefndin hefði nú lokið störfum sínum.

Hvað snerti þau verkefni, sem embættismannanefndin hafði formlega með höndum, voru lagðar fram hugmyndir á fundi utanríkisviðskiptaráðherranna í mars 1993 um hvernig þau yrðu meðhöndluð í framtíðinni. Þar kom m.a. fram að í ljósi endurmats á norrænni samvinnu væri eðlilegt að umfjöllun um norræna verkefnaútflutningssjóðinn (NoPEF) félli undir iðnaðar- og orkunefnd (EK-Industri/Energi). Markmið þessa sjóðs er að hvetja til samstarfs norrænna fyrirtækja og þátttöku þeirra í útflutningsverkefnum á alþjóðavettvangi. Hvað varðaði undirnefnd um tæknilegar viðskiptahindranir (STH) var einnig lagt til að þau verkefni, sem þar væri fjallað um, mundu færast með einhverju móti yfir til iðnaðar- og orkunefndar. Rétt er að geta þess að búast má við því að stór hluti verkefna nefndar um viðskiptahindranir snerti framkvæmd EES-samningsins. Önnur mál, sem embættismannanefndin hefur fjallað um, svo sem almennar viðskiptahindranir og landamæraeftirlit, verða að mestu til umfjöllunar hjá yfirmönnum viðskiptamála.

Auk fyrrgreindra mála hefur nefndin í störfum sínum einnig haft til ráðstöfunar fjármuni til að styrkja áhugaverð verkefni sem mættu verða til að efla verslun og viðskipti á Norðurlöndunum. Á árinu var til að mynda veittur styrkur til verkefnis til eflingar stjórnunar- og útflutningsþekkingu í Eystrasaltsríkjunum sem Útflutningsráð Íslands, ásamt fleiri aðilum, stóð að.

10.2. Jarðskjálftarannsóknir (SIL-verkefnið).

SIL-verkefninu er formlega lokið að því leyti að síðasta fjárveiting frá norrænu sjóðunum var í árslok 1992. Þó er ekki enn þá endanlega lokið öllum þróunar- og rannsóknarverkefnum á vegum verkefnisins.

Áfram var haldið að útvíkka það kerfi sem tengist SIL-kerfinu. Þannig var fimm stöðvum bætt við á Norðurlandi. Þar eru nú sex stöðvar að Akureyrarstöð meðtalinni. Þó að þessar stöðvar séu ekki fjármagnaðar af norræna verkefninu tengjast þær SIL-kerfinu og njóta góðs af þeirri sjálfvirku úrvinnslu sem þar er fyrir hendi.

Unnið var að þróun hugbúnaðar, bæði almennt og í sambandi við útvíkkun kerfisins, sem og áframhaldandi þróun á sjálfvirka viðvörunarkerfinu sem byggir á þeirri tækni sem til er vegna SIL-verkefnisins.

Haldinn var vinnufundur, sem NorFA styrkti, í tengslum við lok SIL-verkefnisins. Þar gafst vísindamönnum, sem unnið hafa að jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum rannsóknum á Suðurlandsundirlendi, færi á að bera saman bækur sínar. Þennan fund átti að halda í nóvember, en honum var frestað fram í byrjun janúar. Á fundinum kom fram að SIL-kerfið hefur þegar skilað merkum árangri í að auka þekkingu manna á Suðurlandsundirlendinu.

Auk íslenskra jarðvísindamanna hafa ýmsir erlendir vísindamenn unnið úr gögnum úr SIL-kerfinu og bætt þannig við þekkingu okkar á Suðurlandssvæðinu. Stefnt er að áframhaldandi rannsóknum á þeim grundvelli. Vísindamenn erlendis, m.a. í tengslum við deild eðlisfræði fastrar jarðar við Uppsalaháskóla og stofnanir og háskóla í Bretlandi og Bandaríkjunum, hafa sótt um styrki til vísindasjóða sinna til verkefna sem stuðla að áframhaldandi þróun og þekkingaröflun í tengslum við SIL-kerfið. Má nefna í því sambandi að stjórnarnefnd SIL-verkefnisins hefur ákveðið að halda áfram að starfa sem ráðgefandi nefnd þó svo að verkefninu sé formlega lokið.

10.3. Upplýsingar til Evrópu.

Starf norrænu ráðherranefndarinnar að kynningu á Norðurlandasamstarfinu í Evrópu hefur haldið áfram af fullum þunga. Úttekt blaðafulltrúa utanríkisráðherranna í tengslum við endurskoðun forsætisráðherranna á norrænu samstarfi, sem fram fór 1992, hefur hins vegar leitt til breyttrar meginstefnu sem unnið verður eftir 1993–1995.

Aðildarviðræður þriggja Norðurlanda við Evrópusambandið og gildistaka EES-samningsins undirstrika þörf á betri tengslum við stjórnmálamenn og þá sem starfa að fjölmiðlun og gegna lykilhlutverki í skoðanamyndun í grannlöndunum í Evrópu. Áhugi á Norðurlöndum hefur aukist samhliða umfjöllun um aukið samstarf Evrópuþjóða. Af þessu tilefni hefur ráðherranefndin boðað fulltrúa allra sendiráða með aðsetur í Kaupmannahöfn til upplýsingafundar um norrænt samstarf.

Sú staðreynd að þrjú Norðurlanda eiga í samhliða viðræðum um aðild að Evrópusambandinu hefur beint athygli evrópskra fjölmiðla að Norðurlöndum í heild. Þetta hefur ráðherranefndin fært sér í nyt og efnt til fjölda heimsókna og blaðamannafunda um mál sem eru til umfjöllunar. Þannig var þeim utanríkisfréttariturum stærstu dagblaða Evrópu, sem staðsettir eru í Brussel, boðið til Ósló í tengslum við þing Norðurlandaráðs sem haldið var í mars. Forsætisráðherrarnir veittu fréttariturunum áheyrn og tilefni gafst til umræðna við fulltrúa stjórnmálaafla með andstæð sjónarmið í afstöðu til aðildar Noregs að Evrópubandalaginu.

Mun fleiri erlendir fréttamenn komu í heimsókn hingað til lands árið 1993 á vegum „nefndar um upplýsingar til Evrópu“ en venja er. Fjölgunin var í samræmi við óskir Íslendinga um aukinn hlut í áætluninni eins og fram kom í skýrslu samstarfsráðherra í febrúar 1993.

Fréttamenn frá Þýskalandi, Englandi, Írlandi, Frakklandi, Portúgal og Spáni komu til Íslands í júní. Hittu þeir forseta Íslands, umhverfisráðherra, utanríkisráðherra og sérfræðinga í efnahagsmálum, heimsóttu hraðfrystihús og kynntu sér sjávarútveg og ferðamál. Fóru þeir m.a. til Akraness og að Gullfossi og Geysi.

Hópur 12 fréttamanna kom síðan til landsins í september. Þar voru á ferð fréttamenn frá Sviþjóð, Þýskalandi, Englandi, Ísrael, Tékklandi og Finnlandi. Fóru þeir í tveggja daga ferð um Suðurland austur að Höfn í Hornafirði. Gafst þeim tækifæri til að kynna sér landbúnað, ferðamál og sjávarútveg. Þegar til Reykjavíkur kom sátu þeir ráðstefnu með þátttöku Þjóðhagsstofnunar, Hafrannsóknastofnunar, sjávarútvegsráðuneytis, umhverfisráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, Seðlabanka Íslands og utanríkisráðuneytis. Einnig heimsóttu þeir varnarstöðina í Keflavík, sátu ráðstefnu um jafnréttismál, áttu fund með forseta Íslands og hittu borgarstjóra Reykjavíkur. Í Norræna húsinu voru haldnir fyrirlestrar um Ísland, norrænt samstarf, Norðurlönd í Evrópu, EB, EES og Atlantshafsbandalagið. Í lok ferðarinnar áttu fréttamennirnir fund með utanríkisráðherra.

Efnt var til ferðar til Íslands og Færeyja fyrir blaðamenn frá Evrópulöndum þar sem sjávarútvegsmál eru þýðingarmikil. Haustið 1993 var blaðamönnum í Brussel boðið í ferð um norska og finnska hluta Norðurkolls til þess að kynna þeim byggðamálefni og samvinnu á Barentssvæðinu.

Blaðamönnum frá svæðum og löndum umhverfis Eystrasalt var boðið til málþings til kynningar á alþjóðlegu samstarfi til lausnar á umhverfisvanda við Eystrasalt. Farið var í heimsóknir, m.a. til Sosnovij Bor.

Fjöldi ferða, námskeiða og styrkja eru á áætlun nefndar um upplýsingar til Evrópu á árinu 1994. Ýmist er miðað við reynda fréttamenn, unga fréttamenn sem eiga eftir að marka sér áhugasvið eða embættismenn annarra landa og stofnana sem æskilegt er að kynni sér vel málefni Norðurlanda. Skipulögð verður sérstök heimsókn fréttamanna til Íslands í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins, en einnig vegna þess að seinni hluta ársins gegnir Ísland bæði formennsku í norrænu ráðherranefndinni og EFTA.

Áhugi á efldri upplýsingastarfsemi og kynningu á Norðurlöndunum vex hjá sendiráðum þeirra í Evrópu. Að ósk sendiráðanna og í samvinnu við þau hefur ráðherranefndin efnt til málþinga um Norðurlöndin og hlutverk norrænnar samvinnu í nýrri Evrópu. Málþingin voru haldin í Dublin og Berlín á liðnu ári.

Ráðherranefndin tók í fyrsta sinn þátt í alþjóðlegu bókasýningunni í Frankfurt við hlið annarra fjölþjóðlegra samtaka. Þar var kynnt norrænt samstarf og enskar útgáfur rita sem ráðherranefndin gefur út. Árangur af þátttökunni er m.a. sá að samningar hafa tekist við evrópska umboðsmenn um dreifingu rita ráðherranefndarinnar.

Í janúar 1994 hélt kynningardeild skrifstofu ráðherranefndarinnar, í samstarfi við sendiráð Norðurlandanna í Lissabon og tvær stofnanir sem fjalla aðallega um varnarmál og Evrópumál, ráðstefnu í Lissabon undir heitinu „Norðurlönd og hin nýja Evrópa".

10.4. Samvinna við grannlönd.

Norræna ráðherranefndin samþykkti 29. janúar 1993 verkefnaáætlun sem nær til Eystrasaltslanda og grannlanda Norðurlandanna. Í brennidepli eru verkefni sem hafa þýðingu fyrir þróun lýðræðis og markaðshagkerfis í löndunum handan Eystrasalts. Norðurlöndin, hvert um sig, verja einnig umtalsverðum fjármunum til að kosta tvíhliða samstarfsverkefni í Austur-Evrópu og Eystrasaltslöndunum. Ráðherranefndin hefur þess vegna

einkum leitað viðfangsefna þar sem norræn færni kemur að gagni, t.d. með því að nýta norrænar stofnanir eða með miðlun þekkingar og annarrar aðstoðar. Ráðherranefndin benti sérstaklega á eftirtalin svið sem áhersla verður lögð á:

— framhald samskipta milli Norðurlandanna og grannþjóða, einkum við Eystrasalt,
— aukið samstarf í menntamálum,
— aðstoð við innri uppbyggingu (stjórnsýsla, réttarkerfi, markaðshagkerfi),
— samvinnu í heilbrigðis- og félagsmálum,
— aukna samvinnu á sviði fjölmiðlunar,
— eflingu samstarfs að umhverfismálum.

Ráðherranefndin hvetur til athugunar á möguleikum á að samstarf við grannsvæðin nái einnig til Norðvestur-Rússlands, einkum svæðanna kringum Múrmansk og Arkangelsk. Jafnframt er í athugun með hvaða hætti reynslan af norrænum samstarfsverkefnum gæti nýst í samvinnu við Barentshafssvæðin.

11. Norrænar stofnanir á Íslandi.

11.1. Norræna húsið.

Hálfrar aldar starfsemi.

Norræna húsið fagnaði hálfrar aldar starfsemi á árinu 1993. Hátíðahöldin náðu hámarki í síðustu viku ágústmánaðar. Á afmælisdaginn 24. ágúst var dagskrá fyrir almenning allan daginn, en einnig voru leiksýningar, tónleikar og sérstök hátíðardagskrá og haldin voru tvö málþing undir heitinu „Ísland og hin Norðurlöndin“ og „Hlutverk Norrænu húsanna í framtíðinni“.

Sumarsýning Norræna hússins og jafnframt afmælissýning var um verk Alvars Aalto, arkitekts Norræna hússins. Annað verkefni tengt afmælisárinu var „Det Nordiska Nyhetsbladet“, fréttablað sem kom út daglega á skandinavísku, og var dreift ókeypis til norrænna ferðamanna á Íslandi.

Sem fyrr var boðið upp á fjölbreytta og vandaða dagskrá allt afmælisárið. Færeysk, vesturnorsk og vestursænsk menning var kynnt á sérstökum þemavikum. Bókmenntakynningar fyrir almenning, þar sem norrænir rithöfundar kynntu verk sín, voru haldnar á vormánuðum. Yfir sumarmánuðina voru um 30 fyrirlestrar fluttir um íslenska menningu og samfélag fyrir norræna ferðamenn, en auk þess voru kvikmyndasýningar á hverjum degi. Málþing voru haldin, m.a. um ímynd Íslands erlendis og hlutverk nútímakarlmannsins á Norðurlöndum.

Af listsýningum má nefna sýningu á verkum frá Skagen-safninu í Danmörku, farandsýninguna „Fimm færeyskir myndlistarmenn“, sýningu á finnskri hönnun (Kaj Franck og Alvar Aalto), farandsýninguna „Norrænar vatnslitamyndir“ og sýninguna „Form Ísland II“ (sýning á íslenskri listiðn og hönnun) sem farið var með víða um Norðurlönd. Eistneskir veflistamenn sýndu verk sín í sýningarsölum og íslenskir listmálarar leigðu salina fyrir sýningar sínar.

Mikilvægur styrkur fyrir Norðurlandamálin.

Eitt mikilvægasta hlutverk Norræna hússins er að styrkja stöðu Norðurlandamálanna á Íslandi. Haldin voru þrjú íslenskunámskeið fyrir Norðurlandabúa og fjögur námskeið í skandinavísku fyrir Íslendinga. Opnað hefur verið nýtt fjölmiðlunarsamband við fréttastofur á Norðurlöndum með gervihnattasendingum frá Norðurlöndum og stuttbylgjuútvarpi og nýjustu fréttir frá norrænum fréttastofum berast daglega gegnum tölvu.

Myndbandasafnið, sem hóf starfsemi sína á síðasta ári með ókeypis útlánum á norrænum barna-, leik- og fræðslumyndum, hefur verið stækkað.

Bókasafn Norræna hússins er það eina í landinu sem er opið alla daga vikunnar. Í bókasafni hússins var nýtt tölvukerfi, „Micromarc", tekið í notkun. Bókasafnið hefur lánað út á árinu um 25.000 bækur, grafíkmyndir og hljómplötur og geisladiska.

„Islandskontakt", upplýsingablað um íslenskt samfélag og menningu, var gefið út ársfjórðungslega í 2.000 eintökum á skandinavískum málum og finnsku. Norræna húsið tók þátt í Íslandskynningu í Karelíu í Austur-Finnlandi í október.

Rekstur Norræna hússins.

Kostnaður við rekstur Norræna hússins er greiddur samkvæmt fjárveitingu norrænu ráðherranefndarinnar. Fjárveiting fyrir árið 1993 var um það bil 50 millj. ísl. kr. Fastráðið starfsfólk var 10 manns.

Stjórnarformaður var Finninn Matti Gustafson og forstjóri var Svíinn Lars Åke Engblom.

11.2. Norræna eldfjallastöðin.

Norræna eldfjallastöðin er samnorræn stofnun sem heyrir undir norrænu ráðherranefndina og er kostuð af henni. Stjórn hennar er skipuð fulltrúum Norðurlandanna auk þriggja fulltrúa íslenskra stofnana á sviði jarðvísinda. Stjórnarformaður er prófessor Carl Ehlers, Finnlandi, en dr. Guðmundur E. Sigvaldason veitir stöðinni forstöðu.

Í reglugerð fyrir stöðina frá árinu 1973 er hlutverk hennar skilgreint svo: „Norræna eldfjallastöðin á að stunda rannsóknir í eldfjallafræði með áherslu á veigamestu rannsóknasvið þeirrar fræðigreinar: bergfræði, jarðefnafræði, jarðeðlisfræði og eldfjallasögu. Stofnunin á að veita vísindamönnum og námsmönnum frá Norðurlöndum og, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar, einnig frá öðrum löndum aðstöðu til rannsókna í eldfjallafræði og tengdum greinum".

Rannsóknir í eldfjallafræði.

Rannsóknir stofnunarinnar beinast að því að svara spurningum um eðlis- og efnafræðilegar forsendur eldvirkni.

Lega Íslands á eldvirkum úthafshrygg beinir rannsóknum stofnunarinnar inn á þau sérsvið sem varða eiginleika rekhryggja jarðarinnar. Rekhryggir liggja á botni úthafanna og eru alls 60.000 km langir, en Ísland er eina úthafseyjan sem rekhryggur liggur um.

Leitað er svara við spurningum um styrk og broteiginleika jarðskorpunnar, um uppruna og þróun bergkviku, um flutning kviku til yfirborðs og gagnkvæm áhrif kviku og grannbergsins sem hún snertir. Einnig er leitað svara við spurningum um hegðun eldvirkninnar á fyrri tímum, áhrif eldvirkni á loftslag og áhrif loftslags á eldvirkni, einkum á tíma stórfelldra loftslagsbreytinga á ísöldum.

Öll svör við spurningum af þessu tagi auka skilning á eðli eldvirkninnar og auðvelda búsetu í eldvirkum löndum. Stofnunin leitast við að nýta og auka við þekkingu á eldvirkni með því að þróa og reka viðvörunarkerfi, byggð á hátækni.

Skýrslur um niðurstöður rannsókna.

Stofnunin leggur áherslu á að birta niðurstöður rannsókna í alþjóðlegum tímaritum sem setja strangar gæðakröfur. Frá upphafi hafa um 100 slíkar greinar verið birtar. Minni áhersla er lögð á birtingu áfangaskýrslna, en um 60 skýrslur hafa verið gefnar út. Rit stofnunarinnar eru gefin út á ensku.

Stofnunin hefur einnig lagt áherslu á að kynna eldfjallafræði í ritum og sjónvarpsþáttum fyrir almenning, bæði á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum.

Hvetjandi rannsóknarumhverfi fyrir styrkþega.

Norræna eldfjallastöðin var sett á fót í þeim tilgangi að skapa hvetjandi rannsóknarumhverfi sem höfðaði til fjölþjóðlegs vísindasamfélags. Stofnunin hefur haft til umráða fimm stöður styrkþega, sem stjórn stofnunarinnar veitir til eins árs í senn, með möguleika á framlengingu til allt að þriggja ára. Frá upphafi hafa 60 norrænir vísindamenn dvalið við stofnunina. Hver styrkþegi fær rannsóknarverkefni til úrvinnslu og er til þess ætlast að verkinu ljúki með birtingu á niðurstöðu við lok dvalar. Flestir styrkþegar eru ungt fólk sem hefur nýlokið embættisprófi. Margir nota dvölina við stofnunina til að öðlast æðri menntagráðu, ýmist „licensiat" eða doktorsgráðu við háskóla í heimalandinu.

Það er áberandi að margir af styrkþegum Norrænu eldfjallastöðvarinnar fara til enn frekari sérhæfingar til dvalar við stofnanir utan Norðurlanda. Oftast er ástæðan sú að dvölin við stofnunina leiddi til alþjóðlegra tengsla sem greiddu götu þessa fólks til frekari rannsóknastarfa.

Mikil aðsókn í rannsóknastöður.

Aðsókn í rannsóknastöður við Norrænu eldfjallastöðina er langt umfram getu stofnunarinnar til að veita styrki. Að jafnaði eru umsóknir þrisvar til fimm sinnum fleiri en hægt er að sinna. Ásókn manna utan Norðurlanda er einnig mikil, en stofnunin hefur enn sem komið er ekki farið inn á þá braut að styrkja aðra en Norðurlandabúa. Stofnunin hefur hins vegar tekið á móti fólki, sem fær styrki eftir öðrum leiðum, t.d. styrkþegum Fullbright-stofnunarinnar bandarísku. Í samvinnu við háskóla í Frakklandi, Bretlandi og Þýskalandi hefur stofnunin haft veruleg afskipti af allmörgum doktorsverkefnum sem voru unnin að hluta til við Norrænu eldfjallastöðina.

Breytingar á samfélögum Austur-Evrópu hafa leitt til þess að norræna ráðherranefndin leggur áherslu á aukna samvinnu við þau, einkum Eystrasaltslöndin. Norræna eldfjallastöðin hefur brugðist við þessum nýju viðhorfum með því að bjóðast til að veita vísindamönnum frá þessum löndum aðstöðu við stofnunina. Fjárveiting fékkst til að bjóða einum manni til ársdvalar og jarðfræðingur frá Eistlandi kom til starfa við stofnunina 1. júní 1993.

Verkefni og tilraunir.

Forstöðumaður stofnunarinnar hefur átt sæti í nefnd á vegum vísindaráðs Evrópu (European Science Foundation) sem hafði verkefni sem nefnist „European Volcanology Project" (EVOP), en markmiðið er að beina athyglinni fyrst og fremst að sex evrópskum eldfjöllum og leita leiða til að fjármagna dýrari rannsóknir en hingað til hefur verið hægt að gera. Krafla er eitt þessara sex tilraunaeldfjalla. Starf nefndarinnar leiddi til þess að einn af vísindasjóðum Evrópubandalagsins (Environment 1991–1994) skilgreindi eldfjallafræði sem deild í þriðju rammaáætlun umhverfismálasjóðsins. Vegna tafa á fullgildingu EES-samningsins missti Kröfluverkefnið af þessari lest en hefði að öðrum kosti fengið 30–40 millj. ísl. kr. Eldfjallafræði verður sennilega ekki með í fjórðu rammaáætlun umhverfissjóðsins og því verður að leita annarra leiða til að hrinda því í framkvæmd.

Norræna eldfjallastöðin er virkur þátttakandi í verkefni sem fjallar um eldfjallið Furnas á Azóreyjum. Þetta verkefni fékk ríflegan styrk frá umhverfissjóði EB, en af sömu orsökum og áður er greint frá reyndist ekki unnt að fá peninga til þátttöku Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Menntamálaráðuneytið, fyrir hönd íslenska ríkisins, hefur þess vegna greitt útlagðan kostnað vegna þátttöku NE í þessu verkefni.

Vaxandi stofnun.

Norræna eldfjallastöðin er virkur þátttakandi í verkefni á vegum European Science Foundation sem fjallar um þróun og prófun tækja til símælinga á jarðeðlisfræðilegum breytum. Þátttaka stofnunarinnar felst m.a. í rekstri tækja, sem eru hönnuð og smíðuð í stofnuninni, við staðlaðar aðstæður í gamalli kalksteinsnámu í Lúxemborg. Samstarfsaðilar hafa komið tækjum sínum fyrir á þessum stað og geta borið saman hæfni þeirra til ýmiss konar mælinga. Hluti verkefnisins er þróun nýrra skynjara og hönnun tækja, einkum til mælinga á hreyfingum jarðskorpunnar.

Síaukin samvinna við erlendar og innlendar stofnanir ásamt góðum undirtektum ráðherranefndarinnar við beiðnum um fé til tækjakaupa og sérverkefna hefur leitt til stöðugs vaxtar Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Breytt stjórnun fjármála.

Norræna ráðherranefndin hefur nú tekið upp nýja skipan í meðferð fjárveitinga til fastra stofnana í norrænu samstarfi. Breytingin felst í því að stofnanirnar gera áætlun til þriggja ára í senn þar sem nákvæm grein er gerð fyrir verkefnum sem unnið verður að. Áætlunin felur í sér skuldbindingu um afköst en með vissu bili verður gerð úttekt á hversu vel stofnunin stendur við skuldbindingar. Á móti kemur að stofnuninni eru tryggðar umsamdar fjárveitingar fyrir allt tímabilið.

12. Norrænir sjóðir.

12.1. Starfsemi Norræna fjárfestingarbankans.

Almennt um starfsemina árið 1993.

Slaki í efnahagslífi Norðurlanda og minni fjárfestingar hafa komið fram í minni eftirspurn eftir lánsfé. Af þessum sökum voru útborguð lán Norræna fjárfestingarbankans (NIB) minni innan Norðurlanda árið 1993 en árið áður. Endanlegar tölur liggja ekki fyrir en ætla má að um 10% lækkun sé að ræða á þessum útlánum. Þau námu um 425 millj. ekna (ecu) árið 1993 samanborið við 527 millj. ekna árið 1992. Hins vegar er áætlað að

alþjóðleg útlánaaukning vaxi úr 127 millj. ekna árið 1992 í um 145 millj. ekna árið 1993.

Jafnframt hafa afborganir af eldri lánum aukist. Útistandandi lán námu í heild 4.229 millj. ekna í ágústlok 1993 samanborið við 4.243 millj. ekna í árslok 1992. Í lok ágúst 1993 höfðu um þrír fjórðu af nýjum lánum á því ári innan Norðurlanda farið til Finnlands og Svíþjóðar. Þar af var um 30% varið til orkugeirans. Önnur 30% runnu til vistfjárfestinga og innviðaframkvæmda á vegum sveitarfélaga en um fjórðungur nýrra lána fór til framleiðslugeirans.

Þess má geta að NIB lánar aðallega til verkefna þar sem um sameiginlega hagsmuni fyrirtækja eða stofnana í a.m.k. tveimur Norðurlanda er að ræða. Á árinu 1993 fékk bankinn auknar heimildir til að lána til innviðafjárfestinga (strukturinvesteringar). Lán til þeirra eru talin fullnægja skilgreiningunni um samnorræna hagsmuni þótt framkvæmd eigi sér aðallega stað í einu Norðurlandanna, t.d. lagning vegar í einu landi sem tengist vegakerfi í öðru landi. Þetta er í samræmi við útlánastefnu bankans sem gilt hefur á sviði orkumála og umhverfismála á Norðurlöndum. Alþjóðleg útlán hafa einkum aukist til Asíulanda.

Árið 1992 fólu ríkisstjórnir Norðurlanda NIB að annast úthlutun á allt að 30 millj. ekna til fjárfestinga í Eystrasaltsríkjunum. Fyrstu lán í þessum flokki voru samþykkt á árinu 1993. NIB var jafnframt falið að aðstoða við að stofna fjárfestingarbanka í Eystrasaltsríkjunum og fyrsta lánið var veitt til eistneska fjárfestingarbankans ESTIB.

NIB aflar lánsfjár á alþjóðlegum markaði þar sem það er hagstæðast hverju sinni. Hann hefur víða leitað fanga og jafnvel sótt á fjarlæga markaði í Austurlöndum auk þess að treysta á hefðbundna markaði í Evrópu. Eins og fram kom í greinargerð um starfsemi bankans árið 1992 hefur hann hærri lánshæfiseinkunn matsfyrirtækja en aðrar lánastofnanir á Norðurlöndum og það meira að segja hærri einkunn en eigendur hans hver um sig. Vegna sterkrar eiginfjárstöðu sinnar hefur NIB getað aflað lánsfjár á afar hagstæðum kjörum. Bankinn hefur einnig tiltölulega mikið laust fé umleikis, eða 1.811 millj. ekna í ágústlok 1993.

Lán bankans til Íslands.

Á árinu 1993 voru samþykkt níu lán til lántakenda á Íslandi, samtals jafnvirði 5,2 milljarða kr., sbr. eftirfarandi sundurliðun:

Lántakandi	Fjöldi lána	Upphæð í millj. kr.
Sveitarfélög	2	400,0
Ríkissjóður	1	700,0
Fjárfestingarlánasjóðir	3	1.220,0
Fyrirtæki	3	2.885,0
Samtals	**9**	**5.205,0**

Samþykktar lánveitingar ársins 1993 greinast þannig á atvinnuvegi eða málefni:

Atvinnuvegur/málefni	Fjöldi lána	Upphæð í millj. kr.
Samgöngur/Innviðir	2	2.200,0
Iðnaður	1	525,0
Sjávarútvegur	1	550,0
Raforkuframleiðsla	1	1.310,0
Umhverfismál	2	400,0
Verslun og þjónusta	1	75,0
Ferðaþjónusta	1	145,0
Samtals	**9**	**5.205,0**

Til samanburðar voru samþykkt alls tíu lán til lántakenda á Íslandi árið 1992. Útborguð lán til Íslands námu ríflega 3,6 milljörðum kr. á árinu 1993 sem svarar til 10% af útborguðum lánum til Norðurlanda árið 1993. Útborganir nýrra lána til Íslands árið 1992 námu hins vegar 29,8 millj. SDR. Heildarlán NIB til Íslands námu 28,5 milljörðum kr. í árslok 1993 og eru til 26 lántakenda. Lánveitingar bankans til Íslands svara nú til 9,2% af heildarútlánum NIB til Norðurlanda. Þetta hlutfall var 8,3% í árslok 1992 og hefur því hækkað um 0,9 prósentustig á árinu 1993.

Af útistandandi lánum alls til Íslands (jafnvirði 28,5 milljarða kr.) eru 2,3 milljarðar kr. sem aflað var með skuldabréfaútboði á erlendum markaði.

Hvað varðar árið 1994 eru nú til meðhöndlunar fjögur ný mál alls að upphæð 1,9 milljarðar kr.

Afkoma bankans og staða.

Eins og áður er getið liggja endanlegar tölur rekstrar- og efnahagsreikninga bankans ekki fyrir þegar þessi greinargerð er samin.

Frá og með 1. mars 1993 er eka (ecu) notuð sem reikningseining bankans í stað sérstakra dráttarréttinda (SDR) áður. Breytingin tókst vel þar sem færsla eigna úr SDR í ekur skilaði bankanum umtalsverðum hagnaði sem færist til tekna í reikningum bankans yfir nokkurra ára tímabil.

Áætlað er að hagnaður bankans árið 1993 verði um 64 millj. ekna. Þá hefur ekki verið tekið tillit til útlánatapa sem nema um 3,5 millj. ekna og um 15 millj. ekna verða færðar á afskriftarreikning en bankaráðið hefur ekki tekið endanlega ákvörðun um þetta. Rekstrarafgangur bankans eykst því verulega frá árinu 1992, en hann var þá 50,7 millj. ekna. Þessi bætta afkoma bankans árið 1993 átti sér stað þrátt fyrir nokkuð minni umsvif. Þetta má einkum rekja til aukinna vaxtatekna af eigin fé bankans.

Á árinu 1993 greiddi bankinn arð til eigenda fyrir árið 1992 sem nam 12 millj. ekna.

Rekstrarkostnaður ársins 1993 var eilítið lægri en árið 1992, ekki síst vegna gengislækkunar finnska marksins, en rekstrargjöld bankans eru aðallega í þeirri mynt. Hjá NIB störfuðu 100 manns árið 1993, þar af þrír Íslendingar. Til þess að meta rekstrarárangur er oft miðað við summu rekstrarkostnaðar og afskrifta í hlutfalli við niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Áætlað er að þessi hlutfallstala verði 0,137 árið 1993 samanborið við 0,157 árið áður.

Grunnfé bankans var aukið um 600 millj. SDR á árinu 1993 í 2.400 millj. SDR eða 2.809 millj. ekna (á gengi í ágústlok 1993). Bankanum er heimilt að lána út tvö- og hálffalt grunnfé sitt. Auk þess hefur bankinn sérstakan lánaflokk fyrir útflutningslán (PIL) sem nemur 1.000 millj. SDR og annan fyrir fjárfestingarlán til fjárfestinga í Eystrasalts-

ríkjunum (30 millj. ekna). NIB hefur sótt um að auka útflutningslánarammann (PIL) um 770 millj. ekna í 2.000 millj. ekna.

Varasjóður bankans skal samkvæmt stofnskrá nema 10% af grunnfé áður en til greiðslu arðs kemur. Áætlað er að hann nemi um 210 millj. ekna í árslok 1993 og verður því ekki greiddur út arður fyrr en hann nemur 240 millj. ekna.

Nýr bankastjóri og breytingar í bankaráði.

Norðmaðurinn Jannik Lindbæk hætti sem aðalbankastjóri í árslok 1993 eftir átta ára starf. Hann hefur verið ráðinn bankastjóri (Executive Vice President) International Finance Corporation (IFC) sem er dótturfyrirtæki Alþjóðabankans í Washington D.C.

Auglýst var eftir og leitað að nýjum aðalbankastjóra NIB. Sem kunnugt er varð niðurstaðan sú að Jóni Sigurðssyni seðlabankastjóra var boðin staðan og varð hann við þeirri beiðni. Hann mun taka til starfa 11. apríl 1994. Er þetta mikil viðurkenning bæði fyrir Jón Sigurðsson persónulega og Ísland. Frá 1. janúar til 11. apríl gegnir Jan Callerström stöðu aðalbankastjóra en hann hefur verið staðgengill Jannik Lindbæks.

Formaður bankaráðs NIB, Sviinn Olle Västberg, lét af störfum í desember 1993. Á fundi ráðsins í desember 1993 var Guðmundur Magnússon prófessor kjörinn formaður þess, en Norðmaðurinn Kari Gjesteby varaformaður. Þær breytingar urðu af Íslendinga hálfu í bankaráðinu árið 1993 að Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri lét af störfum sem aðalmaður. Í stað hans kom Tómas Árnason, fyrrverandi bankastjóri, sem hafði um langt árabil verið varamaður. Sem nýr varamaður í bankaráðinu var skipaður Þorkell Helgason ráðuneytisstjóri. Varamaður Guðmundar Magnússonar er Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi forstjóri.

Þess má geta að lokum að bankinn fluttist í annað leiguhúsnæði í Helsingfors á árinu. Hið nýja aðsetur er að Fabiansgötu 34 þar sem unnt er að sameina alla starfsemina í Helsingfors undir sama þaki.

12.2. Norræni iðnaðarsjóðurinn.

Norræni iðnaðarsjóðurinn var stofnaður árið 1973. Tilgangur Norræna iðnaðarsjóðsins er að hvetja til norrænnar samvinnu um tækniþróun og nýsköpun í atvinnulífinu. Auk þess á sjóðurinn að stuðla að alþjóðlegri samkeppnishæfni afurða, framleiðsluferla og þjónustu innan Norðurlanda með þátttöku í verkefnum og áætlunum á sviði tæknirannsókna og iðnþróunar. Sjóðurinn á að starfa með atvinnulífinu, rannsóknaaðilum og yfirvöldum á Norðurlöndum, m.a. með því að stuðla að aukinni framleiðni í norrænum rannsóknum.

Heildarfjárhæð sérverkefna, sem sjóðurinn tók þátt í, nam á árinu 1992 323 millj. n.kr. Hlutur sjóðsins í þessum verkefnum var 85,2 millj. n.kr. Til samanburðar var hlutur sjóðsins árið 1992 102,3 millj. n.kr. af 389 millj. n.kr. Alls var veitt fé til 118 verkefna. Skipting fjárins eftir verkefnasviðum, ásamt hlutfallslegri skiptingu, var eftirfarandi:

Ný tækni í matvælaiðnaði	22%
Efnistækni léttra burðahluta	20%
Ný tækni í skóg- og pappírsiðnaði	14%
Líftækni	3%
Til ýmissa annarra verkefna	41%

Norræni iðnaðarsjóðurinn er stofnun á vegum norrænu ráðherranefndarinnar (iðnaðarráðherranna) með aðsetur í Ósló. Árið 1992 störfuðu 14 manns í fullu starfi auk hlutastarfa. Starfsmenn sjóðsins eru frá öllum Norðurlöndum og hjá sjóðnum starfar einn Íslendingur, Snæbjörn Kristjánsson verkfræðingur. Í stjórn sjóðsins af Íslands hálfu sátu árið 1993 Kristmundur Halldórsson og Hallgrímur Jónasson. Stjórn sjóðsins skipa tveir fulltrúar frá hverju landi.

Á seinni árum hefur þátttaka Íslendinga í verkefnum á vegum sjóðsins aukist. Meðal annars hefur verið ráðist í verkefni á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu. Þáttur Íslendinga hefur vaxið með árunum og nam 3% árið 1985, 7% árið 1990, 6% árið 1991, 5% árið 1992 og 7% árið 1993. Hlutur Íslendinga í greiðslum til sjóðsins er 1%.

Starfsemi sjóðsins hefur skipt miklu máli fyrir þróun íslenskrar rannsóknastarfsemi. Á undanförnum árum hafa komið í hlut íslenskra aðila u.þ.b. 60–90 millj. ísl. kr. á ári. Íslensk verkefni sem Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur veitt fé í á undanförnum árum eru á milli 35 og 40 á ári. Stærstu verkefnin, sem veitt hefur verið fé til hér á landi, eru á sviði upplýsingatækni, framleiðslutækni og sjálfvirkni í fiskiðnaði, líftækni og efnistækni. Þessi rannsókna- og þróunarvinna hefur skipt miklu máli í íslensku þróunarumhverfi og hefur reynst mikilvægur undirbúningur að þátttöku okkar í evrópsku rannsóknasamstarfi.

Breytinga- og samrunaferlið í Evrópu mun hafa mikil áhrif á rannsóknir, þróun og nýsköpun. Á undanförnum árum hefur sjóðurinn stutt fjögur tæknisvið sérstaklega, þ.e. upplýsingatækni, líftækni, efnistækni og umhverfistækni, og lýkur þessum verkefnum á árinu 1994. Norðurlöndin munu í vaxandi mæli taka þátt í rannsóknasamstarfi Evrópubandalagsins þar sem m.a. er lögð rík áhersla á þessi svið.

Stjórn sjóðsins hefur því endurskoðað áherslur í starfsemi sjóðsins og varð niðurstaðan sú að leggja áherslu á þrjú afmörkuð svið sem sameiginlega eru mjög mikilvæg fyrir Norðurlönd:

— Efnistækni léttra burðarhluta (NORDLIST).
— Ný tækni í matvælaiðnaði (NORDFOOD).
— Ný tækni í skóg- og tréiðnaði (NORDWOOD/PAP).

Nordlist, efnistækni léttra burðarhluta.

Verkefnið hófst á árinu 1993. Kynningarfundur var haldinn í Ósló 26. mars þar sem fjallað var um tillögur um verkefni og unnið var að gerð umsókna.

Flestir þættir verkefnisins hófust haustið 1993. Markmiðið er að auka samkeppnishæfni norræns iðnaðar á sviðum léttrar efnistækni þar sem góð þekking er fyrir hendi á Norðurlöndum í dag. Ætlunin er að ná þessu með samstarfi iðnfyrirtækja og rannsóknaraðila með þróun aðferða burðar- og framleiðslutækni sem hafa munu mikla þýðingu í framleiðslunni á næstu árum.

Nordfood, ný tækni í matvælaiðnaði.

Verkefnið var lagt fyrir og samþykkt í stjórn sjóðsins í janúar 1993.

Markmið verkefnisins er að tryggja samkeppnishæfni matvælaiðnaðarins á breytilegum markaði, m.a. með því að ná lágmarksstærð á einstökum völdum sviðum.

Meðal valdra sviða eru:
— Matvælapökkun.
— Gæðastjórnun og upplýsingatækni.
— Hreinlæti í matvælaframleiðslu.
— Nýjar aðferðir, ný framleiðsluferli.

Umsóknarfrestur rann út 30. september 1993. Einstök verkefni voru samþykkt á stjórnarfundi í desember 1993.

Nordpap, ný tækni í pappírsiðnaði.

Pappírsiðnaður hefur mikla þýðingu, sérstaklega fyrir Finnland, Svíþjóð og Noreg. Megináhersla er lögð á eftirfarandi þætti í verkefninu: Eiginleika nýs og endurunnins pappírs, nútímableikingartækni, pappír sem flutningsmiðil upplýsinga og Evrópustaðla.

Nordwood, ný tækni í tréiðnaði.

Notkun timburs í iðnaði á sér langa hefð á Norðurlöndum. Engu að síður er flutt út mikið magn óunnins timburs frá þeim löndum þar sem timburframleiðsla er mikil. Markmið verkefnisins er að auka samkeppnishæfni norræns tréiðnaðar. Meðal áhersluatriða í verkefninu má nefna timbur og umhverfi, bætta eiginleika timburs, nýja markaði og nýjar framleiðsluvörur.

Íslendingar hafa tekið virkan þátt í undirbúningi allra þessara áætlana og eru virkir þátttakendur í þróunarvinnunni á efnistækniáætluninni og sérstaklega matvælaáætluninni.

Stefnt var að því að um ¾ hlutar ráðstöfunarfjár sjóðsins fari til þessara þriggja verkefna, en ¼ fari til annarra verkefna.

Formaður stjórnar sjóðsins er Svíinn Sven Sjögren og fulltrúi Íslands í stjórninni er Kristmundur Halldórsson. Framkvæmdastjóri er Norðmaðurinn Per Gjelsvik.

12.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NoPEF).

Samstarf um útflutningsverkefni.

Markmið Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nordiska projektexpertfonden, NoPEF) er að hvetja til samstarfs norrænna fyrirtækja og þátttöku þeirra í útflutningsverkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn styrkir norræn fyrirtæki og stofnanir til að gera forathuganir og arðsemisathuganir vegna verkefna sem talin eru arðbær og þjóna hagsmunum Norðurlandanna. Í þessu skyni getur sjóðurinn styrkt gerð forathugana um allt að 50% af kostnaði við gerð þeirra. Styrkurinn er veittur í formi áhættuláns sem að öllu jöfnu þarf að endurgreiða ef verkefnið leiðir til sölusamnings en annars ekki.

Auk þessarar meginstarfsemi beitir sjóðurinn sér fyrir athugunum sem hafa almenna þýðingu fyrir norrænan verkútflutning. Þannig beitir hann sér fyrir sérstökum könnunum á sóknarfærum í verkútflutningi, svo sem á nýjum mörkuðum eða á nýjum sviðum. Þá getur NoPEF haft frumkvæðið að verkútflutningi með því að koma á samstarfi fyrirtækja. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn gengst einnig fyrir alþjóðlegum fundum og ráðstefnum á sviðum og mörkuðum sem teljast áhugaverð fyrir norrænt atvinnulíf.

Smá og meðalstór fyrirtæki í Eystrasaltsríkjunum.

Loks felur norræna ráðherranefndin sjóðnum tímabundin verkefni af ýmsu tagi. Þannig var sjóðnum falið að ráðstafa 300 millj. kr. á árunum 1990–1992 til þess að örva útflutning sem stuðlar að umhverfisvernd og nú hefur sjóðnum verið falið að örva fjárfestingu í baltnesku löndunum samkvæmt sérstakri áætlun sem nefnist baltneska fjárfestingaráætlunin.

Þáttur NoPEF í baltnesku fjárfestingaráætluninni snýr að stuðningi við athuganir á uppbyggingu smárra og meðalstórra fyrirtækja í baltnesku löndunum í samvinnu við norræn fyrirtæki. Samkvæmt áætluninni hefur sjóðurinn 5 millj. ekna (um 400 millj. ísl. kr.) til ráðstöfunar í þessu skyni á næstu þremur árum. Þessi þáttur hefur sett mikinn svip á starfsemi sjóðsins sl. ár eins og fjöldi samþykktra lána vegna þessara áætlana sýnir.

823 verkefni á ellefu árum.

NoPEF hefur nú starfað í ellefu ár og fjallað um 823 verkefni og þar af samþykkt lán og styrki til 426 verkefna að fjárhæð um 1,1 milljarður kr. Á árinu 1993 veitti sjóðurinn styrki til 56 verkefna. Þessi verkefni skiptust þannig á Norðurlöndin og markaðssvæði:

	Fjöldi		Fjöldi
Danmörk	13	Austur-Evrópa	12
Finnland	8	Asía	6
Ísland	4	Suður-Ameríka	0
Noregur	8	Afríka	0
Svíþjóð	22	Baltneska fjárfestingaráætlunin	38
Sameiginlegt	1		
Samtals	**56**	**Samtals**	**56**

Eins og þessi skipting sýnir hefur baltneska fjárfestingaráætlunin verið fyrirferðarmest í starfsemi sjóðsins á árinu 1993. Samtals 38 verkefni af 56 féllu undir þessa áætlun. Enginn vafi er því á að umrædd áætlun hefur stuðlað að aukinni fjárfestingu norrænna fyrirtækja í baltnesku löndunum.

Íslensk verkefni.

Samtals hafa 19 íslensk verkefni fengið stuðning frá sjóðnum að fjárhæð um 37 millj. kr. Flest verkefnanna hafa tengst sjávarútvegi og orkubúskap, enda hafa Íslendingar haft fram að bjóða þekkingu á þessum sviðum sem er samkeppnishæf á alþjóðavettvangi. En einnig hefur sjóðurinn styrkt íslensk útflutningsverkefni á öðrum sviðum, m.a. á sviði byggingariðnaðar, verktakastarfsemi, heilbrigðisþjónustu og hrossaræktar. Að auki tengjast íslenskir hagsmunir mörgum almennum verkefnum sem sjóðurinn hefur beitt sér fyrir í þágu atvinnulífsins á Norðurlöndum.

Á árinu 1993 samþykkti NoPEF styrki til fjögurra íslenskra verkefna sem eftirtalin fyrirtæki stóðu að:

	Finnsk mörk
Isen	278.000
UNA	540.000
Industrial Pipe Contractors	110.000
Icelandic Waters	350.000

Þessi verkefni tengjast öll baltnesku löndunum. Þrjú fyrstu verkefnin eru samstarfsverkefni Íslendinga og Litáa og hið síðastnefnda Íslendinga og Eista. Verkefnin eru á ólíkum sviðum. Isen tengist hrossarækt, Una byggingariðnaði, Industrial Pipe Contractors húshitun og Icelandic Waters sjávarútvegi.

NoPEF, sem sett var á stofn árið 1982, er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfissjóðsins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar staðsettar í Helsingfors. Af Íslands hálfu sitja í stjórn sjóðsins Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og Stefán Friðfinnsson, forstjóri Íslenskra aðalverktaka. Þorsteinn Ólafsson viðskiptafræðingur er forstjóri NoPEF.

12.4. Norræni þróunarsjóðurinn.

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) tók formlega til starfa 1. febrúar 1989. Hann hefur aðsetur hjá Norræna fjárfestingarbankanum í Helsingfors og nýtur samrekstrar með honum að mörgu leyti. Stofnfé sjóðsins er 250 millj. SDR (um 25 milljarðar ísl. kr.) og greiðist af Norðurlöndunum í samræmi við „norræna deililykilinn“ og kemur síðasti hlutinn til greiðslu árið 1998.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Fyrst og fremst er lánað til fátækustu ríkja heims. Lánskjörin eru með þeim bestu sem þekkjast. Lánin eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en með 0,75% þjónustugjaldi á ári.

Í lok nóvember 1993 hafði stjórn sjóðsins veitt vilyrði fyrir lánum til 37 verkefna í 24 þróunarlöndum að upphæð 104,6 millj. SDR (um 105 milljarðar ísl. kr.). Þar af hafa verið undirritaðir 22 lánasamningar að upphæð 83 millj. SDR (um 8,3 milljarðar ísl. kr.).

Eitt lán hefur verið undirritað þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Það er lán til fiskveiðiverkefnis í Malawi og er lánsupphæðin 2,8 millj. SDR (um 280 millj. ísl. kr.). Sjóðurinn tekur þátt í verkefninu ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands og Alþjóðabankanum. Samið var við Slippstöðina á Akureyri um smíði rannsóknaskips og fiskiskips til nota á Malawi-vatni. Rannsóknaskipið var flutt til Malawi árið 1992, en fiskiskipið var smíðað og flutt þangað árið 1993. Norræni þróunarsjóðurinn fjármagnaði tækjabúnað í rannsóknarskipinu fyrir 200.000 SDR (um 17,6 millj. ísl. kr.) en Þróunarsamvinnustofnun Íslands skipið sjálft. Sjóðurinn fjármagnaði fiskiskipið að fullu (750.000 SDR eða um 75 millj. ísl. kr.). Þar af voru greiðslur til íslenskra fyrirtækja fyrir skipasmíði, veiðarfæri og ráðgjöf um 53 millj. ísl. kr. Þess má geta að þetta eru tvö síðustu skipin sem Slippstöðin Oddi hf. á Akureyri hefur smíðað.

Íslenskir ráðgjafar hafa unnið fyrir Norræna þróunarsjóðinn við undirbúning fiskveiðiverkefnis á Maldiveyjum. Sjóðurinn hefur lánað 4,2 millj. SDR (um 420 millj. ísl. kr.) til verkefnisins sem er samvinnuverkefni með Alþjóðabankanum, norskum og sænskum hjálparstofnunum o.fl. Íslensk skipasmíðastöð (Þorgeir og Ellert hf.) er tilboðsgjafi í hafnsögubát í verkefninu (báturinn kostar um 25 millj. ísl. kr).

Undirbúningur að samstarfi Norræna þróunarsjóðsins, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Afríska þróunarbankans um fiskveiðiverkefni á Grænhöfðaeyjum er kominn vel

á veg. Einnig er hafinn undirbúningur að samstarfi Norræna þróunarsjóðsins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um fiskveiða- og fiskvinnsluverkefni í Namibíu. Hugsanlega mun sjóðurinn fjármagna byggingu frystihúss í tengslum við verkefnið en íslensk fyrirtæki munu leggja til fiskiskip. Þá er til athugunar hjá Norræna þróunarsjóðnum lánveiting til hitaveituframkvæmda í borginni Tanggu í Kína, en þar er næststærsta jarðhitaveita heimsins á eftir Hitaveitu Reykjavíkur. Kínverska hitaveitan hefur leitað eftir aðstoð íslenskra ráðgjafarfyrirtækja um tæknilegan undirbúning. Yfirverkfræðingur kínversku hitaveitunnar sótti nám í Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Reykjavík.

Sjóðurinn hefur sex starfsmenn. Meðal þeirra er einn Íslendingur, Engilbert Guðmundsson hagfræðingur, en hann gegnir starfi aðstoðarframkvæmdastjóra sjóðsins.

Í stjórn sjóðsins situr einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Fulltrúi Íslands er dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en varamaður dr. Björn Dagbjartsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Sviinn Carl Ivar Öhman veitir sjóðnum forstöðu.

12.5. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Árið 1993 var þriðja heila starfsár Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Megintilgangur félagsins er að stuðla að umhverfisbótum, svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu. NEFCO tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Þátttaka NEFCO er ákveðin á grundvelli mats á umhverfisáhrifum verkefnis og rekstrarhorfum. Almenn skilyrði fyrir þátttöku NEFCO í umhverfisverkefnum er að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá einu hinna Norðurlandanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO er að jafnaði ekki meiri en sem nemur 25% af heildarhlutafé og lánsfé þegar um slíkt er að ræða.

Í árslok hafði stjórn NEFCO samþykkt þátttöku í alls 25 verkefnum með fjármögnun, þ.e. í formi hlutafjár og lána að upphæð samtals 17,8 millj. ekna (ecu) (1,45 milljarðar ísl. kr.), en áætluð heildarfjárfesting í þessum verkefnum er 205 millj. ekna (16,7 milljarðar ísl. kr.).

Þessi verkefni skiptast þannig eftir löndum: Pólland 10, Tékkland 4, Slóvakía 1, Eistland 4, Lettland 1, Litáen 3 og Rússland 2. Aðild norrænna fyrirtækja skiptist þannig eftir löndum: Danmörk 8, Finnland 10, Ísland 1, Noregur 2 og Svíþjóð 11.

Á árinu urðu nokkrar breytingar á starfsemi NEFCO. 1. júlí tóku gildi breytingar á reglum félagsins sem gerðu rekstur þess óháðan rekstri Norræna fjárfestingarbankans (NIB), en bankinn hafði frá upphafi séð um rekstur félagsins. Þá var lögð aukin áhersla á þátttöku NEFCO í frumverkefnamati og undirbjó stjórn félagsins í umboði ráðherranefndarinnar úttekt á brýnustu umhverfisverkefnunum á Barentssvæðinu við Kólaskagann.

Í stjórn NEFCO fyrir Íslands hönd sátu á árinu 1993 Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri (aðalmaður) og Jón Gunnar Ottósson skrifstofustjóri (varamaður). Forstjóri NEFCO frá 1. júlí 1993 er Haaro Pitkänen.

12.6. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda.

Starfshættir.

Mat starfsmanna sjóðsins á lánshæfni umsóknarverkefna er þrískipt. Öll þrjú matsatriði verða að vera jákvæð með tilliti til hæfni verkefnanna til fjármögnunar úr sjóðnum.

Í fyrsta lagi verður verkefnið að vera gott þróunarverkefni í skilningi samþykkta sjóðsins og stjórnar hans. Er þá sérstaklega átt við þróun í útflutningi, sparnað á innflutningi, hagræðingu á þjónustu eða nýsköpun atvinnuvega. Þetta matsatriði byggist mikið á reynslu og oft er leitað til opinberra stofnana eða ráðuneyta ef vafi leikur á.

Í öðru lagi fer fram greining á rekstrarefnahag og markaðsmöguleikum verkefnisins hjá sjóðnum í nánu samstarfi við umsækjendur. Þessi greining er oftast nær nokkuð tímafrek enda fer hún ofan í kjölinn á forsendum og áætlunum allt að tíu ár fram í tímann. Henni lýkur með áætlun fyrir rekstur og jöfnuð sem umsækjandi og sjóðurinn samþykkja. Þótt ótrúlegt kunni að virðast koma oft veikleikar fram við slíka greiningu, jafnvel hjá reyndum fyrirtækjum. Litið er á fjármögnunina í heild ef fleiri lánastofnanir eru inni í dæminu.

Í þriðja lagi verður að vera nægileg trygging fyrir endurgreiðslu láns ef illa skyldi fara og verkefnið verða gjaldþrota. Fjallað er nánar um veð og áhættu þeirra hér að neðan.

Áhættumat verkefna og veða.

Þegar á öðru starfsári, 1989, hóf sjóðurinn að beita áhættumati bæði á verkefnunum og þeim veðum eða ábyrgðum sem veittar voru til tryggingar á endurgreiðslu lánsfjár.

Áhættumat verkefna er í eðli sínu huglægt og háð reynslu starfsmanna sjóðsins eða ráðgjafa þeirra og beinist að athafnasviði, stjórnendum og aðstæðum verkefnanna.

Áhættumat veðanna byggist í fyrsta lagi á óháðu markaðsmati reyndra fagmanna utan sjóðsins (á Íslandi er yfirleitt miðað við sölu innan eins árs) og í öðru lagi á huglægu reynslumati starfsmanna sjóðsins á mögulegri verðrýrnun veðsins ef eigendur skyldu verða gjaldþrota enda aðstæður við sölu veðs allt aðrar hjá gjaldþrota fyrirtæki. Beinist mat starfsmanna sjóðsins að staðsetningu, ástandi og hinni sérhæfðu notkun veðsins.

Matsgerðir þessar koma loksins saman í eina tölu sem lýsa áhættumati sjóðsins á útlánum til einstakra verkefna og einnig á útlánum í heild. Þær eru að verulegu leyti háðar reynslu starfsmanna og því eðlilegt að gæði og notagildi þeirra aukist verulega með tímanum og með aukningu á fjölda útlána. Reynslan af matsaðferðum sjóðsins hefur verið góð til þessa. Þær þykja ekki tímafrekar og auðvelda samanburð á verkefnum.

Áhættumat útlána er notað til þess að meta öryggi þeirra á lánstímabilinu og vísa þeim lánsmálum frá sem af einhverjum ástæðum geta ekki uppfyllt skilyrði sjóðsins til veða. Einnig eru þau notuð til þess að ákveða stærð afskriftareiknings útlána á ári hverju.

Lánskjör.

Öll lán frá sjóðnum eru lán með viðmiðun við erlenda gjaldmiðla, og eru þar algengastir danskar krónur (DKK), þýsk mörk (DEM) og Bandaríkjadalir (USD). Viðmiðun við danskar krónur hefur lengi verið algengust en viðmiðun við þýsk mörk hefur orðið æ algengari síðustu árin.

Vextir miðast við markaðsþróun millibankavaxta og stöðugleika þeirra á mörkuðum erlendis. Dæmigerður vaxtamunur hefur verið um 1,0–1,5% p.a. til þessa hjá sjóðnum, en hann er talinn nægilegur við venjuleg rekstrarskilyrði.

Ekki hefur vöxtum verið beitt þannig að mismunur sé gerður á verkefnum samkvæmt einhverju gæðamati hjá sjóðnum enda er það ekki talið hlutverk vaxtanna hjá sjóðnum. Slík mismunun gæti hæglega bitnað á góðum þróunarverkefnum sem síst mega við því.

Lengd lána fer að miklu leyti eftir þörfinni eins og hún kemur fram í greiningu sjóðsins á rekstrarefnahag umsóknarverkefna. Einnig er tekið tillit til væntanlegs aldurs verkefnisins á markaði og kemur þá t.d. oft í ljós að hátækniverkefni eiga sér stuttan aldur.

Öll lán frá sjóðnum eru undanþegin stimpil- og þinglýsingargjöldum samkvæmt lögum.

Fjölgun á útlánum.

Umsóknum hefur fjölgað verulega 1993 og hafa þrettán lán verið greidd út til íslenskra verkefna og fjögur til grænlenskra verkefna. Engin lán hafa verið afgreidd til Færeyja á árinu og fáar raunhæfar umsóknir eru á leiðinni, enda efnahagur þar í járnum og halda athafnamenn eðlilega að sér höndum þangað til úr rætist.

Engin ný samstarfsverkefni landa á milli í útnorðri hafa séð dagsins ljós og má segja að sá þáttur í tilgangi sjóðsins hafi valdið vonbrigðum fram að þessu. Hins vegar má halda því fram að fenginni reynslu að slík verkefni séu eðlilega sjaldgæf en ekki að öllu leyti ólíkleg og má þar nefna ferðamál sem líklegan vettvang samstarfsverkefna.

Útlán sjóðsins eru að miklu leyti í skilum, en þó eru vanskil meiri nú en á fyrri árum, ekki síst á útlánum til íslenskra fyrirtækja. Aðeins þrjú vanskilamál eru talin mjög alvarleg og líkleg til vandræða. Er eitt þeirra íslenskt en hin tvö færeysk og grænlensk.

Sjóðurinn hefur komist hjá tapi á útlánum fram til þessa þótt nokkur verkefni hafi farið illa og endað með gjaldþroti. Einhvern tímann kemur þó að því að afskriftareikningur útlána verði notaður, enda mat á öryggi útlána byggt á slíkum eins og greint er frá að framan.

Hátt á þriðja hundrað umsókna hafa borist til sjóðsins frá upphafi, en tæplega helmingur þeirra hefur verið með þeim formlega hætti og nægilegum upplýsingum sem nauðsynlega þarf til umfjöllunar og greiningar. Alls hafa starfsmenn sjóðsins fjallað um og greint rúmlega hundrað umsóknir. Tæplega sextíu þessara umsókna hafa verið lagðar fyrir stjórn sjóðsins og hefur einni umsókn verið hafnað en hinar allar samþykktar.

Tveir styrkir og þrjú skilyrt lán.

Fyrir rúmu ári ákvað stjórn sjóðsins að veita eingöngu styrki í undantekningartilfellum í sambandi við útlán, enda hafa aðeins tveir styrkir verið veittir til þessa og þeir báðir til íslenskra verkefna. Stærð styrkja þótti vera eðlileg allt að 5,0 millj. ísl. kr.

Þess ber að geta að samkvæmt samþykktum getur sjóðurinn aðeins veitt styrki eða lán sem í felst veruleg áhætta úr uppsöfnuðum arði. Þessi regla setur að sjálfsögðu takmörk fyrir fjármögnun úr sjóðnum með svonefndu áhættufé.

Í stað styrkja var ákveðið að reyna um tíma aðra útlánategund, sem nefnist skilyrt lán, til forkönnunar á sérstökum þróunarverkefnum. Þessi skilyrtu lán eru yfirleitt lítil (allt að 5,0 millj. ísl. kr.) og eru veitt í sambandi við stærri lánamál eins og styrkirnir. Skilyrtu lánin þarf ekki að endurgreiða ef verkefnið mistekst þótt vel og skilmerkilega hafi verið að því staðið. Þrjú slík lán hafa verið greidd út til íslenskra fyrirtækja á síðustu tveimur árum.

Meðferð skilyrtra lána er mjög vandasöm, en of snemmt er að meta endanlega hæfni slíkra lána til verkefna í útnorðri og einnig fyrir starfshætti sjóðsins.

Reksturinn.

Rekstur sjóðsins er sjálfstæður að mestur leyti. Hann leigir skrifstofuhúsnæði á hentugum stað (nú hjá Byggðastofnun í Reykjavík) og kaupir sérfræðingaþjónustu af ýmsu tagi (lögfræðingar, matsmenn veða, skjalaþýðendur o.s.frv.) þegar nauðsyn krefur. Þrátt fyrir smæð sjóðsins er þetta nokkuð hentugur rekstrarmáti.

Sjóðurinn hefur fram að þessu þurft að fjárfesta í ríkisskuldabréfum (dönskum) til þess að ná bestu ávöxtun á eignum sínum, bæði til langs og skamms tíma. Í sambandi við þessa starfsemi hefur hann fengið og notið ráða ýmissa erlendra banka.

Öll starfsemi sjóðsins hefur aukist verulega á síðustu árum og eru starfsmenn nú fjórir en alls eru stöðugildin þrjú að forstjóranum meðtöldum. Tveir starfsmenn vinna aðeins hálfan daginn í sambandi við bókhald og ritarastörf. Einn nýr starfsmaður var ráðinn á árinu og starfar hann aðallega við greiningu rekstrarefnahags umsóknarverkefna.

Tveir stjórnarfundir eru haldnir á ári hverju. Einn í Kaupmannahöfn á vetrum og annar til skiptis í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi á sumrum. Langflest lánamál eru afgreidd skriflega í fjarskiptum og fjalla stjórnarfundir því mikið um stefnu- og efnahagsmál.

Rekstur sjóðsins og ástand útlána hefur fram að þessu verið þannig að hagnaður hefur verið af starfseminni á hverju starfsári. Svo mun einnig verða fyrir árið 1993 þótt endanlegar tölur séu ekki kunnar, enda sýndi uppgjör á miðju ári eðlilegan hagnað, rúmlega 1,4 millj. d.kr. eða tæpar 15 millj. ísl. kr.

Sjóðurinn er ekki á fjárlögum aðildarlanda nema hvað greiðslu stofnfjár varðar. Greiðslur þessar voru ákveðnar við stofnun sjóðsins árið 1986 og þeim lýkur 1995. Starfsemi sjóðsins fer að öllu leyti fram við almenn markaðsskilyrði samhliða öðrum lánastofnunum og verður sjóðurinn að standa sjálfur fyrir rekstri sínum og efnahag.

Starfsemi á tímamótum.

Segja má að starfsemi sjóðsins sé nú á tímamótum. Hún hefur byrjað hægt eins og við mátti búast hjá fjárfestingarsjóði á athafnasvæði í kreppu. Útlán hafa þó aukist verulega, sérstaklega á þessu ári (1993). Aukningin er að verulegu leyti á útlánum til Íslands.

Nýting stofnfjár — miðað við þá reglu samþykkta að útistandandi lán megi verða alls að upphæð tvöföld stærð stofnfjár — er að nálgast 50% sem aftur á móti þýðir að sjóðurinn verður að útvega sér hagstæð innlán á næstunni til þess að geta haldið áfram starfseminni. Fram til þessa hefur sjóðurinn eingöngu aflað sér innlána til þess að ná jöfnuði í tegundum gjaldeyris og þar af leiðandi minni áhættu.

Langflest útlán hafa verið veitt til Íslands en fæst til Færeyja (aðeins tvö), enda er efnahagsástandið þar óvenju slæmt eins og allir vita.

Sjóðurinn hefur frá upphafi veitt lán til þróunarverkefna í flestöllum atvinnugreinum og í mjög breiðum skilningi af ásettu ráði — en þó í samræmi við samþykktir sjóðsins. Þetta hefur verið gert til þess að ná fótfestu og reynslu á athafnasvæðinu.

Nú þegar þessu takmarki hefur verið náð að verulegu leyti er tími til kominn, að mati stjórnarmanna, að ákveða nánar og beina starfsemi sjóðsins betur inn á svið þróunarverkefna með verulega nýsköpunarmöguleika eins og frekast er unnt án þess að glata hinni sterku fjárhagsstöðu sem sjóðurinn hefur nú. Þetta áform mun að sjálfsögðu takmarkast eitthvað af samþykktum sjóðsins eins og þær eru nú.

Í stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda sitja sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra varamann. Fyrir Íslands hönd situr Sturlaugur Þorsteinsson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði, í stjórn sjóðsins og er hann jafnframt formaður stjórnar næstu tvö

árin. Varamaður Sturlaugs er Guðmundur Árnason, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlandanna.
(Ósló, 1. mars 1993.)

Í tengslum við 42. þing Norðurlandaráðs í Ósló var hinn 1. mars 1993 haldinn fundur forsætisráðherra Norðurlandanna til að ræða norræna og evrópska samvinnu. Ráðherrarnir lýstu eftirfarandi yfir:

Atvinnumál á Norðurlöndunum.

Forsætisráðherrarnir hafa þungar áhyggjur af þróun atvinnuleysis á Norðurlöndunum. Aukning atvinnuleysis meðal ungs fólks, er leitar að vinnu, er sérstakt áhyggjuefni.

Baráttan gegn atvinnuleysinu er mikilvægasta þjóðfélagsverkefnið á öllum Norðurlöndunum. Stefnan í atvinnumálum er í ríkum mæli mál á ábyrgð hvers lands um sig en aðstæður knýja á um að aðgerðir Evrópulandanna séu samræmdar betur og alþjóðlegt efnahagssamstarf sé endurnýjað og aukið.

Forsætisráðherrarnir telja mjög mikilvægt það starf sem miðar að því að auka efnahagssamvinnu í Evrópu. Þeir leggja mikla áherslu á að aðstæður séu til þess fallnar að unnt sé að fullgilda EES-samninginn í öllum EFTA- og EB-ríkjunum þannig að hann geti gengið í gildi frá og með 1. júlí 1993.

Forsætisráðherrarnir leggja á það áherslu að fjármunum Evrópulanda verði að ráðstafa á samræmdan hátt með það að leiðarljósi að atvinnumál hafi algeran forgang. Mikilvæg forsenda þess að hagvöxtur og atvinna aukist varanlega er sú að verðbólga sé áfram lág og fjármálastjórn verði styrkt en slíkt getur leitt til lægri vaxta. Til að stuðla að því að fjárlög hafi áhrif í þá átt að auka atvinnu munu Norðurlöndin leitast við að hraða kerfisumbótum þar sem norrænir hagsmunir eru fyrir hendi.

Þörf er á samræmdari evrópskri áætlun til að stuðla að því að fjárfesting í Evrópu verði vænlegri kostur. Nauðsynlegt er að fjárframlögum hins opinbera sé í ríkari mæli en nú er beint frá óvirkum til virkra ráðstafana og aukinnar fjárfestingar enda sé jafnframt gætt aðhalds á sviði opinberra útgjalda. Það er einnig mjög mikilvægt að stuðla að meiri samvinnu í efnahags- og gengismálum til að tryggja aukningu hagvaxtar.

Forsætisráðherrarnir líta það jákvæðum augum að baráttunni gegn atvinnuleysi er nú gefinn góður gaumur í EB-ríkjunum þar sem unnið er að umfangsmiklum sameiginlegum ráðstöfunum varðandi hagvöxt og atvinnu.

Forsætisráðherrarnir leggja mikið upp úr fyrirhuguðum fundi fjármálaráðherra EFTA- og EB-ríkjanna 19. apríl. Þeir beina því til fjármála- og efnahagsráðherranna að undirbúa þennan fund mjög vel í því augnamiði að Norðurlöndin geti með þátttöku sinni stutt störf að því að örva með samræmdum hætti hagvöxt á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Forsætisráðherrarnir styðja áform um frekari ráðstafanir gegn atvinnuleysi meðal ungs fólks sem norrænu vinnumálaráðherrarnir hafa staðið að.

Forsætisráðherrarnir undirstrika mikilvægi annarra ráðstafana á alþjóðavettvangi sem eru nú í undirbúningi, starf OECD í baráttunni við atvinnuleysið og fund ríkjanna sjö í sumar þar sem markmiðið er að efla alþjóðlega samvinnu.

Evrópsk samvinna.

Forsætisráðherrarnir hafa rætt hvernig viðræðum miði milli EB og þeirra Norðurlandanna sem sótt hafa um aðild að bandalaginu. Þeir eru ánægðir með mótun góðs skipulags og tímaáætlunar viðræðnanna. Þeir leggja áherslu á að áfram verði náin tengsl milli Norðurlandanna með það í huga að veita gagnkvæman stuðning og gæta sameiginlegra hagsmuna þar sem slíkt er eðlilegt.

Svæðissamstarf í nágrenni Norðurlandanna.

Forsætisráðherrarnir hafa rætt hvernig samvinnu um Eystrasalt og Barentshaf miði og styðja aukningu samstarfsins á þessum svæðum. Þeir leggja mikla áherslu á frekari þróun svæðissamstarfs í nágrenni Norðurlanda og líta á það sem mikilvægan þátt í nánari samvinnu í Norður-Evrópu.

Forsætisráðherrarnir vísa til góðrar reynslu sem fengist hafi með sameiginlegum aðgerðum Norðurlandanna í Eystrasaltsríkjunum og eru samþykkir því að áfram sé unnið á svipaðan hátt gagnvart Norðvestur-Rússlandi.

Ástandið í fyrrum Júgóslavíu.

Forsætisráðherrarnir lýsa yfir eindreginni andstöðu sinni við þau stríðsátök sem eiga sér stað og linnulausar árásir á óbreytta borgara á ófriðarsvæðunum í fyrrum Júgóslavíu.

Forsætisráðherrarnir lýsa yfir stuðningi sínum við Vance-Owen-áætlunina fyrir Bosníu-Hersegóvínu og undirstrika mikilvægi þess að samningaviðræðum sé haldið áfram. Þeir styðja allar aðgerðir sem átt geta þátt í að girða fyrir það að ófriðurinn breiðist út til Kósóvó og Makedóníu, fyrrverandi lýðveldis í Júgóslavíu. Í þessu sambandi minna þeir á sameiginlegt norrænt herfylki sem nú er í fyrrverandi júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu.

Forsætisráðherrarnir telja mikilvægt að allir aðilar stuðli að þróun sem tryggt geti að friður náist og mannlegum þjáningum linni. Þeir eru hlynntir því að Bandaríkin láti nú meira að sér kveða í friðarstarfi Sameinuðu þjóðanna á svæðinu. Þeir styðja frumkvæði Bandaríkjamanna um að koma upp loftbrú með sendingum hjálpargagna í mannúðarskyni þar sem aðstæður krefjast.

Forsætisráðherrarnir styðja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 808 um stofnun alþjóðadómstóls til að dæma þá sem hafa gerst sekir um stríðsglæpi.

Meðferð tillagna um umbætur í norrænni samvinnu.

Forsætisráðherrarnir lýsa yfir ánægju sinni með starf á grundvelli þeirra tillagna um umbætur í norrænni samvinnu sem lagðar voru fram á forsætisráðherrafundinum á Borgundarhólmi og á 41. þingi Norðurlandaráðs í Árósum.

Forsætisráðherrarnir styðja breytingar á skipulagi samstarfs ríkisstjórna á grundvelli þeirra sviða sem samkomulag varð um í Árósum að leggja mesta áherslu á.

Þeir telja öll samskipti milli ríkisstjórnanna mikilvæg hvort sem þau eru óformleg eða eiga sér stað með aðstoð skrifstofunnar. Forsætisráðherrarnir vilja leggja áherslu á það nána samstarf sem þróast hefur milli forsætisráðherranna, utanríkisráðherranna og fjármála- og efnahagsráðherranna.

Forsætisráðherrarnir leggja áherslu á að frumkvæði þeirra miðist að því að hleypa lífi í norrænt samstarf með því að gera samstarf ríkisstjórnanna markvissara og stuðla að því að styrkja Norðurlandaráð sem samstarfsvettvang ríkisstjórna og þingmanna að því er varðar norræn mál og alþjóðamál. Þeir undirstrika að tillagan um breytingar á Helsingfors-samningnum muni styrkja mjög ákvörðunarvald Norðurlandaráðs varðandi fjárhagsáætlunina.

Fulltrúar Norðurlandanna voru:
Gro Harlem Brundtland forsætisráðherra, Noregi (formaður),
Paul Nyrup Rasmussen forsætisráðherra, Danmörku,
Esko Aho forsætisráðherra, Finnlandi,
Davíð Oddsson forsætisráðherra, Íslandi,
Carl Bildt forsætisráðherra, Svíþjóð.

Niðurstaða forsætisráðherranna um norræna samvinnu varðandi persónur.

(Reine, 2. júlí 1993.)

Forsætisráðherrarnir fara þess á leit við samstarfsráðherrana að þeir láti hefja athugun á þeim hindrunum sem fólk verður fyrir á landamærum vegna ferða yfir þau og dvalar eða atvinnu í öðru landi auk þess sem þeir geri tillögur til forsætisráðherranna um ráðstafanir til úrbóta.

Í starfi þessu skal aðallega höfð hliðsjón af Iloniemi-skýrslunni, yfirstandandi athugun í ráðherranefnd Norðurlanda og samrunaþróuninni í Evrópu.

Starfinu skal stýra einstaklingur með víðtæka reynslu í norrænum málefnum en í samstarfi við skrifstofuna, norrænu samstarfsnefndina og sérfræðinga einstakra landa.

Samstarfsráðherrarnir skulu tilnefna einstaklinginn. Skal leggja fyrstu skýrslu fyrir fund forsætisráðherranna í Maríuhöfn 8. nóvember.

Yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlandanna ásamt fjármála- og efnahagsráðherrum landanna um aukna atvinnu, gefin út í Maríuhöfn 8. nóvember 1993.

Norðurlöndin og Evrópa þarfnast aukins hagvaxtar til að skapa ný störf og draga úr atvinnuleysi.

Atvinnuleysið á bæði rætur að rekja til almenns efnahagsvanda og kerfisvandamála í efnahagslífinu. Kerfisvandamálin hafa gert æ erfiðara um vik við að draga úr atvinnuleysi auk þess sem samkeppni frá öðrum ríkjum hefur aukist. Ef ekki verður komið á víðtækum kerfisumbótum og samkeppnishæfni aukin er alvarleg hætta á miklu, varanlegu langtímaatvinnuleysi jafnvel þótt betri tíð komi í efnahagslífinu.

Mikilvæg forsenda hagvaxtar, sem skapar ný störf, er að áfram sé barist gegn verðbólgunni.

Ríkisstjórnir Norðurlandanna fagna endurnýjuðu átaki Evrópuríkja til að leita sameiginlegra lausna á hagvaxtar- og atvinnuvandamálum innan vébanda EB og í samstarfi EB og EFTA.

Hagkerfi einstakra ríkja skipta sköpum en einungis með samstarfi Evrópuríkja getur átak einstakra ríkja haft hámarksáhrif.

Heilbrigð opinber fjármál eru einnig mikilvæg forsenda þess að efnahagslífið megi örva, fyrst og fremst í formi lægri vaxta.

Ríkisstjórnir Norðurlandanna fagna því starfi sem hófst á og fyrir tilstuðlan fundar evrópska ráðsins í Edinborg og haldið var áfram með fundinum í Kaupmannahöfn en það fólst í því að skapa virka stefnu í hagvaxtar- og atvinnumálum með sameiginlegu átaki. Þær leggja mikið upp úr því starfi sem unnið verður á fundi evrópska ráðsins í Brussel í desember.

Það skiptir mjög miklu að viðræðurnar milli EB og EFTA haldi áfram á ráðherrafundinum sem haldinn verður í Brussel 14. desember. Ríkisstjórnir Norðurlandanna meta einnig starf á þessu sviði í OECD og fagna hugmyndum um leiðtogafund um atvinnumál innan vébanda þess.

Við leggjum sérstaka áherslu á eftirfarandi mál í áframhaldandi alþjóðasamstarfi um aukinn hagvöxt og atvinnu:

Víðtækari fríverslun.

Það er mjög mikilvægt að viðræðurnar um aukið frjálsræði í viðskiptum í heiminum verði fljótt til lykta leiddar. Ágætur grundvöllur hefur verið lagður með þegar gerðum samningum. Verði GATT-samningur gerður fljótlega yrði það mikilvægt merki um aukinn hagvöxt.

Það er einnig mjög mikilvægt að EES-samningurinn með auknu frjálsræði og fríverslun í Evrópu gangi nú í gildi.

Það er skoðun Norðurlandanna að fríverslun eigi svo skjótt sem auðið er að ná til allrar Evrópu. Fríverslun í Evrópu felur ekki síst í sér nýja möguleika fyrir Mið- og Austur-Evrópu en getur einnig haft umtalsverð hagvaxtaráhrif í Vestur-Evrópu séu nauðsynlegar kerfisbreytingar gerðar.

Það er sérlega mikilvægt að Eistland, Lettland og Litáen geti tekið þátt í fríverslun við grannlönd sín á Norðurlöndunum. Möguleikar Eystrasaltslandanna á aukinni velmegun og stöðugleika í stjórnmálum eru mjög undir því komnir að vörur þessara landa eigi frjálsan aðgang að útlendum mörkuðum. Við fögnum því þess vegna að framkvæmdastjórn EB var falið á fundinum í Kaupmannahöfn að leggja fram tillögur um að rýmka gildandi viðskiptasamninga við Eystrasaltslöndin þannig að þeir verði að fríverslunarsamningum.

Fyrir ríkisborgarana leiðir mikil og útvíkkuð fríverslun til lægra verðs, fjölgunar fyrirtækja, þar sem framleiðni eykst og unnt er að greiða hærri laun, og loks traustari grundvallar efnahagslífsins. Hið síðarnefnda er einnig forsenda þess að rekstur hins opinbera gangi vel.

Heilbrigð ríkisfjármál til að lækka vexti.

Í svo að segja öllum Evrópulöndum er slæmt ástand í ríkisfjármálum nú vaxandi vandamál. Það takmarkar athafnafrelsi í efnahagsmálum jafnframt því sem hætt er við að nauðsynleg þróun í átt til lægri vaxta verði stöðvuð. Þau lönd, sem hafa aðstöðu til þess, ættu þó að nýta svigrúm sitt í ríkisfjármálum.

Séu ríkisfjármálin í lagi skapast grundvöllur fyrir því að efnahagslíf í hinum mismunandi Evrópulöndum glæðist, fyrst og fremst í formi lægri vaxta. Hér er þó forsendan sú að áfram sé gert ráð fyrir lágri verðbólgu.

Stefnu í fjármálum ber að móta þannig að hún styðji kerfisumbætur, hagvöxt og atvinnu. Breyta má samsetningu opinberra útgjalda þannig að fjárfestingar, sem auka hagvöxt, fái meira vægi. Skattar og útgjöld eiga ekki að fara fram úr því sem eðlilegt er þegar litið er til langs tíma.

Kerfisumbætur til að skapa fleiri og ný störf.

Það er mjög mikilvægt í efnahagslífi Evrópulanda að nýta hæfileika manna betur en það nægir ekki til að skapa aftur fulla atvinnu. Stefnan á því sem næst öllum sviðum þjóðlífsins verður þess vegna að miða að kerfisumbótum sem leiða til þess að efnahagslíf í löndum okkar gangi betur og hagvöxtur aukist hraðar.

Máli skiptir að gefa einstaklingum, fyrirtækjum og hinu opinbera rétt skilaboð og tryggja þannig að á virkan hátt verði mikilvægasta auðlindin nýtt — vilji manna til að vinna þarft dagsverk.

Nokkur mikilvæg dæmi um kerfisumbætur:

—Lítil og meðalstór fyrirtæki.

Nýjum störfum fjölgar fyrst og fremst á þann hátt að litlum og meðalstórum fyrirtækjum fjölgar og þau stækka. M.a. verður stefnan í skattamálum að greiða götu fyrirtækja. Einnig verður að leitast við að einfalda löggjöfina almennt til hagsbóta fyrir smá og meðalstór fyrirtæki, m.a. í skattamálum og vinnumarkaðsmálum.

—Virk stefna í vinnumarkaðsmálum.

Þá stefnu ber að móta þannig að fólk sé hvatt til að mennta sig, endurhæfa sig og vera virkt á tímum atvinnuleysis fremur en að þiggja óvirkt bætur. Það er sérlega mikilvægt að hinar virku aðgerðir beinist að því að gefa þeim sem hafa verið atvinnulausir í langan tíma betri færi á að hefja aftur verðmæt störf. Annars láta menn endanlega bugast og því fylgja miklar mannlegar þjáningar og erfið félagsleg vandamál, svo sem verðbólguhvetjandi hindranir í framleiðslu.

—Staða þess er leitar vinnu á vinnumarkaðinum.

Stöðuna ber að styrkja. Það krefst aukins sveigjanleika í atvinnulífinu. Bótatími í atvinnuleysistryggingakerfinu er ekki ótímabundinn heldur endar við aðgerðir og jafnframt eru gerðar kröfur um að vinna, sem í boði er, sé þegin. Með ýmsum hætti skal gefa vinnuafli, sem er ekki fulllært, möguleika á að starfa á vinnumarkaðinum. Það getur m.a. gerst með fyrirtækja- og starfsmenntun, svo og meiri sveigjanleika.

—Hæfnisþróun.

Hæfnisþróun með menntun og endurhæfingu er orðin mikilvægari vegna fleiri láglaunaframleiðenda „við okkar eigin þröskuld“ í Eystrasaltsríkjunum, Mið- og Austur-Evrópu. Við viljum ekki að fyrirtæki okkar komist í þá stöðu að þau verði að eiga í samkeppni með því að greiða lág laun og framleiða eða láta í té tiltölulega óvandaða vöru og þjónustu. Gagnráðstöfunin er einmitt falin í hæfnisþróun og fjárfestingum í háframleiðnistarfsemi.

—*Varanlegur hagvöxtur.*

Aukin starfsemi takmarkast af þeim hömlum sem náttúran setur. Mikil þörf er á að leggja sig fram um að hamla gegn umhverfisspjöllum, bæði í okkar eigin löndum sem og annars staðar í heiminum. Metnaðarfull stefna í umhverfismálum hefur ekki einungis í för með sér betra umhverfi heldur getur einnig átt þátt í því að skapa fleiri störf þegar til skemmri eða lengri tíma er litið.

—*Minni styrkir til atvinnulífs.*

Sú stefna að efla atvinnulífið á að beinast að því að skapa færi á þróun og aukinni starfsemi nýrra fyrirtækja. Stefna, þar sem aðeins vissar greinar og fyrirtæki eru styrkt, getur raskað samkeppni og valdið öðrum fyrirtækjum, sem vilja færa út kvíarnar, erfiðleikum. Lægri styrkir til atvinnulífsins geta leitt til fjármálastefnu sem örvar atvinnulífið. Í alþjóðasamningum þarf stefnan að vera sú að takmarka styrki einstakra ríkja.

—*Vinnuskipting.*

Á nýjan leik er rætt um almenna styttingu vinnutímans sem leið til að auka vinnu. Reynslan á Norðurlöndunum, svo og fræðilegar athuganir, benda ekki til þess að almenn stytting vinnutímans mundi auka heildareftirspurn eftir vinnuafli. Það er þó mikilvægt að gefa kost á sveiganlegri vinnutíma, hlutastörfum, skiptum á störfum í tengslum við framhaldsmenntun o.s.frv.

Stöðugt gengi gjaldmiðla.

Í efnahagslífi lítilla landa eins og Norðurlandanna skapast sérlega mikil vandamál þegar gengi gjaldmiðla sveiflast mikið. Sveiflur upp og niður hafa m.a. í för með sér mjög mismunandi hagnað og skapa erfiðleika í launamyndun hjá aðilum á vinnumarkaði. Stöðugri gengistengsl í hinum stóru löndum Vestur-Evrópu eru þess vegna mjög mikilvæg Norðurlöndunum. Ákvörðun EB um Evrópsku myntstofnunina (EMI) teljum við fagnaðarefni og í grundvallaratriðum mikilvægt skref í átt til aukins jafnvægis gjaldmiðla í Vestur-Evrópu. Upphaf annars þáttar í starfi myntsamstarfs Evrópu (EMU) bætir möguleikana á samræmingu í efnahagsmálum og um leið forsendur fyrir stöðugum hagvexti og aukinni atvinnu.

Stöðugleiki í gengismálum er ekki síst mikilvægur vegna þess að miklar sveiflur á gengi gjaldmiðla skapar sennilega erfiðleika í þeirri fríverslun sem svo miklu er kostað til að ná í EFTA, EES-samningnum og á innri markaði EB. Mikill óstöðugleiki milli gjaldmiðla skapar hættu á undiröldu verndarstefnu sem ógnar fríversluninni og um leið hagvexti og atvinnu.

Stöðugri gjaldmiðlar byggjast á því að betur takist til um samstarf varðandi stefnu í efnahagsmálum í Evrópu. Hin litlu og opnu efnahagskerfi Norðurlandanna eiga mjög mikið undir því að þetta samstarf gangi betur.

Yfirlýsing.
(Reine, 2. júlí 1993.)

Á fundi forsætisráðherra Norðurlandanna í Reine 2. júlí 1993 var rætt um forsendur norræns samstarfs í sjónvarpsmálum.

Forsætisráðherrarnir eru sammála um að biðja ríkisreknu norrænu sjónvarpsstöðvarnar að leggja fram tillögu þar sem lagt sé mat á hvort unnt sé að koma upp sameiginlegri norrænni sjónvarpsrás. Biðja forsætisráðherrarnir stöðvarnar um að koma skýrslu um málið í sínar hendur fyrir 15. október.

Samtímis fara forsætisráðherrarnir þess á leit við menntamálaráðherrana að vinna að því að skapa bætt skilyrði fyrir því að sjónvarpsþáttum Norðurlandanna sé í auknum mæli dreift til nágrannalandanna. Eru hinir síðarnefndu einnig beðnir um að athuga betur möguleika á aðgerðum til að auka norrænt samstarf í sjónvarpsmálum, m.a. með lausn óútkljáðra mála sem snerta höfundarétt, frekari þróun samstarfs á grundvelli Nordvisjon og styrk til sameiginlegrar norrænnar framleiðslu á sjónvarpsefni.

Forsætisráðherrarnir vísa til nýrrar áherslu á norrænt menningarsamstarf og að á grundvelli þess geti Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn í ríkari mæli styrkt norræna þáttagerð.

Samþykkt forsætisráðherranna.
(Maríuhöfn, 8. nóvember 1993.)

Ráðstafanir til að greiða götu íbúanna varðandi ferðir, dvöl og atvinnu á Norðurlöndunum.

Forsætisráðherrarnir biðja viðkomandi sérráðherra í ráðherranefnd Norðurlanda að gera nauðsynlegar breytingar á gildandi reglum og stjórnsýsluvenjum til að ryðja úr vegi þeim hindrunum, sem bent er á í tilvikunum hér að ofan, og leggja skýrslu um fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir fund Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í mars 1994.

Enn fremur biðja forsætisráðherrarnir samstarfsráðherrana að meta tillögur um norrænt jafnréttisákvæði í Helsingfors-samningnum. Skal það gert í ljósi jafnréttisákvæða EES-samningsins. Í þessu sambandi skal athuga önnur form varðandi lausn deilna.

Yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlandanna um sjónvarpssamstarfið „Norðurstjörnuna“ (Nordstjärnan).
(Maríuhöfn, 8. nóvember 1993.)

Grundvöllur norrænnar samvinnu er gagnkvæm tungumálakunnátta og þekking á málefnum nágrannalandanna. Í þessu samhengi gegna fjölmiðlar, ekki síst sjónvarp, veigamiklu hlutverki.

Áhugi Norðurlandabúa og markvissar stjórnmálalegar ákvarðanir í norrænu ríkjunum hafa leitt til þess að æ fleiri á Norðurlöndunum geta nú horft á sjónvarp nágrannalands. Við fögnum mjög þeirri þróun og viljum efla hana í framtíðinni.

Sem stendur er þó aðeins unnt að ná sjónvarpi nágrannalands á minni hluta heimila á Norðurlöndunum. Ríkisreknu sjónvarpsstöðvarnar hafa nú gert athugun á því hvort unnt sé að koma upp sameiginlegri sjónvarpsrás um gervihnött. Danska útvarpið hefur lýst því yfir að það geti ekki stutt tillögu hinna sjónvarpsstöðvanna.

Í „Norðurstjörnunni", sjónvarpsrás þeirri sem tillaga hefur verið gerð um, skal samkvæmt ofangreindri athugun vera mikið úrval þátta. Á grundvelli fjármögnunar sjónvarpskerfisins með afnotagjöldum skiptir máli að framboð sjónvarpsþátta sé frambærilegt til þess að rásin standist samkeppni við annað sjónvarpsefni sem í boði er. Í útreikningum sjónvarpsstöðvanna er gengið út frá því að þorri þeirra sem afnotagjöld greiða hafi áhuga á rásinni. Þrátt fyrir það hefur verið talin þörf á því að fara bæði fram á ríflegan ríkisstyrk til rekstrarins og ríkisábyrgðir.

Á fundi sínum í Maríuhöfn 8. nóvember ræddu forsætisráðherrar Norðurlandanna fimm athugunina sem þeir höfðu farið fram á að gerð væri. Það er skoðun forsætisráðherranna að sjónvarpsrásin, sem drög hafa verið lögð að, sé áhugaverð, bæði með tilliti til efnis þátta og dreifingar þeirra.

Það er þó skoðun forsætisráðherranna að ríkin geti ekki veitt í þessu skyni fjárstuðning þann sem tillaga hefur verið gerð um. Það er því komið undir viðkomandi sjónvarpsstöðvum að meta sjálfstætt frekari möguleika á að koma upp norrænni sjónvarpsrás.

Yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlandanna um heimkvaðningu rússnesks herliðs frá Eystrasaltsríkjunum.

(Maríuhöfn, 8. nóvember 1993.)

Heimkvaðning rússneskra hersveita frá Eystrasaltslöndunum skiptir mjög miklu máli fyrir öryggi og jafnvægi á Norðurlöndunum og nágrenni þeirra.

Forsætisráðherrar Norðurlandanna fagna heimkvaðningu hersveita frá Litáen og líta á hana sem jákvætt skref í þá átt að efna skuldbindingar í lokayfirlýsingu ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu frá því í júlí 1992 þar sem kveðið var á um skjóta heimkvaðningu allra hersveita frá Eystrasaltslöndunum með skipulögðum hætti.

Nú er liðið meira en ár frá því að Rússland gekkst undir þessa skuldbindingu. Þá eru yfir tvö ár frá því að Rússland viðurkenndi endurheimt sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna.

Rússneskar hersveitir, sem sitja enn í Eistlandi og Lettlandi, eru fáar og verður að kveðja þær heim sem allra fyrst. Óviðunandi er að erlendar hersveitir sitji áfram á landsvæði sjálfstæðra ríkja án samþykkis þeirra.

Norðurlöndin hafa þegar innt af hendi, eða eru reiðubúin til að inna af hendi, bein framlög til að leysa viss raunhæf vandamál, m.a. húsnæðisvandamál hinna heimkvöddu, og ganga út frá því að framlögin leiði til þess að heimkvaðningu hersveita frá Eistlandi og Lettlandi ljúki hið fyrsta. Við hvetjum önnur lönd til að leggja einnig sitt af mörkum í þessu skyni.

Forsætisráðherrar Norðurlandanna telja að efndir á heimkvaðningu rússneskra hersveita frá öllum Eystrasaltslöndunum séu mikilvægt skref á leið til bættra samskipta milli Eystrasaltslandanna og Rússlands. Gott samband þeirra í milli, byggt á trúnaðartrausti, eykur líkurnar á nánari samvinnu í allri Norður-Evrópu.

Fylgiskjal II.

Samstarfssamningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar (Helsingfors-samningurinn).

Samningurinn var undirritaður hinn 23. mars 1962 og öðlaðist gildi hinn 1. júlí sama ár. Hinn upprunalegi texti hefur verið endurskoðaður í samræmi við samninga er undirritaðir voru hinn 13. febrúar 1971, hinn 11. mars 1974, hinn 15. júní 1983, hinn 6. maí 1985, hinn 21. ágúst 1991 og hinn 18. mars 1993.

(Inngangur að samningnum hinn 18. mars 1993.)

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,
sem með samkomulagi frá 13. febrúar 1971, 11. mars 1974, 15. júní 1983, 6. maí 1985 og 21. ágúst 1991 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Norðurlandanna, og sem óska þess að endurnýja og efla norræna samvinnu í ljósi aukinnar þátttöku Norðurlandanna í evrópskri samvinnu, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

Inngangsákvæði.

1. grein.

Samningsaðilar skulu kappkosta að varðveita og efla enn frekar samstarf ríkjanna á sviði réttarfars, menningarmála, félagsmála og efnahagsmála, svo og um samgöngur og umhverfisvernd.

Samningsaðilar skulu ráðgast hver við annan um sameiginleg hagsmunamál sem eru til umfjöllunar í evrópskum og öðrum alþjóðlegum stofnunum og á evrópskum og öðrum alþjóðlegum ráðstefnum.

Réttarsamstarf.

2. grein.

Samningsaðilar skulu halda áfram að vinna að því að ríkisborgarar Norðurlanda, sem dveljast á Norðurlöndum utan heimalands síns, njóti svo sem framast er unnt sömu réttarstöðu og ríkisborgarar dvalarlandsins.

3. grein.

Samningsaðilar skulu leitast við að auðvelda ríkisborgurum Norðurlanda að hljóta ríkisfang í einhverju hinna landanna.

4. grein.

Samningsaðilar skulu halda áfram löggjafarsamstarfi í því skyni að ná sem mestu samræmi á sviði einkamálaréttar.

5. grein.

Samningsaðilum ber að leitast við að samræma reglur um afbrot og lögfylgjur þeirra.

Hafi afbrot verið framið í einhverju Norðurlandanna ber að keppa að því að rannsókn, málshöfðun og dómur geti einnig farið fram, svo sem framast er unnt, í einhverju hinna.

6. grein.

Samningsaðilar skulu leitast við að ná samræmi sín á milli um aðra löggjöf en nú hefur verið nefnd á þeim sviðum þar sem hagkvæmt þykir.

7. grein.

Sérhverjum samningsaðila ber að vinna að því að settar verði reglur um að úrskurðir dómstóls eða annars yfirvalds í einhverju Norðurlandanna geti einnig hlotið fullnustu á umráðasvæði hans.

Samstarf í menningarmálum.

8. grein.

Fræðsla og menntun í skólum í sérhverju Norðurlandanna skal í hæfilegum mæli taka til fræðslu í tungumálum og um menningu og almennt þjóðfélagsástand á hinum Norðurlöndunum, þar með töldum Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

9. grein.

Sérhverjum samningsaðila ber að halda við og auka möguleika fyrir námsmenn, sem heima eiga í öðru Norðurlanda, til að stunda nám og þreyta próf við fræðslustofnanir hans. Skal þá, svo sem framast er unnt, leyft að taka gilt próf í hluta námsgreinar í einu landanna við lokapróf í einhverju hinna.

Nemandi ætti að geta fengið styrk frá landi sínu án tillits til þess í hvaða landi námið er stundað.

10. grein.

Samningsaðilum ber að samræma fræðslu sem veitt er af opinberri hálfu og miðar að því að veita heimild til að stunda ákveðna atvinnu.

Slík menntun ætti, svo sem unnt er, að veita sömu réttindi í sérhverju Norðurlandanna. Krefjast má þó þeirrar viðbótarmenntunar sem nauðsynleg kann að vera vegna aðstæðna hverrar þjóðar um sig.

11. grein.

Þegar um er að ræða að koma á fót fræðslustofnunum ber að hafa samstarf á þeim sviðum, sem hentugt þykir, með stöðugri samvinnu um áætlanir, sem um þetta eru gerðar, og framkvæmd þeirra.

12. grein.

Samstarf í rannsóknum ber að haga þannig að tiltækar fjárveitingar til rannsókna og önnur framlög til þeirra verði samræmd og notuð á þann hátt sem bestur er, m.a. með því að setja á fót sameiginlegar stofnanir.

13. grein.

Í því skyni að styðja og efla menningarþróunina skulu samningsaðilar stuðla að frjálsu lýðfræðslustarfi á Norðurlöndum og samskiptum á sviði bókmennta, myndlistar, tónlistar, leiklistar, kvikmynda og annarra menningarmála, m.a. með því að nýta þá möguleika sem útvarp og sjónvarp hafa að bjóða.

Samstarf í félagsmálum.

14. grein.

Samningsaðilar skulu leitast við að varðveita og þróa enn betur hinn sameiginlega norræna vinnumarkað samkvæmt þeim meginstefnum sem markaðar hafa verið með fyrri samningum. Vinnumiðlun og starfsfræðsla skulu samræmdar. Frjáls skulu skipti á nemum í verknámi.

Stefna ber að samræmi í reglum hinna einstöku landa um vernd verkafólks og svipuð mál.

15. grein.

Samningsaðilar skulu vinna að því að ríkisborgarar Norðurlandanna, sem dveljast í öðru Norðurlandanna en eigin landi, skuli svo sem framast er unnt njóta þeirra félagslegu hlunninda sem ríkisborgarar dvalarlandsins njóta.

16. grein.

Samningsaðilar skulu auka enn samstarfið að heilsugæslu- og sjúkramálum, umönnun áfengissjúklinga, svo og barnavernd og unglinga.

17. grein.

Sérhver samningsaðili skal vinna að því að læknisfræðilegt, tæknilegt eða annað áþekkt öryggiseftirlit sé framkvæmt á þann hátt að skírteini eða vottorð um eftirlit sé tekið gilt á hinum Norðurlöndunum.

Samstarf í efnahagsmálum.

18. grein.

Samningsaðilar skulu hafa samráð um stefnuna í efnahagsmálum til þess að efla efnahagssamstarf Norðurlanda á ýmsum sviðum. Skal þá hyggja að möguleikum á því að samræma ráðstafanir sem gerðar eru til jöfnunar á hagsveiflum.

19. grein.

Samningsaðilar hyggjast stuðla svo sem unnt er að framleiðslu- og fjárfestingarsamvinnu milli landa sinna og leitast við að hagræða svo aðstöðu að auðveldað verði beint samstarf milli fyrirtækja í tveimur eða fleiri Norðurlandanna. Samningsaðilar skulu kappkosta að ná hagkvæmri verkaskiptingu milli landanna varðandi framleiðslu og fjárfestingu sem þætti í víðtækara alþjóðlegu samstarfi.

20. grein.

Samningsaðilar skulu vinna að því að fjármagnshreyfingar milli Norðurlandanna verði svo frjálsar sem framast er unnt. Leitast skal við að leysa í sameiningu önnur greiðslu- og gjaldeyrismál sem eru sameiginleg hagsmunamál.

21. grein.

Samningsaðilar skulu leitast við að treysta það samstarf sem áður er hafið í því skyni að ryðja úr vegi hindrunum fyrir verslunarviðskiptum milli Norðurlanda, svo og að efla og auka þetta samstarf svo sem framast er unnt.

22. grein.

Samningsaðilar skulu bæði hver um sig og sameiginlega leitast við að hlynna að hagsmunum Norðurlanda í alþjóðlegum viðskiptamálum og ráðfæra sig hver við annan í því skyni.

23. grein.

Samningsaðilar skulu vinna að samræmingu ákvæða um tæknileg atriði í tollamálum og stjórn tollamála, svo og að breytingum til einfaldari tilhögunar í tollamálum sem til þess eru fallnar að auðvelda samskipti milli landanna.

24. grein.

Ákvæði um landamæraverslun á Norðurlöndum skulu þannig gerð að þau valdi íbúum landamærahéraðanna sem minnstum óþægindum.

25. grein.

Þegar þörf er á og skilyrði til sameiginlegra efnahagslegra framkvæmda í samliggjandi héruðum tveggja eða fleiri samningsaðila skulu þeir leitast við að stuðla að þeim framkvæmdum í sameiningu.

Samstarf í samgöngumálum.

26. grein.

Samningsaðilar skulu leitast við að treysta það samstarf sem áður er hafið í samgöngumálum, svo og reyna að auka það samstarf í þeim tilgangi að auðvelda samgöngur og vöruskipti milli landanna og finna hagkvæma lausn þeirra vandamála sem kunna að vera á þessu sviði.

27. grein.

Gerð samgönguleiða um landsvæði tveggja eða fleiri samningsaðila skal framkvæmd með samráði milli hlutaðeigandi aðila.

28. grein.

Samningsaðilar skulu leitast við að varðveita og auka það samstarf sem orðið hefur til þess að lönd þeirra eru eitt umdæmi að því er vegabréfsskoðun varðar. Eftirlit með ferðamönnum, sem fara yfir landamæri milli Norðurlandanna, skal einnig að öðru leyti gera einfaldara og samræma.

29. grein.

Samningsaðilar skulu samræma starfið að auknu umferðaröryggi.

Samstarfið á sviði umhverfisverndar.

30. grein.

Samningsaðilar skulu í innlendri löggjöf og við beitingu hennar svo sem framast er unnt leggja umhverfisverndarhagsmuni annarra samningsaðila að jöfnu við hagsmuni síns eigin lands á því sviði.

31. grein.

Samningsaðilar skulu kappkosta að samhæfa umhverfisverndarreglur sínar í því skyni að á verði komið sem mestu samræmi að því er varðar viðmiðunarmörk og meginreglur um losun úrgangs, notkun umhverfismengandi eiturefna og aðra umhverfisröskun.

32. grein.

Samningsaðilar skulu kappkosta að samhæfa ákvarðanir um náttúruverndar- og útivistarsvæði, svo og varðandi friðun og aðrar ráðstafanir til verndar jurtum og dýrum.

Annað samstarf.

33. grein.

Þátttaka samningsaðila í evrópskri og annarri alþjóðlegri samvinnu hefur í för með sér góða samstarfskosti í þágu ríkisborgara og fyrirtækja Norðurlanda. Í þessum efnum bera ríkisstjórnir sérstaka ábyrgð á því að gæta sameiginlegra hagsmuna og sjónarmiða.

34. grein.

Starfsmaður í utanríkisþjónustu samningsaðila, er starfi gegnir utan Norðurlanda, skal, að því leyti sem það samrýmist skyldustörfum hans, og ekkert er til fyrirstöðu af hálfu þess ríkis, þar sem hann starfar, aðstoða einnig ríkisborgara annarra Norðurlanda hafi þau ekki fulltrúa á þeim stað.

35. grein.

Samningsaðilar skulu, hvenær sem það telst kleift og hagkvæmt, samræma starfsemi sína til aðstoðar og samstarfs við þróunarlöndin.

36. grein.

Ráðstafanir í því skyni að breiða út þekkingu á Norðurlöndum og norrænu samstarfi skulu gerðar í náinni samvinnu milli samningsaðila og stofnana þeirra sem annast landkynningu erlendis. Þegar hentugt þykir geta aðilar komið fram sameiginlega.

37. grein.

Samningsaðilar skulu vinna að því að samræmd verði opinber hagskýrslugerð í ýmsum greinum.

Sérstakir samningar.

38. grein.

Nánari ákvæði um samstarfið á þeim sviðum, sem hér voru talin, má setja í sérstökum samningum.

Tilhögun norræns samstarfs.

39. grein.

Norðurlönd skulu jafnan hafa samráð og gera ráðstafanir til samræmingar, þegar þörf krefur, til þess að framkvæma og efla norræna samvinnu samkvæmt samningi þessum eða öðrum.

40. grein.

Samstarfið fer fram í Norðurlandaráði, í ráðherranefnd Norðurlanda, á fundum forsætisráðherra, utanríkisráðherra og annarra ráðherra, í sérstökum samstarfsstofnunum og milli stjórnvalda landanna sem annast viðkomandi málaflokka.

41. grein.

Ákvæði, sem til hefur orðið með samstarfi tveggja eða fleiri samningsaðila, má aðili ekki breyta nema hinum sé tilkynnt. Ekki verður þó krafist tilkynningar þegar mikið liggur á eða ákvæðið skiptir litlu máli.

42. grein.

Yfirvöld á Norðurlöndum geta haft beint samband sín á milli í öðrum málum en þeim sem utanríkisþjónustunni ber að fjalla um samkvæmt eðli þeirra eða af öðrum ástæðum.

43. grein.

Veita ber almenningi aðgang að upplýsingum um norræn samstarfsmálefni svo sem framast er kostur.

Fylgiskjal III.

Starfsreglur norrænu ráðherranefndarinnar.

Norræna ráðherranefndin samþykkti starfsreglurnar 4. mars 1993 og tóku þær gildi 15. mars 1993. Þær koma í stað fyrri reglna, sem samþykktar voru 17. febrúar 1973 ásamt síðari breytingum (4. desember 1975, 15. júní 1983, 4. október 1985 og 12. desember 1989).

1. grein.

Forsætisráðherrarnir bera ábyrgð á heildarsamræmingu norrænna samstarfsmála. Norræna ráðherranefndin ber ábyrgð á samstarfi ríkisstjórna Norðurlanda, undir yfirumsjón forsætisráðherranna, svo og ríkisstjórna og Norðurlandaráðs.

Ráðherranefndinni ber þannig að

a. inna af hendi þau verkefni, sem henni er falin samkvæmt samstarfssamningi frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar (Helsingforssamningnum) með áorðnum breytingum,
b. inna af hendi önnur verkefni, sem henni eru falin samkvæmt samningum milli Norðurlanda og
c. fjalla um málefni, sem máli skipta fyrir norrænt samstarf, og er ráðherranefndinni einkum ætlað að undirbúa og hafa forustu um að auka og rækta norrænt samstarf á þeim sviðum, sem nefnd eru í Helsingfors-samningnum.

2. grein.

Ráðherranefndin er skipuð einum eða fleiri ráðherrum frá hverju landi. Ráðherranefndin getur þannig verið skipuð samstarfsráðherrum eða öðrum ráðherrum eða hvorum tveggja. Fulltrúar landsstjórna Færeyja og Grænlands og stjórnar Álandseyja taka þátt í störfum ráðherranefndarinnar.

3. grein.

Þeir ráðherrar, sem falið hefur verið að sjá um samræmingu norrænna samstarfsmála (samstarfsráðherrarnir), skulu einnig hver í sínu landi

a. vera forsætisráðherrunum til aðstoðar við mótun höfuðstefnu norræns samstarfs,
b. samræma störf hinna ýmsu samstarfssviða,
c. bera ábyrgð á fjárhagsáætlun norrænu ráðherranefndarinnar,
d. taka ákvarðanir um málefni, sem fagráðherrar eða norræna samstarfsnefndin hafa vísað til samstarfsráðherranna.

4. grein.

Fundum ráðherranefndarinnar stjórnar ráðherra þess lands, þar sem næsta vorþing Norðurlandaráðs verður haldið, nema öðru vísi sé ákveðið.

Formaðurinn skal gegna virku forustuhlutverki á samstarfssviðunum.

5. grein.

Halda skal fund í ráðherranefndinni, fari einhver nefndarmanna fram á það.

6. grein.

Ráðherranefndin og formaður hennar undirbúa, í samráði við skrifstofu ráðherranefndarinnar, starfið á samstarfssviðum sínum og gerir tillögur um fundardagskrá með góðum fyrirvara fyrir fundi ráðherranefndarinnar.

Í upphafi fundar skal samþykkja dagskrá.

7. grein.

Á fundum ráðherranefndarinnar taka nefndarmenn og fulltrúar landsstjórnanna og stjórnar Álandseyja til máls í þeirri röð, sem þeir hafa beðið um orðið. Fundarstjóra er þó heimilt að víkja frá þessari reglu, mæli sérstakar ástæður með því.

8. grein.

Bera skal fram tillögu um ákvörðun varðandi tiltekið mál eða málsmeðferð undir atkvæði. Atkvæðagreiðslan fer þannig fram, að fulltrúi hvers lands gerir grein fyrir afstöðu sinni til framlagðrar tillögu.

Ákvörðun um brýnt erindi má taka skriflega, samþykki öll löndin slíka málsmeðferð.

9. grein.

Á fundum ráðherranefndarinnar mega nefndarmenn hafa embættismenn eða aðra sérfræðinga sér til aðstoðar.

10. grein.

Á fundum ráðherranefndarinnar skal rita fundargerð yfir lokaákvarðanir um einstök mál. Auk þess má, ef þurfa þykir, rita frásögn um það, sem fram fer á fundum. Ráðherranefndin skal, eins fljótt og auðið er, staðfesta fundargerðir og frásagnir.

11. grein.

Norræna samstarfsnefndin (NSK) er ráðherranefndinni (samstarfsráðherrunum) til aðstoðar, en hún fæst einnig við verkefni sem forsætisráðherrarnir fela henni beint.

Þá hefur ráðherranefndin embættismannanefndir á sérstökum sviðum sér til aðstoðar í þeim mæli sem kveðið er á um í gildandi samningum og fyrirmælum eða ákvörðunum ráðherranefndarinnar.

Embættismenn frá Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum taka þátt í fundum samstarfsnefndarinnar og annarra embættismannanefnda.

Nefndarmenn í norrænu samstarfsnefndinni (NSK) mega sitja fundi annarra embættismannanefnda.

Hlutverk norrænu samstarfsnefndarinnar er að

a. skipuleggja starfsemi skrifstofu ráðherranefndarinnar í samræmi við þau fyrirmæli, sem forsætis- og samstarfsráðherrarnir hafa gefið og í nánum tengslum við fagráðherrana,
b. sjá til þess að mál séu tekin fyrir í markvissri forgangsröð með stoð í pólitískri stefnumótun ríkisstjórnanna og í nánum tengslum við fagráðherrana, svo og að starfi ráðherranefndarinnar sé fylgt eftir,
c. undirbúa norræn samstarfsmál sem taka á til meðferðar á fundum forsætisráðherranna að frumkvæði formannsins og í samráði við framkvæmdastjórann,
d. undirbúa tillögur sem leggja á fyrir samstarfsráðherrana,
e. taka ákvörðun í öllum málum sem full samstaða næst um, nema ráðherrarnir hafi gert fyrirvara um að þeir muni sjálfir taka ákvörðunina,
f. mynda stjórn sem framkvæmdastjórinn og skrifstofa ráðherranefndarinnar lúta,
g. sjá um samræmingu á málum skipulagslegs eðlis, sem varða fleiri en eitt samstarfssvið, í samvinnu við framkvæmdastjórann,
h. fylgja eftir undirbúningsstarfi framkvæmdastjórans við gerð fjárhagsáætlunar, með fjárveitingatillögur samstarfsráðherrans að leiðarljósi, og taka tillögur framkvæmdastjórans til meðferðar áður en þær eru lagðar fyrir samstarfsráðherrana,
i. marka stefnu fyrir upplýsingastarfsemi ráðherranefndarinnar,
j. setja starfsreglur fyrir skrifstofu ráðherranefndarinnar, og
k. skipa deildarstjóra.

12. grein.

Ráðherranefndin, norræna samstarfsnefndin svo og aðrar embættismannanefndir geta skipað starfshópa til að annast sérstök verkefni.

13. grein.

Ráðherranefndin, norræna samstarfsnefndin og aðrar embættismannanefndir njóta aðstoðar skrifstofu ráðherranefndarinnar í starfi sínu. Skrifstofunni stjórnar framkvæmdastjóri.

14. grein.

Samstarfsráðherrarnir ráða framkvæmdastjóra til fjögurra ára. Ráðningu hans má framlengja um tvö ár.

15. grein.

Framkvæmdastjórinn hefur rétt til setu á fundum ráðherranefndarinnar. Hann má hafa starfsmenn skrifstofunnar eða aðra sérfróða aðila sér til aðstoðar. Ráðherranefndin getur þó ákveðið að halda fund fyrir luktum dyrum.

16. grein.

Forsætisráðherrarnir eða samstarfsráðherrarnir geta gert breytingar á þessum starfsreglum.

Ráðherranefndinni og norrænu samstarfsnefndinni er í sérstökum tilvikum heimilt að ákveða að vikið skuli frá ákvæðum þessara starfsreglna.

Fylgiskjal IV.

Áætlun um norrænt samstarf 1994 (C2).

(Greinargerð norrænu ráðherranefndarinnar.)

I. INNGANGUR

Framtíð norræna samstarfsins.

Endurnýjun og framþróun Norðurlandasamstarfsins verður fram haldið. Þróun heimsmála gerir þetta nauðsynlegt. Þessi þróun hefur verið til umfjöllunar í starfsáætlun ráðherranefndarinnar „Norðurlönd í Evrópu", í áætlun um Norðurlandasamstarf frá 1992 og í skýrslu „Iloniemi-nefndarinnar" til forsætisráðherranna. Allmörgum aðgerðum, sem þar var fjallað um, hefur þegar verið hrundið í framkvæmd. Eigi að síður þurfa endurskoðun og umbætur á samvinnunni að halda áfram. Aðeins með því að breyta og bæta verður unnt að viðhalda og efla stöðu þess sem norrænt er í þeirri Evrópu sem tekur skjótum breytingum.

Um þessar mundir standa yfir viðræður um aðild Finna, Norðmanna og Svía að Evrópusambandinu (ES). Óháð því hvenær og hvernig þeim viðræðum lyktar mun samruni Evrópu setja mark sitt á framhald norræns samstarfs. Öll Norðurlöndin eiga hagsmuna að gæta í Evrópusamstarfi.

EES-samningurinn er meðal mikilvægustu þátta og mun ráða miklu um rás atburða, hvort sem Norðurlöndin munu taka þátt í samstarfi á grundvelli samningsins sem aðilar að ES eða meðlimir EFTA.

Með EES-samningnum verða Norðurlöndin í aðalatriðum aðilar að innri markaði ES og að fjórfrelsinu um frjálsa vöruflutninga, frjálsa fólksflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga. Þetta hefur margvíslegar afleiðingar, einnig í samskiptum Norðurlanda. EES-samningurinn gerir að veruleika hið gamla markmið að gera Norðurlöndin öll að einum heimamarkaði innan víðs evrópsks ramma.

Frjálsir fólksflutningar eru það svið þar sem samstarf Norðurlandanna hafði þegar náð jafnlangt og ákvæði Evrópusambandsins sjálfs, en með aðild að EES-samningnum ná þessi ákvæði til mun stærri hluta Evrópu.

Með þátttöku í samruna Evrópu verða Norðurlöndin um leið þátttakendur í að móta sameiginlega stefnu og reglur á fjölmörgum sviðum sem einnig eru mikilvæg í norrænu samstarfi.

Í þeim málaflokkum, þar sem EES-samningurinn felur í sér verulegar efnislegar umbætur hvað varðar forsendur fyrir viðskiptum og samvinnu milli Norðurlandanna, má vænta þess að minni þörf verði fyrir samræmdar sérnorrænar reglur. Á nokkrum sviðum er þess að vænta að dragi úr samstarfinu eða að því ljúki alveg. Í áætlun um norrænt samstarf eftir 1992 var Norðurlandaráði m.a. gerð grein fyrir þessu. Þetta hindrar þó ekki að samstarfinu verði haldið áfram, m.a. á sviði hagstjórnar, atvinnumála, starfsskilyrða fyrirtækja og um fjárfestingar. Þess ber þó að geta að ákvarðanir um fjárfestingar á sviði innviða (infrastruktur), sem varða eigin málefni, eru í höndum þeirra landa, sveitarfélaga og fyrirtækja sem í hlut eiga og ekki er fjallað um þær í Norðurlandasamstarfinu með formlegum hætti.

Setning sameiginlegra EES-reglna á ýmsum sviðum er einnig mikilsverður viðauki við fjórfrelsið svonefnda. Norðurlöndin eru langt komin á mörgum þessara sviða og geta lagt fram góðar lausnir eða leggja áherslu á að gæta sérstakra hagsmuna. Svið, sem hér um ræðir, eru m.a. umhverfismál, neytendamál, jafnréttismál, atvinnumál og vinnuumhverfi, félags- og byggðamál.

Eitt mikilvægasta atriði norrænnar samvinnu er e.t.v. að sjá til þess að stöðugt samráð sé haft og að samræmd sé afstaða landanna til einstakra mála í alþjóðlegu samstarfi sem þau eiga aðild að. Með þessu er oft unnt að beita samræmdri stefnu um einstök mál. Það land, sem fer með formennskuna hverju sinni, ber ábyrgð á að þetta samráð sé viðhaft þegar þörf krefur. Um þetta samráð verður fjallað í ræðum forsætisráðherranna á vorþingi Norðurlandaráðs, svo og í ræðum utanríkisráðherranna á haustþinginu þar sem einnig verður gerð grein fyrir þessu samráði.

Það eru löndin sjálf en ekki Norðurlöndin sem heild sem eiga aðild að EES-samningnum, ýmist sem meðlimir að EFTA eða sem væntanlegir meðlimir í ES. Þetta samráð krefst þannig beinnar þátttöku stjórnmálamanna og embættismanna Norðurlandanna. Óformleg samvinna um þessi mál milli landa mun færast í aukana í Norðurlandasamstarfinu öllu og gegna hlutfallslega sífellt mikilvægara hlutverki í heildarsamstarfi Norðurlandanna. Hinar formlegu stofnanir — ráð, nefndir og skrifstofur — gætu gegnt lykilhlutverki við undirbúning mála til þess að leggja grunn að sameiginlegri norrænni afstöðu, enda verði starfið hafið tímanlega.

Norræna ráðherranefndin getur einnig orðið að liði við samráð og verkaskiptingu milli Norðurlandanna í þátttöku í stofnunum Evrópusamstarfsins. Auk þess ber nauðsyn til að upplýsa umheiminn um samstarf Norðurlandanna með hliðsjón af þátttöku þeirra í samruna Evrópu.

Svæðisbundið norrænt samstarf mun áfram gegna mikilvægu hlutverki. Á sumum sviðum, sem EES-samningurinn tekur til, er nú þegar lengra gengið í Norðurlandasamvinnu, m.a. hvað varðar frjálsa fólksflutninga, sameiginlegan vinnumarkað og almannatryggingar.

Í EES-samningnum er sérstök norræn grein sem tryggir að Norðurlandasamstarfið getur haldið áfram og þróast að svo miklu leyti sem það ekki hamlar framkvæmd EES-samningsins.

EES-samningurinn snertir að litlu eða engu leyti ýmis kjarnasvið í Norðurlandasamstarfi. Einkum á þetta við um samstarf að menningarmálum. Á sama hátt er ekki til staðar neitt gróið og umfangsmikið samstarf milli Norðurlandanna á allmörgum nýjum sviðum sem skipta munu máli fyrir þau lönd sem verða aðilar að ES.

Eðlilegt er að menningar-, mennta- og rannsóknasamstarfið sé í brennidepli norræns samstarfs sem byggist á því sem Norðurlandabúar eiga sammerkt, svo sem tungu, sögu, samfélagssýn og stofnunum. Ráðherranefndin mun því áfram veita menningar-, mennta- og vísindasamstarfinu forgang í samræmi við ákvörðun forsætisráðherranna. Forsætisráðherrarnir hafa bent á réttindi þegnanna og umhverfismál sem svið sem vel eru fallin til norræns samstarfs, auk efnahags- og stjórnmálasamvinnunnar sem áður var nefnd.

Það er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að komast hjá tvítekningu í norrænu samstarfi. Heildarfjármagn það, sem til ráðstöfunar er til norræns samstarfs, er svo takmarkað að komast verður hjá því að íþyngja samstarfinu með verkefnum sem getur verið betur sinnt með öðrum hætti á norrænum vettvangi. Sérhvert verkefni verður því að meta í ljósi þess hvort besta úrlausnin fáist með norrænu samstarfi, hvort um er að ræða verkefni sem fyrst og fremst varðar eitt land eða hvort vísa beri því til umfjöllunar á vettvangi annars alþjóðlegs samstarfs. Ráðherranefndin hyggst því kanna með kerfisbundnum hætti að hvaða leyti sérhvert nýtt verkefni geti haft ávinning í för með sér fyrir norrænt samstarf.

Grannsvæði Norðurlanda.

Norðurlöndin og samvinna þeirra mun á næstu árum hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir grannsvæðin. Verkefni ráðherranefndarinnar í Eystrasaltslöndum og á grannsvæðum í Rússlandi verður þannig haldið áfram. Mikilvægur liður í svæðisbundnu samstarfi í norðurhluta Evrópu felst í yfirlýstum vilja til þess að aðstoða við þróun lýðræðis og markaðshagkerfis í Rússlandi og styðja sjálfstæði og efnahagsþróun í löndunum við Eystrasalt.

Áætlun um fjárfestingar í Eystrasaltslöndunum lýkur á árinu 1995. Að lokinni sérstakri úttekt á áætluninni verður tekin afstaða til þess hvort framhald verður á henni. Norrænu upplýsingaskrifstofurnar verða starfræktar samkvæmt fyrri ákvörðun til aprílmánaðar 1995. Ráðherranefndin ákveður á þessu ári hvort framhald verður á starfrækslu þeirra.

Í þátttöku ráðherranefndarinnar verður lögð áhersla á verkefni þar sem samnorræn færni skiptir máli, norrænar stofnanir koma að gagni og augljós ávinningur og margfeldisáhrif falla í skaut öllum þátttakendum af samnorrænni starfsemi.

Menntun, lýðræðisþróun, aukin réttarvitund, umhverfismál, öryggismál gagnvart kjarnorku og hagþróun verða áherslusvið í þátttöku ráðherranefndarinnar í samstarfi við Eystrasaltslöndin á næstu árum. Ráðherranefndin mun því áfram beita aðstoð í þróun réttarfarskerfis í Eystrasaltslöndunum.

Ráðherranefndin leggur mikla áherslu á aðstoð til úrbóta í umhverfismálum grannsvæðanna og hyggst vinna að því að hrundið verði í framkvæmd þeim hluta HELCOM-verkefnisins sem varðar Eystrasaltsríkin. Einnig verður framhald á samstarfi á sviði umhverfismála á Barentssvæðinu. Markmið ráðherranefndarinnar er að dragi úr umhverfisvanda sem á rætur sínar að rekja til Norðvestur-Rússlands og hefur umtalsverð áhrif á Norðurlöndin.

Ráðherranefndin telur að þróun lýðræðis og markaðshagkerfis í löndum við Eystrasalt njóti góðs af skiptum á embættismönnum og þjálfunarkerfum fyrir námsmenn, vísindamenn, þingmenn, embættismenn o.fl. Í ljósi þeirrar góðu reynslu, sem fengist hefur, hyggst ráðherranefndin heimila þeim sem búa á grannsvæðum í Rússlandi aðgang að þessum styrkjum til þessara samskipta.

Ráðherranefndin hefur ýtt úr vör verkefnum á fleiri sviðum til að styðja þróun í Eystrasaltslöndum og í ljósi hins góða árangurs þess sem þegar hefur verið gert hefur ráðherranefndin í hyggju að beita sér fyrir því að íbúum grannsvæðanna í Rússlandi verði boðin þátttaka í hinum ýmsu styrkjakerfum.

II. MENNINGARSAMVINNA

Norræn sjálfsvitund byggist á þekkingu og upplifunum, þekkingu á því sem líkt er með þjóðunum og ólíkt og skilningi á veruleika hver annars. Á tímum, sem einkennast af óróleika og óvissu í okkar heimshluta, er lifandi samstarf Norðurlandanna fyrirmynd að stöðugleika sem umheimurinn getir dregið lærdóm af fyrir friðsamlega sambúð.

Sameiginleg menningarvitund er þróttmikið og margþætt hugtak. Hún tekur sífelldum breytingum og þróast í ljósi þess sem gerist heima fyrir og í samstarfinu sjálfu.

Árið 1996 hyggst ráðherranefndin ná því markmiði forsætisráðherranna að helmingi fjárlaga í Norðurlandasamstarfinu verði varið til menningar, mennta og vísinda. Hinum auknu fjármunum menningarsamstarfsins verður varið til þeirra forgangsverkefna sem hér verður lýst.

Norræni menningarsjóðurinn.

Ráðherranefndin leggur áfram áherslu á að styrkja starfsgrundvöll sjóðsins. Sjóðnum verður ætlað skýrara menningarpólitískt hlutverk við hlið ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs sem verður síðan hvati að samstarfi um forgangsröðun verkefna í framtíðinni og stefnumótun varðandi þau þemu sem samkomulag hefur tekist um.

Í samræmi við forgangsröðun forsætisráðherranna og yfirlýsingar Norðurlandaráðs um eflingu menningarsamstarfsins hyggst ráðherranefndin nýta framlög Norræna menningarsjóðsins m.a. til þess að efla norræna samkennd til eflingar og þróunar samstarfs um menningu, menntamál og vísindi, auk þess að kynna norræna menningu utan Norðurlandanna.

Kvikmynda- og fjölmiðlasamstarf.

Með vísan til þess hve öflugir og áhrifamiklir fjölmiðlar sjónvarp og kvikmyndir eru í „menningarneyslu“ í löndunum öllum hyggst ráðherranefndin leggja ríka áherslu á þetta samstarf. Lifandi myndir njóta vinsælda í menningarsamskiptum og eru því mikilvægur liður í því að efla skilning og tilfinningu fyrir því sem er sameiginlegt og norrænt. Að tilhlutan forsætisráðherranna vinna menntamálaráðherrarnir nú að því að auka skipti á dagskrárefni fyrir sjónvarp og fjölga verkefnum um samvinnu í gerð þess.

Ráðherranefndin vill að framboð á norrænum kvikmyndum og sjónvarpsefni aukist og dreifist víðar. Því verður leitað leiða til að auka dreifingu á norrænum kvikmyndum.

Tungumálasamstarf.

Hin vestlægu Norðurlönd, tungumál sem ekki eru af skandinavískum uppruna og málþróun hjá börnum og unglingum eru nýir áhersluliðir í átaki ráðherranefndarinnar um samvinnu á sviði tungumála. Ráherranefndin ætlar að efla starfsemi tungumálaráðgjafa við menningarstofnanir. Tungumálaráðgjafarnir verða mikilvægir hlekkir í því átaki sem verður gert til þess að viðhalda og efla norræna samkennd. Nýjar leiðir í „ljósvakafjölmiðlun" gera mönnum kleift að ná til stærri hópa barna og unglinga.

Börn og unglingar.

Til þess að Norðurlandasamstarfið fái einnig að blómstra með komandi kynslóðum þarf nú þegar að vinna markvisst og meðvitað að því að ná til barna og unglinga með aðgerðum sem efla samkennd um það sem norrænt er. Í nýsköpun menningarsamstarfsins leggur ráðherranefndin áherslu á að unga kynslóðin verði í brennidepli og undirstrikar sérstaka ábyrgð fastra stofnana og nefnda í því sambandi. Ráðherranefndin hyggst gera ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til verkefna fyrir börn og unglinga. Framhald verkefnisins „Lifandi Norðurlönd" er verkfæri til þess að efla frekari skilning á þýðingu þess sem norrænt er meðal þeirra sem ungir eru. Í ljósi reynslu, sem fengist hefur af þessu stóra verkefni, mun ráðherranefndin leggja tillögu um stefnu í málefnum barna og unglinga fyrir þing Norðurlandaráðs 1995.

Í samstarfi menningar- og menntamálaráðherranna er eðlilegt að nýta skólakerfið með áhrifamætti sínum til þess að ná til barna og unglinga. Undir yfirskriftinni „Norrænt menningaruppeldi" hyggst ráðherranefndin þróa frekar og festa í sessi samstarf og víxlverkun milli menningarstarfs og skóla. Að þessu verður unnið með auknum samskiptum, ráðstefnum og framhaldsmenntun.

Ráðherranefndin mun beita sér fyrir því að miðla norrænu sjónvarpsefni og kvikmyndum til barna og unglinga og í tengslum við verkefnið „Norrænir landkönnuðir" (Nordic Explorers) verður sett á laggirnar margmiðlasýning. Sýningin verður þannig skipulögð að líkur aukast á að ungir áhorfendur muni leita í ríkara mæli til bókasafna og annarra menningarmiðstöðva.

Listasamstarf.

Á sviði lista leggur ráðherranefndin áherslu á að efla þekkingu á norrænum listum og auka gagnkvæm samskipti listamanna og treystir framboð lista og menningar milli Norðurlandanna í menningarstofnunum landanna og í samskiptaneti menningarmálanna og framboð á farandsýningum. Ráðherranefndin telur að vel starfrækt norrænt samskiptanet á sviði menningarmála sé forsenda árangursríkrar þátttöku í alþjóðlegu menningarsamstarfi. Ráðherranefndin hyggst kanna hvort nýrra leiða sé þörf í starfsemi safna til að halda á lofti og gera norrænan menningararf og nútímalist sýnilegri en áður.

Ráðherranefndin ætlar að koma á laggirnar víðtæku kerfi til styrktar ferðum ungra listamanna milli Norðurlandanna. Tilgangurinn er að efla samstarf á sviði lista, gera listamönnum auðveldara að kynnast liststarfi í hinum löndunum og auka framboð á norrænni list innan Norðurlandanna.

Gefi reynslan af starfrækslu Hljómsveitar Norðurlandanna tilefni til verður ráðist í að efla hana svo að hún verði sinfóníuhljómsveit ungmenna í háum gæðaflokki.

Alþýðumenning.

Að mati ráðherranefndarinnar eru Norrænu félögin einn mikilvægasti hlekkurinn í því að efla skilning og tilfinningu almennings fyrir norrænni samkennd. Í verkefni ráðherranefndarinnar „Líf á Norðurlöndum" (NORDLIV) verður í samstarfi við Norrænu félögin unnið að verkefnum sem tengjast sögu landanna. Hámarki nær verkefnið með hátíðahöldum til þess að minnast sex hundruð ára afmælis Kalmarsambandsins árið 1997. Ráðherranefndin hefur þegar hafið undirbúning af þessu tilefni.

Ásýnd Norðurlanda í Evrópu.

Stórir og veigamiklir menningaratburðir eiga ríkan þátt í því að varpa ljósi á það sem norrænt er, bæði erlendis og heima fyrir. Í samvinnu ráðherranefndarinnar og norrænna safna verður fylgt eftir stóru sýningunni „Víkingar og Hvíti-Kristur" með annarri sýningu um Margréti I, og verður sýningin haldin á árunum 1996–98. Sýningin verður sett upp í tilefni af hátíðahöldum til þess að minnast stofnunar Kalmarsambandsins. Sýningin mun einnig að hluta fjalla um samband Norðurlanda við Evrópu, ekki síst við Hansa-sambandið. Til þess að efla tengsl Norður- og Suður-Evrópu efnir ráðherranefndin til norrænnar menningarhátíðar á Spáni vorið 1995. Ráðherranefndin vinnur einnig að undirbúningi menningarverkefna í Eystrasaltslöndunum, St. Pétursborg og í Mið-Evrópu, þ.e. á þeim svæðum þar sem breytingar í stjórnmálum, efnahags- og menningarmálum ganga hvað hraðast fyrir sig um þessar mundir.

Á vegum ráðherranefndarinnar er unnið að því að fella saman sýningar og aðra atburði í tengslum við að Kaupmannahöfn hefur verið útnefnd menningarborg ársins 1996. Útnefning menningarborga á Norðurlöndum gefur tækifæri til þess að kynna norræna menningu og sérkenni og draga athygli að sérstakri ásýnd Norðurlandanna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi.

Menningarviðburðir í tengslum við þing Norðurlandaráðs.

Í því skyni að vekja athygli almennings og efla þátt hins norræna í menningarlífi landanna verður á hverju ári efnt til menningarviðburða í því landi þar sem Norðurlandaráð þingar hverju sinni. Takmarkið er að skapa menningarlega hefð sem vinnur sér sess í huga almennings og eflir samstarf samtaka og menningarstofnana í tengslum við þinghald ráðsins.

III. MENNTUN OG VÍSINDI

Markmið samstarfsins er að koma á norrænu samfélagi mennta og vísinda. Aukin samþjöppun, styrkari pólitísk stefnumótun og betri nýting fjármagns og mannafla, ásamt því að leggja áherslu á hið norræna í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi, verða lykilatriði í samstarfi Norðurlandanna á sviði mennta- og vísindamála á næstu árum. Samstarfinu verður breytt í samræmi við óskir forsætisráðherranna um aukna áherslu á menntamál.

Samstarf um skólamál.

Markmið ráðherranefndarinnar er að þróa og efla norrænt skólasamstarf með því að gera sér grein fyrir og ryðja hindrunum úr vegi þessa samstarfs. Ráðherranefndin hyggst leggja áherslu á nemenda- og kennaraskipti, efla samskipti milli þeirra sem taka þátt í skólastarfi í löndunum, hvetja til þess að komið verði á upplýsingakerfum og nettengslum til eflingar þessu samstarfi.

Í sérstakri verkefnaáætlun hefur ráðherranefndin sett fram nýjar áherslur í fjölmörgum verkefnum sem hefjast munu á árinu 1994.

Ráðherranefndin hyggst einnig hafa frumkvæði að því að koma upp tölvuneti til þess að efla upplýsingamiðlun og samskipti milli skóla. Ætlunin er að skapa forsendur fyrir auknu samstarfi skóla með líkum hætti og þegar NORDUnet-kerfið var byggt upp til að efla samstarf milli háskóla á Norðurlöndum. Um tölvunet af þessum toga geta skólar veitt og tekið við upplýsingum um málefni sem skólarnir telja mikilvæg.

Almennings- og fullorðinsfræðsla.

Ráðherranefndin óskar að haga samstarfi um almennings- og fullorðinsfræðslu þannig að þaðýti undir samvinnu milli frjálsra félagasamtaka og lýðháskóla. Í samræmi við markmið verkefnisins „VOKS FREM“ óskar ráðherranefndin að örva samvinnu milli ólíkra greina fullorðinsfræðslu í því augnamiði að bæta gæði og umfang samvinnunnar í menntastefnu fyrir fullorðinsfræðslu, jafnt í löndunum sjálfum sem í norrænu samstarfi.

Í samstarfi á þessu sviði hyggst ráðherranefndin leggja áherslu á það sem skipta mun máli í þeim kröfum sem aukin þátttaka í Evrópusamstarfi leggur okkur á herðar og hefur einnig þýðingu fyrir málefni sem varða menntun og atvinnuleysi. Ráðherranefndin tekur til athugunar hugmyndir og ábendingar sem er að vænta í skýrslu norræns vinnuhóps í lok 1994.

Æðri menntun.

Ráðherranefndin hefur sett sér að markmiði að skapa norrænt samfélag um æðri menntun. Ungmenni, sem leita æðri menntunar, eiga að geta litið til Norðurlandanna allra sem eins menntunarsvæðis. Ætlun ráðherranefndarinnar er að val nemenda á námskeiðum verði óháð landamærum, leiði til samkeppni um nemendur og um leið aukinna gæða í æðri menntun. Til þess að koma á sameiginlegum „markaði“ fyrir æðri menntun munu löndin gera samkomulag sem skuldbindur þau til þess að veita þegnum annarra Norðurlanda sama rétt og eigin þegnum til aðgangs að æðri menntun. Samkomulagið tekur gildi frá upphafi háskólaársins 1994–95. Í tengslum við þetta samkomulag verður gerður samningur um skiptingu menntunarkostnaðar milli landanna og tekur hann gildi ekki síðar en 1. júlí 1996.

Það er markmið ráðherranefndarinnar að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem enn torvelda samstarf um æðri menntun, hvort sem þessar hindranir eru formlegar, efnahagslegar eða eiga rót sína að rekja til afstöðu fólks. Tilgangur ráðherranefndarinnar er sá að norrænir fjármunir, sem varið er til Nordplus og NorFA, verði nýttir til þess að koma á verkaskiptingu og ryðja þessum hindrunum úr vegi.

Námsmannaskipti.

Áætlanir ráðherranefndarinnar um skipti á nemendum miðast einkum við þá kynslóð ungs fólks sem vegna stjórnmála- og efnahagsþróunar lítur miklu meira til annarra landa en fyrri kynslóðir.

Að mati ráðherranefndarinnar skiptir það miklu fyrir framtíð norræns samstarfs og sjálfsmynd ungra Norðurlandabúa að í hugum þeirra sé það engum vafa undirorpið hver uppruni þeirra er, enginn Dani, Finni, Íslendingur, Norðmaður eða Svíi þurfi að velkjast í vafa um að hann er einnig Norðurlandabúi í þeim alþjóðlegu samskiptum sem færast í vöxt. Það er mikilvægur liður í þessu að gefa unglingum kost á því, í tengslum við skólagönguna, að kynnast millilíðalaust tungu annarra Norðurlanda, menningu þeirra, lifnaðarháttum, gildismati, þjóðfélagsaðstæðum, náttúru þeirra o.fl.

Ráðherranefndin hyggst áfram leggja mikla áherslu á nemendaskipti í NORDPLUS-áætluninni og telur að áætlunin hafi mikilvægu hlutverki að gegna í norrænu menntamálasamstarfi.

Með nýjum framlögum verður unnið að því í „NORDPLUS-junior"-áætluninni að tryggja að þessi samskipti geti náð til allra námsbrauta fyrir unglinga á aldrinum 16–19 ára.

Lýðháskólar og alþýðufræðsla eru hefðbundin sérnorræn fyrirbæri. Ráðherranefndin hyggst styðja starfsemi norrænna lýðháskóla með þeim hætti að fjárstuðningur verði veittur ungum Norðurlandabúum sem hyggja á nám í lýðháskóla í öðru norrænu landi.

Tungumálasamvinna.

Tungumálasamvinnan er skipulögð í áætlun sem heitir NORDMÁL (1990–1995). Norræna tungumálaskrifstofan, Norræna mál- og upplýsingamiðstöðin og norrænu bókmennta- og tungumálanámskeiðin, ásamt samskiptanetunum sem eru hluti NORDPLUS-verkefnisins, eru með sama hætti framlög til þess að styrkja norrænt málsamfélag.

Ráðherranefndin hyggst efla samvinnu á þessu sviði á næstu árum. Við val nýrra verkefna skal einkum hugað að tungumálum sem ekki eru af norrænum toga og að vestnorræna svæðinu. Athygli skal einnig beint að börnum og unglingum með áherslu á námskeið og gerð kennsluefnis og orðabóka, svo og rannsóknir og upplýsingastarfsemi. Þannig verður stefnt að því að átakið verði hvort tveggja upplýsandi og efli meðvitund um það sem sérstaklega norrænt.

Vísindasamstarf.

Ráðherranefndin ætlar að efla norrænt vísindasamfélag. Þetta vísindasamfélag getur að ýmsu leyti orðið fyrirmynd að gagnlegu og skilvirku samstarfi, einnig á vettvangi evrópsks samstarfs. Það er markmið ráðherranefndarinnar að gera hlut þess sem menningar- og félagslega er sérnorrænt fyrirferðarmeira í samstarfinu. Þau verkefni, sem nú er unnið að og gert var ráð fyrir að stæðu 1993–1997, munu halda áfram eins og ráð var fyrir gert. Þetta eru umhverfisrannsóknir og hugvísindi sem tengjast heimskautasvæðum.

Að tilmælum Norðurlandaráðs kannar norræna vísindastefnuráðið (FPR) í samvinnu við rannsókna- og vísindaráð í löndunum hvort hleypa skuli af stokkunum sérstökum áætlunum á sviði félagsvísinda og hugvísinda þar sem viðfangsefnið yrði „Norðurlönd og Evrópa". Komi fram tillögur þess efnis frá norræna vísindastefnuráðinu (FPR) yrði afstaða tekin til þeirra af ráðherranefndinni á starfsárinu 1994–1995.

Þátttaka Norðurlandanna vex í menntunar- og vísindaáætlunum Evrópusambandsins. Ráðherranefndin hyggst vinna að því að tekið verði meira tillit til sameiginlegra hagsmuna Norðurlandanna í gerð áætlana ES og framkvæmd þeirra. Aukin þátttaka í Evrópusamstarfi mun ekki síst skapa sóknafæri í rannsóknum og þróun, en hún mun einnig krefjast meiri framlaga í samkeppni við verkefni sem unnið er að í löndunum sjálfum og í norrænu samstarfi. Ráðherranefndin mun því, í nánu samstarfi við þær norrænu stofnanir sem annast samvinnu háskóla og rannsóknaráða á Norðurlöndum, fylgjast með og meta þróun í Evrópusamstarfinu.

Norræn samvinna um fjarkennslu.

Ný tækni býður upp á að ná til hópa sem eiga erfitt með að taka þátt í hefðbundnu námi vegna búsetu, atvinnu eða fjölskylduaðstæðna. Fjarkennsla er í eðli sínu óháð stund og stað og aukin norræn framlög til hennar eru mikilvæg í flestra augum, einnig hvað áhrærir norrænt átak með Vestur-Norðurlönd í huga. Ráðherranefndin hyggst þess vegna efla norræna samvinnu á sviði fjarkennslu.

IV. UMHVERFISMÁL

Ráðherranefndartillaga um stefnu í umhverfismálum verður til umfjöllunar á 44. þingi Norðurlandaráðs. Í þessari stefnu eru staðfest þau stjórnmálaviðhorf sem ráða munu forgangi verkefna þegar fjármagni verður ráðstafað og verkefni ákveðin í umhverfismálasamstarfi Norðurlanda á komandi árum. Í stefnunni velta menn fyrir sér hvort niðurstöður og árangur samstarfsins skuli nýtt á Norðurlöndum, á grannsvæðum þeirra, fyrst og fremst í EES/ES eða í tengslum við aðrar alþjóðlegar samstarfsstofnanir.

Í stefnunni er enn fremur tekið mið af grundvallarsjónarmiðum „um ströngustu hagnýtar kröfur". Með þessu móti gætu Norðurlöndin verið í fararbroddi og haldið á lofti kröfuhörðum viðmiðunum í umhverfismálum.

Samstarfi, þar sem umhverfismál og samgöngumál skarast, verður einkum beint að aukinni þekkingu á umhverfisáhrifum og aðgerðum vegna loftmengunar af völdum flutningastarfsemi, svo og að öðrum umhverfisspjöllum. Því samstarfi, sem tekist hefur í fjármálum, umhverfis- og sjávarútvegsmálum, verður haldið áfram.

Umhverfisvöktun og gagnasöfnun.

Árið 1995 lýkur verkefni ráðherranefndarinnar um vöktun umhverfis á jöðrum norðursvæða. Tilgangurinn er sá að afla upplýsinga um ástand náttúru á Norðurlöndum. Árlega verður gerð grein fyrir því starfi sem fjallar um umhverfisviðmið sem sýna samhengi og umfang áhrifa af athöfnum mannsins á náttúru og umhverfi.

Skýrslu ráðherranefndarinnar „Umhverfi á Norðurlöndum – ástand, þróun og hættur" verður fylgt eftir með skýrslum um sérstök viðfangsefni sem birtar verða annað hvert ár. Þessi þemavinna hófst 1994 með skýrslu um ástand umhverfismála á heimskautasvæðum. Skýrslurnar verða lagðar til grundvallar tillögum um aðgerðir og grein gerð fyrir efnahagslegum áhrifum af þeirra völdum.

Mat á umhverfisáhrifum.

Á Norðurlöndum er litið á mat á umhverfisáhrifum (MKB) sem mikilvægan þátt áætlanagerðar og sem lið í því að fyrirbyggja umhverfistjón. Ráðherranefndin telur árangurs að vænta af áframhaldandi norrænni samvinnu um þróun og aðlögun umhverfismats vegna mannvirkjagerðar og áforma þar að lútandi og með hliðsjón af áætlunum, stefnuskrám og framkvæmdum.

Hagstjórnartæki í umhverfisvernd.

Ráðherranefndin vill að safnað verði nákvæmum upplýsingum og lagðar verði fram tillögur um gjaldtöku og skilagjöld á sérstakar vörur með hliðsjón af hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar í löndunum.

Náttúra og útivist.

Til þess að fylgja eftir samþykktinni um líffræðilegan fjölbreytileika (Ríó-ráðstefnan) hyggst ráðherranefndin taka frumkvæði að verndun dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu og kjörlendis þeirra. Mestan fjölbreytileika lífvera á Norðurlöndum er að finna í skóglendi. Því hefur tekist samvinna milli þeirra sem vinna annars vegar að umhverfismálum og hins vegar að landbúnaði og nýtingu skóga um að skilgreina forsendur fyrir sjálfbærri nýtingu skóglendis. Með vísan til vaxandi straums ferðamanna hyggst ráðherranefndin leggja drög að norrænni stefnu um sjálfbæra nýtingu náttúrunnar til alhliða útivistar.

Ráðherranefndin mun halda áfram samstarfi um skaðleg úrgangsefni. Markmiðið er að kanna leiðir til þess að byggja í samvinnu upp kerfi til söfnunar og endurvinnslu og meta þörf á sameiginlegri miðstöð til þess að meðhöndla vissar gerðir skaðlegra úrgangsefna. Ráðherranefndin mun vinna að því að bæta hér um þannig að auðveldara verði að taka hreinar framleiðsluaðferðir í notkun í iðnaði á Norðurlöndunum.

Evrópusamvinna að umhverfismálum.

Til grundvallar norrænum áherslum í EES/ES-samstarfinu að umhverfismálum leggur ráðherranefndin til að unnið verði að því að afla stefnu Norðurlandanna fylgis innan Evrópusambandsins og að Norðurlöndin taki forustu í evrópsku samstarfi í umhverfismálum. Mikilsvert er að gengið verði út frá kröfuhörðum viðmiðunum í umhverfismálum og skilvirk stjórntæki í umhverfisvernd verði þróuð. Að auki verði settar bindandi reglur á sviði umhverfismála sem byggi á viðmiðunum fyrir gæði umhverfis. Þessar reglur skulu í þeim mæli, sem við verður komið, miðast við að sem minnst umhverfistjón verði unnið og ströngustu verndaraðgerðum fylgt svo sem framast er kostur.

Norðurlöndin munu taka virkan þátt í fimmtu umhverfisáætlun Evrópusambandsins, sérstaklega í því sem lýtur að þeim skýru áformum að tillit verði tekið til umhverfisins í sem flestum greinum þjóðlífsins.

Ráðherranefndin mun vinna að ýmsum umhverfismálum sem varða EES/ES-samstarfið:

— Hagstjórnartæki: Ráðherranefndin hyggst hvetja til þess að Norðurlöndin beiti koltvísýringssköttum.

— Loftmengun: Norðurlöndin ætla að vinna af krafti að því að væntanleg endurskoðun á reglugerð Evrópusambandsins um leyfilega loftmengun af rekstri orkuvera sem brenna föstu eldsneyti taki mið af þolmörkum umhverfisins og þau mörk verði sett eins lág og kostur er.

— Meðferð efna, m.a. skordýraeiturs: Starfi á vegum ráðherranefndarinnar um efni sem eru skaðleg heilsu fólks og umhverfis verði einkum beint að þáttum sem valda umhverfistjóni, ofnæmi og taugaeitrun. Starfi, sem fjallar um takmarkanir á notkun hættulegra efna, verði beint að umfjöllun um þungmálma og ósoneyðandi efni. Auk þess verði metin áhrif af efnum sem eyða illgresi og lífrænum efnum sem notuð eru í þeim tilgangi.
— Sorp: Ráðherranefndin hyggst freista þess að hafa áhrif á setningu reglugerða sem fjalla um úrgang, t.d. um sorphauga og umbúðir. Unnið verður að því að setja reglur um ábyrgð þeirra sem framleiða umbúðir, rafhlöður sem innihalda blý og rafeindatæki.

Umhverfismál á grannsvæðum Norðurlanda.

Aðstoð til úrlausnar aðsteðjandi umhverfisvanda á grannsvæðum Norðurlanda er forgangsverkefni í starfi ráðherranefndarinnar. Aðstoðin getur falist í áhrifum á töku ákvarðana á Norðurlöndum, svo og á alþjóðavettvangi, en einnig í framlögum til einstakra verkefna sem miða að úrbótum í umhverfismálum. Til slíkra verkefna teljast verkefni sem varða öryggi í kjarnorkuverum.

Ráðherranefndin hyggst vinna að því að hrundið verði í framkvæmd þeim hluta HELCOM-samstarfsins sem fjallar um Eystrasaltið. Fjárhagslegur stuðningur Norðurlandanna verður samræmdur innbyrðis og samráð verður haft við alþjóðlegar fjármálastofnanir, t.d. NEFCO, IBRD og EBRD. Ráðherranefndin mun veita stuðning við að koma á einu til tveimur samræmdum umhverfisvöktunarsvæðum í hverju Eystrasaltslandanna. Hún mun einnig styðja frekari samræmingu og þróun umhverfisvöktunar og úrvinnslu upplýsinga úr slíkri vöktun. Ráðherranefndin mun vinna að því að þær aðgerðir, sem gripið er til á Norðurlöndunum, svo og hugsanlegur stuðningur við landbúnað meðal annarra landa, til þess að hafa áhrif á tekjur í landbúnaði, miðist við að tillit sé tekið til umhverfismála.

Ráðherranefndin telur sérstaklega mikilvægt að dregið verði úr þeim skaðlegu umhverfisáhrifum sem upprunnin eru frá norðvesturhlutum Rússlands. Þessara skaðlegu áhrifa gætir þegar á Norðurlöndum. Ráðherranefndin telur einnig sérstaklega mikilvægt að komið verði í veg fyrir leka frá notuðu kjarnorkueldsneyti. Jafnframt leggur ráðherranefndin sérstaka áherslu á sjálfbæra hagþróun sem er undirstaða almennrar velmegunar og stöðugs stjórnmálaástands í norðvesturhluta Rússlands.

Hlutverk ráðherranefndarinnar í tilvikum þegar mengunar verður skyndilega vart verður skýrt og skilgreint í ljósi þess starfs sem unnið er innan AMAP-verkefnisins (Arctic Monitoring and Assessment Programme), en það byggir á Rovaniemi-ferlinu. Ætlunin er að NEFCO bendi á 10–12 forgangsverkefni í samvinnu við skrifstofu AMAP- verkefnisins og í fyrstu verði lagt mat á hve fýsilegt er að ráðast í þau.

Ráðherranefndin mun leita nýrra leiða til þess að afla fjárframlaga til aðgerða í umhverfismálum á grannsvæðum Norðurlandanna.

V. SJÁVARÚTVEGUR

Megintilgangur norrænnar samvinnu á sviði sjávarútvegs er að stuðla að því að koma í framkvæmd áætlun landanna í sjávarútvegi. Grundvallarmarkmið allra Norðurlandanna er verndun náttúruauðlindanna og skynsamleg nýting þeirra með tilliti til hagkvæmni og líffræðilegra áhrifa, einnig með því að styrkja fjárhagslegan grundvöll sjávarútvegsins með uppbyggingu sem hvílir á líffræðilegum forsendum.

Ráðherranefndin hyggst í norræna sjávarútvegssamstarfinu leggja aðaláherslu á samvinnu stjórnunarstofnana, samtaka í sjávarútvegi og rannsóknastofnana. Þannig verði komið á samstarfi allra þeirra sem eiga hagsmuna að gæta í atvinnugreininni. Við framkvæmd samstarfsverkefnisins verður tekið sérstakt tillit til hinnar miklu þjóðfélagslegu þýðingar sem sjávarútvegurinn hefur fyrir efnahagslífið á Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum. Samvinnunni verður sérstaklega beint að starfssviðum sem hafa mikla þýðingu fyrir sjávarútvegsstefnu þjóðanna. Þau eru eftirfarandi:

— Norræn samvinna sem tengist EES og ES.
— Norræn samvinna á sviði byggðastefnu (sem varðar öll löndin).
— Norræn samvinna í byggðamálum (milli sumra landa).

Samvinna um sjávarútvegs- og atvinnustefnu.

Ráðherranefndin leggur höfuðáherslu á að styðja samvinnu í sjávarútvegs- og atvinnumálum og vill nýta norræna samstarfsvettvanginn til að stuðla að auknum norrænum áhrifum á alþjóðasjávarútvegsstefnu, einnig til að gæta hagsmuna á sviði sjávarútvegs með tilliti til alþjóðlegrar umhverfissamvinnu þar sem áhersla er lögð á baráttu gegn mengun hafsins. Gætt skal hagsmuna norrænna samtaka í sjávarútvegi og samstarfi komið á í sjávarútvegsmálum við Austur-Evrópulöndin. Fagleg samvinna verður á sviði fiskveiðistjórnunar og annarra stjórnunaraðgerða með áherslu á rannsóknir og sameiginlega hagsmuni. Samvinna verður enn fremur um mismunandi starfsaðferðir, varðandi umframfisktegundir og fiskdauða, ásamt þróun á veiðarfærum til að minnka magn óæskilegra veiðitegunda, auk framleiðslutækni, gæðamála og markaðsmála.

Á næstunni mun ráðherranefndin leggja áherslu á stuðning við stefnumarkandi aðgerðir í atvinnumálum þar sem aðgerðir tengjast sérstaklega sviðum sem varða bæði sjávarútvegsstefnu EB og hagsmuni Norðurlandanna í sjávarútvegi.

Ráðherranefndin hefur komið á nokkrum samstarfsverkefnum á afmörkuðum sviðum sem tengjast bæði sjávarútvegsstefnu EB og áhersluatriðum í norrænum sjávarútvegi. Til að koma samstarfsverkefnunum á voru haldnar nokkrar sérfræðiráðstefnur þar sem þátttakendur frá atvinnulífssamtökum, stjórnsýslu og rannsóknaaðilum frá Norðurlöndunum og EB komu saman til að fjalla um afmörkuð svið málsins.

Þessu starfi verður haldið áfram á svipaðan hátt og gert hefur verið. Í nánustu framtíð verða tekin fyrir málefni á sviði „eftirlitsstefnu", „nýting úthafsfisks", „stjórnun á margstofna tegundum" og „ábyrg sjávarútvegsstefna" sem eru afar brýnir málaflokkar í norræna samstarfinu varðandi sjávarútvegsstefnu ES og Norðurlandanna.

VI. RÉTTINDI ÞEGNANNA

Vinnumarkaður og vinnuumhverfi.

Mikilvægasta hlutverk samfélagsins á Norðurlöndunum öllum er baráttan gegn atvinnuleysi. Auka þarf hagvöxt á Norðurlöndunum og í Evrópu til að fjölga nýjum störfum og minnka atvinnuleysið. Atvinnustefnan er fyrst og fremst málefni hverrar þjóðar um sig en aðstæður krefjast samræmingar á Norðurlöndunum og á alþjóðavísu, auk endurnýjunar og styrkingar í alþjóðlegri efnahagssamvinnu. Norrænu forsætisráðherrarnir hafa lýst yfir áframhaldandi stuðningi við að fram fari umræður milli EFTA, EB og OECD um mótun atvinnustefnu. Áfram verður því unnið að hugmyndinni um fund æðstu manna innan OECD varðandi þessi mál.

Ráðherranefndin mun beita auknum styrk til að auka möguleika ungs fólks til að fá vinnu. Ráðherranefndin mun þannig beita auknum styrk til að draga úr atvinnuleysi ungs fólks. Ráðherranefndin mun því stuðla að því að gerðar verði kannanir og greiningar til að auðvelda samræmda pólitíska stefnu og samræmdar aðgerðir sem nú eru í gangi og fyrirhugaðar eru, svo og gerð samstarfsáætlana á milli landanna. Sérstaklega verður leitast við að varpa ljósi á þá fyrirstöðu sem myndast vegna efnahagsástands, launauppbyggingar, vinnuréttar, menntamála, stofnanalægra þátta og innri uppbyggingar.

Vegna þess hve hlutverk menntunarþáttarins er mikilvægt til að jafna efnahagsaðstæður mun ráðherranefndin bjóða til samvinnu milli aðila innan atvinnu- og menntageirans. Ráðherranefndin lítur alvarlegum augum á aukinn fjölda þeirra sem eru án atvinnu til langs tíma. Þess vegna mun ráðherranefndin leggja höfuðáherslu á aðgerðir sem geta komið í veg fyrir að einhverjir verði undir í samfélaginu eða verði óvirkir.

Til að auka starfshæfni fullorðins starfsfólks mun ráðherranefndin með samstarfsverkefninu um eftir- og endurmenntun móta fullorðinsfræðslu í samræmi við atvinnustefnuna þannig að hún verði enn þá áhrifameira tæki en áður, bæði á þjóðlegum grunni og sameiginlega innan Norðurlandanna.

Svo að hægt verði að móta sameiginlega norræna stefnu mun ráðherranefndin auka fræðslu um kosti og galla „norræna módelsins“ á atvinnumarkaði og í vinnuumhverfi og bera það saman við aðrar stefnur og lausnir í öðrum hlutum Evrópu varðandi ábyrgð og verndun á norræna atvinnumarkaðs- og atvinnuréttarmódelinu. Styrkja þarf stöðu þeirra sem eru í atvinnuleit. Það hefði í för með sér meiri sveigjanleika á atvinnumarkaðinum. Ráðherranefndin mun kanna um hvaða svið Norðurlöndin ættu helst að hafa samvinnu á vettvangi EES/ES.

Á sviði vinnuumhverfismála mun ráðherranefndin áfram taka þátt í evrópsku stöðlunarsamstarfi innan Comité Européen Normalisation (CEN) og Comité Européen de Normalisation Electrotechnique (CENELEC) til að auka möguleika Norðurlandanna til að hafa áhrif á þróunina.

Ráðherranefndin mun einnig standa fyrir rannsóknum á sviði atvinnusjúkdóma, standa fyrir framhaldsmenntun fyrir vísindamenn, stofnanir og sérfræðinga á sviði vinnuumhverfis auk þess að halda áfram samvinnu varðandi búferlaflutninga fólks.

Ráðherranefndin telur að Nordjobb-starfsmannaskiptin séu mikilsverður samstarfsþáttur þar sem tilgangurinn er að styrkja hina norrænu vitund einstaklinganna. Ráðherranefndin leitast við að finna heppilegt form til að halda áfram verkefninu og enn fremur að auka möguleika norrænna ungmenna til að stunda starfsþjálfun í öðru Norðurlandi þrátt fyrir erfitt atvinnuástand.

Matvæli.

Markmið norrænnar samvinnu á sviði matvæla er að vernda neytendur fyrir heilsutjóni af völdum matvæla og villandi markaðssetningar. Ný matvæli og vörur eru þróaðar í hraðari takti nú en áður fyrir markað sem verður sífellt alþjóðlegri. Einstakir neytendur eiga erfiðara með að fá réttar upplýsingar um innihald matvæla og eiginleika þeirra.

Ráðherranefndin vinnur markvisst að

— aukinni þekkingu á eiturefnum í matvælum og auknu áhættumati (mengun, náttúruleg eiturefni, aukefni),
— aukinni þekkingu á sambandinu milli matvæla og heilsufars (ráðgjöf um næringarefni),
— sameiginlegri upplýsingastefnu sem beinist að einstökum neytendum (upplýsingar um matvæli og heilsufar),
— hagræðingu í eftirliti á matvælum (eigið eftirlit framleiðenda, opinbert eftirlit, gæðaeftirlit, eftirlit á innfluttum matvælum),
— endurbótum á merkingu matvæla (innihaldslýsingar og merkingar með tilliti til ofnæmissjúklinga),
— samræmingu á reglum sem varða matvæli vegna tilkomu innri markaðarins (EES-samningurinn).

Neytendastefna.

Ráðherranefndin starfar í samræmi við samstarfsáætlun á sviði neytendamála 1994–1998. Ráðherranefndin hefur sem útgangspunkt að norræna neytendastefnan hvíli öll á svipuðu skipulagsformi hjá þjóðunum, m.a. með umboðsmanni neytenda, og að neytendasamtök hafi mikil áhrif á ákvarðanatöku. Tilgangurinn er að aðstoða neytendur með upplýsingum, auka áhrifamátt þeirra og styrkja neytendalöggjöfina.

Ráðherranefndin mun vinna ötullega að því að tekið verði tillit til norrænnar neytendastefnu í tengslum við EES og ES.

Ráðherranefndin mun áfram vinna að hinni jákvæðu, frjálsu umhverfismerkingu — græna svaninum.

Meðal þess sem mun fá forgang í nýrri framkvæmdaáætlun fyrir árin 1995–1996 eru m.a. eftirtalin verkefni og starfssvið:

— markmiðsstýrð og árangursrík hlutverkaskipti milli prófunarstofa norrænna neytendasamtaka,
— norræn rannsóknaáætlun í neytendastefnu,
— samvinna milli evrópskra eftirlitsaðila á sviði markaðssetningar,
— áhrif norrænna neytenda á evrópskt stöðlunarstarf vegna neysluvara,
— norræn þátttaka í evrópskum áætlunum um tilkynningarskyldu vegna hættulegs varnings og slysa,
— greining á reynslu þjóðanna hvað varðar kerfi sem komið hefur verið á um fjármálaáætlun og lækkun skulda,
— endurbætur á möguleikum neytenda til að geta fylgst með og notfært sér alþjóðlegt framboð á skulda-, sparnaðar- tryggingar- og lífeyriskerfinu.

Félags- og heilbrigðisstefna.

Félagsfræðileg og siðfræðileg málefni munu hafa forgang í hinum ýmsu samstarfsverkefnum á félags- og heilbrigðissviðinu. Þetta þýðir að meginreglan um samstöðu og hagsmunagæslu fyrir neytendur er sett í öndvegi þegar þróaðar eru vörur og þjónusta. Þetta felur einnig í sér að hagsmunir þeirra samfélagshópa, sem minna mega sín, eru sérstaklega verndaðir. Ráðherranefndin heldur þessari stefnu áfram og mun leitast við að efla og útvíkka gæðakröfurnar sem eru einkennandi fyrir samstarfssviðin. Eftir- og endurmenntun eru þau svið sem henta vel til samnorrænna aðgerða. Áhersla á menntun og rannsóknir er svið sem er mikilvægt í samstarfinu til þess að markmiðið um öryggi og velferð í samfélagi okkar náist.

Ráðherranefndin ætlar sér að færa sér í nyt hina miklu kosti sem felast í norræna samstarfinu með aðstoð stofnana á þessu sviði, ásamt því að styrkja meginreglur í grundvallaratriðum „norræna módelsins“, einkum með það fyrir augum að eiga auðveldara með að hafa áhrif á evrópska samvinnu.

Ráðherranefndin ætlar sér að

— vinna áfram á grundvelli þess sem felst í sáttmálum um norræna samvinnu,
— auka kynningarstarfsemi sem beinist að norrænum þegnum, m.a. varðandi þau réttindi sem felast í sáttmálum þjóðanna,
— styrkja samnorræna stefnu í málefnum fatlaðra sem byggist á hugsjóninni um samstöðu, bótum vegna takmarkaðrar starfsgetu, neytendaáhrifum, auk umhverfismála fatlaðra, sem birtist í vöntun á aðgengi í samfélaginu og fyrirtækjum í ríkum mæli og ákvarðar að miklu leyti fötluninina í samfélaginu, ásamt því að
— vinna að samnorrænni eiturlyfjastefnu til að viðhalda norrænu heildaryfirliti yfir eiturlyfjavandann, ekki bara í eigin löndum heldur einnig til að geta með frumkvæði sínu haft virk áhrif á notkun eiturlyfja á alþjóðavettvangi þar sem fylgt verði samþykktum Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði,
— gæta enn frekar hagsmuna barna og unglinga með því að samræma aðgerðir stofnana varðandi börn með því m.a. að efla eftirmenntun innan þeirra stofnana sem nú vinna að þessum málum auk þess að auka upplýsingastarf og miðlun reynslu með það að markmiði að koma á norrænum gildum og viðmiðunum sem hægt er að beita fyrir sig innan hinnar evrópsku sameiningar,
— halda áfram með og auka virka þátttöku og áhrif frá Norðurlöndunum í nefndum og vinnuhópum sem setja evrópska staðla á sviði heilbrigðis- og félagsmála til að viðhalda og þróa hið háa öryggis- og gæðastig sem Norðurlöndin hafa byggt upp á heilbrigðis- og hjálpartækjasviðinu,
— hefja verkefni fyrir hópa sem eiga við mikla fjárhagslega og félagslega örðugleika að stríða til að móta sameiginlegar skilgreiningar og hugtök sem gefa langtímaforsendur til að gera samanburð í tíma og milli landa um ákveðin grundvallaratriði, t.d. varðandi fátækt og heimilisleysi.

VII. EFNAHAGSMÁL

Árangursríkur vöxtur og atvinna.

Samvinna ráðherranefndarinnar á sviði efnahags- og fjármála þarf að leiða til jafnvægis og sjálfbærs vaxtar. Hún þarf að styrkja sameiginlega efnahagsstefnu Norðurlandanna og koma á framfæri hagsmunamálum Norðurlandanna í Evrópu og á víðu sviði alþjóðamála.

Efnahagsstefnuna þarf að móta þannig að hún stuðli að jákvæðri breytingu á innri gerð þjóðfélagsins, vexti og atvinnu. Samsetning opinberra útgjalda getur t.d. breyst þannig að fjárfestingar aukist á kostnað millifærslu. Skatta og gjöld þarf að móta til langs tíma og miðast við bærilegt útgjaldastig þegar litið er til lengri tíma.

Til að geta styrkt vöxt og atvinnu varanlega telur ráðherranefndin mikilvægt að halda lágri verðbólgu og opinberum útgjöldum.

Í ljósi þess að nú á sér stað samþjöppun alþjóðlegra fjármála hefur ráðherranefndin í starfi sínu lagt áherslu á breiða alþjóðlega samstöðu um aðgerðir og stefnu til að auka atvinnustigið. Vegna frumkvæðis frá Noregi hefur hafist samvinna fjármála- og efnahagsráðherranna í ES og EFTA þar sem lagðar hafa verið fram áætlanir um aðgerðir í öllum löndunum til að auka vöxt og atvinnustig.

Ráðherranefndin ætlar að halda áfram þessu starfi og auka það. Frekari samvinna á þessu sviði er ráðgerð til að geta metið nýja vaxta- og atvinnuaukandi stefnumörkun fyrir EB- og EFTA-löndin.

M.a. vegna frumkvæðis Norðurlandanna mun OECD á fundi sínum í júní 1994 kynna umfangsmikla athugun á atvinnuleysinu. Ráðherranefndin mun fylgja eftir atvinnuleysisathugun OECD með tilliti til þess að náð verði breiðari alþjóðlegri samstöðu um stefnumótun um atvinnuleysið. Stefnt er að fundi æðstu manna innan OECD til að fjalla um þessi mál.

Alþjóðavæðing efnahags landanna hefur aukið þörfina fyrir upplýsingagjöf og miðlun reynslu. Þess vegna ætlar ráðherranefndin áfram að leggja mikla áherslu á efnahagspólitískar umræður meðal norrænu fjármálaráðherranna. Með því að skiptast á þessum upplýsingum fæst grundvöllur að sameiginlegri norrænni stefnu.

Efnahagssamvinna með Eystrasaltsríkjunum og nágrannasvæðunum.

Fjárfestingaráætlun Eystrasaltsríkjanna (BIP) hófst árið 1992 og heldur áfram til ársins 1995. Með áætluninni verður jafnvirði u.þ.b. 100 millj. ekna varið til tækniaðstoðar og fjármögnunar smárra og meðalstórra fyrirtækja. Ráðherranefndin mun láta gera úttekt á BIP-áætluninni árið 1995.

Ráðherranefndin ætlar að hefja ákveðna tæknilega þróunaraðstoð til nágrannasvæða Norðurlandanna í Rússlandi.

Í ferlinu, sem myndast við umbreytinguna, er mikil þörf fyrir að þróa með mönnum skilning á árangri af markaðshagkerfinu. Ráðherranefndin hefur, í samvinnu við vísindamenn frá Eystrasaltsríkjunum, gert áætlun um hagfræðirannsóknir á tímabilinu fram til 1995.

Samvinnan við Eystrasaltsríkin á sér einnig stað innan ramma annarra fjölþjóðlegra stofnana. Innan Alþjóðabankans og Gjaldeyrissjóðsins eiga Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin sameiginlega fulltrúa (eitt kjördæmi) og innan EBRD eru norrænu forstjórarnir fulltrúar Eystrasaltsríkjanna. Ráðherranefndin vinnur að því að auka þetta samstarf í takt við aukna getu Eystrasaltsríkjanna til samstarfsins.

Flutningar og innri uppbygging (infrastrúktúr).

Málefni norrænna flutninga hefur í auknum mæli orðið ástæða umræðu í tengslum við hina vaxandi evrópsku flutningasamvinnu. Ráðherranefndin ætlar að samræma norræna vega- og járnbrautanetið þróuninni í öðrum hlutum Evrópu. Norrænar reglur um flutninga verða einnig aðlagaðar að EES-samningnum. Unnin hefur verið skýrsla um áætlun um innri uppbyggingu í flutningum með tilliti til áætlana þjóðanna sem varðar norræna hagsmuni. Áætlunina á að framkvæma á næstu 10 árum. Ráðherranefndin mun meta og aðlaga þessar áætlanir innan þriggja ára.

Þróun byggðamála.

Ráðherranefndin mun leggja fram nýja samstarfsáætlun fyrir byggðaþróun í mynd ráðherranefndartillögu til meðhöndlunar á fundi Norðurlandaráðs haustið 1994.

Ráðherranefndin ætlar að þróa áfram samvinnu milli og innan svæða á Norðurlöndunum. Innifalin í því eru samstarfsverkefni á landamærasvæðum.

Samvinnan þarf að byggja á sameiginlegum lausnum og möguleikum frekar en landfræðilegri nálægð og þarf einnig að ná til samvinnu norrænna svæða og svæða innan ES.

Vesturhluti Norðurlandanna og nyrsti hluti þeirra verða áfram svæði sem njóta forgangs í þessari samvinnu. Gerð var úttekt á „Vest-norden-sjóðnum" haustið 1993 og með tilliti til hennar mun ráðherranefndin leggja mat á hvernig sjóðurinn getur betur náð settum markmiðum.

Ráðherranefndin leggur mikla áherslu á meiri fræðslu og miðlun reynslu, m.a. innan NordREFO (Nordisk institutt for regionalpolitisk forskning) og Bas-verkefnið (upplýsingasöfnun í tölvuformi o.fl.). Með nýju rannsóknaráætluninni NordREFO árin 1994–95 mun ráðherranefndin gera grein fyrir afleiðingum byggðastefnunnar með hliðsjón af núverandi og framtíðarefnahag, innri uppbyggingu og breytingum innan stofnana.

Samstarf í orkumálum.

Ráðherranefndin hafði frumkvæði að tillögu um nýja rannsóknaáætlun í orkumálum fyrir tímabilið 1995–1998. Endanleg ákvörðun verður tekin í ráðinu fyrri hluta árs 1994. Gert er ráð fyrir að löndin leggi til fjármagn á bilinu 80–100 millj. n.kr. (á gengi 1995) á áætlunartímabilinu 1995–1998.

Innra skipulag orkumála í einstökum löndum leiðir til breytinga á því samstarfi sem fyrir er á norrænum orkumarkaði. Ráðherranefndin hyggst fylgjast náið með skilyrðunum fyrir og þörfinni á norrænum aðgerðum til þess að þróa norrænan orkumarkað, sérstaklega í tengslum við þróunina innan EB/Eystrasaltssvæðisins.

Ráðherranefndin telur að verði gasvinnsla í Norðursjó aukin eigi það að gerast á viðskiptalegum grundvelli. Ráðherranefndin mun á næstu árum leggja meiri áherslu á kostnaðarhlið stefnunnar í málefnum andrúmsloftsins og þá sérstaklega vandamálin tengd orku og skatti á koltvísýring.

Samstarf í málefnum atvinnuveganna.

Ráðherranefndin vill stuðla að bættum starfsskilyrðum og grundvallaraðstæðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í því skyni er verið að vinna að athugun á þörfinni á áhættufjármagni á Norðurlöndum.

Ráðherranefndin ætlar einnig að kanna möguleikann á norrænni samvinnu um útflutningsaukandi aðgerðir og alþjóðavæðingu á mörkuðum utan OECD-svæðisins. Í tengslum við þá vinnu mun ráðherranefndin meta þörfina á því að þróa fjármögnunarkerfi til þess að bæta starfsskilyrði norrænna fyrirtækja á grannsvæðum Norðurlanda. Ráðherranefndin mun enn fremur kanna atriði eins og þýðingu þjónustugeirans fyrir atvinnusköpun, evrópskan samruna og stöðlun.

Í samræmi við framkvæmdaáætlunina fyrir Eystrasaltsríkin mun ráðherranefndin vinna áfram að Baltpraktik sem gefur ungu fólki þaðan færi á að öðlast starfsreynslu í fyrirtækjum á Norðurlöndum og Baltkonsult sem býður fyrirtækjum þar ráðgjöf, svo og að einkavæðingarráðstefnum á vegum stjórnvalda á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Ráðherranefndin mun einnig láta vinna röð sjónvarpsþátta fyrir Eystrasaltsríkin til þess að auka skilning á því hvernig markaðshagkerfi virkar.

Ráðherranefndin hefur hafið athugun á því hvort unnt verði að koma á samvinnu við St. Pétursborgarsvæðið í málum atvinnuveganna.

Ráðherranefndin mun áfram styðja verkefnaútflutning norrænna fyrirtækja til sívaxandi markaða í Austur-Evrópu, Asíu og Suður-Ameríku og alþjóðavæðingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á „pre-investment"-skeiðinu svonefnda svo að þau geti betur nýtt sér þá möguleika sem þessir markaðir bjóða til lengri tíma litið.

Starfið er unnið af Norræna verkefnaútflutningssjóðnum, NoPEF. Ráðherranefndin stuðlar að norrænu samstarfi á sviði tækni og iðnaðar í gegnum Norræna iðnaðarsjóðinn. Markmiðið er að þróa samstarf milli fyrirtækja og rannsóknastofnana á norrænum grunni. Á árunum 1993–96 leggur sjóðurinn megináherslu á eftirfarandi sérsvið iðnaðarins:

— orkusparandi létta hönnun;
— nýja tækni í matvælaiðnaði;
— nýja tækni í skógar- og pappírsiðnaði.

Á sviði skoðunartækni er markmið ráðherranefndarinnar á næsta ári að styrkja uppbyggingu skoðunartækninnar á Norðurlöndum á grundvelli Nordtest, auka norræn áhrif í Evrópu, vinna að því að niðurstöður prófana í norrænum rannsóknastofum verði viðurkenndar á alþjóðavettvangi og þróa prófanir fyrir sérnorrænar þarfir.

Unnið verður nýtt skipulag fyrir Nordtest, m.a. til þess að auka norræn áhrif á evrópska stöðlun.

Samstarf í byggingar- og húsnæðismálum.

Á sviði byggingar- og húsnæðismála leggur ráðherranefndin mesta áherslu á jafnvægi í byggðaþróun og atvinnuskapandi aðgerðir. Má nefna eftirfarandi svið:

— endurnýjun borga með enduruppbyggingu og viðhaldi;
— innri uppbyggingu borga (umferð, þarfir, umhverfi);
— vistfræðilegar byggingar;
— afleiðingar minni stjórnunar í húsnæðismálum;
— heilbrigðara andrúmsloft innan húss.

Gerð staðla og tæknilegra vottana fyrir byggingarvörur í samræmi við byggingarreglugerðir ES er á lokastigi. Norrænni aðlögun að CEB (evrópsku staðlastofnuninni) og CEOTA (evrópsku tæknivottunarstofnuninni) verður því haldið áfram.

Samstarf í landbúnaðarmálum.

Samstarf á sviði landbúnaðar og skógnytja byggir á norrænu framkvæmdaáætluninni um landbúnaðar- og skógarnytjamál ásamt viðbótaráætlun sem báðar ná til 1996. Aðaláherslusvið áætlananna eru rannsóknir og vísindaleg menntun, svo og samstarf á sviði umhverfismála og endurvinnslu. Á sviðum landbúnaðar og umhverfismála leggur ráðherranefndin höfuðáherslu á hreinsun næringarsalta og umhverfiseftirlit.

Á grundvelli þeirra eftirlitsgagna, sem fyrir liggja, vill ráðherranefndin gera heildarmat á umhverfisgæðum skóga á Norðurlöndum. Á þessum sviðum er einnig lögð áhersla á eftirlit með ástandi ræktaðs lands og líffræðilegri fjölbreytni.

Norræni genbankinn og Norræni genbankinn fyrir húsdýr eru þættir í alþjóðlegu samstarfi um varðveislu erfðafræðilegra verðmæta. Ráðherranefndin vill halda áfram varðveislu erfðafræðilegra þátta í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og svæðisbundna samninga. Á samstarfssviðinu verður lögð mest áhersla á hæfnisaukandi aðgerðir, aðgerðir í tengslum við þróunaraðstoð og alþjóðlegt pólitískt samstarf með tilliti til UNCED.

VIII. LÖGFRÆÐILEG MÁL

Löggjöf.

Í nýrri vinnuáætlun fyrir árin 1993–98 slær ráðherranefndin því föstu að evrópski samruninn leiði til þess að eðlisbreyting verði á löggjafarsamstarfinu. Á þeim sviðum, sem EES-samningurinn nær til, mun samningurinn, og þær reglur sem hann byggir á, einnig verða að miklu leyti ráðandi um norræna samvinnu. EES-samningurinn fær sérstaka þýðingu á sviðum samkeppni, ríkisstyrkja, opinberra innkaupa, fyrirtækjaréttar og einkaréttar (einkaleyfi, vörumerki og höfundaréttur).

Ráðherranefndin leggur höfuðáherslu á norrænt samstarf til þess að viðhalda líkum réttarvenjum á Norðurlöndum einnig á þeim sviðum þar sem EES-samningurinn gefur færi á mismunandi lausnum. Þessi samvinna leiðir til sparnaðar þar sem löndin nýta sér reynslu hvers annars. Þetta gildir fyrst og fremst um beina beitingu þeirra EB-tilskipana sem voru samþykktar með EES-samningnum.

Ráðherranefndin telur að þegar um er að ræða breytt vinnubrögð og þess háttar verði einnig gagnlegt að læra af reynslu hver annars og þá sérstaklega reynslu Dana. Á þeim sviðum, sem EES-samningurinn nær til, verður löggjafarstarfinu einkum beint að verkefnum á sviði félagaréttar, viðurkenningar dóma og fullnustu þeirra, vörumerkjaréttar, alþjóðlegs einkamálaréttar, verndar einkalífsins og neytendaréttar. Á þeim sviðum, sem EES-samningurinn nær ekki til, verður samstarfinu í framtíðinni beint að refsi- og réttarfarsrétti, opinberum rétti, sifjarétti, sjórétti, gjaldþrotarétti og skaðabótarétti.

Rannsóknaráð evrópsks samrunaréttar mun gegna mikilvægu hlutverki og hvetja til rannsókna og skipta á upplýsingum á sviði samrunaréttarins.

Ráðherranefndin styður þá uppbyggingu á réttarþjóðfélögum sem á sér stað í Eistlandi, Lettlandi og Litáen með ýmiss konar þróunaraðstoð, aðallega aðstoð sérfræðinga og kaupum á lögfræðibókum. Ráðherranefndin telur þetta starf mjög mikilvægt og fylgist stöðugt með annarri alþjóðlegri aðstoð.

Jafnréttismál.

Ráðherranefndin vinnur nú að framkvæmdaáætlun fyrir norræn jafnréttismál fyrir árin 1995–2000. Tillaga að framkvæmdaáætlun verður til umræðu á norræna kvennaþinginu 1994. Norrænt samstarf á sviði jafnréttismála á að leiða til sameiginlegrar afstöðu og skapa sameiginlegan grundvöll í víðara evrópsku og alþjóðlegu samstarfi.

Jafnréttismál á að færa inn á þau svið sem ráðherranefndin fjallar um. Hvert samstarfssvið á að sjá til þess að jafnréttismál verði hluti af starfinu. Ráðherranefndin á að stuðla að því að jafnt hlutfall kvenna og karla verði annars vegar í öllum stjórnum, nefndum, ráðum o.s.frv. á vegum hennar og hins vegar á hinum ýmsu skrifstofum nefndarinnar. Þannig eru gefin skýr merki um að meira jafnrétti í norrænu samstarfi sé æskilegt.

Á næstu árum mun ráðherranefndin einkum beina starfi sínu í jafnréttismálum að því að:

— stuðla að jöfnum aðgangi karla og kvenna að ákvarðanatöku;
— stuðla að sömu launum fyrir sömu vinnu;
— bæta möguleika bæði karla og kvenna á að sameina hlutverk foreldra og atvinnu;
— þróa aðferðir sem nota má til að koma á jafnrétti í hinum ýmsu málaflokkum, svæðisbundið, í einstökum löndum og á norrænum vettvangi; tölfræði, rannsóknir og upplýsingamiðlun eru sérstaklega mikilvæg að þessu leyti;
— hafa áhrif á evrópska og alþjóðlega þróun í jafnréttismálum.

Málefni flóttamanna og fólksflutninga.

Ráðherranefndin mun áfram skiptast á upplýsingum um málefni flóttamanna og víkka þannig m.a. grundvöllinn fyrir stefnumótun landanna. Samkvæmt þessu og til þess að ná fram betri samræmingu og nýtingu eiga sér enn fremur stað viðræður við fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og Alþjóðafólksflutningastofnunarinnar (IOM). Á árinu 1994 verða haldnar ítarlegri viðræður um þætti eins og sameiningu fjölskyldna, fyrrum Júgóslavíu, kvótabreytingar og flutninga aftur til ættlandsins.

Ráðherranefndin vinnur áfram að samræmingu, m.a. hvað snertir norræna samninginn um afnám vegabréfaeftirlits, hinn svokallaða Dublin-sáttmála um pólitískt hæli og sáttmála EB um landamæraeftirlit.

Ráðherranefndin mun áfram vinna að því að aðlaga áætlanir einstakra norrænna landa og þróa áfram aðgerðaáætlanir um móttöku flóttamanna, lögfræðilegt mat o.s.frv. í tengslum við hugsanlegan fjöldaflótta. Ráðherranefndin hefur í hyggju að halda áfram samstarfi um rannsóknir á fólksflutningum, vinnumarkaðsmál kvenna og unglinga meðal innflytjenda, kynþáttahatur og útlendingahatur í samfélaginu, þjóðernislega mismunun á vinnumarkaðnum, aðlögun innflytjenda og flóttamanna að norrænu samfélagi og möguleika á því að auka ábyrgð einstaklinganna sjálfra meðal flóttamanna og innflytjenda og þeirra sem sækja um hæli.

Í samræmi við ákvörðun á 43. þingi Norðurlandaráðs í ár mun ráðherranefndin í samvinnu við Norðurlandaráð og viðkomandi stofnanir taka frumkvæði að átaki gegn útlendingahatri og kynþáttahatri.

IX. EFNAHAGSLEG SKILYRÐI ÁÆTLANAGERÐAR

Staða ríkisbúskaparins í aðildarlöndunum veitir takmarkaða möguleika á því að auka tekjuhlið norrænu fjárlaganna næstu árin. Verði annað ekki ákveðið verður heildarrammi inn 655,8 millj. d.kr. á ári. Samkvæmt fyrri ákvörðun landanna eiga áherslusviðin menning og menntun/rannsóknir að fá helming fjárlaganna í sinn hlut fyrir 1996. Fjárfestingin verður fjármögnuð með sparnaði á öðrum sviðum. Fjárveitingar til umhverfismála og fjárveitingar vegna grannsvæða verða þó áfram a.m.k. jafnháar og nú. Ráðherranefndin hefur áður ákveðið að taka þátt í fjármögnun lista- og menningarmiðstöðvar á Grænlandi (Nuuk). Til þess hafa verið veittar 20 millj. d.kr. (á verðlagi 1990) sem samsvarar 22,9 milljónum (á verðlagi 1994). Útborguninni er skipt á milli áranna 1995 og 1996.

614. Fyrirspurn [410. mál]

til umhverfisráðherra um kostnað atvinnufyrirtækja, sveitarfélaga og opinberra stofnana af ákvæðum mengunarvarnareglugerðar.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

Hefur í ráðuneyti umhverfismála verið lagt mat á kostnað atvinnufyrirtækja, sveitarfélaga og opinberra aðila við að uppfylla ákvæði mengunarvarnareglugerðar sem sett var 27. janúar sl.? Ef svo er, hver er kostnaðurinn talinn vera:

a. af úrbótum á búnaði og mannvirkjum viðkomandi starfsemi,
b. af árlegu eftirliti með þeirri starfsemi sem er eftirlitsskyld?

615. Frumvarp til laga [411. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Í stað II. kafla laganna, **Stjórn náttúruverndarmála**, 2.–8. gr., koma 15 nýjar greinar svohljóðandi:

a. (2. gr.)

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn náttúruverndarmála. Við mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmdir og fræðslu á því sviði skal umhverfisráðuneytið hafa samráð við Náttúruverndarráð, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna um náttúruvernd eftir því sem við á hverju sinni.

b. (3. gr.)

Landvarsla ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfisráðuneytið.

c. (4. gr.)

Umhverfisráðherra skipar Landvörslu ríkisins þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs og einn eftir tilnefningu Ferðamálaráðs. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar og ákveður stjórnarlaun. Skipa skal jafnmarga menn til vara á sama hátt.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Landvörslu ríkisins. Hún fjallar um starfs- og fjárhagsáætlanir stofnunarinnar og fylgist með fjárhag hennar og ráðstöfun fjár. Stjórnin gætir samráðs við Náttúruverndarráð, Ferðamálaráð, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna um náttúruvernd.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Landvörslu ríkisins til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Framkvæmdastjóri fer með daglega stjórn stofnunarinnar og hefur umsjón með rekstri hennar. Hann ræður annað starfsfólk en þjóðgarðsverði og starfsfólk þjóðgarða að fengnu samþykki stjórnar. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur framkvæmdastjóra og stjórnar.

d. (5. gr.)

Landvarsla ríkisins hefur umsjón með þjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum og náttúruminjum. Stofnunin hefur umsjón með öðrum náttúruverndarsvæðum í samræmi við ákvæði annarra laga. Stofnuninni er heimilt með samþykki ráðherra að semja um að taka að sér umsjón með öðrum svæðum sem sérstök þykja sakir landslags, gróðurfars eða dýralífs sé þess óskað.

Landvarslan getur með samningum falið öðrum aðilum umsjón náttúruminja og friðlýstra svæða að þjóðgörðum undanskildum, t.d. sveitarfélögum, ferðafélögum, áhugasamtökum um náttúruvernd og einstaklingum. Í samningum skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila hvað varðar umsjón með viðkomandi svæði, mannvirkjagerð þar og aðrar framkvæmdir, móttöku ferðamanna og fræðslu og ráðstöfun tekna af gjaldtöku ef hún er leyfð og ákveðin skv. 18. gr. laganna.

Landvarsla ríkisins skal gæta þess að umferð ferðamanna á svæðum í umsjón hennar valdi ekki raski né spjöllum á landi og getur meðal annars takmarkað umferð eða lokað svæðum í því skyni.

Árlega skal Landvarsla ríkisins gefa umhverfisráðherra skýrslu um ástand lands í umsjón hennar og aðstöðu þar til að taka á móti ferðamönnum. Í skýrslunni skal jafnframt setja fram tillögur til úrbóta þar sem þörf er á og álit stofnunarinnar á stöðu ferðamála frá sjónarmiði náttúruverndar.

Landvarsla ríkisins skal hafa frumkvæði að því að gerðar verði skipulagsáætlanir fyrir þjóðgarða, friðlýst svæði og önnur náttúruverndarsvæði í umsjón hennar og hefur um það samráð við embætti skipulagsstjóra ríkisins.

Landvarslan skal hafa forgöngu um fræðslu á svæðum í umsjón hennar, m.a. með útgáfu á fræðsluefni um náttúrufar viðkomandi svæðis.

Landvörslu ríkisins er heimilt að setja á stofn og reka gestastofur í þjóðgörðum og á öðrum náttúruverndarsvæðum eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Í gestastofu skal veita fræðslu um náttúru staðarins, jarðmyndanir og lífríki, fornleifar og aðrar þjóðminjar, reglur sem gilda um svæðið, náttúruvernd og sögu byggðar og landnýtingar. Heimilt er að taka hóflegt gjald fyrir fræðsluefni og veitta þjónustu í gestastofu.

Einnig skal Landvarsla ríkisins leitast við að efla áhuga á náttúruvernd með útgáfu á fræðsluefni fyrir skóla, fjölmiðla og almenning í samráði við umhverfisráðuneytið. Stofnunin skal hafa samvinnu við sveitarstjórnir, yfirvöld ferðamála og skóla um kynningu á friðlýstum svæðum og náttúruminjum þar sem ástæða þykir til að hvetja til heimsókna ferðamanna.

Landvarsla ríkisins skal hafa samstarf við Náttúruverndarráð og samtök áhugamanna um náttúruvernd, m.a. með því að stuðla að héraðsfundum um náttúruvernd í samráði við náttúruverndarnefndir.

e. (6. gr.)

Á vegum Landvörslunnar starfa landverðir sem sjá meðal annars um eftirlit og fræðslu á svæðum í umsjón stofnunarinnar. Ráðherra getur sett í reglugerð fyrirmæli um menntun og starfsskyldur landvarða.

f. (7. gr.)

Í hverjum þjóðgarði starfar þjóðgarðsvörður sem umhverfisráðherra skipar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar Landvörslu ríkisins. Þjóðgarðsverðir starfa í umboði Landvörslu ríkisins og annast stjórn og daglegan rekstur þjóðgarða. Þeir ráða annað starfsfólk þjóðgarðanna að fengnu samþykki framkvæmdastjóra Landvörslunnar.

Umhverfisráðherra getur samkvæmt tillögum Landvörslu ríkisins falið þjóðgarðsvörðum víðtækara eftirlits- og stjórnunarhlutverk á svæðum í umsjón stofnunarinnar í viðkomandi landshluta.

g. (8. gr.)

Landvarsla ríkisins hefur vörslur friðlýsingarsjóðs. Tilgangur sjóðsins er að fjármagna framkvæmdir í þágu náttúruverndar eins og kveðið er á um í skipulagsskrá Þjóðhátíðarsjóðs. Stjórn friðlýsingarsjóðs úthlutar styrkjum úr honum í samræmi við tilgang hans og reglugerð, sbr. 3. mgr.

Umhverfisráðherra skipar sjóðnum stjórn þriggja manna til fjögurra ára í senn. Í stjórn sjóðsins sitja framkvæmdastjóri Landvörslu ríkisins, einn fulltrúi skipaður af ráðherra og einn fulltrúi skipaður eftir tilnefningu Náttúruverndarráðs og skal hann vera formaður stjórnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsemi friðlýsingarsjóðs.

h. (9. gr.)

Í hverju kjördæmi landsins skal starfa sjö manna náttúruverndarnefnd. Héraðsnefndir kjósa nefndarmenn til fjögurra ára í senn samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur. Í Reykjavík kýs borgarstjórn nefndarmenn samkvæmt sömu reglum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir á sama hátt og til sama tíma.

Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með ábendingum og tillögugerð til héraðsnefnda, sveitarstjórna, Náttúruverndarráðs, náttúruverndarþings eða Landvörslu ríkisins. Náttúruverndarnefndir hafa bakhjarl í náttúrustofum kjördæma þar sem þær eru starfræktar.

Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um starfsemi náttúruverndarnefnda. Í reglugerðinni skal kveða á um kosningu þeirra og skiptingu kostnaðar af störfum nefndanna.

i. (10. gr.)

Náttúruverndarþing kemur saman annað hvert ár. Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Hlutverk náttúruverndarþings er að fjalla um náttúruvernd landsins og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð. Þingið skal hverju sinni fjalla sérstaklega um aðgerðir og stefnu stjórnvalda á sviði náttúruverndar og um störf og stefnu Náttúruverndarráðs.

Seta á náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra.

Á náttúruverndarþingi eiga sæti:

1. Náttúruverndarráð, aðalmenn, varamenn og framkvæmdastjóri þess.
2. Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
3. Framkvæmdastjóri Landvörslu ríkisins, þjóðgarðsverðir og landverðir stofnunarinnar.
4. Einn fulltrúi fyrir hvert setur Náttúrufræðistofnunar Íslands auk fjögurra annarra fulltrúa Náttúrufræðistofnunar sem sérfróðir skulu vera um jarðfræði, dýrafræði, grasafræði og örverufræði.
5. Fjórir fulltrúar frá Háskóla Íslands og tveir fulltrúar frá Kennaraháskóla Íslands.
6. Einn fulltrúi frá hverri náttúrustofu landsins.
7. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
8. Einn eða fleiri fulltrúar fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenskra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Ferðafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, Félag íslenskra landlagsarkitekta, Landssamtökin Líf og land, Líffræðifélag Íslands, Jarðfræðafélag Íslands, Jöklarannsóknafélag Íslands, Vísindafélag Íslendinga og náttúruverndarsamtök landshluta.
9. Eftirtaldir embættismenn: ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytis, skrifstofustjóri umhverfisskrifstofu ráðuneytisins og deildarstjóri náttúruverndardeildar, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs ríkisins, landgræðslustjóri, landlæknir, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, fulltrúi frá Landsvirkjun, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, veiðistjóri, þjóðminjavörður, framkvæmdastjóri Hollustuverndar ríkisins, vita- og hafnarmálastjóri, forstöðumaður Vinnueftirlits ríkisins, forstjóri Landmælinga Íslands, rafmagnsveitustjóri og ferðamálastjóri.

Þeir embættismenn sem taldir eru upp í 3. og 9. tölul. hér að ofan hafa ekki kjörgengi til Náttúruverndarráðs né kosningarrétt á þinginu. Heimilt er með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, að fjölga þeim stofnunum náttúruverndarsamtökum, veiðifélögum, ferðafélögum og öðrum almannasamtökum, sem fulltrúa eiga á náttúruverndarþingi. Í reglugerð skal kveðið nánar á um fjölda fulltrúa á náttúruverndarþingi.

j. (11. gr.)

Náttúruverndarráð er skipað níu mönnum, þar af skal einn vera samkvæmt ákvörðun Ferðamálaráðs og annar samkvæmt ákvörðun Sambands íslenskra sveitarfélaga. Náttúruverndarþing kýs aðra ráðsmenn óbundinni kosningu. Annað hvert þing skal kjósa formann og varaformann ráðsins sérstaklega til fjögurra ára og tvo aðra ráðsmenn til sama tíma. Á öðrum þingum skal kjósa þrjá ráðsmenn til fjögurra ára. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Náttúruverndarráð skiptir með sér verkum að störfum formanns og varaformanns undanskildum.

Náttúruverndarráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu.

Ríkissjóður greiðir laun framkvæmdastjóra og veitir framlag til reksturs skrifstofu eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Ríkissjóður greiðir einnig fasta þóknun til ráðsmanna fyrir setu í Náttúruverndarráði.

Náttúruverndarráð hefur til ráðstöfunar 5% af árlegum tekjuafgangi Endurvinnslunnar hf., sbr. lög nr. 52/1989.

Fyrir lok marsmánaðar ár hvert semur Náttúruverndarráð og sendir umhverfisráðuneytinu fjárhagsáætlun um þau útgjöld sem ríkissjóði ber að greiða og ætla má að leiði af framkvæmd laganna á næsta almanaksári.

k. (12. gr.)

Hlutverk Náttúruverndarráðs er að stuðla að almennri náttúruvernd í landinu og vera stjórnvöldum til ráðgjafar. Náttúruverndarráð skal marka sér sjálfstæða og rökstudda stefnu í náttúruverndarmálum og gera náttúruverndarþingi, almenningi og stjórnvöldum grein fyrir henni.

Leita skal eftir áliti Náttúruverndarráðs á öllum lagafrumvörpum á sviði náttúruverndar áður en þau eru lögð fram á Alþingi. Umsagnar Náttúruverndarráðs skal leitað við setningu reglugerða um náttúruvernd. Náttúruverndarráð skal gera tillögur um friðlýsingar og aðrar verndaraðgerðir og fjalla ítarlega um náttúruminjaskrá áður en hún er gefin út hverju sinni.

Náttúruverndarráð og umhverfisráðherra skulu funda tvisvar á ári eða oftar ef þurfa þykir, um stefnu og ákvarðanir stjórnvalda er varða náttúruvernd.

Náttúruverndarráð er heimilt að gerast aðili að Alþjóðanáttúruverndarráðinu (IUCN).

l. (13. gr.)

Náttúruverndarráð skal fjalla um lögbundið mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstjóri ríkisins skal leita álits ráðsins á öllum framkvæmdum sem tilkynntar eru og auglýstar skv. 7. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993, áður en úrskurður er kveðinn upp skv. 8. og 11. gr. laganna.

m. (14. gr.)

Náttúruverndarráð skal fylgjast með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði og fyrirmæli laga þessara. Ráðinu er heimilt að ráða til

þess eftirlitsmenn, einn í hverjum landsfjórðungi. Leita skal eftir samvinnu við héraðsnefndir og náttúrustofur, þar sem þær eru starfræktar, um ráðningu eftirlitsmanna og skiptingu kostnaðar af störfum þeirra, m.a. skal kanna möguleika á að eftirlitsmenn undirbúi fundi náttúruverndarnefnda og mál sem þar verða lögð fram í samráði við formenn nefndanna. Eftirlitsmenn skulu einnig hafa samvinnu við náttúrustofur þar sem þær eru starfræktar.

n. (15. gr.)

Nú telur Náttúruverndarráð nauðsynlegt að fram fari vettvangsathugun, aflað verði álits sérfræðings eða sérfræðinga, áður en álit ráðsins skv. 13. og 38. gr. er látið í té, svo og að haldið verði uppi sérstöku eftirliti með framkvæmd, og ber þá framkvæmdaraðila þeim sem í hlut á að endurgreiða ráðinu kostnað sem það hefur af slíku. Gera skal fyrir fram áætlun í samráði við framkvæmdaraðila þar sem fram komi í meginatriðum hvaða kostnaðarliði yrði um að ræða eftir því sem við verður komið. Ef um minni háttar framkvæmd er að ræða er heimilt að fella niður slíka áætlanagerð, enda séu aðilar sammála um slíkt.

Ef ágreiningur rís á milli ráðsins og framkvæmdaraðila um þau efni sem um ræðir í 1. mgr. sker umhverfisráðherra úr.

Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á því að álits Náttúruverndarráðs skv. 13. og 38. gr. sé leitað.

o. (16. gr.)

Umhverfisráðuneytið skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Getur ráðuneytið falið gróðurverndarnefndum slíkt eftirlit.

Umhverfisráðuneytið skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að vernd og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Umhverfisráðherra getur í samráði við landbúnaðarráðherra, ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar skv. 1. og 2. mgr.

2. gr.

Í stað III. kafla laganna, **Greiðsla kostnaðar af framkvæmd laganna**, 9.–10. gr., koma tvær nýjar greinar svohljóðandi:

a. (17. gr.)

Kostnaður af framkvæmd laganna skal greiddur úr ríkissjóði eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum.

b. (18. gr.)

Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Landvörslu ríkisins, að ákveða hóflegt gjald fyrir veitta þjónustu í þjóðgörðum og friðlöndum, enda sé vel skilgreint hverju sinni hvað verið er að greiða fyrir.

Umhverfisráðherra er einnig heimilt, að fenginni umsögn Landvörslunnar, að ákveða tímabundið gjald fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum. Heimild þessi nær þó aðeins til svæða þar sem spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum.

Um ráðstöfun tekna, sem aflast skv. 1. og 2. mgr., gildir sú almenna regla að tekjunum skuli varið til eftirlits, lagfæringa eða uppbyggingar á sama svæði og þeirra er aflað. Umhverfisráðherra er þó heimilt að veita undanþágu frá þessari reglu að því tilskildu að tekjunum sé varið til náttúruverndar í friðlöndum og þjóðgörðum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á IV. kafla laganna, **Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni**:

a. Í stað orðsins „Náttúruverndarráði“ í 3. mgr. 12. gr. kemur: Umhverfisráðherra.
b. Í stað 2. mgr. 13. gr. kemur ný málsgrein sem hljóðar svo:
   Umhverfisráðherra skal setja reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum, þar á meðal um merkingu leiða og slóða. Þar sem hætta er á náttúruspjöllum er akstur utan vega og merktra slóða óheimill. Landvarsla ríkisins skal gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra, svo og um akstur á snjó og jöklum.
c. Við síðasta málslið 1. mgr. og við 2. mgr. 17. gr. bætist: og Landvörslu ríkisins.
d. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 2. málsl. 18. gr. kemur: Umhverfisráðherra.
e. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í upphafi 3. mgr. 19. gr. kemur: Umhverfisráðherra.
f. 21. gr. laganna fellur brott.
g. 11.–20. gr. laganna verða 19.–28. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á V. kafla laganna, **Friðlýsing náttúruminja og stofnun útivistarsvæða**:

a. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í upphafi 1. mgr. 22. gr. kemur: Umhverfisráðherra.
b. Við 1. mgr. 22. gr. bætist: að mati Náttúruverndarráðs, Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands.
c. Í síðustu málsgrein 22. gr. falla brott orðin, „nema eftir fyrirmælum Náttúruverndarráðs“.
d. Í stað orðanna „Náttúruverndarráð getur friðlýst jurtir eða dýr“ í 1. mgr. 23. gr. kemur: Umhverfisráðherra getur, að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, friðlýst örverur, jurtir eða dýr.
e. Við 1. mgr. 23. gr. bætist nýr málsliður sem hljóðar svo: Jafnframt skal friðlýsa lífsvæði viðkomandi tegundar, eða hluta þess, ef nauðsynlegt þykir til að ná fram markmiði friðlýsingarinnar.
f. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 3. mgr. 23. gr. kemur: umhverfisráðherra.
g. Í stað orðanna „Náttúruverndarráð friðað í heild“ í 1. mgr. 24. gr. kemur: umhverfisráðherra friðað í heild að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs, Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands.
h. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 3. mgr. 24. gr. kemur: Umhverfisráðherra.
i. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 1. mgr. 25. gr. kemur: umhverfisráðherra.

j. 2. mgr. 25. gr. orðast svo:

Þjóðgarðsverðir fara með stjórn þjóðgarða í umboði Landvörslu ríkisins. Umhverfisráðherra setur reglur um meðferð þjóðgarða og umgang almennings að fenginni tillögu Landvörslunnar og umsögn Náttúruverndarráðs um hana.

k. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 1. mgr. 26. gr. kemur: umhverfisráðuneytis.

l. Í stað orðanna „Náttúruverndarráð getur á tillöguna fallist“ í 2. mgr. 26. gr. koma orðin: umhverfisráðherra getur á tillöguna fallist að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs og Landvörslu ríkisins.

m. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 3. og 4. mgr. 26. gr. kemur: Landvarsla ríkisins.

n. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 6. mgr. 26. gr. kemur: umhverfisráðuneyti.

o. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 8. mgr. 26. gr. kemur: Landvörslu ríkisins.

p. Í stað orðanna „Náttúruverndarráð úr, en skjóta má úrskurði þess til fullnaðarákvörðunar ráðherra“ í 9. mgr. 26. gr. kemur: umhverfisráðherra úr um málið.

q. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 1. mgr. 27. gr. kemur: Landvarsla ríkisins.

r. 22.–27. gr. laganna verða 29.–34. gr. þeirra.

s. Við kaflann bætist ný grein, 35. gr., svohljóðandi:

Staðir og svæði sem búið er að friðlýsa samkvæmt ákvæðum þessara laga eða eru á náttúruminjaskrá nefnast náttúruverndarsvæði. Til náttúruverndarsvæða teljast einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Gera skal vörsluáætlun fyrir hvert náttúruverndarsvæði þar sem fram kemur hvernig ná skuli markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VI. kafla laganna, **Framkvæmd friðlýsingar**:

a. Við kaflann bætist ný grein sem verður 36. gr. og hljóðar svo:

Umhverfisráðuneytið skal gefa náttúruminjaskrá út þriðja hvert ár og auglýsa hana í Stjórnartíðindum. Á náttúruminjaskrá skulu vera upplýsingar um öll náttúruverndarsvæði landsins og um náttúrumyndanir, lífverur og vistkerfi sem friðlýst hafa verið samkvæmt lögum þessum.

Í náttúruminjaskrá skal að auki telja upp náttúrumyndanir sem ástæða er til að friðlýsa, svo og landsvæði þau sem ástæða kann að verða til að lýsa friðlönd, leggja til þjóðgarða eða fólkvanga eða vernda á annan hátt vegna náttúru sinnar eða landslags.

Í skránni skulu vera ítarlegar upplýsingar um hvert svæði og rökstuðningur fyrir verndun þeirra, m.a. skal færa í skrána þær upplýsingar um minjar og lönd sem nauðsynlegar eru vegna varðveislu eða friðlýsingar, svo sem um eignar- og afnotarétt, mörk svæðis, náttúruverndargildi, aðsteðjandi hættur og æskilegar aðgerðir til verndar.

Í náttúruminjaskrá skal einnig vera listi yfir örverur, jurtir, dýr og vistkerfi sem æskilegt þykir að vernda, m.a. til að tryggja varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Fram skal koma rökstuðningur fyrir vernd, markmið með henni og til hvaða staða á landinu hún nái.

Landvarsla ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu með aðstoð náttúruverndarnefnda og náttúrustofa, sbr. lög nr. 60/1992, gera rökstuddar tillögur til umhverfisráðuneytisins um svæði, náttúrumyndanir, lífverur og vistkerfi á náttúruminjaskrá. Leita skal eftir áliti Náttúruverndarráðs á öllum tillögum áður en á þær er fallist. Geri Náttúruverndarráð tillögu um svæði á náttúruminjaskrá, náttúrumyndanir, lífverur eða vistkerfi skal ráðuneytið fallast á tillöguna eða hafna henni með rökstuddu áliti innan fjögurra mánaða frá því hún berst.

Heimilt er með reglugerð að setja reglur um skráningu náttúruminja og verkaskiptingu Landvörslu ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands á því sviði.

b. 1. mgr. 28. gr. fellur brott.
c. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 2. mgr. 28. gr. kemur: umhverfisráðherra.
d. Í stað orðanna „skal það freista“ í 2. mgr. 28. gr. kemur: skal fela Landvörslu ríkisins að freista þess.
e. 1. mgr. 29. gr. orðast svo:

Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því að landið breyti varanlega um svip eða að merkum náttúruminjum verði spillt, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs og Landvörslu ríkisins áður en framkvæmdir hefjast. Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á mengun lofts eða lagar skal með fara skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

f. Á eftir orðinu „Náttúruverndarráð“ í 2. mgr. 29. gr. kemur: eða Landvarsla ríkisins.
g. 3. mgr. 29. gr. fellur brott.
h. Í stað orðanna „Ákveði Náttúruverndarráð“ í upphafi 1. mgr. 30. gr. kemur: Ákveði umhverfisráðherra.
i. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í niðurlagi 1. mgr. 30. gr. kemur: Landvarsla ríkisins.
j. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 2. mgr. 30. gr. kemur: Landvörslu ríkisins.
k. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 31. gr. kemur: Landvarsla ríkisins í umboði ráðherra.
l. 32. gr. orðast svo:

Áður en ráðherra tekur fullnaðarákvörðun um friðun og friðunarákvæði skal leita eftir áliti Náttúruverndarráðs. Gefa skal ráðinu sex vikur til að fjalla um málið og gera athugasemdir við það.

m. Í 1. mgr. 33. gr. falla brott orðin: samkvæmt 32. gr.
n. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 2. mgr. 33. gr. kemur: Landvörslu ríkisins.
o. 28.–33. gr. laganna verða 37.–42. gr. þeirra.

6. gr.

34.–38. gr. laganna í VII. kafla þeirra, **Ýmis ákvæði**, verða 43.–47. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 47/1971 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. situr núverandi Náttúruverndarráð uns náttúruverndarþing hefur verið haldið. Umhverfisráðherra boðar til 9. náttúruverndarþings eigi síðar en í árslok 1995. Í kosningum til Náttúruverndarráðs á 9. náttúruverndarþingi skal kjósa formann og varaformann ásamt tveimur ráðsmönnum til fjögurra ára, en þrjá ráðsmenn til tveggja ára.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um náttúruvernd, nr. 47/1971, eru að stofni til frá árinu 1956. Þessi lög hafa reynst vel en tímabært þykir að endurskoða þau vegna breytinga sem orðið hafa á skipan náttúruverndarmála í stjórnkerfinu og löggjöf á sviði umhverfismála. Sérstakt ráðuneyti umhverfismála var stofnsett árið 1990 sem tekur að verulegu leyti við því hlutverki sem Náttúruverndarráði er falið að gegna í gildandi lögum um náttúruvernd. Eftir stofnun ráðuneytisins er eðlilegt að það hafi yfirumsjón með stefnumótun stjórnvalda í náttúruverndarmálum og annist þær stjórnvaldsaðgerðir sem Náttúruverndarráð sér nú um. Verulegar breytingar hafa einnig orðið á viðhorfi fólks til náttúruverndar og ný löggjöf verið sett á undanförnum árum sem áhrif hefur á framkvæmd náttúruverndarmála. Má þar t.d. nefna lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar, lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum og lög nr. 21/1993 um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

Unnið hefur verið að endurskoðun laga um náttúruvernd um langt skeið. Menntamálaráðherra lagði t.d. fram á Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984–1985 frumvarp til laga um náttúruvernd sem samið var að tilstuðlan náttúruverndarþings og Náttúruverndarráðs. Það frumvarp varð ekki útrætt á því þingi og var ekki endurflutt. Náttúruverndarráð fjallaði á næstu árum þar á eftir ítarlega um framtíðarskipan náttúruverndarmála og urðu ráðsmenn sammála um að breytingar væru óumflýjanlegar í ljósi þeirrar þróunar sem átt hafði sér stað frá því að náttúruverndarlögin voru samþykkt árið 1971. Elín Pálmadóttir, þáverandi varaformaður Náttúruverndarráðs, kynnti tillögur ráðsins um breytingar á 6. náttúruverndarþingi 1987 fyrir hönd ráðsins og sagði þá m.a.: „Miðað við þau verkefni, sem Náttúruverndarráð hefur lögum samkvæmt, sýnist tilurð þess orðin óeðlileg, þ.e. þetta blandaða kjör þar sem ráðherra skipar formann og varaformann og frjáls félög hvert úr sinni áttinni, auk náttúruverndarnefndanna, kjósa sex fulltrúa sína. Þegar til daglegra vinnubragða kemur er ráðinu svo ætlað að starfa á ábyrgð ráðherra. Það hefur vissa ábyrgð gagnvart stefnu ríkisstjórnarinnar og framkvæmd hennar eins og hún er hjá ríkisstjórn hverju sinni. Náttúruverndarráð er rekið í umboði ráðherra og fyrir fé úr ríkissjóði. Það getur ekki eðli sínu samkvæmt starfað sem frjálst félag þótt meiri hluti ráðsmanna taki umboð sitt úr þeirri átt og við höfum stundum orðið vör við þennan tvískinnung, t.d. í hvalamálinu. Stjórnskipulega er Náttúruverndarráð því hálfgerður bastarður. Raunar voru strax skiptar skoðanir um þetta fyrirkomulag 1971, enda hvergi verið tekið upp síðan. Við teljum farsælla að greina þarna á milli. Rekstur verði skilvirkari með því að vera ráðuneytisdeild er veiti um leið meira svigrúm fyrir frjálsu félögin sem eðlilega hafa tilhneigingu til að telja málin alfarið í verkahring Náttúruverndarráðs og það dregið kraftinn úr þeim. Auk þess sem sífellt er verið að rugla þessum aðilum og störfum þeirra saman. Uppstokkun á verktilhögun og vinnubrögðum er því að okkar dómi löngu tímabær."

Á tímabilinu 1988–1990 var lítið rætt um endurskoðun náttúruverndarlaga vegna umræðu um stofnun umhverfisráðuneytis. Eftir stofnun þess var þráðurinn tekinn upp að nýju og snemma árs 1991 ákvað Náttúruverndarráð að endurskoða verksvið sitt í ljósi breyttra aðstæðna og semja tillögu að nýrri náttúruverndarstefnu. Í framhaldi af því kynnti Náttúruverndarráð drög að stefnu í náttúruvernd á 8. náttúruverndarþingi í október 1993 ásamt ítarlegri greinargerð. Þingið fjallaði ekki efnislega um þessi drög, en samþykkti að beina því til Náttúruverndarráðs að boða til ráðstefnu um þau.

Umhverfisráðherra skipaði nefnd í janúar 1992 til að endurskoða þá þætti náttúruverndarlaga sem lúta að hlutverki Náttúruverndarráðs og stjórn náttúruverndarmála með hliðsjón af stofnun ráðuneytis umhverfismála. Nefndinni var falið að semja drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd og um aðrar lagabreytingar sem hún teldi æskilegt að gera varðandi stjórn náttúruverndarmála. Óskað var eftir að nefndin lyki störfum fyrir 1. ágúst 1992. Eigi reyndist unnt að ljúka nefndarstörfum innan settra tímamarka og þegar ráðherraskipti urðu í umhverfisráðuneytinu í júní 1993 var það mat ráðuneytisins að langur tími myndi líða þar til nefndin næði saman um tillögu að frumvarpi. Í framhaldi af því var nefndin leyst frá störfum.

Í ræðu sem Össur Skarphéðinsson umhverfisráðherra flutti við setningu 8. náttúruverndarþings 29. október 1993 fjallaði hann m.a. um endurskoðun á stjórnunarþætti náttúruverndarlaganna og kynnti tillögur sem unnar höfðu verið í ráðuneytinu að hans ósk. Í ræðu ráðherra kom fram að kjarninn í tillögunum væri að skipta þeim verkefnum ríkisins sem Náttúruverndarráð hefur nú með höndum á umhverfisráðuneytið og stofnanir þess, en skapa jafnframt nýjan grundvöll fyrir sjálfstætt Náttúruverndarráð sem verður óháð valdboði ráðherra og mun ekki annast stjórnsýslu á vegum ríkisins né bera ábyrgð á ríkisrekstri.

Að 8. náttúruverndarþingi loknu fól umhverfisráðherra Jóni Gunnari Ottóssyni, skrifstofustjóra í ráðuneytinu, og Birgi Hermannssyni, aðstoðarmanni sínum, að semja frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd sem byggt væri á þeim tillögum sem kynntar voru á náttúruverndarþinginu. Ákveðið var að tvískipta endurskoðun laganna og leggja áherslu í þessum fyrri áfanga á breytingar á þeim lagaákvæðum sem lúta að stjórnkerfi náttúruverndarmála, verkaskiptingu stofnana og hlutverki Náttúruverndarráðs. Jafnframt skyldi leita leiða til að styrkja friðlýsingarþátt laganna með hliðsjón af fyrirhugaðri aðild Íslands að alþjóðasamningnum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, sem umhverfisráðherra undirritaði fyrir Íslands hönd í Rio de Janeiro 12. júní 1992. Í síðari áfanga er stefnt að endurskoðun á öðrum ákvæðum laganna, sérstaklega þeim kafla náttúruverndarlaganna sem fjallar um aðgang almennings að náttúru landsins og umgengni. Rétt þykir að láta síðari endurskoðun bíða þar til fyrirhuguð ráðstefna Náttúruverndarráðs um stefnu í náttúruverndarmálum hefur lokið störfum og Náttúruverndarráð tekið afstöðu til niðurstaðna ráðstefnunnar. Við þá endurskoðun er einnig nauðsynlegt að hafa samráð við fjölmarga aðila sem hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir tekur mið af stefnumörkun ráðherra varðandi stjórnsýsluþátt náttúruverndarlaga, sem kynnt var á 8. náttúruverndarþingi, drögum Náttúruverndarráðs að stefnu í náttúruvernd, sem kynnt var á sama þingi, fyrri samþykktum Náttúruverndarráðs um framtíðarskipan náttúruverndarmála og nýrri löggjöf á sviði umhverfismála. Meginmarkmið þeirra breytinga á gildandi lögum um náttúruvernd sem felast í þessu frumvarpi eru:

1. að laga stjórn þessa málaflokks að stofnun umhverfisráðuneytisins,
2. að skilja ríkisrekstur frá annarri starfsemi Náttúruverndarráðs og tryggja sjálfstæði þess gagnvart stjórnarráðinu,
3. að skapa grundvöll fyrir sjálfstætt og virkt Náttúruverndarráð,
4. að samræma verksvið umhverfisráðuneytis og stofnana þess,
5. að samræma lög um náttúruvernd nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og löggjöf á sviði mengunarvarna,
6. að styrkja stefnu um friðlýsingar og framkvæmd friðlýsinga.

Samkvæmt frumvarpinu mun Náttúruverndarráð ekki sinna stjórnsýslu á vegum ríkisins eða bera ábyrgð á ríkisrekstri. Ráðið verður sjálfstæður, en þó lögbundinn ráðgjafar- og umsagnaraðili á sviði náttúruverndar. Gert er ráð fyrir því að Náttúruverndarráð móti sjálfstæða stefnu í náttúrverndarmálum og geti, ef svo ber undir, gagnrýnt stefnu ríkisins í einstökum málum. Náttúruverndarráð mun hafa bakhjarl í náttúruverndarþingi og lögum um upplýsingaskyldu stjórnvalda á sviði umhverfismála.

Lagt er til að sérstök stofnun, Landvarsla ríkisins, sem að stofni til er núverandi skrifstofa Náttúruverndarráðs, taki við hluta af verkefnum Náttúruverndarráðs. Undirbúningur friðlýsinga, framkvæmd friðlýsinga og rekstur þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða verður kjölfestan í náttúrverndarstarfi stofnunarinnar.

Eftirlit með framkvæmdum hefur verið veigamikill þáttur í starfi Náttúruverndarráðs. Með bættri löggjöf á sviði mengunarmála og með lögum um mat á umhverfisáhrifum er slíkt eftirlit sett í nýjan farveg sem óhjákvæmilega dregur úr því hlutverki sem Náttúrverndarráð hefur gegnt á þessu sviði. Náttúruverndarráð mun þó eftir sem áður gegna ákveðnu og mjög mikilvægu umsagnar- og eftirlitshlutverki.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að náttúruminjaskrá verði efld sem stefnumarkandi þáttur. Umhverfisráðuneytið mun gefa skrána út, en undirbúningur hennar mun verða á vegum Landvörslu ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands sem annast mun öflun grunnupplýsinga. Náttúruverndarráð skal fjalla ítarlega um skrána áður en hún er út gefin og gerir tillögur um breytingar.

Náttúruverndarráð fjallaði ítarlega um frumvarp þetta á fundi sínum 2. desember 1993 og samþykkti eindreginn stuðning við það.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Stjórn náttúruverndarmála.

a. Kveðið er á um samráð umhverfisráðuneytis við Náttúruverndarráð, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna um náttúruvernd við mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmdir og fræðslu á því sviði. Ákvæði þetta er í samræmi við þá stefnu, sem staðfest var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro 1992, að veita almannasamtökum aðild að stefnumörkun á sviði umhverfismála þar sem því verður við komið.

b. Lagt er til að í stað 3.–8. gr. laganna, sem falla brott, komi 14 nýjar greinar, sem verði 3.–16. gr. Í greinum þessum er kveðið á um stjórn náttúruverndarmála og áhersla lögð á skipulag og verkaskiptingu sem felur í sér að stjórnvaldsaðgerðir eru skildar frá starfsemi Náttúruverndarráðs og annarra almannasamtaka, svo og allur ríkisrekstur.

Í 3.–8. gr. er fjallað um Landvörslu ríkisins sem verður ný ríkisstofnun byggð á gömlum grunni. Hér er um að ræða skrifstofu Náttúruverndarráðs sem er kostuð af ríkissjóði í dag, en fær nýtt hlutverk við aðskilnað frá ráðinu og betur skilgreinda stöðu innan ríkiskerfisins. Landvarsla ríkisins mun heyra beint undir umhverfisráðuneytið samkvæmt nýrri 3. gr. og hefur þriggja manna stjórn samkvæmt nýrri 4. gr. þar sem einn fulltrúi verður frá nýju Náttúruverndarráði og annar tilnefndur af Ferðamálaráði. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi formann stjórnar án tilnefningar. Samsetning stjórnar tekur mið af því meginverkefni stofnunarinnar að hafa umsjón með þjóðgörðum, öðrum friðlýstum svæðum og náttúruminjum. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og gætir samráðs við Náttúruverndarráð, Ferðamálaráð, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna um náttúruvernd. Lagt er til að ráðherra skipi Landvörslunni framkvæmdastjóra til fimm ára í senn sem fari með daglega stjórn stofnunarinnar og hafi umsjón með rekstri hennar.

Samkvæmt nýrri 5. gr. skal Landvarsla ríkisins hafa umsjón með rekstri og framkvæmdum á friðlýstum svæðum og öðrum náttúruverndarsvæðum í samræmi við ákvæði laga þar að lútandi, en Náttúruverndarráð hefur annast þessa umsjón fyrir hönd ríkisins samkvæmt gildandi lögum. Nýmæli er að stofnuninni verður heimilt skv. 1. mgr. nýrrar 5. gr. að taka að sér umsjón með öðrum svæðum sem sérstök þykja sakir landslags, gróðurfars eða dýralífs, enda sé slíkt gert í samkomulagi við eigendur og ef svo ber undir þær opinberar stofnanir sem hafa með meðferð landsins sem um er rætt að gera.

Ný 5. gr. tekur mið af þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu á starfsemi skrifstofu Náttúruverndarráðs eftir aðskilnað hennar frá ráðinu og felur í sér verulega þrengingu á verksviði. Gert er ráð fyrir að Landvarsla ríkisins verði lítil en skilvirk stofnun sem í ríkum mæli feli öðrum með samningum að annast framkvæmdir og rekstur á svæðum í sinni umsjá að þjóðgörðum undanskildum. Þar má nefna sveitarfélög, ferðafélög, einstaklinga og samtök um náttúruvernd. Í samningum skal kveða á um réttindi og skyldur samningsaðila. Sambærilegt ákvæði er í 4. gr. reglugerðar um náttúruvernd nr. 205/1973 en þar segir að Náttúruverndarráð geti falið öðrum aðilum umsjón með friðlýstum svæðum.

Í samræmi við umsjónarhlutverk Landvörslunnar er henni gert skylt skv. 4. mgr. nýrrar 5. gr. að gefa ráðherra árlega skýrslu um ástand lands í hennar umsjá og um aðstöðu þar til að taka á móti ferðamönnum. Jafnframt skulu settar fram tillögur til úrbóta sé þess þörf og álit stofnunarinnar á stöðu ferðamála frá sjónarmiði náttúruverndar. Ákvæði þetta sem er nýmæli og önnur sem kveða á um samvinnu Landvörslunnar við yfirvöld ferðamála eru sett með vísun til þess að náttúruvernd er einn af hornsteinum ferðaþjónustu hér á landi.

Landsvæði, sem vernduð eru sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, laða til sín ferðamenn. Mikill fjöldi ferðamanna á takmörkuðu svæði hefur í för með sér hættu á umhverfisspjöllum sem nauðsynlegt er að draga úr. Í 3. mgr. nýrrar 5. gr. er kveðið á um eftirlitsskyldu Landvörslu ríkisins með ferðamönnum á svæðum í hennar umsjá og heimild veitt til að takmarka umferð og loka svæðum til að koma í veg fyrir spjöll á landi. Í 5. mgr. nýrrar 5. gr. er það nýmæli að áhersla er lögð á gerð skipulagsáætlana fyrir þjóðgarða og önnur friðlýst svæði í umsjá Landvörslunnar til að tryggja varðveislu þessara svæða og bæta umgengni og nýtingu.

Fræðsla er undirstaða virkrar náttúruverndar. Í 6. og 8. mgr. nýrrar 5. gr. er kveðið á um skyldu Landvörslu ríkisins til að hafa forgöngu um fræðslu á svæðum í hennar umsjá og um útgáfu á fræðsluefni fyrir skóla, fjölmiðla og almenning í samráði við umhverfisráðuneytið. Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða 2. mgr. 7. gr. gildandi laga um náttúruvernd. Jafnframt er stofnuninni heimilað skv. 7. mgr. nýrrar 5. gr. að setja á stofn og reka gestastofur í þjóðgörðum og öðrum náttúruverndarsvæðum eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum hverju sinni. Heimilt verður að taka hóflegt gjald fyrir fræðsluefni og veitta þjónustu í gestastofu til að standa straum af rekstri. Gert er ráð fyrir að í gestastofu verði náttúra staðarins kynnt, jarðmyndanir og lífríki, reglur sem gilda um svæðið, náttúruvernd, saga byggðar og landnýting. Ákvæði þetta er nýmæli sem tekur mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað og stefnumörkun Náttúruverndarráðs um þjónustu við ferðamenn á friðlýstum svæðum. Undirbúningur er þegar hafinn að fyrstu gestastofunum við Mývatn og við Gullfoss á vegum Náttúruverndarráðs og áætlun hefur verið gerð um gestastofur í þjóðgörðunum í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Eðlilegt þykir að uppbygging og rekstur gestastofa verði á verksviði Landvörslu ríkisins í stað Náttúruverndarráðs eftir að ráðið hefur verið losað við allan rekstur fyrir hönd ríkisins og umsjón með náttúruverndarsvæðum.

Í 10. mgr. nýrrar 5. gr. er kveðið á um samstarf Landvörslu ríkisins við Náttúruverndarráð og samtök áhugamanna um náttúruvernd. Ákvæði þetta tekur mið af þeirri verkaskiptingu á milli Landvörslunnar, Náttúruverndarráðs og náttúruverndarnefnda sem lögð er til í frumvarpinu, en er að öðru leyti efnislega samhljóða 4. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Á svæðum í umsjá Landvörslu ríkisins starfa landverðir samkvæmt nýrri 6. gr. og skulu þeir annast eftirlit og fræðslu. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 3. mgr. 7. gr. gildandi laga um náttúruvernd, sbr. reglugerð nr. 61/1990 um landverði.

Í hverjum þjóðgarði skal vera þjóðgarðsvörður samkvæmt nýrri 7. gr., sem starfar í umboði Landvörslu ríkisins og annast stjórn og daglegan rekstur garðsins. Þjóðgarðsvörður ræður annað starfsfólk þjóðgarðsins, þar á meðal landverði, að fengnu samþykki framkvæmdastjóra Landvörslu ríkisins. Ráðherra skipar þjóðgarðsverði að fenginni tillögu stjórnar Landvörslu ríkisins og getur skv. 2. mgr. falið þeim víðtækara eftirlits- og stjórnunarhlutverk á svæðum í umsjón Landvörslunnar í sama landshluta og viðkomandi þjóðgarður er. Þjóðgarðsvörður hefur starfað um langt skeið í þjóðgarðinum í Skaftafelli samkvæmt reglugerð nr. 319/1984 og í reglugerð um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum nr. 359/1993 er gert ráð fyrir að þar starfi þjóðgarðsvörður. Náttúruverndarráð ræður þjóðgarðsverði nú til að fara með daglega stjórn þjóðgarða og starfa þeir samkvæmt erindisbréfum. Lagabreytingin, sem hér er lögð til, miðar að því að auka ábyrgð þjóðgarða á rekstri þjóðgarðanna og styrkja stöðu þeirra. Jafnframt er gert ráð fyrir að þjóðgarðsverðir geti sinnt verkefnum á öðrum svæðum í umsjón Landvörslunnar hver í sínum landshluta eftir aðstæðum. Slíkt fyrirkomulag ætti að leiða til aukinnar samnýtingar og samræmingar.

Samkvæmt nýrri 8. gr. skal Landvarsla ríkisins hafa vörslur friðlýsingarsjóðs. Í 3. gr. skipulagsskrár Þjóðhátíðarsjóðs segir að fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skuli renna til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs. Auk árlegs framlags Þjóðhátíðarsjóðs hefur friðlýsingarsjóður haft tekjur af gjöfum og af sérstökum verkefnum sem Náttúruverndarráð hefur gengist fyrir til tekjuöflunar fyrir sjóðinn. Friðlýsingarsjóður hefur fram til þessa verið í vörslu Náttúruverndarráðs sem jafnframt hefur farið með stjórn hans. Umhverfisráðuneytið samþykkti formlega stofnun sjóðsins í apríl 1991, en þá hafði hann verið til um langt árabil. Skipulagsskrá var send dóms-

málaráðuneyti til staðfestingar 17. apríl 1991, en ráðuneytið taldi þá ekki þörf á að staðfesta hana. Hér er lagt til að styrkari stoðum verði rennt undir friðlýsingarsjóð sem lúti stjórn þriggja manna sem skipaðir verða af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn. Náttúruverndarráð tilnefni einn sem verði formaður, Landvarsla ríkisins annan, en einn verði skipaður án tilnefningar. Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum úr honum í samræmi við tilgang hans og reglur sem ráðherra setur skv. 3. mgr.

Í nýrri 9. gr. er fjallað um náttúruverndarnefndir. Greinin er efnislega að mestu samhljóða 3. gr. gildandi laga um náttúruvernd. Helsta breytingin er að nefndunum er fækkað og umdæmi þeirra stækkuð. Kveðið er á um að í hverju kjördæmi landsins skuli starfa sjö manna náttúruverndarnefnd, en í gildandi lögum segir að þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd skuli starfa í hverri sýslu, kaupstað eða bæ. Nauðsynlegt er að mati Náttúruverndarráðs að endurskoða skipulag og verkefni nefndanna með hliðsjón af reynslu fyrri ára og í ljósi nýrra laga um náttúrustofur í kjördæmum. Virkt starf náttúruverndarnefnda í héraði hefur augljósa kosti, en þess hefur gætt að staðbundnir hagsmunir hafi haft áhrif á afgreiðslur nefndanna. Hér er farið að tillögu sem Náttúruverndarráð hefur sett fram um fækkun nefndanna og stækkun umdæma, en jafnframt er kveðið á um að ráðherra skuli setja reglugerð um starfsemi þeirra. Gert er ráð fyrir að ákvæði um náttúruverndarnefndir í reglugerð nr. 205/1973 um náttúruvernd verði endurskoðuð verði frumvarp þetta að lögum.

Ný 10. gr. fjallar um náttúruverndarþing og samsvarar 4. og 5. gr. gildandi laga um náttúruvernd. Lagt er til að náttúruverndarþing komi saman annað hvert ár í stað þriðja hvers árs eins og verið hefur. Hlutverk þingsins verður skv. 3. mgr. nýrrar 10. gr. að fjalla um náttúruvernd og kjósa Náttúruverndarráð. Þingið skal hverju sinni fjalla um aðgerðir og stefnu stjórnvalda á sviði náttúruverndar og um störf og stefnu Náttúruverndarráðs. Hér er um breytingu að ræða frá gildandi lögum, en þar segir í 4. gr. að hlutverk ráðsins sé að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna sem það telur brýnast að leysa. Breyting þessi er í samræmi við breytt hlutverk og starfsemi Náttúruverndarráðs. Gert er ráð fyrir að staðið verði að þinghaldinu á líkan hátt og áður og eru 2. og 4. mgr. nýrrar 10. gr. þess vegna samhljóða 5. gr. gildandi laga. Hins vegar er sú breyting lögð til frá gildandi lögum að embættismenn hafi ekki kosningarrétt á þinginu. Óeðlilegt þykir að fulltrúar stjórnsýslunnar á náttúruverndarþingi geti haft úrslitaáhrif á samþykktir þess sem að verulegu leyti hljóta að fjalla um aðgerðir og stefnu stjórnvalda.

Réttur til setu á náttúruverndarþingi er að mestu óbreyttur frá gildandi lögum. Samkvæmt 3. tölul. 5. mgr. nýrrar 10. gr. hafa framkvæmdastjóri Landvörslu ríkisins, þjóðgarðsverðir og landverðir stofnunarinnar rétt til setu á þinginu. Þeir hafa þó hvorki kjörgengi til Náttúruverndarráðs né kosningarrétt á þinginu og lúta þar sömu reglum og embættismenn sem sitja þingið skv. 9. tölul. 4. mgr. sömu greinar. Þá er breyting lögð til á ákvæði gildandi laga um rétt fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands til setu á þinginu sem tekur mið af nýjum lögum um stofnunina nr. 60/1992. Með vísun til sömu laga er gert ráð fyrir að einn fulltrúi frá hverri náttúrustofu landsins eigi sæti á náttúruverndarþingi. Samkvæmt 5. tölul. 4. mgr. skulu fjórir fulltrúar frá Háskóla Íslands og tveir fulltrúar frá Kennaraháskóla Íslands eiga sæti á þinginu og er það breyting frá gildandi lögum.

Nokkrar breytingar eru einnig lagðar til á upptalningu á samtökum og embættismönnum sem rétt hafa til setu á þinginu skv. 8. og 9. tölul. 4. mgr., sem taka mið af þróun undanfarinna ára. Heimilt verður eftir sem áður að fjölga þeim aðilum sem fulltrúa eiga á náttúruverndarþingi með reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu Náttúruverndarráðs.

Í nýrri 22. gr. er fjallað um skipan Náttúruverndarráðs og kostnað sem ríkissjóður ber af starfsemi þess. Það skal skipað níu mönnum í stað sjö áður skv. 1. mgr. og tilnefnir Ferðamálaráð einn þeirra, Samband íslenskra sveitarfélag annan, en hinir sjö verða kosnir óbundinni kosningu á náttúruverndarþingi. Lagt er til að á öðru hverju þingi verði formaður og varaformaður kosnir til fjögurra ára og tveir aðrir ráðsmenn til sama tíma. Á öðrum þingum verði þrír ráðsmenn kosnir til fjögurra ára. Tillaga þessi er gerð til að tryggja samfellu í starfi ráðsins og eðlilega endurnýjun. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður tryggi fjárhagslegan grundvöll Náttúruverndarráðs skv. 3. mgr. með því að greiða laun framkvæmdastjóra, fasta þóknun til ráðsmanna og veita framlag til reksturs á skrifstofu. Jafnframt er kveðið á um í 4. mgr. að ráðið skuli hafa til ráðstöfunar 5% af árlegum tekjuafgangi Endurvinnslunnar hf. eins og kveðið er á um í lögum um hana nr. 52/1989. Samkvæmt 5. mgr. nýrrar 11. gr. skal Náttúruverndarráð gera fyrir lok marsmánaðar ár hvert tillögur um útgjöld sem ríkissjóði ber að greiða og senda umhverfisráðuneytinu. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga. Ráðinu verður heimilt að afla sér annarra tekna að eigin frumkvæði.

Í nýrri 12. gr. er áhersla lögð á sjálfstæði Náttúruverndarráðs skv. 1. mgr. og er kveðið á um að ráðið skuli marka sér rökstudda stefnu í náttúruverndarmálum og gera náttúruverndarþingi, almenningi og stjórnvöldum grein fyrir henni. Mikilvægt þykir að ráðið hafi sína eigin stefnu óháða stefnu ríkisvaldsins sem taki mið af vilja náttúruverndarþings eigi Náttúruverndarráð að geta sinnt því meginverkefni sínu að gæta almannahagsmuna í náttúruvernd. Hlutverk Náttúruverndarráðs verður að stuðla að náttúruvernd og vera stjórnvöldum til ráðgjafar á því sviði.

Í 2. mgr. nýrrar 12. gr. er kveðið á um lögbundið umsagnarhlutverk Náttúruverndarráðs. Álits ráðsins skal leitað við gerð lagafrumvarpa og setningu reglugerða á sviði náttúruverndar. Ráðið skal jafnframt fjalla ítarlega um náttúruminjaskrá áður en hún er gefin út og hafa frumkvæði að friðlýsingu og öðrum verndaraðgerðum. Til að tryggja samstarf við Stjórnarráðið er í 3. mgr. kveðið á um reglubundna fundi ráðsins með umhverfisráðherra um stefnu og ákvarðanir stjórnvalda á sviði náttúruverndar. Gert er ráð fyrir að Náttúruverndarráð fylgist vel með þróun náttúruverndarmála á alþjóðlegum vettvangi og eigi m.a. aðild að Alþjóðanáttúruverndarráðinu (IUCN) sem eru stærstu samtök á því sviði í heiminum.

Verulegur hluti af starfi Náttúruverndarráðs hefur verið að framfylgja 29. gr. gildandi laga um náttúruvernd. Með nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum flyst þessi starfsemi hins vegar að miklu leyti til embættis skipulagsstjóra ríkisins sem hefur lögum samkvæmt umsjón með matinu. Eftir sem áður er þörf á virku eftirliti Náttúruverndarráðs og er því kveðið á um það í nýrri 13. gr. að ráðið fjalli um allar framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Náttúruverndarráði ber samkvæmt nýrri 14. gr. að fylgjast með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum sem brjóti í bága við náttúrverndarlög. Ráðinu verður heimilt að ráða sérstaka eftirlitsmenn, einn í hverjum landsfjórðungi, til að sinna þessu verkefni. Gert er ráð fyrir að samvinna verði höfð við héraðsnefndir og náttúrustofur um ráðningu eftirlitsmanna og skiptingu kostnaðar af störfum þeirra, enda hafi þessir aðil-

ar aðgang að eftirlitsmönnum. Stefna ætti að því að flytja þetta eftirlit í ríkara mæli út til héraðanna, til náttúruverndarnefnda og náttúrustofa þegar þær rísa í kjördæmum landsins. Slíkir eftirlitsmenn hafa starfað um langt skeið í hlutastörfum á vegum Náttúruverndarráðs og hafa verkefni þeirra verið eftirlit með almennum framkvæmdum og sérstaklega þeim sem falla undir ákvæði 29. gr. gildandi laga og 33.–40. gr. reglugerðar um náttúruvernd nr. 205/1973. Kostnaður af þeim störfum hefur í flestum tilfellum verið greiddur af viðkomandi framkvæmdaraðila. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og þess vegna þykir rétt að halda þessari starfsemi áfram á vegum Náttúruverndarráðs. Í nýrri 15. gr. er framkvæmdaraðila gert að bera kostnað af eftirliti samkvæmt fyrirframgerðri áætlun þegar um er að ræða framkvæmdir sem falla undir ákvæði 13. og 38. gr. laganna. Ákvæði þetta er í samræmi við gildandi lög og reglugerð um náttúruvernd og er nauðsynlegt til að gera Náttúruverndarráði kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu af fullum krafti.

Ný 16. gr. er efnislega samhljóða 5., 6. og 7. mgr. 7. gr. gildandi laga. Eina breytingin er að í stað Náttúruverndarráðs mun umhverfisráðuneytið vinna að gróðurvernd ásamt Landgræðslu ríkisins og skógvernd ásamt Skógrækt ríkisins. Þetta verkefni ráðuneytisins er í samræmi við það samkomulag sem gert var þegar ráðuneyti umhverfismála var sett á laggirnar og endurspeglast í 5., 6. og 7. mgr. 7. gr. náttúruverndarlaga sem samþykktar voru með lögum nr. 47/1990. Sjálfstætt Náttúruverndarráð, óháð valdboði umhverfisráðherra, getur eðli sínu samkvæmt ekki gegnt þessu hlutverki.

Um 2. gr.

Greiðsla kostnaðar af framkvæmd laganna.

Lagt er til að í stað 9. og 10. gr. laganna, sem falli brott, komi tvær nýjar greinar sem verði 17. og 18. gr.

Ný 17. gr. er samhljóða 10. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Í nýrri 18. gr. verður umhverfisráðherra heimilt, að fengnum tillögum Landvörslu ríkisins, að ákveða hóflegt gjald fyrir veitta þjónustu í þjóðgörðum og friðlöndum. Heimild þessi er þó bundin því skilyrði að vel sé skilgreint hverju sinni hvað verið er að greiða fyrir. Jafnframt verður ráðherra heimilt skv. 1. mgr. nýrrar 18. gr. að ákveða tímabundið gjald fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum, að fenginni umsögn Landvörslu ríkisins, ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna á viðkomandi svæði eða ef hætta er á spjöllum. Samkvæmt 3. mgr. skal sú almenna regla gilda að tekjum skuli varið til eftirlits eða framkvæmda á sama svæði og þeirra er aflað.

Ferðamenn þurfa nú víða að greiða fyrir veitta þjónustu á friðlýstum svæðum og nægir þar að nefna greiðslur fyrir tjaldstæði og aðgang að hreinlætisaðstöðu. Slík gjöld eru t.d. innheimt í þjóðgörðunum sem eru ríkisreknir og á svæðum þar sem ferðafélög hafa byggt upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Gjaldtaka þessi er ekki nema að litlu leyti samræmd og í sumum tilfellum hafa gjöld verið hærri en nauðsyn hefur verið til að standa straum af kostnaði. Eðlilegt er að tekjum sé varið til uppbyggingar og rekstrar á sama svæði og þær eru innheimtar, en fyrir því er engin trygging nú. Áhöld hafa einnig verið um hvort lagaheimildir séu fyrir þeirri gjaldtöku sem tíðkast hefur. Í ljósi þessa þykir rétt að setja í lög skýr ákvæði um gjaldtöku í þjóðgörðum, friðlöndum og á öðrum náttúruverndarsvæðum. Rétt þykir að heimila sérstaka gjaldtöku á svæðum þar sem spjöll hafa orðið eða hætta er á spjöllum. Tilgangur slíkrar gjaldtöku er að draga úr aðsókn, sérstaklega stórra hópa ferðamanna og til að afla fjár til fyrirbyggjandi aðgerða.

Um 3. gr.

Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni.

a. Breyting þessi er lögð til í samræmi við þá meginstefnu sem tekin er með frumvarpi þessu að Náttúruverndarráð sinni ekki stjórnsýslu á vegum ríkisins.
b. Lagt er til að í stað 1. mgr. 13. gr. gildandi laga komi ný málsgrein um sama efni. Kveðið er á um að umhverfisráðherra skuli setja reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum í stað Náttúruverndarráðs í samræmi við breytt hlutverk ráðsins. Af sömu ástæðum er lagt til að Landvarsla ríkisins geri tillögur um gerð ökuslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra í stað Náttúruverndarráðs. Sama skal gilda um akstur á snjó og jöklum og er það nýmæli.
c. Eðlilegt þykir að leitað sé eftir umsögn Landvörslu ríkisins auk umsagnar frá Náttúruverndarráði þar sem um getur verið að ræða svæði eða náttúruminjar í umsjá stofnunarinnar.
d. Í samræmi við þá breytingu að Náttúruverndarráð sinni ekki lengur stjórnsýslu á vegum ríkisins er lagt til að umhverfisráðherra setji fyrirmæli samkvæmt greininni og ákveði tímamörk.
e. Eðlilegt þykir að umhverfisráðherra setji reglur um auglýsingar og leiðbeiningar samkvæmt greininni og úrskurði vafaatriði.
f. Lagt er til að 21. gr. gildandi laga falli brott. Grein þessi á ekki lengur við þar sem öll sveitarfélög eru nú skipulagsskyld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1978 sem breyttu gildandi skipulagslögum, nr. 19/1964.
g. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Friðlýsing náttúruminja og stofnun útivistarsvæða.

a. Eðlilegt er að umhverfisráðherra fari með heimild til friðlýsingar í stað Náttúruverndarráðs eftir stofnun ráðuneytis umhverfismála.
b. Lagt er til að ákvörðun umhverfisráðherra um friðlýsingu skuli byggja á mati Náttúruverndarráðs, Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands sem annast fræðilegar rannsóknir á jarðfræði landsins og verður fræðilegur bakhjarl landvörslunnar.
c. Óeðlilegt þykir að Náttúruverndarráð geti gefið fyrirmæli um að breyta, spilla eða eyða friðlýstum náttúruvættum.
d. Eðlilegt er að umhverfisráðherra fari með heimild til að friðlýsa jurtir og dýr í stað Náttúruverndarráðs og að takmarka þá heimild við tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands sem annast vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins og sér um að skrá einstaka þætti hennar kerfisbundið samkvæmt lögum um stofnunina nr. 60/1992. Henni ber einnig samkvæmt sömu lögum að leiðbeina um verndargildi vistkerfa og náttúruminja sem samrýmist vel því hlutverki sem stofnuninni er falið með þessari lagabreytingu. Jafnframt er tekið mið af því að ráðgert er að Náttúrfræðistofnun Íslands sjái um framkvæmd alþjóðlegs samnings um líffræðilega fjölbreytni sem Ísland hefur undirritað, en stefnt er að gildistöku hans hér á landi síðar á þessu ári. Með vísun til þessa samnings og til aukins skilnings á þýðingu smæstu lífvera í náttúrunni er lagt til að heimilt verði að friðlýsa örverur á sama hátt og dýr og jurtir.

e. Friðlýsing einstakra tegunda dýra dugir skammt ef þess er ekki jafnframt gætt að varðveita lífsvæði þeirra. Því er lagt til að heimild verði í lögum til að friðlýsa lífsvæði viðkomandi tegundar eða hluta þess þegar það er talið nauðsynlegt til að ná fram markmiði friðlýsingar.
f. Vísað er til skýringa við staflið d.
g. Á sama hátt og um getur í skýringum við stafliði a og d þykir rétt að umhverfisráðherra fari með heimildir til að friðlýsa landsvæði í stað Náttúruverndarráðs. Jafnframt að leita skuli umsagnar Náttúruverndarráðs, Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands áður en ákvörðun er tekin um friðlýsingu.
h. Vísað er til skýringa við staflið g.
i. Á sama hátt og um getur í skýringum við stafliði a, d og g þykir rétt að umhverfisráðherra hafi heimild til að lýsa landsvæði þjóðgarð í stað Náttúruverndarráðs.
j. Lagt er til að þjóðgarðsverðir fari með stjórn þjóðgarða í umboði Landvörslu ríkisins í stað Náttúruverndarráðs í samræmi við 1. gr. frumvarpsins. Jafnframt að umhverfisráðherra setji reglur um meðferð þjóðgarða í stað ráðsins, en að fenginni tillögu Landvörslu ríkisins og umsögn Náttúruverndarráðs um hana.
k. Með vísun til aðskilnaðar Náttúruverndarráðs frá stjórnsýslu á vegum ríkisins þykir rétt að óskir um stofnun fólkvanga verði bornar fram til umhverfisráðherra í stað Náttúruverndarráðs og ráðherra taki ákvarðanir um stofnun þeirra.
l. Vísað er til skýringa við staflið k.
m. Eðlilegt þykir að Landvarsla ríkisins annist framkvæmd friðlýsinga fyrir hönd ráðherra, þar á meðal undirbúning að stofnun fólkvanga.
n. Vísað er til skýringa við staflið k.
o. Í samræmi við það meginverkefni Landvörslu ríkisins að hafa umsjón með friðlýstum svæðum skv. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að Landvarslan hafi samráð við sveitarfélög um rekstur fólkvanga í stað Náttúruverndarráðs.
p. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.
q. Breyting þessi er lögð til í samræmi við þá verkaskiptingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins á milli Landvörslu ríkisins og Náttúruverndarráðs.
r. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.
s. Nauðsynlegt þykir að lögfesta samheiti yfir staði og svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum vegna náttúru eða landslags og svæði sem ekki njóta slíkrar verndar og hafa verið sett á náttúruminjaskrá. Hér er lagt til að landsvæði þessi verði nefnd náttúruverndarsvæði. Jafnframt er kveðið á um að gera skuli vörsluáætlun fyrir hvert þeirra þar sem fram komi hvernig ná skuli markmiðum sem sett eru með vernd. Ákvæði þetta er sett bæði til þess að koma í veg fyrir að ráðist verði í friðlýsingar eða aðrar verndaraðgerðir þar sem þær eru óframkvæmanlegar og til þess að efla verndarstarfið.

Um 5. gr.

Framkvæmd friðlýsingar.

a. Lagt er til að náttúruminjaskrá fái aukið vægi sem stefnumarkandi rit um friðlýsingar og aðrar verndaraðgerðir. Umhverfisráðuneytið skal gefa skrána út þriðja hvert ár skv. 1. mgr. nýrrar 36. gr. og auglýsa hana í Stjórnartíðindum. Í náttúruminjaskrá skal skv. 1. mgr. telja upp náttúruminjar og lönd þau sem áhersla er til að friðlýsa eins og kveðið er á um í 1. mgr. 28. gr. gildandi laga. Hér er auk þess lagt til að í náttúruminjaskrá verði einnig upp talin þau lönd sem ástæða þykir til að vernda

á annan hátt vegna náttúru sinnar eða landslags, svo og öll þau svæði, náttúrumyndanir, lífverur og vistkerfi sem friðlýst hafa verið eða vernduð á annan hátt með lögum. Í náttúruminjaskrá skal einnig vera skv. 4. mgr. listi yfir örverur, jurtir, dýr og vistkerfi sem æskilegt þykir að vernda, m.a. til að tryggja varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni í samræmi við ákvæði alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að.

Í skránni skulu vera ítarlegar upplýsingar um hvert svæði, rökstuðningur fyrir vernd þeirra og markmið með henni. Í þessu öllu felst að skráin verður markvissari og betur rökstudd en áður. Hér verður um að ræða opinbera stefnu framkvæmdarvaldsins um friðlýsingar og aðrar verndaraðgerðir og því eðlilegt að umhverfisráðuneytið hafi yfirumsjón með gerð skrárinnar og gefi hana út.

Gert er ráð fyrir að vinna við náttúruminjaskrá verði á verksviði Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landvörslu ríkisins. Verkaskipting verði með þeim hætti að Náttúrufræðistofnun muni annast öflun gagna um náttúruna og setja fram tillögur um friðlýsingar og aðrar verndaraðgerðir á grundvelli þeirra. Gagnasöfnun skal miðast við að markmið með aðgerðum verði skýr, rökstuðningur fyrir því að setja viðkomandi svæði á skrá fullnægjandi og að mögulegt sé að ganga frá ítarlegri náttúrulýsingu fyrir hvert svæði. Náttúrufræðistofnun skal gera tillögur til ráðuneytis um svæði og náttúruminjar á skrána með hliðsjón af settum markmiðum í náttúruvernd og alþjóðlegum skuldbindingum á því sviði.

Landvarsla ríkisins muni hins vegar annast öflun upplýsinga sem lúta að því að hrinda friðlýsingu í framkvæmd, m.a. öflun gagna um eignarhald, og sjái um framkvæmdina þegar að henni kemur. Landvarslan skal gera rökstuddar tillögur til ráðuneytis um svæði og náttúruminjar sem æskilegt er talið að setja á náttúruminjaskrá vegna útivistar og ferðamennsku og afla nauðsynlegra gagna þar að lútandi í samvinnu við Náttúrufræðistofnun.

Leita skal eftir áliti Náttúruverndarráðs á öllum tillögum áður en á þær er fallist skv. 5. mgr. nýrrar 36. gr. Jafnframt er kveðið á um að Náttúruverndarráð geti haft frumkvæði að því að setja landsvæði, náttúrumyndanir, lífverur eða vistkerfi á skrána. Geri ráðið tillögu um slíkt skal hún afgreidd í ráðuneyti innan 4 mánaða frá því að hún berst.

b. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

c. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

d. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

e. Lögð er til breyting á 1. mgr. 29. gr. gildandi laga í ljósi þess að mengunarmál heyra nú til Hollustuverndar ríkisins sem annast eftirlit á því sviði í samráði við heilbrigðisnefndir. Áður voru þessi mál töluverður hluti af starfsemi Náttúruverndarráðs. Þá er sú breyting lögð til að skylt verður að leita álits Landvörslu ríkisins ásamt áliti Náttúruverndarráðs áður en framkvæmdir hefjast sem valdið geta spjöllum. Eðlilegt þykir að Landvarsla ríkisins sé umsagnaraðili þar sem stofnunin mun hafa umsjón með náttúruminjum og náttúruverndarsvæðum.

f. Vísað er til skýringa við staflið e.

g. Breyting þessi er lögð til með vísun til nýrra laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

h. Greinin þarfnast ekki skýringa.
i. Greinin þarfnast ekki skýringa.
j. Greinin þarfnast ekki skýringa.
k. Greinin þarfnast ekki skýringa.
l. Áhersla er lögð á að Náttúruverndarráð fjalli um friðlýsingar og segi álit sitt á þeim áður en til fullnaðarákvörðunar kemur.
m. Greinin þarfnast ekki skýringa.
n. Greinin þarfnast ekki skýringa.
o. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirða.

Nýtt Náttúruverndarráð var kjörið á 8. náttúruverndarþingi sem haldið var í október 1993. Eðlilegt er að það ráð sitji fram að næsta þingi þótt lagabreytingar þær sem hér er gerð tillaga um taki gildi fyrri hluta árs 1994. Óraunhæft er að gera ráð fyrir að náttúruverndarþing verði haldið fyrr en um haust 1994. Í kosningum til Náttúruverndarráðs skal kjósa formann og varaformann, ásamt tveimur ráðsmönnum til fjögurra ára og þrjá ráðsmenn til tveggja ára.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 47/1971.

Frumvarpi þessu er ætlað að breyta fyrirkomulagi og áherslum í framkvæmd náttúruverndar hérlendis. Einnig er tekið mið af breyttum aðstæðum á þessu sviði í kjölfar stofnunar sérstaks umhverfisráðuneytis og nýrrar lagasetningar, svo sem lög um mat á umhverfisáhrifum sem sett voru á vorþingi 1993. Í meginatriðum er frumvarpinu ætlað að skilja eftirlit og stefnumörkun Náttúruverndarráðs frá rekstri þjóðgarða og annarri starfsemi sem lýtur að nýtingu verndaðra landsvæða. Sjálfstæði og frumkvæði Náttúruverndarráðs verði eflt um leið og umsjón og starfræksla náttúruverndarsvæða verði gerð skilvirkari með því að færa hana í hendur nýrrar stofnunar, Landvörslu ríkisins, sem sinni því starfi einvörðungu.

Ekki hefur farið fram sérstök athugun á þeim breytingum sem gerðar yrðu á núverandi starfsemi til að framfylgja ákvæðum laganna, t.d. á fjölda starfa eða deildaskipulagi í kjölfar nýrrar verkaskiptingar. Á þessu stigi er því ekki unnt að segja fyrir um rekstrarkostnað hvors aðila fyrir sig í einstökum atriðum, heldur verður einungis vakin athygli á nokkrum kostnaðaráhrifum sem leiða beint af ákvæðum frumvarpsins.

Fjölgað yrði í Náttúruverndarráði um tvo menn. Þá er kveðið á um að náttúruverndarþing skuli haldin annað hvert ár í staðinn fyrir þriðja hvert ár áður. Einnig eru ákvæði um að ríkissjóður greiði laun framkvæmdastjóra og veiti framlag til reksturs skrifstofu. Ætla má að árlegur kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessa nemi um 4,5 m.kr. Hins vegar má nefna að náttúruverndarnefndum mundi fækka mikið þar sem þær yrðu nú bundnar við kjördæmi í staðinn fyrir sýslur áður og við það dregur úr kostnaði sveitarfélaga vegna nefndarlauna.

Samkvæmt frumvarpinu yrði sett þriggja manna stjórn yfir Landvörslu ríkisins og eru þau útgjöld lauslega áætluð um 0,5 m.kr. Gert er ráð fyrir nokkurri fækkun í öðrum störfum. Verksvið stofnunarinnar yrði mun þrengra en áður og er talið að það vegi upp kostnaðaraukann við Náttúruverndarráð. Samkvæmt lögum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríksins nú umsjón með vandlega undirbúnu mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Því má ætla að kostnaður stofnunarinnar í þeim málaflokki geti lækkað verulega. Í fyrsta lagi munu rannsóknir og vettvangsathuganir við undirbúning framkvæmda verða á hendi skipulagsstjóra og Náttúrverndarráðs. Í öðru lagi verður eftirlit með mannvirkjagerð í umsjá Náttúruverndarráðs. Í frumvarpinu eru að auki ákvæði um að stofnunin geti samið við aðra aðila, t.d. ferðafélög, um vörslu verndaðra svæða annarra en þjóðgarða og dregið þannig úr kostnaði sínum af þjónustu við ferðamenn.

Umhverfisráðuneytið fyrirhugar að standa þannig að framangreindum breytingum á framkvæmd náttúruverndar að starfsemin rúmist innan ramma núverandi fjárveitinga. Ráðuneytið hefur jafnframt ákveðið að ef lögin komi til framkvæmda verði gerð úttekt á Náttúruverndarráði og Landvörslunni sem miði að því að tryggja það markmið með endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri.

616. Svar [311. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Björns Bjarnasonar um skyldur samkvæmt félagsmálasáttmála Evrópu.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvaða viðvaranir fékk Ísland í 12. skýrslu embættismannanefndar um félagsmálasáttmála Evrópu frá 22. mars 1993?*
2. *Hvaða ráðstafanir hafa íslensk stjórnvöld gert til að bregðast við þessari skýrslu?*
3. *Hvert var efni bréfs ráðherra til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins 8. október 1992?*
4. *Hefur afstaða ráðherra til félagafrelsis á grundvelli 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu breyst eftir að þetta bréf var ritað og dómur féll í máli Sigurðar A. Sigurjónssonar fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu í júní 1993?*

Spurningar fyrirspyrjanda fjalla fyrst og fremst um framkvæmd Íslands á 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu (European Social Charter) um félagafrelsi. Á síðustu missirum hefur réttur manna til að stofna og vera í félögum til að vinna að sameiginlegum hagsmunum mikið verið til umfjöllunar í ræðu og riti. Því þykir rétt að gera spurningum fyrirspyrjanda nokkuð ítarleg skil með eftirfarandi greinargerð. Í fyrri hluta hennar er gerð grein fyrir eftirliti Evrópuráðsins með framkvæmd aðildarríkja félagsmálasátt-

málans á ákvæðum sáttmálans. Farið er yfir breytingar sem hafa orðið á þessu eftirliti á allra síðustu árum. Enn fremur er gerð grein fyrir samskiptum íslenskra stjórnvalda við Evrópuráðið að því er varðar framkvæmd á 5. gr. félagsmálasáttmálans um félagafrelsi.

Í seinni hluta greinargerðarinnar er að finna svör við spurningum fyrirspyrjanda.

I. Samskipti íslenskra stjórnvalda og Evrópuráðsins vegna framkvæmdar á 5. gr. félagsmálasáttmálans um félagafrelsi.

Á undanförnum árum hefur sérfræðinganefnd Evrópuráðsins (Committee of Independent Experts) gagnrýnt íslensk stjórnvöld fyrir framkvæmd á nokkrum ákvæðum í félagsmálasáttmála Evrópu (European Social Charter). Gerð hefur verið grein fyrir þessari gagnrýni í fylgiskjölum og viðaukum við skýrslur félagsmálaráðherra til Alþingis um þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem haldið er í Genf á ári hverju. Sérfræðinganefndin hefur m.a. gagnrýnt framkvæmd Íslands á 5. gr. félagsmálasáttmálans um félagafrelsi.

Allmiklar umræður áttu sér stað í íslensku þjóðfélagi um félagafrelsi á árinu 1993. Eitt af því sem virkaði hvetjandi á umræðuna var dómur Mannréttindadómstóls Evrópu (European Court of Human Rights) í máli Sigurðar A. Sigurjónssonar gegn Íslandi (mál nr. 24/1992/369/443). Dómur féll hinn 30. júní 1993. Í dómsorði segir m.a. að lögbundin skylduaðild að stéttarfélagi brjóti í bága við 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms) um félagafrelsi. Hér var um að ræða dóm í máli sem Sigurður A. Sigurjónsson hafði skotið til Mannréttindadómstólsins vegna ákvæða í lögum nr. 77/1989, um að aðild að bifreiðastjórafélaginu Frama þurfi til að fá eða halda akstursleyfi. Á undanförnum tveimur áratugum hefur mátt merkja breytingar á hugmyndum um félagafrelsi. Dómurinn endurspeglar með vissum hætti þessa þróun. Hennar hefur m.a. gætt í nefnd Evrópuráðsins, sem í sitja embættismenn frá ríkjum sem hafa fullgilt félagsmálasáttmála Evrópu (Governmental Committee of the European Social Charter). Innan nefndarinnar hefur undanfarin ár verið ágreiningur um gildissvið 5. greinar sáttmálans sem að ýmsu leyti er hliðstæð 11. gr. mannréttindasáttmálans. Félagsmálasáttmáli Evrópu er einn af grundvallarsáttmálum Evrópuráðsins á sviði félags- og vinnumála. Í forsendum dóms Mannréttindadómstólsins er vikið að þessum sáttmála, svo og umræðum í framangreindri nefnd sem nefna má embættismannanefnd sem fjallar um framkvæmd félagsmálasáttmálans. Þar sem félagsmálasáttmálann og embættismannanefndina hefur borið á góma í umræðum sem hafa átt sér stað í framhaldi af dómi Mannréttindadómstólsins þykir tímabært að gera nokkra grein fyrir gagnrýni sem sérfræðinganefnd, er fjallar um skýrslur aðildarríkja félagsmálasáttmálans, hefur sett fram varðandi framkvæmd Íslands á ákvæði 5. gr. sáttmálans um félagafrelsi. Enn fremur er fjallað um umræður í embættismannanefndinni um þessa gagnrýni sérfræðinganna. Fyrst er gerð grein fyrir ákvæðum í félagsmálasáttmálanum um framkvæmd sáttmálans og eftirliti með því að staðið sé við skuldbindingar sem í honum felast.

Fullgilding og skuldbindingar Íslands.

Í stofnskrá Evrópuráðsins er m.a. kveðið á um það markmið ráðsins að vinna að framförum á sviði efnahags- og félagsmála og frekari framkvæmd mannréttinda og mannfrelsis. Að þessu yfirlýsta markmiði Evrópuráðsins hefur verið unnið með ýmsu móti allt frá stofnun ráðsins árið 1949 til þessa dags. Einn þátturinn í þessu starfi var samning félagsmálasáttmála Evrópu, sem undirritaður var í Tórínó á Ítalíu 18. október 1961, eftir u.þ.b. sjö ára undirbúningsstarf.

Á 96. löggjafarþingi árið 1974–75 var lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda félagsmálasáttmálann fyrir Íslands hönd. Alþingi veitti þessa heimild 14. maí 1975. 15. janúar 1976 var gengið frá aðild Íslands að sáttmálanum. Í fullgildingarskjali var með vísan til 2. mgr. 20. gr. tekið fram að Ísland telji sig bundið af ákvæðum sem talin voru upp. Á meðal þeirra var 5. gr. sáttmálans um félagafrelsi.

Lengst af hafa eftirtalin ríki verið skuldbundin af félagsmálasáttmála Evrópu: Austurríki, Bretland, Danmörk, Frakkland, Grikkland, Írland, Ísland, Ítalía, Holland, Kípur, Noregur, Sambandslýðveldið Þýskaland, Spánn og Svíþjóð. Á síðustu árum hafa eftirtalin ríki bæst í hópinn: Malta (1988), Tyrkland (1989), Belgía (1990), Finnland (1991), Portúgal (1991) og Lúxemborg (1991). Nokkur ríki Austur-Evrópu hafa látið í ljós áhuga á fullgildingu, þeirra á meðal Ungverjaland, Tékkland og Pólland.

Helstu ákvæði um eftirlit með framkvæmd sáttmálans.

Eftirlit Evrópuráðsins með því að ákvæðum sáttmálans sé fylgt felst í eftirfarandi: *Nefnd óháðra sérfræðinga (The Committee of Independent Experts), skýrslum aðildarríkjanna, nefnd fulltrúa þeirra ríkja sem hafa fullgilt sáttmálann (The Governmental Committee)* og *ráðherranefnd Evrópuráðsins (The Committee of Ministers).*

Fjallað er um nefnd óháðra sérfræðinga (The Committee of Independent Experts) í 25. gr. sáttmálans. Sérfræðinganefndina skipa nú sjö menn sem ráðherranefnd Evrópuráðsins skipar til sex ára. Skipunin er byggð á tilnefningum aðildarríkjanna. Ráðherranefndin kýs síðan tilskilinn fjölda úr hópi þeirra einstaklinga sem aðildarríkin hafa tilnefnt.

Samkvæmt reglum, sem hafa lengst af gilt, skulu aðildarríki félagsmálasáttmálans taka saman skýrslur á tveggja ára fresti um framkvæmd á fullgiltum ákvæðum sáttmálans. Samkvæmt verklagsreglu var aðildarríkjunum skipt í tvo hópa og skiluðu þeir skýrslum sitt hvort árið. Ísland var í hópi með Bretlandi, Danmörku, Grikklandi, Hollandi, Noregi og Svíþjóð.

Í 27. gr. félagsmálasáttmálans er fjallað um undirnefnd félagsmálanefndar ráðherranefndar Evrópuráðsins (The Govermental Committee). Aðildarríki sáttmálans tilnefna hvert um sig einn embættismann til setu í þessari nefnd og hefur hún til hægðarauka verið nefnd embættismannanefndin. Samkvæmt greininni skal leggja skýrslur aðildarríkja sáttmálans og niðurstöður sérfræðinganefndarinnar fyrir þessa undirnefnd.

Á grundvelli 29. gr. félagsmálasáttmálans getur ráðherranefndin (The Committee of Ministers) lagt hvers kyns nauðsynlegar tillögur fyrir sérhvern samningsaðila á grundvelli skýrslu undirnefndarinnar og að höfðu samráði við þingmannanefndina (The Consulative Assembly). Allt fram til ársins 1993 var þetta ákvæði óvirkt. Ráðherranefndin hafði aldrei beint tillögum til aðildarríkjanna um úrbætur á framkvæmd ákvæða í félagsmálasáttmálanum.

Tengslin milli sérfræðinganefndarinnar og embættismannanefndarinnar.

Í 24. gr. félagsmálasáttmálans er að finna ákvæði um hlutverk sérfræðinganefndarinnar. Þar segir efnislega að skýrslur, sem aðildarríkin taka saman um framkvæmd félagsmálasáttmálans, skuli athugaðar af sérfræðinganefndinni.

Í 25. gr. er hlutverk embættismannanefndarinnar skilgreint. Þar segir efnislega að skýrslur samningsaðilanna og niðurstöður sérfræðinganefndarinnar skuli leggja fyrir nefndina til athugunar. Síðar segir að embættismannanefndin skuli leggja fyrir ráðherranefndina skýrslu um niðurstöður sínar og láta fylgja henni skýrslu sérfræðinganefndarinnar.

Við þetta má bæta að samkvæmt 28. gr. skal framkvæmdastjóri Evrópuráðsins senda þingmannanefnd Evrópuráðsins niðurstöður sérfræðinganefndarinnar. Þingmannanefndin skal senda ráðherranefndinni álit sitt á þessum niðurstöðum.

Þessi fáorðu ákvæði um hlutverk sérfræðinganefndarinnar og embættismannanefndarinnar eru orsökin fyrir ágreiningi sem uppi hefur verið um túlkun á ákvæðum félagsmálasáttmálans. Embættismannanefndin hefur lengst af litið á það sem sitt hlutverk að túlka ákvæði sáttmálans. Það hefur hún gert og lagt niðurstöðuna fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins sem ekki hefur gert athugasemdir.

Ágreiningur um túlkun á gildissviði 5. gr. um félagafrelsi.

Meðal þeirra greina sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framkvæma er 5. gr. félagsmálasáttmálans um réttinn til að stofna félög sem er svohljóðandi:

„Í því skyni að tryggja og stuðla að frelsi verkafólks og vinnuveitenda til að stofna staðbundin félög, landsfélög eða fjölþjóðleg sambönd til að gæta hagsmuna þeirra á sviði efnahags- og félagsmála og til að ganga í slík félög skuldbinda samningsaðilar sig til að sjá um að landslög skerði ekki það frelsi né að þeim verði beitt til að skerða það. Í landslögum eða reglugerðum skal ákveða að hve miklu leyti trygging sú, sem þessi grein veitir, skuli taka til lögreglunnar. Það skal einnig ákvarðast í landslögum eða reglugerðum að hve miklu leyti tryggingin, sem grein þessi gerir ráð fyrir, skuli ná til manna í herþjónustu."

Í umræðu á vettvangi Evrópuráðsins hefur verið fjallað um tengsl 5. gr. sáttmálans við ákvæði 2. mgr. 1. gr. þar sem kveðið er á um að aðildarríki skuldbindi sig til að vernda á raunhæfan hátt rétt verkafólks til þess að vinna fyrir sér í starfi sem það hefur valið sér. Ástæðan er sú að í II. kafla í viðauka við félagsmálasáttmálann er að finna nánari skýringar á gildissviði sáttmálans. Um 2. mgr. 1. gr. segir að ekki skuli túlka ákvæði greinarinnar á þann hátt að það banni eða heimili nokkur ákvæði eða venju varðandi kröfu um aðild að stéttarfélagi. Því hefur verið haldið fram að ekki sé hægt að líta svo á að ákvæðið takmarkist við 2. mgr. 1. gr. heldur verði að túlka félagsmálasáttmálann í heild með hliðsjón af ákvæðinu og þar með 5. gr. einnig. Með öðrum orðum: Ákvæðið hefur verið túlkað þannig að sáttmálinn eigi að vera hlutlaus gagnvart ákvæðum í lögum eða kjarasamningum sem m.a. kveða á um forgang félagsmanna stéttarfélaga til vinnu. Af því leiði að ákvæðið verndi ekki rétt manna til að standa utan stéttarfélaga. Á 50. fundi embættismannanefndarinnar, sem haldinn var í mars 1988, voru átta fulltrúar á þessari skoðun, fjórir voru á móti og einn sat hjá.

Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur verið á annarri skoðun. Hún telur að sérhver félaganauðung, sem komið sé á með lögum, sé ósamrýmanleg skyldum ríkja skv. 5. gr. Út frá almennum sjónarmiðum líti nefndin svo á að öllum launamönnum eigi skv. 5. gr. að vera frjálst að ákveða sjálfir hvaða félagi eða hagsmunasamtökum þeir kjósa að taka þátt í.

Gagnrýni á framkvæmd Íslands á ákvæði 5. gr.

Árið 1981 fór ráðherranefnd Evrópuráðsins þess á leit við aðildarríki félagsmálasáttmálans að þau gæfu upplýsingar í næstu skýrslu sinni um framkvæmd á tilteknum atriðum varðandi ákvæði í 5. gr. félagsmálasáttmálans um félagafrelsi. Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar árið 1983 er komist að þeirri niðurstöðu að Ísland uppfylli skuldbindingar sem fólgnar eru í 5. gr. Nefndin óskar þó eftir nánari upplýsingum um lög og rétt um félagafrelsi hér á landi.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar árið 1985 kemur fram að samkvæmt síðustu skýrslu Íslands verði allir launamenn á Íslandi að vera félagar í stéttarfélagi í hlutaðeigandi starfsgrein. Þeir verði enn fremur að greiða stéttarfélagsgjald frá 0,8–2% af launum sínum. Með tilliti til þessara nýju upplýsinga verði nefndin að hverfa frá fyrri niðurstöðu sinni og álíta að framkvæmd Íslands sé ekki í samræmi við ákvæði 5. gr. hvað þetta varðar.

Í skýrslu Íslands um framkvæmd á fullgiltum ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu, sem tók til tímabilsins 1. janúar 1984 til 31. desember 1985, er því mótmælt að um sé að ræða brot á 5. gr. sáttmálans. Í skýrslunni er því haldið fram að með fullgildingu greinarinnar hafi Ísland skuldbundið sig til að virða jákvætt félagsfrelsi, þ.e. réttinn til að stofna og vera í félögum. Ekki mætti túlka 5. gr. þannig að hún feli í sér neikvætt félagsfrelsi.

Sérfræðinganefndin endurtók fyrri afstöðu í skýrslu 1987 og komst að þeirri niðurstöðu að staða mála væri óbreytt og þar af leiðandi væri um að ræða brot á 5. gr. sáttmálans.

Í mars 1989 sendu íslensk stjórnvöld Evrópuráðinu skýrslu þar sem sérstaklega er fjallað um framkvæmd á 5. gr. og gerð ítarleg grein fyrir ákvæðum í lögum og kjarasamningum sem snerta aðild að stéttarfélögum. Þar er tekið fram að réttur manna til að standa utan félaga væri ekki tryggður í lögum.

Viðbrögð sérfræðinganefndarinnar við þessari skýrslu voru harkaleg sérstaklega að því er varðar ákvæði í lögum um atvinnuleysistryggingasjóð sem gerðu aðild að stéttarfélagi að skilyrði fyrir rétti til atvinnuleysisbóta. Gerð er grein fyrir athugsemdum sérfræðinganna í viðauka IV við skýrslu félagsmálaráðherra um 76. Alþjóðavinnumálaþingið 1989, bls. 44. Skýrslan var lögð fyrir Alþingi í mars 1990.

Í nefndri skýrslu sérfræðinganefndarinnar, sem barst árið 1989, er vísað til túlkunar Hæstaréttar í desember 1988 á 73. gr. stjórnarskrárinnar. Síðan segir: „Nefndin taldi — með tilliti til þess að frelsi manna til að ganga í stéttarfélög, sem tryggt sé með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, hljóti að fela í sér að menn séu ekki með neinum hætti skyldir til að gerðast eða vera áfram félagar í stéttarfélagi — að skortur á viðeigandi vernd slíks frelsis í landslögum geti ekki talist samrýmast ákvæðum 5. gr. sáttmálans. Skiptir þá ekki máli hvort það stafi af því að viðeigandi lög hafi ekki verið sett eða því að fordæmisréttur löghelgar athæfi sem brýtur í bága við rétt manna til að mynda félög."

Í athugasemdum sérfræðinganefndarinnar segir enn fremur:

„— Samkvæmt lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingasjóð, eiga aðeins félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus er óverjandi ráðstöfun sem hefur þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi. Með tilliti til þessa hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að lögin brjóti í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans.

— Varðandi ákvæði í flestum kjarasamningum á Íslandi, þess efnis að félagar í stéttarfélögum skuli ganga fyrir um vinnu, benti nefndin á að enda þótt heimild til slíkrar ráðstöfunar sé ekki að finna í lögum hafi slík forgangsréttarákvæði verið staðfest fyrir Félagsdómi. Nefndin telur að slíkar lögþvingarnir gagnvart launamönnum, sem óska ekki eftir að vera félagar í stéttarfélögum, geti ekki talist vera í samræmi við ákvæði 5. gr. sáttmálans um rétt manna til að mynda með sér félög.

— Nefndin hafði veitt því athygli að í almennum kjarasamningum fólks, sem starfar við iðnaðar- og verslunarstörf, eru ákvæði þess efnis að viðkomandi fyrirtækjum sé ekki heimilt að ráð til starfa aðra en félaga í því stéttarfélagi sem það semur við um kaup og kjör (closed shop). Nefndin telur að lagasetning (eða skortur á lagasetningu), sem heimilar slíka ráðstöfun og sé í mótsögn við eðli þess frelsis að stofna félag sem verndað sé með ákvæðum 5. gr., geti ekki talist til þess fallin að tryggja virka framkvæmd þeirrar meginreglu sem fólgin er í greininni."

Í næstu skýrslu sem íslensk stjórnvöld sendu um framkvæmd á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu, sem tók til tímabilsins 1. janúar 1988 til 31. desember 1989, er niðurstöðum sérfræðinganefndarinnar mótmælt. Þar er eftirfarandi tekið fram:

1. Að mati íslenskra stjórnvalda hefur sérfræðinganefndin ekki lagt fram fullnægjandi gögn sem heimili henni að túlka ákvæði 5. gr. með þeim hætti sem hún gerir. Í því sambandi er bent á ákvæði 31. og 32. gr. Vínarsamningsins um túlkun alþjóðasamninga.

2. Vakin er á því athygli að ekki séu í lögum ákvæði sem þvingi fólk til að ganga í félög. Bent er á að ákvæði um forgang til vinnu hafi orðið til í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins.

3. Niðurstöðum nefndarinnar að því er varðar lög um atvinnuleysistryggingar er einnig mótmælt. Bent er á framangreind rök og enn fremur vakin athygli á því að til Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi verið stofnað sem hluta af kjarasamningi eftir langvinnt verkfall.

Þrátt fyrir ítarlegar greinargerðir af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur sérfræðinganefndin ekki breytt afstöðu sinni.

Annað hefur verið uppi á teningnum að því er varðar embættismannanefndina. Áður er komið fram að hún hafi fjallað um túlkun sérfræðinganefndarinnar á gildissviði 5. gr. og athugasemdir við framkvæmd Íslands á ákvæðum 5. gr. Á 55. fundi nefndarinnar, sem haldinn var dagana 13. til 17. nóvember 1989, komu þessi mál til umfjöllunar. Ákveðið var að nefndin tæki afstöðu til eftirfarandi spurninga:

1. Er íslensk löggjöf, sem bannar ekki forgangsréttarákvæði í kjarasamningum, í samræmi við ákvæði 5. gr. félagsmálasáttmálans? Sjö töldu að löggjöfin væri samræmi við sáttmálann, fimm voru á móti og tveir sátu hjá.

2. Í flestum kjarasamningum á Íslandi eru forgangsréttarákvæði. Er sú staðreynd í samræmi við sáttmálann? Sjö töldu að þetta væri í samræmi við sáttmálann, átta voru á móti.

3. Er íslensk löggjöf, sem gerir aðild að stéttarfélagi að skilyrði fyrir atvinnuleysisbótum í samræmi við sáttmálann? Sjö töldu löggjöfina vera í samræmi við sáttmálann, átta voru á móti.

Niðurstaðan varð sú að nefndin tók ekki afstöðu varðandi Ísland þar sem aukinn meiri hluti þarf að vera fylgjandi tillögum sem fela í sér túlkun á ákvæðum sáttmálans.

Fram til þess hefur embættismannanefndin ekki séð ástæðu til þess að leggja fyrir ráðherranefndina að íslenskum stjórnvöldum verði sendar tillögur um úrbætur á framkvæmd samningsins, sbr. ákvæði 29. gr. félagsmálasáttmálans.

Breytingar á ákvæðum félagsmálasáttmálans.

Á fundi evrópskra félagsmálaráðherra, sem haldinn var í Rómaborg 5. nóvember 1990, var samþykkt að frumkvæði framkvæmdastjóra Evrópuráðsins að endurskoða ákvæði í félagsmálasáttmála Evrópu. Ráðherranefnd ráðsins var falið að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum aðgerðum þannig að hægt yrði að afgreiða tillögur um breytingar á 30. ára afmæli sáttmálans í október 1991. Ákveðið var að stofna endurskoðunarnefnd (Committee on the European Social Charter — Charte-rel). Öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins var boðið að taka þátt í störfum nefndarinnar. Fyrsti fundur hennar var haldinn dagana 5.–7. febrúar 1991. Nefndin afgreiddi til ráðherranefndarinnar um sumarið drög að viðauka við sáttmálann.

Á afmælisfundi, sem haldinn var í tilefni 30. ára afmælis félagsmálasáttmálans, í Tórínó á Ítalíu var viðaukinn við sáttmálann opnaður til undirritunar. Með honum eru gerðar m.a. þær breytingar að sérfræðinganefndinni er falið að *meta* út frá lögfræðilegum sjónarmiðum hvort löggjöf og framkvæmd ríkja samkvæmt skýrslum þeirra samræmist skyldum þeirra samkvæmt sáttmálanum. Rétt er að leggja áherslu á að orðið *meta* er notað í stað orðsins *túlka*.

Samkvæmt viðaukanum er hlutverk embættismannanefndarinnar að semja skrá yfir brot á sáttmálanum sem kalla á tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins til hlutaðeigandi aðildarríkis (individual recommendation). Nefndin getur vefengt álit sérfræðinganefndarinnar út frá efnahagslegum, félagslegum og öðrum rökum.

Á áðurnefndum fundi í Tórínó var jafnframt samþykkt tillaga sem fól í sér áskorun til hlutaðeigandi stofnana og nefnda um að þau færu að vinna í samræmi við þær breytingar sem felast í viðaukanum.

Þessi áskorun var tekin í fyrsta skipti til umræðu í embættismannanefndinni á 62. fundi hennar sem haldinn var dagana 20. til 24. janúar 1992. Jafnframt voru lögð fram drög að nýjum verklagsreglum nefndarinnar. Samkvæmt þeim var gert ráð fyrir að hverfa frá fyrri túlkunum nefndarinnar og afstöðu til framkvæmdar einstakra ríkja á ákvæðum sáttmálans. Þessu mótmæltu nokkur ríki og töldu ekki verjandi að taka upp vinnureglur sem studdust við ákvæði í viðauka sem ekki hafði verið formlega fullgiltur af aðildarríkjunum. Ísland var í þessum hópi. Reglurnar voru engu að síður knúðar fram með atkvæðagreiðslu þar sem knappur meiri hluti var fyrir breytingum. Nefndin hefur því starfað eftir nýjum verklagsreglum frá og með framangreindum 62. fundi. Það skal upplýst að öll 20 aðildarríki sáttmálans þurfa að fullgilda viðaukann þannig að hann gangi í gildi. Þegar þetta er skrifað hafa fimm ríki fullgilt hann, þ.e. Holland, Kípur, Portúgal, Noregur og Svíþjóð.

Viðvaranir (warnings).

Fyrst í stað eftir að embættismannanefndin byrjaði að vinna eftir nýjum verklagsreglum kom í ljós að hún var mjög treg að samþykkja tillögur um að leggja fyrir ráðherranefndina að ákvæði 29. gr. yrði beitt um tilmæli til aðildarríkjanna um úrbætur á framkvæmd ákvæða sáttmálans enda þótt fulltrúum væri ljóst að aðgerða væri þörf. Þar af leiðandi kom fram sú uppástunga að nefndin tæki upp það sem kallað var *viðvörun (warning)*. Í henni átti að felast ábending til hlutaðeigandi ríkisstjórnar um það að ef ekki yrðu gerðar úrbætur gæti ríkisstjórnin búist við því að embættismannanefndin samþykkti að leggja fyrir ráðherranefndina að gripið yrði til aðgerða í samræmi við 29. gr. sáttmálans. *Viðvörunin* átti að vera mál á milli nefndarinnar og hlutaðeigandi ríkisstjórnar. Þetta átti hins vegar eftir að breytast. Þegar embættismannanefndin hafði lokið fyrri hluta 12. yfirferðar yfir skýrslur aðildarríkjanna kom fram tillaga um að getið yrði *viðvarana* í skýrslu nefndarinnar til ráðherranefndar Evrópuráðsins. Þessu var mótmælt og bent á að þetta hugtak hafi enga lagalega stoð, hvorki í sáttmálanum sjálfum né í viðaukum við hann. Þótt þessum rökum hafi ekki verið mótmælt greiddu 10 fulltrúar því atkvæði á 66. fundi nefndarinnar, 12.–13. október 1992, að gerð skyldi grein fyrir viðvörunum í skýrslu hennar til ráðherranefndarinnar, fjórir voru á móti og tveir sátu hjá. Það vakti því nokkra furðu þegar Mannréttindadómstóll Evrópu notar þetta hugtak sem fyllingarefni þegar hann kemst að þeirri niðurstöðu í dómi sínum í máli Sigurðar A. Sigurjónssonar að 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu taki til réttarins til að standa utan félaga. Með orðinu fyllingarefni er átt við gögn sem dómstóllinn hefur til hliðsjónar þegar hann kemst að ákveðinni niðurstöðu í túlkun á ákvæðum mannréttindasáttmálans. Þess skal getið að embættismannanefndin samþykkti við 12. yfirferð yfir skýrslur ríkja í hópi I að leggja í níu tilvikum fyrir ráðherranefndina að ákvæðum 29. gr. sáttmálans um tilmæli yrði beitt. Nefndin samþykkti viðvaranir í 43 tilvikum. Embættismannanefndin hefur samþykkt að taka áðurnefndar verklagsreglur, ekki síst ákvæði þeirra um viðvörun, til endurskoðunar á fundi í mars 1994.

Afstaða íslenskra stjórnvalda.

Þegar kom fram á árið 1992 var ljóst að þeim ríkjum hafði fjölgað í embættismannanefndinni sem töldu að 5. gr. félagsmálasáttmálans taki til réttarins til að standa utan félaga. Aðildarríkjum sáttmálans í Suður-Evrópu hafði fjölgað. Þessar þjóðir búa við aðrar hefðir í félaga- og vinnurétti en ríki í Mið- og Norður-Evrópu. Einnig höfðu 11 af 12 aðildarríkjum Evrópubandalagsins samþykkt yfirlýsingu 9. desember 1989 um grundvallarréttindi launafólks. Í 11. gr. yfirlýsingarinnar er tekið fram að sérhver atvinnurekandi og launamaður eigi rétt á að stofna og vera í félagi og einnig að vera utan félaga. Íslenskum stjórnvöldum þótti því tímabært að árétta afstöðu sína til þessa málefnis.

Í bréfi, sem félagsmálaráðherra skrifaði framkvæmdastjóra Evrópuráðsins 8. október 1992, er vakin á því athygli að ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og félagsmálasáttmála Evrópu um félagafrelsi séu ekki eins orðuð. Þar af leiðandi sé ekki hægt að byggja á niðurstöðu mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins þegar ákvæði félagsmálasáttmálans um félagafrelsi er til umfjöllunar. Minnt er á niðurstöðu 50. fundar embættismannanefndarinnar, sem haldinn var 7. til 9. mars 1988, þar sem nefndin telur að rétturinn til að standa utan félaga falli utan gildissviðs 5. gr. félagsmálasáttmálans. Tekið er fram að íslensk stjórnvöld séu sammála þessari túlkun embættismannanefndarinnar. Lagt er til að fram fari athugun á framkvæmd aðildarríkjanna á 5. gr. og á grundvelli hennar fari fram skoðanaskipti á milli sérfræðinganefndar Evrópuráðsins og emb-

ættismannanefndarinnar og reynt að komast að niðurstöðu í ágreiningsmálinu um gildissvið 5. gr. sem hafi valdið lagalegri óvissu á undanförnum árum.

Í bréfi félagsmálaráðherra er tekið fram að það sé ekki ásættanlegt af hálfu íslenskra stjórnvalda að aukið sé við skuldbindingar samkvæmt félagsmálasáttmálanum umfram það sem greinilega komi fram í texta sáttmálans. Ráðherra leggur áherslu á það að í 5. gr. felist sú höfuðskuldbinding að samningsaðilar skuli tryggja að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi eðlilegan starfsgrundvöll og að á milli þeirra ríki ákveðið jafnvægi. Bent er á að allgóður friður hafi ríkt um samskiptareglur á íslenskum vinnumarkaði sem ýmist byggist á settum lögum eða ákvæðum í kjarasamningum. Stjórnvöld hafi þar af leiðandi ekki í hyggju að grípa til neinna þeirra aðgerða sem kunni að raska því jafnvægi sem ríkt hafi í samskiptum aðila vinnumarkaðarins undanfarin rúmlega 50 ár.

Engin tilmæli til íslenskra stjórnvalda.

Fyrr í þessari greinargerð kemur fram að við lok fyrri hluta 12. yfirferðar yfir skýrslur ríkja í hópi I, sem voru á 65. og 66. fundi embættismannanefndarinnar í september og október 1992, var staðfest í níu tilvikum að leggja fyrir ráðherranefndina að ákvæðum 29. gr. félagsmálasáttmálans um tilmæli yrði beitt. Nefndin samþykkti viðvaranir í 43 tilvikum. Á það ber að leggja áherslu að tillögur, sem fram komu í embættismannanefndinni, um að leggja fyrir ráðherranefndina að íslenskum stjórnvöldum yrðu send tilmæli á grundvelli 29. gr. sáttmálans, fengu ekki tilskilinn stuðning. Nefndin samþykkti viðvaranir til íslenskra stjórnvalda í sjö tilvikum. Þessi tilvik snerta framkvæmd 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr., 16. gr. og 2. og 3. mgr. 18. gr. Viðvaranirnar byggjast á athugasemdum sérfræðinganefndarinnar. Gerð er grein fyrir athugasemdum sérfræðinganefndarinnar í viðauka III í skýrslu félagsmálaráðherra um 78. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1991, bls. 54–67. Skýrslan var lögð fyrir Alþingi í mars 1992.

II. Svör við spurningum.

Hér að framan er ítarlega gerð grein fyrir eftirliti Evrópuráðsins með framkvæmd á ákvæðum í félagsmálasáttmála Evrópu. Rakin eru samskipti íslenskra stjórnvalda við Evrópuráðið vegna framkvæmdar á 5. gr. sáttmálans um félagafrelsi. Fjallað er um breytingar sem hafa orðið á ákvæðum sáttmálans um eftirlit með framkvæmd.

Í þessum kafla er nánar vikið að spurningum fyrirspyrjanda. Efnislega er svar við *3. spurningunni*, um efni bréfs til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, að finna í I. kafla hér að framan þar sem gerð er grein fyrir afstöðu íslenskra stjórnvalda. Bréfið er birt í heild í fylgiskjali með þessu svari. Svar við *4. spurningunni*, um það hvort afstaða ráðherra hafi breyst til félagafrelsis á grundvelli 5. gr. sáttmálans, er í kafla hér að neðan um framkvæmd þeirrar greinar.

Að því er varðar *1. spurninguna* skal upplýst að embættismannanefndin samþykkti sjö viðvaranir til íslenskra stjórnvalda sem snerta framkvæmd fimm málsgreina sáttmálans. Þessi tilvik snerta framkvæmd 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr., 16. gr., 2. og 3. mgr. 18. gr. Viðvaranirnar byggjast á athugasemdum sérfræðinganefndarinnar. Hér á eftir fer yfirlit yfir viðvaranirnar og þar er að finna svör við *2. spurningu* fyrirspyrjanda um það hvað íslensk stjórnvöld hafi gert til að bregðast við gagnrýni Evrópuráðsins.

Framkvæmd 5. gr. um félagafrelsi.

Áður hefur í þessari greinargerð verið fjallað ítarlega um viðvaranir vegna framkvæmdar Íslands á ákvæði 5. gr. félagsmálasáttmálans um félagafrelsi og enn fremur afstöðu íslenskra stjórnvalda til málsins. Rétt er að taka fram að íslensk stjórnvöld eru þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða atriði sem snertir grundvöll íslensks þjóðfélags. Rök fyrir breytingum á þessu sviði þurfa að vera reist á traustum lagagrunni. Eins og áður er rakið byggja viðvaranir Evrópuráðsins ekki á slíkum grunni. Það þurfa því að koma til gildari ástæður til þess að réttlætanlegt sé að leggja til breytingar. Ekki verður séð að dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sigurðar A. Sigurjónssonar breyti hér neinu um. Dómurinn tekur fyrst og fremst afstöðu til lögbundinnar skylduaðildar að stéttarfélagi. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að lögþvinguð skylduaðild að stéttarfélagi sé í andstöðu við ákvæði 11. gr. mannréttindasáttmálans. Leggja ber áherslu á það að um forgangsréttarákvæði er samið í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins. Þar er ekki um lögþvingun að ræða. Það skal viðurkennt að í lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, er kveðið á um aðild að stéttarfélagi en samgönguráðherra lýsti því yfir í framhaldi af dómi Mannréttindadómstólsins í máli Sigurðar A. Sigurjónssonar að ákvæði um þetta atriði verði breytt. Á því skal vakin athygli að enda þótt dómurinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að 11. gr. mannréttindasáttmálans feli í sér neikvætt félagafrelsi bætir hann við að í því máli sé ekki þörf á að ákvarða hvort þennan rétt beri að leggja að jöfnu við hinn jákvæða rétt. Dómstóllinn gefur þannig í skyn að þær ástæður kunni að vera fyrir hendi að jákvæði rétturinn geti notið ríkari verndar en hinn neikvæði.

Við þetta er rétt að bæta að lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð var breytt á árinu 1993. Atvinnulaust fólk, sem ekki er í stéttarfélagi, hefur nú rétt til atvinnuleysisbóta að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Niðurstaðan er sú að ekki hafa komið fram rök sem gera það nauðsynlegt að taka til endurskoðunar samskiptareglur aðila vinnumarkaðarins í sambandi við gagnrýni Evrópuráðsins á framkvæmd Íslands á 5. gr. félagsmálasáttmálans.

Framkvæmd 6. gr. um samningafrelsi.

Viðvörun vegna framkvæmdar 4. mgr. 6. gr. snertir tvö atriði. Fyrra atriðið er athugasemd sérfræðinganefndarinnar við ákvæði í 14. gr. laga nr. 94/1986 þar sem verkfallsréttur opinberra starfsmanna er takmarkaður við þau tilvik að verkfall sé gert í þeim tilgangi að ná kjarasamningi. Sérfræðinganefndin segir um þetta atriði að fastheldni við þau ákvæði, sem banna öll verkföll sem ekki eru gerð í því skyni að ná kjarasamningi og öll verkföll sem eru ekki boðuð eða viðurkennd af stéttarfélagi, brjóti í bága við ákvæði sáttmálans. Af hálfu Íslands hefur verið vakin á því athygli að full sátt hafi ríkt um ákvæði 14. gr. og ekki hafi verið sett fram ósk um breytingar af hálfu samtaka opinberra starfsmanna. Bent hefur verið á að á móti takmörkunum á rétti til að gera verkfall hafi stjórnvöld ekki rétt til að setja á verkbann. Ekki hefur að svo komnu máli þótt ástæða til að grípa til sérstakra aðgerða í þessu sambandi.

Hitt gagnrýnisatriðið endurspeglar mun sem er á vinnurétti í Norður-Evrópu og Suður-Evrópu. Gagnrýnt er að samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938 er réttur til að boða verkfall bundinn við stéttarfélög. Sérfræðinganefndin telur að einstaklingar eða hópur launafólks, sem er ekki í verkalýðsfélögum, eigi að geta boðað til verkfalls. Þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað hafa ekki fengist um það skýr svör með hvaða hætti tryggja skuli slíkan rétt án þess að samskiptareglum á vinnumarkaði sé í grundvallaratriðum raskað. Þar af leiðandi telja íslensk stjórnvöld ekki tímabært að leggja til breytingar í þessum efnum á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Framkvæmd 12. gr. um rétt til læknishjálpar og félagslegrar aðstoðar.

Fjórða viðvörunin snertir framkvæmd Íslands á 4. mgr. 12. gr. félagsmálasáttmálans, um að ákvæðum greinarinnar sé beitt jafnt gagnvart eigin þegnum og þegnum annarra samningsaðila sem löglega dveljast í löndum þeirra í samræmi við skuldbindingar þeirra í Evrópusamþykktinni um félagslega aðstoð og læknishjálp sem undirrituð var í París 11. desember 1953. Vandamálið lýtur að því að íslenskum stjórnvöldum hefur ekki tekist að sannfæra sérfræðinganefndina um að þessi réttur ríkisborgara annarra aðildarríkja sáttmálans sé í raun virkur hér á landi. Stjórnvöld hafa í skýrslum um framkvæmd sáttmálans gefið yfirlýsingu um að þessi réttur sé veittur en það hefur ekki verið hægt að benda á lagaákvæði sem vernda hann. Þetta hefur að hluta til breyst með nýjum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Í 15. gr. laganna er kveðið á um að aðstoð við erlenda ríkisborgara skuli veitt í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili. Verði ekki upplýst um lögheimili skal aðstoð veitt í dvalarsveit. Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er unnið að frekari könnun á þessu máli.

Framkvæmd 16. gr. um vernd fjölskyldunnar.

Fimmta viðvörunin snertir framkvæmd 16. gr. um rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegar og efnahagslegrar verndar. Viðvörunin byggir á kvörtun sérfræðinganefndarinnar á skorti á upplýsingum um hagi fjölskyldunnar. Stjórnvöld hafa verið í erfiðleikum með að láta í té nægilega ítarlegar upplýsingar, m.a. vegna þess að málaflokkurinn hefur verið að verulegu leyti í höndum sveitarfélaga og a.m.k. þriggja ráðuneyta. Athugasemdir sérfræðinganefndarinnar, sem viðvörunin byggir á, eiga við aðstæður á árunum 1988 og 1989. Frá þeim tíma hafa átt sér stað verulegar breytingar á málefnum sem snerta fjölskylduna. Ýmsir þættir hafa verið sameinaðir í félagsmálaráðuneytinu og ný lög hafa verið sett, t.d. um vernd barna og ungmenna og um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það er því dregið í efa að athugasemdir sérfræðinganefndarinnar eigi lengur við um aðstæður á Íslandi.

Framkvæmd 18. gr. um rétt til að stunda vinnu í öðru aðildarríki sáttmálans.

Sjötta og sjöunda athugasemdin fjalla um framkvæmd á 2. og 3. mgr. 18. gr. sáttmálans. Í þeim er fjallað um einföldun á gildandi formsatriðum varðandi veitingu atvinnuleyfa og niðurfellingu gjalda sem erlendu verkafólki og atvinnurekendum er gert að greiða. Enn fremur um að slakað verði á gildandi reglum um ráðningu erlends verkafólks. Í þessu sambandi skal upplýst að félagsmálaráðherra skipaði 9. nóvember 1993 nefnd til að endurskoða lög nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga. Nefndinni hefur verið gerð grein fyrir athugasemdum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins að því er varðar framkvæmd á framangreindum ákvæðum 18. gr. félagsmálasáttmálans.

Fylgiskjal.

Bréf félagsmálaráðherra til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
(8. október 1992.)

Efni: Framkvæmd Íslands á ákvæði 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu.

Á fundi fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja að félagsmálasáttmála Evrópu, sem haldinn var dagana 7. til 11. september 1992, stóð skrifstofa Evrópráðsins fyrir því að skýrslu mannréttindanefndar Evrópuráðsins var dreift á fundinum. Hér er um að ræða skýrslu mannréttindanefndarinnar vegna máls nr. 16230/90, Sigurður A. Sigurjónsson gegn Íslandi. Í skýrslunni er fjallað um kæru á hendur ríkisstjórn Íslands vegna ætlaðra brota á 9., 10., 11. og 13. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í stuttu máli fjallar kæran um mjög sértækt mál þar sem ágreiningsefnið er skylduaðild að stéttarfélagi leigubifreiðastjóra. Að þessu tilefni skal eftirfarandi tekið fram:

1. Framangreind kæra snertir mannréttindasáttmála Evrópu. Í nefnd ríkisstjórnarfulltrúa aðildarríkja félagsmálasáttmála Evrópu er fjallað um félagsmálasáttmála Evrópu en ekki mannréttindasáttmála Evrópu.
2. Ákvæði 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um félagafrelsi hafa mismunandi orðalag. Þar af leiðandi er ekki fallist á að túlkun mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópuráðsins á ákvæði mannréttindasáttmálans um félagafrelsi hafi fordæmisgildi varðandi túlkun á 5. gr. félagssáttmála Evrópu um félagafrelsi.
3. Á 50. fundi fulltrúa aðildarríkja félagsmálasáttmála Evrópu, sem haldinn var dagana 7. til 9. mars 1988, var gildissvið 5. gr. félagsmálasáttmálans brotið til mergjar. Fyrir nefndinni lágu öll tiltæk viðurkennd skjöl til að skýra ákvæði 5. gr., sbr. 31. og 32. gr. Vínarsamnings um alþjóðasamninga. Einnig mætti lögfræðilegur ráðunautur Evrópuráðsins á fund nefndarinnar. Eftir ítarlegar umræður komst aukinn meiri hluti nefndarinnar að þeirri niðurstöðu að svonefnt „neikvætt félagafrelsi“ falli utan gildissviðs greinarinnar. Íslensk stjórnvöld eru sammála þessari niðurstöðu og hafa haft hana til hliðsjónar við framkvæmd 5. gr. sáttmálans.
4. Minnt er á að lengi hefur verið ágreiningur á milli sérfræðinganefndar Evrópuráðsins og meiri hluta þeirra sem eiga sæti í nefnd fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja félagsmálasáttmálans um gildissvið 5. gr. sáttmálans. Með hliðsjón af því telja íslensk stjórnvöld rétt að fram fari athugun á framkvæmd 5. gr. í öllum aðildarríkjum sáttmálans og á grundvelli þeirrar athugunar eigi sér stað skoðanaskipti á milli þessara tveggja nefnda og reynt verði að komast að niðurstöðu í þessu ágreiningsmáli sem hefur valdið lagalegri óvissu á undanförum árum.
5. Það er ekki ásættanlegt að aukið sé við skuldbindingar samkvæmt félagsmálasáttmálanum umfram það sem greinilega kemur fram í texta sáttmálans. Ef samningsaðilar eru reiðubúnir til láta félagsmálasáttmálann taka til fleiri sviða eða auka við réttindi sem hægt er að sækja á grundvelli sáttmálans ber að gera það með sérstökum viðaukum sem annaðhvort breyta ákvæðum sáttmálans eða eru viðaukar við sjálft meginmál hans.

6. Áhersla er á það lögð að í 5. gr. félagsmálasáttmálans felist sú höfuðskuldbinding að samningsaðilar skuli tryggja að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi eðlilegan starfsgrundvöll og að á milli þeirra ríki ákveðið jafnvægi. Á því er vakin athygli að allgóður friður hafi ríkt um samskiptareglur á íslenskum vinnumarkaði sem ýmist byggjast á settum lögum eða ákvæðum í kjarasamningum. Þar af leiðandi hefur ríkisstjórnin ekki í hyggju að grípa til neinna þeirra aðgerða sem kunna að raska því jafnvægi sem ríkt hefur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins undanfarin rúmlega 50 ár.
7. Vegna gagnrýni sérfræðinganefndarinnar á ákvæði í 1. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, laga nr. 64/1981, skal upplýst að skipuð hefur verið nefnd til að endurskoða rétt manna til atvinnuleysisbóta. Nefndinni hefur verið gerð grein fyrir athugasemdum Evrópuráðsins við lögin.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

617. Frumvarp til laga [412. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

4. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Sá er rétt kjörinn rektor sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri sem flest atkvæði fengu og er þá sá rétt kjörinn sem flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun rektorskjörs.

2. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Deildarráð getur leyft undanþágu frá tímamörkum ef til þess eru gildar ástæður.

3. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna fellur niður og tvær síðari málsgreinar orðast svo:

Um námsgreinar í almennu kennaranámi, skiptingu þeirrra á svið og skipan æfingakennslu skal ákveða í reglugerð.

Í námsskrá, er skólaráð setur að fengnum tillögum kennslustjóra, skal gerð grein fyrir námsskipan og kennsluháttum, svo og námsefni í einstökum greinum.

4. gr.

Síðari málsliður fyrri málsgreinar 28. gr. laganna orðast svo: Deildarráð getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Deildarráð metur, að höfðu samráði við kennslustjóra og hlutaðeigandi greinakennara, hvort viðurkenna skuli nám sem nemandi hefur lokið í öðrum háskóla eða sérkennaraskóla og að hvaða leyti.

6. gr.

3. og 4. mgr. 32. gr. laganna falla niður og í stað þeirra kemur málsgrein sem orðast svo:

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita umsækjenda og rannsókna, svo og námsferli þeirra og störfum, megi ráða að þeir séu hæfir til að gegna embættinu eða starfinu. Skólaráð fjallar um umsækjendur sem dómnefnd telur hæfa og eiga fulltrúar stúdenta þá ekki atkvæðisrétt. Engum má veita prófessorsembætti, dósentsstarf eða lektorsstarf við Kennaraháskóla Íslands nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti viðstaddra á skólaráðsfundi greiði honum atkvæði í embættið eða starfið. Ef fleiri umsækjendur en tveir eru í kjöri við atkvæðagreiðsluna og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Nú fellst menntamálaráðherra ekki á tillögu skólaráðs og skal þá auglýsa embættið eða starfið að nýju.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í XI. kafla laganna orðast svo:

Ákvæði 13. gr. koma til framkvæmda innan 10 ára frá gildistöku laga nr. 29/1988 samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra, nema annað hafi verið ákveðið með lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í tvíþættum tilgangi: Annars vegar til að gera nokkrar minni háttar breytingar á lögunum að ósk skólaráðs Kennaraháskóla Íslands og hins vegar til að fresta gildistöku ákvæða er fela í sér lengingu almenns kennaranáms úr þremur árum í fjögur ár.

Skólaráð Kennaraháskóla Íslands samþykkti á fundi sínum 12. janúar 1994 að óska eftir þeim breytingum er felast í 1., 2., 3., 4., 5. og 6. gr. þessa frumvarps. Þessar breytingar fela fyrst og fremst í sér að ákvæði laganna eru samræmd hliðstæðum ákvæðum laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands. Nánari grein er gerð fyrir þessum breytingum í athugasemdum við einstakar greinar.

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í XI. kafla gildandi laga nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, skulu ákvæði 13. gr. um lengingu almenns kennaranáms við KHÍ koma til framkvæmda innan sex ára frá gildistöku laganna. Þar sem menntamálaráðherra skipaði nefnd til að undirbúa rammalöggjöf um kennaramenntun með bréfi 25. febrúar 1993 og með hliðsjón af því að sú nefnd fjallar m.a. um tímalengd námsins þykir eðlilegt að framangreindri breytingu á námsskipan við Kennaraháskóla Íslands verði frestað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sú skipan er nú gildir um rektorskjör felur í sér að til að ná kjöri þarf rektor að hljóta atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.Við rektorskjör samkvæmt þessari skipan hefur komið í ljós að nánast er ógjörningur að kjör geti orðið gilt í fyrstu umferð. Stafar það fyrst og fremst af dræmri kosningaþátttöku nemenda utan Reykjavíkur sem skráðir eru í nám á vegum Kennaraháskólans. Þess vegna er ákvæði um lágmarksþátttöku í kosningum fellt brott. Greinin á sér efnislega hliðstæðu í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

Um 2., 4. og 5. gr.

Greinar þessar fela í sér að deildarráðum er falin framkvæmd ýmissa atriða er varða próf og mat á námi nemenda úr öðrum skólum sem áður voru í höndum skólaráðs. Að mati Kennaraháskóla Íslands samræmist þetta betur verkaskiptingu milli skólaráðs og deildarráða en núverandi skipan, enda þótt vísa megi þessum málum sem öðrum til skólaráðs.

Um 3. gr.

Ákvæði þau sem felld eru úr 14. gr. fjalla um skiptingu kennaranáms í faglega þætti og vægi þeirra. Slík ákvæði eiga sér ekki hliðstæðu í nýrri lögum um sambærilegar stofnanir, sbr. 9. og 16. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og 9. gr. laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri. Ekki þykir ástæða til að binda slík ákvæði í lög.

Um 6. gr.

Eftirfarandi nýmæli eru í þessari grein: Fulltrúar stúdenta skulu ekki hafa atkvæðisrétt er skólaráð fjallar um stöðu- eða embættisveitingar. Í stað þess að leitað skuli álits skólaráðs um umsækjendur er nú kveðið á um að engum megi veita stöðu eða embætti nema meiri hluti viðstaddra á skólaráðsfundi greiði honum atkvæði. Nýmæli er að séu fleiri umsækjendur en tveir í kjöri við atkvæðagreiðsluna og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Enn fremur er það nýmæli að fallist menntamálaráðherra ekki á tillögu skólaráðs skal auglýsa embættið eða starfið að nýju.

Grein þessi er efnislega hliðstæð 11. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og þykir eðlilegt að samræmi sé milli stofnana í þessum efnum.

Um 7. gr.

Almennt kennaranám við Kennaraháskóla Íslands er nú skipulagt sem þriggja ára nám. Grein þessi felur í sér að ákvæði 13. gr. um að slíkt nám skuli skipuleggja sem fjögurra ára nám komi til framkvæmda innan 10 ára í stað sex ára frá gildistöku laga nr. 29/1988.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

Tilgangur frumvarpsins er tvíþættur, annars vegar að gera minni háttar breytingar á lögunum sem varða stjórn skólans, kjör rektors o.fl. og hins vegar að fresta gildistöku ákvæða sem fela í sér lengingu almenns kennaranáms úr þremur árum í fjögur ár.

Með breytingum í 1.–6. gr. er verið að samræma ákvæði laga um Kennaraháskólann hliðstæðum ákvæðum í lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands. Í greinum þessum er fjallað um kjör rektors, hlutverk deildarráða og fleira þess háttar. Ekki er talið að þetta muni hafa nokkrar útgjaldabreytingar í för með sér.

Í ákvæði til bráðabirgða í núgildandi lögum um skólann er lengingu kennaranáms úr þremur árum í fjögur frestað um allt að sex ár frá gildistöku laganna. Í 7. gr. þessa frumvarps er lagt til að lengingin komi ekki til framkvæmda fyrr en allt að tíu árum frá gildistöku laga nr. 29/1988. Við þetta sparast útgjöld sem ella hefðu fallið til vegna lengingar náms en þetta hefur ekki áhrif á útgjöld skólans eins og þau eru núna.

Að mati fjármálaráðuneytis hefur þetta frumvarp, verði það óbreytt að lögum, lítil sem engin áhrif á núverandi útgjöld ríkissjóðs.

618. Tillaga til þingsályktunar [413. mál]

um skipulagða leit að verðmæta- og atvinnuskapandi verkefnum.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Guðjón Guðmundsson, Tómas Ingi Olrich.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að koma á fót þremur tímabundnum stöðum erindreka sem hefðu það hlutverk að leita að verðmæta- og atvinnuskapandi verkefnum erlendis — verkefnum sem hægt er að vinna hérlendis í samstarfi við erlenda og innlenda rekstrar- og fjárfestingaraðila.

Nefnd skipuð fulltrúum utanríkis-, fjármála-, viðskipta- og forsætisráðuneytis skal hafa umsjón með starfi erindrekanna og hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins. Kostnaður við starfsemina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Með tilkomu nýrra viðskiptasvæða og mikilvægi þess að Íslendingar afli sér bæði fjármagns- og samstarfsaðila til nýrra verkefna á sviði atvinnuskapandi starfsemi, sem stuðlaði jafnframt að verðmætaaukningu á innlendum starfsvettvangi, er lagt til að komið verði á fót þremur tímabundnum stöðum sérstakra erindreka sem hefðu það hlutverk að fylgja eftir hugmyndum sem mögulega gætu komið innlendum vinnumarkaði til góða.

Sérstaða Íslands hvað varðar landfræðilega stöðu, svo og umhverfisvænleika landsins og afurða þess, er nú að verða helsti markaðsstyrkleiki afurða okkar. Þessi sérstaða er greinileg bæði á sviði framleiðslu og þjónustu. Því er nauðsynlegt að innlendir aðilar hafi sameiginlegt frumkvæði um að fylgja eftir hugmyndum um nýsköpun og verðmætaaukningu.

Til þess að nýta sér þessa sérstöðu er nauðsynlegt að reynt verði að afla samstarfsaðila og fjármögnunar erlendis frá. Til þess að jafnræði verði með hinum ýmsu aðilum vinnumarkaðarins er lagt til að forsætisráðuneytið hafi forgöngu um tímabundna ráðningu sérstakra erindreka sem valdir verði með hliðsjón af reynslu þeirra og sérþekkingu á erlendum markaðsstörfum og svæðum. Ráðning þeirra tæki einnig mið af sérstökum verkefnum sem sinna þyrfti hverju sinni.

Í nágrannalöndum okkar, m.a. í Noregi, hefur þessi háttur verið hafður á með góðum árangri. Erindrekar, sem annars eru við störf hjá innlendum fyrirtækjum, eru ráðnir til ákveðinna tímabundinna verkefna á sérstökum markaðssvæðum en atvinnuveitendur þeirra, fyrirtæki eða stofnanir, samþykkja tímabundin leyfi þeim til handa. Þessir erindrekar fara inn á markaðssvæði sem þeir þekkja af reynd og leita að ákveðnum fjárfestum sem væntanlega gætu haft erindi til samstarfs við íslenska aðila, bæði með fjárfestingu, samstarfi og söluaðgerðum.

Vinna erindreka af þessum toga byggist fyrst og fremst á máta sem nefndur hefur verið „maður á mann“ og nýtist oft og tíðum betur en sambærileg vinna ráða og stofnana sem vitaskuld njóta síðan góðs af samböndum þeim sem erindrekarnir kynnu að stofna til. Á sama hátt eru erindrekar ekki kvaddir til nema að undirbúningsvinna aðila vinnumarkaðarins og opinberra stofnana sé fyrir hendi þannig að erindrekarnir hafi bæði upplýsingar og söluhvata á reiðum höndum.

Þar sem samkeppni um fjármagn og markaðsleiðandi aðila er mjög hörð hefur beinskeytt starf sérstakra erindreka oft og tíðum skilað betri árangri en annarra. Má benda á bresk og bandarísk fyrirtæki sem fundist hafa eftir sérhæfða leit og kynningu fulltrúa hérlendra sveitarfélaga.

619. Tillaga til þingsályktunar [414. mál]

um kynningu á ímynd Íslands erlendis.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Salome Þorkelsdóttir,
Sólveig Pétursdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd þriggja manna sem hafi eftirfarandi verkefni:

a. Frumkvæði að samræmingu á því hvernig ímynd Íslands er kynnt á erlendum vettvangi í samvinnu við hagsmunaaðila.
b. Fimm ára áætlun um kynningu á ímynd Íslands erlendis. Kostnaður við framkvæmd áætlunarinnar greiðist af hagsmunaaðilum og ríkissjóði samkvæmt því sem Alþingi ákveður í fjárlögum.
c. Úttekt á því hvernig aðstæður og aðgerðir innan lands samræmast þeirri ímynd landsins sem kynnt er erlendis.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 115. og 116. þingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú flutt að nýju.

Auðæfi Íslands liggja í landinu sjálfu, hafinu í kringum landið og möguleikum fólksins sem í landinu býr. Þessi auðæfi nýtast ekki þjóðinni ef enginn veit af þeim eða gerir sér grein fyrir mikilvægi þeirra og verðmætum.

Tími viðskiptafrelsis og hins frjálsa markaðar er runninn upp og því um leið tími samkeppni og samanburðar sem við viljandi eða óviljandi tökum þátt í. Við getum jafnframt fagnað því að samtímis eru meiri möguleikar en nokkru sinni fyrr á miðlun upplýsinga til einstaklinga, fyrirtækja og jafnvel heilu þjóðanna. Upplýsingar hellast yfir viðtakendur og því skiptir afar miklu máli að kynningarstarf sé markvisst og skilji eftir sig spor í huga viðtakanda. Ímynd og vörumerki eru þess vegna nauðsynleg við hvers konar kynningu.

Eins og málum er nú háttað eru það hinir ýmsu söluaðilar vöru og þjónustu sem kynna landið (Útflutningsráð, Ferðamálaráð, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Flugleiðir o.s.frv.). Oftast fer meira rými og kostnaður í að kynna landið sjálft, kosti þess og sérstöðu en sjálfa vöruna eða þjónustuna sem verið er að veita. Það er því bæði eðlilegt og skynsamlegt að reyna að greina á milli hinnar almennu landkynningar sem á að koma öllum til góða sem nýtt geta sérstöðu lands og þjóðar og hinnar eiginlegu sölustarfsemi þar sem seld er tiltekin vara eða þjónusta.

Það er því að mati flutningsmanna skynsamlegt að ríkið hafi meira frumkvæði og taki meiri þátt í hinni almennu landkynningu í samstarfi við hagsmunaaðila en láti fyrirtækjum og einstaklingum eftir frumkvæðið í hinni eiginlegu sölu. Hin almenna landkynning beinist að kynningu á legu landsins og umhverfi, menningu, menntun og möguleikum þjóðarinnar til þess að veita þjónustu og takast á við framleiðslu almennt. Helst þyrfti að leggja áherslu á að ná árangri í kynningu á hreinleika og gæðum umhverfisins, þjónustu og framleiðslu. Góður árangur á þessu sviði væri að þegar nafn Íslands væri nefnt kæmi upp í huga manna ímynd hreinleika og gæða.

Það er jafnframt mat flutningsmanna að tryggja þurfi að Ísland standi undir þeirri ímynd sem kynnt er. Því er gert ráð fyrir því í tillögunni að þetta verði kannað sérstaklega svo að hægt sé að bæta úr fljótt og vel ef þörf krefur. Það er forsenda árangurs í kynningarstarfi sem þessu að sú mynd, sem dregin er upp, sé sannleikanum samkvæm. Því er nauðsynlegt að gott samstarf náist milli allra viðkomandi aðila svo að góður árangur sé tryggður.

620. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um dýravernd.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi dýraverndarlög, nr. 21/1957. Sú breyting hefur orðið frá því þau lög voru sett að dýraverndarmál voru flutt frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis með lögum nr. 47/1990.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun málsins Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneyti, og Sigurð Sigurðarson, Sigurð Richter og Sigríði Ásgeirsdóttur frá dýraverndarnefnd ríkisins. Þá studdist nefndin við umsagnir, flestar frá 116. löggjafarþingi, frá Búnaðarfélagi Íslands, dómsmálaráðuneyti, Dýralæknafélagi Íslands, rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, rannsóknastofu Háskóla Íslands í veirufræði, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis, Kattavinafélagi Íslands, landbúnaðarráðuneyti, Lyfjafræðingafélagi Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélagi Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknaráði ríkisins, rannsókna-

stofu Háskóla Íslands í ónæmisfræði, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Umferðarráði, veiðistjóraembættinu og yfirdýralækni. Einnig aflaði nefndin sér gagna um ýmsa þætti sem frumvarpið varðar og studdist m.a. við álitsgerð frá Eiríki Tómassyni hrl. Þá átti formaður nefndarinnar fund með Jóni Höskuldssyni, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneyti, og Brynjólfi Sandholt yfirdýralækni.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Með breytingu sem lögð er til á 1. gr. er gert ráð fyrir að frumvarpið taki til allra dýra en einskorðist ekki við hryggdýr. Nefndin telur eðlilegt að löggjöfin taki til allra dýra enda þótt augljóst sé að ekki sé bókstaflega hægt að uppfylla öll ákvæði laganna, m.a. að því er varðar ýmsa hryggleysingja. Ákvæði frumvarpsins fela að nokkru leyti í sér siðferðisboðskap sem eðlilegt er að taki til umgengni við öll dýr, jafnvel þótt einhver dýr muni ætíð falla utan þeirra.
2. Lagt er til að 2. gr. verði breytt verulega. Um er að ræða almennt ákvæði þar sem kveðið er á um ýmis grundvallaratriði í umgengni við dýr. Nefndin telur eðlilegt að slík almenn fyrirmæli séu sameinuð í texta. Þá telur nefndin orðunum „og forða þeim frá vanlíðan“ ofaukið í 2. gr. þar sem kveðið er á um hið sama í 3. mgr. 3. gr. Að öðru leyti eru ítrekuð þau sjónarmið sem nefnd eru í athugasemdum við 1. gr.
3. Lagt er til að 3. og 4. gr. frumvarpsins verði sameinaðar og einfaldaðar svo að forðast megi endurtekningar. Þá er lagt til að fellt verði brott orðið „nægilegu“ þar sem vísað er til fóðurs, en með því vill nefndin leggja áherslu á að ekki sé síður verið að vísa til gæða fóðurs en magns. Einnig leggur nefndin til að í ákvæðinu sé talað um drykk en ekki vatn og er þá höfð í huga þörf ungviðis fyrir mjólk. Nefndin bendir á að hugtakið „tæknivædd stórbú“ hefur ekki verið skilgreint í löggjöf hér á landi. Það hefur hins vegar t.d. verið gert í löggjöf í Noregi og er þá miðað við tiltekinn fjölda búfjár. Þannig geta stór kúabú fallið undir skilgreininguna. Þá eru einnig dæmi um að miðað sé við bú sem eru svo tæknivædd að mannshöndin kemur lítið nærri við daglega umönnun búfjárins. Þær skilgreiningar eru hliðstæðar skilgreiningu sem felst í enska hugtakinu „intensive farming“ en það hugtak vísar til þess að um sé að ræða búskap sem hefur það markmið að ná sem mestri framleiðni, þ.e. sem mestum afurðum á sem stystum tíma. Nefndin telur æskilegt að landbúnaðar- og umhverfisráðuneyti skilgreini í reglugerð hvað átt sé við með hugtakinu „tæknivætt stórbú“. Að auki eru lagðar til orðalagsbreytingar sem ekki þarfnast skýringa.
4. Lagt er til að orðin „látið ganga úti“ verði felld brott úr 5. gr. frumvarpsins (er verður 4. gr.) þar sem orðin að halda til beitar og láta liggja við opið ná yfir það sem segja þarf. Þá er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 5. gr. þar sem sveitarstjórnum er heimilað að banna dýrahald á tilteknum stöðum að vetri til. Með því er einkum verið að vísa til afskekktra staða sem erfitt getur verið að komast til í ófærð að vetri til. Nefna má í þessu sambandi eyðisveitir og eyjar úti fyrir ströndum landsins.
5. Breytingin, sem lögð er til á 6. gr. (sem verður 5. gr.), er til einföldunar og þarfnast ekki skýringar.
6. Breytingin, sem lögð er til á 9. gr. (sem verður 8. gr.), er til einföldunar og þarfnast ekki skýringar.

7. Lagt er til að lítillega verði dregið úr þeim kröfum sem gerðar eru í 10. gr. (er verður 9. gr.). Ekki þykir unnt að skylda menn afdráttarlaust til að aflífa dýr þegar svo stendur á eins og hér um ræðir. Ýmsar ástæður, þar á meðal siðferðilegar, kunna að torvelda mönnum að grípa í taumana með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
8. Lagt er til að nokkrar breytingar verði gerðar á 11. gr. (er verður 10. gr.). Í fyrsta lagi er orðinu „villast“ talið ofaukið þar eð erfitt er að gera greinarmun á því hvort dýr hafi villst eða sloppið. Þá er lagt til að í stað orðsins „löggæslan“ komi „lögreglan“ þar sem orðið löggæsla vísar ekki til einstakra aðila heldur til starfsemi lögreglu almennt. Enn fremur er lagt til að styttur verði sá tími sem lögreglu ber að geyma dýr, en 10 daga frestur þykir of íþyngjandi. Þá er lagt til að felld verði brott úr frumvarpinu skylda lögreglu til að auglýsa dýr. Nefndin telur að svo afdráttarlaus skylda til auglýsinga sé ástæðulaus. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að lögregla geri sér far um að hafa upp á eigendum dýranna.
9. Lögð er til sú breyting á 12. gr. (er verður 11. gr.) að ráðherra hafi samráð við yfirdýralækni um setningu reglugerðar um flutning á dýrum. Í gildi eru reglugerðir um flutning á dýrum sem yfirdýralæknir hefur samið ásamt fleirum auk þess sem hann hefur haft umsjón með að framfylgt sé hér á landi Evrópusamningi sem Íslendingar hafa samþykkt að fullgilda og fjallar m.a. um þetta efni.
10. Lagt er til að fellt verði brott í fyrirsögn 13. gr. (er verður 14. gr.) og í ákvæðinu sjálfu orðið „sérstakt“ sem ekki verður séð að hafi neina þýðingu. Þá er lagt til að röð málsgreina verði breytt þannig að uppsetning verði skýrari. Loks er lagt til að 3. mgr. ákvæðisins verði felld niður. Almenn ákvæði frumvarpsins um meðferð á dýrum ná til þeirra atriða sem þar eru tilgreind og er því óþarft að tiltaka þau sérstaklega í þessari grein. Þá leggur nefndin áherslu á að enda þótt umhverfisráðherra geti í undantekningartilvikum leyft dýrahappdrætti, t.d. happdrætti með folöld í tengslum við hestamannamót, verði ekki veitt leyfi til gæludýrahappdrættis þar sem dýr geta komið í hlut einstaklinga sem hafa hvorki áhuga né getu til að halda dýr.
11. Lagt er til að í 14. gr. (er verður 13. gr.) megi aðrir en dýralæknar sjá um minni háttar aðgerðir og lyfjameðferð á dýrum, en þá að höfðu samráði við dýralækna. Þessi breyting er í samræmi við tillögur nokkurra umsagnaraðila, m.a. yfirdýralæknis. Í 3. mgr. 14. gr. er kveðið á um að umhverfisráðherra setji reglugerð um aðgerðir sem gera má á dýrum án læknisfræðilegra ástæðna. Nefndin telur rétt að í reglugerðinni verði kveðið á um takmarkanir á aðgerðum og lyfjameðferð sem áhrif hefur á útlit dýra svo sem rófustyttingu, taglbroti og hormónameðferð á skrautfiskum. Nefndin telur á hinn bóginn óeðlilegt að sett verði í reglugerð, á grundvelli laga þessara, ákvæði um erfðatæknilegar aðgerðir á dýrum og notkun hormóna eða annarra efna til að hafa áhrif á eiginleika dýra með öðrum hætti en að framan greinir. Frjósemisaðgerðir og notkun hormóna til að hafa áhrif á frjósemi telst hins vegar til læknisaðgerða skv. 1. mgr. 14. gr.
12. Lagt er til að 2. mgr. 15. gr. (er verður 14. gr.) verði breytt með þeim hætti að umhverfisráðherra setji umrædda reglugerð að höfðu samráði við yfirdýralækni. Þá er lögð til orðalagsbreyting sem ekki þarfnast skýringar.
13. Lögð er til orðalagsbreyting í 16. gr. (er verður 15. gr.) sem þarfnast ekki skýringar.

14. Lagt er til að skipan tilraunadýranefndar í 17. gr. (er verður 16. gr) verði breytt. Nefndin telur mikilvægt eins og fram kemur í athugasemdum við 17. gr. frumvarpsins að tilraunadýranefnd sé skipuð sérfróðum mönnum. Nefndin telur ekki rétt að binda í lög að forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum eigi sæti í nefndinni heldur komi einnig til greina að skipa fólk sem hefur próf frá háskóla og reynslu og þekkingu á dýratilraunum svo sem þá sem starfa eða hafa starfað við læknadeild og raunvísindadeild Háskóla Íslands eða sambærilegar rannsóknastofnanir. Þá er lagt til að í 4. mgr. 17. gr. verði gerð krafa um að þeir sem noti dýr í tilraunaskyni hafi hlotið til þess þjálfun og menntun, en ekki verði látið nægja að krefjast að þessir aðilar hafi fengið upplýsingar um það svið sem hér um ræðir. Með orðinu menntun er ekki verið að vísa til þess að viðkomandi hafi sérfræðimenntun í meðferð tilraunadýra heldur menntun á sviði líffræði sem nýst geti í starfinu.
15. Lögð er til sú grundvallarbreyting að dýraverndarnefndir verði felldar brott úr frumvarpinu og að eitt ráð, dýraverndarráð, gegni því hlutverki sem nefndunum var ætlað. Til stuðnings þessari breytingu vill nefndin benda á eftirfarandi atriði. Óeðlilegt er að dýraverndarráð hafi engu eftirlitshlutverki að gegna eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Þá er með breytingunni lagt til að dýraverndarráði sé veitt heimild til að hefjast handa að eigin frumkvæði. Umhverfisnefnd telur að vel athuguðu máli að ekki sé af efnislegum ástæðum skynsamlegt að setja á fót það nefndakerfi sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að héraðsdýralæknar verði tengiliðir dýraverndarráðs um land allt.
16. Lagt er til að 19. gr. verði felld brott í samræmi við breytingu sem gerð er grein fyrir við 18. gr.
17. Lagt er til að 20. gr. (er verður 18. gr.) verði breytt að verulegu leyti. Að hluta til eru breytingar gerðar til samræmis við breytingar á 18. og 19. gr. Dýraverndarráð tekur við því hlutverki sem dýraverndarnefndum var ætlað. Þá er ákvæðinu breytt að tillögu sérfræðinga til samræmis við lög nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og annarra réttarreglna, þar á meðal 66. gr. stjórnarskrárinnar, en hugtakið „húsleit" í því ákvæði hefur verið skýrt svo rúmt að það nái ekki einungis til íbúðarhúsnæðis heldur einnig atvinnuhúsnæðis, farartækja o.s.frv. Einnig er með breyttu orðalagi kveðið skýrar á um að lögreglu beri að sjá til þess að lögunum sé framfylgt. Með því vill nefndin einnig leggja áherslu á að lögreglu beri skylda til að vera vakandi gagnvart illri meðferð á dýrum. Þá er kveðið á um að lögregla sé ávallt viðstödd aðgerðir á grundvelli ákvæðisins, enda samrýmist það hlutverki hennar og lögum um meðferð opinberra mála. Þá er lagt til að réttur eigenda dýra verði betur tryggður en gert var í frumvarpinu og að í 4. mgr. 20. gr. verði kveðið á um að sveitarstjórn beri að tilkynna eiganda eða umsjónarmanni dýra þegar svo stendur á sem í ákvæðinu greinir og að honum verði ekki einungis bent á að hann „geti borið ágreiningsefnið undir dómara" eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Jafnframt er eiganda eða umsjónarmanni dýra gefinn kostur á að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Aðrar breytingar, sem lagðar eru til, eru einungis orðalagsbreytingar sem gera ákvæðið einfaldara og skýrara.
18. Lagt er til að í 21. gr. (er verður 19. gr.) verði einungis kveðið á um reglugerðir þar eð einungis er gert ráð fyrir setningu reglugerða á grundvelli ákvæða frumvarpsins, en ekki reglna.

19. Breytingarnar, sem lagðar eru til á 22. gr. (er verður 20. gr.), eru einungis orðalagsbreytingar sem þarfnast ekki skýringa.
20. Breytingarnar, sem lagðar eru til á 23. gr. (er verður 21. gr.), eru einungis orðalagsbreytingar sem þarfnast ekki skýringa.
21. Lagt er til að kaflafyrirsögn IX. kafla verði breytt, enda virðist hún ekki vísa til meginefnis ákvæðisins. Þá er lagt til að hugtakið stjórnvaldsfyrirmæli verði notað í stað hugtaksins stjórnvaldsreglur bæði í fyrirsögn og í ákvæðinu sjálfu. Er það til samræmis við hugtakanotkun í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og 18. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að gildistímaákvæði í 25. gr. verði flutt í sérstaka grein er verður 24. gr. Einnig er lagt til að gildistími verði tilgreindur þannig að skýrt sé hvenær lögunum sé ætlað að ganga í gildi. Orðalagsbreyting þarfnast ekki skýringar.

Alþingi, 22. febr. 1994.

Kristín Einarsdóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Jón Helgason.
Árni M. Mathiesen.	Hjörleifur Guttormsson.	Petrína Baldursdóttir.
Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.

621. Breytingartillögur [69. mál]

við frv. til l. um dýravernd.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „hryggdýra“ í fyrri málsgrein komi: dýra.
   b. Í stað orðanna „að auki“ í síðari málsgrein komi: jafnframt.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er að fara vel með öll dýr. Óheimilt er að hrekkja dýr eða meiða. Forðast skal að ofbjóða kröftum þeirra og þoli.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Eigendum eða umráðamönnum dýra ber að sjá þeim fyrir viðunandi vistarverum og fullnægjandi fóðri, drykk og umhirðu.
   Tryggja skal dýrum eðlilegt frelsi til hreyfingar samkvæmt viðurkenndri reynslu og þekkingu. Koma skal í veg fyrir hávaða þar sem dýr eru höfð í vörslu.
   Eigendur og umráðamenn dýra skulu fylgjast með heilsu þeirra og gera viðhlítandi ráðstafanir til að koma megi í veg fyrir vanlíðan dýranna. Sérstakt eftirlit skal haft með dýrum sem haldin eru á tæknivæddum stórbúum, sbr. 7. gr. laga nr. 46/1991, um búfjárhald, og sérákvæði í reglugerðum um einstakar búfjártegundir.
4. 4. gr. falli brott.

5. Við 5. gr.
   a. Fyrri málsliður orðist svo: Að vetri til, þegar búfé er haldið til beitar eða látið liggja við opið, skal sjá til þess að á staðnum sé húsaskjól eða annað öruggt og hentugt skjól í öllum veðrum.
   b. Á eftir síðari málslið komi nýr málsliður er orðist svo: Heimilt er sveitarstjórn, að fengnum tillögum dýraverndarráðs eða héraðsdýralæknis, að banna dýrahald á tilteknum stöðum að vetri til séu fyrrgreind skilyrði ekki uppfyllt.
6. Við 6. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Þegar búfé á í hlut skal einnig fara að reglum settum samkvæmt lögum um búfjárhald.
7. Við 7. gr. 1. og 2. málsl. falli brott.
8. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Ökumenn skulu sýna dýrum á vegum fyllstu tillitssemi. Verði dýr fyrir ökutæki ber stjórnanda þess skylda til að ganga úr skugga um hversu alvarlegt slysið er og gera viðhlítandi ráðstafanir, þar á meðal þær sem greindar eru í 10. gr., eftir því sem við á.
9. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Verði maður var við að dýr sé sjúkt, lemstrað eða bjargarlaust að öðru leyti ber honum að veita því umönnun eftir föngum. Gera skal lögreglu eða dýralækni viðvart eins fljótt og unnt er. Náist ekki til þeirra og ætla má að sjúkdómur dýrs eða meiðsl séu banvæn er heimilt að deyða dýrið og tilkynna það síðan til lögreglu.
10. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu eigendur eða umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Lögreglan getur tekið slík dýr í vörslu sína. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað. Hafi dýrsins ekki verið vitjað innan einnar viku skal því ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, það selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað.
   Þegar búfé á í hlut skal fara að lögum um búfjárhald, reglum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og lögum um varnir gegn smitandi búfjársjúkdómum.
11. Við 12. gr. Á eftir orðunum „flutning á dýrum“ í síðari málsgrein komi: að höfðu samráði við yfirdýralækni.
12. Við 13. gr.
   a. Greinin orðist svo:
      Leyfi lögreglustjóra þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf leyfi lögreglustjóra til að setja á stofn dýragarða, halda dýrasýningar og efna til dýrahappdrættis.
      Leyfi umhverfisráðherra þarf til að handsama villt dýr fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra.
      Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal að leyfi megi binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að tryggja góða meðferð dýranna, svo sem aðbúnað þeirra, umhirðu, viðhlítandi vistarverur og eftirlit með starfseminni. Undanþegnar eru sýningar samkvæmt búfjárræktarlögum.
   b. Orðið „Sérstakt“ í fyrirsögn greinarinnar falli brott.

13. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
    Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó minni háttar aðgerðir og lyfjameðferð í samráði við dýralækni.
    Dýralæknum einum er heimilt að gelda dýr með þeim undantekningum sem settar verða í reglugerð.
    Þegar aðgerð á dýrum er sársaukafull skal ávallt nota deyfilyf eða svæfa dýrið.
    Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli sem takmarka aðgerðir á dýrum sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna.
14. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
    Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og eftir því sem unnt er án þess að önnur dýr verði þess vör.
    Dýr skulu ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram. Umhverfisráðherra er, að höfðu samráði við yfirdýralækni, heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að aflífun dýra við slátrun.
15. Við 16. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
    Við dýraveiðar skal að auki fara að fyrirmælum gildandi laga um vernd, friðun og veiðar dýra.
16. Við 17. gr.
    a. 2. mgr. orðist svo:
        Umhverfisráðherra skipar tilraunadýranefnd til fjögurra ára í senn. Einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann hafa lokið háskólanámi og hafa þekkingu og reynslu á sviði dýratilrauna og einn fulltrúi er skipaður af Rannsóknastofnun í siðfræði. Auk þeirra á yfirdýralæknir sæti í nefndinni og er hann formaður hennar.
    b. 4. mgr. orðist svo:
        Tilraunadýranefnd skal tryggja að þeir sem nota dýr í tilraunaskyni hafi hlotið þjálfun og menntun í meðferð tilraunadýra.
17. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
    Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða dýravernd.
    Dýraverndarráð, skipað af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn, hefur með höndum eftirlit með framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti fimm menn. Einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, einn af Dýralæknafélagi Íslands og einn af Sambandi dýraverndarfélaga Íslands. Umhverfisráðherra skipar einn mann í ráðið án tilnefningar og er hann jafnframt formaður. Varamenn skuli skipaðir með sama hætti.
    Ávallt skal leita umsagna dýraverndarráðs við setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla um dýravernd og við leyfisveitingar á grundvelli laga þessara. Þá ber ráðinu að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu og vera honum til ráðuneytis að öðru leyti. Dýraverndarráð skal láta héraðsdýralæknum, lögreglu, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni er varða dýravernd sé þess óskað. Ráðið skal auk þess vinna að því að skilningur og þekking almennings á dýravernd verði aukin.
    Kostnaður við starfsemi dýraverndarráðs greiðist úr ríkissjóði.
18. 19. gr. falli brott.

19. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Lögreglu ber að hafa eftirlit með aðstæðum og aðbúnaði dýra samkvæmt lögum þessum. Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum ber þeim er verða þess varir að tilkynna það lögreglu í viðkomandi umdæmi, héraðsdýralækni eða dýraverndarráði.

Að kröfu héraðsdýralæknis eða fulltrúa dýraverndarráðs er lögreglu skylt að fara í fylgd annars hvors þeirra eða beggja á hvern þann stað innan umdæmis þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði, sbr. þó 4. mgr.

Sé um minni háttar brot að ræða skal lögreglustjóri, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu dýraverndarráðs eða héraðsdýralæknis, leggja fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi eða umsjónarmaður ekki skipast við tilmæli skal lögreglustjóri fyrirskipa úrbætur á hans kostnað eða beita þeim úrræðum sem mælt er fyrir um í 4. mgr.

Leiki grunur á að um sé að ræða alvarlegt brot gegn dýraverndarlögum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, getur lögregla fyrirvaralaust tekið dýr úr vörslu eiganda eða umsjónarmanns. Í þessu skyni er lögreglu rétt að fara inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi dýrunum heilsutjóni. Lögreglu ber að tilkynna lögreglustjóra þessar aðgerðir þegar í stað og skal hann í framhaldi af því, að fenginni tillögu dýraverndarráðs og umsögn héraðsdýralæknis, ákveða hvort dýrin skuli vera áfram í vörslu lögreglu þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr. Á meðan dýrin eru í vörslu lögreglu er sveitarstjórn skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýrin á kostnað eiganda eða umsjónarmanns. Sé sveitarstjórn það af einhverjum ástæðum ókleift og telji nauðsynlegt að láta bjóða dýrin upp, selja þau til lífs eða slátrunar eða láta aflífa þau að öðrum kosti skal eiganda eða umsjónarmanni dýranna þegar tilkynnt um þau áform og honum gefinn kostur á, sé það mögulegt, að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu á kostnaði við geymslu, fóður og umhirðu fyrir dýrin uns dómur fellur, sbr. 6. mgr.

Telji lögreglustjóri nauðsynlegt til að stöðva eða fyrirbyggja illa meðferð á dýrum getur hann fyrirvaralaust og til bráðabirgða svipt eiganda eða umsjónarmann heimild til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr., enda hafi dýraverndarráð eða héraðsdýralæknir gert tillögu um það. Bráðabirgðaleyfissvipting gildir þótt eigandi eða umsjónarmaður flytji dýrin í annað stjórnsýsluumdæmi.

Nú vill eigandi eða umsjónarmaður dýra ekki hlíta þeim aðgerðum eða ákvörðunum, sem fyrir er mælt í 4. og 5. mgr., og getur hann þá borið ágreiningsefnið undir dómara, hvort sem er sérstaklega eða í opinberu máli sem höfðað kann að vera á hendur honum. Slíkt frestar þó ekki aðgerðum eða framkvæmd ákvarðana skv. 4. og 5. mgr.

Lögreglustjórar úrskurða hvort eigandi eða umsjónarmaður dýra skuli bera útgjöld skv. 2. og 4. mgr. og hve há þau skuli vera. Þeir úrskurðir eru aðfararhæfir.

20. Við 21. gr. Orðið „reglum“ í fyrri málslið fyrri málsgreinar falli brott.

21. Við 22. gr.
    a. Í stað orðanna „er unnt að“ í upphafsmálslið komi: má.
    b. Í stað orðsins „Aðili“ í lokamálslið komi: Sá.
    c. Í stað orðanna „ákvæði dóms“ í lokamálslið komi: dómi.
22. Við 23. gr. Síðari málsliður orðist svo: Brjóti barn, yngra en 16 ára, gegn lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna skal þeim refsað fyrir brotið ef sannað er að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir það.
23. Við 25. gr.
    a. Síðari málsliður fyrri málsgreinar orðist svo: Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli um dýravernd, sem sett hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við lög þessi uns ný stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið sett.
    b. Síðari málsgrein falli brott.
24. Á eftir 25. gr. komi ný grein er orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 21/1957, um dýravernd, ásamt síðari breytingum.
25. Fyrirsögn IX. kafla orðist svo: **Gildistaka og stjórnvaldsfyrirmæli.**

622. Skýrsla [415. mál]

um ríkisfjármál árið 1993.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1 Afkoma ríkissjóðs árið 1993 - Helstu niðurstöður

Heildaryfirlit. Nú liggur fyrir uppgjör á afkomu ríkissjóðs á árinu 1993. Ef ekki hefðu komið til sérstakar skuldbindingar í tengslum við kjarasamninga (lækkun skatta, aukin útgjöld) og meira atvinnuleysi en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga, væri útkoman nánast á áætlun fjárlaga.

- Rekstrarhalli ríkissjóðs á árinu 1993 nam 9,6 milljörðum króna, eða 2,5% af landsframleiðslu. Þetta er mun betri útkoma en fyrri áætlanir bentu til. Frávik frá fjárlögum er 3,4 milljarðar króna, en það má að stærstum hluta rekja til skuldbindinga stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga og meira atvinnuleysis en forsendur fjárlaga fólu í sér.
- Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, en það er sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að taka að láni til að fjármagna halla á rekstri og útstreymi á lánareikningum, nam 10,7 milljörðum króna árið 1993. Frávik frá fjárlögum er talsvert minna en fram kemur í tekjum og gjöldum, eða tæplega 1,8 milljarðar, en það má rekja til minna útstreymis á lánareikningum en áætlað var.
- Árið 1993 var lánsfjár ríkissjóðs í fyrsta sinn alfarið aflað á markaði þar sem ekki var lengur heimilt að fjármagna hallarekstur með yfirdrætti í Seðlabanka. Þrátt fyrir þetta fóru vextir innan lands lækkandi og voru í lok ársins lægri en verið hefur um árabil. Þannig lækkaði raunávöxtun spariskírteina úr 7,7% í upphafi árs í 4,9% í árslok og nafnávöxtun ríkisvíxla lækkaði úr 12% í 5,4%. Hér gætti meðal annars áhrifa aðgerða ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum.
- Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1993 námu 112,9 milljörðum króna, eða 1,8 milljörðum króna umfram fjárlög. Frávikið má að mestu rekja til ákvarðana stjórnvalda um ný útgjöld í tengslum við kjarasamningana og aukinna greiðslna atvinnuleysisbóta. Hins vegar hefur tekist að halda öðrum útgjöldum að mestu innan ramma fjárlaganna.
- Útgjöld ríkissjóðs hækka lítillega að raungildi milli áranna 1992 og 1993, eða um 0,6 milljarða króna. Aukningin kemur einkum fram í vaxtagreiðslum og framlögum til fjárfestinga og viðhalds, en þau voru hækkuð sérstaklega til að hamla gegn atvinnuleysi. Þá hækka rekstrarútgjöld nokkuð vegna kjarasamninga. Á móti vegur lækkun annarra framlaga, til dæmis til landbúnaðar.
- Heildartekjur ríkissjóðs árið 1993 námu 103,2 milljörðum króna, en það er nánast sama krónutala og árið 1992. Þessi niðurstaða er hins vegar 1,5 milljörðum króna undir áætlun fjárlaga. Það má einkum rekja til ákvarðana um lækkun skatta til að greiða fyrir gerð kjarasamninga síðastliðið vor, áhrifa aukins atvinnuleysis á tekjuþróun í landinu og minni tekna af sölu eigna en fjárlög gerðu ráð fyrir.
- Heildartekjur ríkissjóðs lækkuðu að raungildi um 1,8 milljarða króna árið 1993, en skatttekjurnar lækka um 1 milljarð króna. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu lækkar úr 25,1% árið 1992 í 24,6% árið 1993, eða um 0,5%.

- Þrátt fyrir langvarandi hallarekstur á ríkissjóði er staðan hér á landi betri en í mörgum nágrannaríkjanna. Þannig er samanlagður halli á rekstri ríkis og sveitarfélaga í Evrópuríkjum OECD talinn hafa numið um 6,3% af landsframleiðslu árið 1993. Á hinum Norðurlöndunum er hallinn að meðaltali 9,2% af landsframleiðslu. Hér á landi er hallinn mun minni, eða um 3%.
- Þrátt fyrir erfið efnahagsskilyrði hefur ýmislegt færst til betri vegar. Verðhækkanir voru litlar á árinu og verðbólga með því lægsta sem gerist í OECD-löndunum. Útlit er fyrir, samkvæmt bráðabirgðatölum, að afgangur verði í viðskiptum við útlönd í fyrsta skipti í sjö ár. Þó atvinnuleysi hafi aukist á árinu var það töluvert minna en spáð var í upphafi árs, og gætir þar ekki síst áhrifa atvinnuskapandi aðgerða ríkisstjórnarinnar.

Afkoma ríkissjóðs 1991 - 1993

Í milljónum króna	1991	1992	Fjárlög 1993	Útkoma 1993
Tekjur	99.953	103.447	104.771	103.220
Gjöld	112.487	110.607	111.015	112.863
Rekstrarafkoma	**-12.534**	**-7.160**	**-6.244**	**-9.643**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-3,3	-1,9	-1,6	-2,5
Lánveitingar, nettó	-2.114	-15	-2.695	-1.055
Hrein lánsfjárþörf	**14.648**	**7.175**	**8.939**	**10.698**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	3,8	1,9	2,3	2,7
Lántökur, nettó	**8.535**	**9.434**	**8.990**	**12.134**
Innlend lántaka - afborganir	3.216	5.494	5.800	8.090
Erlend lántaka - afborganir	6.074	4.716	3.190	4.044
Lán í Seðlabanka - afborganir	-755	-776	-	-
Greiðsluafkoma	**-6.113**	**2.259**	**51**	**1.436**

Skýringar á helstu frávikum. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu frávikum niðurstöðutalna fyrir árið 1993 frá fjárlögum. Nánari umfjöllun er að finna í viðkomandi köflum.

Helstu frávik tekna frá fjárlögum 1993, m.kr.

Áhrif minni launabreytinga	**-1.250**
Ýmsar breytingar á skattalögum	**-1.030**
Horfið frá lækkun endurgreiðslna VSK af vinnu við íbúðarhúsnæði	-400
Lækkun vörugjalds af byggingarvörum og bifreiðum	-300
Tímabundin niðurfelling tryggingagjalds af útflutningsgreinum	-330
Minni tekjur af sölu eigna	**-1.450**
Breytt bókfærsla á ábyrgðargjaldi vegna launa í gjaldþrotum	**375**
Ýmsir þættir (betri innheimta, meiri vaxtatekjur o.fl.)	**1.804**
Heildarfrávik tekna frá fjárlögum	**-1.551**

Helstu frávik gjalda frá fjárlögum, m.kr.

Atvinnuleysi umfram forsendur fjárlaga	**700**
Aukin útgjöld tengd kjarasamningum	**1.120**
Afturvirkar launagreiðslur	300
Úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs	300
Eingreiðslur til lífeyrisþega	300
Niðurgreiðslur á búvörum	220
Aðrar hækkanir útgjalda	**1.095**
Rekstur stofnana, einkum sjúkrahúsa	400
Ábyrgðasjóður launa	315
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	250
Greiðslur vegna landbúnaðar	130
Minni vaxtagreiðslur og stofnkostnaður	**-1.068**
Heildarfrávik gjalda frá fjárlögum	**1.848**

Afkoma A-hluta ríkissjóðs



2 Framvinda efnahagsmála árið 1993

Í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 1993 var gert ráð fyrir minni efnahagssamdrætti en verið hafði árið 1992 þegar samdráttur í landsframleiðslu náði hámarki. Við samþykkt fjárlaga hafði efnahagsútlitið heldur versnað og var spáð 1½% samdrætti í landsframleiðslu. Þegar líða tók á árið var ljóst að viðskiptajöfnuður yrði mun hagstæðari en ætlað hafði verið og því útlit fyrir að landsframleiðsla myndi aukast um 1-1½% frá fyrra ári. Bæði hefur útflutningur verið meiri en spáð var og innflutningur minni. Nýjustu upplýsingar benda reyndar til meiri hagvaxtar. Auk þess benda bráðabirgðatölur til þess að afgangur hafi orðið á viðskiptajöfnuði á árinu 1993, í fyrsta sinn síðan 1986. Meiri samdráttur er hins vegar í þjóðarútgjöldum en spáð var og liggur munurinn í meiri samdrætti í fjárfestingu en búist var við, einkum innflutningi skipa og flugvéla. Hins vegar jukust fjárfestingar opinberra aðila verulega, meðal annars vegna aukinna vegaframkvæmda. Eftir tvær gengisfellingar, fyrst í nóvember árið 1992 og síðan í júní á síðasta ári, hefur samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja batnað til muna og er raungengi íslensku krónunnar nú lægra en það hefur verið í áratugi.

Þjóðhagsyfirlit

Raunbreytingar milli ára, %	1992	Fjárlög 1993	Bráðab.[1] 1993
Einkaneysla	-4,7	-4,1	-3,5
Samneysla	-0,4	1,7	2,0
Fjárfesting	-13,3	-6,0	-11,1
Þjóðarútgjöld	-5,7	-3,2	-3,7
Útflutningur vöru og þjónustu	-1,8	0,2	3,7
Innflutningur vöru og þjónustu	-7,9	-5,9	-10,2
Verg landsframleiðsla	-3,7	-1,4	1,5
Vergar þjóðartekjur	-4,5	-2,4	-0,8

[1] Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar frá því í desember 1993.

Samanburður við önnur lönd. Heimsbúskapurinn hefur verið í nokkurri lægð undanfarin ár. Þrátt fyrir að afturkippurinn hafi ekki verið mikill miðað við fyrri reynslu er hann mun langvinnari en áður. Þótt heldur hafi rétt úr kútnum upp á síðkastið hefur batinn verið hægari en efnahagsspár gerðu ráð fyrir. Talið er að hagvöxtur í OECD-ríkjunum hafi numið 1,1% á síðasta ári, samanborið við 1,7% árið 1992 og 0,8% árið 1991. Atvinnuleysi hefur haldið áfram að aukast þrátt fyrir að hagvöxtur hafi aðeins tekið við sér. Á hinn bóginn hefur dregið verulega úr verðbólgu víðast hvar og vextir farið lækkandi.

Efnahagsþróunin á síðasta ári bar nokkurn keim þess misvægis sem verður þegar hagvöxtur fer vaxandi í sumum ríkjum en samdráttar gætir hjá öðrum. Þannig hefur hagvöxtur glæðst í Bandaríkjunum, en samdráttar gætir enn í flestum Evrópuríkjum og í Japan. Þetta misvægi veldur breytingu á samkeppnisstöðu og viðskiptajöfnuði milli

landanna. Afleiðing þess var mikið umrót á gjaldeyrismörkuðum Evrópu á síðasta ári og komu brestir í gengissamstarf EB-ríkjanna. Í kjölfarið var slakað á fastgengisstefnunni og upp úr því tóku vextir að lækka, bæði í Þýskalandi og öðrum aðildarríkjum. Vaxtalækkunin er talin ein helsta forsenda aukins hagvaxtar eins og reynslan í Bandaríkjunum sýnir og er því heldur bjartara efnahagsútlit í Evrópu en verið hefur.

Á undanförnum árum hefur atvinnuleysi aukist hratt í OECD-ríkjunum samfara minnkandi hagvexti. Árið 1990 nam atvinnuleysi 6,4%, en var komið í 8,2% á árinu 1993 sem er með því hæsta sem mælst hefur í OECD-ríkjunum. Reyndar er atvinnuleysi mun hærra í ríkjum Evrópubandalagsins, en þar hefur hlutfallið hækkað úr 8,7% árið 1990 í 11,3% árið 1993. Þrátt fyrir spár um aukinn hagvöxt á næstu árum er ekki gert ráð fyrir að dragi úr atvinnuleysi í bráð. Á hinn bóginn hefur verðlag í OECD-ríkjunum haldist mjög stöðugt að undanförnu. Þannig nam verðbólga 3,7% að meðaltali í OECD-ríkjunum á árinu 1993 og í mörgum löndum mældist hún hin lægsta í næstum þrjá áratugi.

Helstu hagstærðir nokkurra ríkja

Hlutfallstölur	Verðbólga 1993	Verðbólga 1994	Atvinnuleysi 1993	Atvinnuleysi 1994	Hagvöxtur 1993	Hagvöxtur 1994
Ísland	**4,1**	**2,0**	**4,3**	**5,0**	**1,0**	**-2,0**
Danmörk	1,4	3,0	12,1	11,4	0,2	2,9
Finnland	2,3	2,3	17,7	19,0	-2,5	1,0
Noregur	2,5	1,8	6,1	5,9	1,3	3,0
Svíþjóð	4,7	2,5	8,2	8,0	-2,0	2,4
Norðurlönd alls	**3,1**	**2,4**	**10,7**	**10,7**	**-1,0**	**2,3**
Bretland	3,5	3,4	10,3	10,0	2,0	2,9
Frakkland	2,3	1,9	11,7	12,4	-0,9	1,1
Ítalía	4,5	4,1	10,2	11,1	-0,1	1,7
Þýskaland	4,1	3,2	8,9	10,1	-1,5	0,8
Evrópubandalagið allt	**3,8**	**3,3**	**11,3**	**12,0**	**-0,3**	**1,4**
Bandaríkin	2,7	2,7	6,9	6,5	2,8	3,1
Japan	0,9	0,3	2,5	2,9	-0,5	0,5
Kanada	1,7	1,9	11,2	11,0	2,5	3,7
OECD-ríki alls	**3,7**	**3,5**	**8,2**	**8,5**	**1,1**	**2,1**

Efnahagsaðgerðir. Í kjölfar efnahagssamdráttar hefur atvinnuleysi farið vaxandi hér á landi. Til að sporna gegn því hefur ríkisstjórnin tvívegis gripið til sérstakra efnahagsráðstafana, fyrst í nóvember 1992 og aftur um mitt ár 1993. Aðgerðirnar hafa einkum miðað að því að styrkja stöðu atvinnulífs í landinu. Í fjárlögum 1993 voru framlög til vegamála og viðhaldsverkefna stóraukin og dregið var úr skattlagningu fyrirtækja. Í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1993 voru framlög til fjárfestinga- og viðhaldsverkefna aukin enn frekar og skattar lækkaðir af útflutningsgreinum. Í júní var ákveðið að lækka gengi íslensku krónunnar til að bregðast við áhrifum af skerðingu aflakvóta á þessu ári og koma í veg fyrir vaxandi viðskiptahalla, aukna skuldasöfnun og stórfelldan hallarekstur í sjávarútvegi. Í lok október síðastliðinn greip ríkisstjórnin síðan til víðtækra aðgerða til að lækka raunvexti. Þyngst vó sú ákvörðun fjármálaráðherra að lánsfjár yrði aflað erlendis ef vextir í útboðum innan lands væru ekki samkeppnishæfir erlendum vöxtum. Þá lækkaði Seðlabankinn vexti sína, svo og bindiskyldu og lausafjárhlutfall auk þess að rýmka reglur um laust fé. Ennfremur hefur aðgangur banka og sparisjóða að

fyrirgreiðslu í Seðlabankanum verið rýmkaður á árinu. Frá því í september hafa verið í gildi vaxtaskiptasamningar milli Seðlabanka annars vegar og banka og sparisjóða hins vegar til þess að minnka rekstraráhættu þeirra síðarnefndu.

Hagvöxtur
Breyting frá fyrra ári



Vinnumarkaður. Á tímabilinu 1970 og fram til 1988 var skráð atvinnuleysi hér á landi að jafnaði undir 1%. Upp úr 1988 fór atvinnuleysi smám saman vaxandi og mældist á árunum 1989-1991 á bilinu 1½-2%. Á árinu 1992 nam atvinnuleysi að meðaltali 3% en var í lok ársins komið yfir 4%. Skráð atvinnuleysi jókst enn á síðasta ári og nam að meðaltali 4,3%. Þetta er talsvert minna atvinnuleysi en spáð var snemma árs og gætir hér meðal annars áhrifa sérstakra aðgerða stjórnvalda í atvinnumálum. Þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi aukist mjög á undanförnum árum er það mun minna hér á landi en í nágrannalöndunum.

Aukningin í atvinnuleysi er meiri meðal kvenna en karla, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Þar fjölgaði konum á atvinnuleysisskrá um nálægt 80% milli áranna 1992 og 1993 á meðan körlum á atvinnuleysisskrá á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um rúmlega 50%. Atvinnuleysi meðal kvenna nam 5,4% að meðaltali árið 1993 á meðan atvinnuleysi meðal karla nam 3,6% að meðaltali á sama tíma.

Atvinnuleysi



Laun og kaupmáttur. Í maí 1993 voru undirritaðir kjarasamningar á almenna vinnumarkaðnum sem gilda til loka árs 1994. Í þeim felast engar launahækkanir á samningstímanum, en hinir lægst launuðu fá greiddar sérstakar launabætur. Líkt og í fyrri kjarasamningum greiddu stjórnvöld fyrir gerð samninganna með margvíslegum hætti. Þyngst vega veigamiklar skattalækkanir á einstaklingum og fyrirtækjum og aukin fjárframlög til framkvæmda.

Upplýsingar úr staðgreiðslukerfi ríkisskattstjóra benda til þess að heildarlaunagreiðslur til launþega hafi hækkað um tæplega 1% milli áranna 1992 og 1993. Til samanburðar hækkaði launavísitala um 1½% á þessum tíma og kauptaxtar hækkuðu um 0,6%. Samkvæmt þessum upplýsingum hefur kaupmáttur atvinnutekna minnkað um 2½-3% milli ára. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur dregist heldur meira saman, eða um nálægt 4%.

Verðlagsmál. Með gerð þjóðarsáttarsamninganna, sem fyrst voru gerðir árið 1990, náðist víðtæk samstaða um að ná verðbólgunni niður. Frá þeim tíma hefur verðbólgan lækkað ört, úr 20% árið 1989, í 15% 1990, 7% árið 1991 og tæplega 4% árið 1992. Þrátt fyrir tvær gengisfellingar, í nóvember árið 1992 og í júní í fyrra, hefur verðbólgan ekki farið úr böndunum og var verðbólgan árið 1993 svipuð og árið áður eða um 4%. Ísland er því komið í hóp þeirra OECD-ríkja sem hafa lægsta verðbólgu og eru það mikil umskipti frá fyrri tíð. Auk áhrifa kjarasamninga og aðgerða stjórnvalda hefur aukin samkeppni innan lands, skipulagsbreytingar í atvinnulífinu og aukið frjálsræði í viðskiptum átt sinn þátt í þessari þróun.

Verðbólga
Tólf mánaða breytingar



Atvinnuvegir. Heildarvelta atvinnuvega dróst saman um 3-4% að raungildi fyrstu tíu mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra um virðisaukaskatt. Velta í iðnaði hefur dregist saman um 8½% að raungildi á meðan velta í byggingarstarfsemi hefur dregist saman um 5½%. Þá benda þessar upplýsingar til þess að samdráttur í smásöluverslun sé 6-7%. Á móti kemur að velta í þjónustugreinum hefur aukist nokkuð.

Á síðustu árum hefur fiskafli, sérstaklega þorskafli, dregist saman vegna skerðingar á veiðiheimildum. Þessum samdrætti hefur meðal annars verið mætt með veiðum utan íslenskrar lögsögu. Á síðasta ári leituðu íslensk fiskiskip mikið út fyrir landhelgina þannig að þrátt fyrir rúmlega 20% niðurskurð á kvóta nam samdráttur í þorskafla einungis tæpum 4% í tonnum talið. Að auki jukust loðnuveiðar til muna á síðasta ári, eða sem nam rúmlega 20% í tonnum talið. Verðmæti heildarafla jókst um rúmlega 2% frá fyrra ári samkvæmt bráðabirgðatölum. Útflutningsverðmæti jókst enn meira, eða um 6½%.

Framtíðarhorfur á alþjóðamörkuðum fyrir ál og kísiljárn eru nú betri en áður þar sem verð fer hækkandi jafnframt því að framboð frá Austur-Evrópu fer minnkandi. Á síðasta ári jókst verðmæti útflutnings á afurðum álframleiðslu um 2½% samkvæmt bráðabirgðatölum. Verðmæti útfluttrar kísiljárnframleiðslu jókst um 50% frá árinu 1992, jafnt vegna verðhækkunar og aukinnar framleiðslu.

Utanríkisviðskipti. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur um viðskiptajöfnuð á árinu 1993. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar frá í desember var talið að hallinn á viðskiptum við útlönd gæti orðið um 3 milljarðar króna, sem jafngildir 0,8% af landsframleiðslu. Samkvæmt bráðabirgðatölum verður viðskiptajöfnuður hins vegar í jafnvægi, jafnvel í lítils háttar afgangi í fyrsta sinn síðan 1986. Vöruútflutningur jókst um 5% á

árinu á meðan innflutningur dróst saman um 13%. Vöruskiptajöfnuður varð þannig jákvæður um 12 milljarða króna á síðasta ári. Þyngst vegur að innflutningur á skipum og flugvélum dróst saman um 70% miðað við árið 1992. Þá minnkaði innflutningur á öðrum fjárfestingarvörum um 15%. Innflutningur neysluvara dróst saman um ríflega 10%. Munar þar mestu um heimilistæki og bíla, en innflutningur þeirra dróst saman um 16-17%. Verðmæti olíuinnflutnings dróst mun minna saman, eða um tæplega 4%, og munar þar mestu um lækkandi olíuverð á alþjóðamarkaði.

Viðskiptajöfnuður



Peningamarkaðurinn. Áætlað er að nýr peningalegur sparnaður á árinu 1993 hafi verið svipaður og á árinu 1992, eða rúmir 27 milljarðar króna. Meginhluti sparnaðarins, eða um 20 milljarðar, var í lífeyriskerfinu, en sparnaður heimila og fyrirtækja nam aðeins um 7 milljörðum króna. Á árunum 1992 og 1993 er áætlað að nýr sparnaður hafi numið rúmum 7% af landsframleiðslu hvort ár, samanborið við tæplega 10% á árunum 1990 og 1991. Ástæðan er mikill samdráttur í sparnaði heimila og fyrirtækja, en hann var 20,5 milljarðar króna árið 1991.

Útlán bankakerfisins jukust um 20 milljarða króna árið 1993. Það samsvarar 5,4% raunaukningu, mun meira en á árinu 1992, þegar útlán jukust aðeins um 7 milljarða króna eða um 2% að raungildi. Þessa breytingu má að verulegu leyti rekja til breyttra viðskiptahátta milli ríkissjóðs og Seðlabanka og aðgerða stjórnvalda til vaxtalækkunar í lok október sem áður var minnst á. Árið 1992 var gerður samningur milli Seðlabanka og fjármálaráðuneytis um að takmarka yfirdráttarheimildir ríkissjóðs við 3 milljarða króna árið 1993 og fella heimildirnar alveg úr gildi árið 1994. Skuld ríkissjóðs við bankakerfið lækkaði þannig umtalsvert á árinu 1992 vegna takmörkunar á yfirdrætti ríkissjóðs við Seðlabankann og uppgjöri á skuld hans við bankann frá árinu 1991. Á árinu 1993 hafa útlán bankakerfisins til ríkissjóðs hins vegar aukist talsvert. Það stafar m.a. af því að

Seðlabankinn keypti talsvert af spariskírteinum ríkissjóðs, en þau kaup eru að miklu leyti til komin vegna vaxtalækkunaraðgerða ríkisstjórnarinnar. Þannig átti Seðlabankinn spariskírteini að verðmæti 8,7 milljarða króna í árslok 1993 samanborið við 2,8 milljarða króna í árslok 1992. Einnig hafa innlánsstofnanir keypt skuldabréf ríkissjóðs í auknum mæli og í árslok 1993 hafði spariskírteinaeign þeirra aukist um rúmlega 2 milljarða króna frá fyrra ári. Skuldir fyrirtækja og heimila jukust hins vegar mun minna árið 1993 en 1992. Þannig lækkuðu útlán til fyrirtækja að raungildi um 0,5% árið 1993 samanborið við rúmlega 4% raunaukningu 1992. Skuldir heimila jukust um 4% að raungildi 1993 sem er ríflega helmingi minna en á árunum þar á undan. Heildarinnlán jukust um tæp 3% árið 1993 sem er heldur meiri aukning en árið 1992.

Vaxtaþróun. Raunvextir hafa almennt verið háir hér á landi á síðustu árum. Meginástæður fyrir háu vaxtastigi hér á landi eru mikil lánsfjárþörf opinberra aðila, erfið afkoma og útlánatöp bankanna, fákeppni og ýmsir annmarkar í skipulagi fjármagnsmarkaðar. Á síðasta hausti greip ríkisstjórnin til sérstakra aðgerða til að lækka vexti eins og áður hefur verið minnst á. Áhrif aðgerðanna á vaxtaþróun hafa verið veruleg eins nánar er lýst hér á eftir.

Þróun á skammtímaútlánsvöxtum innlánsstofnana var með nokkuð sérstökum hætti á árinu 1993. Fyrri hluta ársins voru meðalraunvextir á almennum skuldabréfum og víxlum mun lægri en á verðtryggðum útlánum en á seinni hluta ársins snerist þetta við. Þessi umskipti stafa af því að á miðju ári voru nafnvextir á skammtímaútlánum hækkaðir mjög mikið í kjölfar gengisfellingarinnar í júnílok og þeirrar skammvinnu verðlagsuppsveiflu sem henni fylgdi. Nafnvextirnir lækkuðu hins vegar ekki jafnhratt og þeir höfðu hækkað þegar verðhækkunaráhrifin liðu hjá, en héldust háir alveg fram yfir áramót þrátt fyrir að verðbólga væri nánast engin síðustu mánuði ársins. Þannig var raunávöxtun á skammtímaútlánum um 13% á síðasta ársfjórðungi 1993, eða um helmingi meiri en á fyrsta ársfjórðungi. Meðalvextir á verðtryggðum útlánum voru um 9,5% allt fram í október, en höfðu lækkað í 7,5% í árslok.

Það er mjög athyglisvert að bera saman ávöxtun ríkisverðbréfa og útlánsvexti innlánsstofnana á árinu, sérstaklega til skamms tíma. Ávöxtun ríkisvíxla lækkaði stöðugt allt árið, úr 12% í upphafi árs í um 5,5% í lok ársins. Ávöxtun almennra víxillána innlánsstofnana hækkaði hins vegar mjög í júlí og lækkaði ekki að ráði fyrr en við aðgerðir ríkisstjórnarinnar í lok október. Þannig var ávöxtun almennra víxillána innlánsstofnana um 3,5% hærri en á ríkisvíxlum við upphaf árs, um 10% hærri í ágúst og um 7,5% hærri í árslok. Ávöxtun spariskírteina og vísitölubundinna útlána þróaðist hins vegar með líkari hætti og höfðu aðgerðir stjórnvalda í lok október í för með sér rúmlega 2% lækkun á bæði vísitölubundnum útlánum og spariskírteinum.

Raunvextir á ríkisvíxlum voru svipaðir hér á landi á síðasta ári og í helstu nágrannalöndum okkar, t.d. Norðurlöndunum. Þeir voru hins vegar talsvert hærri en í Bandaríkjunum, Japan, Þýskalandi og Bretlandi. Raunávöxtun spariskírteina var talsvert hærri hér á landi í upphafi árs en í nágrannalöndum okkar, um 2% hærri en á Norðurlöndunum og ríflega 3% hærri en í Bandaríkjunum, Japan og Þýskalandi. Í kjölfar vaxtalækkunarinnar í október minnkaði þessi munur og í árslok var ávöxtun spariskírteina um 1-1,5% hærri en í nágrannalöndum okkar. Þannig eru raunvextir hér á landi að nálgast það sem þeir eru í okkar helstu viðskiptalöndum.

Erlendar skuldir. Á árinu 1993 urðu nokkur þáttaskil í þróun erlendra skulda hér á landi. Í fyrsta sinn síðan 1970 lækkuðu erlendar langtímaskuldir að raungildi og nam lækkunin um 6-7 milljörðum króna. Þetta eru mikil umskipti frá fyrri árum. Meginástæðan fyrir þessari þróun er að halli á viðskiptum við útlönd hefur verið að minnka undanfarin ár og skila þau jafnvel afgangi 1993. Auk þess hefur dregið úr erlendri lántöku opinberra aðila. Á árinu 1994 er útlit fyrir að raunvirði erlendra skulda muni lækka enn frekar.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins



Erlend skuldasöfnun hefur verið mjög mikil á síðustu áratugum. Í kjölfar þess efnahagssamdráttar sem verið hefur á undanförnum árum og þráláts viðskiptahalla hafa erlendar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu aukist verulega. Erlendar skuldir, nettó, jukust úr 20% af landsframleiðslu árið 1970 í 27% af landsframleiðslu árið 1981. Síðan hafa þær aukist mjög hratt og áætlað er að hrein erlend skuldastaða hafi numið um 57% af landsframleiðslu á árinu 1993. Greiðslubyrði vaxta og afborgana erlendra lána hefur því stóraukist þrátt fyrir hagstæð erlend vaxtakjör á síðustu árum. Árið 1970 fóru um 10% útflutningstekna þjóðarinnar til greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum. Árið 1981 var þetta hlutfall komið í um 16% en á síðustu árum hefur þetta hlutfall hækkað mjög og er áætlað að það hafi numið 28% af útflutningstekjum á árinu 1993. Að hluta til stafar þessi aukning af samdrætti í útflutningstekjum.

3 Tekjur ríkissjóðs

Heildartekjur ríkissjóðs árið 1993 voru 103,2 milljarðar króna, eða 1,5 milljörðum undir áætlun fjárlaga. Frávikið stafar meðal annars af áhrifum aukins atvinnuleysis á tekjumyndun sem birtist í minni tekjum af staðgreiðsluskatti og ýmsum veltusköttum, einkum innflutningsgjöldum. Einnig voru samþykktar ýmsar breytingar á skattalögum á árinu, meðal annars í tengslum við kjarasamninga sem lækkuðu tekjurnar. Má þar nefna tímabundna endurgreiðslu tryggingagjalds af útflutningsgreinum, lækkun vörugjalda á byggingavörum og bílum, auk þess sem hætt var við lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði. Þá var minna selt af ríkiseignum en áformað var. Í því sambandi þarf að hafa í huga að tekjur af sölu SR-mjöls hf. hafa ekki áhrif á greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrr en á yfirstandandi ári. Á móti þessum neikvæðu áhrifum kemur betri innheimta á ýmsum gjaldstofnum, jafnframt því að vaxtatekjur urðu meiri.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Tekju- og eignarskattar	**20.348**	**20.193**	**20.311**	**118**	**-0,2**
Einstaklingar	15.467	15.844	15.239	-605	-1,5
Fyrirtæki	4.881	4.349	5.072	723	3,9
Óbeinir skattar	**75.422**	**76.698**	**75.851**	**-847**	**0,6**
Innflutnings- og vörugjöld	8.195	8.656	7.695	-961	-6,1
Virðisaukaskattur	39.944	40.950	40.497	-453	1,4
Hagnaður ÁTVR	6.435	6.350	6.150	-200	-4,4
Launa- og tryggingagjöld	9.568	9.450	9.962	512	4,1
Bifreiðagjöld	7.027	7.375	7.512	137	6,9
Aðrir skattar	4.253	3.917	4.035	118	-5,1
Aðrar tekjur	**7.677**	**7.880**	**7.058**	**-822**	**-8,1**
Vaxtagreiðslur	4.203	4.000	4.420	420	5,2
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	3.474	3.880	2.638	-1.242	-24,1
Heildartekjur ríkissjóðs	**103.447**	**104.771**	**103.220**	**-1.551**	**-0,2**
Skatttekjur ríkissjóðs	95.770	96.891	96.162	-729	0,4
Skatttekjur ríkissjóðs sem % af VLF	25,1	25,0	24,6	-0,4	-0,5
Heildartekjur ríkissjóðs sem % af VLF	27,1	27,0	26,4	-0,6	-0,7

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan lækka innheimtar tekjur ríkissjóðs í krónum talið milli ára. Skatttekjur hækka þó lítillega, eða um tæpt ½%. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 3-4% og verðlag landsframleiðslu um 1½%. Skatttekjurnar drógust því saman að raungildi á síðasta ári. Jafnframt lækkaði hlutfall skatttekna af landsframleiðslu um 0,5% milli áranna 1992 og 1993.

Tekjur ríkissjóðs



Hér á eftir er fjallað nánar um helstu frávik frá niðurstöðutölum fyrra árs og áætlun fjárlaga 1993.

Tekju- og eignarskattar einstaklinga. Í lok árs 1993 voru samþykktar víðtækar breytingar á tekjuskatti einstaklinga. Þessar breytingar voru mikilvægur þáttur í sérstökum tekjuöflunaraðgerðum stjórnvalda til að bæta sveitarfélögunum upp tekjutap af niðurfellingu aðstöðugjalds. Af einstökum breytingum má nefna hækkun skatthlutfallsins um 1,5%, tímabundinn 5% skatt á tekjur yfir tilteknum mörkum, lækkun persónuafsláttar, hækkun á viðmiðunarmörkum reiknaðra launa o.fl. Tekjuáhrif þessara aðgerða voru metin um 4 milljarðar króna og var sveitarfélögunum áætluð samsvarandi fjárhæð með aukinni hlutdeild í tekjuskatti einstaklinga í stað aðstöðugjaldsins.

Tekju- og eignarskattar einstaklinga

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Tekjuskattur	13.210	13.450	12.835	-615	-2,8
Eignarskattar	1.574	1.639	1.701	62	8,1
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	406	425	412	-13	1,5
Erfðafjárskattur	277	330	291	-39	5,1
Samtals	**15.467**	**15.844**	**15.239**	**-605**	**-1,5**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**15,0**	**15,1**	**14,8**	**-0,3**	**-0,2**

Meira atvinnuleysi en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga setti hins vegar strik í þennan reikning. Spáð hafði verið að atvinnutekjur á mann ykjust um 1% á milli ára, en allt bendir til þess að þær hafi dregist saman um ½%. Þetta er meginskýring þess að staðgreiðsla tekjuskatts var tæplega 1 milljarði króna undir áætlun fjárlaga. Á móti vegur að innheimta á eftirstöðvum fyrri ára varð mun betri en reiknað hafði verið með.

Í töflu hér á eftir er birt nánari sundurliðun á staðgreiðslu tekjuskatts. Athygli vekur að hlutur ríkisins í staðgreiðslu að frádregnum bótaliðum hefur lækkað um liðlega 9% milli áranna 1992 og 1993, eða um 1.200 m.kr. Á fjárlögum var gert ráð fyrir að þær héldust nær óbreyttar. Heildarinnheimta tekjuskatts dregst minna saman, eða um tæplega 3% í krónum talið á síðasta ári vegna betri innheimtu og fyrirframgreiðslu á hátekjuskatti.

Tekjuskattur einstaklinga

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Staðgreiðsla án frádráttar	**82.000**	**86.350**	**84.950**	**-1.400**	**3,6**
Persónuafsláttur	-44.865	-44.870	-44.447	423	-0.9
Sjómannaafsláttur	-1.330	-1.350	-1.350	-	1.5
Staðgreiðsla, nettó	**35.805**	**40.130**	**39.153**	**-977**	**9,4**
Útsvar sveitarfélaga	-14.505	-14.685	-14.604	81	0.7
Aukin hlutdeild sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds	-	-4.000	-4.031	-31	.
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-1.263	-1.285	-1.301	-16	3.0
Barnabætur	-4.398	-4.500	-4.458	42	1.4
Vaxtabætur, húsnæðisbætur	-2.904	-3.050	-3.194	-144	10.0
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu	**12.735**	**12.610**	**11.565**	**-1.045**	**-9,2**
Fyrirframgreiðsla á hátekjuskatti	-	300	265	-35	.
Innheimta á eftirstöðvum fyrri ára	475	540	1.005	465	.
Tekjuskattur einstaklinga alls	**13.210**	**13.450**	**12.835**	**-615**	**-2,8**

Tekjur af eignarsköttum einstaklinga námu um 1,7 milljörðum króna í fyrra, en innheimtan varð heldur betri en reiknað hafði verið með. Munar þar um 60 m.kr. Erfðafjárskattur skilaði hins vegar talsvert minni tekjum en áætlað hafði verið, eða tæpum 290 m.kr. samanborið við 330 m.kr. í áætlun fjárlaga.

Tekju- og eignarskattar fyrirtækja. Tekjuskattur fyrirtækja skilaði ríkissjóði nánast sömu tekjum að krónutölu árin 1992 og 1993. Í fjárlögum hafði hins vegar verið gert ráð fyrir tæplega 500 m.kr. samdrætti milli ára, bæði vegna versnandi árferðis og lækkunar skatthlutfallsins úr 45% í 39%. Frávikið frá áætlun fjárlaga er tvíþætt. Annars vegar virðist afkoma fyrirtækja hafa orðið heldur skárri á árinu 1992 en búist hafði verið við. Þannig lækkaði álagning tekjuskatts aðeins um 265 m.kr. milli ára samanborið við liðlega 600 m.kr. í áætlun fjárlaga. Hins vegar hefur innheimtan skilað betri árangri en reiknað hafði verið með.

Sömu þróunar gætir í innheimtu eignarskatta sem varð mun betri en gert hafði verið ráð fyrir. Þannig jókst innheimtan um tæplega 11% milli áranna 1992 og 1993 þó að álagning þeirra hafi í reynd haldist óbreytt í krónum talið.

Tekju- og eignarskattar lögaðila

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Tekjuskattur	3.255	2.800	3.268	468	0,4
Eignarskattar	1.626	1.549	1.804	255	10,9
Samtals	**4.881**	**4.349**	**5.072**	**723**	**3,9**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	4,7	4,2	4,9	0,7	0,2

Innflutnings- og vörugjöld. Verulegar breytingar urðu á innflutnings- og vörugjöldum á síðasta ári sem gerir samanburð milli einstakra tekjustofna ómarktækan. Í forsendum fjárlaga hafði verið gert ráð fyrir víðtækum tilflutningi frá tollum yfir í vörugjöld samhliða væntanlegri gildistöku samnings um evrópska efnahagssvæðið í byrjun árs 1993. Af því varð hins vegar ekki, en eigi að síður tók hluti af fyrirhuguðum breytingum gildi um mitt ár 1993. Til dæmis voru lögð vörugjöld á bifreiðar og bensín í stað tolla.

Þegar á heildina er litið drógust tekjur af innflutnings- og vörugjöldum saman um nær fimmtung að raungildi milli áranna 1992 og 1993, en í fjárlögum hafði verið reiknað með 7% samdrætti. Þannig nam heildarinnheimta þessara tekjustofna 7,7 milljörðum króna í fyrra samanborið við 8,2 milljarða á árinu 1992. Lækkun milli ára var því liðlega 6% í krónum talið á sama tíma og innflutningsverð hækkaði um allt að 12%.

Innflutnings- og vörugjöld

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Tollar	3.428	1.265	2.642	.	.
Vörugjald af bifreiðum	1.484	2.260	1.565	.	.
Jöfnunargjald	506	-	-	.	.
Vörugjald af bensíni	-	1.730	824	.	.
Vörugjald, almennt	2.453	2.985	2.218	.	.
Önnur innflutningsgjöld	324	416	446	.	.
Samtals	**8.195**	**8.656**	**7.695**	**-961**	**-6,1**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	7,9	8,3	7,4	-0,9	-0,5

Þetta frávik á sér þrjár meginskýringar. Í fyrsta lagi dróst almennur vöruinnflutningur meira saman en miðað hafði verið við í forsendum fjárlaga. Þetta á einkum við um bifreiðar og aðrar varanlegar neysluvörur sem skila ríkissjóði jafnan drjúgum tekjum. Sem dæmi voru fluttir inn tæplega 1.000 færri bílar en áætlað hafði verið og innflutningur heimilistækja dróst saman um nær 20% á föstu verði. Í öðru lagi urðu tekjur af bensíni verulega minni en búist hafði verið við vegna lægra verðs á heimsmarkaði. Í þriðja lagi voru samþykktar ýmsar breytingar á sköttum, meðal annars niðurfelling vörugjalds á ýmsum byggingavörum og lækkun vörugjalds á bifreiðum, sem skertu tekjurnar enn frekar. Þegar allt er lagt saman nemur frávik frá fjárlögum tæplega 1 milljarði króna.

Virðisaukaskattur. Á árinu 1993 skilaði virðisaukaskattur, langstærsti tekjustofn ríkissjóðs, samtals 40,5 milljörðum króna sem er tæplega 500 m.kr. undir áætlun fjárlaga. Þetta frávik skýrist að meginhluta af því að fallið var frá lækkun endurgreiðslu VSK af vinnu við íbúðarhúsnæði sem spara átti ríkissjóði 400 m.kr. Áætlanir ráðuneytisins um áhrif breikkunar skattstofnsins vegna 14% VSK á húshitun, bækur, blöð, tímarit og afnotagjöld sjónvarps og útvarps virðast hafa staðist og álagningin jafnvel skilað heldur meiri tekjum en búist var við, eða 900 m.kr. í stað 750 m.kr. Spár um almennar veltubreytingar hafa einnig að mestu gengið eftir.

Til fróðleiks er ýmsum endurgreiðslum VSK fyrir árin 1992 og 1993 stillt upp í meðfylgjandi töflu, en þær gefa oft betri vísbendingar um umsvif í ákveðnum atvinnugreinum en tölur um heildarveltu. Eins og fram kemur urðu þær talsvert hærri á síðasta ári en reiknað hafði verið með í fjárlögum. Sem fyrr segir munar mestu um það að horfið var frá áformum um lækkun endurgreiðslu VSK vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði úr 100% í 60%. Endurgreiðslur vegna hráefnakaupa fiskvinnslu urðu verulega meiri árið 1993 en áætlað hafði verið, en reiknað hafði verið með samdrætti í afla. Bráðabirgðatölur um aflaverðmæti sýna aftur á móti nær 2% aukningu sem endurspeglast í auknum endurgreiðslum VSK milli ára. Þá virðist lækkun endurgreiðslu af vinnu við íbúðarhúsnæði milli 1992 og 1993 vera í takt við spár um samdrátt í byggingariðnaði. Rétt er að hafa í huga að þessar endurgreiðslur eiga að skila sér síðar í formi útskatts þó einhver tilfærsla kunni að verða milli tímabila.

Dæmi um endurgreiðslur virðisaukaskatts

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.
Hráefnakaup fiskvinnslu	5.664	5.150	5.798
Vinna við nýbyggingu og viðhald íbúðarhúsnæðis	1.186	800	1.092
Endurgreiðslur til sveitarfélaga og ríkisstofnana	934	900	870
Lægra skatthlutfall matvæla	628	650	624
Endurgreiðslur VSK af húshitun	.	90	97
Samtals	**8.412**	**7.590**	**8.481**

Tekjur af áfengi og tóbaki. Sala á áfengi og tóbaki hefur ekki farið varhluta af þeim efnahagssamdrætti sem ríkt hefur að undanförnu. Samkvæmt fjárlögum ársins 1993 voru áætluð skil ÁTVR í ríkissjóð 6,4 milljarðar króna. Niðurstaðan varð hins vegar 6,2 milljarðar króna, eða 200 m.kr. lægri fjárhæð en reiknað hafði verið með. Á árinu 1992 var samsvarandi fjárhæð liðlega 6,4 milljarðar króna og svipuð fjárhæð 1991. Þetta felur í sér rúmlega 12% raunsamdrátt á mælikvarða framfærsluvísitölu á tveimur árum á sama tíma og önnur neysluútgjöld hafa dregist saman um 6-7% að jafnaði.

Tryggingagjald. Einn liður í aðgerðum stjórnvalda til að greiða fyrir gerð kjarasamninga síðastliðið vor var tímabundin endurgreiðsla á tryggingagjaldi útflutningsgreina, en þessi aðgerð var talin kosta ríkissjóð allt að 400 m.kr. árið 1993. Samkvæmt bráðabirgðatölum verður þessi fjárhæð væntanlega heldur lægri, eða um 330 m.kr. Þrátt fyrir þetta og aukið atvinnuleysi varð innheimta tryggingagjalds svipuð í krónum talið og reiknað

hafði verið með í fjárlögum. Skýringin er betri innheimta, auk þess sem breikkun gjaldstofnsins (bifreiðastyrkir o.fl.) virðist hafa skilað meiri tekjum en búist var við. Þá var slysatryggingagjald vegna ökutækja tvöfaldað í byrjun árs sem skýrir hækkun þess liðar frá fjárlögum. Að lokum hækka tryggingagjöldin vegna formbreytinga á bókfærslu ábyrgðargjalds vegna launa í gjaldþrotum um tæplega 400 m.kr., en að tillögu ríkisreikningsnefndar er þetta gjald nú flokkað með skatttekjum ríkissjóðs. Á móti kemur samsvarandi framlag á gjaldahlið.

Tryggingagjöld

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Tryggingagjald	8.933	9.000	9.008	8	0,8
Slysatryggingagjald vegna ökutækja	176	200	327	127	85,8
Eftirstöðvar eldri gjalda	459	250	252	2	-45,0
Ábyrgðargjald	.	-	375	375	.
Samtals	**9.568**	**9.450**	**9.962**	**512**	**4,1**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	9,2	9,0	9,7	0,7	0,5

Bifreiðagjöld. Bensíngjald og þungaskattur eru markaðir tekjustofnar til vegagerðar og nam innheimta þeirra 6,2 milljörðum króna á árinu 1993. Þar af skilaði bensíngjaldið 4,2 milljörðum króna, eða svipaðri fjárhæð og áætlað hafði verið. Sama máli gegnir um innheimtu þungaskatts þrátt fyrir að áform um breytingar á innheimtukerfi hans, sem áttu að skila viðbótartekjum, gengju ekki eftir. Samanburður milli ára sýnir að tekjur af bensíngjaldi og þungaskatti jukust um 7½% á síðasta ári sem er nokkuð umfram almennar gjaldskrárhækkanir. Allt bendir því til þess að innheimtan hafi orðið talsvert betri 1993 en árið á undan, en bensínsala hélst nær óbreytt milli ára.

Bifreiðagjöld

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Bensíngjald	3.993	4.150	4.226	76	5,8
Þungaskattur, km-gjald	1.224	1.390	1.378	-12	12,6
Þungaskattur, árgjald	514	520	554	34	7,8
Markaðar tekjur til vegagerðar	**5.731**	**6.060**	**6.158**	**98**	**7,5**
Bifreiðagjald	1.296	1.315	1.354	39	4,5
Samtals	**7.027**	**7.375**	**7.512**	**137**	**6,9**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	6,8	7,0	7,3	0,3	0,5

Innheimta bifreiðagjalds varð talsvert hærri á liðnu ári en spáð hafði verið þrátt fyrir meiri samdrátt i bifreiðainnflutningi. Skýringa er að leita í sérstöku innheimtuátaki sem gripið var til í byrjun árs sem skilaði nokkrum viðbótartekjum.

Aðrir skattar. Undir þennan lið falla ýmis þjónustu- og afgreiðslugjöld auk skatta af erlendum gjaldeyri og stimpilgjöldum, samtals um 4 milljarðar króna árið 1993. Það eru ríflega 100 m.kr. meiri tekjur en spáð hafði verið. Tekjur af dómsmálagjöldum urðu talsvert meiri en reiknað hafði verið með og sama gildir um ríkisábyrgðagjald og gjald af gjaldeyrissölu. Tekjur af stimpilgjaldi urðu hins vegar nokkru lægri og drógust saman um 13% að raungildi milli ára. Skýringin er án efa minnkandi eftirspurn á fasteignamarkaði sem endurspeglast í minni lántökum og þar með lægri lántökukostnaði.

Aðrar tekjur. Þegar á heildina er litið skiluðu þessir liðir talsvert lægri tekjum á árinu 1993 en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar skiptir hins vegar í tvö horn. Annars vegar urðu vaxtatekjur og arðgreiðslur ríkisfyrirtækja talsvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Munar þar um 600 m.kr. Hins vegar var sem fyrr segir minna selt af ríkiseignum en áformað var, en það skýrir stærstan hluta fráviksins. Afnám sérstaks gjalds vegna þátttöku sveitarfélaga í löggæslukostnaði á árinu 1992 auk minni sölu eigna skýrir þann samdrátt sem kemur fram á þessum lið milli ára.

4 Gjöld ríkissjóðs

Heildaryfirlit. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1993 námu alls 112,9 milljörðum króna, samanborið við 110,6 milljarða króna árið áður. Að teknu tilliti til breytinga á verðvísitölu landsframleiðslu, sem áætluð er 1 %, hækka útgjöld um tæplega 0,6 milljarða króna frá árinu 1992. Séu útgjöldin borin saman við fjárlög ársins þá fóru þau um 1,8 milljörðum króna fram úr fjárlögum, sem er 1,7% frávik.

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Fjár-heimildir m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 92-93 %
Rekstrargjöld	42.609	43.284	45.073	44.493	-1.209	4,4
Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur o.fl.	46.015	41.252	43.599	42.953	-1.701	-6,7
Vextir	8.346	10.500	10.000	9.732	768	16,6
Viðhald	2.541	3.194	3.354	3.362	-168	32,3
Stofnkostnaður	11.095	12.785	13.636	12.323	462	11,1
Samtals	**110.607**	**111.015**	**115.662**	**112.863**	**-1.848**	**2,0**

Í töflunni koma fram heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1993 og samanburður við árið 1992. Í fjárlögum 1993 varð sú breyting á framsetningu að nokkrir útgjaldaliðir landbúnaðarráðuneytis færðust sem rekstrargjöld í stað tilfærslna. Gjöld þessara stofnana árið 1992 hafa til samanburðar verið færð sem rekstrargjöld í meðfylgjandi töflu.

Í fjárlögum 1993 var gert ráð fyrir að heildarútgjöld yrðu 111 milljarðar króna sem var lítilsháttar aukning frá útkomunni 1992. Þannig var gert ráð fyrir að ná almennum rekstrargjöldum niður um 0,7 milljarða og stefnt að rúmlega 10% samdrætti rekstrartilfærslna, þ.e. tryggingagreiðslum, niðurgreiðslum o.fl., eða um 4,8 milljarða króna. Þar vó þyngst lækkun á framlögum til landbúnaðar og sjúkratrygginga. Á móti var gert ráð fyrir hækkun framlaga til viðhalds og stofnkostnaðar um 2,3 milljarða króna í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar til varnar atvinnuleysi. Loks voru vaxtagreiðslur ríkissjóðs taldar hækka um 2,2 milljarða króna milli áranna 1992 og 1993.

Heildarútgjöld ríkissjóðs urðu hins vegar 1,8 milljörðum króna umfram fjárlög. Þannig urðu almenn rekstrargjöld 1,2 milljörðum króna umfram fjárlög. Af þeirri fjárhæð má rekja 300 m.kr. til kjarasamninga sem gerðir voru á árinu og sömu fjárhæð til ákvörðunar ríkisstjórnar um að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs endurgjaldslaust í stað þess að selja þær á markaði.

Í annan stað urðu rekstrartilfærslur 1,7 milljörðum króna umfram það sem áætlað var í fjárlögum. Aukið atvinnuleysi leiddi til 700 m.kr. hærri greiðslna atvinnuleysisbóta og ákvarðanir ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga leiddi til um 300 m.kr. aukinna bótagreiðslna til lífeyrisþega og 220 m.kr. hækkunar á niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum.

Á móti kemur að vaxtagreiðslur urðu um 0,8 milljörðum króna undir áætlun fjárlaga og greiðslur til stofnkostnaðar og viðhalds urðu 300 m.kr. undir áætlun þrátt fyrir

ákvörðun ríkisstjórnar um mitt ár um að verja rúmlega 1 milljarði króna til framkvæmda umfram fjárlög.

Í septembermánuði fór fram endurmat á afkomu ríkissjóðs og var á þeim tíma talið að útgjöldin yrðu um 113,9 milljarðar króna á árinu 1993. Greiðslur urðu þó 1 milljarði króna lægri eða 112,9 milljarðar króna, eins og áður sagði. Helstu frávik frá áætlun koma fram í 0,7 milljarða króna lægri greiðslum til Atvinnuleysistryggingasjóðs, 0,3 milljarða króna lægri greiðslum vegna stofnkostnaðarframlaga og 0,3 milljarða lægri vaxtagreiðslum. Á móti vegur 0,3 milljarða króna framlag til Ábyrgðarsjóðs launa.

Í byrjun desember samþykkti Alþingi viðbótarheimildir að fjárhæð 3,5 milljarðar króna auk þess sem við bættust óhafnar heimildir fyrra árs, að fjárhæð 1,2 milljarðar króna. Ónotaðar heimildir í árslok 1993 nema 2,8 milljörðum króna.

Rekstrargjöld. Launa- og rekstrargjöld stofnana í A-hluta ríkissjóðs námu 44,5 milljörðum króna, samanborið við 42,6 milljarða króna árið 1992. Hækkunin milli ára er um 4,4%. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og þess að tæpar 300 m.kr. má rekja til launahækkana vegna ársins 1992 sem greiddar voru út árið 1993, er raunhækkun um 0,9 milljarðar króna, eða 1,6%. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun rekstrarútgjalda ársins 1993 á ráðuneyti í samanburði við fjárlög 1993 og útkomu ársins 1992.

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 92-93 %
Æðsta stjórn ríkisins	917	940	941	-1	2,6
Forsætisráðuneyti	136	106	129	-23	-5,1
Menntamálaráðuneyti	11.474	11.604	11.617	-13	1,2
Utanríkisráðuneyti	965	924	973	-49	0,8
Landbúnaðarráðuneyti	884	902	905	-3	2,3
Sjávarútvegsráðuneyti	732	611	915	-304[1)]	25,0
Dómsmálaráðuneyti	4.685	4.882	5.067	-185	8,2
Félagsmálaráðuneyti	1.617	1.809	1.779	30	10,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	17.018	17.364	17.823	-459[2)]	4,7
Fjármálaráðuneyti	2.265	2.299	2.428	-129	7,2
Samgönguráðuneyti	672	629	667	-38	-0,7
Iðnaðarráðuneyti	484	478	492	-14	1,5
Viðskiptaráðuneyti	149	153	154	-1	3,6
Hagstofa Íslands	133	137	125	12	-5,9
Umhverfisráðuneyti	478	446	478	-32	0,0
Samtals	**42.609**	**43.284**	**44.493**	**-1.209**	**4,4**

[1)] Úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs í tengslum við gerð kjarasamninga.

[2)] Þar af 195 m.kr. sem í fjárlögum voru áætlaðar undir stofnkostnaði.

Rekstrargjöld ríkisstofnana urðu 1,2 milljörðum króna hærri en heimildir upphaflegra fjárlaga, eða sem nemur 2,7%. Hér á eftir er fjallað nánar um útgjöld einstakra ráðuneyta.

Æðsta stjórn ríkisins. Rekstrargjöld reyndust 941 m.kr., en það er nánast sama fjárhæð og veitt var á fjárlögum. Flestar stofnanir eru innan fjárlaga, mest er inneign Alþingis og ríkisendurskoðunar eða 5 m.kr. hjá hvorri stofnun fyrir sig. Á móti vegur að Hæstiréttur er 13,5 m.kr. umfram fjárlög þar sem ekki var gert ráð fyrir greiðslum fyrir yfirvinnu dómara í fjárlögum. Mælt á föstu verðlagi hækka útgjöldin í heild lítils háttar milli ára.

Forsætisráðuneyti. Rekstrargjöld eru alls 129 m.kr., eða 23 m.kr. umfram fjárlög. Frávik er einkum hjá tveimur stofnunum. Annars vegar skýrist neikvæð greiðslustaða embættis Húsameistara ríkisins að fjárhæð 10 m.kr. af því að innheimta útistandandi skulda gekk ekki sem skyldi á árinu. Gerðar hafa verið breytingar á fyrirkomulagi reikningagerðar sem ætlað er að bæta innheimtuna. Hins vegar urðu greiðslur aðalskrifstofu 11 m.kr. umfram fjárlög sem skýrist af kostnaði við umfangsmikil verkefni sem skrifstofan hafði með höndum, eins og frágang og kynningu á stjórnsýslulögum o.fl.

Á föstu verðlagi lækka útgjöld frá fyrra ári um 6,5%.

Menntamálaráðuneyti. Rekstrargjöld stofnana menntamálaráðuneytis námu í heild 11,6 milljörðum króna og er það sama fjárhæð og gert var ráð fyrir í fjárlögum. Frávik einstakra málefnaflokka eru óveruleg. Greiðslur til háskólastofnana námu 2.244 m.kr. eða nánast sömu fjárhæð og í fjárlögum. Framlög til framhaldsskóla námu 3.470 m.kr. og er það 63 m.kr. innan áætlunar fjárlaga. Grunn- og sérskólar fóru 43 m.kr. umfram fjárlög en til reksturs þeirra fóru alls 4.327 m.kr. Þessi niðurstaða sýnir veruleg umskipti til hins betra miðað við næstu tvö ár á undan. Frá árinu 1991 hafa greiðslur til framhaldsskóla lækkað um 90 m.kr. miðað við fast verðlag, eða um 2,6% og greiðslur til héraðs- og grunnskóla hafa lækkað um 210 m.kr. eða 4,3%. Að raungildi lækka heildarútgjöldin um 30 m.kr. eða 0,2% frá fyrra ári. Greiðslur til háskólastofnana hækka um 115 m.kr., sem skýrist að mestu af greiðslum til Háskóla Íslands.

Utanríkisráðuneyti. Rekstrargjöld voru 973 m.kr. sem er 49 m.kr. umfram fjárlög. Frávik koma fram á öllum stofnunum ráðuneytisins, mest 16 m.kr. hjá embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli einkum vegna launahækkana handa lögreglumönnum og tollvörðum. Á aðalskrifstofu eru umframgreiðslur 7 m.kr. sem voru ónotaðar heimildir ársins 1992. Sendiráðin fóru 24 m.kr. fram úr fjárlögum sem skýrist af gengisbreytingum á árinu. Í samanburði við fyrra ár eru útgjöld ráðuneytisins nær óbreytt að raungildi.

Landbúnaðarráðuneyti. Rekstrargjöld voru 905 m.kr. sem er í samræmi við fjárlög. Frávik eru óveruleg hjá flestum stofnunum ráðuneytisins. Þó má nefna að greiðslur aðalskrifstofu eru 12 m.kr. umfram fjárlög, en greiðslur sauðfjárveikivarna eru 15 m.kr. innan fjárlaga.

Reiknað á föstu verðlagi urðu útgjöldin því sem næst óbreytt milli ára.

Sjávarútvegsráðuneyti. Rekstrargjöld voru 915 m.kr. sem er 304 m.kr. umfram fjárlög. Ástæðan er sú að í tengslum við gerð kjarasamninga var ákveðið að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs endurgjaldslaust, en í fjárlögum var gert ráð fyrir 302 m.kr. tekjum hjá Hafrannsóknastofnun vegna þessa.

Hækkun rekstrarútgjalda ráðuneytisins milli ára á föstu verðlagi er um 170 m.kr., eða 23%. Að teknu tilliti til þess að árið 1992 voru seldar aflaheimildir fyrir 100 m.kr. er hækkunin milli ára um 70 m.kr. Árið 1993 er fyrsta heila starfsár nýrrar stofnunar, Fiskistofu og kostar rekstur hennar 147 m.kr. á því ári. Á móti vegur m.a. að rekstur Ríkismats sjávarafurða er lagður niður, en rekstur þess lækkaði um 52 m.kr. frá 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 5.067 m.kr. sem er 185 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Meginskýringin á fráviki ráðuneytisins fellst í launahækkunum umfram forsendur fjárlaga. Þar vegur þyngst 72 m.kr. hækkun launagreiðslna til lögreglumanna samkvæmt kjarasamningi. Einnig hækkuðu laun presta um 28 m.kr. í samræmi við úrskurð kjaranefndar. Loks hækkuðu laun fangavarða, tollvarða og dómara samtals um 25 m.kr. umfram forsendur fjárlaga. Að auki urðu greiðslur til einstakra annarra fjárlagaliða umfram fjárheimildir. Þar má nefna útgjöld vegna málskostnaðar í opinberum málum og rekstur sýslumannsembættanna á Akranesi og í Reykjavík.

Miðað við fast verðlag er hækkun útgjalda milli ára 6,5% eða um 300 m.kr. Þar af hækka löggæslustofnanir um 114 m.kr., sýslumannsembætti um 80 m.kr., og dómsmálastofnanir um 60 m.kr. Þess ber að geta að útgjöld vegna laga um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdavalds í héraði sem tóku gildi á miðju ári 1992 skýra að mestu hækkun gjalda hjá dómsmálastofnunum og sýslumannsembættum.

Félagsmálaráðuneyti. Rekstrargjöld ársins voru 1.779 m.kr. sem er 30 m.kr. undir fjárlögum. Stærsti málefnaflokkurinn, málefni fatlaðra, er 28 m.kr. innan áætlunar fjárlaga þar sem ekki varð af áformuðum opnunum á nýjum stofnunum. Þá varð Brunamálastofnun ríkisins 25 m.kr. innan fjárlaga sem skýrist af því að innheimtu sértekna fyrri ára var skilað í ríkissjóð. Umframgreiðslur Vinnueftirlitsins eru 10 m.kr. og skýrast af notkun á geymdum fjárveitingum fyrra árs.

Hækkun útgjalda milli ára er 8,5% á föstu verðlagi, eða um 138 m.kr., og skýrist af um 95 m.kr. auknum útgjöldum við rekstur stofnana fatlaðra og 40 m.kr. útgjaldaaukningu vegna málefna barna og ungmenna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Rekstrargjöld ráðuneytisins urðu 17.823 m.kr. sem er 460 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Þar af eru 195 m.kr. greiðsla til Reykjavíkurborgar í kjölfar samkomulags um uppgjör sjúkraflutninga aftur til ársins 1990. Var heimildin í fjárlögum 1993 færð undir fjármálaráðuneyti, sem hluti af greiðslum til að mæta útgjöldum tengdum 6. grein fjárlaga. Í reynd urðu rekstrarútgjöld ráðuneytisins því 260 m.kr. umfram áætlun fjárlaga, eða 1,5%. Ástæðurnar eru umframgreiðslur sjúkrahúsa. Þannig fékk St. Jósefsspítali, Landakoti, 100 m.kr. aukafjárveitingu vegna hallareksturs frá árinu 1992 og Ríkisspítalar fengu 73 m.kr., einkum vegna endurskipulagningar á launafyrirkomulagi hjúkrunarfræðinga. Loks voru veittar tæpar 30 m.kr. til að mæta launahækkunum sjúkraliða á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstrarútgjöld ráðuneytisins hækkuðu milli ára um 3,2% að raungildi, eða um 550 m.kr. Þar af hækka rekstrargjöld sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu um 130 m.kr. eða 1,4%. Rekstur annarra sjúkrastofnana hækkar um 120 m.kr. eða 2,2% og málefni heilsugæslu hækka um 100 m.kr. eða 6,3% að raungildi ef frá er talin sérstök greiðsla vegna sjúkraflutninga. Þannig er hlutfallsleg aukning útgjalda lægst hjá sjúkrahúsum í Reykjavík, sem er stærsti málefnaflokkurinn. Ef skoðuð er þróun útgjalda frá árinu 1991, þá hafa rekstrargjöld sjúkrahúsanna í Reykjavík lækkað um rúmar 400 m.kr. að raungildi, eða 4,1%. Á sama tíma hafa útgjöld sjúkrahúsa á landsbyggðinni lækkað um rúmar 20 m.kr., eða 0,5%.

Fjármálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 2.428 m.kr. og er það 128 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Umframgreiðslur skýrast alfarið af auknum kostnaði við innheimtu á opinberum gjöldum sem varð 160 m.kr. umfram fjárlög. Gjaldheimtan í Reykjavík fór 40 m.kr. fram úr fjárlögum og aðrir innheimtuaðilar fóru 118 m.kr. fram úr áætlun fjárlaga. Með gildistöku laga um aukatekjur ríkissjóðs á miðju ári 1992 fóru innheimtumenn ríkissjóðs og gjaldheimtur að greiða gjöld til ríkissjóðs fyrir útgáfu á stefnum, þingfestingum o.fl. auk þess sem hætt var við að fella niður stimpilgjöld þegar ríkissjóður átti í hlut. Þó svo að um sé að ræða aukningu rekstrargjalda kemur breytingin einnig fram á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur í för með sér meiri tekjur fyrir ríkissjóð en útgjöld. Þess hefur ekki verið gætt sem skyldi að áætla fyrir þessum breytingum á gjaldahlið fjárlaga. Flestar aðrar stofnanir ráðuneytisins eru innan ramma fjárlaga.

Útgjaldahækkun á föstu verðlagi er 5,6% milli ára, eða tæplega 130 m.kr. Útgjöld til skattamála hækka um 50 m.kr. að raungildi þar sem áhersla á skattaeftirlit hefur aukist,

en stofnað var nýtt embætti Skattrannsóknarstjóra ríkisins á árinu 1993. Þá hafa útgjöld vegna innheimtu á opinberum gjöldum aukist um 100 m.kr. að raungildi milli ára eins og skýrt hefur verið.

Samgönguráðuneyti. Rekstrarútgjöld voru 667 m.kr. sem er 38 m.kr. umfram fjárlög. Frávikið skýrist alfarið af hærri greiðslum til Flugmálastjórnar. Stofnunin endurgreiddi eldsneytisgjald til erlendra flugfélaga á árinu og fékk til þess 41,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu bæði árið 1993 og 1992. Þessu uppgjöri er nú að fullu lokið.

Útgjaldalækkun milli ára á föstu verðlagi er 2,2% eða um 15 m.kr. Hafnaframkvæmdagjald kom að fullu til innheimtu og jókst um 35 m.kr. frá 1992 þegar það var lagt á í fyrsta sinn. Þá lækkuðu framlög til rekstrar Vegagerðarinnar, en á móti hækkuðu útgjöld Flugmálastjórnar

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Rekstrarútgjöld voru 646 m.kr. sem er 15 m.kr. umfram fjárlög. Mesta frávikið er að finna hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, eða 6 m.kr., en stofnunin fékk aukafjárveitingu þar sem verið er að endurskipuleggja og leggja niður þá deild sem innheimti sértekjur stofnunarinnar. Að öðru leyti skýrast umframgreiðslur af notkun á geymdum fjárheimildum fyrra árs. Að raungildi eru útgjöldin nær óbreytt milli ára.

Hagstofa Íslands. Rekstrarútgjöld urðu 125 m.kr. sem er 12 m.kr. undir fjárlögum. Sértekjur reyndust heldur hærri en áætlað var í fjárlögum.

Lækkun útgjalda milli ára er 7,4% að raungildi, eða 10 m.kr.

Umhverfisráðuneyti. Rekstrarútgjöld urðu 478 m.kr. sem er 32 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Frávik koma einkum fram hjá þremur stofnunum. Útgjöld aðalskrifstofu eru 16 m.kr. umfram fjárlög, útgjöld Náttúruverndarráðs 12 m.kr. og Veðurstofu 16 m.kr. Viðbótarheimildir fengust til þess að mæta umframgreiðslum aðalskrifstofu og Veðurstofu.

Útgjöld lækka milli ára að raungildi um 1,5%.

Launagjöld. Áætlað er að launagjöld ríkisstofnana í A-hluta hafi numið 35,2 milljörðum króna. Í eftirfarandi töflu hefur vinnumagn, sem greitt er af starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, verið umreiknað í fjölda ársverka og er gerður samanburður við fyrra ár.

Reiknuðum ársverkum fækkaði lítillega annað árið í röð. Leiðrétt hefur verið fyrir flutningi barnaverndarmála frá menntamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Þá voru laun sendiráða ekki greidd af starfsmannaskrifstofu fyrr en á miðju ári 1993. Leiðrétt hefur verið fyrir þessu með því að bæta 23 ársverkum við árið 1992.

Það skal tekið fram að laun nokkurra stofnana eru ekki greidd af starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis heldur beint af viðkomandi stofnun. Unnin ársverk í þeim stofnunum eru því ekki meðtalin í þessum tölum. Þarna er um að ræða flest sjúkrahús (þó ekki Ríkisspítalar) og þær heilsugæslustöðvar sem eru starfstengdar sjúkrahúsunum. Það fyrirkomulag var bæði árið 1992 og 1993 þannig að tölur eru samanburðarhæfar.

Störfum fjölgar í sjávarútvegsráðuneyti, m.a. vegna nýrrar stofnunar, Fiskistofu. Einnig fjölgar störfum hjá félagsmálaráðuneyti vegna nýrra stofnana fatlaðra. Aukning að öðru leyti er óveruleg.

	Ársverk	Ársverk	Breyting starfsmagns eftir ráðuneytum		
	1992	1993	Dagvinna %	Yfirvinna %	Alls %
Æðsta stjórn ríkisins	291	294	1.9	-1.9	1.1
Forsætisráðuneyti	62	58	-6.0	-13.5	-7.8
Menntamálaráðuneyti	7.619	7.466	-0.6	-5.5	-2.0
Utanríkisráðuneyti	222	222	0.1	-1.2	0.0
Landbúnaðarráðuneyti	503	504	1.8	0.6	0.4
Sjávarútvegsráðuneyti	460	480	5.1	2.7	4.4
Dómsmálaráðuneyti	2.210	2.204	-0.7	2.1	-0.3
Félagsmálaráðuneyti	1.035	1.109	5.0	16.8	7.1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.205	4.203	0.0	0.2	0.0
Fjármálaráðuneyti	768	735	-3.4	-6.7	-4.2
Samgönguráðuneyti	1.112	1.113	1.1	-1.6	0.1
Iðnaðarráðuneyti	358	347	-2.0	-6.1	-3.1
Viðskiptaráðuneyti	69	71	-0.8	16.1	2.9
Hagstofa Íslands	65	67	3.9	6.3	4.3
Umhverfisráðuneyti	265	279	2.8	15.7	5.5
Samtals	**19.243**	**19.153**	**0,1**	**-1,0**	**-0,5**

Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög. Útgjöld vegna þessa málaflokks námu um 43 milljörðum króna samanborið við 46 milljarða króna árið 1992 og 41,3 milljarða í fjárlögum 1993. Á sambærilegu verðlagi er lækkunin 3,7 milljarðar króna milli ára eða 8%. Í eftirfarandi töflu er sýndar helstu tilfærslur:

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 92-93 %
Lífeyristryggingar	15.110	15.280	15.545	-265	2.9
Sjúkratryggingar	10.170	9.530	9.520	10	-6.4
Slysatryggingar	487	605	575	30	18.1
Atvinnuleysistryggingar	1.761	1.464	2.165	-701	22.9
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.996	1.760	1.699	61	-14.9
Greiðslur vegna landbúnaðar	9.259	6.039	6.390	-351	-31.0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.497	1.246	1.496	-250	-0.1
Uppbætur á lífeyri	1.188	875	958	-83	-19.4
Ábyrgðarsjóður launa (ríkisábyrgð á launum)	137	-	315	-315	129.6
Annað	4.410	4.453	4.290	163	-2.7
Samtals	**46.015**	**41.252**	**42.953**	**-1.701**	**-6,7**

Bætur lífeyristrygginga urðu 265 m.kr. hærri en áætlað var í fjárlögum 1993. Orsakanna er að leita til eingreiðslna sem ákveðnar voru í tengslum við kjarasamninga sem gerðir voru í maí 1993.

Í fjárlögum 1993 var stefnt að 640 m.kr. lækkun útgjalda sjúkratrygginga, eða um 6,3%. Þau áform gengu eftir og að auki var greiddur 200 m.kr. umframkostnaður vegna lyfja frá árinu 1992. Kostnaður við hjálpartæki og útgjöld vegna 39. greinar almannatryggingalaga (tannréttingar o.fl.), sem hafa vaxið mjög á undanförnum árum, lækka nú milli ára um 120 m.kr. og eru vel innan ramma fjárlaga. Greiðslur vegna lyfja lækka um

rúmar 200 m.kr. milli ára og tannlæknakostnaður um tæpar 300 m.kr. Reglugerð um hlutfallsgreiðslur neytenda vegna lyfja sem tók gildi í ágúst 1992, virðist þannig hafa skilað verulegum sparnaði á árinu 1993. Á móti vegur að daggjaldagreiðslur og læknis-kostnaður eru umfram áætlun fjárlaga. Þá aukast greiðslur sérreikninga sjúkrastofnana um 100 m.kr. milli ára

Bætur Atvinnuleysistryggingasjóðs fóru 700 m.kr. fram úr fjárlögum. Atvinnuleysi á árinu 1993 reyndist 4,3% sem er nokkru hærra en áætlað var í fjárlögum. Á fyrri hluta ársins var spáð 5% atvinnuleysi og aukafjárveiting sem veitt var til sjóðsins í samræmi við þá spá var því ekki nýtt að fullu.

Í kjölfar nýrra laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem samþykkt voru 1992 og breytinga á úthlutunarreglum, hefur fjárþörf sjóðsins lækkað og er 61 m.kr. innan ramma fjárlaga 1993. Þess má geta að útlán Lánasjóðsins námu tæpum 2,6 milljörðum króna á árinu 1993 og hafa þá lækkað úr 4,1 milljarði króna árið 1991.

Greiðslur samkvæmt nýjum búvörusamningi hófust árið 1992 og hefur hann leitt til verulegrar lækkunar á framlögum ríkissjóðs til landbúnaðarmála. Greiðslur lækka um 3,2 milljarða króna milli ára, eða um 31%. Þess ber að geta að árið 1992 var sérstakt að því leyti að greiðslur áttu sér stað, bæði vegna uppgjörs á eldri búvörusamningi, auk bein-greiðslna samkvæmt nýja samningnum. Í fjárlögum 1993 var gert ráð fyrir 6 milljarða króna greiðslum til landbúnaðarmála en þær urðu 6,4 milljarðar eða 350 m.kr. hærri. Mesta frávikið, um 220 m.kr., skýrist af ákvörðun um að auka niðurgreiðslur á miðju ári í tengslum við gerð kjarasamninga. Þá voru greiðslur vaxta- og geymslugjalds tæpum 100 m.kr. hærri en fjárlög. Kom þar hvorutveggja til, að vextir reyndust hærri og sala dræmari en forsendur áætlunar gerðu ráð fyrir. Loks voru greiddar 88 m.kr. af ónotuðum heimild-um ársins 1992 vegna uppgjörs útflutningsbóta frá fyrra ári.

Við afgreiðslu fjárlaga 1993 voru meðlög með börnum hækkuð umtalsvert. Jöfnunar-sjóður sveitarfélaga stendur undir vanskilum meðlagsgreiðenda fyrir hönd sveitarfélaga. Ríkisstjórnin gerði samkomulag við samtök sveitarfélaga um að ríkissjóður bætti Jöfnun-arsjóðunum vanskil á árinu 1993 umfram 300 m.kr. Við afgreiðslu fjáraukalaga 1993 voru veittar 250 m.kr. til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að efna samkomulagið og skýrir það hærri greiðslur en á fjárlögum. Aukin vanskil á árinu 1993 skýrast aðeins að hluta til af hærri meðlagsgreiðslum. Þar koma til fleiri ástæður, m.a. breytt fyrirkomulag á inn-heimtu við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, um mitt ár 1992.

Að tillögu ríkisreikningsnefndar var ákveðið að breyta bókfærslu greiðslna til Ábyrgðarsjóðs launa, þannig að greiðslurnar eru sýndar á gjaldahlið en ekki færðar til lækkunar á tekjum eins og áður var. Þessi breyting leiðir til ríflega 300 m.kr. hækkunar gjalda frá því sem áætlað var í fjárlögum, en á móti kemur samsvarandi hækkun á tekjuhlið fjárlaga.

Ýmis önnur frávik frá fjárlögum áttu sér stað en sakir þess hve lítil þau eru verður ekki fjölyrt um þau hér.

Vaxtagreiðslur. Vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs námu 9,7 milljörðum króna á árinu 1993 samanborið við 8,3 milljarða króna 1992. Hækkunin milli ára er 16,6%. Í fjárlögum voru vaxtagreiðslur áætlaðar 10,5 milljarðar króna. Frávikið frá fjárlögum skýrist nær alfarið af lægri vaxtagreiðslum af erlendum lánum. Vaxtalækkunin innan lands s.l. haust hefur óveruleg áhrif á vaxtagreiðslur á árinu 1993.

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 92-93 %
Vextir af löngum erlendum lánum	4.883	6.600	5.763	837	18,0
Vextir og lántökukostnaður af spariskírteinum	571	1.200	1.235	-35	116,3
Vextir af öðrum löngum innlendum lánum	835	700	694	6	-16,9
Vextir af skammtímalánum	2.057	2.000	2.040	-40	-0,8
Samtals	**8.346**	**10.500**	**9.732**	**768**	**16,6**

Viðhald. Útgjöld vegna viðhalds námu 3,4 milljörðum króna á árinu 1993 samanborið við 2,5 milljarða króna á árinu á undan. Í fjárlögum ársins 1993 var gert ráð fyrir 3,2 milljörðum króna til viðhalds þannig að útgjöldin urðu í reynd 5,3% hærri. Hækkunin kemur aðallega fram hjá Vegagerð ríkisins, eða 147 m.kr. Í tengslum við gerð kjarasamninga s.l. vor, ákvað ríkisstjórnin að auka heimildir til viðhalds og annarra atvinnuskapandi aðgerða. Ekki tókst að nýta þessar heimildir að fullu á árinu og færast þær því yfir á þetta ár.

Stofnkostnaður. Útgjöld vegna fjárfestingar námu 12,3 milljörðum króna á árinu 1993 samanborið við 11,1 milljarð króna á árinu á undan. Hækkun milli ára er um 11%. Við afgreiðslu fjárlaga 1993 lögðu stjórnvöld áherslu á að auka framlög til atvinnuskapandi aðgerða til að hamla gegn atvinnuleysi. Þannig námu útgjöld stofnkostnaðar í fjárlögum alls um 12,8 milljörðum króna, þar af var sérstakt framlag að fjárhæð 1.550 m.kr. til framkvæmda í vegamálum. Þessu til viðbótar komu í fjáraukalögum auknar heimildir til framkvæmda sem nam 1,1 milljarði króna, m.a. vegna ákvörðunar ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga og áður hefur verið getið um. Greiðslur umfram fjárlög á einstökum liðum skýrast af viðbótarheimildum í fjáraukalögum.

Í yfirliti er sýnd skipting stofnkostnaðar árin 1992 og 1993.

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 91-92 %
Vegagerð ríkisins	3.334	4.601	4.504	97	32,5
Byggingarsjóður verkamanna	1.075	925	925	-	-13,9
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	585	246	303	-57	-48,0
Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar	1.117	923	991	-68	-11,3
Hafnamál	956	943	1.077	-134	12,7
Framhaldsskólabyggingar	266	422	340	82	-55,0
Endurbætur menningarbygginga	226	522	546	-24	141,6
Uppgjör við sveitarfélög v/ skólabygginga o.fl.	397	405	396	9	-0,3
Ríkisábyrgðir og tjónabætur	353	370	242	128	-31,4
Annað	2.786	3.428	2.999	429	7,6
Samtals	**11.095**	**12.785**	**12.323**	**462**	**11,1**

Ónotaðar fjárheimildir eru ekki sundurliðaðar hér, en þeirra verður getið í greinargerð með frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1993 sem lagt verður fram á Alþingi á næstunni.

Á mynd hér að neðan er sýnd þróun útgjalda nokkurra málaflokka og heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs. Vísitölur fyrir árin 1984-1993 eru byggðar á ríkisreikningi hvers árs en tölur fyrir árið 1994 eru samkvæmt fjárlögum.

Útgjaldaþróun A-hluta ríkissjóðs



5 Lánahreyfingar ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánahreyfingum A-hluta ríkissjóðs á árinu 1993, samanborið við fjárlög 1993 og niðurstöðu ársins 1992. Fyrst er fjallað um breytingar á markaðssetningu ríkisverðbréfa, síðan lánsfjárþörf ríkissjóðs og loks um lánsfjáröflun.

Markaðssetning ríkisverðbréfa.

Á síðustu tveimur árum hafa orðið þáttaskil í aðild ríkissjóðs að innlendum fjármagnsmarkaði. Fjármálaráðherra ákvað í byrjun árs 1992 að stefna bæri að afnámi yfirdráttar ríkissjóðs í Seðlabankanum og að öll innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs færi fram á markaði. Því var gerður samningur milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka sem takmarkaði möguleika ríkissjóðs til að stofna til yfirdráttar í bankanum. Á árinu 1992 var hámark yfirdráttar bundið við 3 milljarða króna. Í byrjun árs 1993 var alveg tekið fyrir yfirdrátt ríkissjóðs hjá bankanum en honum heimilað að kaupa beint af ríkissjóði ríkisvíxla sem kæmu til uppgjörs í næsta útboði ríkisvíxla. Einungis í örfáum tilfellum hefur þurft að selja Seðlabankanum víxla til að brúa fjárþörf milli útboða. Frá ársbyrjun 1994 er samkvæmt samningnum tekið fyrir þessa fyrirgreiðslu bankans og verður ríkissjóður því að mæta fjárþörf sinni að fullu á markaði. Þessi aðlögun var mikilvæg fyrir ríkissjóð á meðan verið var að þróa fjáröflunarleiðir á markaði, en einnig gerði hún Seðlabankanum kleift að móta aðgerðir til að hafa áhrif á vaxtamyndunina.

Á miðju ári 1992 hóf ríkissjóður markaðsfærslu ríkisverðbréfa með útboði sex mánaða óverðtryggðra ríkisbréfa. Í október og nóvember það ár hófust útboð á spariskírteinum og ríkisvíxlum. Þannig náðist á árinu 1992 að færa vaxtamyndun á ríkisverðbréfum út á markaðinn eins og stefnt var að. Á árinu 1993 var svo unnið að því að festa fyrirkomulag útboða í sessi jafnframt því sem beinni smásölu óstaðlaðra ríkisvíxla og ríkisbréfa var hætt. Í samræmi við stefnu fjármálaráðherra um að lengja óverðtryggðar skuldbindingar, voru í maí hafin útboð á óverðtryggðum ríkisbréfum til eins árs og í nóvember var svo tekið enn eitt skrefið í lengingu þessara bréfa með útboði ríkisbréfa til tveggja ára. Af viðtökum markaðarins að dæma virðist trú manna á óverðtryggðum skuldbindingum hafa aukist og fest í sessi. Þá var á sl. sumri gerð tilraun með sölu á verðbréfum í erlendri mynt hér innan lands. Veruleg eftirspurn reyndist vera fyrir hendi og seldust alls bréf fyrir um 2 milljarða króna af samtals 125 milljón dollara útgáfu sem ríkissjóður seldi að öðru leyti á markaði erlendis.

Bein markaðssala ríkisverðbréfa með útboðum, þar sem ávöxtun ræðst af framboði og eftirspurn peninga á markaði, krefst breyttra starfshátta af beggja hálfu, þ.e. ríkissjóðs og verðbréfamarkaðarins. Áður bauð ríkissjóður til sölu ríkisverðbréf með tiltekinni ávöxtun og mætti því sem uppá vantaði með yfirdrætti í Seðlabankanum. Ríkissjóður þarf nú að fylgjast mun betur með daglegri fjárþörf sinni og taka upp virkari greiðslustýringu en áður. Á miklu veltur hvernig innlánsstofnanir og verðbréfafyrirtæki bregðast við föstum útboðum. Reynslan á síðasta ári sýnir að þetta fyrirkomulag hefur náð að styrkja innviði peningamarkaðarins samhliða því sem möguleikar Seðlabanka til áhrifa á skammtímavexti með markaðsaðgerðum hafa aukist.

Skammtímaávöxtun á fjármagnsmarkaði 1993



Miklar breytingar urðu á ávöxtun ríkisverðbréfa í útboðum ríkissjóðs á árinu. Í línuritinu hér að ofan er sýnd ávöxtun 3ja mánaða óverðtryggðra verðbréfa ríkissjóðs samkvæmt útboðum borin saman við meðalávöxtun almennra víxillána banka og þriggja mánaða meðalbreytingu verðlags. Fram kemur að vextir óverðtryggðra ríkisverðbréfa hafa lækkað á árinu. Vextir fóru lækkandi fram eftir ári en hækkuðu síðan lítillega í kjölfar gengisfellingar krónunar í júní en ljóst er að áhrif hennar komu aðeins fram að hluta í ávöxtunarkröfuni, öfugt við það sem gerðist hjá innlánsstofnunum. Vextir voru komnir niður í svipað stig og fyrir gengisfellingu í september. Í lok október beittu ríkisstjórnin og Seðlabankinn sér fyrir samræmdum aðgerðum til lækkunar raunvaxta í landinu. Markmiðið var að lækka raunvexti verðtryggðra skuldbindinga ríkissjóðs í 5%. Í því skyni lækkaði Seðlabankinn, sem er viðskiptavaki spariskírteina á eftirmarkaði, ávöxtunarkröfu sína. Samhliða því rýmkaði bankinn reglur um laust fé innlánsstofnanna og lækkaði bindiskyldu og lausafjárhlutfall. Öll skammtíma ríkisverðbréf teljast nú að fullu til lausafjár og húsbréf að hluta. Jafnframt því beitti bankinn sér fyrir frekari fyrirgreiðslu til verðbréfafyrirtækja. Ákveðið var að leysa hluta af fjárþörf ríkissjóðs með erlendri lántöku til að skapa svigrúm á innlenda lánsfjármarkaðnum en á því reyndist ekki þörf.

Ávöxtun spariskírteina í útboðum fór lækkandi í byrjun árs en tók síðan að hækka í apríl og náði hámarki í júní. Í júlí og ágúst fór ávöxtunarkrafan lækkandi á ný en fór svo aftur upp í september. Í kjölfar aðgerða ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum lækkaði ávöxtunarkrafan í 5%. Ekki er ljóst hvað veldur þessum tíðu sveiflum, nema að ávöxtunarkrafa húsbréfa á eftirmarkaði virðist vera mjög viðkvæm fyrir breytingum á framboði og eftirspurn. Jafnframt virðist ávöxtun húsbréfa vera leiðandi á markaði sem skilar sér í breytingum á ávöxtunarkröfu annarra sambærilegra verðbréfa. Nauðsynlegt er að leita leiða til að gera viðskipti með verðtryggð verðbréf sýnilegri og fjölga viðskiptavökum. Í því samhengi má t.d. benda á að aðeins 5-10% af viðskiptum með húsbréf fara fram á Verðbréfaþingi Íslands.

Ávöxtun langtímaverðbréfa



Lánsfjárþörf ríkissjóðs 1993

Í fjárlögum 1993 var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla með lántöku til að mæta áætluðum halla og útstreymi á lánahreyfingum, áætluð 8,9 milljarðar króna. Samkvæmt uppgjöri ríkisbókhalds reyndist lánsfjárþörfin vera 10,7 milljarðar króna eða 1,8 milljörðum króna hærri. Þannig var tekjujöfnuður 3,4 milljörðum króna lakari. Á móti vegur 1,6 milljarða króna minna útstreymi á lánahreyfingum, einkum vegna betri innheimtu útistandandi lána. Borið saman við fyrra ár er hækkun á hreinni lánsfjárþörf milli ára 3,4 milljarðar króna. Lánsfjárþörfin á síðasta ári var 2,7% af landsframleiðslu. Á árinu 1992 var þetta hlutfall 1,9% og 3,8% árið 1991. Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1993 samanborið við fjárlög 1993 og útkomu ársins 1992.

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.
Rekstrarafkoma	**-7.160**	**-6.244**	**-9.643**
Veitt lán, nettó	-2.062	-2360	-871
Eignfærð framlög	-43	-435	-410
Viðskiptareikningar	2.090	100	226
Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-7.175**	**-8.939**	**-10.698**
Afborganir af teknum lánum	-8.925	-6.410	-5.900
Verg lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-16.100**	**-15.349**	**-16.598**
Tekin ný lán	18.359	15.400	18.034
Greiðsluafkoma	**2.259**	**51**	**1.436**

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs. Á árinu 1993 námu veitt ný lán umfram innheimtar afborganir af eldri lánum, um 0,9 milljörðum króna í stað 2,4 milljarða króna eins og ætlað var í fjárlögum. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána.

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**3.699**	**3.260**	**5.282**
Bundnar innlendu verðlagi	2.552	2.200	3.151
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	1.147	1.060	2.131
Veitt ný lán	**5.761**	**5.620**	**6.153**
Samkvæmt 1. gr. fjárlaga	**4.233**	**5.620**	**5.079**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.350	3900	3.590
Síldarverksmiðjur ríkisins	-	130	-
Alþjóðaflugþjónustan	583	290	189
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	1.150	1.300	1.300
Til fiskeldisfyrirtækja	150	-	-
Samkvæmt 5. gr. lánsfjárlaga	**1.065**	-	**33**
Bæjarveitur Vestmannaeyja	15	-	16
Síldarverksmiðjur ríkisins	278	-	-
Hríseyjarhreppur	26	-	-
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	618	-	17
Baldur hf., Stykkishólmi	125	-	-
Samkvæmt 6. gr. fjárlaga o.fl.	**463**	-	**1.041**
Tryggingarsjóður viðskiptabanka	-	-	500
Vegna fasteignaviðskipta o.fl.	173	-	115
Atvinnuleysistryggingasjóður	-	-	250
Skuldbreytingar	290	-	147
Annað	-	-	29
Veitt lán, nettó	**- 2.062**	**-2.360**	**-871**

Innheimtar afborganir. Innheimtar afborganir voru áætlaðar 3.260 m.kr. í fjárlögum en urðu talsvert hærri, eða 5.282 m.kr. Mismunurinn skýrist fyrst og fremst af vanmati í áætlun fjárlaga en einnig koma til betri innheimtur.

Veitt lán. Lánveitingum ríkissjóðs má skipta í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru almenn lán veitt skv. 1. gr. fjárlaga. Í öðru lagi eru lán sem eru veitt skv. 5. gr. lánsfjárlaga, en þar er um að ræða ýmsar heimildir sveitarfélaga og fyrirtækja til lántöku með ríkisábyrgð sem ríkissjóður tekur og endurlánar síðan. Loks eru lán veitt skv. ákvæðum 6. gr. fjárlaga eða annarra sérlaga. Aðeins lánveitingar skv. 1. gr. fjárlaga koma fram í greiðsluyfirliti fjárlaga sem að hluta útskýrir það frávik sem kemur fram í heildarlánveitingum ríkissjóðs.

Í fjárlögum og lánsfjárlögum voru lánveitingar ríkissjóðs áætlaðar alls 5.620 m.kr. Lánveitingar skv. 1. gr. fjárlaga urðu 5.079 m.kr. en það er 541 m.kr. lægra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þannig urðu lánveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna 310 m.kr. lægri, lántökuheimild Síldarverksmiðja ríkisins að fjárhæð 130 m.kr. var ekki notuð og Alþjóðaflugþjónustan nýtti ekki 100 m.kr. af sinni lántökuheimild. Lánveitingar til Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar voru í samræmi við fjárlög. Deildin fékk aukna lánsheimild í lögum um breytingu á lánsfjárlögum, en þurfti ekki að nota hana þar sem innheimtur urðu betri en gert var ráð fyrir.

Lánveitingar ríkissjóðs skv. 5. gr. lánsfjárlaga urðu 33 m.kr. Veitt var 17 m.kr. lán til Herjólfs h.f. vegna eftirstöðva á uppgjöri við smíði nýrrar ferju. Einnig var veitt 16 m.kr. lán til Vestmannaeyjakaupstaðar til skuldbreytinga vegna bæjarveitna.

Með heimild í 6. gr. fjárlaga eða öðrum lögum voru veittar 1.041 m.kr. Þar af var 500 m.kr. vegna Tryggingarsjóðs viðskiptabankanna, samkvæmt heimild í lögum nr. 16/1993 um bætta eiginfjárstöðu Landsbanka Íslands. Lánveitingar vegna fasteignaviðskipta námu 107 m.kr., lánveitingar vegna skuldbreytinga 147 m.kr. og til Atvinnuleysistryggingarsjóðs 250 m.kr., en keypt voru skuldabréf af sjóðnum.

Eignfærð framlög. Hér eru færð stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutafé í fyrirtækjum.

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.
Hlutafjaraukning og önnur framlög	**-172**	**55**	**231**
Íslenska Járnblendifélagið hf.	-	-	214
Rýnir hf.	-	25	17
Slippstöðin Oddi hf.	15	30	-
Ferðaskrifstofa Íslands hf.	-7	-	-
Gutenberg hf	-80	-	-
Þróunarfélag Íslands hf.	-100	-	-
Alþjóðafjármálastofnanir	**215**	**380**	**179**
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington	24	32	39
Alþjóðabankinn, IBRD & IDA, Washington	113	129	83
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	6	6	6
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	6	22	16
Alþjóðlegur gengisvarasjóður fyrir Pólland		-	-32
Evrópubankinn, EBRD, Lundúnum	45	48	46
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Reykjavík	6	3	3
Norræn fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríki	11	11	12
Greiðslujafnaðarsjóður Eystrasaltsríkja	-	65	-
Norræni fjárfestingarbankinn, NIB	-	-	6
Annað	4	64	-
Eignfærð framlög alls	**43**	**435**	**410**

Í fjárlögum voru eignfærð framlög áætluð 435 m.kr. en þau urðu í reynd 410 m.kr. Hlutafjárframlag til Slippstöðvarinnar Odda hf. að fjárhæð 20 m.kr. var fært sem hlutafjárloforð á árinu 1992 og til skuldar á viðskiptareikning. Þannig kemur greiðsla á hlutafé Slippstöðvarinnar á þessu ári fram sem hreyfing á viðskiptareikningum. Eignfærð framlög urðu samtals 25 m.kr. lægri en áætlað var.

Viðskiptareikningar, nettó. Innborganir umfram útgreiðslur af viðskiptareikningi voru áætlaðar 100 m.kr. í fjárlögum en þær reyndust verða 226 m.kr. Í heild er mismunur frá áætlun fjárlaga óverulegur. Hins vegar koma fram frávik á einstökum liðum. Áformað var að Húsnæðisstofnun greiddi 600 m.kr. en frá því var fallið þar sem ákvörðun um að leggja af skyldusparnað jók fjárþörf stofnunarinnar verulega frá því sem áætlað var. Þá þurfti ennfremur að veita stofnuninni 700 m.kr. fyrirgreiðslu til bráðabirgða í lok síðasta árs, vegna lítillar þátttöku í útboðum húsnæðisbréfa í kjölfar aðgerða til lækkunar raunvaxta. Lánveiting til Spalar h.f. 50 m.kr., vegna undirbúningsrannsókna fyrir jarðgöng undir Hvalfjörð er bókuð á viðskiptareikning til bráðabirgða en hún var heimiluð í lánsfjáraukalögum. Á móti vegur að innborganir almennra viðskiptareikninga eru meiri

en áætlað var. Má þar í fyrsta lagi nefna uppgjör á afurðalánum vegna afurðastöðva í mjólkuriðnaði að fjárhæð um 400 m.kr., en ríkissjóður þarf ekki lengur að annast slíka fyrirgreiðslu. Í öðru lagi eru innborganir vegna sölu á ýmsum eignum að fjárhæð 250 m.kr., þar af nemur sala á Íslenskri Endurtryggingu 160 m.kr. Í þriðja lagi greiddi Orkubú Vestfjarða 85 m.kr. með yfirtöku á rekstri og skuldbindingum Hitaveitu Suðureyrar. Í fjórða lagi voru innborganir frá sendiráðum vegna eignasölu um 120 m.kr. Loks var skammtímaskuld Íslenska Járnblendifélagsins hf. frá fyrra ári að fjárhæð 100 m.kr., breytt í hlutafé.

Greiddar afborganir. Afborganir ríkissjóðs voru áætlaðar 6.410 m.kr. í fjárlögum 1993 en urðu 510 m.kr. lægri. Innlausn spariskírteina varð um 300 m.kr lægri en áætlað var og innlendar afborganir um 212 m.kr. innan áætlunar. Erlendar afborganir voru samkvæmt áætlun. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun greiddra afborgana ríkissjóðs á árinu 1993:

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.
Innlausn spariskírteina	1.114	2.850	2.554
Önnur innlend lán	1.690	1.740	1.528
Önnur innlend gengisbundin lán	1.793	660	659
Erlend lán	4.328	1.160	1.159
Afborganir alls	**8.925**	**6.410**	**5.900**

Lántökur ríkissjóðs

Í fjárlögum 1993 var gert ráð fyrir að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs með lántökum bæði innan lands og utan. Heildarlánsfjárþörfin, samkvæmt fjárlögum og lánsfjárlögum, var áætluð um 16,0 milljarðar króna, en varð um 16,6 milljarðar. Samtals voru tekin lán fyrir 18,0 milljarða króna, eða 1,4 milljörðum umfram heildarlánsfjárþörf. Þar af námu innlendar lántökur ríkissjóðs 12,8 milljörðum króna og erlendar lántökur 5,2 milljörðum króna. Skýringin á meiri lántökum árið 1993 en nam lánsfjárþörf er vegna þarfar ríkissjóðs fyrir að eiga innistæðu á reikningi hjá Seðlabanka Íslands til að mæta óhjákvæmilegum greiðslum í byrjun árs 1994. Innistæða hjá Seðlabanka í lok árs 1993 var um 4,0 milljarðar króna og hafði hækkað um 1,4 milljarða á árinu. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun á lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Greiðslugrunnur	1992 m.kr.	Fjárlög 1993 m.kr.	Útkoma 1993 m.kr.
Innlend lán	**9.315**	**10.300**	**12.831**
Sala spariskírteina ríkissjóðs	3.940	-	8.082
Sala ríkisvíxla 3ja mán.	4.115	-	-3.828
Sala ríkisvíxla 6 mán.	1.964	-	1.685
Sala ríkisvíxla 12 mán.	-	-	4992
Sala ríkisbréfa	-719	-	1875
Önnur innlend lán	15	-	25
Erlend lán	**9.044**	**5.100**	**5.203**
Tekin lán, alls	**18.359**	**15.400**	**18.034**

Spariskírteini ríkissjóðs. Á árinu 1993 voru seld ný spariskírteini fyrir samtals um 8,1 milljarð króna. Skipta má sölu spariskírteina í þrjá meginflokka: Sala í útboðum, í áskrift og með skiptikjörum. Sala í útboðum nam samtals um 5,0 milljörðum króna, þar af voru 1,8 milljarðar króna af 5 ára skírteinum og 3,2 milljarðar króna af tíu ára skírteinum. Í áskrift voru seld spariskírteini fyrir 1,1 milljarð króna og með skiptikjörum fyrir 2,0 milljarða króna. Vaxtakjör í áskrift og með skiptikjörum tekur mið af þeim vöxtum sem myndast í útboðum.

Í byrjun síðasta árs var ávöxtun spariskírteina í útboðum 7,6% en hækkaði svo lítillega um mitt árið. Ávöxtunin lækkaði síðan í samræmi við aðgerðir ríkisstjórnar og Seðlabanka til lækkunar raunvaxta í lok nóvember sl. Sú stefna var mörkuð að taka ekki tilboðum með hærri ávöxtunarkröfu en 5,0%. Frá þeim tíma hafa selst spariskírteini samtals fyrir um 0,9 milljarða króna í þremur útboðum og hefur þátttaka verið viðunandi í þeim öllum.

Ríkisbréf. Í október sl. var ákveðið að samræma heiti óverðtryggðra ríkisverðbréfa þeirri venju sem gildir um þessi bréf á alþjóðamarkaði. Ríkisbréf er nú heiti á óverðtryggðum ríkisverðbréfum til lengri tíma en eins árs. Í nóvember hófst sala á tveggja ára ríkisbréfum. Með því var stigið enn eitt skrefið til þess að lengja lánstíma í útgáfu óverðtryggðra ríkisverðbréfa. Sala þeirra hefur gengið mjög vel og seldust þau fyrir 2,1 milljarð króna í tveimur fyrstu útboðunum. Meðalávöxtunarkrafan var 8,3% í fyrra útboðinu og 6,6% í því síðara. Niðurstaða þessara útboða sýnir tiltrú manna á stöðugleika verðlags til lengri tíma og að grundvöllur hefur myndast fyrir því að tengja betur saman vexti óverðtryggðra og verðtryggðra lána.

Ríkisvíxlar. Með ríkisvíxlum er nú átt við öll óverðtryggð verðbréf ríkissjóðs sem hafa lánstíma til eins árs og skemur. Ríkissjóður selur nú ríkisvíxla með þremur tímalengdum, þ.e. til 3ja mánaða, 6 mánaða og 12 mánaða. Seðlabankinn ákvað í október sl. að 6 og 12 mánaða ríkisvíxlar teljist hæfar eignir til uppfyllingar lausafjárhlutfalli lánastofnana. Áhrif þeirra breytinga ásamt lækkun bindiskyldu komu strax fram í næsta útboði, en þá keyptu lánastofnanir fyrir 2.850 m.kr. í 6 og 12 mánaða víxlum. Gera verður ráð fyrir að hlutfall lengri víxla í skammtímafjáröflun ríkisins aukist og að sama skapi lækki hlutfall 3ja mánaða víxla. Ríkissjóður notar 3ja mánaða ríkisvíxla til að fjármagna sveiflur í inn- og útstreymi úr ríkissjóði innan ársins. Síðasta ár var fyrsta heila árið þar sem ríkissjóður leysir skammtímafjárþörf sína að fullu á markaði með sölu þriggja mánaða ríkisvíxla. Sala þeirra er mest til banka og sparisjóða sem kaupa þá til að uppfylla reglur um lausafjárhlutfall og til að ávaxta lausafé sitt. Ríkisvíxlar til 3ja mánaða eru nú seldir með útboðum tvisvar í mánuði. Heildarsala þeirra í útboðum nam á árinu rúmum 54 milljörðum króna en útistandandi víxlar voru í árslok 8,7 milljarðar króna, höfðu lækkað á árinu um 3,8 milljarða króna. Meðalávöxtun 3ja mánaða ríkisvíxla var í upphafi síðasta árs 12,0% og fór lækkandi fram til júní en var í árslok 5,4%.

Sala 6 mánaða ríkisvíxla hófst í júní 1992 og hafa þeir verið seldir með mánaðarlegum útboðum frá þeim tíma. Alls nam sala þeirra á síðasta ári 6,1 milljarði króna og námu útistandandi víxlar í árslok 3,7 milljörðum króna sem er aukning á árinu um 1,7 milljarð króna. Meðalávöxtunarkrafan á 6 mánaða víxlum var 12,5% í janúar 1993. Hún fór lækkandi fram eftir ári og var komin niður í 9,7% í september en var í árslok 6,0%.

Fyrsta útboð ríkisvíxla til 12 mánaða fór fram í maí á síðasta ári. Samtals seldust 12 mánaða ríkisvíxlar fyrir tæpa 5,0 milljarða króna á árinu 1993. Í árslok var ávöxtunarkrafan 6,6% og hafði lækkað úr 12,1%.

Erlend lán. Á árinu voru tekin þrjú erlend lán samtals að fjárhæð 10,7 milljarðar króna. Þar af voru 5,5 milljarðar króna notaðir til að greiða upp skammtímalán og um 1,2 milljarðar króna til afborgana af erlendum langtímalánum. Afgangurinn, um 4 milljarðar króna, voru notaðir til að mæta nýrri lánsfjárþörf ríkissjóðs. Fyrsta erlenda skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs á árinu fór fram í Bretlandi, að fjárhæð 100 milljónir sterlingspunda. Bréfin eru til 10 ára og endurgreiðast í einu lagi við lok lánstímans. Vextir eru 8,75% á ári og fastir yfir lánstímann. Stærsti hluti lánsins var notaður til að endurgreiða erlend skammtímalán ríkissjóðs en einnig til að mæta lánsfjárþörf ársins. Önnur skuldabréfaútgáfan var í júlí, en þá voru gefin út skuldabréf ríkissjóðs á Evrópumarkaði að fjárhæð 125 milljónir bandaríkjadala og var lánstíminn fimm ár. Bréfin bera 6% vexti á ári. Allt andvirði útgáfunnar fór til að greiða upp eldri skuldabréfaútgáfu. Þriðja og síðasta lántakan var sl. haust, en þá var undirritaður lánssamningur við japanskt tryggingarfyrirtæki um lán að fjárhæð 3 milljarða japanskra jena. Lánið er til 9 ára með föstum vöxtum 4,4% á ári. Hér var um að ræða endurfjármögnun á láni að sömu fjárhæð sem tekið var 1988 og bar 5,5% vexti. Með nýja láninu tókst að lækka vexti og lengja lánið um fjögur ár.

6 Reikningsuppgjör - greiðsluuppgjör

Uppgjör ríkisins hefur allt frá setningu laga um bókhald ríkisins árið 1966 verið gert með tvennum hætti. Annars vegar er greiðsluuppgjör sem sýnir áhrif ríkisfjármála á peningakerfið og notað er innan árs til samanburðar við greiðsluheimildir fjárlaga. Hins vegar er reikningsuppgjör þar sem færðar eru áfallnar skuldbindingar tekna og gjalda. Gerðar voru veigamiklar breytingar á reikningsuppgjöri ríkissjóðs árið 1989, sem fólust í því að allar kröfur og skuldbindingar sem stofnað er til á hverju ári eru færðar til bókar án tillits til þess hvort þær hafi verið innheimtar eða komið til greiðslu á árinu. Þær breytingar sem hér um ræðir snerta aðallega lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs, skuldbindingar við sveitarfélög vegna sameiginlegra framkvæmda og rekstrar, vexti ríkissjóðs og ríkisábyrgðir. Með þessari breytingu er reikningsgrunnur ríkissjóðs færður nær því sem gerist við uppgjör fyrirtækja.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir greiðsluuppgjöri ríkissjóðs. Inn í það eru færðar greiðslur úr ríkissjóði en ekki ýmsar skuldbindingar sem ríkissjóður hefur tekið á sig án þess að þeim fylgi greiðslur úr sjóði.

Á árinu var stofnað til tveggja skuldbindinga sem ekki hafa í för með sér greiðsluhreyfingar. Annars vegar var ákveðið að styrkja eiginfjárstöðu Síldarverksmiðja ríkisins með yfirtöku á 390 m.kr. af langtímalánum þeirra. Í samræmi við ákvæði laga um ríkisreikning er snerta framlög til B-hluta fyrirtækja verður þessi færsla færð til gjalda hjá sjávarútvegsráðuneytinu í ríkisreikningi 1993. Hins vegar var ákveðið skv. lögum nr. 16/1993 að auka eigið fé Landsbanka Íslands um 2.000 m.kr. Þessi fjárhæð er bókuð á stofnfjárframlög í ríkisreikningi og hefur þannig ekki áhrif á rekstrarreikning ríkisins.

Á móti vegur að í nokkrum tilvikum eru framlög í fjárlögum ætluð til greiðslu á umsömdum skuldbindingum fyrri ára sem þegar hafa verið færðar til gjalda í ríkisreikningi. Í þessu skyni hafa 851 m.kr. verið færðar til gjalda í greiðsluuppgjöri. Um er að ræða 244 m.kr. vegna afborgana fullvirðisréttarlána til bænda, 532 m.kr. vegna uppgjörs við sveitarfélög og 25 m.kr. vegna jarðræktarframlaga. Í uppgjöri ríkisreiknings 1993 lækka rekstrarútgjöld hins vegar sem þessu nemur þar sem þessar greiðslur færast í efnahagsreikningi sem afborganir.

Í uppgjöri ríkisreiknings 1993 verður ennfremur að taka tillit til ýmissa reiknaðra liða og annarra þátta. Hér má m.a. nefna áfallna vexti og lífeyrisskuldbindingar, áfallnar en óinnheimtar tekjur og breytingar á ógreiddum gjöldum vegna málaflokka sem reknir eru í samstarfi með sveitarfélögunum. Hér er ekki gerð tilraun til að meta áhrif þessara stærða. Þessi upptalning undirstrikar það hversu ólíkir þessir uppgjörsgrunnar eru og að þeir geti því aldrei gefið sömu niðurstöðu. Þeir þjóna hins vegar hver sínum tilgangi og ber því að lesa niðurstöður þeirra með það í huga.

7 Lánsfjármál hins opinbera

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánsfjármálum hins opinbera á árinu 1993. Fjallað er um lánsfjárþörfina, hvernig öflun lánsfjár var háttað og greint frá helstu frávikum frá upphaflegri lánsfjáráætlun.

Lánsfjáráætlun er hér skilgreind sem lántökur og afborganir hins opinbera eins og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1993. Rétt er að taka fram að áætlunin nær ekki til lána sveitarfélaga og er að því leyti ekki tæmandi.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1993 voru heildarlántökur ríkissjóðs, húsbyggingarsjóðanna, ríkisfyrirtækja, húsbréfakerfisins og fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna áætlaðar 54,2 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð var ráðgert að taka 20,9 milljarða króna að láni erlendis og 33,3 milljarða króna á innlendum markaði. Hrein innlend fjármögnun, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, var áætluð 16,1 milljarðar króna, eða 4,1% af landsframleiðslu. Hreint innstreymi erlends fjár á vegum þessara aðila var áætlað 6,7 milljarðar króna, eða 1,7% af landsframleiðslu.

Lánsfjárþörf hins opinbera

	Lánsfjáráætlun 1993			Útkoma 1993		
Milljarðar króna	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	**33,3**	**20,9**	**54,2**	**35,8**	**22,5**	**58,3**
Opinberir aðilar	20,8	5,1	25,9	22,0	5,2	27,2
Ríkissjóður A-hluti	10,3	5,1	15,4	12,8	5,2	18,0
Byggingarsjóðir	10,5	-	10,5	9,2	-	9,2
Viðskiptalegir aðilar	12,5	15,8	28,3	13,8	17,3	31,1
Ríkisfyrirtæki	-	9,0	9,0	-	11,6	11,6
Húsbréf	11,9	-	11,9	11,9	-	11,9
Fjárfestingarlánasjóðir	0,6	6,8	7,4	1,9	5,7	7,6
Afborganir	**17,2**	**14,2**	**31,4**	**17,7**	**17,4**	**35,1**
Opinberir aðilar	11,1	1,9	13,0	10,7	1,2	11,9
Ríkissjóður A-hluti	4,5	1,9	6,4	4,7	1,2	5,9
Byggingarsjóðir	6,6	-	6,6	6,0	-	6,0
Viðskiptalegir aðilar	6,1	12,3	18,4	7,0	16,2	23,2
Ríkisfyrirtæki	-	7,0	7,0	-	10,8	10,8
Húsbréf	2,0	-	2,0	2,1	-	2,1
Fjárfestingarlánasjóðir	4,1	5,3	9,4	4,9	5,4	10,3
Hrein lánsfjárþörf	**16,1**	**6,7**	**22,8**	**18,1**	**5,1**	**23,2**
Hlutfall af landsframleiðslu	4,1%	1,7%	5,8%	4,6%	1,3%	5,9%

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum námu heildarlántökur 58,3 milljörðum króna á árinu 1993. Þar af eru innlendar lántökur 35,8 milljarðar króna, eða 2,5 milljörðum króna umfram upphaflega áætlun. Erlendar lántökur voru áætlaðar 20,9 milljarðar króna, en urðu samtals 22,5 milljarðar króna. Hrein lánsfjáröflun hins opinbera nam því 23,2 milljörðum króna, eða sem svarar 5,9% af landsframleiðslu. Þetta er nokkuð lægra hlutfall en á árinu 1992, en þá nam það 6,2%. Hrein lánsfjáröflun á innlendum markaði nam 18,1 milljarði króna. Það svarar til um 67% af áætlaðri aukningu innlends sparnaðar sem talin er nema 27 milljörðum króna á árinu 1993.

Eftirfarandi yfirlit gefur heildarmynd af lántökum þeirra sem lánsfjáráætlun 1993 náði til.

Milljónir króna	Sala ríkis-verðbréfa	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
Opinberir aðilar	**12.831**	**9.884**	**22.715**	**5.203**	**27.918**
Ríkissjóður A-hluti	12.831	-	12.831	5.203	18.034
Byggingarsjóður ríkisins	-	3.917	3.917	-	3.917
Byggingarsjóður verkamanna	-	5.967	5.967	-	5.967
Viðskiptalegir aðilar	11.871	1.736	13.607	17.465	31.072
Húsbréfadeild BR	11.871	-	11.871	-	11.871
Landsvirkjun	-	-	-	10.500	10.500
Póst- og símamálastofnun	-	-	-	1.100	1.100
Byggðastofnun	-	88	88	516	604
Ferðamálasjóður	-	-	-	130	130
Fiskveiðasjóður	-	600	600	1.340	1.940
Iðnlánasjóður	-	138	138	3.395	3.533
Iðnþróunarsjóður	-	45	45	484	529
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	865	865	-	865
Heildarlántökur	**24.702**	**11.620**	**36.322**	**22.668**	**58.990**

Opinberir aðilar. Þessi flokkur nær til ríkissjóðs og félagslegra lánasjóða á borð við Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, að húsbréfadeild frátaldri. Heildarlántökur voru áætlaðar 25,9 milljarðar króna en urðu í reynd 27,2 milljarðar króna.

Í 5. kafla er gerð ítarleg grein fyrir lánsfjármálum ríkissjóðs á árinu 1993 og er hér vísað til hans.

Lántökur byggingarsjóðanna voru áætlaðar 10,5 milljarðar króna en urðu í reynd 9,9 milljarðar króna. Ákveðið var að breyta skammtímaláni Byggingarsjóðs ríkisins við ríkissjóð í langtímalán, en gert hafði verið ráð fyrir 600 m.kr. afborgun af því láni á árinu 1993. Fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins minnkaði sem því nam.

Í kjölfar vaxtalækkunar sl. haust gekk sala húsnæðisbréfa treglega. Brugðist var við því m.a. með 700 m.kr. bráðabirgðaláni úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs ríkisins. Skýrir það þann mun sem er á heildarlántöku byggingarsjóðanna samkvæmt ofangreindu yfirliti og heildaryfirliti í upphafi þessa kafla, en þar hefur verið leiðrétt fyrir innbyrðis færslur og er lánið flokkað þar sem lántaka ríkissjóðs.

Viðskiptalegir aðilar. Undir þennan flokk fellur húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, ríkisfyrirtæki á borð við Landsvirkjun og Póst- og símamálastofnun og fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna. Gert var ráð fyrir að lántökur þessara aðila næmu samtals 28,3 milljörðum króna. Í reynd urðu þær 31,1 milljarður króna.

Húsbréf voru gefin út fyrir 11,9 milljarða króna og er það í samræmi við áætlanir. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1993 var heimild til útgáfu húsbréfa að fjárhæð 8 milljarðar króna. Við þá fjárhæð bætist 4 milljarða króna heimild samkvæmt lánsfjáraukalögum fyrir árið 1992. Sú heimild var nýtt að mjög takmörkuðu leyti á árinu 1992 og færðist milli ára.

Lántökur ríkisfyrirtækja voru áætlaðar 9 milljarðar króna en urðu samtals 11,6 milljarðar króna. Frávik skýrist af notkun Landsvirkjunar á heimild skv. 10. gr. lánsfjárlaga til endurfjármögnunar eldri skulda.

Heildarlántökur fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna voru áætlaðar 7,4 milljarðar króna, en urðu 7,6 milljarðar króna. Annars vegar voru lántökur Iðnlánasjóðs um 0,9 milljörðum króna hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Skýrist það af notkun sjóðsins á lántökuheimildum fyrri ára og vegna endurfjármögnunar eldri lána. Á móti vegur að lántökur Fiskveiðasjóðs voru um 0,6 milljörðum króna lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Þess skal þó getið að 3,5 milljarða króna lán sem Fiskveiðasjóður tók skömmu fyrir áramót er ekki talið hér með, enda er lánið til ráðstöfunar á árinu 1994. Önnur frávik frá lánsfjáráætlun voru óveruleg.

Hrein lánsfjárþörf hins opinbera



Tafla 1 Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Fjárlög 1994
Tekjur	6 238	10 053	16 354	22 093	28 861	38 113	48 957	64 506	80 098	92 453	99 953	103 447	103 220	104 146
Gjöld	6 141	9 771	17 216	21 433	31 142	40 111	51 688	71 583	86 056	96 899	112 487	110 607	112 683	113 782
Rekstrarafkoma	**97**	**282**	**- 862**	**660**	**-2 281**	**-1 998**	**-2 731**	**-7 077**	**-5 958**	**-4 446**	**-12 534**	**-7 160**	**-9 463**	**-9 636**
Veitt lán, nettó	...	...	...	...	...	322	- 99	- 779	- 722	- 522	-1 954	-2 062	- 871	-1 140
Hlutafé og stofnfjárframlög	...	...	...	...	...	- 89	- 873	- 116	70	- 123	- 233	- 43	- 410	- 500
Viðskiptareikningar, nettó	...	...	...	...	...	- 964	-1 818	- 211	- 889	-2 079	73	2 090	226	- 500
Hrein lánsfjárþörf	...	...	...	...	...	**2 729**	**5 521**	**8 183**	**7 499**	**7 170**	**14 648**	**7 175**	**10 518**	**11 776**
Lántökur, nettó	...	...	...	...	...	**5 642**	**3 847**	**4 724**	**11 018**	**9 915**	**9 290**	**10 210**	**12 134**	**11 850**
Innlend lántaka	...	...	...	...	...	1 886	2 728	1 526	5 837	7 175	3 216	5 494	8 090	-
Ný lán	...	...	...	...	...	3 617	4 485	4 882	10 386	10 098	8 819	9 315	12 831	-
Afborganir	...	...	...	...	...	-1 731	-1 757	-3 356	-4 549	-2 923	-5 603	-3 821	-4 741	-6 200
Erlend lántaka	...	...	...	...	...	3 756	1 119	3 198	5 181	2 740	6 074	4 716	4 044	-
Ný lán	...	...	...	...	...	5 004	2 155	4 230	6 663	3 966	7 339	9 044	5 203	-
Afborganir	...	...	...	...	...	-1 248	-1 036	-1 032	-1 482	-1 226	-1 265	-4 328	-1 159	-9 700
Seðlabanki Íslands, nettó	...	...	...	...	...	-2 188	954	- 646	-5 548	-2 031	- 755	- 776	-	-
Greiðsluafkoma	...	...	...	...	...	**725**	**- 720**	**-4 105**	**-2 029**	**714**	**-6 113**	**2 259**	**1 616**	**74**
Hlutfall af VLF, %														
Tekjur	25,6	26,2	24,7	25,1	24,1	24,0	23,5	25,2	26,0	26,1	26,0	27,1	26,4	26,5
Gjöld	25,2	25,5	26,0	24,3	26,0	25,2	24,8	28,0	27,9	27,3	29,3	28,9	28,8	28,9
Rekstrarafkoma	0,4	0,7	-1,3	0,7	-1,9	-1,3	-1,3	-2,8	-1,9	-1,3	-3,3	-1,9	-2,4	-2,5
Hrein lánsfjárþörf	...	...	...	...	...	1,7	2,7	3,2	2,4	2,0	3,8	1,9	2,7	3,0
Greiðsluafkoma	...	...	...	...	...	0,5	-0,3	-1,6	-0,7	0,2	-1,6	0,6	0,4	0,0

[1] Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1981-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

Tafla 2 Innheimtar tekjur ríkissjóðs [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Fjárlög 1994
Heildartekjur ríkissjóðs	**6 238**	**10 053**	**16 354**	**22 093**	**28 861**	**38 113**	**48 957**	**64 506**	**80 098**	**92 453**	**99 953**	**103 447**	**103 220**	**104 146**
Þ.a skatttekjur	5 901	9 389	14 630	19 932	26 074	34 976	46 023	60 624	74 242	86 138	93 503	95 770	96 162	96 721
Beinir skattar	**899**	**1 485**	**2 386**	**2 875**	**3 280**	**5 508**	**6 103**	**9 363**	**13 017**	**17 690**	**19 263**	**20 348**	**20 311**	**21 345**
Einstaklingar	783	1 188	1 780	2 087	2 404	3 904	4 420	6 772	9 317	13 677	15 055	15 467	15 239	17 425
Fyrirtæki	116	297	606	788	876	1 604	1 683	2 591	3 700	4 013	4 208	4 881	5 072	3 920
Óbeinir skattar	**5 002**	**7 904**	**12 244**	**17 057**	**22 794**	**29 468**	**39 920**	**51 261**	**61 225**	**68 448**	**74 240**	**75 422**	**75 851**	**75 376**
Innflutnings- og vörugjöld	1 454	2 270	3 261	4 277	5 090	5 786	7 810	5 167	7 425	8 354	9 460	8 195	7 695	7 934
Virðisaukaskattur/söluskattur	2 108	3 387	5 600	7 689	10 725	14 444	19 972	29 529	34 151	37 086	38 954	39 944	40 497	38 815
Hagnaður ÁTVR	407	579	724	1 202	1 923	2 431	3 204	4 275	5 370	5 920	6 487	6 435	6 150	6 370
Launa- og tryggingagjöld	450	704	1 030	1 509	2 019	2 653	3 543	4 849	5 824	7 327	9 130	9 568	9 962	10 220
Bifreiðagjöld [2]	255	416	717	1 042	1 348	2 144	2 739	3 771	4 734	5 471	6 404	7 027	7 512	8 270
Aðrir skattar	328	548	912	1 338	1 689	2 010	2 652	3 670	3 721	4 290	3 805	4 253	4 035	3 767
Aðrar tekjur	**337**	**664**	**1 724**	**2 161**	**2 787**	**3 137**	**2 934**	**3 882**	**5 856**	**6 315**	**6 450**	**7 677**	**7 058**	**7 425**
Vaxtatekjur	305	592	1 572	1 893	2 530	2 549	2 438	3 272	4 589	4 096	3 947	4 203	4 420	4 000
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	32	72	152	268	257	588	496	610	1 267	2 219	2 503	3 474	2 638	3 425
Hlutfall af VLF, %														
Heildartekjur ríkissjóðs	**25,6**	**26,2**	**24,7**	**25,1**	**24,1**	**24,0**	**23,5**	**25,2**	**26,0**	**26,1**	**26,0**	**27,1**	**26,4**	**26,5**
Skatttekjur	24,2	24,5	22,1	22,6	21,7	22,0	22,1	23,7	24,1	24,3	24,3	25,1	24,6	24,6
Beinir skattar	3,7	3,9	3,6	3,3	2,7	3,5	2,9	3,7	4,2	5,0	5,0	5,3	5,2	5,4
Óbeinir skattar	20,5	20,6	18,5	19,4	19,0	18,5	19,2	20,0	19,8	19,3	19,3	19,7	19,4	19,2
Aðrar tekjur	1,4	1,7	2,6	2,5	2,3	2,0	1,4	1,5	1,9	1,8	1,7	2,0	1,8	1,9

[1] Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1981-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

[2] Bensíngjald er hér talið með bifreiðasköttum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 3 Innheimtar tekjur ríkissjóðs [1]

Milljónir króna á verðlagi ársins 1994 [2]	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Fjárlög 1994
Heildartekjur ríkissjóðs	**82 868**	**86 829**	**79 864**	**84 581**	**84 461**	**89 651**	**95 796**	**102 284**	**105 490**	**106 532**	**107 401**	**107 555**	**105 771**	**104 146**
Þ.a skatttekjur	78 391	81 094	71 445	76 308	76 305	82 272	90 055	96 129	97 777	99 256	100 470	99 573	98 539	96 721
Beinir skattar	**11 943**	**12 826**	**11 652**	**11 007**	**9 599**	**12 956**	**11 942**	**14 847**	**17 144**	**20 384**	**20 698**	**21 156**	**20 813**	**21 345**
Einstaklingar	10 402	10 261	8 693	7 990	7 035	9 183	8 649	10 738	12 271	15 760	16 177	16 081	15 616	17 425
Fyrirtæki	1 541	2 565	2 959	3 017	2 564	3 773	3 293	4 108	4 873	4 624	4 522	5 075	5 197	3 920
Óbeinir skattar	**66 448**	**68 268**	**59 793**	**65 301**	**66 706**	**69 316**	**78 113**	**81 282**	**80 634**	**78 872**	**79 772**	**78 417**	**77 726**	**75 376**
Innflutnings- og vörugjöld	19 315	19 606	15 925	16 374	14 896	13 610	15 282	8 193	9 779	9 626	10 165	8 520	7 885	7 934
Virðisaukaskattur/söluskattur	28 003	29 254	27 347	29 437	31 386	33 976	39 080	46 823	44 977	42 734	41 857	41 530	41 498	38 815
Hagnaður ÁTVR	5 407	5 001	3 536	4 602	5 628	5 718	6 269	6 779	7 072	6 822	6 970	6 691	6 302	6 370
Launa- og tryggingagjöld	5 978	6 081	5 030	5 777	5 909	6 241	6 933	7 689	7 670	8 443	9 810	9 948	10 208	10 220
Bifreiðagjöld [3]	3 388	3 593	3 501	3 989	3 945	5 043	5 359	5 980	6 235	6 304	6 881	7 306	7 698	8 270
Aðrir skattar	4 357	4 733	4 454	5 122	4 943	4 728	5 189	5 819	4 901	4 943	4 089	4 422	4 135	3 767
Aðrar tekjur	**4 477**	**5 735**	**8 419**	**8 273**	**8 156**	**7 379**	**5 741**	**6 156**	**7 712**	**7 277**	**6 931**	**7 982**	**7 232**	**7 425**
Vaxtatekjur	4 052	5 113	7 677	7 247	7 404	5 996	4 771	5 188	6 044	4 720	4 241	4 370	4 529	4 000
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	425	622	742	1 026	752	1 383	971	967	1 669	2 557	2 690	3 612	2 703	3 425
Hlutfall af VLF, %														
Heildartekjur ríkissjóðs	**25,6**	**26,2**	**24,7**	**25,1**	**24,1**	**24,0**	**23,5**	**25,2**	**26,0**	**26,1**	**26,0**	**27,1**	**26,4**	**26,5**
Skatttekjur	24.2	24.5	22.1	22.6	21.7	22.0	22.1	23.7	24.1	24.3	24.3	25.1	24.6	24.6
Beinir skattar	3.7	3.9	3.6	3.3	2.7	3.5	2.9	3.7	4.2	5.0	5.0	5.3	5.2	5.4
Óbeinir skattar	20.5	20.6	18.5	19.4	19.0	18.5	19.2	20.0	19.8	19.3	19.3	19.7	19.4	19.2
Aðrar tekjur	1.4	1.7	2.6	2.5	2.3	2.0	1.4	1.5	1.9	1.8	1.7	2.0	1.8	1.9

[1] Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1981-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

[2] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[3] Bensíngjald er hér talið með bifreiðasköttum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 4 Útgjöld ríkissjóðs eftir málefnaflokkum [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Fjárlög 1994
Almenn mál	**587**	**977**	**1 698**	**1 912**	**2 808**	**3 791**	**5 291**	**7 258**	**8 211**	**9 900**	**11 657**	**10 946**	**11 391**	**11 610**
Almenn þjónusta og löggæsla	531	877	1 495	1 681	2 524	3 410	4 816	6 699	7 509	8 942	10 527	9 911	10 166	10 360
Utanríkisþjónusta	56	100	203	231	284	381	475	559	702	958	1 130	1 035	1 225	1 250
Félagsmál	**3 424**	**5 319**	**9 483**	**11 568**	**17 392**	**23 091**	**31 576**	**41 941**	**49 708**	**59 297**	**68 085**	**68 192**	**70 054**	**70 400**
Fræðslu-, menningar- og kirkjumál	937	1 532	2 653	3 142	5 003	6 432	8 572	11 816	13 784	15 388	17 619	16 872	17 018	16 900
Heilbrigðismál	509	821	1 783	2 063	2 989	4 283	8 256	11 129	12 933	15 311	17 628	18 097	19 044	18 300
Velferðarmál	1 978	2 966	5 047	6 363	9 400	12 376	14 748	18 996	22 991	28 598	32 838	33 223	33 992	35 200
Atvinnumál	**1 593**	**2 559**	**4 163**	**5 257**	**6 890**	**8 532**	**9 459**	**14 056**	**17 944**	**18 156**	**20 931**	**21 038**	**19 843**	**18 245**
Landbúnaður og niðurgreiðslur	658	1 180	1 660	1 756	2 338	2 992	3 547	6 521	8 502	8 908	10 426	10 648	7 740	6 800
Sjávarútvegur	97	136	257	387	939	1 197	1 240	1 715	2 295	1 025	1 240	1 200	1 215	1 265
Iðnaðar- og orkumál	257	316	736	1 062	1 155	1 359	1 058	1 158	1 417	1 162	1 259	959	977	965
Samgöngur	581	927	1 510	2 052	2 458	2 984	3 614	4 662	5 730	7 061	7 525	7 760	9 332	8 700
Umhverfismál	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	481	471	579	515
Ýmis mál, þ.m.t. vextir	**537**	**916**	**1 872**	**2 696**	**4 052**	**4 697**	**5 362**	**8 328**	**10 193**	**9 546**	**11 814**	**10 431**	**11 575**	**13 527**
Gjöld samtals	**6 141**	**9 771**	**17 216**	**21 433**	**31 142**	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**112 863**	**113 782**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %														
Almenn mál	9,6	10,0	9,9	8,9	9,0	9,5	10,2	10,1	9,5	10,2	10,4	9,9	10,1	10,2
Félagsmál	55,8	54,4	55,1	54,0	55,8	57,6	61,1	58,6	57,8	61,2	60,5	61,7	62,1	61,9
Atvinnumál	25,9	26,2	24,2	24,5	22,1	21,3	18,3	19,6	20,9	18,7	18,6	19,0	17,6	16,0
Ýmis mál	8,7	9,4	10,9	12,6	13,0	11,7	10,4	11,6	11,8	9,9	10,5	9,4	10,3	11,9

[1] Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1981-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

Tafla 5 Útgjöld ríkissjóðs eftir málefnaflokkum [1]

Milljónir króna á verðlagi ársins 1994 [2]	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Fjárlög 1994
Almenn mál	**7 798**	**8 438**	**8 292**	**7 320**	**8 218**	**8 917**	**10 353**	**11 509**	**10 814**	**11 408**	**12 526**	**11 381**	**11 673**	**11 610**
Almenn þjónusta og löggæsla	7 054	7 575	7 301	6 436	7 386	8 021	9 424	10 622	9 889	10 304	11 311	10 305	10 417	10 360
Utanríkisþjónusta	744	864	991	884	831	896	929	886	925	1 104	1 214	1 076	1 255	1 250
Félagsmál	**45 486**	**45 941**	**46 310**	**44 287**	**50 897**	**54 316**	**61 786**	**66 504**	**65 466**	**68 327**	**73 158**	**70 900**	**71 786**	**70 400**
Fræðslu-, menningar- og kirkjumál	12 447	13 232	12 956	12 029	14 641	15 130	16 773	18 736	18 154	17 731	18 932	17 542	17 439	16 900
Heilbrigðismál	6 762	7 091	8 707	7 898	8 747	10 075	16 155	17 647	17 033	17 643	18 942	18 816	19 514	18 300
Velferðarmál	26 277	25 618	24 647	24 360	27 509	29 111	28 858	30 121	30 279	32 953	35 285	34 542	34 832	35 200
Atvinnumál	**21 162**	**22 102**	**20 330**	**20 126**	**20 163**	**20 069**	**18 509**	**22 288**	**23 632**	**20 921**	**21 974**	**21 384**	**19 740**	**17 730**
Landbúnaður og niðurgreiðslur	8 741	10 192	8 107	6 723	6 842	7 038	6 941	10 340	11 197	10 265	11 203	11 071	7 931	6 800
Sjávarútvegur	1 289	1 175	1 255	1 482	2 748	2 816	2 426	2 719	3 023	1 181	1 332	1 248	1 245	1 265
Iðnaðar- og orkumál	3 414	2 729	3 594	4 066	3 380	3 197	2 070	1 836	1 866	1 339	1 353	997	1 001	965
Samgöngur	7 718	8 007	7 374	7 856	7 193	7 019	7 072	7 392	7 546	8 136	8 086	8 068	9 562	8 700
Umhverfismál	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	517	490	593	515
Ýmis mál, þ.m.t. vextir	**7 134**	**7 912**	**9 142**	**10 321**	**11 858**	**11 048**	**10 492**	**13 205**	**13 424**	**11 000**	**12 694**	**10 845**	**11 861**	**13 527**
Gjöld samtals	**81 579**	**84 394**	**84 073**	**82 054**	**91 136**	**94 351**	**101 140**	**113 506**	**113 336**	**111 655**	**120 869**	**114 999**	**115 652**	**113 782**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %														
Almenn mál	9,6	10,0	9,9	8,9	9,0	9,5	10,2	10,1	9,5	10,2	10,4	9,9	10,1	10,2
Félagsmál	55,8	54,4	55,1	54,0	55,8	57,6	61,1	58,6	57,8	61,2	60,5	61,7	62,1	61,9
Atvinnumál	25,9	26,2	24,2	24,5	22,1	21,3	18,3	19,6	20,9	18,7	18,2	18,6	17,1	15,6
Ýmis mál	8,7	9,4	10,9	12,6	13,0	11,7	10,4	11,6	11,8	9,9	10,5	9,4	10,3	11,9

[1] Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1981-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

[2] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

Tafla 6 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Fjárlög 1994
Rekstrargjöld	**13 373**	**22 146**	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**	**42 382**	**44 493**	**43 341**
Laun	10 710	15 390	19 490	22 410	29 556	33 573	34 343	35 200	34 475
Önnur rekstrarútgjöld	3 913	8 637	10 969	13 292	12 911	13 445	14 859	16 093	15 405
Sértekjur	-1 250	-1 881	-3 174	-3 584	-5 140	-4 600	-6 820	-6 800	-6 539
Tilfærslur	**17 405**	**18 303**	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**42 953**	**44 031**
Almannatryggingar	9 909	11 476	14 928	20 105	24 688	27 937	28 914	29 013	29 715
Greiðslur til landbúnaðar	2 087	2 522	5 120	7 067	8 072	9 049	9 415	6 518	5 660
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 072	927	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 699	1 550
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	-	-	-	1 207	1 366	1 497	1 496	1 857
Aðrar tilfærslur	4 337	3 378	5 895	5 036	3 469	4 325	4 421	4 226	5 249
Vextir	**3 916**	**4 289**	**6 864**	**8 548**	**8 274**	**9 875**	**8 346**	**9 732**	**11 450**
Viðhald	**946**	**1 200**	**1 475**	**1 782**	**2 362**	**2 287**	**2 541**	**3 362**	**3 132**
Stofnkostnaður	**4 471**	**5 750**	**8 409**	**9 602**	**9 326**	**12 798**	**11 095**	**12 323**	**11 828**
Vegagerð	-	-	-	2 125	2 599	3 215	3 334	4 504	4 239
Flugvellir og hafnir	-	-	-	808	942	1 228	1 317	1 469	1 274
Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	-	574	565	854	783	763	663
Húsnæðisstofnun	-	-	-	1 150	534	900	1 075	925	918
Annar stofnkostnaður	-	-	-	4 945	4 686	6 601	4 586	4 662	4 734
Gjöld samtals	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**112 863**	**113 782**
Hlutfall af VLF, %									
Rekstrargjöld	8.4	10.6	10.7	10.4	10.5	11.0	11.1	11.4	11.0
Tilfærslur	10.9	8.8	10.8	11.0	11.2	11.7	12.1	11.0	11.2
Vextir	2.5	2.1	2.7	2.8	2.3	2.6	2.2	2.5	2.9
Viðhald	0.6	0.6	0.6	0.6	0.7	0.6	0.7	0.9	0.8
Stofnkostnaður	2.8	2.8	3.3	3.1	2.6	3.3	2.9	3.1	3.0
Gjöld samtals	**25,2**	**24,8**	**28,0**	**27,9**	**27,3**	**29,3**	**28,9**	**28,8**	**28,9**

Tafla 7 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi ársins 1994 [1]	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Fjárlög 1994
Rekstrargjöld	**31 457**	**43 334**	**43 265**	**42 300**	**43 011**	**45 579**	**44 065**	**45 593**	**43 341**
Laun	25 193	30 114	30 904	29 514	34 057	36 075	35 707	36 070	34 475
Önnur rekstrarútgjöld	9 204	16 900	17 393	17 506	14 877	14 447	15 449	16 491	15 405
Sértekjur	-2 940	-3 681	-5 033	-4 720	-5 923	-4 943	-7 091	-6 968	-6 539
Tilfærslur	**40 941**	**35 814**	**43 685**	**44 786**	**45 642**	**48 470**	**48 079**	**44 014**	**44 031**
Almannatryggingar	23 308	22 455	23 671	26 478	28 448	30 019	30 062	29 730	29 715
Greiðslur til landbúnaðar	4 909	4 935	8 119	9 307	9 301	9 723	9 789	6 679	5 660
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 522	1 814	2 548	2 368	2 505	2 613	2 075	1 741	1 550
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	-	-	-	1 391	1 468	1 556	1 533	1 857
Aðrar tilfærslur	10 202	6 610	9 347	6 632	3 997	4 647	4 597	4 331	5 249
Vextir	**9 211**	**8 392**	**10 884**	**11 258**	**9 534**	**10 611**	**8 677**	**9 973**	**11 450**
Viðhald	**2 225**	**2 348**	**2 339**	**2 347**	**2 722**	**2 457**	**2 642**	**3 445**	**3 132**
Stofnkostnaður	**10 517**	**11 251**	**13 334**	**12 646**	**10 746**	**13 752**	**11 536**	**12 628**	**11 828**
Vegagerð	-	-	-	2 056	2 502	3 063	3 298	4 413	4 239
Flugvellir og hafnir	-	-	-	782	907	1 170	1 303	1 439	1 274
Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	-	555	544	814	775	748	663
Húsnæðisstofnun	-	-	-	1 113	514	857	1 064	906	918
Annar stofnkostnaður	-	-	-	4 785	4 512	6 289	4 537	4 568	4 734
Gjöld samtals	**94 351**	**101 140**	**113 506**	**113 336**	**111 655**	**120 869**	**114 999**	**115 652**	**113 782**
Hlutfall af VLF, %									
Rekstrargjöld	8,4	10,6	10,7	10,4	10,5	11,0	11,1	11,4	11,0
Tilfærslur	10,9	8,8	10,8	11,0	11,2	11,7	12,1	11,0	11,2
Vextir	2,5	2,1	2,7	2,8	2,3	2,6	2,2	2,5	2,9
Viðhald	0,6	0,6	0,6	0,6	0,7	0,6	0,7	0,9	0,8
Stofnkostnaður	2,8	2,8	3,3	3,1	2,6	3,3	2,9	3,1	3,0
Gjöld samtals	**25,2**	**24,8**	**28,0**	**27,9**	**27,3**	**29,3**	**28,9**	**28,8**	**28,9**

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

Tafla 8 Rekstrargjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Fjárlög 1994
Æðsta stjórn ríkisins	611	709	835	905	917	941	941
Forsætisráðuneyti	91	106	141	136	136	129	145
Menntamálaráðuneyti	7 872	9 792	10 280	11 679 [1]	11 592	11 617	11 662
Utanríkisráðuneyti	587	665	883	958	965	973	914
Landbúnaðarráðuneyti	522	508	742	798 [2]	657	905	864
Sjávarútvegsráðuneyti	495	519	689	792	732	915	887
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 261	3 628	4 186	4 665	4 685	5 067	4 898
Félagsmálaráðuneyti	838	984	1 126	1 463 [3]	1 499	1 779	1 831
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	10 269	12 070	14 567	16 573	17 018	17 823	16 958
Fjármálaráðuneyti	1 433	1 750	2 110	2 486	2 265	2 428	2 424
Samgönguráðuneyti	792	888	1 035	749 [4]	672	667	593
Iðnaðarráðuneyti	328	307	488	558	484	492	463
Viðskiptaráðuneyti	103	105	121	138	149	154	148
Hagstofa Íslands	83	87	97	120	133	125	134
Umhverfisráðuneyti	-	-	29	398	478	478	481
Samtals	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**	**42 382**	**44 493**	**43 341**

[1] Rekstur Náttúruverndarráðs og Náttúrufræðistofnunar Íslands fluttur frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[2] Rekstur Veiðistjóra fluttur frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[3] Rekstur Skipulagsstjóra fluttur frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[4] Rekstur Veðurstofu Íslands og Landmælinga Íslands fluttur frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Tafla 9 **Rekstrargjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum**

Milljónir króna á verðlagi ársins 1994 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Fjárlög 1994
Æðsta stjórn ríkisins	969	934	962	972	953	964	941
Forsætisráðuneyti	144	140	162	146	141	132	145
Menntamálaráðuneyti	12 482	12 896	11 845	12 549 [2]	12 052	11 904	11 662
Utanríkisráðuneyti	931	876	1 017	1 029	1 003	997	914
Landbúnaðarráðuneyti	828	669	855	857 [3]	683	927	864
Sjávarútvegsráðuneyti	785	684	794	851	761	938	887
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5 171	4 778	4 823	5 013	4 871	5 192	4 898
Félagsmálaráðuneyti	1 329	1 296	1 297	1 572 [4]	1 559	1 823	1 831
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	16 283	15 896	16 785	17 808	17 694	18 263	16 958
Fjármálaráðuneyti	2 272	2 305	2 431	2 671	2 355	2 488	2 424
Samgönguráðuneyti	1 256	1 170	1 192	805 [5]	699	683	593
Iðnaðarráðuneyti	520	404	562	600	503	504	463
Viðskiptaráðuneyti	163	138	139	148	155	158	148
Hagstofa Íslands	132	115	112	129	138	128	134
Umhverfisráðuneyti	-	-	33	428	497	490	481
Samtals	**43 265**	**42 300**	**43 011**	**45 579**	**44 065**	**45 592**	**43 341**

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[2] Rekstur Náttúruverndarráðs og Náttúrufræðistofnunar Íslands fluttur frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[3] Rekstur Veiðistjóra fluttur frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[4] Rekstur Skipulagsstjóra fluttur frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[5] Rekstur Veðurstofu Íslands og Landmælinga Íslands fluttur frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Tafla 10 Rekstrartilfærslur ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Fjárlög 1994
Æðsta stjórn ríkisins	11	18	24	27	34	32	41
Forsætisráðuneyti	7	2	3	7	15	28	141
Menntamálaráðuneyti	2 404	2 024	3 235	3 651	3 283	3 027	3 037
Þar af Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 699	1 550
Utanríkisráðuneyti	201	325	407	561	456	587	633
Landbúnaðarráðuneyti	2 012	3 013	2 422	4 101	4 697	6 585	5 834
Sjávarútvegsráðuneyti [1]	1 022	1 521	101	130	133	54	78
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	26	29	28	34	36	33	38
Félagsmálaráðuneyti	381	659	1 845	2 376	2 061	2 358	2 734
Þar af framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	-	-	1 207	1 366	1 497	1 496	1 857
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	15 628	19 122	24 188	26 893	28 038	28 360	29 458
Þar af lífeyristryggingar	9 036	10 760	12 640	14 406	15 110	15 545	15 875
Þar af sjúkratryggingar	5 851	7 626	9 756	10 496	10 170	9 520	9 230
Þar af atvinnuleysistryggingar	350	207	1 031	1 266	1 761	2 165	2 950
Fjármálaráðuneyti	1 322	1 416	893	1 219	1 438	1 228	1 336
Þar af uppbætur á lífeyri	1 075	1 104	672	1 084	1 188	958	890
Samgönguráðuneyti	386	444	556	563	490	109	144
Iðnaðarráðuneyti	637	943	558	388	428	449	476
Viðskiptaráðuneyti	3 513	4 489	5 350	5 070	5 041	7	12
Þar af niðurgreiðslur á vöruverði	3 513	4 487	5 344	5 064	5 030	-	-
Hagstofa Íslands	-	-	-	-	-	-	4
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	87	94	97	68
Samtals	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**42 953**	**44 031**

[1] Endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegs féll niður árið 1990.

Tafla 11 Rekstrartilfærslur ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi ársins 1994 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Fjárlög 1994
Æðsta stjórn ríkisins	17	24	28	29	36	33	41
Forsætisráðuneyti	11	3	4	8	16	29	141
Menntamálaráðuneyti	3 812	2 666	3 727	3 923	3 413	3 102	3 037
Þar af Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 548	2 369	2 505	2 613	2 076	1 741	1 550
Utanríkisráðuneyti	319	428	469	603	474	601	633
Landbúnaðarráðuneyti	3 190	3 968	2 791	4 407	4 883	6 747	5 834
Sjávarútvegsráðuneyti [2]	1 621	2 003	116	140	138	56	78
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	41	38	32	37	38	34	38
Félagsmálaráðuneyti	604	868	2 126	2 553	2 142	2 416	2 734
Þar af framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	-	-	1 391	1 468	1 556	1 533	1 857
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	24 781	25 184	27 871	28 897	29 151	29 061	29 458
Þar af lífeyristryggingar	14 328	14 171	14 565	15 479	15 710	15 929	15 875
Þar af sjúkratryggingar	9 277	10 044	11 242	11 278	10 574	9 755	9 230
Þar af atvinnuleysistryggingar	555	273	1 188	1 360	1 831	2 219	2 950
Fjármálaráðuneyti	2 096	1 865	1 029	1 310	1 495	1 258	1 336
Þar af uppbætur á lífeyri	1 705	1 454	775	1 165	1 235	981	890
Samgönguráðuneyti	612	585	641	605	509	112	144
Iðnaðarráðuneyti	1 010	1 242	643	417	445	460	476
Viðskiptaráðuneyti	5 570	5 913	6 165	5 447	5 241	7	12
Þar af niðurgreiðslur á vöruverði	5 570	5 909	6 157	5 441	5 230	-	-
Hagstofa Íslands	-	-	-	-	-	-	4
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	94	98	99	68
Samtals	**43 685**	**44 786**	**45 642**	**48 470**	**48 079**	**44 014**	**44 031**

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[2] Endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegs féll niður árið 1990.

Tafla 12 **Verðlags- og launaþróun**

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Spá 1994
Vísitölur (1980 = 100)													
Framfærsluvísitala	228	420	542	718	871	1 034	1 297	1 571	1 804	1 926	1 997	2 073	2 114
Byggingarvísitala	237	403	505	668	832	979	1 153	1 420	1 673	1 800	1 844	1 886	1 924
Lánskjaravísitala	227	408	546	713	888	1 043	1 287	1 524	1 760	1 894	1 964	2 015	2 045
Meðalgengi	210	386	448	573	659	684	781	982	1 104	1 103	1 109	1 205	1 243
Verðvísitala samneyslu	229	379	460	621	788	1 003	1 242	1 439	1 598	1 730	1 794	1 837	1 855
Verðvísitala einkaneyslu	229	419	552	732	878	1 017	1 278	1 576	1 832	1 929	2 024	2 102	2 152
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	230	405	518	680	846	1 017	1 255	1 511	1 727	1 852	1 914	1 941	1 989
Atvinnutekjur á mann	240	376	481	685	912	1 296	1 607	1 820	2 019	2 216	2 250	2 238	2 227
Ráðstöfunartekjur á mann	248	395	505	743	977	1 424	1 737	1 937	2 130	2 332	2 368	2 316	2 286
Kaupmáttur atvinnutekna	105	90	89	96	105	125	124	116	112	115	113	108	105
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	109	94	93	104	112	138	134	123	118	121	119	111	107
Breyting milli ára, %													
Framfærsluvísitala	51,0	84,3	29,2	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	3,7	3,8	2,0
Byggingarvísitala	55,3	70,4	25,3	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	2,3	2,0
Lánskjaravísitala	49,8	79,4	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	15,4	7,6	3,7	2,6	1,5
Meðalgengi	57,1	83,4	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,8	12,4	-0,1	0,5	8,7	3,1
Verðvísitala samneyslu	55,0	65,7	21,2	35,0	27,0	27,2	23,8	15,8	11,1	8,2	3,7	2,4	1,0
Verðvísitala einkaneyslu	51,9	82,6	31,8	32,6	19,9	15,9	25,7	23,3	16,3	5,3	4,9	3,9	2,4
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	53,4	76,2	27,7	31,4	24,5	20,2	23,4	20,4	14,3	7,3	3,4	1,4	2,4
Atvinnutekjur á mann	53,8	56,5	27,8	42,5	33,0	42,2	24,0	13,3	10,9	9,8	1,5	-0,5	-0,5
Ráðstöfunartekjur á mann	56,0	59,3	27,8	47,1	31,5	45,8	22,0	11,5	10,0	9,5	1,5	-2,2	-1,3
Kaupmáttur atvinnutekna	1,9	-15,0	-0,9	7,6	9,6	19,7	-1,2	-6,4	-3,4	2,8	-2,1	-4,5	-3,1
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	3,3	-13,5	-0,9	11,1	8,5	22,6	-2,8	-7,8	-4,6	2,5	-2,0	-6,0	-4,0

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 13 **Þjóðhagsyfirlit**

Hlutfall af VLF, %	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993 [1]
Einkaneysla	58,6	59,7	59,5	61,2	62,2	60,4	62,4	61,1	59,8	60,3	61,5	61,8	60,5
Samneysla	17,1	18,0	18,1	16,6	17,5	17,9	18,5	19,5	19,3	19,4	20,0	20,8	21,2
Fjárfesting	24,2	24,1	21,3	20,8	20,4	18,7	19,7	18,9	18,2	18,9	18,9	17,0	15,3
Neysla og fjárfesting alls	99,8	101,8	98,9	98,6	100,1	96,9	100,6	99,5	97,2	98,6	100,5	99,6	97,0
Birgðabreytingar	1,0	2,4	-1,6	0,9	-0,8	-1,3	-0,2	0,7	-0,2	-0,5	0,3	0,0	-
Þjóðarútgjöld alls	**100,9**	**104,2**	**97,3**	**99,5**	**99,3**	**95,6**	**100,4**	**100,2**	**97,1**	**98,1**	**100,8**	**99,6**	**97,0**
Útflutningur vöru og þjónustu	35,6	33,1	40,9	38,9	41,3	39,5	35,1	32,7	35,1	35,7	33,1	32,3	34,3
Innflutningur vöru og þjónustu	36,4	37,3	38,1	38,5	40,6	35,1	35,5	32,9	32,2	33,7	33,9	31,9	31,3
Vaxtajöfnuður o.fl	-3,3	-3,9	-4,6	-5,2	-4,7	-3,9	-3,0	-3,3	-4,3	-4,1	-3,9	-3,6	-3,8
Viðskiptajöfnuður	-4,2	-8,1	-1,9	-4,7	-3,9	0,5	-3,4	-3,5	-1,3	-2,2	-4,7	-3,1	-0,8
Verg landsframleiðsla, m. kr.	**24 526**	**38 365**	**66 270**	**88 091**	**119 996**	**159 089**	**208 070**	**255 810**	**308 506**	**354 379**	**384 053**	**382 255**	**391 586**

[1] Hér er miðað við áætlun ÞHS í desember 1993. Samkvæmt bráðabirgðatölum varð hins vegar lítilsháttar afgangur á viðskiptajöfnuði 1993.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 14 Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993 [1]
Vísitölur (1980 = 100)													
Einkaneysla	106	112	105	109	114	123	143	137	131	130	137	131	126
Samneysla	107	114	119	120	128	136	145	152	156	163	168	167	171
Fjármunamyndun	101	101	88	96	98	97	115	115	105	108	110	96	85
Þjóðarútgjöld alls	**106**	**111**	**102**	**108**	**111**	**117**	**135**	**134**	**128**	**129**	**136**	**128**	**123**
Útflutningur vöru og þjónustu	103	94	104	107	118	125	130	126	129	129	121	119	123
Innflutningur vöru og þjónustu	107	107	96	105	115	116	143	136	122	124	130	120	108
Verg landsframleiðsla	**104**	**106**	**104**	**109**	**113**	**120**	**130**	**130**	**130**	**131**	**132**	**127**	**129**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	117	133	168	196	203	204	212	241	257	254	269	265	-
Verg þjóðarframleiðsla	**104**	**106**	**103**	**106**	**110**	**118**	**128**	**127**	**127**	**128**	**129**	**124**	**124**
Vergar þjóðartekjur	**103**	**105**	**101**	**104**	**108**	**118**	**131**	**129**	**127**	**127**	**130**	**124**	**122**
Breyting milli ára, %													
Einkaneysla	6,4	5,1	-5,8	3,8	4,4	7,2	16,6	-4,3	-4,2	-0,4	5,1	-4,7	-3,5
Samneysla	7,4	6,0	4,8	0,5	6,4	6,8	6,6	4,6	3,0	4,2	3,2	-0,4	2,0
Fjármunamyndun	1,0	-0,5	-12,3	9,2	2,0	-1,2	19,0	-0,6	-8,3	2,8	2,1	-13,3	-11,1
Þjóðarútgjöld alls	**5,7**	**5,0**	**-8,6**	**6,4**	**3,0**	**4,7**	**16,0**	**-0,9**	**-4,5**	**0,9**	**5,0**	**-5,7**	**-3,7**
Útflutningur vöru og þjónustu	3,3	-9,0	10,5	2,5	11,0	5,9	3,8	-3,4	2,6	-0,2	-5,8	-1,8	3,7
Innflutningur vöru og þjónustu	7,1	-0,6	-9,7	9,1	9,4	0,9	23,3	-4,6	-10,3	1,0	5,4	-7,9	-10,2
Verg landsframleiðsla	**4,4**	**2,0**	**-2,0**	**4,1**	**3,6**	**6,5**	**8,8**	**-0,4**	**0,2**	**0,5**	**1,0**	**-3,7**	**1,0**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	16,8	13,9	26,6	16,3	3,7	0,2	4,1	14,0	6,4	-1,0	5,9	-1,7	-
Verg þjóðarframleiðsla	**4,0**	**1,6**	**-3,0**	**3,6**	**3,6**	**6,8**	**9,0**	**-1,0**	**-0,1**	**0,6**	**0,8**	**-3,8**	**0,5**
Vergar þjóðartekjur	**3,4**	**1,1**	**-3,6**	**3,3**	**3,3**	**9,4**	**11,0**	**-1,2**	**-1,8**	**-0,1**	**2,4**	**-4,5**	**-1,3**

[1] Hér er miðað við áætlun ÞHS í desember 1993.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 15 Utanríkisviðskipti

Milljónir króna á verðlagi ársins 1994 [1]	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993
Vöruútflutningur	**84 732**	**71 468**	**88 751**	**88 010**	**96 386**	**103 224**	**101 307**	**95 424**	**102 912**	**103 962**	**96 009**	**89 118**	**94 704**
Sjávarafurðir	66 324	53 616	60 366	59 153	72 060	79 487	76 996	67 817	71 143	76 119	77 946	71 237	74 571
Ál	8 219	7 181	15 603	12 800	9 539	9 469	9 700	10 253	13 040	10 836	8 745	8 081	8 258
Kísiljárn	1 595	2 048	2 926	3 796	3 484	3 062	2 813	3 742	4 245	2 621	1 691	1 568	2 495
Annar vöruútflutningur	8 595	8 623	9 855	12 262	11 304	11 207	11 797	13 613	14 483	14 386	7 626	8 233	9 380
Vöruinnflutningur	**87 273**	**87 356**	**86 525**	**89 251**	**96 415**	**94 088**	**105 063**	**95 933**	**93 312**	**98 564**	**99 238**	**89 195**	**82 393**
Skip og flugvélar	4 330	3 363	2 797	2 443	2 739	4 274	6 240	8 364	7 507	8 962	6 606	6 727	1 810
Olía	14 118	13 410	14 354	13 760	15 085	8 477	7 111	5 660	7 699	9 382	7 766	7 192	7 357
Annar vöruinnflutningur	68 826	70 583	69 373	73 047	78 591	81 337	91 711	81 909	78 107	80 220	84 866	75 276	73 226
Vöruskiptajöfnuður	**-2 541**	**-15 888**	**2 226**	**-1 240**	**- 29**	**9 136**	**-3 756**	**- 509**	**9 599**	**5 398**	**-3 229**	**- 77**	**12 311**
Útflutt þjónusta án vaxta	28 365	35 696	40 294	40 118	45 077	41 136	38 252	33 859	36 325	38 237	37 404	36 226	43 494
Innflutt þjónusta án vaxta	28 573	33 420	33 927	37 293	42 561	34 185	36 176	34 204	34 235	35 920	37 399	34 541	40 890
Þjónustujöfnuður án vaxta	**- 207**	**2 276**	**6 367**	**2 824**	**2 516**	**6 951**	**2 076**	**- 345**	**2 090**	**2 318**	**5**	**1 685**	**2 604**
Vaxtajöfnuður o.fl.	-10 514	-12 601	-14 611	-17 014	-15 947	-14 299	-11 845	-12 895	-16 987	-16 430	-15 702	-13 784	-14 577
Viðskiptajöfnuður	**-13 262**	**-26 214**	**-6 019**	**-15 430**	**-13 460**	**1 788**	**-13 525**	**-13 749**	**-5 298**	**-8 715**	**-18 925**	**-12 176**	**338**
Hlutfall af VLF, %													
Vöruskiptajöfnuður	-0,8	-4,9	0,7	-0,4	-	2,5	-0,9	-0,1	2,4	1,4	-0,8	0,0	3,1
Þjónustujöfnuður án vaxta	-0,1	0,7	2,0	0,9	0,7	1,9	0,5	-0,1	0,5	0,6	0,0	0,4	0,7
Vaxtajöfnuður o.fl.	-3,3	-3,9	-4,6	-5,2	-4,7	-3,9	-3,0	-3,3	-4,3	-4,1	-3,9	-3,6	-3,7
Viðskiptajöfnuður	-4,2	-8,1	-1,9	-4,7	-3,9	0,5	-3,4	-3,5	-1,3	-2,2	-4,7	-3,1	0,1

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 16 Fjárfesting

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]							
	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993
Fjárfesting alls	**66 896**	**72 700**	**66 447**	**61 300**	**-1,2**	**-19,0**	**-1,3**	**-8,5**	**2,8**	**2,1**	**-11,2**	**-11,5**
Atvinnuvegirnir	**29 686**	**31 300**	**28 231**	**21 450**	**6,6**	**20,6**	**-7,9**	**-20,1**	**7,5**	**0,1**	**-12,8**	**-29,4**
Landbúnaður [2]	1 791	1 890	1 698	1 650	14,7	-7,3	-9,9	-24,7	-39,6	0,2	-11,4	-7,8
Fiskveiðar	2 361	2 600	5 880	2 100	124,5	39,7	17,6	-55,0	-39,3	4,3	119,6	-67,5
Vinnsla sjávarafurða	1 730	1 410	1 408	1 600	-5,1	-5,9	-12,1	-33,1	20,4	-22,8	-3,6	5,0
Álverksmiðja	930	900	342	580	33,3	31,3	-42,9	158,3	83,9	-8,7	-63,1	58,8
Járnblendiverksmiðja	105	40	10	40	-57,0	32,6	0,0	326,3	-58,8	-63,8	-76,3	277,8
Annar iðnaður	4 352	5 750	5 080	4 900	-9,5	8,0	-5,4	-8,8	-26,9	25,2	-14,6	-10,5
Flutningatæki	9 640	9 240	5 209	2 000	-27,2	15,5	-31,3	97,8	116,7	-8,2	-45,9	-64,7
Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4 721	4 330	4 397	4 130	9,1	54,5	-25,4	-8,9	-6,2	-14,8	-0,7	-8,0
Ýmsar vélar og tæki	4 056	5 140	4 207	4 450	-0,3	24,4	-1,9	-35,9	24,3	21,5	-21,3	-5,6
Íbúðarhúsnæði	**15 555**	**15 900**	**15 760**	**15 000**	**-13,8**	**14,1**	**10,7**	**2,3**	**-0,6**	**-5,0**	**-3,3**	**-7,0**
Fjárfesting hins opinbera	**21 655**	**25 500**	**22 456**	**24 850**	**-5,8**	**19,0**	**4,4**	**5,4**	**-1,4**	**9,9**	**-14,1**	**7,9**
Rafvirkjanir og rafveitur	4 881	5 800	2 352	2 200	-27,0	11,7	35,5	34,7	37,2	11,8	-60,8	-9,3
Hita- og vatnsveitur	1 645	1 450	1 505	1 550	-12,8	-6,7	50,7	15,7	-37,3	-18,1	1,3	0,8
Samgöngumannvirki	7 159	9 450	9 829	11 800	0,0	27,0	-21,1	-5,1	-8,0	23,0	1,8	16,6
Byggingar hins opinbera	7 970	8 800	8 770	9 300	2,7	17,5	25,5	2,4	-0,7	2,6	-2,7	3,8
Til samanburðar												
Verg landsframleiðsla	354 379	384 053	382 255	391 586	6,5	8,8	-0,4	0,2	0,5	1,0	-3,7	1,0

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980 fram til ársins 1990, en eftir það á verðlagi ársins 1990.

[2] Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 17 Opinberar framkvæmdir

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Spá 1994
Rafvirkjanir og rafveitur	797	1 159	1 510	1 550	991	899	1 177	1 882	3 103	4 880	5 800	2 352	2 200	2 000
Hitaveitur	325	260	275	457	663	630	690	1 330	1 970	1 040	730	956	900	950
Vatnsveitur	45	70	100	113	208	210	240	320	370	605	720	549	650	650
Vegir og brýr	228	329	504	653	874	955	1 027	1 537	1 728	2 290	2 600	2 641	4 140	3 447
Götur og holræsi	230	393	640	670	973	950	1 456	1 947	2 221	2 565	3 350	3 157	3 420	3 300
Hafnir og vitar	87	127	177	214	232	206	508	785	913	960	1 520	1 514	1 400	1 500
Flugvellir	18	31	81	220	431	712	1 528	388	521	340	530	663	740	493
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	86	181	362	472	552	802	1 115	752	905	1 005	1 450	1 854	2 100	2 360
Skólar og íþróttamannvirki	168	272	487	611	797	907	1 532	2 038	2 723	2 720	2 950	3 220	3 700	3 600
Sjúkrahús	162	271	370	401	558	798	754	1 234	1 336	1 490	1 920	1 680	1 700	1 600
Félagsheimili og kirkjur	27	46	90	88	182	292	149	189	217	280	280	720	650	650
Aðrar byggingar hins opinbera	43	86	148	232	389	463	966	1 565	2 067	3 480	3 650	3 150	3 250	3 150
Samtals	**2 216**	**3 225**	**4 744**	**5 681**	**6 850**	**7 824**	**11 142**	**13 967**	**18 074**	**21 655**	**25 500**	**22 456**	**24 850**	**23 700**
Hlutfallsleg skipting, %														
Rafvirkjanir og rafveitur	36,0	35,9	31,8	27,3	14,5	11,5	10,6	13,5	17,2	22,5	22,7	10,5	8,9	8,4
Hitaveitur	14,7	8,1	5,8	8,0	9,7	8,1	6,2	9,5	10,9	4,8	2,9	4,3	3,6	4,0
Vatnsveitur	2,0	2,2	2,1	2,0	3,0	2,7	2,2	2,3	2,0	2,8	2,8	2,4	2,6	2,7
Vegir og brýr	10,3	10,2	10,6	11,5	12,8	12,2	9,2	11,0	9,6	10,6	10,2	11,8	16,7	14,5
Götur og holræsi	10,4	12,2	13,5	11,8	14,2	12,1	13,1	13,9	12,3	11,8	13,1	14,1	13,8	13,9
Hafnir og vitar	3,9	3,9	3,7	3,8	3,4	2,6	4,6	5,6	5,1	4,4	6,0	6,7	5,6	6,3
Flugvellir	0,8	1,0	1,7	3,9	6,3	9,1	13,7	2,8	2,9	1,6	2,1	3,0	3,0	2,1
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	3,9	5,6	7,6	8,3	8,1	10,3	10,0	5,4	5,0	4,6	5,7	8,3	8,5	10,0
Skólar og íþróttamannvirki	7,6	8,4	10,3	10,8	11,6	11,6	13,7	14,6	15,1	12,6	11,6	14,3	14,9	15,2
Sjúkrahús	7,3	8,4	7,8	7,1	8,1	10,2	6,8	8,8	7,4	6,9	7,5	7,5	6,8	6,8
Félagsheimili og kirkjur	1,2	1,4	1,9	1,5	2,7	3,7	1,3	1,4	1,2	1,3	1,1	3,2	2,6	2,7
Aðrar byggingar hins opinbera	1,9	2,7	3,1	4,1	5,7	5,9	8,7	11,2	11,4	16,1	14,3	14,0	13,1	13,3
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 18 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Fjárlög 1994
Tekin lán	**10 190**	**18 941**	**26 913**	**37 570**	**44 287**	**52 026**	**68 273**	**97 182**	**112 785**	**127 112**	**153 412**	**181 413**	**197 363**
Seðlabanki Íslands	278	915	1 897	3 683	1 693	3 059	3 448	3 221	1 810	757	13	-	-
Spariskírteini	1 912	3 310	3 244	5 165	8 541	11 775	16 659	21 717	31 043	36 301	39 089	47 200	-
Ríkisbréf	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1 257	2 487	6 010	-
Ríkisvíxlar	-	-	-	-	-	931	725	5 892	8 142	8 244	12 545	13 746	-
Aðrir innlendir aðilar	1 268	2 234	2 275	3 092	4 749	6 306	7 236	7 840	12 011	12 600	12 005	12 200	-
Erlend lán	6 732	12 482	19 497	25 630	29 304	29 955	40 205	58 512	59 779	67 953	87 273	102 257	-
Lánveitingar	**9 909**	**15 149**	**21 414**	**29 839**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**53 058**	**62 858**	**66 870**	**71 400**	**72 317**
Veitt lán	8 703	13 048	18 182	24 737	22 985	24 182	29 967	34 433	34 022	37 556	41 653	44 400	-
Þar af lán tengd innlendu verðlagi	2 168	3 114	4 168	10 517	11 596	13 476	15 795	16 331	18 306	22 089	22 773	24 000	-
Þar af gengisbundin lán	6 535	9 934	14 014	14 220	11 389	10 706	14 172	18 102	15 716	15 468	18 880	20 400	-
Viðskiptareikningar, nettó	1 206	2 101	3 232	5 102	6 728	11 450	17 602	14 789	19 036	25 302	25 217	27 000	-
Tekin lán umfram lánveitingar	**281**	**3 792**	**5 499**	**7 731**	**14 574**	**16 394**	**20 704**	**47 960**	**59 727**	**64 254**	**86 542**	**110 013**	**125 046**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	97,2	80,0	79,6	79,4	67,1	68,5	69,7	50,6	47,0	49,5	43,6	39,4	36,6
Hlutfall af VLF, % [2]													
Tekin lán	20,9	25,1	26,2	28,2	27,3	24,1	25,0	28,6	31,5	32,7	39,2	45,2	47,1
Þar af erlend lán	13,7	17,1	18,5	19,5	18,3	14,5	14,7	17,0	16,8	17,7	21,9	25,2	-
Veitt lán	17,8	17,4	17,7	18,0	14,0	11,0	11,0	9,6	9,5	9,6	10,4	10,9	11,5
Þar af gengisbundin lán	13,3	13,6	13,3	10,3	6,9	5,2	5,2	5,3	4,4	4,0	4,7	5,0	-
Viðskiptareikningar, nettó	2,5	2,5	3,4	3,7	4,0	5,0	6,4	4,4	5,3	6,4	6,6	6,8	-
Tekin lán umfram lánveitingar	0,6	5,2	5,1	6,5	9,3	8,0	7,6	14,0	16,7	16,6	21,9	27,3	31,7

[1] Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs ekki meðtaldar.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengi.

Tafla 19 Skuldir opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Áætlun 1993	Spá 1994
I. Heildarskuldir														
Ríkissjóður	4 993	10 183	18 915	26 895	37 496	44 223	51 942	68 169	97 013	112 513	127 184	152 929	180 913	196 863
Innlendar	2 246	3 451	6 433	7 398	11 866	14 919	21 987	27 964	38 501	52 734	59 231	65 656	78 656	-
Erlendar	2 747	6 732	12 482	19 497	25 630	29 304	29 955	40 205	58 512	59 779	67 953	87 273	102 257	-
Bæjar- og sveitarfélög	733	1 442	2 447	2 844	3 540	5 049	6 833	9 177	13 240	15 471	17 124	20 005	22 600	25 100
Innlendar	727	1 431	2 428	2 821	3 512	5 009	6 780	9 105	13 002	15 270	16 506	17 105	19 200	-
Erlendar	6	11	19	23	28	40	53	72	238	201	618	2 900	3 400	-
Samtals	**5 726**	**11 625**	**21 362**	**29 739**	**41 036**	**49 272**	**58 775**	**77 346**	**110 253**	**127 984**	**144 308**	**172 934**	**203 513**	**221 963**
Innlendar	2 973	4 882	8 861	10 219	15 378	19 928	28 767	37 069	51 503	68 004	75 737	82 761	97 856	-
Erlendar	2 753	6 743	12 501	19 520	25 658	29 344	30 008	40 277	58 750	59 980	68 571	90 173	105 657	-
II. Nettóskuldir														
Ríkissjóður	974	281	3 792	5 499	7 731	14 574	16 394	20 704	47 960	59 727	64 564	86 542	105 691	120 093
Bæjar- og sveitarfélög	- 2	75	307	395	1 040	1 498	1 845	2 518	4 816	6 347	7 288	10 194	12 250	14 500
Almannatryggingar	- 212	- 375	- 617	- 738	- 929	-1 007	-1 191	-1 351	-2 196	-2 370	-2 475	-2 099	-2 000	-2 000
Samtals	**760**	**- 19**	**3 482**	**5 156**	**7 842**	**15 065**	**17 048**	**21 871**	**50 580**	**63 704**	**69 377**	**94 637**	**115 941**	**132 593**
III. Raunvirði heildarskulda, verðlag 1994 [2]														
Samtals	**93 324**	**115 858**	**109 534**	**119 859**	**123 328**	**124 047**	**131 214**	**144 271**	**161 706**	**162 933**	**173 192**	**203 772**	**215 212**	**221 963**
Innlendar	39 494	42 167	43 272	39 122	45 003	46 876	56 289	58 779	67 830	78 360	81 380	86 047	100 275	-
Erlendar	53 830	73 692	66 262	80 736	78 324	77 171	74 925	85 492	93 876	84 573	91 812	117 725	114 937	-
Hlutfall af VLF, %														
Heildarskuldir	**23,3**	**30,3**	**32,2**	**33,8**	**34,2**	**31,0**	**28,2**	**30,2**	**35,7**	**36,1**	**37,6**	**45,2**	**52,0**	**56,5**
Innlendar	12,1	12,7	13,4	11,6	12,8	12,5	13,8	14,5	16,7	19,2	19,7	21,7	25,0	-
Erlendar	11,2	17,6	18,9	22,2	21,4	18,4	14,4	15,7	19,0	16,9	17,9	23,6	27,0	-
Nettóskuldir	**3,1**	**0,0**	**5,3**	**5,9**	**6,5**	**9,5**	**8,2**	**8,5**	**16,4**	**18,0**	**18,1**	**24,8**	**29,6**	**33,7**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA). Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru raunvirtar miðað við verðlag landsframleiðslu en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 20 Flokkun erlendra langtímalána

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðb. 1993
Lántökur	**1 698**	**3 633**	**5 577**	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 038**	**30 022**	**32 403**	**30 066**
Opinberir aðilar	809	2 206	3 483	4 062	5 561	5 704	2 989	4 745	9 522	8 763	17 300	19 836	14 648
Lánastofnanir	550	1 124	1 954	2 715	3 485	4 311	7 620	10 055	12 798	9 095	7 639	9 803	14 614
Einkaaðilar	339	303	140	732	886	2 027	2 210	1 832	3 750	10 180	5 083	2 764	804
Afborganir	**633**	**1 230**	**2 674**	**4 278**	**4 457**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**14 880**	**19 125**	**23 865**
Opinberir aðilar	249	454	994	1 377	1 632	2 481	2 314	1 768	2 731	2 947	3 927	9 187	8 104
Lánastofnanir	220	468	1 067	1 427	1 794	2 387	2 169	2 856	4 471	6 154	7 019	7 467	12 391
Einkaaðilar	164	308	613	1 474	1 031	1 069	1 294	1 975	1 902	2 259	3 934	2 471	3 370
Nettó hreyfing	**1 065**	**2 403**	**2 903**	**3 231**	**5 475**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 678**	**15 142**	**13 278**	**6 201**
Opinberir aðilar	560	1 752	2 489	2 685	3 929	3 223	675	2 977	6 791	5 816	13 373	10 649	6 544
Lánastofnanir	330	656	887	1 288	1 691	1 924	5 451	7 199	8 327	2 941	620	2 336	2 223
Einkaaðilar	175	- 5	- 473	- 742	- 145	958	916	- 143	1 848	7 921	1 149	293	-2 566
Vaxtagreiðslur	**827**	**1 541**	**2 974**	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 294**	**14 345**	**14 846**	**14 028**	**15 054**
Opinberir aðilar	514	954	1 969	2 830	3 573	4 321	4 199	4 856	7 130	7 551	8 010	7 859	9 482
Lánastofnanir	166	313	630	868	1 210	1 313	1 438	2 074	4 099	5 231	4 964	4 381	4 178
Einkaaðilar	147	274	375	479	476	518	521	664	1 065	1 563	1 872	1 788	1 394
Staða í árslok	**7 521**	**14 904**	**32 127**	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 621**	**209 030**	**249 772**
Opinberir aðilar	4 759	9 636	21 434	28 946	41 602	50 049	51 547	61 994	85 308	98 093	112 498	122 467	149 563
Lánastofnanir	1 415	3 026	6 807	9 595	14 179	18 493	24 646	35 155	53 229	60 396	61 673	64 076	76 851
Einkaaðilar	1 347	2 242	3 886	4 018	5 076	6 540	7 613	8 322	12 528	21 223	22 450	22 487	23 358
Gengisforsendur; SDR = Krónur	8,5	13,7	26,6	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	80,7	81,0	94,6
Meðalvextir	**12,3**	**11,8**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**9,6**	**8,0**	**7,0**	**6,1**
Opinberir aðilar	11,8	11,5	10,1	10,5	9,2	9,1	8,2	8,1	8,9	9,1	7,8	6,9	6,6
Lánastofnanir	14,2	12,3	10,3	10,1	9,4	7,7	7,0	7,0	8,7	9,0	8,1	7,0	5,6
Einkaaðilar	12,1	12,2	8,9	10,5	9,2	8,9	7,5	7,9	9,6	10,2	8,7	8,1	5,5

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 21 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Áætlun 1993
I. Erlend skuldastaða, meðalgengi hvers árs													
Erlend langtímalán	**7 521**	**14 904**	**32 127**	**42 599**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 470**	**151 065**	**179 712**	**196 214**	**209 007**	**249 772**
Erlend skammtímastaða nettó	- 590	-1 290	-1 343	-2 566	-9 339	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-5 846	-8 256	-9 609	661
Gjaldeyrisstaða	1 451	1 101	2 280	1 763	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	27 354
Nettóstaða við útlönd	**6 660**	**15 093**	**31 190**	**43 402**	**62 899**	**71 362**	**84 154**	**106 349**	**142 353**	**161 685**	**179 626**	**189 597**	**221 757**
II. Raunvirði erlendra skulda, verðlag 1993 [1]													
Erlend langtímalán	135 185	149 729	156 539	161 966	170 774	181 513	192 353	205 794	221 895	232 938	241 504	250 835	249 772
Nettóstaða við útlönd	119 709	151 628	151 974	165 019	176 504	172 520	193 152	207 509	209 098	209 572	221 087	227 541	221 757
Hlutfall af VLF, %													
Erlend langtímalán	30,7	38,8	48,5	48,4	50,7	47,2	40,3	41,2	49,0	50,7	51,1	54,7	63,8
Nettóstaða	27,2	39,3	47,1	49,3	52,4	44,9	40,4	41,6	46,1	45,6	46,8	49,6	56,6
III. Greiðslubyrði erlendra lána													
Afborganir af erlendum langtímalánum	633	1 230	2 674	4 278	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 360	15 056	19 125	23 865
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	827	1 541	2 974	4 177	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 345	14 816	14 036	15 055
Samtals	1 460	2 771	5 648	8 455	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 705	29 872	33 161	38 920
Nettóvaxtagreiðslur	802	1 475	3 050	4 555	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 797	13 619	14 577
Hlutfall af útflutningstekjum, %													
Afborganir af erlendum langtímalánum	7,1	9,4	9,7	12,3	8,9	9,3	7,8	7,8	8,3	8,8	11,6	15,1	16,9
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	9,3	11,8	10,8	12,0	10,5	9,7	8,3	9,0	11,2	11,1	11,4	11,1	10,7
Samtals	16,4	21,2	20,6	24,3	19,4	19,0	16,1	16,8	19,4	20,0	23,0	26,2	27,6
Nettóvaxtagreiðslur	9,0	11,3	11,1	13,1	11,2	9,8	8,4	9,7	11,8	11,2	11,4	10,8	10,4
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	16,1	20,7	20,8	25,4	20,0	19,1	16,2	17,4	20,0	20,0	23,0	25,9	27,3

[1] Miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 22 Byggingarsjóður ríkisins [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Fjárlög 1994
Innstreymi	**529**	**957**	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**10 798**	**8 294**	**8 422**	**8 703**
Ríkissjóður	70	147	245	966	1 300	1 000	1 125	550	44	-	-	700	-
Lífeyrissjóðir	129	268	356	691	1 730	3 705	5 684	7 317	7 279	4 982	2 353	1 675	2 250
Skyldusparnaður, nettó	29	- 8	- 82	- 17	22	85	15	- 164	- 161	- 163	- 420	-1 850	- 727
Önnur lán	52	150	827	703	150	157	-	-	1 329	351	58	1 597	-
Afborganir, vextir og verðbætur	203	377	459	799	1 238	1 681	2 495	3 334	4 413	5 289	6 075	5 904	7 035
Byggingarsjóður verkamanna, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	-	175	-	81	19	96	116	-
Tekjur	10	17	28	40	51	48	203	85	83	227	132	217	145
Sjóðsminnkun	36	6	108	-	-	59	-	496	459	93	-	63	-
Útstreymi	**529**	**957**	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**10 798**	**8 294**	**8 422**	**8 703**
Rekstrarkostnaður o.fl.	17	30	48	96	118	178	245	278	294	257	82	140	131
Afborganir, vextir og verðbætur	114	234	339	676	944	1 490	2 416	3 272	4 102	5 863	6 564	7 495	7 760
Lán til Byggingarsjóðs verkamanna	-	-	-	73	153	334	123	203	97	180	374	381	332
Annað	5	1	2	59	-	-	141	354	178	219	273	194	167
Sjóðsaukning	-	-	-	248	432	-	914	-	-	-	185	-	-
Veitt lán samkv. 11. grein, samtals	393	692	1 552	2 030	2 844	4 733	5 858	7 511	8 856	4 279	816	212	313
Til nýbygginga og eldri íbúða	294	595	1 297	1 550	1 943	4 109	4 920	6 000	7 192	3 637	224	138	-
Greiðsluerfiðleikalán	-	-	-	235	540	155	310	284	207	19	-	-	-
Lán vegna kaupleiguíbúða	-	-	-	-	-	-	55	525	892	60	206	-	-
Framkv.lán til nýbygg. og dvalarheimila	99	97	107	89	223	354	421	510	333	417	313	38	-
Aðrir lánaflokkar			148	156	138	115	152	192	232	146	73	36	-

[1] Fjármagnshreyfingar við Byggingarsjóð verkamanna vegna lífeyrissjóða eru ekki teknir með í yfirlitinu.

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 23 Byggingarsjóður verkamanna

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Bráðab. 1993	Fjárlög 1994
Innstreymi	**240**	**438**	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 539**	**7 635**	**7 779**	**9 564**
Ríkissjóður	105	158	200	282	300	300	600	600	490	900	1 075	925	918
Sveitarfélög	21	38	38	44	68	71	102	150	172	175	214	167	261
Kaupendur eldri íbúða	11	23	23	22	38	47	35	48	49	83	64	62	92
Lífeyrissjóðir	67	118	140	333	580	490	1 440	2 375	2 973	4 252	5 035	5 430	6 855
Afborganir, vextir og verðbætur	34	49	48	98	118	141	244	530	610	716	385	468	780
Verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör	-	-	-	136	85	46	61	89	415	185	271	247	261
Byggingarsjóður ríkisins	-	-	-	73	153	334	123	203	116	180	374	381	334
Annað	-	-	61	1	1	-	2	5	10	48	44	70	63
Sjóðsminnkun	2	52	-	-	-	147	-	-	116	-	173	29	-
Útstreymi	**240**	**438**	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 539**	**7 635**	**7 779**	**9 564**
Rekstrarkostnaður o.fl.	6	10	9	16	30	36	60	82	109	170	253	100	87
Afborganir, vextir og verðbætur	3	19	40	88	182	316	498	794	986	1 523	1 979	2 966	3 537
Byggingarsjóður ríkisins, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	-	175	-	81	19	96	116	-
Annað	-	-	-	-	2	6	-	-	-	-	-	-	-
Sjóðsaukning	-	-	52	113	35	-	5	208	-	84	-	-	-
Veitt lán, samtals	231	409	409	772	1 094	1 218	1 869	2 916	3 775	4 743	5 307	4 597	5 940
Verkamannabústaðir og leiguíbúðir	182	333	284	538	722	837	1 468	2 246	2 612	2 393	2 737	2 485	-
Kaupleiguíbúðir	-	-	-	-	-	-	6	121	483	1 488	1 938	1 561	-
Endursöluíbúðir	49	76	125	234	372	381	395	549	680	862	632	551	-

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 24 Útgáfa húsbréfa

Milljónir króna á verðlagi hvers mánaðar	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	**Samtals**
1990:													
Nýbyggingar	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	105	**105**
Eldri íbúðir	81	77	100	97	193	192	593	554	468	994	1 000	1 055	**5 404**
Samtals	**81**	**77**	**100**	**97**	**193**	**192**	**593**	**554**	**468**	**994**	**1 000**	**1 160**	**5 509**
1991:													
Nýbyggingar	489	422	398	247	230	152	310	252	222	207	293	257	**3 479**
Eldri íbúðir	937	700	819	701	918	434	886	826	671	677	981	656	**9 206**
Greiðsluerfiðleikar	-	4	101	148	376	161	411	440	232	136	242	177	**2 428**
Samtals	**1 426**	**1 126**	**1 318**	**1 096**	**1 524**	**747**	**1 607**	**1 518**	**1 125**	**1 020**	**1 516**	**1 090**	**15 113**
1992:													
Nýbyggingar	188	348	405	292	296	279	346	324	398	440	480	243	**4 039**
Eldri íbúðir	316	442	686	625	534	646	931	708	754	972	726	458	**7 798**
Greiðsluerfiðleikar	442	28	9	6	-	4	-	-	-	-	1	-	**490**
Viðbyggingar og endurbætur	-	-	9	2	1	15	22	12	11	9	8	6	**95**
Samtals	**946**	**818**	**1 109**	**925**	**831**	**944**	**1 299**	**1 044**	**1 163**	**1 421**	**1 215**	**707**	**12 422**
1993:													
Nýbyggingar	235	238	330	243	174	270	308	353	312	272	348	537	**3 620**
Eldri íbúðir	549	490	660	611	500	748	718	611	702	846	631	861	**7 927**
Viðbyggingar og endurbætur	34	40	30	33	18	25	22	21	24	17	39	21	**324**
Samtals	**818**	**768**	**1 020**	**887**	**692**	**1 043**	**1 048**	**985**	**1 038**	**1 135**	**1 018**	**1 419**	**11 871**

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

623. Skýrsla [416. mál]

félagsmálaráðherra um 80. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1993.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. INNGANGUR

Á árinu 1994 er þess minnst að 75 ár eru liðin frá því Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) hóf starfsemi sína árið 1919. Á þeim tíma var ástandið í mörgum ríkjum heimsins hörmulegt. Heimstyrjöldin fyrri hafði skilið eftir sviðna jörð, margar helstu borgir Evrópu voru í rúst og milljónir manna áttu um sárt að binda vegna missis ástvina og eigna. Atvinnuleysi var landlægt. Viðfangsefni viðreisnar og umbóta blöstu við hvert sem litið var. Ákveðið var að bæta sérstökum kafla inn í friðarsamningana, sem kenndir eru við Versali, um stofnun sem hefði forustu um félagslegar umbætur í heiminum. Kaflinn varð síðar kjarninn í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Tuttugu og fimm árum síðar var svipað umhorfs. Aftur hafði verið háð heimsstyrjöld með tilheyrandi tortímingu og eymd milljóna manna. Alþjóðavinnumálaþingið var kallað saman eftir nokkurt hlé til fundar í Fíladelfíu í Bandaríkjunum. Á þinginu var samþykkt yfirlýsing 10. maí 1944, Fíladelfíuyfirlýsingin, sem mótað hefur störf Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá lokum seinna stríðs. Í henni eru dregnar fram þær grundvallarreglur sem starfsemi stofnunarinnar byggir á: að vinna er ekki verslunarvara; að málfrelsi og félagafrelsi er frumskilyrði framfara; að fátækt, hvar sem er, stofnar hagsæld um víða veröld í voða; að baráttu gegn skorti þarf að heyja með óbilandi þrótti innan hvers þjóðfélags og með stöðugri og samræmdri alþjóðlegri viðleitni þar sem fulltrúar atvinnurekenda og launafólks eru jafnréttháir fulltrúum ríkisstjórna og sameinast um að vinna að því með frjálsum umræðum og lýðræðislegum ákvörðunum að auka sameiginlega hagsæld.

Þótt nú séu aðrar aðstæður en á árunum 1919 og 1944 eru blikur á lofti. Hrun Ráðstjórnarríkjanna hefur raskað ógnarjafnvæginu sem komst á við lok seinni heimstyrjaldarinnar. Stjórnmálaleg upplausn ríkir í Austur-Evrópu. Miskunnarlaust stríð er háð við dyraþrep Evrópubúa í Bosníu. Í okkar heimshluta er efnahagskreppa sem hefur leitt af sér meira atvinnuleysi en dæmi eru um síðastliðna áratugi. Og í þetta skipti hefur það knúð dyra hjá íslenskum heimilum. Leita þarf allt aftur til kreppuáranna til að finna hliðstæðu.

Við þessar aðstæður er eðlilegt að þeirri spurningu sé varpað fram hvað Alþjóðavinnumálastofnunin geti gert. Það er ljóst að stofnunin stendur á tímamótum. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf og stjórnarnefnd ILO gera sér grein fyrir þessu. Á síðustu árum hefur stefna og starfsemi stofnunarinnar komið aftur og aftur til umfjöllunar. Samning alþjóðareglna á sviði félags- og vinnumála var á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins árið 1984. Stjórnarnefndin skipaði vinnunefnd til að gera úttekt á þessu málefni árið 1987. Í framhaldi af ábendingum nefndarinnar hafa á undanförnum árum verið gerðar mikilvægar breytingar á starfsemi skrifstofunnar í Genf og skipulagi Alþjóðavinnumálaþingsins.

Þrátt fyrir umtalsverðar umbætur þurfa markmið og leiðir að vera til stöðugrar umræðu, svo og val á forgangsverkefnum. Hafa verður að leiðarljósi aðsteðjandi vandamál aðildarríkjanna og leiðir til lausnar á þeim. Nú á tímum felast þau fyrst og fremst í fátækt, félagslegu misrétti á milli einstaklinga sem og þjóða, brot á mannréttindum og umhverfisspjöll. Skortur á vinnu, sem skapar tekjur, er grundvallarástæðan fyrir fátækt og félagslegu misrétti. Það er viðeigandi þegar framangreindra tímamóta í starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verður minnst að taka til endurmats skipulag, stefnu og aðferðir ILO. Ríkisstjórnir Norðurlanda hyggjast stuðla að því með þátttöku sinni í starfi stofnunarinnar.

Í skýrslu þeirri, sem hér með er lögð fyrir Alþingi, er gerð grein fyrir málefnum sem voru á dagskrá 80. Alþjóðavinnumálaþingsins sem háð var dagana 2.–22. júní 1993. Framvinda þingsins var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Af fastanefndum dregur starf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta alltaf að sér athygli fulltrúa. Hún fjallar um brot aðilarríkjanna á stofnskrá og samþykktum ILO. Í skýrslunni er gerð grein fyrir störfum nefndarinnar og sagt frá athugasemdum sem sérfræðinganefnd stofnunarinnar hefur gert við framkvæmd Íslands á skuldbindandi reglum sem settar hafa verið á vettvangi stofnunarinnar.

Áskorun, sem fyrrverandi forsætisráðherra Indlands, Rajiv Gandhi, setti fram í ræðu þegar hann heimsótti Alþjóðavinnumálaþingið árið 1985, bar árangur á þessu 80. Alþjóðavinnumálaþingi. Í ræðu sem forsætisráðherrann flutti lagði hann til að ILO hefði forustu um að setja reglur sem koma í veg fyrir hliðstæða atburði og áttu sér stað í Bhopal á Indlandi þar sem stórfellt iðnaðarslys átti sér stað. Þingið afgreiddi alþjóðasamþykkt um varnir gegn iðnaðarslysum. Gerð er grein fyrir helstu atriðum samþykktarinnar og hún er birt í heild sinni sem fylgiskjal I með þessari skýrslu. Tillaga með samþykktinni er fylgiskjal II.

Auk framangreindra málefna átti sér stað fyrri umræða um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf. Stefnt er að því að afgreiða samþykkt og tillögu um þetta málefni á 81. Alþjóðavinnumálaþinginu 1994. Þingið fjallaði enn fremur um tækni- og þróunaraðstoð ILO og kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku. Loks afgreiddi þingið þingsályktun um félagslegt öryggi og afleiðingar atvinnuleysis og fátæktar.

Af hagkvæmnisástæðum er nokkur grein gerð fyrir starfi félagsmálaráðuneytisins að framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu í fylgiskjölum og viðaukum við skýrsluna. Sagt er frá samskiptum stjórnvalda við Evrópuráðið vegna framkvæmdar á 5. gr. félagsmálasáttmálans um félagafrelsi. Einnig er að finna stutta lýsingu á breytingum sem samþykkt hefur verið að gera á nokkrum ákvæðum sáttmálans. Loks er að finna í fylgiskjölum skýrslunnar athugasemdir sem sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur gert við framkvæmd Íslands á skuldbindandi ákvæðum sáttmálans á árunum 1990 og 1991.

Í lok nóvember 1993 fjallaði nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna í fyrsta skipi um framkvæmd Íslands á samningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Þar sem félagsmálaráðuneytið átti þátt í að semja skýrslu um framkvæmd samningsins og sendi fulltrúa til að eiga skoðanaskipti við nefnd Sameinuðu þjóðanna eru helstu niðurstöðum nefndarinnar gerð skil í viðauka III.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 80. Alþjóðavinnumálaþingið og birt alþjóðasamþykkt nr. 174, um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys, sem þingið afgreiddi.

2. 80. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1993

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Áttugasta Alþjóðavinnumálaþingið var formlega sett miðvikudaginn 2. júní 1993. Samtals tóku þátt í þinginu um það bil 2.000 fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekanda og launafólks. Aðilarríkjum hefur fjölgað mikið frá því að Ráðstjórnarríkin leystust upp. Þau eru nú 164 og sendu fleiri en nokkru sinni áður fulltrúa til þingsins eða 155.

Forseti þingsins var kjörinn félags- og vinnumálaráðherra Egyptalands, Assem Abdel Hak Saleh. Varaforsetar voru kjörnir úr röðum þeirra þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu. Kosnir voru ríkisstjórnarfulltrúi Hvíta-Rússlandi, George Badey, Ashraf W. Tabani, fulltrúi atvinnurekenda í Pakistan, og Manuel Bustos Huerta frá Síle en í sæti hans settist síðar Charles Gray, fulltrúi launafólks í Bandaríkjunum.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, sem var varamaður hans. Frá utanríkisráðuneyti: Kjartan Jóhannsson, sendiherra Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf. Varamenn voru: Lilja Ólafsdóttir sendiráðunautur og Stefán Jóhannesson sendiráðsritari. Á þingtímanum voru þau bæði starfsmenn fastanefndar Íslands í Genf. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúar launafólks: Benedikt Davíðsson, forseti Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Bryndís Hlöðversdóttir, lögfræðingur ASÍ. Fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skiptu með sér þátttöku í þinginu þannig að varamaður leysti aðalmann af hólmi þegar u.þ.b. helmingur þingtímans var liðinn.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun til næstu tveggja ára.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Drög að alþjóðasamþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum.
5. Félagslegt öryggi þeirra sem vinna hlutastörf (fyrri umræða).
6. Tæknisamvinna og þróunaraðstoð.
7. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.
8. Tillögur til þingsályktunar.

Á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu varð sú breyting að fulltrúar þeirra þriggja hópa, sem aðild eiga að þinginu, komu saman til óformlegra funda daginn fyrir formlega setningu Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í þingnefndum. Þessu fyrirkomulagi var haldið á 80. þinginu og þar með gátu nefndastörf hafist mun fyrr en á fyrri þingum. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna, ályktunarnefndar, nefndar sem fjallaði um tækniaðstoð, nefndar sem hafði til umfjöllunar drög að alþjóðasamþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum, nefndar um félagslegt öryggi þeirra sem vinna hlutastörf, þingskapanefndar og nefndar um framvindu þingsins. Fulltrúar Íslands tóku þátt í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta, fjárhagsnefnd, ályktunarnefnd, nefnd sem hafði til umfjöllunar drög að alþjóðasamþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum og nefnd um félagslegt öryggi þeirra sem vinna hlutastörf.

Sérstakur heiðursgestur forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, og Alþjóðavinnumálaþingsins var Carlos S. Menem, forseti Argentínu.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Störf á Alþjóðavinnumálaþinginu fara fram á tveimur stöðum. Í þingnefndum og á allsherjarþinginu. Á allsherjarþinginu eru samankomnir allir atkvæðisbærir þingfulltrúar til að taka þátt í öllum meiri háttar ákvörðunum sem snerta starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þar fara einnig fram umræður um skýrslu forstjóra og stjórnarnefndar. Að öllu jöfnu er skýrsla forstjóra í tveimur hlutum. Annar hlutinn er um starf alþjóðavinnumálaskrifstofunnar en hinn um afmarkað málefni sem snertir félags- og vinnumál. Yfirleitt snúast almennar umræður á allsherjarþinginu um þennan hluta skýrslu forstjóra. Á 80. Alþjóðavinnumálaþinginu var viðfangsefni forstjórans, Michel Hansenne, almannatryggingar og félagsleg vernd.

Í skýrslu forstjórans er dregið fram mikilvægi almannatrygginga að því er varðar að tryggja fólki lágmarkstekjur til framfæris. Þetta sé sérstaklega mikilvægt í atvinnuleysi og veikindum eða vegna fötlunar eða aldurs. Í skýrslunni er vakin athygli á því að aðsteðjandi kreppa og skuldasöfnun margra ríkja á undanförnum árum hafi leitt til þess að ríkisstjórnir hafi freistast til að stöðva frekari þróun almannatryggingakerfisins og jafnvel draga úr félagslegri vernd sem það veitir þegnunum. Þetta skerðir lífskjör og getur stofnað í hættu þeirri öflugu þróun í átt til lýðræðis sem hefur átt sér stað á undanförnum árum. Forstjórinn leggur áherslu á samræmda stefnumótun í félags- og vinnumálum og að hún þurfi að taka mið af markmiðum sem sett eru í efnahagsstefnu og þróun í átt til lýðræðis. Bent er á að afrakstur atvinnulífsins og skattstofn ríkisins hafi afgerandi áhrif á tækifæri til menntunar og félagslega vernd. Þróun efnahagslífsins er nauðsynleg forsenda félagslegra umbóta en aðgerðir á öðrum sviðum geta haft mikið að segja, t.d. aðgerðir sveitarfélaga, samvinnufélaga, trúfélaga o.s.frv.

Í skýrslunni er hvatt til umbóta í stjórnsýslu, t.d. að greint verði betur á milli verkefna ríkisstjórna og tryggingastofnana og að atvinnurekendum og hinum tryggðu verði gefið betra tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanatöku. Stefna í almannatryggingum eigi að taka mið af sameiginlegri ábyrgð einstaklinga, atvinnurekanda, fjölskyldunnar og ríkisins og fela í sér stuðning sem tryggi viðunandi lífsafkomu. Stefnan getur falist í þremur þáttum: kerfi sem tryggir lágmarksafkomu sem er fjármagnað af ríkinu með sköttum, kerfi sem byggi á skyldutryggingu með framlögum frá atvinnurekendum og hinum tryggðu sem veiti nánar tilgreindar bætur og í þriðja lagi valfrjálsu kerfi er feli í sér umframvernd og sé fjármagnað af framlögum frá einstaklingum.

Samtals tóku 285 ræðumenn þátt í umræðum á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins. Af ræðumönnum voru 125 ráðherrar. Í ræðunum var tekið undir það með forstjóranum að mikilvægt sé að standa vörð um það velferðarkerfi sem byggt hefur verið upp á Vesturlöndum og stuðla að umbótum þess í þróunarríkjunum. Hinu sé ekki að leyna að efnahagskreppa og fátækt hafi sett strik í reikninginn. Aukinn hagvöxtur og minna atvinnuleysi sé forsenda frekari umbóta.

Á síðustu dögum þingsins flutti forstjóri ILO, Michel Hansenne, ræðu þar sem hann dró saman helstu atriði sem fram koma í ræðum þingfulltrúa. Í ræðu sinni vakti forstjórinn athygli á því að lok 80. Alþjóðavinnumálaþingsins mörkuðu upphaf breytinga á skipulagi þingsins. Þingið hafi samþykkt breytingar á þingsköpum sem opni tækifæri til að gera það skilvirkara og styttra. Af þessu leiði sparnað bæði fyrir stofnunina og aðildarríkin.

Forstjórinn gerði að umtalsefni athugasemdir og ábendingar sem komu fram í máli ræðumanna á allsherjarþinginu varðandi skýrslu hans um almannatryggingar og félagslega vernd. Hann vitnaði til orða Reich, vinnumálaráðherra Bandaríkjanna, sem varpaði

fram þeirri spurningu hvort velja ætti á milli ójöfnuðar og atvinnusköpunar. Hansenne taldi að hér væri um að ræða hina sígildu togstreitu um það hvort hefði forgang, efnahagsumbætur eða félagsmál. Hann vísaði til þess að margir ræðumenn hefðu talað um tengslin á milli hagvaxtar og félagslegrar verndar og skoðanir væru skiptar. Það sé ljóst að að teknu tilliti til þjóðarframleiðslu séu áherslur ríkja mismunandi. Mikill munur geti verið á framlögum þjóða, sem hafa sömu þjóðartekjur, til félagsmála. Spurningin sé því oftar en ekki um forgangsröð frekar en efnahag.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Í kjörbréfanefnd eiga einungis sæti þrír fulltrúar. Hún er þar með fámennasta nefnd þingsins. Á 80. Alþjóðavinnumálaþinginu áttu eftirtaldir sæti í nefndinni: John Ausman, ríkisstjórnarfulltrúi frá Kanada, formaður. Enn fremur sátu í nefndinni Funes de Rioja, fulltrúi atvinnurekenda í Argentínu, og Grey, fulltrúi launafólks í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Nefndin fjallaði um kærur vegna sendinefndar Saír, fulltrúa launafólks í sendinefndum frá El Salvador, Grænhöfðaeyjum, Kóreu, Litáen, Mið-Afríkulýðveldinu, Níkaragva, Póllandi, Súdan, Tékklandi og Tógó. Kært var vegna ráðgjafa launafólks í sendinefnd Rúmeníu, enn fremur vegna fulltrúa atvinnurekenda í sendinefnd Alsír.

Yfirleitt fjalla kærurnar um það að ekki hafi verið rétt staðið að vali fulltrúa í sendinefndirnar. Í stofnskránni er kveðið á um rétt helstu samtaka atvinnurekenda og launafólks til að senda fulltrúa á þingið. Stundum er ekki ljóst hvaða samtök geta gert tilkall til að eiga fulltrúa í sendinefndum á Alþjóðavinnumálaþinginu og verður það tilefni deilna.

Nefndin var sammála um að taka öll kjörbréf gild. Þegar kjörbréfanefnd er sammála um að viðurkenna kjörbréf getur allsherjarþingið ekki breytt þeirri niðurstöðu.

2.4. FJÁRMÁL

Í fjárhagsnefnd sitja einungis fulltrúar ríkisstjórna. Nefndin hélt tvo fundi 3. og 4. júní. Formaður var kjörinn Chotard frá Frakklandi og Shah M. Farid frá Bangladess. Fulltrúi Íslands var Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Fyrir nefndinni lágu drög að fjárhags- og starfsáætlun fyrir árin 1994–95 auk nokkurra annarra málefna. Þeirra á meðal var tillaga frá stjórnarnefndinni um breytingar á reglugerð stofnunarinnar um fjármál, þ.e. að því er varðar afgreiðslu á ógreiddum árgjöldum. Venjuleg viðbrögð við drætti á greiðslu árgjalds er að hlutaðeigandi aðildarríki glatar atkvæðisrétti á Alþjóðavinnumálaþinginu. Breytingar stjórnarnefndarinnar fólust í að skerpa þessa reglu.

Þingið samþykkti tillögu fjárhagsnefndar um að árgjald Króatíu verði 0,13% af heildarárgjöldum aðildarríkjanna, Slóveníu 0,09% og Bosníu-Herzegóvínu 0,04%. Árgjald Júgóslavíu minnkar sem þessu nemur. Þess skal getið að 70 aðildarríki greiða lágmarkshlutdeild sem er 0,01%. Bandaríkin greiða 25% en árgjald Íslands er 0,03%.

Samkvæmt fjárhagsáætluninni, sem þingið samþykkti, verða heildarútgjöld Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á framangreindu tveggja ára tímabili 466.510.000 Bandaríkjadalir eða 676.439.500 svissneskir frankar. Í þessu felst að árgjald Íslands vegna ársins 1994 er 101.466 svissneskir frankar. Frá þeirri upphæð dragast 462 frankar vegna skilvísra skila á árgjaldi ársins 1992. Árgjaldið verður því 101.004 svissneskir frankar.

Enda þótt gagnrýni hafi komið fram á tillögu fjárhagsnefndar var hún samþykkt af allsherjarþinginu með 380 atkvæðum gegn 6. Alls sátu 26 fulltrúar hjá við atkvæðagreiðsluna.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Kjarninn í starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er setning alþjóðasamþykkta og tillagna á sviði félags- og vinnumála þar sem kveðið er á um lágmarkskröfur á þessu sviði. Rík áhersla er lögð á eftirlit með því að aðildarríkin fari eftir þeim samþykktum sem þau hafa fullgilt. Í höfuðatriðum eru það þrír aðilar sem gegna þessu eftirlitshlutverki, nefnd 20 sérfræðinga sem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu fyrir framlag sitt til félags- og vinnumála, nefnd um félagafrelsi og nefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Sú er fjölmennust nefnda Alþjóðavinnumálaþingsins. Á 80. Alþjóðavinnumálaþinginu sátu í nefndinni 212 fulltrúar með atkvæðisrétti: 109 fulltrúar ríkisstjórna, 22 fulltrúar atvinnurekenda og 81 fulltrúi launafólks. Auk þess sátu 115 áheyrnarfulltrúar fundi nefndarinnar. Þannig sátu oft á tíðum á fundunum rúmlega 320 fulltrúar.

Formaður var kosinn Perez del Castillo, fulltrúi ríkisstjórnar Úrúgvæ.

Varaformenn voru kosnir þeir sömu og undanfarin vinnumálaþing: Alfred Wisskirchen, fulltrúi atvinnurekenda í Þýskalandi, og Willy Peirens, fulltrúi launafólks í Belgíu. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Bryndís Hlöðversdóttir og Gylfi Kristinsson.

Almennar umræður.

Umræður í nefndinni byggja á skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna. Umræðunum má skipt í þrennt. Nefndin byrjar á því að ræða um það sem kemur fram í almenna hluta skýrslunnar. Þar næst er skipst á skoðunum um niðurstöður af athugun sérfræðinganna á skýrslum aðildarríkjanna um framkvæmd á tiltekinni alþjóðasamþykkt sem ekki hefur verið fullgilt. Meginhluti nefndarstarfsins felst hins vegar í því að ræða framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum samþykktum.

Fjöldi þingfulltrúa tók til máls í almennum umræðum. Flestir gerðu að umtalsefni samskipti þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og sérfræðinganefndarinnar. Samskipti þessara tveggja nefnda, sem gegna lykilhlutverki í eftirlitskerfi ILO, hafa komið til umfjöllunar á síðustu þremur vinnumálaþingum. Það sem hratt umræðunni af stað var gagnrýni fulltrúa atvinnurekanda á túlkun sérfræðinganefndarinnar á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Fulltrúinn var þeirrar skoðunar að sérfræðinganefndin beiti of rúmri lögskýringaraðferð þegar hún túlkar ákvæði samþykkarinnar, einkum að því er varðar vernd réttarins til að gera verkfall.

Sérfræðinganefndin brást við þessum ummælum með yfirlýsingu þess efnis að svo fremi sem aðildarríki óski ekki eftir úrskurði Alþjóðadómstólsins í Haag á túlkun ILO-samþykkta, eins og heimilt er samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sé það túlkun hennar sem gildi. Ekki vildu allir viðurkenna þessa skoðun og töldu að taka ætti tillit til sjónarmiða sem koma fram í þingnefndinni. Einnig var vakin athygli á ákvæði í 2. mgr. 37. gr. stofnskrár ILO sem heimilar stofnun sérstaks gerðardóms er skeri úr ágreiningi um túlkun á samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á síðasta þingi árið 1992 var samþykkt að fela alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf að taka saman skýrslu um hugsanlega beitingu ákvæða í 2. mgr. 37. gr. stofnskrárinnar. Skýrslan var lögð fyrir þingnefndina til athugunar.

Þar sem hér er um áhugavert málefni að ræða sem kemur til með að setja svip á almennar umræður í þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta er rétt að gera því nokkur skil.

Skýrsla aðþjóðavinnumálaskrifstofunnar er í þremur hlutum. Í fyrsta hlutanum er rifjað upp markmiðið með ákvæðum 2. mgr. 37. gr. stofnskrárinnar. Í öðrum hluta er fjallað um það hvernig fengist hefur verið við túlkun á alþjóðasamþykktum ILO fram til þessa. Þriðji hlutinn er um gagnsemi þess að skipa gerðardóminn sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 37. gr. og hvort sú leið bæti núverandi eftirlitskerfi.

Ákvæði 2. mgr. 37. gr. er svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. þessarar greinar getur stjórnarnefndin samið og lagt fyrir allsherjarþingið til samþykkis reglur um stofnun dómstóls sem ætlað er að veita skjóta úrlausn á sérhverjum ágreiningi og vafaatriði sem varða skýringu á alþjóðasamþykkt og stjórnarnefndin vísar til hans eða til hans er vísað samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar. Allir dómar og álitsgerðir Alþjóðadómstólsins skulu vera bindandi fyrir þann dómstól sem stofnaður er samkvæmt þessum tölulið. Sérhver úrskurður, sem slíkur dómstóll kveður upp, skal sendur aðildarríkjum stofnunarinnar, og þær athugasemdir, sem þau kunna að hafa við hann að gera, skulu lagðar fyrir allsherjarþingið."

Þetta ákvæði var tekið upp í stofnskrá ILO árið 1946 með það að markmiði að veita stjórnarnefndinni heimild til að setja á laggirnar gerðardóm sem gæti með skjótum hætti skorið úr öllum ágreiningsmálum varðandi túlkun á samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í greinargerð með breytingartillögu á stofnskránni var tekið fram að Alþjóðadómstólinn í Haag hafi einn vald til að skera úr ágreiningi varðandi stofnskrá ILO. Þessu væri ekki þannig varið með samþykktirnar sem fjalla um afmörkuð tæknileg atriði.

Þegar ákveðið var að endurskoða stofnskrána og setja inn ákvæði um gerðardóm árið 1945 höfðu vandamál í sambandi við túlkun á samþykktum ILO verði mjög fá. Raunar hafði einungis einu máli af þessu tagi verið vísað til Alþjóðadómstólsins í Haag, þ.e. árið 1932. Það fjallaði um það hvort samþykkt nr. 4, um næturvinnu kvenna frá árinu 1919, tæki til kvenna sem skipuðu stöðu verkstjóra og annarra yfirmanna í fyrirtækjum, sem voru innan gildissviðs samþykktarinnar, og væru ekki ráðnar til erfiðisvinnu. Hálfri öld síðar hefur hvorki reynt á ákvæðið um áfrýjun til Alþjóðadómstólsins í Genf né ákvæði í 2. mgr. 37. gr. stofnskrárinnar um sérstakan gerðardóm.

Í skýrslu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar er þetta þakkað því að með árunum hafi þróast kerfi sem hafi reynst þess megnugt að leysa úr aðsteðjandi vandamálum án þess að fara flóknar leiðir til að fá fram álit Alþjóðadómstólsins. Þetta kerfi byggist á þremur stofnunum: alþjóðavinnumálaskrifstofunni, sérfræðinganefndinni og Alþjóðavinnumálaþinginu, fyrst og fremst á þingnefndinni um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Í þessu sambandi er vitnað til greinargerðar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar frá árinu 1921 þar sem fjallað er um starf skrifstofunnar á þessu sviði. Þar segir m.a. að skrifstofan hafi svarað fyrirspurnum frá aðildarríkjunum um það hvort túlkun þeirra sé í samræmi við túlkun stofnunarinnar. Skrifstofan hafi talið það vera hlutverk sitt að sinna slíkum fyrirspurnum og byggt svör sín á tiltækum skýringargögnum. Svör alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, sem síðan hafa verið birt í fréttabréfi ILO, hafi aldrei orðið að ágreiningsefni. Þessi háttur hafi verið á hafður án athugasemda þar til árið 1982. Á 220. fundi stjórnarnefndar ILO hafi fulltrúi Ítalíu vakið máls á því hvort hér væri rétt að málum staðið og einkum tengslum slíkra túlkana og starfs sérfræðinganefndarinnar. Þetta málefni kom aftur til umfjöllunar á 224. fundi stjórnarnefndarinnar og í framhaldi af henni var hætt að beita slíkum túlkunum.

Þrátt fyrir ítarlegar umræður um eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar komst þingnefndin ekki að neinni ákveðinni niðurstöðu, t.d. þeirri að stofna gerðardóm. Talsmaður launafólks í Noregi, Nandrup Dahl, hélt ræðu í nafni heildarsamtaka launafólks í Danmörku, Finnlandi, á Íslandi og í Noregi og Svíþjóð. Í ræðunni leggur hann að jöfnu ákvæðið í 2. mgr. 37. gr. stofnskrárinnar og hliðstæð ákvæði í öðrum milliríkjasamningum. Aðrir talsmenn, t.d. ríkisstjórnarfulltrúar Ástralíu, Bandaríkjanna og Sviss, höfðu efasemdir um nauðsyn þess að setja upp gerðardóm. Nefndin var hins vegar sammála um að þetta málefni þurfi nánari athugun og frekari umræður.

Annað atriði, sem kom fram í ræðum margra fulltrúa, snerti aukinn vanda ríkisstjórna við að senda skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta innan tilskilins tíma sem er 15. október ár hvert. Þetta vandamál hefur vaxið í réttu hlutfalli við fjölgun alþjóðasamþykkta og fleiri fullgildingar. Þess má geta að fulltrúi Íslands, sem hélt ræðu fyrir hönd Norðurlandanna á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu, vakti máls á þessu. Í ræðu talsmanns forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kom fram að stjórnarnefndinni verður falið að kanna möguleika þess að breyta tilhöguninni á skýrslugjöfinni. Markmiðið er að létta vinnu ríkisstjórna aðildarríkjanna við skýrslugerðina og bæta tækifæri eftirlitsstofnana ILO til að fylgjast með framkvæmdinni á alþjóðasamþykktunum. Því var einnig lofað að skýrsla sérfræðinganefndar stofnunarinnar, sem fylgist með framkvæmd samþykktanna, verði send aðildarríkjunum með betri fyrirvara fyrir Alþjóðavinnumálaþingið en a.m.k. síðustu árin.

Flestar ræðurnar, sem haldnar voru við almennu umræðurnar, fjölluðu um eftirtalin málefni: Grundvallarreglur sem ber að fylgja við ákvörðun um samningu nýrra samþykkta, að nýjar samþykktir taki mið af aðstæðum alls staðar í heiminum og framkvæmd alþjóðasamþykkta.

Þingnefndin fjallaði um sérstaka skýrslu sem sérfræðinganefndin tók saman um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 156, um starfsmenn með fjölskylduábyrgð. Fulltrúi íslensks launafólks á þinginu, Bryndís Hlöðversdóttir, tók þátt í umræðum um skýrsluna. Í ræðu hennar kom m.a. fram hvatning til íslenskra stjórnvalda um að fullgilda samþykktina.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Að venju var mestum hluta starfstíma nefndarinnar varið til að fjalla um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum, um athugasemdir sem sérfræðinganefndin gerir við framkvæmd aðildarríkjanna á ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða í samþykktum sem hafa verið afgreiddar af Alþjóðavinnumálaþinginu. Athugasemdirnar eru í árlegri skýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins sem lengist með hverju ári og var að þessu sinni 531 blaðsíða. Þar sem athugasemdirnar eru mun fleiri en nokkur kostur er á að taka til umfjöllunar á þinginu vinnur þingnefndin eftir skrá yfir mál sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um að tekin verði til athugunar í nefndinni. Venjulega tekst nefndinni að fjalla um 50 til 60 mál á þingtímanum. Vel er fylgst með því að nýjar alþjóðasamþykktir séu kynntar löggjafarsamkomum aðildarríkjanna innan tilskilins frests sem er eitt ár og í undantekningartilvikum 18 mánuðir. Aðildarríkin eru krafin skýringa á því ef um óhóflegan drátt er að ræða á samningu skýrslna um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta. Sérstök áhersla er lögð á skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi, en þær eru taldar meðal grundvallarsamþykkta ILO.

Stærsti hluti skýrslu sérfræðinganefndarinnar fjallar um neikvæða hluti, þ.e. vanrækslu aðildarríkjanna á að uppfylla skuldbindingar samkvæmt stofnskrá og alþjóðasamþykktum. Þess er þó einnig gætt að geta þess sem vel gert þótt það taki minna rými. Í skýrslunni hefur verið venja að birta skrá yfir aðildarríki sem hafa sýnt í verki að þau hafa tekið tillit til ábendinga sérfræðinganna. Að þessu sinni voru á skránni 42 aðildarríki auk tveggja sjálfstjórnarsvæða. Af Norðurlöndunum hlutu Danmörk og Svíþjóð þann heiður að taka taka þar sæti.

Sérstakar ábendingar.

Ýmsum viðurlögum er beitt í þingnefndinni til að freista þess að fá aðildarríkin til að sjá að sér og bæta framkvæmd á ákvæðum alþjóðasamþykkta sem þau hafa brotið. Alþjóðavinnumálastofnunin getur ekki þvingað aðildarríkin með valdi til að fara eftir ábendingum sínum. Þess í stað er höfðað til heiðurs hlutaðeigandi og skapað viðhorf meðal annarra aðildarríkja til verknaðarins. Hörðustu viðurlögin felast í því að aðildarríkis er getið í svonefndum sérstaka hluta skýrslu nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta til allsherjarþings vinnumálaþingsins. Á þinginu 1992 hlaut Súdan þennan vafasama heiður og aftur á 80. Alþjóðavinnumálaþinginu 1993. Það var vegna meintra brota á alþjóðasamþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu. Svo virðist sem ríkisstjórn Súdan láti sig litlu skipta álit samfélags þjóðanna á framkvæmd alþjóðasamþykkta sem snerta grundvallarmannréttindi.

Ríkisstjórn Maynmar (Burma) var skipað í flokk með Súdan vegna brota á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Í umsögn þingnefndarinnar er ríkisstjórnin hvött til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja framkvæmd samþykktarinnar.

Önnur kærumál.

Málefni ákveðinna ríkja koma árlega til umfjöllunar í þingnefnd Alþjóðavinnumálaþingsins um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þau eiga það sameiginlegt að virðing stjórnvalda fyrir lýðræði og mannréttindum er vægast sagt mjög takmörkuð. Yfirleitt eru þessi ríki utan þess menningarsvæðis sem Ísland tilheyrir. Það vekur því alltaf nokkra forvitni þegar málefni vestrænna ríkja koma til umræðu í nefndinni. Undanfarin ár hefur áhuginn einkum beinst að samskiptum stjórnvalda í Stóra-Bretlandi við starfsmenn í fjarskiptamiðstöðinni Cheltenham á Englandi. Í framhaldi af eindregnum tilmælum Alþjóðavinnumálaþingsins hafa aðilar þeirrar deilu ræðst við og svo virðist sem niðurstaða sé í vændum. Ekki þótti því ástæða til að setja það að þessu sinni á dagskrá þingnefndarinnar. Það var þess vegna annað kærumál sem dró að sér athygli. Um var að ræða kæru bandalags starfsmanna ríkis og bæja í Svíþjóð.

Í kærunni til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er því haldið fram að sænska ríkisstjórnin hafi brotið ákvæði alþjóðasamþykktar nr. 98, um samningafrelsi, þegar lagt var bann við samningum um fulla greiðslu dagpeninga í veikindaleyfi. Af hálfu ríkisstjórnarinnar kom fram að hún verði að draga úr kostnaði og sjá til þess að þegnarnir njóti hliðstæðrar verndar almannatryggingakerfisins að þessu leyti.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Í skýrslu sérfræðinganefndar til 80. Alþjóðavinnumálaþingsins er ekki að þessu sinni að finna athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Þess ber þó að geta að ekki eru allar athugasemdir, sem sérfræðinganefndin gerir, birtar í skýrslunni. Í mörgum tilvikum eru þær sendar beint hlutaðeigandi ríkisstjórn í tengslum við ósk

um skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Í slíku bréfi, sem barst félagsmálaráðuneytinu 8. júní 1993, koma fram athugasemdir við framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta:

Alþjóðasamþykkt nr. 98, um réttinn til að semja sameiginlega.

Efnislega segir í athugasemdum sérfræðinganefndarinnar við framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykkt nr. 98, um réttinn til að semja sameiginlega, að nefndin veiti athygli niðurstöðu nefndar ILO um félagafrelsi varðandi kærumál nr. 1563 (279. skýrsla, 344.–380. mgr. — nóvember 1991, og 284. skýrsla, 22. mgr. — nóvember 1992) varðandi lög um afnám umsaminnar launahækkunar til Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins (BHMR). Nefndin kveðst enn fremur veita athygli athugasemdum frá BHMR, dags. 26. nóvember og 9. desember 1992, dómi Hæstaréttar í máli nr. 129/1991 og bréfi ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytis), dags. 27. febrúar 1993.

Fram kemur að nefndin tekur eftir að BHMR telji enn:

1. að takmarkanir sem felast í bráðabirgðalögum nr. 89/1990 hafi verið víðtækari og hafi mun lengri áhrif en gefið er til kynna í kærumáli 1563 og feli jafnvel í sér afnám margra ákvæða sem samið hafi verið um í fyrri kjarasamningi,
2. að ríkisstjórnin hafi aftur komið í veg fyrir að samningaviðræðum lyki með gerð nýs kjarasamnings með því að setja skilyrði,
3. að fjögur ágreiningsmál á milli BHMR og fjármálaráðuneytisins hafi farið fyrir Félagsdóm sem bendi til að ekki fylgi hugur máli af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Sérfræðinganefndin kveðst einnig veita athygli dómi Hæstaréttar Íslands í máli 129/1992 sem tók til umfjöllunar hvort bráðabirgðalögin brytu í bága við stjórnarskrána. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalögin væru að ýmsu leyti ekki í samræmi við stjórnarskrána, virtu meðal annars ekki grundvallarreglu hennar um jafnræði. Dómurinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að lögin væru í sjálfu sér ekki brot á stjórnarskránni.

Fram kemur að sérfræðinganefndin hefur fjallað um bréf ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 1993. Í því kemur fram að nokkur aðildarfélög BHMR hafi undirritað kjarasamning fyrir tímabilið 1. maí 1992 til 28. febrúar 1993 og að þrjú aðildarfélög hafi undirritað samninginn með fyrirvara. Sérfræðinganefndin kveðst, eins og nefnd um félagafrelsi, taka eftir að níu lagasetningar í kjaradeilum á 10 árum sýni að það ríki erfiðleikar í samskiptum aðila á vinnumarkaði. Nefndin kveðst einnig telja að hlutaðeigandi aðilar verði að semja í góðri trú með það að markmiði að ná samningum. Þess vegna fari nefndin þess á leit við ríkisstjórnina að hún gefi í næstu skýrslu upplýsingar um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að tryggja að samningar um kaup og kjör geti farið fram án afskipta ríkisvaldsins.

Alþjóðasamþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Í framangreindu bréfi alþjóðavinnumálaskrifstofunnar frá 8. júní 1993 er fjallað um athugasemdir sérfræðinganefndarinnar við framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Þessar athugasemdir birtust í skýrslu nefndarinnar til 79. Alþjóðavinnumálaþingsins og er gerð grein fyrir þeim í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um þingið sem lögð var fram í mars 1993.

2.6. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR MEIRI HÁTTAR IÐNAÐARSLYS

Í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um 79. Alþjóðavinnumálaþingið 1992 var gerð grein fyrir fyrri umræðu um ráðstafanir til að hindra meiri háttar iðnaðarslys. Þess var getið að stjórnarnefnd ILO hafi ákveðið að taka þetta málefni á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins í framhaldi af heimsókn og ræðu Rajiv Gandhi, fyrrum forsætisráðherra Indlands, á 71. þinginu árið 1985. Í ræðu sinni gerði forsætisráðherrann að umtalsefni iðnaðarslysið í Bhopal þar sem fjöldi manns lést og þúsundir biðu varanlegan skaða. Gandhi hvatti til þess að Alþjóðavinnumálastofnunin setti reglur sem drægju úr hættunni á að atburðirnir í Bhopal endurtækju sig. Stjórnarnefndin varð við þessari áskorun og setti þetta málefni á dagskrá 79. vinnumálaþingsins sem lauk fyrri umræðu um drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys.

Á 80. þinginu var málefnið til síðari umræðu í sérstakri þingnefnd. Í starfi nefndarinnar tóku þátt 136 fulltrúar, þar af voru 55 fulltrúar ríkisstjórna, 40 fulltrúar atvinnurekenda og 41 fulltrúi launafólks.

Nefndin kaus á fyrsta fundi sínum sama formann og við fyrri umræðu fulltrúa ríkisstjórnar Indónesíu, Payaman J. Simandjuntak. Varaformenn voru kosnir P. Campbell, fulltrúi atvinnurekanda frá Stóra-Bretlandi, og S. Mayman, fulltrúi launafólks frá Ástralíu. Fulltrúi ríkisstjórnar Bandaríkjanna, T. Seymour, var kosinn ritari og sem slíkur flutti hann allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Af hálfu Íslands tóku Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, þátt í starfi nefndarinnar.

Í samræmi við 39. grein í þingsköpum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafði alþjóðavinnumálaskrifstofan í Genf sent aðildarríkjunum með nokkrum fyrirvara drög að alþjóðasamþykkt og tillögu sem voru byggð á niðurstöðum 79. þingsins. Við upphaf nefndarstarfsins vakti fulltrúi forstjóra skrifstofunnar athygli á nokkrum breytingum sem höfðu verið gerðar á drögunum frá síðasta vinnumálaþingi. Þetta gerði textana skýrari án þess þó að fela í sér efnisbreytingu. Breytingarnar tóku m.a. til hugtaksins „verulega hættulegur staður“ og „hættumörk“. Auk þess var gildissviði 4. gr. breytt þannig að stjórnvöld skuli ekki einungis hafa samráð við helst samtök aðila vinnumarkaðarins við framkvæmd samþykktarinnar heldur einnig *aðra hlutaðeigandi aðila*. Undir þetta gætu fallið t.d. umhverfisverndarsamtök. Að öðru leyti var um að ræða smærri lagfæringar sem höfðu að markmiði að gera rökréttari tilvísanir á milli greina. Ein breyting var gerð á drögum að tillögu um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum. Hún felst í því að bætt er inn tilvísun til leiðbeiningarreglna eins og þær voru birtar árið 1991 án þess að geta hugsanlegrar seinni útgáfu á þeim. Þetta er nauðsynlegt til að komast fram hjá mögulegum vandamálum við endurskoðun á leiðbeiningarreglunum. Að öðrum kosti gæti slík endurskoðun leitt til breytinga á tillögunni án þess að fylgt hafi verið venjulegum reglum ILO.

Í framsöguræðu fulltrúa atvinnurekenda kom fram von um að nefndin starfaði ötullega að verkefni sínu þannig að unnt yrði að afgreiða nægilega sveigjanlega alþjóðasamþykkt. Samþykktin yrði að skapa tækifæri til að nálgast varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum á mismunandi vegu sem tækju mið af ólíkum aðstæðum aðildarríkjanna. Það væri mikilvægt að forðast að binda sig við eina lausn. Hann benti enn fremur á að eftir fyrri umræðu væri umræðum ekki lokið um nokkur ákvæði sem atvinnurekendur væru andvígir. Við þessa síðari umræðu yrði að finna lausn sem aðilar gætu sætt sig við. Fulltrúi atvinnurekanda benti í þessu sambandi á orðalagið „næstum stórslys“ og „verulega hættulegur staður“. Að því er varðaði tillöguna vakti hann athygli á tengslunum við leið-

beiningarreglurnar sem áður er getið. Auk þess var hann þeirrar skoðunar að nánar þyrfti að ræða um líffræðilega áhrifavalda.

Talsmaður launafólks lýsti ánægju sinni með drögin að alþjóðasamþykkt og tillögu en varaði við því að í þeim fælust ákveðnar takmarkanir þegar um væri að ræða mat á hættu í tengslum við meiri háttar slys. Hún nefndi dæmi sem samtök launafólks teldu lýsa aðstæðum sem ætti að hafa til hliðsjónar við samningu samþykktarinnar. Fyrsta dæmið snerti „næstum stórslys" við kjarnorkuver og annað nýlegan bruna leikfangaverksmiðju. Talsmaðurinn taldi að samgöngur ættu að falla innan gildissviðs samþykktarinnar, annað væri í andstöðu við aðfararorð hennar þar sem væri lögð áhersla á víðtækar aðgerðir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys. Hann gerði að umtalsefni, eins og fulltrúi atvinnurekenda, líffræðilega áhrifavalda og taldi það mjög mikilvægt málefni sem krefðist nánari athugunar. Fulltrúinn fjallaði um breytingar sem skrifstofan hafði gert á drögunum sem lágu fyrir nefndinni og var þeirrar skoðunar að þær væru meira en einungis smávægilegar leiðréttingar eða spurning um samræmingu.

Fulltrúar ríkisstjórna, sem tóku til máls við almennar umræður í nefndinni, voru þegar á heildina er litið ánægðir með drögin að samþykktinni og tillögunni. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að aðildarríkin notuðu samræmdar aðgerðir þegar um væri að ræða varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum. En jafnframt væri nauðsynlegur ákveðinn sveigjanleiki sem gerði sem flestum aðildarríkjum kleift að fullgilda samþykktina. Ýmsir bentu á að gæta yrði samræmis við aðra hliðstæða alþjóðasamninga. Í því sambandi var sérstaklega nefndur samningurinn um iðnaðarslys sem hefðu áhrif yfir landamæri sem Efnahagsstofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu hefur nýlega afgreitt.

Samvinna tókst á milli hóps iðnaðarríkja annarra en aðildarríkja Evrópubandalagsins. Í þeim hópi voru fulltrúar ríkisstjórna Ástralíu, Bandaríkjanna, EFTA-ríkjanna, Kanada, Nýja-Sjálands og Ungverjalands. Fulltrúar Evrópubandalagsins höfðu náið samráð sín á milli en ljóst var að meðal þeirra voru skiptar skoðanir.

Í alþjóðasamþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum eru sex kaflar. Í fyrsta kaflanum eru ákvæði um gildissvið og þar er einnig að finna orðskýringar. Í 1. gr. segir að markmið samþykktarinnar sé að koma í veg fyrir stórslys af völdum hættulegra efna. Í henni er einnig að finna undantekningar. Rétt er að vekja á því athygli að flutningar eru undanskildir gildissviði samþykktarinnar. Þetta atriði varð tilefni til umfangsmikilla umræðna bæði við fyrri og seinni umræðu.

Helstu ákvæði samþykktarinnar.

Í samþykktinni er sú skylda lögð á herðar atvinnurekanda að skilgreina þætti í starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis sem gæti valdið stórslysi og bera ábyrgð á tilkynningu um það til stjórnvalda. Atvinnurekandinn skal á sannanlegan hátt koma upp öryggiskerfi með mati á hugsanlegum hættum, tækniupplýsingum, skipulegu viðhaldi og athugunum. Öryggiskerfið skal taka til allrar starfseminnar og fela í sér fræðslu starfsmanna, kaup á öryggistækjum og hlífðarbúnaði, yfirlit yfir stjórnunarsvið starfsmanna og mat á vinnutíma og mönnun fyrirtækisins. Það er lagt í vald atvinnurekanda að gera áætlanir um aðgerðir í neyðartilvikum, reglulega æfingu þeirra og endurskoðun. Stjórnvöldum skulu veittar upplýsingar um þessi atriði. Áætlanir um neyðaraðgerðir skulu samdar í samráði við starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra. Gefa skal fulltrúum stjórnvalda tækifæri til að tjá sig. Öryggiskerfið og neyðaraðgerðirnar mynda grundvöll öryggisskýrslu sem reglulega skal endurskoða. Hún skal vera til reiðu fyrir stjórnvöld ef þau óska eftir að kynna sér efni hennar. Þar sem slys á sér stað skal atvinnurekandi svo fjótt sem auðið er tilkynna

það hlutaðeigandi stjórnvöldum. Eftir tiltekinn frest skal atvinnurekandinn einnig taka saman ítarlega skýrslu. Í henni skal meðal annars upplýsa um ástæður slyssins og hvað hafi verið gert til að draga úr áhrifum þess. Stjórnvöld skulu einnig eiga aðgang að skýrslu um það þegar hættuástand skapast án þess að slys hafi hlotist af.

Gefa skal starfsmönnum og trúnaðarmönnum þeirra tækifæri til að tjá sig við skipulagningu á öryggiskerfi, samningu öryggisskýrslu, gerð neyðaráætlana og samningu á slysaskýrslum. Þetta á að vera þeim og trúnaðarmönnum þeirra tiltækt. Áhersla er á það lögð að þeir njóti fræðslu og þjálfunar sem hafi að markmiði að koma í veg fyrir og bregðast við stórslysum. Starfsmenn hafa rétt til að grípa til aðgerða sem að þeirra mati miða að því að koma í veg fyrir meiri háttar slys án þess að atvinnurekandi geti notað slíkt gegn þeim. Starfsmenn hafa enn fremur rétt til að upplýsa stjórnvöld um hugsanlegar hættur. Starfmönnum er skylt að fylgja þeim leiðbeiningarreglum sem settar eru í fyrirbyggjandi áætlunum og áætlunum um viðbrögð í neyðartilvikum.

Á grundvelli upplýsinga frá atvinnurekendum skulu stjórnvöld leitast við að tiltækar séu áætlanir um almannavarnir sem veiti almenningi og umhverfi og hlutaðeigandi atvinnustarfsemi vernd. Stjórnvöld skulu enn fremur sjá til þess að gefið sé merki til að aðvara almenning um að hættuástand hafi skapast. Þau skulu einnig veita almenningi upplýsingar um það hvernig skuli bregðast við slíku ástandi. Stjórnvöld skulu loks móta heildarstefnu og sjá til þess að henni sé hrundið í framkvæmd um það hvernig komið sé í veg fyrir og brugðist við meiri háttar iðnaðarslysi í næsta umhverfi starfsemi sem getur skapað hættuástand. Fram kemur að stjórnvöld skuli hafa starfsmenn sem eru hæfir til að rannsaka og meta fyrirtæki og fylgja eftir kröfum sem settar eru í samþykktinni.

Í 22. gr. er að finna ákvæði um ábyrgð útflutningslands. Það skal hafa tiltækar fyrir innflutningslönd upplýsingar um bann við notkun efna, tækni eða framleiðsluferli sem getur valdið slysum. Upplýst skal um ástæður fyrir banninu. Með þessu ákvæði vilja fátækari ríki freista þess að koma í veg fyrir að hin betur stæðari flytji út til hinna fyrrnefndu framleiðslu sem hin síðarnefndu vilja losa sig við vegna annarrar hættu á meiri háttar iðnaðarslysum.

Fulltrúi launafólks á Indlandi fjallaði um bætur til þeirra sem bíða skaða af meiri háttar iðnaðarslysum. Hann vakti athygli á því að með slysinu í Bhopal hafi margir starfsmenn misst heimili og aðrar eignir og það sem er verðmætast, þ.e. heilsuna. Fulltrúinn upplýsti að það hefði tekið mjög langan tíma fyrir þetta fólk að fá bætur og raunar er hluti þeirra enn ógreiddur. Hann lagði því til að í samþykktinni yrði grein sem fjallaði um þetta atriði. Bæði atvinnurekendur og margir fulltrúar ríkisstjórna voru því andvígir að grein um þetta efni yrði sett í samþykktina. Þeir töldu að þetta atriði félli utan gildissviðs samþykktar sem fyrst og fremst fjallar um aðgerðir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys. Þar að auki var bent á ýmis lögfræðileg álitamál sem tengjast bótakröfum sem nauðsynlegt væri að kanna nánar. Eftir langar umræður féllst meiri hluti fulltrúa ríkisstjórna á það með talsmönnum launafólks að setja ákvæði um skaðabætur í tillöguna sem hvetur aðildarríkin til að stofna kerfi sem skal tryggja að greiðsla skaðabóta berist hlutaðeigandi sem fyrst í hendur.

Umræðurnar í nefndinni við þessa aðra umræðu fylgdu þekktu mynstri. Það voru fyrst og fremst skiptar skoðanir á milli fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks. Engin ný ágreiningsmál komu upp utan spurningin um greiðslu skaðabóta. Allir fulltrúar virtust vera sammála um nauðsyn þess að vinnumálaþingið afgreiddi alþjóðasamþykkt og tillögu um þetta málefni. Vilji til að leita lausna á ágreiningsmálum setti svip sinn á nefndarstarfið. Enda varð niðurstaðan sú að samþykktin og tillagan hlutu góðan stuðning á alls-

herjarþinginu. Samþykktin hlaut stuðning 355 fulltrúa, fimm voru á móti og 23 sátu hjá. Tillagan var samþykkt með 351 atkvæði, fjórir voru á móti og 19 sátu hjá. Margir fulltrúar ríkisstjórna kváðust ætla að mæla með því að samþykktin verði fullgilt sem fyrst.

Samþykkin í heild er birt sem fylgiskjal I.

Í tillögunni, sem birt er sem fylgiskjal II, er að finna nánari útfærslu á ákvæðum samþykktarinnar.

Nefna má að umhverfisráðherra hefur skipað nefnd til að semja frumvarp til laga eða reglur um þetta efni í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Félagsmálaráðuneytið á fulltrúa í nefndinni.

2.7. RÉTTINDI ÞEIRRA SEM VINNA HLUTASTARF

Réttindi þeirra sem vinna hlutastarf var til fyrri umræðu á þinginu og um þetta málefni var fjallað í þingnefnd. Í henni áttu sæti 141 fulltrúi, þar af voru 54 fulltrúar ríkisstjórna, 43 fulltrúar atvinnurekenda og 44 fulltrúar launafólks. Formaður var kjörinn fulltrúi ríkisstjórnar Hollands, Max Rod. Hann hefur gegnt öðrum trúnaðarstörfum á Alþjóðavinnumálaþinginu. Rod hefur m.a. verið tvívegis kjörinn formaður nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og var til þess tekið hversu vel hann gengdi því starfi. Varaformenn voru kjörnir B. Noakes, fulltrúi atvinnurekenda frá Ástralíu, og Van de Burg, fulltrúi launafólks í Hollandi. Fulltrúi Kýpur, L. Samuel, var kjörinn ritari. Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon tóku þátt í störfum nefndarinnar.

Til grundvallar umræðum í nefndinni lágu tvær skýrslur sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman um lög, reglur og ákvæði kjarasamninga í aðildarríkjunum um réttindi og skyldur fólks í hlutastörfum. Í máli fulltrúa skrifstofunnar kom fram að milljónir manna á vinnumarkaði í iðnríkjunum vinna hlutastarf, þ.e. vinna styttri vikulegan vinnutíma en 40 stundir. Þetta form er ekki eins útbreitt í þróunarríkjunum. Þrátt fyrir það virðast þau hafa áhuga á þessu málefni ef dæma má af undirtektum sem hugmyndin fékk í spurningaskrám vinnumálaskrifstofunnar í Genf. Niðurstaðan var að 90% voru fylgjandi því að Alþjóðavinnumálaþingið setti reglur um þetta efni, þar af voru 60% aðildarríkjanna því fylgjandi að ILO afgreiddi alþjóðasamþykkt og tillögu. Fulltrúi ILO vakti athygli á því að skilgreining á hugtakinu „hlutavinna“ væri verðugt viðfangsefni svo og setning reglna á þessu sviði. Hann lagði ríka áherslu á að setning reglna mætti ekki skerða réttindi sem þessi hópur hefur öðlast með öðrum reglum eða samningum. Markmið alþjóðavinnumálaskrifstofunnar væri tvíþætt. Að stuðla að fjölgun hlutastarfa og vernda réttindi þeirra sem þeim gegndu. Fram kom að uppi er ágreiningur um að setja þak á upphæð launa og lengd vinnutíma til þess að öðlast rétt samkvæmt ákvæðum hugsanlegrar alþjóðasamþykktar.

Fram kom í máli talsmanns fulltrúa launafólks að fólki, sem vinnur hlutastarf, fer fjölgandi. Við umfjöllun um þetta starfsform verði að halda í heiðri grundvallarregluna um tækifæri til að velja starf af frjálsum og fúsum vilja. Stefna í atvinnumálum verði að taka tillit til þeirra sem vinna hlutastarf og stuðla að atvinnuöryggi þeirra, kjörum og að þeir njóti sömu reglna í sambandi við vinnuumhverfi. Einnig kom fram að starfsmenn í hlutastörfum verði að fá sömu meðhöndlun, fulla vernd og sömu tækifæri og aðrir starfsmenn án tillits til vinnutíma þeirra. Ekki mætti þvinga starfsmenn til að vinna hlutastarf vegna verkefnaskorts — það á að vera sjálfstætt val. Enn fremur eigi þetta skipulag vinnu ekki leiða til keppni á milli þeirra sem vinna fullan vinnutíma og þeirra sem gegna starfi að hluta.

Talsmaður atvinnurekenda minnti á að þeir hafi verið því andvígir að setja þetta málefni á dagskrá alþjóðavinnumálaþingsins. Hann hélt því fram að málið snerist bæði um að vernda þessa skipan vinnunnar og stuðla að fjölgun hlutastarfa. Þetta vinnuform væri nauðsynlegt til að mæta þörfum atvinnulífsins. Hann benti m.a. á þörfina fyrir sveigjanlegt vinnuform í ýmsum þjónustugreinum, einkum í minni fyrirtækjum. Hann lýsti andstöðu við alþjóðasamþykkt um þetta efni og óttaðist að hún mundi leiða til minni sveigjanleika og aukins kostnaðar. Þar að auki væri það ekki ásættanlegt að ILO setti reglur sem nær eingöngu ættu við iðnríki, einkum í Vestur-Evrópu.

Helstu atriði í drögum að alþjóðasamþykkt eru skilgreiningar og gildissvið. Um þetta voru langar umræður sem lauk með skýrari reglum um það til hverra samþykktin tekur.

Annað atriði sem var mikið til umfjöllunar voru undanþágur. Fulltrúar launafólks vildu takmarka þær sem mest. Atvinnurekendur voru á annarri skoðun og kváðu drögin ósveigjanleg.

Stærsti hluti draganna er um skyldur aðildarríkjanna að því er varðar þá sem vinna hlutastarf. Sá hluti varð einnig tilefni til deilna á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks. Drög alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hafa að geyma ákvæði um það hvaða réttindi þeir sem vinna hlutastarf skuli hafa með hliðsjón af réttindum fullvinnandi starfsmanna. Skylda aðildarríkja til að stuðla að fjölgun hlutastarfa var annað málefni sem olli deilum. Atvinnurekendur voru hlynntir slíku ákvæði en fulltrúar launafólks og nokkrir fulltrúar ríksstjórna voru því andvígir. Drögin að samþykktinni voru samþykkt til annarrar umræðu á næsta Alþjóðavinnumálaþingi eftir langar umræður.

2.8. ÞRÓUNARAÐSTOÐ ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

Eitt af þeim málefnum, sem voru á dagskrá 80. Alþjóðavinnumálaþingsins, var aðstoð stofnunarinnar við þróunarríki. Alþjóðavinnumálskrifstofan hafði fyrir þingið tekið saman skýrslu um þetta efni sem lögð var til grundvallar í umræðum í þingnefnd. Formaður hennar var kosinn fulltrúi ríkisstjórnar Síle, Jose Luis Ilabaca. Varaformenn voru kosnir William Brett, fulltrúi atvinnurekenda í Stóra-Bretlandi, og Joël Kaswara, fulltrúi launafólks í Úganda.

Við umræður í nefndinni kom fram stuðningur við stefnu sem ILO hefur fylgt við þróunaraðstoð og hefur verið löguð að breyttum aðstæðum í heiminum. Sérstaklega var getið um viðleitni til að veita aðstoð við tiltekin vel skilgreind viðfangsefni sem hefur gefið góða raun. Fram kom að alþjóðavinnumálaskrifstofan hefur áætlanir um skipun 14 nýrra vinnuhópa sem bera ábyrgð á tilteknum heimshlutum og svæðum. Alls verða 128 sérfræðingar ráðnir til að taka þátt í störfum hópanna. Samstaða ríkti um mikilvægi þríhliða samstarfs, ríkisvalds, atvinnurekenda og launafólks við framkvæmd þróunaraðstoðar. Fram komu áhyggjur vegna minnkandi tekna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til þróunaraðstoðar.

2.9. ÞINGSÁLYKTANIR

Á Alþjóðavinnumálaþinginu er heimilt að leggja fram tillögur til þingsályktunar um önnur málefni en þau sem eru á dagskrá enda fjalli þau um málefni sem snerti starfssvið stofnunarinnar. Tillögur til þingsályktunar skulu hafa borist forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar 15 dögum fyrir þingsetningu. Um þessar tillögur er fjallað í ályktunarnefnd (Resolutions Committee) sem er ein af fastanefndum þingsins.

Ályktunarnefndin er „pólitískasta“ nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Hún hefur á undanförnum árum endurspeglað spennu á milli fylgismanna ólíkra hagkerfa og einstakra að-

ildarríkja. Starf nefndarinnar var lamað um þriggja ára skeið. Því olli deila Araba og Ísraela vegna hernumdu svæðanna í Palestínu. Hún var leyst með því að ástandið á hernumdu svæðunum var sett á dagskrá allsherjarþingsins. Síðastliðin þrjú ár hefur hálfum degi allsherjarþingins verið varið í umræður um þetta málefni. Frá þeim tíma hefur verið tiltölulega góður vinnufriður í nefndinni. Af minnkandi flokkadráttum hefur leitt minni áhugi fyrir þátttöku í henni. Við upphaf nefndarstarfsins áttu engu að síður 126 fulltrúar sæti í nefndinni, þar af voru 54 fulltrúar ríkisstjórna, 30 fulltrúar atvinnurekenda og 42 fulltrúar launafólks.

Formaður ályktunarnefndar var kosinn fulltrúi ríkisstjórnar Ítalíu, Mascia. Varaformenn voru Castle, atvinnurekendafulltrúi frá Stóra-Bretlandi, og Tapiola, fulltrúi launafólks í Finnlandi. Af hálfu Íslands tóku þátt í starfi nefndarinnar Stefán H. Jóhannesson og Gylfi Kristinsson.

Nefndinni bárust samtals 17 tillögur til þingsályktunar. Norðurlöndin lögðu ekki fram tillögu að þessu sinni. Eftir athugun á efni tillagnanna voru nokkrar sameinaðar. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar voru greidd atkvæði um það í hvaða forgangsröð tillögurnar yrðu afgreiddar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru:

1. Félagslegt öryggi og afleiðingar atvinnuleysis og fátæktar (tillagan hlaut 19.939 vegin atkvæði).[1]
2. 75 ára afmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (15.602 vegin atkvæði).
3. Framlag Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til aðgerða Sameinuðu þjóðanna til verndar mannréttindum (12.199 vegin atkvæði).
4. Endurskoðun og endurnýjun alþjóðasamþykkta ILO (12.141 vegið atkvæði).
5. Hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við að afnema vinnu barna (11.596 vegin atkvæði).

Við umræður um tillöguna um félagslegt öryggi og afleiðingar atvinnuleysis og fátæktar komu fram 70 breytingartillögur. Einungis hluti þeirra var samþykktur eftir ræðuhöld sem stóðu dögum saman. Í inngangsorðum ályktunarinnar er vísað til yfirlýsingar ILO, sem kennd er við bandarísku borgina Fíladelfíu, og skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um almannatryggingar þar sem lögð er áhersla á aðgerðir til að vernda félagsleg réttindi og öryggi og á þann hátt skapa forsendur fyrir hagsæld og friði í heiminum. Bent er á að á tímum breytinga í stjórnmálum og efnhagsmálum megi lítið út af bregða þannig að ekki verði stofnað í hættu félagslegri stöðu fólks og lífsafkomu. Í inngangsorðum er einnig lögð áhersla á að mikilvæg forsenda fyrir félagslegum umbótum sé skilvirkt efnahagslíf og hagvöxtur. Loks eru látnar í ljós áhyggjur af afturför í mörgum þróunarríkjum. Þar af leiðandi sé það forgangsverkefni í starfsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fyrir árin 1994–95 að sporna við vaxandi fátækt. Lýst er yfir stuðningi við þýðingarmikið hlutverk ILO í sambandi við leiðtogafundinn um félagslega þróun sem haldinn verður í Kaupmannahöfn árið 1995.

Ekki tókst að þessu sinni að afgreiða fleiri tillögur.

---

[1] Setu- og atkvæðisrétt á Alþjóðavinnumálaþinginu eiga fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í því skyni að jafna áhrif þessara þriggja hópa eru greidd atkvæði margfölduð með ákveðnum stuðli sem tekur mið af fjölda fulltrúa hvers hóps um sig á þinginu eða í hlutaðeigandi þingnefnd. Af þessari ástæðu virðast atkvæðatölur vera í litlu samræmi við fjölda þingfulltrúa.

2.10. ÖNNUR MÁLEFNI

Á 80. Alþjóðavinnumálaþinginu var fjallað um nokkur önnur málefni en þau sem lýst hefur verið hér að framan. Nefna má eftirfarandi dæmi:

Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.

Frá árinu 1980 hefur stefna stjórnvalda í Suður-Afríku í málefnum kynþátta, sem þar búa, verið til umfjöllunar í sérstakri nefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu. Starf nefndarinnar byggir á yfirlýsingu um þetta efni sem var endurskoðuð árið 1988 og aftur 1991 í því skyni að taka út allar tilvísanir til Namibíu. Fjöldi fulltrúa í nefndinni hefur verið takmarkaður. Á þinginu áttu 48 fulltrúar með atkvæðisrétt sæti í henni, þ.e. 18 fulltrúar ríkisstjórna, 10 fulltrúar atvinnurekenda og 20 fulltrúar launafólks. Vinnumálaráðherra Úganda, Ejalu, var kosinn formaður nefndarinnar. Fulltrúi ríkisstjórnar Finnlands sat í nefndinni fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlanda. Nefndin hélt samtals sex fundi. Að venju lá skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf til grundvallar umræðum. Talsmaður launafólks í nefndinni hélt langa ræðu þar sem m.a. var vakin athygli á tillögu um frjálsar kosningar í Suður-Afríku 27. apríl 1994. Um væri að ræða mjög jákvætt skref í þá átt að afnema kerfi kynþáttaaðskilnaðar sem hefur verið við lýði í Suður-Afríku um áratuga skeið. Niðurstaða hans var þó sú að enn væri of snemmt að fella úr gildi yfirlýsingu ILO um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna. Talsmaður atvinnurekenda lýsti þeirri von að jákvæð þróun í málefnum Suður-Afríku leiddi til þess að ekki reyndist lengur þörf fyrir nefndina og hægt yrði að leggja hana niður.

Aðbúnaður launafólks á hernumdu arabísku svæðunum.

Fyrr í þessari skýrslu er að því vikið að á árunum 1986–1989 voru miklir flokkadrættir í ályktunarnefnd Alþjóðavinnumálaþingsins vegna ástandsins í Palestínu og á öðrum arabískum svæðum sem eru undir stjórn Ísraels. Starf nefndarinnar var svo til lamað á 75. og 76. Alþjóðavinnumálaþinginu. Ljóst var að leita yrði lausnar á þessu vandamáli. Hún fannst og felst í því að undanfarin þrjú ár hefur hálfum degi allsherjarþings vinnumálaþingsins verið varið til umræðna um aðstæður Palestínumanna á svæðum sem lúta stjórn Ísraels. Á 80. Alþjóðavinnumálaþinginu fóru þessar umræður fram 10. júní. Þær byggðust mest á skýrslu forstjóra um ferð fulltrúa Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til þessara svæða dagana 18.–31. mars 1993. Þess má geta að frá árinu 1978 hefur ILO verið eina alþjóðastofnunin sem hefur fengið tækifæri til að senda sendinefndir til hernámssvæðanna, m.a. til að kynna sér aðstæður í atvinnulífinu og til að meta hvernig fylgt hefur verið eftir tilmælum um úrbætur.

Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Alþjóðavinnumálastofnunin er í hópi stærstu stofnana Sameinuðu þjóðanna. Af ársþingum sérstofnana Sameinuðu þjóðanna er Alþjóðavinnumálaþingið fjölmennast. Þessu veldur samstarfið innan vébanda stofnunarinnar á milli hinna þriggja aðila sem samkvæmt stofnskrá eiga rétt til að taka þátt í störfum hennar, þ.e. ríkisstjórnir, heildarsamtök atvinnurekenda og heildarsamtök launafólks. Á undanförnum árum hefur samstarf ríkisstjórnarfulltrúa frá Norðurlöndum og vestrænum iðnaðarríkjum auðveldað Íslendingum þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu. Fámenn þjóð getur ekki með sama hætti og stórþjóðir sent fjölmennar sendinefndir til þingsins og þar með haft fulltrúa í öllum nefndum þess. Þar af leiðandi hafa Íslendingar notið góðs af miðlun upplýsinga frá traustum samstarfsaðilum og tekið þátt í málatilbúnaði eftir efnum og ástæðum.

Ekki er laust við að þýða í alþjóðasamþykktum og umsóknir frændþjóðanna á Norðurlöndunum um inngöngu í Evrópubandalagið hafi beint samstarfsáhuga þeirra og annarra vestrænna ríkja í aðrar áttir og breytt áherslum. Ef til vill verða Íslendingar að búa sig undir það að þurfa að leggja fram meiri vinnu og mannafla til að halda sínum hlut í alþjóðastofnunum og þingum sem eru haldin á þeirra vegum.

Á 80. Alþjóðavinnumálaþinginu komu fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda saman til vikulegra funda. Á þeim var rætt um stöðu mála í þingnefndum og undirbúnar ræður sem fluttar voru í þeirra nafni. Auk þess voru haldnir reglulega samráðsfundir fulltrúa vestrænna iðnríkja (svonefndur IMEC-hópur). Á þessu þingi var einkum fjallað um tillögur til breytinga á starfsemi ILO og eftirlitskerfi stofnunarinnar á fundum hópsins.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 174, um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 80. þingsetu sinnar í Genf 2. júní 1993 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að viðkomandi alþjóðasamþykktum og tillögum og samþykkt og tillögu um öryggi og hollustuhætti við vinnu frá 1981 og samþykkt og tillögu um öryggi við notkun efna frá 1990, og leggur áherslu á að teknar séu ákvarðanir um samræmdar ráðstafanir hvað þetta varðar á alþjóðavettvangi, og

gefur einnig gaum að starfsreglum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys, sem gefnar voru út 1991, og

tekur tillit til þess að tryggja verður að hvers konar viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að:

a. koma í veg fyrir meiri háttar slys;
b. draga úr hættu á meiri háttar slysum;
c. draga úr áhrifum meiri háttar slysa, og

gefur gaum að orsökum slíkra slysa, svo sem mistökum við skipulagningu, mistökum einstaklinga, bilun búnaðar, frávikum frá venjulegum starfsaðstæðum, utanaðkomandi truflunum og náttúruhamförum, og

tekur tillit til nauðsynjar samvinnu, hvað snertir alþjóðlega áætlun um öryggi varðandi kemísk efni, á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, umhverfisáætlunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, svo og við aðrar hlutaðeigandi samstarfsstofnanir ríkisstjórna, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 22. júní 1993, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys, 1993.

I. Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1. Markmið þessarar samþykktar er að koma í veg fyrir meiri háttar slys þar sem við sögu koma hættuleg efni og draga úr áhrifum slíkra slysa.
2. Þessi samþykkt nær til staða þar sem meiri háttar hætta er fyrir hendi.
3. Samþykktin nær ekki til:
   a. kjarnorkustöðva og stöðva þar sem unnin eru geislavirk efni, að undanteknum þeim stöðum þar sem farið er með ógeislavirk efni í slíkum stöðvum;
   b. herstöðva;
   c. flutninga utan stöðva nema um lagnir.
4. Aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, er heimilt, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins og aðra hlutaðeigandi aðila, að undanskilja frá ákvæðum samþykktarinnar stöðvar eða atvinnugreinar þar sem jafngildar ráðstafanir til varnar eru gerðar.

2. gr.

Ef sérstök og veruleg vandamál koma upp og ekki reynist unnt að beita án tafar öllum þeim ráðstöfunum til varnar og forvarna sem gert er ráð fyrir í samþykktinni ber aðildarríki að gera áætlanir, í samráði við aðila vinnumarkaðarins og aðra hlutaðeigandi aðila, um framkvæmd framangreindra ráðstafana smám saman innan tiltekins tíma.

3. gr.

Hvað varðar þessa samþykkt merkir hugtakið:

a. „hættulegt efni“ efni eða efnablöndu sem veldur hættu vegna efnafræði-, eðlisfræði- eða eiturefnafræðilegra eiginleika, annaðhvort eitt sér eða ásamt öðrum efnum;
b. „hættumörk“ það magn tiltekins hættulegs efnis eða flokks efna sem tilgreind eru í landslögum miðað við tilteknar aðstæður og eru til marks um stað þar sem veruleg hætta er á ferðum ef farið er yfir það magn;
c. „verulega hættulegur staður“ stað þar sem framleitt er, unnið, meðhöndlað, notað, eytt eða geymt, annaðhvort um stundarsakir eða varanlega, eitt eða fleiri hættuleg efni eða flokkur efna í því magni að það fari fram úr hættumörkum;
d. „meiri háttar slys“ skyndilegt atvik — svo sem meiri háttar útstreymi, útgeislun, eldsvoða eða sprengingu — í starfsemi staðar þar sem um er að ræða meiri háttar hættu þar sem við sögu koma eitt eða fleiri hættuleg efni og veldur starfsmönnum, almenningi eða umhverfinu alvarlegri hættu, hvort sem hún er yfirvofandi eða kemur fram síðar;
e. „öryggisskýrsla“ skriflega framsetningu upplýsinga á sviði tækni, stjórnunar og framkvæmda sem nær til hættu á stað þar sem gera má ráð fyrir meiri háttar hættu, og stjórnun á slíku, og er forsenda fyrir þeim ráðstöfunum sem eru gerðar til að tryggja öryggi staðarins;
f. „næstum stórslys“ hvers konar skyndilegan atburð þar sem við sögu koma eitt eða fleiri hættuleg efni sem hefðu getað valdið meiri háttar slysi ef ekki hefðu komið til mildandi áhrif.

II. Almenn atriði.

4. gr.

1. Sérhvert aðildarríki mótar, framkvæmir og endurskoðar reglulega samræmda stefnu hvað varðar verndun starfsmanna, almennings og umhverfisins fyrir hættu á meiri háttar slysi með tilliti til landslaga, reglugerða, aðstæðna og venja og í samráði við aðila vinnumarkaðarins og aðra hlutaðeigandi aðila.

2. Stefnu þessa skal framkvæma með aðgerðum til varnar og forvarna á vinnustöðum þar sem meiri háttar hætta er fyrir hendi og, þar sem því verður við komið, stuðla að notkun bestu fáanlegrar öryggistækni.

5. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald eða aðili, sem hlutaðaeigandi stjórnvald hefur samþykkt eða viðurkennt, skal, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins og aðra hagsmunaaðila, koma upp kerfi til greiningar á vinnustöðum, sem valda meiri háttar áhættu samkvæmt skilgreiningu í 3. gr. c sem byggist á skrá yfir hættuleg efni eða flokkun hættulegra efna eða hvort tveggja, ásamt viðeigandi hættumörkum samkvæmt landslögum og reglugerðum eða alþjóðlegum stöðlum.

2. Endurskoða skal og endurnýja reglulega kerfi það sem tilgreint var í 1. tölul. hér að framan.

6. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvald skal, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins, gera sérstakar ráðstafanir til að vernda upplýsingar, sem veittar eru í trúnaði skv. 8., 12., 13. eða 14. gr., ef líklegt þykir að uppljóstrun þeirra gæti valdið fyrirtæki atvinnurekanda tjóni, svo fremi þetta ákvæði valdi ekki starfsmönnum, almenningi eða umhverfinu verulegri hættu.

III. Skyldur atvinnurekenda.

7. gr.

SKILGREINING

Atvinnurekendur skulu skilgreina sérhvern vinnustað undir stjórn þeirra þar sem um er að ræða verulega hættulegan stað samkvæmt kerfi því sem lýst er í 5. gr.

8. gr.

TILKYNNINGAR

1. Atvinnurekendur skulu tilkynna hlutaðeigandi stjórnvaldi um mjög hættulegan vinnustað sem þeir hafa skilgreint:

a. innan tiltekins tíma ef vinnustaðurinn er þegar fyrir hendi;

b. áður en nýr vinnustaður er tekinn í notkun.

2. Atvinnurekendur skulu einnig tilkynna hlutaðeigandi stjórnvaldi áður en mjög hættulegum vinnustað er lokað fyrir fullt og allt.

9. gr.

TILHÖGUN Á VINNUSTAÐ

Hvað viðkemur sérhverjum mjög hættulegum vinnustað ber atvinnurekendum að koma á fót og viðhalda skráningarkerfi um eftirlit með áhættuvöldum sem er m.a. fólgið í:

a. skilgreiningu og greiningu áhættuþátta og áhættumati, m.a. hvað varðar hugsanlega gagnverkun efna;
b. tæknilegum ráðstöfunum, m.a. hönnun, öryggiskerfum, byggingu, vali á efnum, rekstri, viðhaldi og kerfisbundinni skoðun vinnustaðarins;
c. ráðstöfunum hvað snertir skipulag og þjálfun starfsmanna, að leggja til tæki til að tryggja öryggi þeirra, starfsmannafjölda, vinnutíma, skilgreiningu á starfssviði og stjórnun utanaðkomandi verktaka og íhlaupamanna á vinnustað;
d. neyðaráætlunum og ráðstöfunum, m.a.:
   i. undirbúningi virkra neyðaráætlana og ráðstafana á staðnum, þar með taldar neyðarráðstafanir vegna læknishjálpar sem unnt er að hrinda í framkvæmd ef meiri háttar slys verður eða hætta er á slíku, svo og reglubundnum prófunum og mati á virkni þeirra og endurskoðun eftir þörfum;
   ii. að veita upplýsingar um hugsanleg slys og neyðaráætlanir á staðnum í þágu stjórnvalda og aðila sem sjá um að gera neyðaráætlanir og ráðstafanir til verndar almenningi og umhverfinu utan vinnustaðarins;
e. ráðstöfunum til að draga úr afleiðingum meiri háttar slysa;
f. samráði við starfsmenn og fulltrúa þeirra;
g. endurbótum á kerfinu, m.a. ráðstöfunum til öflunar upplýsinga og að greina atburði þegar slys hafa orðið eða þegar legið hefur við slysi.

10. gr.

ÖRYGGISSKÝRSLA

1. Atvinnurekendum ber að gera öryggisskýrslu sem byggð er á kröfum sem eru settar fram í 9. gr.

2. Gera skal slíka skýrslu:

a. ef um er að ræða mjög hættulega vinnustaði sem eru þegar fyrir hendi, innan tiltekins tíma eftir tilkynningu samkvæmt fyrirmælum landslaga eða reglugerða;
b. ef um er að ræða nýjan mjög hættulegan vinnustað, áður en hann er tekinn í notkun.

11. gr.

Atvinnurekendum ber að endurskoða, endurnýja og breyta öryggisskýrslunni:

a. ef breytingar eru gerðar sem hafa veruleg áhrif á öryggi á vinnustað eða ferli eða magn hættulegra efna sem eru til staðar;
b. ef þróun tækniþekkingar eða mat á áhættuþáttum mæla með því;
c. með því millibili sem fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum;
d. samkvæmt beiðni hlutaðeigandi stjórnvalds.

12. gr.

Atvinnurekendum ber að senda til eða hafa til reiðu fyrir hlutaðeigandi stjórnvald öryggisskýrslur sem tilgreindar eru í 10. og 11. gr.

13. gr.
TILKYNNINGAR UM SLYS

Atvinnurekendum ber að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvaldi og öðrum aðilum sem tilgreindir eru í því skyni án tafar þegar meiri háttar slys verður.

14. gr.

1. Atvinnurekendum ber, innan tiltekins tíma frá því að meiri háttar slys verður, að gefa hlutaðeigandi stjórnvaldi nákvæma skýrslu þar sem fram kemur nákvæm greining á orsökum slyssins og lýst er hvaða áhrif það hefur haft á staðnum þá þegar og hvað gert hefur verið til að draga úr áhrifum þess.

2. Í skýrslunni skal tilgreina tillögur um ráðstafanir sem gripið skal til í því skyni að koma í veg fyrir að slysið endurtaki sig.

IV. Ábyrgð hlutaðeigandi stjórnvalda.

15. gr.
NEYÐARÁÆTLANIR UTAN VINNUSTAÐAR

Að teknu tilliti til upplýsinga atvinnurekanda skal hlutaðeigandi stjórnvald tryggja að gerðar séu neyðaráætlanir og ráðstafanir til verndar almenningi og umhverfinu utan hvers verulega hættulegs vinnustaðar, að þær séu endurskoðaðar með viðeigandi millibili og samræmdar aðgerðum hlutaðeigandi stjórnvalda og aðila.

16. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvaldi ber að tryggja að:

a. upplýsingum um ráðstafanir í öryggismálum og rétt viðbrögð við meiri háttar slysum sé dreift til þess hluta almennings sem líklegt er að meiri háttar slys hafi áhrif á, án þess að slíkir aðilar hafi beðið um slíkar upplýsingar, svo og að slíkar upplýsingar séu endurnýjaðar og þeim dreift á ný með viðeigandi millibili;
b. viðvörun sé gefin án tafar ef meiri háttar slys verður;
c. þeim upplýsingum, sem krafist er samkvæmt a- og b-liðum hér að framan, sé dreift til hlutaðeigandi ríkja, ef meiri háttar slys gæti haft áhrif yfir landamæri, í því skyni að stuðla að samvinnu og samræmingu aðgerða.

17. gr.
STAÐSETNING VERULEGA HÆTTULEGRA VINNUSTAÐA

Hlutaðeigandi stjórnvaldi ber að ákveða samræmda stefnu um staðsetningu þannig að þeir vinnustaðir sem mikil hætta stafar af séu staðsettir í hæfilegri fjarlægð frá hverfum með öðrum vinnustöðum, íbúðabyggð og þjónustustofnunum almennings, svo og að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar varðandi þá vinnustaði sem eru þegar fyrir hendi. Stefnan skal endurspegla þau almennu ákvæði sem tilgreind eru í II. hluta samþykktarinnar.

18. gr.
SKOÐUN

1. Hlutaðeigandi stjórnvaldi ber að hafa á að skipa starfsfólki, sem hefur hlotið viðeigandi menntun og þjálfun, býr yfir nægilegri færni og nýtur fullnægjandi tæknilegrar og faglegrar aðstoðar til að skoða, rannsaka, meta og veita ráðleggingar í þeim efnum sem fjallað er um í þessari samþykkt, svo og að tryggja að starfsemin sé í samræmi við landslög og reglugerðir í hverju tilviki.

2. Fulltrúar atvinnurekanda og fulltrúar starfsmanna á mjög hættulegum vinnustað skulu fá tækifæri til að fylgja eftirlitsmönnum sem hafa eftirlit með framkvæmd þeirra ráðstafana sem lýst er í þessari samþykkt, nema eftirlitsmenn telji að það geti spillt fyrir framkvæmd skyldustarfa þeirra samkvæmt almennum starfsreglum hlutaðeigandi stjórnvalds.

19. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvald hefur rétt til að banna hvers konar starfsemi sem veldur yfirvofandi hættu á meiri háttar slysi.

IV. Réttindi og skyldur starfsmanna og trúnaðarmanna þeirra.

20. gr.

Haft skal samráð við starfsmenn á mjög hættulegum vinnustað og trúnaðarmenn þeirra á viðeigandi samstarfsvettvangi í því skyni að tryggja öruggar vinnureglur. Einkum skulu starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra:

a. fá fullnægjandi og viðunandi upplýsingar um þær hættur sem eru fyrir hendi á mjög hættulegum vinnustað og hverjar afleiðingar þær gætu haft;
b. fá upplýsingar um hvers konar fyrirskipanir, leiðbeiningar eða tilmæli frá hlutaðeigandi stjórnvaldi;
c. vera hafðir með í ráðum við gerð eftirtalinna gagna og hafa aðgang að þeim:
   i. öryggisskýrslna;
   ii. neyðaráætlana og neyðarráðstafana;
   iii. slysaskýrslna;
d. fá reglulega tilsögn og þjálfun í starfsaðferðum og ráðstöfunum til að koma í veg fyrir meiri háttar slys og hafa hemil á þróun sem líklegt er að kunni að leiða til meiri háttar slyss, svo og í neyðarráðstöfunum sem gripið skal til ef meiri háttar slys verður;
e. að því leyti sem starfssvið þeirra segir til um og án þess að fyrirgera stöðu sinni, gera ráðstafanir til úrbóta og, ef nauðsyn krefur, hindra starfsemi þar sem þeir hafa ástæðu til að ætla, samkvæmt þjálfun sinni og reynslu, að hætta sé á meiri háttar slysi og tilkynna það verkstjóra eða gefa viðvörun, eftir því sem við á, áður en gripið er til slíkra aðgerða eða eins fljótt og við verður komið eftir að til þeirra hefur verið gripið;
f. ræða við atvinnurekandann um hvers konar hugsanlega hættu sem þeir telja að gæti valdið meiri háttar slysi, enda hafi þeir rétt til að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvaldi um slíka hættu.

21. gr.

Starfsmenn, sem starfa á mjög hættulegum vinnustað, skulu:

a. fara að öllum starfsreglum og grípa til þeirra ráðstafana sem við eiga til að koma í veg fyrir meiri háttar slys og hafa hemil á þróun sem gæti leitt til meiri háttar slyss á mjög hættulegum vinnustað;
b. hlíta öllum neyðarráðstöfunum ef meiri háttar slys verður.

VI. Ábyrgð útflutningsríkja.

22. gr.

Ef notkun hættulegra efna, tækni eða ferla er bönnuð í útflutningsríki vegna hættu á meiri háttar slysi skal útflutningsríkið koma upplýsingum um slíkt bann og ástæður fyrir því til innflutningsríkisins.

VII. Lokaákvæði.

23. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

24. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

25. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

26. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

27. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

28. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

29. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 25. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

30. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar er jafngildur.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 180, um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 80. þingsetu sinnar í Genf 2. júní 1993 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu sem kemur til viðbótar við alþjóðasamþykkt um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys,

gerir þingið í dag, 22 . júní 1993, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys, 1993.

1. Ákvæðum þessarar tillögu skyldi beitt ásamt ákvæðum Samþykktar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys, 1993 (hér eftir nefnd „Samþykktin“).

2. (1) Alþjóðavinnumálastofnunin ætti, í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi alþjóðlegar samstarfsstofnanir ríkisstjórna og aðrar stofnanir, að stuðla að alþjóðlegum upplýsingaskiptum um:

a. góðar öryggisreglur á mjög hættulegum vinnustöðum, m.a. um stjórnun öryggismála og öryggi í vinnuferlinu;
b. meiri háttar slys;
c. hvað lærst hefur þegar legið hefur við slysi;
d. tækni og ferli sem eru bönnuð vegna öryggis og hollustuhátta;
e. skipulagningu læknisfræðilegrar og tæknilegrar aðstoðar eftir að meiri háttar slys hefur orðið;
f. aðferðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi stjórnvöld beita til að hrinda í framkvæmd ákvæðum Samþykktarinnar og þessarar Tillögu.

(2) Aðildarríkin ættu, að svo miklu leyti sem því verður við komið, að koma upplýsingum um það efni sem tilgreint er í tölulið (1) til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

3. Stefna stjórnvalda, sem gert er ráð fyrir samkvæmt samþykktinni, landslögum og reglugerðum eða öðrum ráðstöfunum til að framkvæma hana, skyldi eftir því sem við á, vera í samræmi við starfsreglur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys sem gefnar voru út 1991.

4. Aðildarríkin ættu að marka stefnu sem hefur það að markmiði að takast á við meiri háttar hættu, áhættuvalda og afleiðingar þeirra á þeim sviðum og í tengslum við þá starfsemi sem ákvæði samþykktarinnar ná ekki til samkvæmt 3. mgr. 1. gr.

5. Aðildarríkin ættu að viðurkenna að meiri háttar slys gæti haft alvarleg áhrif á líf manna og umhverfið og hvetja til að komið verði á kerfum til að greiða starfsmönnum bætur svo skjótt sem auðið er eftir að slys hefur orðið og huga að áhrifum slyssins á almenning og umhverfið.

6. Samkvæmt þríhliða yfirlýsingu um meginreglur varðandi fjölþjóðafyrirtæki og félagsmálastefnu, sem stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur samþykkt, ættu landsfyrirtæki eða fjölþjóðafyrirtæki, sem starfa á fleiri en einum stað, að gera öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar slys og hafa stjórn á þróun mála, sem líklegt er að gætu valdið meiri háttar slysi, án mismununar, til handa starfsmönnum á öllum vinnustöðum sínum á hvaða stað eða í hvaða landi þá er að finna.

Fylgiskjal III.

Skipan stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kjörtímabilið 1993–1996.

Fulltrúar ríkisstjórna.

Fastafulltrúar sem eru tilnefndir af eftirtöldum 10 aðaliðnaðaríkjum:
Bandaríkin,
Brasilía,
Frakkland,
Indland,
Ítalía,
Japan,
Kína,
Rússland,
Sambandslýðveldið Þýskaland,
Stóra-Bretland.

Aðildarríki sem eru kjörin til að nefna aðalfulltrúa:
Argentína,
Ástralía,
Gana,
Indónesía,
Íran,
Kenía,
Kongó,
Mexíkó,
Nígaragva,
Níger,
Noregur,
Kvatar,
Rúmenía,
Simbabve,
Síle,
Tékkneska lýðveldið,
Túnis,
Venesúela.

Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna varafulltrúa:
Egyptaland,
Filippseyjar,
Gabon,
Holland,
Kanada,
Kúba,
Malí,
Máritanía,
Nýja-Sjáland,
Pakistan,
Panama,
Póland,
Portúgal,
Spánn,
Súdan,
Svasíland,
Ungverjaland,
Úrúgvæ.

Fulltrúar atvinnurekenda.

Aðalfulltrúar:	Varafulltrúar:
J. Aka-Angui (Fílabeinsströndin)	J. Aboughe-Obame (Gabon)
M. Eurnekian (Argentína)	L. P. Anand (Indía)
A. Gazarin (Egyptaland)	F. Diaz Garaycoa (Ekvador)
G. Hultin (Finnland)	C. Hak (Holland)
A. Katz (Bandaríki Norður-Ameríku)	J. C. Halliwell (Kanada)
A. Mackie (Stóra-Bretland)	I. C. Imoisili (Nígería)
M. Nasr (Líbanon)	J. S. Lacasa-Aso (Spánn)
B. Noakes (Ástralía)	T. Makeka (Lesótó)
J. Oechslin (Frakkland)	E. Millette (Trinidad og Tobago)
T. Owuor (Kenya)	A. R. D. Mokzhani (Malasía)
J. Santos Neves Filho (Brasilía)	Ould Sidi Mohamed (Máritanía)
A. W. Tabani (Pakistan)	J. de Regil (Mexíkó)
R. Thüsing (Þýskaland)	L. Sasso-Mazzufferi (Ítalía)
H. Tsujino (Japan)	O. Touré (Malí)

Fulltrúar launafólks.

Aðalfulltrúar:	Varafulltrúar:
M. Ben Seddik (Marokkó)	C. Agyei (Gana)
W. Brett (Stóra-Bretland)	K. Ahmed (Pakistan)
I. Doucouré (Malí)	O. Bargas (Brasilía)
U. Engelen-Kefer (Þýskaland)	R. Briesch (Frakkland)
R. Falbr (Tékkland)	Y. Kara (Ísrael)
M. Ferguson (Ástralía)	I. Kochkov (Rússland)
C. Gray (Bandaríkin)	I. Mayaki (Nígería)
S. Itoh (Japan)	D. Mendoza (Filippseyjar)
J. Mugalla (Kenýa)	Z. Rampak (Malasía)
H. Naik (Indland)	J. Sandos (Central African Republic)
J. Parrot (Kanada)	G. Sibanda (Simbabve)
A. Sanchez Madariaga (Mexíkó)	L. Trotman (Barbados)
K. Tapiola (Finnland)	R. Vanni (Ítalía)
G. Vera (Venesúela)	T. Wojcik (Pólland)

Fylgiskjal IV.

Fulltrúar Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu 1945–1993.

Samkvæmt 3. gr. 1. tölul. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal allsherjarþing fulltrúa aðildarríkjanna koma saman til fundar þegar þörf krefur þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Tekið er fram að þar eigi sæti fjórir fulltrúar frá hverju ríki. Tveir skulu vera fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar og annar hinna tveggja fulltrúi atvinnurekenda en hinn fulltrúi launafólks. Hin síðari ár hefur Alþjóðavinnumálaþingið komið undantekningarlaust saman í Genf í Sviss. Þingið stendur u.þ.b. þrjár vikur. Frá og með 81. þinginu 1994 er gert ráð fyrir að þingið styttist um fimm daga. Á nokkra ára fresti eru haldin aukaþing sem hafa verið helguð málefnum skipverja.

Í 3. gr. 2. tölul. stofnskrárinnar kemur fram að hver fulltrúi getur haft með sér ráðgjafa en þeir mega ekki vera fleiri en tveir um hvert málefni sem er á dagskrá þingsins. Með fullgildingu stofnskrárinnar skuldbindur aðildarríki sig til þess að skipa fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd til þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu í samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, sbr. 5. tölul. 3. gr. Við skipun fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd Íslands hefur frá upphafi verið haft samráð við Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Vinnuveitendasamband Íslands (VSÍ). Embættismenn úr félagsmálaráðuneyti (félmrn.) og utanríkisráðuneyti (utanrrn.) hafa verið fulltrúar ríkisstjórnarinnar í nefndinni.

Hér á eftir fer skrá yfir þátttöku af hálfu Íslands í Alþjóðavinnumálaþinginu. Hún er frá árinu 1945 þegar aðild Íslands var samþykkt á 27. þinginu í París til ársins 1993. Þess skal getið að árið 1970 var stofnuð fastanefnd Íslands í Genf. Þeir fulltrúar utanríkisráðuneytisins, sem hafa sótt þingið frá þeim tíma, voru í öllum tilvikum starfsmenn fastanefndarinnar. Einnig er rétt að vekja á því athygli að nokkur undanfarin ár hafa fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skipt með sér þátttöku í þinginu þannig að varamaður leysti aðalmann af hólmi þegar u.þ.b. helmingur þingtímans er liðinn.

Félagsmálaráðherra:	*Alþjóðavinnumálaþing:*	*Fulltrúar:*
Finnur Jónsson	27. þing, París 1945	Þórhallur Ásgeirsson (utanrrn.)
félagsmálaráðherra	29. þing, Montreal 1946	Thor Thors (utanrrn.)
1944–1947		Þórhallur Ásgeirsson (utanrrn.)
		Kjartan Thors (VSÍ)
		Pétur G. Guðmundsson (ASÍ)
Stefán Jóh. Stefánsson	30. þing, Genf 1947	Finnur Jónsson (félmrn.)
félagsmálaráðherra		Jónas Guðmundsson (félmrn.)
1947–1949		Benedikt Gröndal (VSÍ)
		Björn Bjarnason (ASÍ)
	31. þing, San Francisco 1948	Jónas Guðmundsson (félmrn.)
		Jón S. Ólafsson (félmrn.)
	32. þing, Genf 1949	Jónas Guðmundsson (félmrn.)
		Jón S. Ólafsson (félmrn.)
		Sigurður Jónsson (VSÍ)
		Magnús Ástmarsson (ASÍ)

Félagsmálaráðherra:	*Alþjóðavinnumálaþing:*	*Fulltrúar:*
Steingrímur Steinþórsson félagsmálaráðherra 1950–1956	33. þing, Genf 1950	Jónas Guðmundsson (félmrn.) Haraldur Kröyer (utanrrn.)
	35. þing, Genf 1952	Jónas Guðmundsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Kjartan Thors (VSÍ) Magnús Ástmarsson (ASÍ)
	38. þing, Genf 1955	Hjálmar Vilhjálmsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Eyjólfur Jóhannsson (VSÍ) Eðvarð Sigurðsson (ASÍ)
Hannibal Valdimarsson félagsmálaráðherra 1956–1958	40. þing, Genf 1957	Hannibal Valdimarsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Kjartan Thors (VSÍ) Eðvarð Sigurðsson (ASÍ)
Eggert G. Þorsteinsson félagsmálaráðherra 1965–1970	50. þing, Genf 1966	Eggert G. Þorsteinsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Kjartan Thors (VSÍ) Björgvin Sigurðsson (VSÍ) Hannibal Valdimarsson (ASÍ) Snorri Jónsson (ASÍ)
Hannibal Valdimarsson félagsmálaráðherra 1971–1973	57. þing, Genf 1972	Hannibal Valdimarsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Einar Benediktsson (utanrrn.) Kristján Ragnarsson (VSÍ) Snorri Jónsson (ASÍ)
Björn Jónsson félagsmálaráðherra 1973–1974	59. þing, Genf 1974	Jón S. Ólafsson (félmrn.) Einar Benediktsson (utanrrn.) Ólafur Jónsson (VSÍ) Snorri Jónsson (ASÍ)
Gunnar Thoroddsen félagsmálaráðherra 1974–1978	63. þing, Genf 1977	Gunnar Thoroddsen (félmrn.) Haraldur Kröyer (utanrrn.) Kornelíus Sigmundsson (utanrrn.)
	64. þing, Genf 1978	Jón S. Ólafsson (félmrn.) Haraldur Kröyer (utanrrn.) Jón H. Bergs (VSÍ) Snorri Jónsson (ASÍ) Ásmundur Stefánsson (ASÍ)
Magnús H. Magnússon félagsmálaráðherra 1978–1980	65. þing, Genf 1979	Haraldur Kröyer (utanrrn.) Tómas Karlsson (utanrrn.)

Félagsmálaráðherra:	*Alþjóðavinnumálaþing:*	*Fulltrúar:*
Svavar Gestsson félagsmálaráðherra 1980–1983	66. þing, Genf 1980	Jón S. Ólafsson (félmrn.) Tómas Karlsson (utanrrn.)
	67. þing, Genf 1981	Svavar Gestsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Hannes Jónsson (utanrrn.) Skúli Jónsson (VSÍ) Kristín Mantila (ASÍ)
	68. þing, Genf 1982	Jón S. Ólafsson (félmrn.) Hannes Jónsson (utanrrn.) Kristín Mantila (ASÍ)
Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra 1983–1987	69. þing, Genf 1983	Jón S. Ólafsson (félmrn.) Hannes Jónsson (utanrrn.) Magnús Gunnarsson (VSÍ) Björn Björnsson (ASÍ)
	70. þing, Genf 1984	Jón S. Ólafsson (félmrn.) Hannes Hafstein (utanrrn.) Kristján Þorbergsson (VSÍ) Lára V. Júlíusdóttir (ASÍ)
	71. þing, Genf 1985	Gylfi Kristinsson (félmrn.) Hannes Hafstein (utanrrn.) Kristján Þorbergsson (VSÍ) Lára V. Júlíusdóttir (ASÍ)
	72. þing, Genf 1986	Alexander Stefánsson (félmrn.) Hallgrímur Dalberg (félmrn.) Gylfi Kristinsson (félmrn.) Hannes Hafstein (utanrrn.) Kristján Þorbergsson (VSÍ) Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ)
	73. þing, Genf 1987	Gylfi Kristinsson (félmrn.) Kristinn Árnason (utanrrn.) Kristján Þorbergsson (VSÍ) Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ)
Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra 1987–	75. þing Genf 1988	Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.) Hallgrímur Dalberg (félmrn.) Gylfi Kristinsson (félmrn.) Sverrir Haukur Gunnlaugsson (utanrrn.) Kristinn Árnason (utanrrn.) Jón H. Magnússon (VSÍ) Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ)

Félagsmálaráðherra:	*Alþjóðavinnumálaþing:*	*Fulltrúar:*
	76. þing, Genf 1989	Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.) Gylfi Kristinsson (félmrn.) Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) Sverrir Haukur Gunnlaugsson (utanrrn.) Kristinn Árnason (utanrrn.) Bjarnveig Eiríksdóttir (utanrrn.) Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) Jón H. Magnússon (VSÍ) Ásmundur Stefánsson (ASÍ) Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ)
	77. þing, Genf 1990	Gylfi Kristinsson (félmrn.) Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) Kristinn F. Árnason (utanrrn.) Stefán Jóhannesson (utanrrn.) Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) Jón H. Magnússon (VSÍ) Þráinn Hallgrímsson (ASÍ) Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ)
	78. þing, Genf 1991	Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.) Gylfi Kristinsson (félmrn.) Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) Kristinn F. Árnason (utanrrn.) Stefán Jóhannesson (utanrrn.) Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) Jón H. Magnússon (VSÍ) Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ) Þráinn Hallgrímsson (ASÍ)
	79. þing, Genf 1992	Gylfi Kristinsson (félmrn.) Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) Kristinn F. Árnason (utanrrn.) Stefán Jóhannesson (utanrrn.) Margrét Viðar (utanrrn.) Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) Jón H. Magnússon (VSÍ) Þráinn Hallgrímsson (ASÍ) Þórunn Sveinbjörnsdóttir (ASÍ)

Félagsmálaráðherra:	*Alþjóðavinnumálaþing:*	*Fulltrúar:*
	80. þing, Genf 1993	Gylfi Kristinsson (félmrn.) Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.) Kjartan Jóhannsson (utanrrn.) Lilja Ólafsdóttir (utanrrn.) Stefán Jóhannesson (utanrrn.) Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ) Jón H. Magnússon (VSÍ) Benedikt Davíðsson (ASÍ) Bryndís Hlöðversdóttir (ASÍ)

Fylgiskjal V.

Skýrsla um starf nefndar sem fer með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 1993.

Á 61. Alþjóðavinnumálaþinginu, sem haldið var í Genf árið 1976, var afgreidd samþykkt nr. 144, um um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Ísland fullgilti samþykktina árið 1981. Samþykktin endurspeglar það samstarf fulltrúa ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins sem fram fer innan Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og skapar henni sérstöðu meðal annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í anda samþykktar nr. 144 var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Á árinu 1993 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Bryndís Hlöðversdóttir, lögræðingur ASÍ, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ, og fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Verkefni nefndarinnar á árinu 1993 voru svipuð og næstu ár á undan, þ.e. að fara yfir drög að skýrslum til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta, svara spurningaskrám sem skrifstofan sendir aðildarríkjunum þegar undirbúin eru drög að nýjum samþykktum og fjalla um athugasemdir sem sérfræðinganefnd ILO gerir við framkvæmd á alþjóðasamþykktum. Nefndin ræðir einnig framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hélt á árinu 1993 samtals 14 fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðr-

um samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á árinu 1993 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

Alþjóðasamþykkt nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi.
Alþjóðasamþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.
Alþjóðasamþykkt nr. 98, um samningafrelsi.
Alþjóðasamþykkt nr. 100, um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.
Alþjóðasamþykkt nr. 108, um persónuskírteini sjómanna.
Alþjóðasamþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.
Alþjóðasamþykkt nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna krabbameinsvaldandi efna.
Alþjóðasamþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.
Alþjóðasamþykkt nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Af framangreindum níu skýrslum eru fjórar svonefndar fyrstu skýrslur. Í því felst að um er að ræða fyrstu skýrslu Íslands um framkvæmd á hlutaðeigandi samþykkt. Fyrsta skýrsla er að öllu jöfnu viðameiri en þær sem á eftir fylgja. Í henni þarf að gera ítarlega grein fyrir lögum, reglugerðum og ákvæðum í kjarasamningum sem snerta efni samþykktarinnar. Á árinu 1993 voru alþjóðavinnumálaskrifstofunni sendar fyrstu skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta nr. 122, 139, 155 og 159.

b. Skýrsla um 79. Alþjóðavinnumálaþingið 1992.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á Ísland er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1993 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 79. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var 1992. Það þing afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um verndun launakrafna við gjaldþrot atvinnurekanda.

79. Alþjóðavinnumálaþingið lauk fyrri umræðu um drög að nýrri alþjóðasamþykkt um aðgerðir til að hindra meiri háttar stórslys.

c. Undirbúningur fyrir þátttöku í 80. Alþjóðavinnumálaþinginu.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1993 um dagskrármál 80. Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var farið yfir drög að alþjóðasamþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum. Enn fremur var farið yfir skýrslur sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings umræðum um helstu dagskrármál vinnumálaþingsins.

d. Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Umfjöllun um aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu er meðal verkefna sem falin hafa verið ILO-nefndinni. Á árinu 1993 voru það einkum þrjú atriði sem voru á dagskrá nefndarinnar. Við upphaf ársins var lokið við að afgreiða drög að skýrslu Íslands um framkvæmd á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1990 og 1991.

Þess skal getið að að ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti á fundi sínum 17. september 1992 að breyta til reynslu fyrirkomulagi á skýrslugjöf um framkvæmd sáttmál-

ans. Samkvæmt 21. gr. sáttmálans skal þetta gert á tveggja ára fresti. Samkvæmt því hafa aðildarríkin tekið saman annað hvert ár skýrslu um framkvæmd allra fullgiltra ákvæða sáttmálans. Enn fremur hefur þeim verið skipt í tvo hópa og hafa ríkjahóparnir skipst á um að senda Evrópuráðinu skýrslur sínar. Þetta breytist þannig að nú skal til reynslu í næstu fjögur ár taka saman skýrslu á hverju ári um tiltekinn fjölda greina. Aðildarríkin munu í raun skila skýrslu á tveimur árum um framkvæmd ákvæða sáttmálans. Af breytingunni leiðir að sérfræðinganefndin getur nú samtímis lagt mat á framkvæmd allra aðildarríkjanna á ákvæðum sáttmálans. Það ætti að leiða til þess að betri samanburður fæst á framkvæmd ríkjanna á sáttmálanum.

Í samræmi við breyttar reglur um skýrslur um framkvæmd á félagsmálasáttmálanum óskaði Evrópuráðið eftir skýrslu um framkvæmd á eftirtöldum greinum sáttmálans:

12. gr., um rétt til félagslegs öryggis.

13. gr., um rétt til félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar (svör við spurningum).

16. gr., um rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegar og efnahagslegrar verndar, svör við spurningum.

17. gr., um rétt mæðra og barna til félagslegrar og efnahagslegrar verndar.

18. gr., um rétt til að stunda arðbært starf í landi annars samningsaðilans.

ILO-nefndin vann á árinu að gerð draga að skýrslu um framkvæmd þessara greina. Skýrslan var send Evrópuráðinu 4. október 1993.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans.

Eins og greint er frá í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um 78. Alþjóðavinnumálaþingið 1991 bárust íslenskum stjórnvöldum í lok janúar 1992 athugasemdir sem nefnd óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins gerir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1988 og 1989. ILO-nefndin fjallaði um þessar athugasemdir í tengslum við fundi embættismannanefndar á vegum Evrópuráðsins sem fer yfir skýrslu sérfræðinganna. Með samþykkt bókunar við félagsmálasáttmálann haustið 1991 breytist hlutverk embættimannanefndarinnar þannig að henni er nú falið að velja þau tilvik, þar sem ákvæði félagsmálasáttmálans eru brotin að mati sérfræðinganefndarinnar, og leggja fyrir ráðherranefnd ráðsins að hún samþykki sérstök tilmæli til hlutaðeigandi ríkisstjórnar um úrbætur. Áður leit embættismannanefndin á það sem hlutverk sitt að túlka ákvæði sáttmálans. Sérfræðinganefndin fær hins vegar afdráttarlausara vald til að leggja lagalegt mat á framkvæmd aðildarríkja sáttmálans. Á fundum ILO-nefndarinnar var einkum rætt um athugasemdir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við 5. gr. félagsmálasáttmálans, um félagafrelsi, og 6. gr. sem m.a. er um rétt til að semja um kaup og kjör.

Endurskoðun félagsmálasáttmálans.

Á árinu 1993 var fram haldið því verki sem hafið var árið 1990 þegar fundur evrópskra félagsmálaráðherra samþykkti tillögu Lalumiere, framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, um endurskoðun á ákvæðum félagsmálasáttmálans. Í framhaldi af samþykkt tillögunnar var hafin endurskoðun sáttmálans af sérstakri nefnd á vegum Evrópuráðsins. Nefndin afgreiddi árið 1991 drög að bókun við félagsmálasáttmálann þar sem skýrar er kveðið á um hlutverk sérfræðinganefndar Evrópuráðsins. Í henni er einnig kveðið skýrar á um verkefni nefndar sem í eiga sæti fulltrúar aðildarríkja sáttmálans. Á vettvangi ILO-nefndarinnar var á árinu 1993 fyrst og fremst fjallað um drög að bókun við sáttmálann sem veitir heildarsamtökum vinnumarkaðarins rétt til að kæra framkvæmd sáttmálans til Evr-

ópuráðsins. Um er að ræða svipað fyrirkomulag og nú tíðkast hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni. Einnig hefur ILO-nefndin fjallað um tillögur um breytingar á einstökum efnisgreinum sáttmálans sem hafa verið á dagskrá endurskoðunarnefndarinnar.

Viðauki I.

Athugasemdir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við skýrslu Íslands um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1990 og 1991.

Hér eru birtar athugasemdir sem nefnd óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins hefur gert við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1990 og 1991. Athugasemdirnar eru birtar í skýrslu sérfræðinganefndarinnar *European Social Charter, Committee of Independent Experts of the European Social Charter, Conclusions XIII-1, Strasbourg 1994.* Það skal tekið fram að athugasemdir sérfræðinganefndarinnar eru ekki tilfærðar orðrétt heldur er um að ræða efnislega samantekt nema annað sé tekið fram. Tilvitnuð ákvæði sáttmálans eru einnig stytt.

Framsetningin er í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum er að finna almennar athugasemdir sérfræðinganefndarinnar sem snerta Ísland. Í seinni hlutanum er samantekt þar sem gerð er grein fyrir því hvaða ákvæði Ísland telst að mati sérfræðinganefndarinnar framfylgja í samræmi við ákvæði sáttmálans og í hvaða tilvikum nauðsynlegt er að endurskoða framkvæmdina.

Tekið skal fram að ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti á 497. fundi í september 1993 að breyta framkvæmd á ákvæðum um skýrslur aðildarríkja félagsmálasáttmálans. Samkvæmt henni var óskað eftir skýrslu um framkvæmd á fyrstu sex greinum sáttmálans. Auk þess var óskað eftir skýrslum um framkvæmd þeirra greina þar sem sérfræðinganefndin hafði áður komist að neikvæðri niðurstöðu um framkvæmdina. Þar af leiðandi er það yfirlit yfir athugasemdir sérfræðinganefndarinnar, sem hér er birt, ekki fyllilega sambærilegt við hliðstæð yfirlit sem áður hafa verið birt í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis. Við þetta má bæta að íslensk stjórnvöld sendu Evrópuráðinu í ársbyrjun 1993 skýrslu um framkvæmd annarra fullgiltra greina sáttmálans.

Almennar athugasemdir sérfræðinganefndarinnar.

Félagafrelsi og samningafrelsi.

Í skýrslu sinni gerir sérfræðinganefndin sérstaklega að umtalsefni framkvæmd ákvæða félagsmálasáttmálans um félagafrelsi og samningafrelsi. Hún minnir á að 5. og 6. gr., sem tryggja annars vegar félagafrelsi og hins vegar rétt heildarsamtaka til að gera kjarasamninga, teljast tryggja tvenn af mikilvægustu réttindum sáttmálans og vera hluti af megininntaki hans sem getið er í 20. gr. Nefndin vekur athygli á því að ríkjum, sem fullgilda sáttmálann, er ekki skylt að hlíta ákvæðum þessara greina þrátt fyrir mikilvægi þeirra í því skyni að tryggja réttindi launafólks og atvinnurekenda. Hún tekur fram að Grikkir og Tyrkir hafa ekki samþykkt þessi ákvæði og Austurríki og Lúxemborg hafa ekki samþykkt 4. mgr. 6. gr. Nefndin lætur í ljós von um að þessar aðildarþjóðir sjái sér fært að samþykkja öll ákvæðin í náinni framtíð. Hún gefur því einnig gaum að Portúgalar hafa samþykkt 4. mgr. 6. gr. með fyrirvara hvað snertir verkbann, en slíkt er bannað samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár Portúgals, og að Hollendingar hafa samþykkt 4. mgr. 6. gr. með fyrirvara hvað snertir verkfallsrétt opinberra starfsmanna. Hún minnir á að ríkisstjórn Hollands gerir ráð fyrir að afnema þennan fyrirvara í náinni framtíð og gef-

ur því gaum að í Hollandi eru í raun, eins og sakir standa nú, engar hömlur á verkfallsrétti opinberra starfsmanna.

Sérfræðinganefndin víkur að endurskoðun félagsmálasáttmálans og telur mikilvægt að við efnislega endurskoðun sáttmálans, sem fer nú fram á vegum nefndar um félagsmálasáttmálann (Charte-rel-nefndarinnar), verði hugað að því að skylda aðildarþjóðirnar til að samþykkja 5. og 6. gr.

Síðan segir: „Nefndin hefur ávallt haldið því fram að 5. gr. tryggi jafnt neikvæða og jákvæða þætti félagafrelsisins og því ætti ekki að skylda neinn til að ganga í verkalýðsfélag eða tiltekið verkalýðsfélag.

Nefndin minnir á að þar af leiðandi hafi það ávallt verið skoðun hennar að sá háttur sumra fyrirtækja að ráða aðeins til starfa félaga í tilteknu verkalýðsfélagi jafngilti takmörkun á rétti til að stofna félög og félagafrelsi. Nefndin vísar til almennra athugasemda sinna í Niðurstöðum VIII þar sem segir: „Engin aðildarþjóð má láta undir höfuð leggjast að hafa til reiðu réttarúrræði eða viðurlög vegna starfshátta sem hefta ótilhlýðilega frelsi til að stofna eða ganga í verklýðsfélög“ (bls. 77). Hún vísar einnig til Niðurstaðna XI-1, þar sem segir: „... frelsi til að ganga í verkalýðsfélög, sem tryggt er í 5. gr. sáttmálans, felur óhjákvæmilega í sér að ekki er um að ræða neins konar skyldu til að ganga í eða vera félagi í verkalýðsfélagi ...“ (bls. 78).

Nefndin fagnar því úrskurði mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sigurðar A. Sigurjónssonar gegn ríkisstjórn Íslands (mál nr. 24/1992/369/443) þar sem rétturinn staðfestir hinn neikvæða þátt 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (félagafrelsi, þar með talinn rétt til að stofna og ganga í verklýðsfélög). Hún gefur því gaum að málið snertir rétt leigubílstjóra til að ganga ekki í félag, ástand sem nefndin hefur gagnrýnt um árabil, og gefur gaum að því að dómstóllinn vitnaði í niðurstöður nefndarinnar í 35. gr. dómsins frá 30. júní 1993.

Í þessu sambandi veitir nefndin því athygli með ánægju að löggjöf á Norður-Írlandi hefur nú verið færð til samræmis við löggjöf í Stóra-Bretlandi þannig að nú er fyrirtækjum bannað að ráða aðeins í vinnu þá sem eiga aðild að tilteknu verkalýðsfélagi.

Jafnframt því vitnar hún í niðurstöður sínar varðandi 5. gr., Frakkland, og gefur gaum að því að þrátt fyrir að frönsk löggjöf samræmist ákvæðum sáttmálans eru uppi efasemdir um ástandið í reynd í tveimur atvinnugreinum. Nefndin mun halda áfram að fylgjast með framgangi mála hvað snertir þann sið fyrirtækja í aðildarríkjunum að ráða aðeins til starfa félaga úr tilteknu verkalýðsfélagi og vonast til að í næstu skýrslum aðildarríkjanna um 5. gr. komi fram ítarlegar og nákvæmar upplýsingar um þetta mál, bæði hvað snertir löggjöf og framkvæmd.

Við lestur skýrslna skv. 5. og 6. gr. hefur nefndin einnig orðið þess vör að stjórnvöld í mörgum löndum hafa í vaxandi mæli lagt hömlur á þau réttindi sem tryggð eru með þessum ákvæðum. Þannig hafa í Stóra-Bretlandi verði gerðar breytingar á lögum sem valda því að ákvæði laganna jafngilda hömlum á rétti verkalýðsfélaga til að stjórna eigin málum; í Noregi gripu stjórnvöld í taumana og bönnuðu verkfall og fyrirskipuðu bindandi gerðardóm í vinnudeilu í olíuiðnaðinum; í Frakklandi heimila lög að eins dags laun séu dregin af launum ríkisstarfsmanna þótt verkfall standi styttra en einn dag; á Íslandi settu stjórnvöld bráðabirgðalög til að fresta launahækkunum sem samið hafði verið um í almennum kjarasamningum; og í Hollandi fyrirskipaði Hæstiréttur (að vísu utan viðmiðunartímans) takmörkun á tímalengd verkfalls á þeim forsendum að það væri ólöglegt vegna þess að það skaðaði þriðja aðila.

Athugasemdir sérfræðinganefndarinnar við framkvæmd einstakra greina sáttmálans:

1. gr.

1. mgr., um að allir menn skuli eiga þess kost að vinna fyrir sér í starfi sem þeir hafa sjálfir valið.

* Við lestur skýrslu Íslands gefur nefndin því gaum að aðeins hefur orðið smávægileg aukning á hagvexti á viðkomandi tímabili. Atvinnuleysi var 1,7% að meðaltali 1990 en féll niður í 1,5% að meðaltali 1991. Nefndin veitir því athygli að atvinnuleysi kvenna minnkaði (úr 2,3% 1990 í 1,7% 1991) og minni munur varð á þessum tölum fyrir karla og konur.

Nefndin veitir einnig athygli þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni við verðbólgu og að gerður var hóflegur samningur um kaupgjald og verðlag í febrúar 1990, en markmiðið með honum var að stuðla að hagvexti og tryggja að störfum fækkaði ekki.

Nefndin óskar þess að fá áfram upplýsingar um þróun þessara mála.

2. mgr., um að réttur verkafólks til að vinna fyrir sér í starfi sem það hefur valið sér sé verndaður á raunhæfan hátt.

* Nefndin gefur gaum að því í skýrslu Íslands að engar breytingar hafa verið gerðar hvað snertir bann við nauðungarvinnu. Hún ítrekar því jákvæða niðurstöðu sína hvað þetta snertir.

Hvað snertir útrýmingu misréttis til vinnu gefur nefndin gaum að setningu nýrra laga (nr. 28) 1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem gefur fyrri ákvörðunum aukið vægi og snýr m.a. við sönnunarbyrðinni í málum sem skotið er til kærunefndar þar eð svo er mælt fyrir (í 6. gr.) að hlutaðeigandi vinnuveitandi skuli sanna fyrir nefndinni að ákvörðun hans hafi byggst á öðrum ástæðum en kynferði; kærunefndinni er einnig falið að sinna nokkrum af verkefnum Jafnréttisráðs og komið skal á fót jafnréttisnefndum í sveitarfélögum. Nefndin gefur einnig gaum að málum sem skotið hefur verið til nefndarinnar síðan í júlí 1991, en þau snerust öll um meinta mismunum við mannaráðningar.

Nefndin óskar þess að fá upplýsingar um störf kærunefndar hvað snertir misrétti til starfa, svo og um störf Jafnréttisráðs og jafnréttisnefnda sveitarfélaga.

Nefndin veitir því einnig athygli að í 17. gr. laga nr. 28 frá 1991 eru ákvæði þess efnis að félagsmálaráðherra skuli leggja fyrir Alþingi fjögurra ára áætlun um jafnréttismál og gefa Alþingi skýrslu um stöðu mála með tilliti til endurskoðunar áætlunarinnar sem fram skal fara á tveggja ára fresti. Nefndin óskar þess að fá upplýsingar um hvernig áætluninni miðar fram og, ef við á, um inntak skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis.

Nefndin tekur fram að henni hafi einnig borist upplýsingar frá Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) þess efnis að ríkisstjórnin hafi samþykkt aðra fjögurra ára áætlun (1991–1994) um ráðstafanir til að tryggja jafnrétti kynjanna, einkum með því að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðnum, og hún óskar því eftir að fá upplýsingar um efni áætlunarinnar, framkvæmd hennar og þann árangur sem náðst hefur. Hún óskar einnig eftir að fá almennar upplýsingar um árangur af ýmsum ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að hamla gegn misrétti milli karla og kvenna til vinnu.

Fram kemur að nefndin hefur í fyrri niðurstöðum sínum (Niðurstöður XII-I, 2. mgr., 1. gr., bls. 54) einnig óskað eftir upplýsingum um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að hvetja til þess að fólk fái jöfn tækifæri til vinnu og jafnan aðgang að atvinnugreinum án mismununar sökum þjóðernis, stjórnmálaskoðana eða kynþáttar (spurning 1 á eyðublaðinu). Í skýrslunni er vitnað í 233. gr. hegningarlaga og lög nr. 55/1980 sem mæla

svo fyrir að engum starfsmanni mega greiða lægri laun en um hefur verið samið í almennum kjarasamningum og að ríkisstjórnin telji að þessi ákvæði nægi til að tryggja að ákvæðum 2. mgr. 1. gr. verði framfylgt.

Nefndin er þeirrar skoðunar að ákvæði laganna frá 1980, sem tryggja ekki einu sinni jafnrétti til launa, tryggi hvorki jafnan aðgang að vinnu né jöfn tækifæri til að fá vinnu. Enn fremur hefur nefndin þegar gefið því gaum (sjá fyrri niðurstöður) að 233. gr. hegningarlaga nái ekki til misréttis til vinnu. Nefndin óskar eftir að fá upplýsingar um hvort þessu ákvæði hegningarlaga hefur nokkurn tíma verið beitt varðandi misrétti til vinnu; hún óskar einnig eftir því að fá upplýsingar um hvernig ástandið er í raun og spyr hvort íslensk stjórnvöld hyggist gera viðeigandi ráðstafanir á þessu sviði.

Meðan beðið er eftir þeim upplýsingum sem óskað er eftir ítrekar nefndin jákvæða niðurstöðu sína en setur fyrirvara vegna mikilvægis þeirra spurninga sem enn er ósvarað.

3. mgr., um ókeypis vinnumiðlun fyrir allt verkafólk.

* Nefndin kveður engar breytingar hafa orðið á aðstæðum sem hún taldi áður í samræmi við ákvæði sáttmálans. Með hliðsjón af auknu atvinnuleysi frá því haustið 1988 óskar hún eftir upplýsingum um miðlun vinnu með aðstoð opinberrar vinnumiðlunar og vinnumiðlana á vegum einkaaðila.

2. gr.

1. mgr., um skyldu samningsaðila til að sjá til þess að daglegur og vikulegur vinnustundafjöldi sé hæfilegur og markvissa styttingu vinnuvikunnar.

* Nefndin kveðst veita því athygli að kjararannsóknarnefnd hafi tekið upp aðferðir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við útreikning á vinnutíma. Niðurstöður nefndarinnar leiða í ljós að meðal vinnutími árið 1990 var 37,3 stundir og 36,9 stundir árið 1991.

Hún tekur hins vegar fram að þessar upplýsingar séu ekki í samræmi við það sem komi fram í árbók ILO um hagtölur vinnumarkaðarins árið 1992. Þar kemur fram að meðalvinnutími árið 1991 á Íslandi hafi verið 46,5 stundir.

Sérfræðinganefndin telur að munurinn geti falist í þeirri staðreynd að tölur ILO taka ekki til allra þeirra starfsgreina sem könnun kjararannsóknarnefndar tekur til. Nefndin fer þess vega á leit við stjórnvöld að þau láti í té upplýsingar um vinnutíma einstakra starfsgreina.

Nefndin veitti því enn fremur athygli að ekki komu fram upplýsingar um vinnutíma sjómanna í skýrslu Íslands. Hún óskar eftir slíkum upplýsingum í næstu skýrslu.

Nefndin kveðst hafa veitt því athygli í fyrri skýrslum Íslands að ríkisstjórninni er „ljóst að flest vinnandi fólk vinnur langan vinnutíma“ og að hún hafi skipað sérstakan starfshóp 1987 til að gera tillögur sem skyldu leiða til styttingar hans. Nefndin gefur gaum að því að tillögum starfshópsins — þar sem bent er á tiltekin svið þar sem aðilar vinnumarkaðarins geta tekið á málum með samkomulagi, t.d. um lækkun yfirvinnukaups og hækkun dagvinnukaups, svo og ráðstafanir sem ríkisstjórnin gæti gripið til, svo sem að takmarka yfirvinnutíma með lögum — var vísað til aðila vinnumarkaðarins til umsagnar. Nefndin óskaði eftir að fá upplýsingar um þær ráðstafanir sem íslenska ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafa gripið til í því skyni að fækka vinnutímum í samræmi við tillögur starfshópsins. Um leið og sérfræðinganefndin harmar að þessar upplýsingar hafa ekki borist endurtekur hún ósk sína.

3. gr.

1. mgr., um útgáfu öryggis- og heilbrigðisreglugerða.

* Í skýrslu Íslands er ekki að finna upplýsingar um efni heilbrigðis- og öryggisreglugerða sem gefnar voru út 1988 og 1989 eins og óskað hafði verið eftir í síðustu niðurstöðum. Hún ítrekar því ósk sína þess efnis og vonast til að næsta skýrsla hafi að geyma slíkar upplýsingar.

Nefndin gefur gaum að upplýsingum í skýrslunni um reglugerð um flokkun, merkingu og notkun hættulegra efna og efnasambanda sem gefin var út 1990.

Hún veitir því einnig athygli að í undirbúningi er að gefa út reglugerð um að skylda seljendur kemískra efna til að gefa út leiðbeiningar handa notendum slíkra efna. Nefndin óskar að fá upplýsingar um framvindu þessarar tillögu.

Nefndin gefur því einnig gaum að hvorki í síðustu skýrslu né hinum fyrri hefur komið fram hvort heilbrigðis- og öryggisreglugerðir nái einnig til þeirra sem starfa sjálfstætt. Hún vísar til fordæmisréttar sem mælir svo fyrir að ekki sé unnt að líta svo á að ástandið sé viðunandi hvað snertir öruggar og heilnæma vinnuaðstæður ef þær ná hvorki til sjálfstætt starfandi fólks í landbúnaði, iðnaði og verslun, né fjölskyldna þeirra (Niðurstöður II, bls. 12).

Nefndin spyr því hvort heilbrigðis- og öryggisreglugerðir nái til þeirra sem starfa sjálfstætt. Hún óskar einnig eftir upplýsingum að hve miklu leyti reglugerðin nái til starfa á vegum hins opinbera.

Meðan beðið er eftir þeim upplýsingum sem óskað er eftir ítrekar nefndin jákvæða niðurstöðu sína en setur fyrirvara vegna mikilvægis þeirra spurninga sem enn er ósvarað.

2. mgr., um eftirlit með framkvæmd öryggis- og heilbrigðisreglugerða.

* Nefndin veitir því athygli í skýrslu Íslands að fjöldi kannana, sem fram fóru á viðmiðunartímanum, var svipaður og á fyrra tímabili.

Nefndin harmar að í skýrslunni skuli ekki vera neinar hagtölur um atvinnusjúkdóma, svo sem hún hafði óskað eftir í fyrri niðurstöðum sínum og vonaðist því eftir að fá í síðustu skýrslu.

Nefndin gefur gaum að svari ríkisstjórnar Íslands við ósk hennar um hagtölur um vinnuslys. Hún er þeirrar skoðunar að hagtölurnar virðist benda til verulegrar aukningar á fjölda vinnuslysa (739 voru tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins 1990, 422 árið 1989 og 399 árið 1988), en í skýrslunni er gefin sú skýring að aukning á tíðni stafi af breytingu á reglugerð frá 1990 um tilkynningarskyldu varðandi vinnuslys. Auk þess veitir nefndin því athygli að u.þ.b. 12.000 vinnuslys eru skráð árlega hjá slysadeildum sjúkrahúsa.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum yfir þessu og spyr að hve miklu leyti breytingar á tilkynningakerfinu hafi valdið aukningu á þessari hagtölu. Hún óskar einnig eftir upplýsingum um efni reglugerðar um tilkynningarskyldu hvað varðar vinnuslys og þær breytingar sem fyrirhugaðar eru svo að Vinnueftirliti ríkisins verði kleift að fá upplýsingar um öll vinnuslys. Nefndin óskar einnig eftir að fá upplýsingar um fjölda tilvika um atvinnusjúkdóma sem þegar hefur verið óskað eftir.

Meðan beðið er eftir þeim nákvæmu upplýsingum, sem nefndin gerir kröfu um, ítrekar hún jákvæða niðurstöðu sína, en setur fyrirvara vegna mikilvægis þeirra spurninga sem enn er ósvarað.

3. mgr., um samráð við aðila vinnumarkaðarins um ráðstafanir sem ætlað er að bæta öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

* Nefndin gefur því gaum að í skýrslu Íslands segir að nýjum reglugerðum og frumkvæði varðandi heilbrigði og öryggi við vinnu séu að jafnaði hrundið í framkvæmd að höfðu samráði við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins.

Í fyrri niðurstöðum sínum sagði nefndin að ástandið teldist viðunandi síðan hún fékk 2. skýrslu Íslands í hendur (7. umferð) þar eð þátttaka fulltrúa aðila vinnumarkaðarins við samningu reglugerðar til að framfylgja lögum nr. 46/1980, um vinnuvernd og vinnuaðstæður, hafði verið tryggð með setu þeirra í stjórnarnefnd sem stofnuð var samkvæmt þessum lögum. Hins vegar hefur ríkisstjórn Íslands ekki gefið neinar upplýsingar um störf stjórnarnefndarinnar. Nefndin ítrekar því ósk sína um slíkar upplýsingar í næstu skýrslu. Hún ítrekar jákvæða niðurstöðu sína með fyrirvara um ofangreint atriði.

4. gr.

1. mgr., um rétt verkafólks til kaups sem veiti því og fjölskyldum þess sómasamleg lífskjör.

* Nefndin gefur gaum að upplýsingum sem fram koma í skýrslu Íslands. Hún harmar að enn skuli ekki hafa reynst mögulegt að gefa nefndinni upplýsingar um meðallaun á Íslandi eftir því sem fram kemur í skýrslunni. Nefndin gerir sér grein fyrir því að erfitt kann að reynast að gefa slíkar upplýsingar en óskar eftir því að í næstu skýrslu verði nákvæmari upplýsingar um laun sem ná til stærri hóps launafólks en þær sem fram koma í síðustu skýrslu, svo að nefndinni verði kleift að komast að raun um hver lágmarkslaun ættu að vera.

Nefndin veitir því athygli að samkvæmt skýrslunni eru „atvinnutekjur" ekki eina tekjuöflunarleiðin; hún óskar því upplýsinga um aðrar tekjuöflunarleiðir og áhrif skatta á lægstu tekjur.

3. mgr., um viðurkenningu á rétti karla og kvenna til sama kaups fyrir jafnverðmæt störf.

* Nefndin gefur því gaum að á Íslandi voru sett ný lög, nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnrétti kvenna og karla, á viðmiðunartímanum. Hún gefur því gaum að stofnuð hefur verið sérstök kærunefnd til að rannsaka meint brot á jafnréttislögunum og gera tillögur til aðila á grundvelli niðurstaðna sinna. Nefndin gefur gaum að því að þótt niðurstöður kærunefndar séu ekki bindandi fyrir aðila er kærunefndinni heimilt að höfða mál til að afla formlegrar viðurkenningar á lagalegum rétti sóknaraðila.

Nefndin veitir því athygli að sönnunarbyrði hefur verið snúið við í málum vegna meintrar kynferðislegrar mismununar sem skotið er til kærunefndar. Sönnunarbyrðin hefur nú færst á hendur vinnuveitanda að sanna að sú meðferð, sem kært var yfir, hafi ekki byggst á kynferði sóknaraðila. Nefndin veitir þessum umbótum athygli og óskar eftir upplýsingum í þessu skyni hvort sönnunarbyrði hefur einnig verið snúið við í þeim málum sem sóknaraðili beinir fremur til almennra dómstóla en kærunefndar.

Nefndin gefur gaum að svari við fyrri spurningum um hvaða leiðir eru færar fyrir mann sem höfðar mál vegna meintrar kynferðislegrar mismununar án íhlutunar kærunefndar. Einstaklingur getur óskað eftir því að þær ráðstafanir, meðferð eða ákvæði, sem vefengd eru, verði lýst ógild, auk þess sem hann krefst bóta, en kærunefndin getur aðeins krafist bóta og fullrar viðurkenningar á öllum lagalegum rétti sóknaraðila.

Hvað viðvíkur bótum fyrir ósanngjarna uppsögn úr starfi (t.d. vegna óskar um jöfn laun) veitir nefndin því athygli að í hinni nýju löggjöf um jafnrétti kynjanna til vinnu er gert ráð fyrir því að nú sé heimilt að dæma mönnum bætur vegna skaða á mannorði, óþæginda eða röskunar á stöðu og persónulegum högum, auk bóta vegna fjárhagstjóns. Nefndin gefur því gaum að hér er um að ræða úrbætur (en áður takmörkuðust bætur við fjárhagstjón). Með tilliti til fordæmisréttar (Niðurstöður IX, bls. 44; XII-1, bls. 96), sem gerir ráð fyrir því, ef endurráðning er ekki möguleg, að skaðabætur verði að nægja til að hafa hemil á vinnuveitanda og veita starfsmanni bætur, vill nefndin fá upplýst hvort lög takmarka upphæð bóta sem veittar kunna að verða og, ef svo er, hver slík takmörk eru.

Með hliðsjón af þeirri óvissu, sem ríkir varðandi bætur, ákvað nefndin að fresta því að skrá niðurstöðu sína þangað til hún hefði fengið í hendur þær upplýsingar sem óskað hefur verið eftir.

Samkvæmt upplýsingum fengnum úr athugasemdum sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar 1992, samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar nr. 100 (um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, 1951) og alþjóðasamþykktar nr. 111 (um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs, 1958) svo og samkvæmt beinum tilmælum samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar nr. 111, gefur nefndin gaum að því að ráðgert er að gera könnun á launum og fríðindum kvenna og karla í fimm stórum ríkisstofnunum, en þetta er þáttur í fjögurra ára áætlun í jafnréttismálum. Nefndin hefur einnig sömu heimildir fyrir því að nú stendur yfir fimm ára verkefni um jöfn laun í því skyni að safna fáanlegum gögnum um mismunun kvenna og karla til launa, að grafast fyrir um orsakir hennar og gera tillögur um að ryðja úr vegi hindrunum fyrir jöfnum launakjörum. Þetta er liður í framkvæmdaáætlun um norræna samvinnu um jafnrétti kvenna og karla (1989–1993). Nefndin æskir þess að fá upplýsingar um niðurstöður beggja þessara verkefna.

4. mgr., um rétt verkafólks til hæfilegs uppsagnarfrests.

* Sérfræðinganefndin kveðst veita athygli upplýsingum í skýrslu Íslands um að starfsmaður í hlutastarfi, sem hafi sama atvinnurekanda, njóti sama réttar og starfsmaður í fullu starfi að því er varðar uppsagnarfrest, þ.e. starfsmaður, sem hefur unnið 775 stundir síðustu 12 mánuði á rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti. Nefndin óskar eftir því að fá vitneskju um uppsagnarrétt starfsmanna sem vinna skemur en 15 stundir á viku (þ.e. minna en 775 stundir samtals undanfarna 12 mánuði) og hvaða uppsagnarrétt starfsmaður (í fullu starfi og hlutastarfi) hefur sem unnið hefur skemur en 12 mánuði.

Niðurstaða nefndarinnar er að Ísland standi við skuldbindingar samkvæmt málsgreininni.

5. gr.

Greinin fjallar um réttinn til að stofna félög.

* Um framkvæmd þessarar greinar segir orðrétt: „Nefndin gerir sér grein fyrir því að þótt skýrslan varpi frekara ljósi á núverandi reglur sem gilda um lög um stéttarfélög hefur ekki orðið nein breyting á því ástandi sem hún hefur gagnrýnt áður að sé ekki í samræmi við óvefengdan fordæmisrétt hennar. Hún veitir því sérstaka athygli að bæði ríkisstjórnin og Alþýðusamband Íslands hafna þeirri skoðun að 5. gr. veiti ekki aðeins jákvæðan rétt til að stofna félög heldur einnig neikvæðan rétt hvað snertir félagafrelsi, en Vinnuveitendasamband Íslands tekur undir skoðun nefndarinnar.

Hvað snertir atvinnuleysistryggingar gefur nefndin því gaum að stofnuð hefur verið nefnd sem endurskoða skal rétt til atvinnuleysisbóta. Nefndin óskar að fá upplýsingar um niðurstöðu þeirrar endurskoðunar en er enn þeirrar skoðunar að ákvæðin, sem útiloka þá sem eiga ekki aðild að verkalýðsfélagi frá því að fá atvinnuleysisbætur, þótt framlög til slíkra sjóða séu fengin úr opinberum sjóðum og innheimt með launaskatti, séu ekki í samræmi við 5. gr. sáttmálans.

Hún gefur því einnig gaum, hvað snertir almenna spurningu, að Ísland hefur enga sérstaka skipaskrá auk venjulegrar skrár yfir siglingar.

6. gr.

2. mgr., um að stuðlað sé að frjálsum samningaumleitunum milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaga til að ákvarða laun og vinnuskilyrði með heildarsamningum.

* Nefndin veitir því athygli í skýrslu Íslands að í febrúar 1990 komu ríkisstjórnin og hinir ýmsu aðilar vinnumarkaðarins sér saman um það, að höfðu samráði og að loknum samningaviðræðum, að hafa hemil á launahækkunum á tímum vaxandi verðbólgu og aukins atvinnuleysis.

Nefndin gefur gaum að því að þjóðarsáttin átti að vera í gildi þangað til í september 1991, en megintilgangurinn með henni var að stuðla að efnahagslegri viðreisn með því að hafa hemil á launahækkunum og gera ráðstafanir til að stofna sérstaka launamálanefnd.

Nefndin gaf gaum að því að í ágúst 1990, eftir að Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR) hafnaði að sætta sig við ákvæði þjóðarsáttar, frestaði ríkisstjórnin launahækkunum sem koma skyldu til framkvæmda samkvæmt almennum kjarasamningi milli ríkisstjórnarinnar og BHMR í því skyni að koma í veg fyrir víxlhækkanir launa og verðlags og vernda áætlunina um viðreisn efnahagslífsins. Hún gefur einnig gaum að niðurstöðum sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hvað varðar kæru BHMR þar sem vefengt er að umrædd lög séu í samræmi við stjórnarskrána. Það sem einkum vekur athygli er að þótt sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafi viðurkennt að nauðsynlegt kunni að reynast, vegna brýnna þjóðarhagsmuna, að leggja hömlur á gerða kjarasamninga er nauðsynlegt að slíkar hömlur vari aðeins um stuttan tíma og um leið séu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja lífskjör launafólks.

Nefndin hefur einnig fengið þær upplýsingar frá Alþjóðavinnumálastofnuninni að Hæstiréttur Íslands hafi komist að þeirri niðurstöðu, þótt utan viðmiðunartímans væri, að þótt ákvæði bráðabirgðalaganna samræmdust stjórnarskránni væru þau í vissum skilningi ósamrýmanleg meginreglum stjórnarskrárinnar um jafnræði, og var niðurstaða dómsins sú að BHMR ætti kröfu á bótum. Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu komi fram upplýsingar um framvindu og þróun viðræðna í því skyni að gera almennan kjarasamning við þetta félag.

Eftir að hafa vitnað í óvefengdan fordæmisrétt — sem síðast var vitnað til í Niðurstöðum XII-I (bls. 120 og áfram) — að teknu tilliti til tímabils samráðs, sem leiddi til þess að aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér samning, sem hafði það markmið að hafa hemil á launahækkunum í tiltekinn tíma í því skyni að stuðla að viðreisn efnahagslífsins komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ríkisstjórnin fylgdi enn þessu ákvæði sáttmálans. Hins vegar óskar nefndin eftir staðfestingu á því að þessi bráðabirgðalög hafi síðar verið felld úr gildi í samræmi við skýr ákvæði samningsins.

Loks vekur það athygli nefndarinnar að fá það svar við almennri spurningu um alþjóðlega skipaskrá sem send var aðildarríkjunum skv. 5. gr. að Ísland hefur ekki slíkt ákvæði.

3. mgr., um skipulag sáttafyrirkomulags og gerðardóma eftir samkomulagi við lausn vinnudeilna.

* Sérfræðinganefndin kveðst veita því athygli í íslensku skýrslunni að til viðbótar við ákvæði í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og milli opinberra starfamanna og ríkis og sveitarfélaga eru í gildi lagaákvæði um sáttanefndir og gerðardóma til að leysa úr ágreiningsefnum sem upp koma í samningaviðræðum. Nefndin tekur einnig eftir að aðilar vinnumarkaðarins geta, ef þeir sjálfir kjósa, skotið deilu til gerðardóms, en þessi leið er mjög sjaldan valin. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Ísland standi við skuldbindingar samkvæmt málsgreininni.

4. mgr., um rétt verkafólks og vinnuveitenda á sameiginlegum aðgerðum þegar hagsmunaárekstrar verða.

* Nefndin kveðst gefa gaum skýringum sem fram koma í skýrslu Íslands að því er varðar skrá yfir starfsmenn sem gegna störfum, sem nauðsynleg eru til að veita lágmarksþjónustu í sambandi við vernd á eignum og einstaklingum. Þessir starfsmenn hafa ekki rétt til að gera verkfall. Nefndin væntir þess að hliðstæð skrá haldi áfram að berast Evrópuráðinu á öðru tveggja opinberu tungumáli ráðsins. Sérfræðinganefndin óskar eftir upplýsingum um það með hvaða hætti samtök starfsmanna eru höfð með í ráðum þegar skráin er samin, þ.e. aðild að ákvörðun um starfshópa og fjölda starfsmanna sem hún tekur til.

Í skýrslunni segir að sérfræðinganefndin harmi það að ákvæði laga nr. 94/1986 haldi áfram að takmarka rétt opinberra starfsmanna til að boða verkfall í því skyni að ná kjarasamningi. Nefndin minnir á fordæmisrétt í þessu sambandi þar sem slíkar takmarkanir eru óaðgengilegar. Nefndin telur því að aðstæður að þessu leyti séu ekki í samræmi við þetta ákvæði sáttmálans.

Nefndin harmar einnig að sjá í skýrslunni að ríkisstjórnin staðfestir að rétturinn til að boða verkfall er eingöngu í höndum stéttarfélags. Hún minnir á að samkvæmt ákvæðum sáttmálans eiga starfsmenn rétt til að boða verkfall jafnvel þótt þeir séu ekki í stéttarfélagi. Niðurstaða nefndarinnar er sú að aðstæður að þessu leyti haldi áfram að vera í ósamræmi við ákvæði 4. mgr. 6. gr. sáttmálans.

13. gr.

1. mgr., um að sérhverjum manni, sem hefur ónóg fjárráð og getur ekki aflað þeirra af eigin rammleik, verði veitt næg aðstoð.

* Nefndin gefur gaum að þeim upplýsingum um lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem er að finna í skýrslu Íslands. Hún gerir sér grein fyrir því að með lögunum er breytt uppbyggingu og stjórn félagslegrar þjónustu. Hún gerir sér einnig grein fyrir því að sveitarstjórnir bera ábyrgð á stjórnun og framkvæmd félagslegrar þjónustu, m.a. félagslegrar aðstoðar, innan umdæmis síns og ber þeim að skipa nefnd um félagslega þjónustu í þessu skyni. Nefndin gefur gaum að því að í lögunum segir að fjárhagsaðstoð sveitarfélags skuli vera eins víðtæk og nauðsynlegt er talið og gæti verið í formi láns eða styrks. Hún gefur gaum að því að reglugerðir um veitingu fjárhagsaðstoðar eru settar í sveitarfélögunum, að félagsmálaráðuneytið aðstoðar við setningu slíkra reglna og

skyldar sveitarstjórnir til að leggja reglurnar fyrir ráðuneytið. Nefndin óskar eftir að fá frekari upplýsingar um slíkar reglugerðir, t.d. hvaða skilyrði nefndir um félagslega þjónustu setja í slíkum tilvikum.

Það vekur sérstaka athygli nefndarinnar að í lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, eru ákvæði um að koma á fót áfrýjunaraðila, úrskurðarnefnd félagsþjónustu. Hún gefur gaum að því að í nefndinni sitja þrír menn, gerðardómari, sem Hæstiréttur skipar, einn maður sem félagsmálaráðuneytið skipar og annar sem Samband íslenskra sveitarfélaga skipar.

Nefndin gefur gaum að því að skv. 65. gr. laganna getur maður áfrýjað úrskurði nefndar um félagslega þjónustu varðandi aðstoð til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Nefndin gefur einnig gaum að því að í 67. gr. laganna segir að úrskurður úrskurðarnefndar félagsþjónustu sé lokaúrskurður stjórnvalda. Hún óskar að fá staðfestingu á því að þetta ákvæði útiloki ekki lögsögu dómstóla á þessu sviði. Ef svo er vill nefndin ganga úr skugga um sjálfstæði úrskurðarnefndar félagsþjónustu og óskar í því skyni eftir upplýsingum um hver skipar nefndarmenn, hvaða hæfniskröfur þeir verða að uppfylla, hverjar eru starfsreglur nefndarinnar, hvort hún geti gengið í berhögg við ákvörðun um að veita ekki aðstoð sem miðast við málsatvik o.s.frv.

Nefndin ákvað að fresta því að skrá niðurstöður þangað til hún hefur fengið þær upplýsingar sem hún óskar eftir.

16. gr.

Greinin fjallar um rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar.

* Nefndin gefur gaum að svörum í skýrslu Íslands við ýmsum spurningum sem hún hefur sett fram.

Nefndin gefur gaum að því að lögum um fjölskyldubætur hefur verið breytt með lögum nr. 85/1991, en í þeim eru ákvæði þess efnis að barnabætur einstæðra foreldra eru verulega hærri en slíkar bætur til handa hjónum eða sambýlisfólki og að barnabætur eru einnig hærri vegna barna yngri en 7 ára. Hún gerir sér einnig grein fyrir því að fjárhæð fjölskyldubóta virðist hæfileg.

Hins vegar vekur það athygli hennar að slíkar bætur eru aðeins greiddar vegna barna undir sextán ára aldri. Hún spyr hvort aðrar bætur séu veittar vegna barna á framfæri sem orðin eru sextán ára eða eldri.

Nefndin gefur einnig gaum að því að sett hafa verið þrenn ný lög á sviði barna og fjölskyldna eða þau hafa gengið í gildi síðan viðmiðunartímanum lauk. Hvað snertir fyrstu lögin (lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992) gerir nefndin sér grein fyrir því að ákvæði um ættleiðingu hafa verið gerð skýrari í því skyni að tryggja lagalegan rétt allra hlutaðeigandi aðila.

Hvað snertir hin tvenn lögin (barnalög, nr. 20/1992, og lög um leikskóla, nr. 48/1991) vonast nefndin til að fá eintak af þeim á einu hinna opinberu tungumála Evrópuráðsins ásamt íslensku skýrslunni.

Loks minnist nefndin þess að hún hefur látið þess getið í fyrri niðurstöðum sínum að stofnað hefur verið kerfi sem auðvelda skal fjölskyldum íbúðakaup og hún hefði óskað eftir að fá hagnýtar upplýsingar um framkvæmd þeirra ráðstafana. Þar eð ríkisstjórnin hefur ekki svarað þeirri spurningu verður nefndin að ítreka hana.

Nefndin telur að í skýrslunni hafi verið svarað að nokkru leyti spurningum B og D á eyðublaðinu með því að upplýsa nefndina um nýja löggjöf á þessu sviði, en hún óskar þess að fá í næstu skýrslu ítarlegri svör við öllum spurningunum á eyðublaðinu, einkum B, D og F.

Nefndin ákvað að fresta því að skrá niðurstöður þangað til hún hefur fengið þær upplýsingar sem hún hefur beðið um.

18. gr.

2. mgr., um einföldun gildandi formsatriða varðandi veitingu atvinnuleyfa og niðurfellingu gjalda sem erlendu verkafólki og atvinnurekendum er gert að greiða.

* Nefndin minnist þess að hún hefur komist að þeirri niðurstöðu áður að Ísland hafi ekki fullnægt ákvæðum í 2. og 3. mgr. 18. gr. þar eð Ísland hefur aldrei tilkynnt um neina tilslökun varðandi þær ströngu reglur sem gilda um ráðningu ríkisborgara annarra aðildarríkja til vinnu.

Nefndin gefur gaum að upplýsingum þess efnis að heildarendurskoðun fari nú fram á gildandi lögum með tilliti til gildistöku EES-samningsins. Hún lætur í ljós þá von að þessi endurskoðun leiði í náinni framtíð til tilslökunar á reglugerðum varðandi ráðningu ríkisborgara aðildarríkjanna til vinnu, hvort sem þau eiga aðild að þessum samningi eða ekki, svo og hvað varðar einföldun á formsatriðum.

Þar eð ekki hefur orðið nein breyting á ástandinu á viðmiðunartímanum hlýtur nefndin að ítreka neikvæða niðurstöðu sína.

Tekið skal fram að Ísland hefur ekki undirgengist skuldbindingar samkvæmt eftirtöldum greinum:

2. gr.

2. mgr., um veitingu almennra frídaga með kaupi.

4. mgr., um að verkafólki, sem vinnur hættuleg eða óheilnæm störf, séu veittir aukafrídagar eða vinnutími þess styttur.

7. gr.

Greinin fjallar um rétt barna og ungmenna til verndar.

8. gr.

Greinin fjallar um rétt vinnandi kvenna til verndar.

9. gr.

Greinin fjallar um rétt til leiðbeininga um stöðuval.

10. gr.

Greinin fjalla um rétt til starfsþjálfunar.

19. gr.

Greinin fjallar um rétt farandverkafólks og fjölskyldna þess til verndar og aðstoðar.

Viðauki II.

Samskipti íslenskra stjórnvalda og Evrópuráðsins vegna framkvæmdar á 5. gr. félagsmálasáttmálans um félagafrelsi.

Á undanförnum árum hefur sérfræðinganefnd Evrópuráðsins (Committee of Independent Experts) gagnrýnt íslensk stjórnvöld fyrir framkvæmd á nokkrum ákvæðum í félagsmálasáttmála Evrópu (European Social Charter). Gerð hefur verið grein fyrir þessari gagnrýni í fylgiskjölum og viðaukum við skýrslur félagsmálaráðherra til Alþingis um þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem haldið er í Genf á ári hverju. Sérfræðinganefndin hefur m.a. gagnrýnt framkvæmd Íslands á 5. gr. félagsmálasáttmálans um félagafrelsi.

Allmiklar umræður áttu sér stað í íslensku þjóðfélagi um félagafrelsi á árinu 1993. Eitt af því sem virkaði hvetjandi á umræðuna var dómur mannréttindadómstóls Evrópu (European Court of Human Rights) í máli Sigurðar Sigurjónssonar gegn Íslandi (mál nr. 24/1992/369/443). Dómur féll hinn 30. júní 1993. Í dómsorði segir m.a. að lögbundin skylduaðild að stéttarfélagi brjóti í bága við 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms) um félagafrelsi. Hér var um að ræða dóm í máli sem Sigurður A. Sigurjónsson hafði skotið til mannréttindadómstólsins vegna ákvæða í lögum nr. 77/1989, um að aðild að bifreiðastjórafélaginu Frama þurfi til að fá eða halda akstursleyfi. Á undanförnum tveimur áratugum hefur mátt merkja breytingar á hugmyndum um félagafrelsi. Dómurinn endurspeglar með vissum hætti þessa þróun. Hennar hefur m.a. gætt í nefnd Evrópuráðsins, sem í sitja embættismenn frá ríkjum sem hafa fullgilt félagsmálasáttmála Evrópu (Governmental Committee of the European Social Charter). Innan nefndarinnar hefur undanfarin ár verið ágreiningur um gildissvið 5. greinar sáttmálans sem að ýmsu leyti er hliðstæð 11. gr. mannréttindasáttmálans. Félagsmálasáttmáli Evrópu er einn af grundvallarsáttmálum Evrópuráðsins á sviði félags- og vinnumála. Í forsendum dóms mannréttindadómstólsins er vikið að þessum sáttmála, svo og umræðum í framangreindri nefnd sem nefna má embættismannanefnd sem fjallar um framkvæmd félagsmálasáttmálans. Þar sem félagsmálasáttmálann og embættismannanefndina hefur borið á góma í umræðum sem hafa átt sér stað í framhaldi af dómi mannréttindadómstólsins þykir tímabært að gera nokkra grein fyrir gagnrýni sem sérfræðinganefnd, er fjallar um skýrslur aðildarríkja félagsmálasáttmálans, hefur sett fram varðandi framkvæmd Íslands á ákvæði 5. gr. sáttmálans um félagafrelsi. Enn fremur er fjallað um umræður í embættismannanefndinni um þessa gagnrýni sérfræðinganna. Fyrst er gerð grein fyrir ákvæðum í félagsmálasáttmálanum um framkvæmd sáttmálans og eftirliti með því að staðið sé við skuldbindingar sem í honum felast.

Fullgilding og skuldbindingar Íslands.

Í stofnskrá Evrópuráðsins er m.a. kveðið á um það markmið ráðsins að vinna að framförum á sviði efnahags- og félagsmála og frekari framkvæmd mannréttinda og mannfrelsis. Að þessu yfirlýsta markmiði Evrópuráðsins hefur verið unnið með ýmsu móti allt frá stofnun ráðsins árið 1949 til þessa dags. Einn þátturinn í þessu starfi var samning félagsmálasáttmála Evrópu, sem undirritaður var í Tórínó á Ítalíu 18. október 1961, eftir u.þ.b. sjö ára undirbúningsstarf.

Á 96. löggjafarþingi árið 1974–75 var lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda félagsmálasáttmálann fyrir Íslands hönd.

Alþingi veitti þessa heimild 14. maí 1975. 15. janúar 1976 var gengið frá aðild Íslands að sáttmálanum. Í fullgildingarskjali var með vísan til 2. mgr. 20. gr. tekið fram að Ísland telji sig bundið af ákvæðum sem talin voru upp. Á meðal þeirra var 5. gr. sáttmálans um félagafrelsi.

Lengst af hafa eftirtalin ríki verið skuldbundin af félagsmálasáttmála Evrópu: Austurríki, Bretland, Danmörk, Frakkland, Grikkland, Írland, Ísland, Ítalía, Holland, Kýpur, Noregur, Sambandslýðveldið Þýskaland, Spánn og Svíþjóð. Á síðustu árum hafa eftirtalin ríki bæst í hópinn: Malta (1988), Tyrkland (1989), Belgía (1990), Finnland (1991), Portúgal (1991) og Lúxemborg (1991). Nokkur ríki Austur-Evrópu hafa látið í ljós áhuga á fullgildingu, þeirra á meðal Ungverjaland, Tékkland og Pólland.

Helstu ákvæði um eftirlit með framkvæmd sáttmálans.

Eftirlit Evrópuráðsins með því að ákvæðum sáttmálans sé fylgt felst í eftirfarandi: *Nefnd óháðra sérfræðinga (The Committee of Independent Experts), skýrslum aðildarríkjanna, nefnd fulltrúa þeirra ríkja sem hafa fullgilt sáttmálann (The Governmental Committee)* og *ráðherranefnd Evrópuráðsins (The Committee of Ministers).*

Fjallað er um nefnd óháðra sérfræðinga (The Committee of Independent Experts) í 25. gr. sáttmálans. Sérfræðinganefndina skipa nú sjö menn sem ráðherranefnd Evrópuráðsins skipar til sex ára. Skipunin er byggð á tilnefningum aðildarríkjanna. Ráðherranefndin kýs síðan tilskilinn fjölda úr hópi þeirra einstaklinga sem aðildarríkin hafa tilnefnt.

Samkvæmt reglum, sem hafa lengst af gilt, skulu aðildarríki félagsmálasáttmálans taka saman skýrslur á tveggja ára fresti um framkvæmd á fullgiltum ákvæðum sáttmálans. Samkvæmt verklagsreglu var aðildarríkjunum skipt í tvo hópa og skiluðu þeir skýrslum sitt hvort árið. Ísland var í hópi með Bretlandi, Danmörku, Grikklandi, Hollandi, Noregi og Svíþjóð.

Í 27. gr. félagsmálasáttmálans er fjallað um undirnefnd félagsmálanefndar ráðherranefndar Evrópuráðsins (The Govermental Committee). Aðildarríki sáttmálans tilnefna hvert um sig einn embættismann til setu í þessari nefnd og hefur hún til hægðarauka verið nefnd embættismannanefndin. Samkvæmt greininni skal leggja skýrslur aðildarríkja sáttmálans og niðurstöður sérfræðinganefndarinnar fyrir þessa undirnefnd.

Á grundvelli 29. gr. félagsmálasáttmálans getur ráðherranefndin (The Committee of Ministers) lagt hvers kyns nauðsynlegar tillögur fyrir sérhvern samningsaðila á grundvelli skýrslu undirnefndarinnar og að höfðu samráði við þingmannanefndina (The Consulative Assembly). Allt fram til ársins 1993 var þetta ákvæði óvirkt. Ráðherranefndin hafði aldrei beint tillögum til aðildarríkjanna um úrbætur á framkvæmd ákvæða í félagsmálasáttmálanum.

Tengslin milli sérfræðinganefndarinnar og embættismannanefndarinnar.

Í 24. gr. félagsmálasáttmálans er að finna ákvæði um hlutverk sérfræðinganefndarinnar. Þar segir efnislega að skýrslur, sem aðildarríkin taka saman um framkvæmd félagsmálasáttmálans, skuli athugaðar af sérfræðinganefndinni.

Í 25. gr. er hlutverk embættismannanefndarinnar skilgreint. Þar segir efnislega að skýrslur samningsaðilanna og niðurstöður sérfræðinganefndarinnar skuli leggja fyrir nefndina til athugunar. Síðar segir að embættismannanefndin skuli leggja fyrir ráðherranefndina skýrslu um niðurstöður sínar og láta fylgja henni skýrslu sérfræðinganefndarinnar.

Við þetta má bæta að samkvæmt 28. gr. skal framkvæmdastjóri Evrópuráðsins senda

þingmannanefnd Evrópuráðsins niðurstöður sérfræðinganefndarinnar. Þingmannanefndin skal senda ráðherranefndinni álit sitt á þessum niðurstöðum.

Þessi fáorðu ákvæði um hlutverk sérfræðinganefndarinnar og embættismannanefndarinnar eru orsökin fyrir ágreiningi sem uppi hefur verið um túlkun á ákvæðum félagsmálasáttmálans. Embættismannanefndin hefur lengst af litið á það sem sitt hlutverk að túlka ákvæði sáttmálans. Það hefur hún gert og lagt niðurstöðuna fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins sem ekki hefur gert athugasemdir.

Ágreiningur um túlkun á gildissviði 5. gr. um félagafrelsi.

Meðal þeirra greina sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framkvæma er 5. gr. félagsmálasáttmálans um réttinn til að stofna félög sem er svohljóðandi:

„Í því skyni að tryggja og stuðla að frelsi verkafólks og vinnuveitenda til að stofna staðbundin félög, landsfélög eða fjölþjóðleg sambönd til að gæta hagsmuna þeirra á sviði efnahags- og félagsmála og til að ganga í slík félög skuldbinda samningsaðilar sig til að sjá um að landslög skerði ekki það frelsi né að þeim verði beitt til að skerða það. Í landslögum eða reglugerðum skal ákveða að hve miklu leyti trygging sú, sem þessi grein veitir, skuli taka til lögreglunnar. Það skal einnig ákvarðast í landslögum eða reglugerðum að hve miklu leyti tryggingin, sem grein þessi gerir ráð fyrir, skuli ná til manna í herþjónustu."

Í umræðu á vettvangi Evrópuráðsins hefur verið fjallað um tengsl 5. gr. sáttmálans við ákvæði 2. mgr. 1. gr. þar sem kveðið er á um að aðildarríki skuldbindi sig til að vernda á raunhæfan hátt rétt verkafólks til þess að vinna fyrir sér í starfi sem það hefur valið sér. Ástæðan er sú að í II. kafla í viðauka við félagsmálasáttmálann er að finna nánari skýringar á gildissviði sáttmálans. Um 2. mgr. 1. gr. segir að ekki skuli túlka ákvæði greinarinnar á þann hátt að það banni eða heimili nokkur ákvæði eða venju varðandi kröfu um aðild að stéttarfélagi. Því hefur verið haldið fram að ekki sé hægt að líta svo á að ákvæðið takmarkist við 2. mgr. 1. gr. heldur verði að túlka félagsmálasáttmálann í heild með hliðsjón af ákvæðinu og þar með 5. gr. einnig. Með öðrum orðum: Ákvæðið hefur verið túlkað þannig að sáttmálinn eigi að vera hlutlaus gagnvart ákvæðum í lögum eða kjarasamningum sem m.a. kveða á um forgang félagsmanna stéttarfélaga til vinnu. Af því leiði að ákvæðið verndi ekki rétt manna til að standa utan stéttarfélaga. Á 50. fundi embættismannanefndarinnar, sem haldinn var í mars 1988, voru átta fulltrúar á þessari skoðun, fjórir voru á móti og einn sat hjá.

Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur verið á annarri skoðun. Hún telur að sérhver félaganauðung, sem komið sé á með lögum, sé ósamrýmanleg skyldum ríkja skv. 5. gr. Út frá almennum sjónarmiðum líti nefndin svo á að öllum launamönnum eigi skv. 5. gr. að vera frjálst að ákveða sjálfir hvaða félagi eða hagsmunasamtökum þeir kjósa að taka þátt í.

Gagnrýni á framkvæmd Íslands á ákvæði 5. gr.

Árið 1981 fór ráðherranefnd Evrópuráðsins þess á leit við aðildarríki félagsmálasáttmálans að þau gæfu upplýsingar í næstu skýrslu sinni um framkvæmd á tilteknum atriðum varðandi ákvæði í 5. gr. félagsmálasáttmálans um félagafrelsi. Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar árið 1983 er komist að þeirri niðurstöðu að Ísland uppfylli skuldbindingar sem fólgnar eru í 5. gr. Nefndin óskar þó eftir nánari upplýsingum um lög og rétt um félagafrelsi hér á landi.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar árið 1985 kemur fram að samkvæmt síðustu skýrslu Íslands verði allir launamenn á Íslandi að vera félagar í stéttarfélagi í hlutaðeigandi starfsgrein. Þeir verði enn fremur að greiða stéttarfélagsgjald frá 0,8–2% af launum sínum. Með tilliti til þessara nýju upplýsinga verði nefndin að hverfa frá fyrri niðurstöðu sinni og álíta að framkvæmd Íslands sé ekki í samræmi við ákvæði 5. gr. hvað þetta varðar.

Í skýrslu Íslands um framkvæmd á fullgiltum ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu, sem tók til tímabilsins 1. janúar 1984 til 31. desember 1985, er því mótmælt að um sé að ræða brot á 5. gr. sáttmálans. Í skýrslunni er því haldið fram að með fullgildingu greinarinnar hafi Ísland skuldbundið sig til að virða jákvætt félagsfrelsi, þ.e. réttinn til að stofna og vera í félögum. Ekki mætti túlka 5. gr. þannig að hún feli í sér neikvætt félagsfrelsi.

Sérfræðinganefndin endurtók fyrri afstöðu í skýrslu 1987 og komst að þeirri niðurstöðu að staða mála væri óbreytt og þar af leiðandi væri um að ræða brot á 5. gr. sáttmálans.

Í mars 1989 sendu íslensk stjórnvöld Evrópuráðinu skýrslu þar sem sérstaklega er fjallað um framkvæmd á 5. gr. og gerð ítarleg grein fyrir ákvæðum í lögum og kjarasamningum sem snerta aðild að stéttarfélögum. Þar er tekið fram að réttur manna til að standa utan félaga væri ekki tryggður í lögum.

Viðbrögð sérfræðinganefndarinnar við þessari skýrslu voru harkaleg sérstaklega að því er varðar ákvæði í lögum um atvinnuleysistryggingasjóð sem gerðu aðild að stéttarfélagi að skilyrði fyrir rétti til atvinnuleysisbóta. Gerð er grein fyrir athugsemdum sérfræðinganna í viðauka IV við skýrslu félagsmálaráðherra um 76. Alþjóðavinnumálaþingið 1989, bls. 44. Skýrslan var lögð fyrir Alþingi í mars 1990.

Í nefndri skýrslu sérfræðinganefndarinnar, sem barst árið 1989, er vísað til túlkunar Hæstaréttar í desember 1988 á 73. gr. stjórnarskrárinnar. Síðan segir: „Nefndin taldi — með tilliti til þess að frelsi manna til að ganga í stéttarfélög, sem tryggt sé með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, hljóti að fela í sér að menn séu ekki með neinum hætti skyldir til að gerðast eða vera áfram félagar í stéttarfélagi — að skortur á viðeigandi vernd slíks frelsis í landslögum geti ekki talist samrýmast ákvæðum 5. gr. sáttmálans. Skiptir þá ekki máli hvort það stafi af því að viðeigandi lög hafi ekki verið sett eða því að fordæmisréttur löghelgar athæfi sem brýtur í bága við rétt manna til að mynda félög."

Í athugasemdum sérfræðinganefndarinnar segir enn fremur:

„— Samkvæmt lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingasjóð, eiga aðeins félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus er óverjandi ráðstöfun sem hefur þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi. Með tilliti til þessa hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að lögin brjóti í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans.

— Varðandi ákvæði í flestum kjarasamningum á Íslandi, þess efnis að félagar í stéttarfélögum skuli ganga fyrir um vinnu, benti nefndin á að enda þótt heimild til slíkrar ráðstöfunar sé ekki að finna í lögum hafi slík forgangsréttarákvæði verið staðfest fyrir Félagsdómi. Nefndin telur að slíkar lögþvingarnir gagnvart launamönnum, sem óska ekki eftir að vera félagar í stéttarfélögum, geti ekki talist vera í samræmi við ákvæði 5. gr. sáttmálans um rétt manna til að mynda með sér félög.

— Nefndin hafði veitt því athygli að í almennum kjarasamningum fólks, sem starfar við iðnaðar- og verslunarstörf, eru ákvæði þess efnis að viðkomandi fyrirtækjum sé ekki heimilt að ráð til starfa aðra en félaga í því stéttarfélagi sem það semur við um kaup og

kjör (closed shop). Nefndin telur að lagasetning (eða skortur á lagasetningu), sem heimilar slíka ráðstöfun og sé í mótsögn við eðli þess frelsis að stofna félag sem verndað sé með ákvæðum 5. gr., geti ekki talist til þess fallin að tryggja virka framkvæmd þeirrar meginreglu sem fólgin er í greininni.“

Í næstu skýrslu sem íslensk stjórnvöld sendu um framkvæmd á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu, sem tók til tímabilsins 1. janúar 1988 til 31. desember 1989, er niðurstöðum sérfræðinganefndarinnar mótmælt. Þar er eftirfarandi tekið fram:

1. Að mati íslenskra stjórnvalda hefur sérfræðinganefndin ekki lagt fram fullnægjandi gögn sem heimili henni að túlka ákvæði 5. gr. með þeim hætti sem hún gerir. Í því sambandi er bent á ákvæði 31. og 32. gr. Vínarsamningsins um túlkun alþjóðasamninga.

2. Vakin er á því athygli að ekki séu í lögum ákvæði sem þvingi fólk til að ganga í félög. Bent er á að ákvæði um forgang til vinnu hafi orðið til í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins.

3. Niðurstöðum nefndarinnar að því er varðar lög um atvinnuleysistryggingar er einnig mótmælt. Bent er á framangreind rök og enn fremur vakin athygli á því að til Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi verið stofnað sem hluta af kjarasamningi eftir langvinnt verkfall.

Þrátt fyrir ítarlegar greinargerðir af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur sérfræðinganefndin ekki breytt afstöðu sinni.

Annað hefur verið uppi á teningnum að því er varðar embættismannanefndina. Áður er komið fram að hún hafi fjallað um túlkun sérfræðinganefndarinnar á gildissviði 5. gr. og athugasemdir við framkvæmd Íslands á ákvæðum 5. gr. Á 55. fundi nefndarinnar, sem haldinn var dagana 13. til 17. nóvember 1989, komu þessi mál til umfjöllunar. Ákveðið var að nefndin tæki afstöðu til eftirfarandi spurninga:

1. Er íslensk löggjöf, sem bannar ekki forgangsréttarákvæði í kjarasamningum, í samræmi við ákvæði 5. gr. félagsmálasáttmálans? Sjö töldu að löggjöfin væri samræmi við sáttmálann, fimm voru á móti og tveir sátu hjá.

2. Í flestum kjarasamningum á Íslandi eru forgangsréttarákvæði. Er sú staðreynd í samræmi við sáttmálann? Sjö töldu að þetta væri í samræmi við sáttmálann, átta voru á móti.

3. Er íslensk löggjöf, sem gerir aðild að stéttarfélagi að skilyrði fyrir atvinnuleysisbótum í samræmi við sáttmálann? Sjö töldu löggjöfina vera í samræmi við sáttmálann, átta voru á móti.

Niðurstaðan varð sú að nefndin tók ekki afstöðu varðandi Ísland þar sem aukinn meiri hluti þarf að vera fylgjandi tillögum sem fela í sér túlkun á ákvæðum sáttmálans.

Fram til þess hefur embættismannanefndin ekki séð ástæðu til þess að leggja fyrir ráðherranefndina að íslenskum stjórnvöldum verði sendar tillögur um úrbætur á framkvæmd samningsins, sbr. ákvæði 29. gr. félagsmálasáttmálans.

Breytingar á ákvæðum félagsmálasáttmálans.

Á fundi evrópskra félagsmálaráðherra, sem haldinn var í Rómaborg 5. nóvember 1990, var samþykkt að frumkvæði framkvæmdastjóra Evrópuráðsins að endurskoða ákvæði í félagsmálasáttmála Evrópu. Ráðherranefnd ráðsins var falið að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum aðgerðum þannig að hægt yrði að afgreiða tillögur um breytingar á 30. ára afmæli sáttmálans í október 1991. Ákveðið var að stofna endurskoðunarnefnd (Committee on the European Social Charter — Charte-rel). Öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins var boðið að taka þátt í störfum nefndarinnar. Fyrsti fundur hennar var haldinn dagana 5.–7.

febrúar 1991. Nefndin afgreiddi til ráðherranefndarinnar um sumarið drög að viðauka við sáttmálann.

Á afmælisfundi, sem haldinn var í tilefni 30. ára afmælis félagsmálasáttmálans, í Tórínó á Ítalíu var viðaukinn við sáttmálann opnaður til undirritunar. Með honum eru gerðar m.a. þær breytingar að sérfræðinganefndinni er falið að *meta* út frá lögfræðilegum sjónarmiðum hvort löggjöf og framkvæmd ríkja samkvæmt skýrslum þeirra samræmist skyldum þeirra samkvæmt sáttmálanum. Rétt er að leggja áherslu á að orðið *meta* er notað í stað orðsins *túlka*.

Samkvæmt viðaukanum er hlutverk embættismannanefndarinnar að semja skrá yfir brot á sáttmálanum sem kalla á tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins til hlutaðeigandi aðildarríkis (individual recommendation). Nefndin getur vefengt álit sérfræðinganefndarinnar út frá efnahagslegum, félagslegum og öðrum rökum.

Á áðurnefndum fundi í Tórínó var jafnframt samþykkt tillaga sem fól í sér áskorun til hlutaðeigandi stofnana og nefnda um að þau færu að vinna í samræmi við þær breytingar sem felast í viðaukanum.

Þessi áskorun var tekin í fyrsta skipti til umræðu í embættismannanefndinni á 62. fundi hennar sem haldinn var dagana 20. til 24. janúar 1992. Jafnframt voru lögð fram drög að nýjum verklagsreglum nefndarinnar. Samkvæmt þeim var gert ráð fyrir að hverfa frá fyrri túlkunum nefndarinnar og afstöðu til framkvæmdar einstakra ríkja á ákvæðum sáttmálans. Þessu mótmæltu nokkur ríki og töldu ekki verjandi að taka upp vinnureglur sem studdust við ákvæði í viðauka sem ekki hafði verið formlega fullgiltur af aðildarríkjunum. Ísland var í þessum hópi. Reglurnar voru engu að síður knúðar fram með atkvæðagreiðslu þar sem knappur meiri hluti var fyrir breytingum. Nefndin hefur því starfað eftir nýjum verklagsreglum frá og með framangreindum 62. fundi. Það skal upplýst að öll 20 aðildarríki sáttmálans þurfa að fullgilda viðaukann þannig að hann gangi í gildi. Þegar þetta er skrifað hafa fimm ríki fullgilt hann, þ.e. Holland, Kýpur, Portúgal, Noregur og Svíþjóð.

Viðvaranir (warnings).

Fyrst í stað eftir að embættismannanefndin byrjaði að vinna eftir nýjum verklagsreglum kom í ljós að hún var mjög treg að samþykkja tillögur um að leggja fyrir ráðherranefndina að ákvæði 29. gr. yrði beitt um tilmæli til aðildarríkjanna um úrbætur á framkvæmd ákvæða sáttmálans enda þótt fulltrúum væri ljóst að aðgerða væri þörf. Þar af leiðandi kom fram sú uppástunga að nefndin tæki upp það sem kallað var *viðvörun (warning)*. Í henni átti að felast ábending til hlutaðeigandi ríkisstjórnar um það að ef ekki yrðu gerðar úrbætur gæti ríkisstjórnin búist við því að embættismannanefndin samþykkti að leggja fyrir ráðherranefndina að gripið yrði til aðgerða í samræmi við 29. gr. sáttmálans. *Viðvörunin* átti að vera mál á milli nefndarinnar og hlutaðeigandi ríkisstjórnar. Þetta átti hins vegar eftir að breytast. Þegar embættismannanefndin hafði lokið fyrri hluta 12. yfirferðar yfir skýrslur aðildarríkjanna kom fram tillaga um að getið yrði *viðvarana* í skýrslu nefndarinnar til ráðherranefndar Evrópuráðsins. Þessu var mótmælt og bent á að þetta hugtak hafi enga lagalega stoð, hvorki í sáttmálanum sjálfum né í viðaukum við hann. Þótt þessum rökum hafi ekki verið mótmælt greiddu 10 fulltrúar því atkvæði á 66. fundi nefndarinnar, 12.–13. október 1992, að gerð skyldi grein fyrir viðvörunum í skýrslu hennar til ráðherranefndarinnar, fjórir voru á móti og tveir sátu hjá. Það vakti því nokkra furðu þegar mannréttindadómstóll Evrópu notar þetta hugtak sem fyllingarefni þegar hann kemst að þeirri niðurstöðu í dómi sínum í máli Sigurðar Sigurjónssonar að 11. gr. mann-

réttindasáttmála Evrópu taki til réttarins til að standa utan félaga. Með orðinu fyllingarefni er átt við gögn sem dómstóllinn hefur til hliðsjónar þegar hann kemst að ákveðinni niðurstöðu í túlkun á ákvæðum mannréttindasáttmálans. Þess skal getið að embættismannanefndin samþykkti við 12. yfirferð yfir skýrslur ríkja í hópi I að leggja í níu tilvikum fyrir ráðherranefndina að ákvæðum 29. gr. sáttmálans um tilmæli yrði beitt. Nefndin samþykkti viðvaranir í 43 tilvikum. Embættismannanefndin hefur samþykkt að taka áðurnefndar verklagsreglur, ekki síst ákvæði þeirra um viðvörun, til endurskoðunar á fundi í mars 1994.

Afstaða íslenskra stjórnvalda.

Þegar kom fram á árið 1992 var ljóst að þeim ríkjum hafði fjölgað í embættismannanefndinni sem töldu að 5. gr. félagsmálasáttmálans taki til réttarins til að standa utan félaga. Aðildarríkjum sáttmálans í Suður-Evrópu hafði fjölgað. Þessar þjóðir búa við aðrar hefðir í félaga- og vinnurétti en ríki í Mið- og Norður-Evrópu. Einnig höfðu 11 af 12 aðildarríkjum Evrópubandalagsins samþykkt yfirlýsingu 9. desember 1989 um grundvallarréttindi launafólks. Í 11. gr. yfirlýsingarinnar er tekið fram að sérhver atvinnurekandi og launamaður eigi rétt á að stofna og vera í félagi og einnig að vera utan félaga. Íslenskum stjórnvöldum þótti því tímabært að árétta afstöðu sína til þessa málefnis.

Í bréfi, sem félagsmálaráðherra skrifaði framkvæmdastjóra Evrópuráðsins 8. október 1992, er vakin á því athygli að ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og félagsmálasáttmála Evrópu um félagafrelsi séu ekki eins orðuð. Þar af leiðandi sé ekki hægt að byggja á niðurstöðu mannréttindanefndarinnar og mannréttindadómstólsins þegar ákvæði félagsmálasáttmálans um félagafrelsi er til umfjöllunar. Minnt er á niðurstöðu 50. fundar embættismannanefndarinnar, sem haldinn var 7. til 9. mars 1988, þar sem nefndin telur að rétturinn til að standa utan félaga falli utan gildissviðs 5. gr. félagsmálasáttmálans. Tekið er fram að íslensk stjórnvöld séu sammála þessari túlkun embættismannanefndarinnar. Lagt er til að fram fari athugun á framkvæmd aðildarríkjanna á 5. gr. og á grundvelli hennar fari fram skoðanaskipti á milli sérfræðinganefndar Evrópuráðsins og embættismannanefndarinnar og reynt að komast að niðurstöðu í ágreiningsmálinu um gildissvið 5. gr. sem hafi valdið lagalegri óvissu á undanförnum árum.

Í bréfi félagsmálaráðherra er tekið fram að það sé ekki ásættanlegt af hálfu íslenskra stjórnvalda að aukið sé við skuldbindingar samkvæmt félagsmálasáttmálanum umfram það sem greinilega komi fram í texta sáttmálans. Ráðherra leggur áherslu á það að í 5. gr. felist sú höfuðskuldbinding að samningsaðilar skuli tryggja að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi eðlilegan starfsgrundvöll og að á milli þeirra ríki ákveðið jafnvægi. Bent er á að allgóður friður hafi ríkt um samskiptareglur á íslenskum vinnumarkaði sem ýmist byggist á settum lögum eða ákvæðum í kjarasamningum. Stjórnvöld hafi þar af leiðandi ekki í hyggju að grípa til neina þeirra aðgerða sem kunni að raska því jafnvægi sem ríkt hafi í samskiptum aðila vinnumarkaðarins undanfarin rúmlega 50 ár.

Engin tilmæli til íslenskra stjórnvalda.

Fyrr í þessari greinargerð kemur fram að við lok fyrri hluta 12. yfirferðar yfir skýrslur ríkja í hópi I, sem voru á 65. og 66. fundi embættismannanefndarinnar í september og október 1992, var staðfest í níu tilvikum að leggja fyrir ráðherranefndina að ákvæðum 29. gr. félagsmálasáttmálans um tilmæli yrði beitt. Nefndin samþykkti viðvaranir í 43 tilvikum. Á það ber að leggja áherslu að tillögur, sem fram komu í embættismannanefndinni, um að leggja fyrir ráðherranefndina að íslenskum stjórnvöldum yrðu send tilmæli

á grundvelli 29. gr. sáttmálans, fengu ekki tilskilinn stuðning. Nefndin samþykkti viðvaranir til íslenskra stjórnvalda í sjö tilvikum. Þessi tilvik snerta framkvæmd 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr., 16. gr. og 2. og 3. mgr. 18. gr. Viðvaranirnar byggjast á athugasemdum sérfræðinganefndarinnar. Gerð er grein fyrir athugasemdum sérfræðinganefndarinnar í viðauka III í skýrslu félagsmálaráðherra um 78. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1991, bls. 54–67. Skýrslan var lögð fyrir Alþingi í mars 1992.

Fskj.

Hér er birt orðrétt bréf sem félagsmálaráðherra sendi framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til áréttingar á afstöðu íslenskra stjórnvalda til gildissviðs 5. gr. félagsmálasáttmálans.

„Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins,
frú Lalumiere,
Evrópuráðinu,
Strasbourg.

Reykjavík, 8. október 1992.

Efni: Framkvæmd Íslands á ákvæði 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu.

Á fundi fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja að félagsmálasáttmála Evrópu, sem haldinn var dagana 7. til 11. september 1992, stóð skrifstofa Evrópráðsins fyrir því að skýrslu mannréttindanefndar Evrópuráðsins var dreift á fundinum. Hér er um að ræða skýrslu mannréttindanefndarinnar vegna máls nr. 16230/90, Sigurður A. Sigurjónsson gegn Íslandi. Í skýrslunni er fjallað um kæru á hendur ríkisstjórn Íslands vegna ætlaðra brota á 9., 10., 11. og 13. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í stuttu máli fjallar kæran um mjög sértækt mál þar sem ágreiningsefnið er skylduaðild að stéttarfélagi leigubifreiðastjóra. Að þessu tilefni skal eftirfarandi tekið fram:

1. Framangreind kæra snertir mannréttindasáttmála Evrópu. Í nefnd ríkisstjórnarfulltrúa aðildarríkja félagsmálasáttmála Evrópu er fjallað um félagsmálasáttmála Evrópu en ekki mannréttindasáttmála Evrópu.
2. Ákvæði 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um félagafrelsi hafa mismunandi orðalag. Þar af leiðandi er ekki fallist á að túlkun mannréttindanefndar og mannréttindadómstóls Evrópuráðsins á ákvæði mannréttindasáttmálans um félagafrelsi hafi fordæmisgildi varðandi túlkun á 5. gr. félagssáttmála Evrópu um félagafrelsi.
3. Á 50. fundi fulltrúa aðildarríkja félagsmálasáttmála Evrópu, sem haldinn var dagana 7. til 9. mars 1988, var gildissvið 5. gr. félagsmálasáttmálans brotið til mergjar. Fyrir nefndinni lágu öll tiltæk viðurkennd skjöl til að skýra ákvæði 5. gr., sbr. 31. og 32. gr. Vínarsamnings um alþjóðasamninga. Einnig mætti lögfræðilegur ráðunautur Evrópuráðsins á fund nefndarinnar. Eftir ítarlegar umræður komst aukinn meiri hluti nefndarinnar að þeirri niðurstöðu að svonefnt „neikvætt félagafrelsi“ falli utan gildissviðs greinarinnar. Íslensk stjórnvöld eru sammála þessari niðurstöðu og hafa haft hana til hliðsjónar við framkvæmd 5. gr. sáttmálans.

4. Minnt er á að lengi hefur verið ágreiningur á milli sérfræðinganefndar Evrópuráðsins og meiri hluta þeirra sem eiga sæti í nefnd fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja félagsmálasáttmálans um gildissvið 5. gr. sáttmálans. Með hliðsjón af því telja íslensk stjórnvöld rétt að fram fari athugun á framkvæmd 5. gr. í öllum aðildarríkjum sáttmálans og á grundvelli þeirrar athugunar eigi sér stað skoðanaskipti á milli þessara tveggja nefnda og reynt verði að komast að niðurstöðu í þessu ágreiningsmáli sem hefur valdið lagalegri óvissu á undanförum árum.
5. Það er ekki ásættanlegt að aukið sé við skuldbindingar samkvæmt félagsmálasáttmálanum umfram það sem greinilega kemur fram í texta sáttmálans. Ef samningsaðilar eru reiðubúnir til láta félagsmálasáttmálann taka til fleiri sviða eða auka við réttindi sem hægt er að sækja á grundvelli sáttmálans ber að gera það með sérstökum viðaukum sem annaðhvort breyta ákvæðum sáttmálans eða eru viðaukar við sjálft meginmál hans.
6. Áhersla er á það lögð að í 5. gr. félagsmálasáttmálans felist sú höfuðskuldbinding að samningsaðilar skuli tryggja að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi eðlilegan starfsgrundvöll og að á milli þeirra ríki ákveðið jafnvægi. Á því er vakin athygli að allgóður friður hafi ríkt um samskiptareglur á íslenskum vinnumarkaði sem ýmist byggjast á settum lögum eða ákvæðum í kjarasamningum. Þar af leiðandi hefur ríkisstjórnin ekki í hyggju að grípa til neina þeirra aðgerða sem kunna að raska því jafnvægi sem ríkt hefur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins undanfarin rúmlega 50 ár.
7. Vegna gagnrýni sérfræðinganefndarinnar á ákvæði í 1. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, laga nr. 64/1981, skal upplýst að skipuð hefur verið nefnd til að endurskoða rétt manna til atvinnuleysisbóta. Nefndinni hefur verið gerð grein fyrir athugasemdum Evrópuráðsins við lögin.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra."

Viðauki III.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á samningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Dagana 25. til 26. nóvember 1993 var fyrsta skýrsla Íslands um framkvæmd á alþjóðasamningi um efnhagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi tekin til umfjöllunar á fundi hlutaðeigandi sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna. Í sérfræðinganefndinni eru 20 fulltrúar. Fundurinn var haldinn í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Evrópu sem eru í Þjóðabandalagshöllinni í Genf. Í sendinefnd Íslands voru: Dögg Pálsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Guðmundur Helgason, sendiráðsritari í fastanefnd Íslands í Genf, Guðný Helgadóttir, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, og Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Ísland fullgilti samninginn árið 1979.

Niðurstaða sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna er eftirfarandi:

„1. Nefndin fjallaði um upphaflega skýrslu Íslands (E/1990/5/Add. 6 og E/1990/5/Add.

14) um þau réttindi sem tilgreind eru í 1.–15. gr. Alþjóðasamnings um efnahags-, félags- og menningarleg réttindi á 30., 31. og 32. fundi sínum, en fundirnir voru haldnir 25. og 26. nóvember 1993 og samþykkti eftirfarandi umsögn.

A. Inngangur.

2. Nefndin fagnar því að hafa fengið nákvæma skýrslu ríkisstjórnarinnar, sem samin var í samræmi við leiðbeiningar nefndarinnar, svo og jákvæðum viðræðum hennar við sendinefndina. Hún lýsir yfir ánægju sinni með þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunni, svo og þær upplýsingar sem sendinefndin hefur gefið sem svar við bæði skriflegum og munnlegum spurningum á meðan á umfjöllun um skýrsluna stóð, en þær gerðu nefndinni kleift að fá víðtæka yfirsýn yfir það að hve miklu leyti Ísland hefur staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt Alþjóðasamningi um efnahags-, félags- og menningarleg réttindi. Nefndin er þakklát fyrir að hafa fengið skrifleg svör ríkisstjórnar Íslands við þeim spurningum sem hún lagði fram. Nefndin telur að tilhögun og inntak viðræðna hennar og ríkisstjórnar Íslands sé til fyrirmyndar. Nefndin harmar hins vegar að upphafleg skýrsla barst henni nokkuð seint.

B. Jákvæð atriði.

3. Nefndin fagnar þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórn Íslands hefur gert í því skyni að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru í alþjóðasáttmálanum. Hún lýsir ánægju einnig yfir því að ríkisstjórn Íslands hefur í störfum sínum lagt áherslu á að stuðla að og vernda efnahags-, félags- og menningarleg réttindi í samræmi við þær skuldbindingar sem hún hefur undirgengist samkvæmt ákvæðum 2. gr. sáttmálans og að ríkistjórnin hefur á undanförnum árum stuðlað að setningu ýmissa mikilvægra laga sem snerta þessi réttindi beint.

4. Í þessu sambandi lýsir nefndin sérstakri ánægju sinni með það að lög nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, tryggja almennt jafnrétti karla og kvenna en ekki aðeins hvað snertir launagreiðslur eins og raunin hafði verið áður en lögin voru samþykkt. Nefndin telur einnig athyglisvert að stofnað skyldi Jafnréttisráð í því skyni að tryggja að jafnréttislögunum væri framfylgt með eðlilegum hætti og móta þá stefnu sem sem stjórnvöld framfylgja varðandi jafnrétti kynjanna. Nefndin fagnar stofnun nefndar sem tekur á móti og rannsakar kvartanir um meint tilvik um misrétti kynjanna. Varðandi ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að fullnægja ákvæðum 3. til 7. gr. alþjóðasamningsins veitti nefndin athygli starfi kjararannsóknarnefndar og því að ríkisstjórnin samþykkti 1988 jafnréttisáætlanir að frumkvæði Jafnréttisráðs og félagsmálaráðuneytisins, en ráðuneytum og ríkisstofnunum er ætlað að hrinda þeim í framkvæmd.

5. Nefndin lýsir ánægju sinni með umfang og gæði þeirrar þjónustu sem veitt er allri þjóðinni, einkum hinum öldruðu, hvað snertir almannatryggingar, fjölskylduvernd, heilsugæslu og menntun.

6. Nefndin er ánægð með þá breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar (lög nr. 69/1993) sem, gagnstætt fyrri lögum, tryggja einnig þeim bætur sem eiga ekki aðild að verkalýðsfélagi. Nefndin er einnig þakklát fyrir upplýsingar þess efnis að allir launamenn á aldrinum 16 til 71 árs, sem eru búsettir á Íslandi, eiga rétt á atvinnuleysisbótum svo fremi þeir hafi á undanförnum 12 mánuðum unnið samtals a.m.k. 425 dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu, svo og að nú eiga þeir sem starfa sjálfstætt rétt á bótum.

C. Atriði og vandkvæði sem hindra að sáttmálanum sé framfylgt.

7. Nefndin gerir sér ljós þau vandkvæði sem Íslendingar eiga við að glíma hvað snertir óheftan verkfallsrétt samkvæmt ákvæðum 8. gr. sáttmálans, en stjórnvöld gefa þá skýringu að efnahagslíf Íslands sé mjög háð fiskveiðum. Nefndin er þeirrar skoðunar að þessar aðstæður leysi stjórnvöld ekki undan þeirri skyldu að gera ráðstafanir til að tryggja með tímanum full réttindi sem viðurkennd eru í sáttmálanum, þar með talinn verkfallsrétt.

D. Helstu áhyggjuefni.

8. Nefndin veitir því athygli að þrátt fyrir að löggjafinn hafi gert fjölmargar ráðstafanir til að tryggja jafnrétti kynjanna þekkist enn misrétti milli karla og kvenna í reynd, einkum hvað varðar þau réttindi sem tilgreind eru í 6. og 7. gr. sáttmálans. Nefndin hvetur ríkisstjórnina til að halda áfram viðleitni sinni til að koma í veg fyrir þann mun á launakjörum karla og kvenna sem enn er við lýði.

E. Tilmæli og tillögur.

9. Nefndin mælir með því að stjórnvöld virði báða mannréttindasáttmálana jafnmikið hvað snertir lagagildi þeirri í landinu; ef ráðstafanir eru gerðar til að taka upp í landslögum ákvæði um almenn og pólitísk réttindi verði hugað að svipuðum ráðstöfunum varðandi efnahags-, félags- og menningarleg réttindi.

10. Nefndin leggur áherslu á að frekari ráðstafanir verði gerðar til að tryggja að ákvæði sáttmálans verði betur kynnt, einkum meðal lögmanna og hjá dómstólum.

11. Nefndin hvetur til þess að stjórnvöld hlíti nákvæmlega ákvæðum 16. og 17. gr. sáttmálans um kynningarskyldu og að önnur áfangaskýrslan berist nefndinni innan þeirra tímamarka sem hún ákveður.

624. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneytinu, á fund sinn vegna þess. Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. febr. 1994.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Jóhann Ársælsson.
Sturla Böðvarsson.	Petrína Baldursdóttir.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.
Guðni Ágústsson.	Egill Jónsson.	Árni Johnsen.

625. Fyrirspurn [417. mál]

til fjármálaráðherra um úrbætur í bifreiðamálum ríkisins í samræmi við skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 1992.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hvað hefur verið gert til þess að framfylgja þeim ábendingum og tillögum til úrbóta sem fram koma í niðurstöðum í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá nóvember 1992, um bifreiðamál ríkisins, þar sem m.a. er bent á:

a. mjög háan kostnað nokkurra ríkisstofnana vegna bifreiðanotkunar,
b. að innan stofnana þurfi að fara fram úttekt á heildarakstursþörf án tillits til reynslutalna vegna aksturs fyrri ára,
c. að misbrestur sé á því að öll bifreiðakaup fari fram á vegum Innkaupastofnunar ríkisins eins og reglugerð um bifreiðamál ríkisins kveður á um,
d. að ekki liggi fyrir aksturssamningar við starfsmenn nokkurra stofnana ríkisins þótt um sé að ræða verulegar greiðslur til þeirra fyrir akstur,
e. að ljóst sé að aksturssamningar eða greiðslur fyrir akstur séu í nokkrum mæli notaðar sem launauppbót til ríkisstarfsmanna,
f. að einstaka forstöðumenn ríkisstofnana geri aksturssamninga við starfsmenn fyrir umtalsverðan akstur án þess að fyrir liggi samþykki bílanefndar,
g. að nokkuð skorti á að ríkisstofnanir virði samning sem gerður var milli ríkisins og ákveðinnar bílaleigu. Kostnaðarauki ríkisins vegna þessa er talinn nema milljónum króna á ári hverju,
h. að nokkuð skorti á stefnumörkun hjá yfirstjórn ríkisstofnana varðandi bifreiðanotkun þeirra?

Greinargerð.

Fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um bifreiðamál ríkisins að stofnunin telur ólíklegt að hagræði hljótist af einkavæðingu bifreiðaaksturs ríkisins. Þessum málum sé vel fyrir komið hjá stærstu stofnunum þess. Hins vegar megi margt bæta í bifreiðamálum annarra stofnana ríkisins sem verða megi til þess að skila lægri rekstrar- og viðhaldskostnaði. Ríkisendurskoðun kemur í skýrslu sinni með tillögur til úrbóta og bendir á þau atriði sem betur mega fara, m.a. þau sem talin eru upp í fyrirspurninni og beðið er um svar við.

Skriflegt svar óskast.

626. Frumvarp til laga [418. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra og skrifstofustjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Ráðherra skipar tryggingayfirlækni til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs. Ráðherra skal einnig skipa tryggingalækna til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum forstjóra, tryggingaráðs og tryggingayfirlæknis.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum sem settar eru. Hann ræður alla starfsmenn stofnunarinnar sem ekki eru skipaðir af ráðherra.

Deildarstjórar annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sína deild. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

Heimilt er að ráða tannlækni eða semja við aðila utan stofnunarinnar til að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara er lúta að tannlækningum.

Um ákvörðun launa fastra starfsmanna samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skipanir í stöður hjá hinu opinbera eru með mismunandi hætti eftir stofnunum. Sumar eru ótímabundnar, aðrar til fjögurra ára og enn aðrar til sex ára í senn. Þróun undanfarinna ára er þó sú að tímabundnar skipanir forstöðumanna og jafnvel undirmanna þeirra hafa verið lögleiddar í auknum mæli. Þannig kemur eftirfarandi fram í greinargerð með breytingum á lögum um Innkaupastofnun ríkisins þar sem skipunartíma forstöðumanns var breytt úr ótímabundnum í fjögur ár:

„Það er hins vegar nýmæli að forstjórinn skuli skipaður til fjögurra ára í senn og er það í samræmi við þróun síðustu ára í þá átt að binda skipunartíma forstöðumanna ríkisstofnana í tiltekinn tíma, sbr. t.d. stöðu forstjóra Iðntæknistofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunar og Landmælinga Íslands."

Ýmis fleiri dæmi má nefna um tímabundnar skipanir, svo sem bankastjóra Seðlabanka Íslands og bankastjóra ríkisbankanna til sex ára í senn og framkvæmdastjóra Hollustuverndar ríkisins til fjögurra ára. Ástæður þessarar þróunar eru fyrst og fremst þær að tímabundnar skipanir í stjórnunarstöður tryggja möguleika til endurnýjunar og geta þannig hindrað stöðnun í starfsemi stofnana hins opinbera. Það er einnig markmið þess frumvarps sem hér er lagt fram, en það felur það í sér að æðstu embættismenn Tryggingastofnunar ríkisins verði skipaðir til fjögurra ára í senn. Slík regla hefur oft komið til tals og á fundi tryggingaráðs 10. desember sl. var til dæmis samþykkt eftirfarandi:

„Tryggingaráð beinir því til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að þegar auglýstar verði lausar stöður lækna á læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins þá verði ráðið tímabundið í stöðurnar til 4–6 ára. Sé þörf lagabreytinga í þessu skyni er það ósk tryggingaráðs að ráðherrann beiti sér fyrir þeim."

Ekki var auglýst í samræmi við tilmæli tryggingaráðs og ekkert bendir til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hyggist beita sér fyrir lagabreytingu um þetta efni. Þess vegna er þetta frumvarp lagt hér fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum skipar ráðherra forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs. Einnig skipar hann skrifstofustjóra, tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, aðalgjaldkera og deildarstjóra að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs, svo og tryggingalækni að fengnum tillögum forstjóra, tryggingaráðs og tryggingayfirlæknis. Í öllum tilvikum er um ótímabundnar skipanir að ræða.

Breytingin sem hér er lögð til er tvíþætt. Annars vegar er gert ráð fyrir að ráðherra skipi aðeins forstjóra, skrifstofustjóra, tryggingayfirlækni og tryggingalækna, en forstjóri ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar. Hins vegar er skipunartíma breytt úr ótímabundnum í fjögur ár í senn. Það er skoðun flutningsmanna að ekki sé heppilegt að sami einstaklingur gegni embætti sem tryggingayfirlæknir eða tryggingalæknir lengur en átta ár að jafnaði, eða tvö skipunartímabil.

Þá er lagt til að 3. mgr. 3. gr. verði færð yfir í 4. gr.

Um 2. gr.

Eina breytingin frá núgildandi lögum sem hér er lögð til er að 3. mgr. 3. gr. verði 4. mgr. 4. gr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

627. Svar [356. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Petrínu Baldursdóttur um skiptingu botnfisksafla og ársverk í fiskvinnslu og fiskveiðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur árleg hlutdeild útflutts óunnins botnfisks verið af heildarafla síðan 1985:*
   a. *í tonnum,*
   b. *hlutfallslega?*
2. *Hver hefur árleg hlutdeild frystitogara verið af botnfisksafla frá 1985:*
   a. *í tonnum,*
   b. *hlutfallslega?*
3. *Hver hefur árleg hlutdeild landvinnslu í botnfisksafla verið síðan 1985:*
   a. *í tonnum,*
   b. *hlutfallslega?*
4. *Hver hefur árleg hlutdeild fiskmarkaða verið af botnfisksafla síðan 1987:*
   a. *í tonnum,*
   b. *hlutfallslega?*
5. *Hvernig hefur fjöldi ársverka þróast frá 1985 í:*
   a. *fiskvinnslu,*
   b. *fiskveiðum?*

Í meðfylgjandi töflum er að finna svör við spurningum fyrirspyrjanda. Svör við 1.–4. spurningu er að finna í töflum II–IX, en þær eru unnar af Fiskifélagi Íslands og eru byggðar á upplýsingum úr ráðstöfunarskýrslum sem Fiskifélagið safnar. Í töflunum koma fram upplýsingar um þær botnfiskstegundir sem eru kvótabundnar auk steinbíts og úthafskarfa. Í flokknum *annar botnfiskur* eru eftirtaldar tegundir: lýsa, langa, blálanga, keila, langhali, tindaskata, hlýri, skötuselur, skata, háfur, hákarl, hámeri, gulllax, lúða, þykkvalúra, langlúra, stórkjafta, sandkoli, skrápflúra og annar botnfiskur. Hjá Fiskifélagi Íslands er ekki búið að vinna að fullu úr tölum frá 1993 þannig að svörin miðast við tímabilið frá 1985–1992.

Í töflu I kemur fram heildarafli í lestum. Í töflu II er yfirlit yfir óunninn útfluttan fisk í lestum sem svar við a-lið 1. spurningar. Í töflu III er b-lið 1. spurningar svarað og kemur fram hvert hlutfall útflutts óunnins fisks af hverri tegund er af heildarafla af tegundinni. A-lið 2. spurningar, um árlegan afla vinnsluskipa, er svarað í töflu IV og í töflu V er yfirlit yfir hvert hlutfall afla vinnsluskipa í hverri tegund var af heildarafla af tegundinni sem svar við b-lið 2. spurningar. Í því sambandi er rétt að geta þess að afli, sem er saltaður um borð, er talinn til afla vinnsluskipa í töflunum en árið 1992 voru tæplega 4.600 lestir af þorski saltaðar um borð í fiskiskipum. Svar við a-lið 3. spurningar, um hver hlutur landvinnslu hefur verið í lestum, er í töflu VI og tafla VII hefur að geyma upplýsingar um hlutfall afla í landvinnslu af heildarafla viðkomandi tegundar. A-lið 4. spurningar, um það magn sem fer um fiskmarkaði, er svarað í töflu VIII og upplýsingar um hversu mikið hlutfall af heildarafla af hverri tegund hafi farið um fiskmarkaði, eins og beðið er um í b-lið 4. spurningar, er að finna í töflu IX. Það skal tekið fram að í töflunum er miðað við óslægðan fisk upp úr sjó.

5. spurningu, um fjölda ársverka í fiskvinnslu og fiskveiðum, er svarað í töflu X sem fengin er frá Þjóðhagsstofnun. Árið 1991 var skráningu á vinnuafli breytt samfara breytingum á skattkerfinu og eru þær upplýsingar, sem safnað er, ekki sambærilegar fyrir og eftir þann tíma. Þjóðhagsstofnun hefur samt sem áður reynt að meta þær upplýsingar sem nú er safnað og vinna þær þannig að unnt sé að bera þær saman við eldri tölur. Það ber að hafa í huga við lestur þeirra en í töflunni er tekið fram að um spá sé að ræða.

Tafla I. Heildarafli, í lestum.

Fisktegund	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Þorskur	322.825	365.919	389.957	375.950	354.180	333.861	306.947	266.843
Ýsa	49.573	47.335	39.751	53.024	61.713	65.897	53.499	46.084
Ufsi	55.140	63.880	78.152	74.399	79.752	94.983	99.400	77.802
Karfi	91.383	85.993	87.755	94.038	91.478	90.866	96.694	93.815
Steinbítur	9.597	12.123	12.590	14.549	14.076	14.398	17.909	16.062
Úthafskarfi	0	0	0	0	1.374	3.911	7.570	13.845
Grálúða	29.210	31.063	44.775	48.623	58.331	36.573	34.816	32.008
Skarkoli	14.471	12.705	11.157	14.035	11.307	11.343	10.716	10.469
Annar botnf.	12.979	13.378	19.834	22.628	19.950	21.793	26.641	27.605
Samtals	585.177	632.396	683.971	697.247	692.161	673.625	654.191	584.532

Tafla II. Útfluttur óunninn fiskur, í lestum.

Fisktegund	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Þorskur	26.774	50.569	51.102	51.197	45.630	40.924	22.736	16.567
Ýsa	8.957	12.927	13.352	20.325	23.705	23.107	15.344	9.988
Ufsi	4.076	9.179	10.142	9.968	11.763	13.400	8.561	6.326
Karfi	14.637	19.122	20.698	22.140	27.601	27.048	27.512	28.959
Steinbítur	725	1.830	2.194	3.303	3.194	2.754	3.010	2.537
Grálúða	2.578	5.088	5.227	4.419	5.486	4.868	3.603	3.784
Skarkoli	5.730	7.413	7.641	10.720	8.024	8.648	7.277	5.472
Annar botnf.	2.033	3.682	4.568	5.945	5.487	7.649	8.727	7.853
Samtals	65.512	109.811	114.923	128.017	130.891	128.398	96.769	81.487

Tafla III. Útfluttur óunninn fiskur, sem hlutfall af heildarafla af hverri tegund.

Fisktegund	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Þorskur	8,29	13,82	13,10	13,62	12,88	12,26	7,41	6,21
Ýsa	18,07	27,31	33,59	38,33	38,41	35,07	28,68	21,67
Ufsi	7,39	14,37	12,98	13,40	14,75	14,11	8,61	8,13
Karfi	16,02	22,24	23,59	23,54	30,17	29,77	28,45	30,87
Steinbítur	7,56	15,09	17,43	22,70	22,69	19,13	16,81	15,80
Grálúða	8,83	16,38	11,67	9,09	9,41	13,31	10,35	11,82
Skarkoli	39,60	58,35	68,49	76,38	70,97	76,24	67,91	52,27
Annar botnf.	15,67	27,52	23,03	26,27	27,50	35,10	32,76	28,45

Tafla IV. Afli vinnsluskipa, í lestum.

Fisktegund	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Þorskur	12.679	10.525	28.380	36.786	35.521	44.814	47.572	39.566
Ýsa	562	305	998	3.287	5.964	9.006	5.381	6.207
Ufsi	587	636	3.566	6.985	10.999	16.774	17.739	13.669
Karfi	2.582	3.131	4.017	17.671	18.053	17.736	21.694	29.300
Steinbítur	26	36	93	190	170	377	650	686
Úthafskarfi	0	0	0	0	1.371	3.361	6.937	13.845
Grálúða	2.136	4.303	12.844	15.453	22.372	16.613	18.668	17.504
Skarkoli	137	42	48	454	253	155	367	474
Annar botnf.	37	222	537	3.117	3.752	3.147	5.632	4.968
Samtals	18.745	19.199	50.482	83.944	98.455	111.983	124.639	126.219

Tafla V. Afli vinnsluskipa sem hlutfall af heildarafla af hverri tegund.

Fisktegund	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Þorskur	3,93	2,88	7,28	9,78	10,03	13,42	15,50	14,83
Ýsa	1,13	0,64	2,51	6,20	9,66	13,67	10,06	13,47
Ufsi	1,06	0,99	4,56	9,39	13,79	17,66	17,85	17,57
Karfi	2,83	3,64	4,58	18,79	19,73	19,52	22,44	31,23
Steinbítur	0,27	0,29	0,74	1,31	1,21	2,62	3,63	4,27
Úthafskarfi	0,00	0,00	0,00	0,00	99,78	85,94	91,63	100,00
Grálúða	7,31	13,85	28,69	31,78	38,35	45,42	53,62	54,69
Skarkoli	0,94	0,33	0,43	3,23	2,24	1,37	3,42	4,53
Annar botnf.	0,29	1,66	2,71	13,78	18,81	14,44	21,14	18,00

Tafla VI. Fiskur unninn innanlands, í lestum.

Fisktegund	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Þorskur	283.372	304.825	310.476	287.967	273.029	248.123	236.639	210.709
Ýsa	40.053	34.103	25.401	29.412	32.044	33.784	32.773	29.889
Ufsi	50.477	54.065	64.445	57.446	56.990	64.809	73.099	57.807
Karfi	74.164	63.740	63.040	54.227	45.824	46.082	47.488	35.557
Steinbítur	8.845	10.258	10.303	11.056	10.713	11.267	14.250	12.838
Úthafskarfi	0	0	0	0	3	550	633	0
Grálúða	24.496	21.672	26.704	28.751	30.473	15.092	12.546	10.719
Skarkoli	8.604	5.250	3.468	2.861	3.029	2.540	3.072	4.523
Annar botnf.	10.909	9.474	14.729	13.566	10.711	10.998	12.282	14.784
Samtals	500.920	503.385	518.566	485.287	462.816	433.243	432.783	376.826

Tafla VII. Fiskur unninn innanlands sem hlutfall af heildarafla af hverri tegund.

Fisktegund	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Þorskur	87,78	83,30	79,62	76,60	77,09	74,32	77,09	78,96
Ýsa	80,80	72,05	63,90	55,47	51,92	51,27	61,26	64,86
Ufsi	91,54	84,64	82,46	77,21	71,46	68,23	73,54	74,30
Karfi	81,16	74,12	71,84	57,67	50,09	50,71	49,11	37,90
Steinbítur	92,17	84,61	81,84	75,99	76,11	78,26	79,57	79,93
Úthafskarfi	0,00	0,00	0,00	0,00	0,22	14,06	8,37	0,00
Grálúða	83,86	69,77	59,64	59,13	52,24	41,27	36,03	33,49
Skarkoli	59,46	41,32	31,08	20,39	26,79	22,39	28,67	43,20
Annar botnf.	84,05	70,82	74,26	59,95	53,69	50,46	46,10	53,56

Tafla VIII. Fiskur seldur á fiskmörkuðum innanlands, í lestum.

Fisktegund	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Þorskur	0	0	10.468	26.246	24.075	34.538	41.275	49.146
Ýsa	0	0	1.743	6.665	7.189	10.904	13.120	12.275
Ufsi	0	0	4.637	9.855	8.060	12.831	13.746	11.987
Karfi	0	0	7.838	8.839	9.632	7.395	7.086	4.198
Steinbítur	0	0	218	939	818	1.725	1.949	2.653
Úthafskarfi	0	0	0	0	0	48	160	0
Grálúða	0	0	148	3.297	2.921	767	869	1.060
Skarkoli	0	0	660	447	319	544	871	1.012
Annar botnf.	0	0	924	2.124	1.913	3.173	4.543	5.665
Samtals	0	0	26.636	58.412	54.927	71.925	83.618	87.996

Tafla IX. Fiskur seldur á fiskmörkuðum innanlands sem hlutfall af heildarafla af hverri tegund.

Fisktegund	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Þorskur	0,00	0,00	2,68	6,98	6,80	10,35	13,45	18,42
Ýsa	0,00	0,00	4,38	12,57	11,65	16,55	24,52	26,64
Ufsi	0,00	0,00	5,93	13,25	10,11	13,51	13,83	15,41
Karfi	0,00	0,00	8,93	9,40	10,53	8,14	7,33	4,47
Steinbítur	0,00	0,00	1,73	6,45	5,81	11,98	10,88	16,52
Úthafskarfi	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	1,23	2,11	0,00
Grálúða	0,00	0,00	0,33	6,78	5,01	2,10	2,50	3,31
Skarkoli	0,00	0,00	5,92	3,18	2,82	4,79	8,13	9,66
Annar botnf.	0,00	0,00	4,66	9,39	9,59	14,56	17,05	20,52

Tafla X. Fjöldi ársverka í fiskvinnslu og fiskveiðum.

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	spá 1991	spá 1992
Fiskvinnsla	9.643	9.808	9.949	8.532	8.115	7.659	7.848	6.908
Fiskveiðar	6.085	6.256	6.839	6.613	6.778	7.087	6.900	6.800

628. Tillaga til þingsályktunar [419. mál]

um ráðstafanir til að veita íslenskri garðyrkju viðunandi samkeppnisstöðu.

Flm.: Jón Helgason, Ingibjörg Pálmadóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til að veita íslenskri garðyrkju viðunandi samkeppnisstöðu eftir að opnað hefur verið fyrir óheftan tollfrjálsan og niðurgreiddan innflutning á ýmsum tegundum grænmetis og blóma í marga mánuði á hverju ári, jafnframt því sem einstaklingum verði bætt það eignatjón sem ekki er unnt að koma í veg fyrir af þeim sökum.

Greinargerð.

Á Íslandi eru um 17 ha eða 170.000 m^2 gróðurhúsa. Verðmæti húsanna eru um 1,8 milljarðar kr. auk 400 millj. kr. í aðstöðuhúsum og eru þá íbúðarhús ekki meðtalin. Á árinu 1990 var framleiðsluverðmæti blóma og grænmetis um 1 milljarður kr. Heilsársstörf eru talin um 350 auk um 200 sumarstarfa. Ef reiknað er með að tvö störf í þjónustu tengist hverju ársstarfi í frumframleiðslu má reikna með að á annað þúsund manns hafi atvinnu beint af garðyrkju. Framlög hins opinbera til garðyrkju hafa engin verið nú hin síðustu ár eftir að húsabótaframlög féllu niður í raun. Árið 1990 námu þau alls 750 þús. kr. Framleiðslan hefur aldrei notið styrkja né verðábyrgðar.

Mikil samkeppni ríkir innan græna geirans hér á landi og hefur hún leitt til að skilaverð til framleiðenda hefur lækkað verulega bæði á blómum og á grænmeti. Þessi harða samkeppni skýrist af því að verðmyndun blóma og grænmetis ræðst á frjálsum markaði yfir uppskerutímann. Markaðsaðstæður og fyrirsjáanleg opnun markaðarins hafa hvatt framleiðendur til hagræðingar í rekstri og fjárfestingar í lýsingar- og koltvísýringsbúnaði til að auka nýtingu annarrar fjárfestingar og lækka þannig framleiðslukostnað. Framleiðslugeta fyrirtækjanna er töluvert meiri en eftirspurn. Eins og rekstrarumhverfi græna geirans er um þessar mundir er útflutningur garðyrkjuafurða ekki mögulegur.

Í Vestur-Evrópu býr græni geirinn við hagstæðara rekstrarumhverfi en hér og þó eru garðyrkjustöðvar, svo sem í Hollandi og í Danmörku, flestar reknar með tapi. Innan EB eru vaxtabætur á lánum að hámarki um 10 milljónir, til bygginga og kaupa á garðyrkjustöðvum 5,5% til 10 ára og til annarra fjárfestinga 4% til sjö ára. Beinir styrkir til bygginga eða kaupa geta numið allt að 16% (í Hollandi) til 20% (í Danmörku) af fjárfestingu. Í ár ver það opinbera í Svíþjóð 25 milljónum sænskra króna í kynningu á sænskum garðyrkjuafurðum, í rannsóknir og skipulagningu í þágu garðyrkjunnar.

Í skýrslu Markúsar Möller, sem unnin var fyrir landbúnaðarráðuneytið, kemur fram að íslensk garðyrkja keppir við framleiðslu frá löndum þar sem styrkir eru frá um 10–20% af framleiðsluverðmæti hjá samkeppnislöndunum.

Hérlendis eru lán Stofnlánadeildar landbúnaðarins til bygginga gróðurhúsa allt að 60% af matsverði byggingar með 2% vöxtum til 15 ára en þó að hámarki til byggingar 2.100 m^2 húsa einyrkja. Garðyrkjan hefur hingað til verið þátttakandi í sjóðakerfi landbúnaðarins og mun láta nærri að með framlagi til Stofnlánadeildar sé garðyrkjan að greiða um 5,5% í vexti af lánum til hennar. Að auki eru veitt lán til lýsingarbúnaðar og nema þau 40% af kostnaði við lampa eða 50% af heildarkostnaði og eru til átta ára.

Byggingarkostnaður hérlendis er mun hærri en í samkeppnislöndunum vegna veðurfars og strangra byggingarreglugerða. Mest öll fjárfesting í gróðurhúsum ber söluskattinn gamla auk tolla sem voru á byggingarefni.

Launakostnaður garðyrkju í samkeppnislöndunum er lægri en hér og kemur það til af því að algengt er að fólk frá fátækari ríkjum sé ráðið ýmist tímabundið eða „svart" til starfa í garðyrkju.

Til að geta framleitt yfir vetrartímann þarf að lýsa ræktunina vegna ónógrar náttúrulegrar inngeislunar. Hérlendis þarf um helmingi meiri orku en í Hollandi til að ná samsvarandi uppskerumagni og gæðum á tímabilinu október til mars. Orkuverð hér er of hár hluti rekstrarkostnaðar garðyrkjustöðva miðað við markaðsaðstæður í garðyrkju og í raforku í dag.

Tollar á rekstrarvörum námu á síðasta ári 4–6 millj. kr. og munar þar mestu um tolla á smáplöntum til framhaldsræktunar.

Samhliða samningnum um EES gerðu EFTA-ríkin tvíhliða samning við EB um tollfrjálsan innflutning, svonefndan Cohension-lista með 76 vörutegundum landbúnaðarafurða. Hjá öðrum EFTA-ríkjum en Íslandi var þessi samningur gagnkvæmur; þannig fengu þau einnig betri kjör fyrir útflutning svo að jafnvægi náðist.

Ísland samdi hins vegar um einhliða innflutningsheimildir og var það réttlætt með því að slíkur samningur bætti stöðu til að ná fram tollalækkun á útfluttum fiski sem mundi færa þjóðarbúinu mikinn auð. Það virðist því óviðunandi ósanngirni að garðyrkjubændur einir séu látnir bera þennan fórnarkostnað bótalaust. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt um að ríkisvaldið geri ráðstafanir til að veita íslenskri garðyrkju viðunandi samkeppnisstöðu.

Fylgiskjal.

Bréf Sambands garðyrkjubænda til efnahags- og viðskiptanefndar.
(26. júlí 1992.)

Svar við bréfi yðar dags. 3. júlí sl. vegna frumvarps til laga um breytingar á tollalögum og vörugjaldi (fylgifrumvarp með samningum um Evrópskt efnahagssvæði).

Innan Sambands garðyrkjubænda hefur verið reynt eftir megni að fylgjast með þeirri hröðu atburðarás sem tengist umræðum og samningsgerð um EES og GATT. Fylgiskjal I í frumvarpinu er í samræmi við það sem okkur hafði verið kynnt um tollfrjálsan innflutning á nokkrum landbúnaðarvörum frá aðildarlöndum Evrópska efnahagssvæðisins. Fyrirhugaðar breytingar á tollalögum, sem okkur hafa nú verið sendar til umsagnar, snerta einkum afskorin blóm, a.m.k. ef menn kjósa að horfa fram hjá framþróun í garðyrkju sem m.a. felst í aukinni raflýsingu grænmetis.

Skert markaðshlutdeild innlendra garðyrkjuafurða á okkar litla og viðkvæma heimamarkað mun án efa hafa mikil áhrif á stöðu íslenskrar garðyrkju í heild. Samningsákvæði sem heimila frjálsan innflutning munu geta stöðvað framfarir í greininni. Má í því sambandi benda á aukna notkun raflýsingar og koltvísýrings í gróðurhúsum í skammdeginu.

Fjárfestingar í garðyrkju, einkum gróðurhús, er ekki unnt að nýta til annars. Aukinn innflutningur getur því ef til skamms tíma er litið sett skuldugustu stöðvarnar á hausinn og ef til langs tíma er litið gert eldri stöðvar og stöðvar á jaðarsvæðum verðlausar. Heildarframleiðsluverðmæti grænmetis og blóma árið 1990 var tæpur 1 milljarður króna og eru kartöflur þá ekki meðtaldar. Heilsársstörf í garðyrkju eru um 350, auk 200 sumarstarfsmanna. Ætla má að tvö störf í þjónustu tengist hverju ársstarfi í framleiðslu eða um 700 störf.

Tollar á garðyrkjuafurðum hafa stórlækkað á nokkrum árum og það ásamt harðnandi samkeppni innan lands hefur leitt til þess að verð hefur lítið sem ekkert hækkað á undangengnum árum.

Frjáls, tollalaus innflutningur fimm tegunda afskorinna blóma frá 1. desember til 30. apríl mun ekki aðeins hafa áhrif á framleiðslu og sölu þessara tegunda heldur hafa víðtækar afleiðingar á sölu og verðlagningu á íslenskum blómum almennt.

Frjáls innflutningur ótollaðrar vöru inn á lítið markaðssvæði sem lokað er í annan endann (útflutningsmöguleikar eru nánast engir) í fimm mánuði ársins getur haft háskalegar afleiðingar. Því er ljóst að verið er að taka hér mikla áhættu.

Innan Evrópubandalagsins eru styrkir til garðyrkju vel þekktir, bæði beinir og óbeinir. Styrkirnir skekkja öll verð á garðyrkjuafurðum innan bandalagsins og eftir gildistöku samnings um EES, þá einnig í EFTA-löndunum. Þessir styrkir hafa veruleg áhrif á samkeppnishæfni íslenskra garðyrkjubænda sem hafa hvorki notið styrkja af þessu tagi né verðábyrgðar eins og þekkist á öðrum landbúnaðarvörum hér innan lands.

Þar sem nú er unnið að breytingum á tollskrá viljum við benda á að áður hefur verið óskað eftir leiðréttingu á tolli á órótuðum græðlingum, sbr. afrit af meðfylgjandi bréfi dags. 24. janúar 1992 til fjármálaráðuneytisins. Að okkar mati er eðlilegt að rótaðir og órótaðir græðlingar og gróðurkvistir falli undir sama tollflokk, þ.e. 0602.1000, og nefnist hann þá „Græðlingar og gróðurkvistir með og án róta."

Þá má einnig nefna að á fjárfestingar- og rekstrarvörum eru innheimt vörugjöld og í sumum tilfellum tollar.

Virðingarfyllst,

Kjartan Ólafsson, formaður.

629. Frumvarp til laga [420. mál]

um breytingu á lögum nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Jóhann Ársælsson,
Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon,
Gunnlaugur Stefánsson, Stefán Guðmundsson,
Vilhjálmur Egilsson.

1. gr.

Liður F3 í 3. gr. laganna (**F. Breiðafjörður**), sbr. 8. gr. laga nr. 42/1977, fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um þá breytingu á 3. gr. núgildandi laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, að liður F3 verði felldur út úr lögunum. Felur breytingin í sér að eftir hana verður óheimilt að stunda veiðar með botnvörpu og flotvörpu á svæði sem takmarkast af línu sem dregin er í fjögurra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi í vestur frá Malarrifi (vms 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 41) og Skorarvita (vms 42). Að norðan takmarkast þetta svæði af 65°16'0 N.

Frá því að frumvarp til laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni kom fram á 94. löggjafarþingi árið 1973 hefur orðið mikil breyting á útgerðarháttum. Meðal annars hefur sú breyting orðið að botnvörpuveiði allt að 26 metra langra skipa hefur aukist. Bæði er það vegna öflugri veiðarfæra og aukins togkrafts.

Upphaflega var hólf þetta afmarkað til að ná fram sáttum á milli útvegsmanna við Breiðafjörð og til þess að dreifa sókn á milli svæða þannig að stærri og öflugri skip væru að togveiðum utar en minni bátar. Kemur þetta sjónarmið fram í greinargerð með frumvarpi til laga á 94. löggjafarþingi, sem áður var vitnað til, á bls. 608, í þskj. 120 1973–74. Þar segir:

„Á Breiðafjarðarsvæðinu er mikill fjöldi báta af þessum stærðarflokki og óvenjumargir aðilar, einstaklingar og hagsmunasamtök, komu hugmyndum sínum um togveiðiheimildir á þessu svæði á framfæri við fiskveiðilaganefnd. Með því að draga veiðisvæði þetta upp, eins og gert er í frumvarpinu, hefur nefndin reynt að samræma hin ólíku sjónarmið, eins og frekast var unnt, auk þess sem friðunarsjónarmið voru einnig höfð í huga."

Eftir að lög nr. 81/1976 voru samþykkt varð sú breyting á að viðmiðunarmörkin breyttust frá því að vera 105 brúttólestir yfir í að miðað var við 26 metra lengdarmælingu skips. Var það gert þar sem samkvæmt þágildandi mælireglum gátu tvö jafnlöng, breið og djúp skip mælst mjög misstór í brúttórúmlestum talið.

Á þessum tíma var hlutfallið á milli lengdar á skipi og togkrafts þess mjög sambærilegt. Það þýddi að undantekningarlítið hafði 26 metra langur bátur minni togkraft en 36 metra langt skip. Nú hafa verið smíðaðir sérútbúnir togbátar sem hafa togkraft til veiða eins og togari en eru einungis 26 metra langir. Eru þessi skip oft með mun öflugri veiðarfæri en þau skip sem verða að veiða fjær landi. Einnig eru veiðarfæri þeirra mun öflugri en veiðarfæri þeirra skipa sem upphaflega áttu að veiða í umræddu hólfi.

Hólfið, sem lagt er til að verði friðað fyrir togveiðum með frumvarpi þessu, er talið vera viðkvæmt fyrir togveiðarfærum. Ástæða þess er sú hversu mikið er um hraunfláka á botninum þar sem þorskurinn leitar skjóls. Hólfið er einkar heppileg línuveiðislóð fyrir línubáta.

Á þeim tíma, sem lög nr. 81/1976 voru sett, var veitt þannig á þessu svæði að bátarnir toguðu á sandbotni sem er á milli hraunflákanna. Sjómenn við Breiðafjörð hafa haldið því fram að á umræddu svæði sé griðastaður þorsks yfir sumartímann. Á þeim tíma árs sé fiskurinn ekki heppilegur til vinnslu og markaðsaðstæður séu ekki hagstæðar. Því sé mun skynsamlegra að veiða á þessu svæði á haustin og fyrri hluta vetrar með línu og netabátum. Þá eru gæði þorsksins meiri og þar af leiðandi fæst hærra verð fyrir hann. Öflug nútímatogskip með þung veiðarfæri togi yfir hraunið og brjóti það niður þannig að allt skjól fyrir þorsk hverfi.

Útvegsmannafélag Snæfellsness hefur sent frá sér ályktun þar sem skorað er á alþingismenn Vesturlandskjördæmis að þeir beiti sér fyrir nauðsynlegri breytingu á löggjöf um fiskveiðar þannig að komið verði í veg fyrir umræddar togveiðar. Í framhaldi af því var óskað upplýsinga frá Hafrannsóknastofnun um veiðar í hólfi F3.

Í svari Hafrannsóknastofnunar, sem er birt sem fylgiskjal með greinargerð þessari, kemur fram að árin 1991, 1992 og 1993 voru veiðar með botnvörpu í hólfi F3 0,4-0,8% af heildarafla þorsks hvert ár. Af því má sjá að ekki er um að ræða afgerandi hluta í heildarafla. Ljóst er af svari Hafrannsóknastofnunar að netaveiðar, línu- og dragnótaveiðar eru mun stærra hlutfall heildarveiða á svæðinu.

Með hliðsjón af þeim heildarhagsmunum sem hér er um að ræða og fiskverndarsjónarmiðum sem útvegsmenn og sjómenn hafa mælt fyrir er lagt til að svæði F3 verði lokað fyrir togveiðum allt árið.

Fylgiskjal I.

Núverandi veiðiheimildir á Breiðafirði samkvæmt lögunum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 81/1976.

(Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að 3. liður (F3) falli brott.)

F. Breiðafjörður.

F1. Utan línu, sem dregin er frá punkti 64°43'7 N og 24°12'0 V í punkt 64°43'7 N og 24°26'0 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

F2. Utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu, frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) og þaðan í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er skipum 39 metrar að lengd og minni heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu tímabilið 1. júní til 31. desember.

F3. Á tímabilinu 1. júní til 31. desember er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 41) og Skorarvita (vms 42). Að norðan takmarkast svæði þetta af 65°16'0 N.

F4. Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu, frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) og þaðan í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.

Fylgiskjal II.

Bréf Hafrannsóknastofnunar til Sturlu Böðvarssonar alþingismanns.

(15. desember 1993.)

Vísað er í bréf þitt dags. 24. nóvember 1993 þar sem óskað er eftir upplýsingum um fiskafla í hólfi F3 á Breiðafirði.

Í meðfylgjandi yfirliti er fiskaflanum skipt eftir veiðarfærum og tegundum.

Fyrstu tvær línurnar fyrir hvert veiðarfæri sýna heildarafla í þúsundum tonna af viðkomandi tegundum fyrir landið allt árin 1991 og 1992. Þá er sýnt í næstu þremur línum hve mörg prósent heildaraflans fengust í F3 og loks hve mörg tonn veiddust þar.

Bestu kveðjur.

Jakob Jakobsson.

Afli á svæði í mynni Breiðafjarðar.

Heildarafli.

Þar sem stendur afli 1991 og afli 1992 er átt við heildarafla á landinu öllu í viðkomandi veiðarfæri í þúsundum tonna samkvæmt kvótaskýrslum veiðieftirlits. Síðan er reiknað hve mörg prósent aflans hvert ár veiddust innan svæðis F3. Loks er reiknaður afli innan svæðis í tonnum fyrir hvort ár.

Fyrir árið 1993 eru um 65% af línugögnum, 70% af botnvörpugögnum, 80% af dragnótargögnum og 70–80% af netagögnum komin inn.

1. Botnvarpa	Þorskur	Ýsa	Skarkoli	
Afli 1991		175,2	34,6	4,3
Afli 1992		130,2	29,0	4,7
% 1991		0,6	0,9	2,2
% 1992		0,4	0,2	0,97
% 1993		0,8	1,0	
Tonn 1991		1051	311	94
Tonn 1992		522	58	59

2. Net	Þorskur	Ýsa
Afli 1991	60,3	5,0
Afli 1992	60,3	5,7
% 1991	5,0	0,4
% 1992	1,6	0,37
% 1993	4,0	2,0
Tonn 1991	3015	20
Tonn 1992	965	20

3. Lína	Þorskur	Ýsa	Steinbítur
Afli 1991	44,4	9,3	10,5
Afli 1992	40,8	8,5	9,2
% 1991	2,9	2,1	1,2
% 1992	1,8	1,1	0,98
% 1993	1,8	1,0	0,75
Tonn 1991	1287	195	126
Tonn 1992	741	90	90

4. Dragnót	Þorskur	Skarkoli
Afli 1991	6,8	6,1
Afli 1992	7,5	5,3
% 1991	2,1	3,4
% 1992	2,1	2,65
% 1993	6,0	3,8
Tonn 1991	157	180
Tonn 1992	150	138

630. Tillaga til þingsályktunar [421. mál]

um að gera átak við að koma raflínum í jarðstreng í stað loftlínu.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Eggert Haukdal, Steingrímur J. Sigfússon, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Sigbjörn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir að gert verði sérstakt átak við að koma raflínum í dreifikerfum í jarðstreng í stað loftlína á þeim svæðum þar sem mest veðurálag er eða æskilegt er frá umhverfissjónarmiði að þær hverfi. Ríkisstjórnin leggi fram, sem lið í atvinnuátaki, sérstakt fjármagn til þessara framkvæmda.

Greinargerð.

Mjög mikið tjón hefur orðið á raflínum á undanförnum árum og hefur það valdið miklu tjóni, sérstaklega í sveitum og dreifðum byggðakjörnum. Varla þarf að lýsa þeim erfiðleikum og hættum sem viðgerðarmenn hafa búið við og verið samfara viðgerðum við hrikalegar veðurfarsaðstæður.

Þar til fyrir 2–3 árum hefur ekki verið fjárhagslegur grundvöllur fyrir framkvæmdum af þessum toga en samkvæmt upplýsingum Rarik er orðið ódýrara að leggja jarðstreng en reisa nýjar loftlínur.

Jarðstrengir hafa lækkað umtalsvert í verði og er heildarkostnaður um 80–90% af kostnaði við tréstauralínur.

Rafdreifilínur eru um 7.000 km langar á Íslandi. Mjög víða hagar þannig til að auðvelt er að plægja niður strengi jafnvel þótt jarðvegur sé grýttur og væri þannig auðvelt að koma fyrir jarðstrengjum því að meginhluti lína liggur á þannig svæðum.

Íbúar í sveitum hafa orðið að búa við kulda og ljósleysi vegna rafmagnsleysis allt að nokkrum dögum þegar verstu veður hafa gengið yfir. Mikil tæknivæðing við meðferð mjólkur og gripafóðrun hefur átt sér stað tengd raforku og skapast mikil vandamál einnig af þeim sökum þegar rafmagnsleysi verður eins og kunnugt er. Af þessum ástæðum svo og af fjölmörgum öðrum er eðlilegt að ríkisstjórnin setji fjármagn til þessa verks sem yrði tengt atvinnuátaki sem skilar sér sem trygging fyrir öruggari búsetu á landinu.

Hlutföll milli vinnu og efnis við framkvæmd þá sem hér er um rætt eru: Efni 65–70% og vinna 30–35%. Í þessari tillögu er miðað við að vinnulaunaþáttur verði fjármagnaður af ríkisfé enda verði verkefnið atvinnuátakstengt.

Oft er rætt um að sjónmengun sé af raflínum og að þær séu lýti á landslagi. Á það er ekki lagður dómur með þessari tillögu en hún kemur þó til móts við sjónarmið þar að lútandi. Fyrst og fremst er verið að hugsa um öryggismál, hagkvæmni og atvinnuaukningu og má benda á að miðað við núverandi vaxtakjör stendur jákvæður mismunur á kostnaði við að leggja rafstreng í jörð undir kostnaði af lántöku vegna framkvæmdanna.

631. Frumvarp til laga [422. mál]

um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Fimm manna nefnd, skipulagsnefnd fólksflutninga, skal skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir áliti nefndarinnar á.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi hópferðaleyfishafa, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi sérleyfishafa og einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Samgönguráðherra skipar einn mann án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Sömu aðilar velja hver um sig einn varamann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara skal skipuð ný skipulagsnefnd fólksflutninga á grundvelli 1. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gerð breyting á skipan skipulagsnefndar fólksflutninga, sem starfar á grundvelli laga um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987. Nefndin er skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir áliti nefndarinnar á, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1987.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fækkað verði um tvo fulltrúa í nefndinni, þ.e. fækkað úr sjö fulltrúum í fimm fulltrúa. Fulltrúi Búnaðarfélags Íslands fellur út og samgönguráðherra skipar samkvæmt frumvarpinu aðeins einn mann í stað tveggja áður. Verði frumvarp þetta að lögum mun Alþýðusamband Íslands, Félag hópferðaleyfishafa, Félag sérleyfishafa og Samband íslenskra sveitarfélaga eiga einn fulltrúa í nefndinni og formaður nefndarinnar er skipaður af samgönguráðherra án tilnefningar.

Ekki er kveðið á um sérstakan skipunartíma nefndarinnar. Miðað er við að nefndin verði skipuð ótímabundið og getur því skipunartími formanns nefndarinnar verið bundinn við embættistíma ráðherra. Í ljósi þess að nefnd þessari er ætlað að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur mál varðandi fólksflutninga með langferðabifreiðum er eðlilegt að starfandi ráðherra hafi eitthvað um það að segja hver er hans fulltrúi í nefndinni og hafi frjálsar hendur að skipta um formann nefndarinnar. Á sama hátt geta aðilar sem tilnefna í nefndina óskað eftir að skipta um fulltrúa.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að þessi breytta skipan komi strax til framkvæmda, en skipunarbréf starfandi skipulagsnefndar fólksflutninga er til 15. apríl 1995.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Frumvarpið felur ekki í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

632. Svar [340. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Árna R. Árnasonar um þjóðgarða, fólkvanga og friðlýst svæði.

1. *Hver eru mörk þjóðgarða, fólkvanga og friðlýstra svæða á landinu?*

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, ásamt síðari breytingum, gefur Náttúruverndarráð út náttúruminjaskrá. Síðast var hún gefin út árið 1991 og er birt í B-deild Stjórnartíðinda, auglýsing nr. 507/1991. Í skránni er að finna yfirlit yfir öll friðlýst svæði, þar með talda þjóðgarða og fólkvanga. Jafnframt er að finna í skránni tilvísun til auglýsinga eða reglugerða sem um einstök svæði gilda en í þeim eru nákvæmar lýsingar á staðarmörkum svæðanna og uppdrættir af þeim.

2. *Hver er lagagrundvöllur hvers þeirra?*

Í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 47/1971 er heimild til þess að friðlýsa sérstæðar náttúrumyndanir, t.d. fossa og eldstöðvar, og nefnast slíkar náttúrumyndanir náttúruvætti. Í 23. gr. sömu laga er heimild til þess að friðlýsa jurtir eða dýr. Í 24. gr. er heimild til þess að friða landsvæði og eru þau svæði nefnd friðlönd. Í 25. gr. laganna er heimild til þess að lýsa svæði þjóðgarð og skv. 26. gr. laganna er heimild til þess að lýsa tiltekið svæði fólkvang. Rétt er að taka fram að engar ákvarðanir Náttúruverndarráðs um friðun eða friðlýsingu koma til framkvæmda fyrr en umhverfisráðuneytið hefur lagt á þær samþykki sitt, sbr. 32. gr. laga nr. 47/1971.

3. *Hver fer með náttúruvernd og vernd sérstaklega friðlýstra náttúruminja eða fylgist með ástandi þeirra?*

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 47/1971 hefur Náttúruverndarráð með höndum framkvæmdir í náttúruverndarmálum eins og lýst er í lögunum. Í 3. mgr. 7. gr. er kveðið svo á að í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum, sem eru í umsjá Náttúruverndarráðs, starfi landverðir er annist þar eftirlit. Um árabil hafa þjóðgarðsverðir og landverðir starfað í þjóðgörðum og á einstökum friðlýstum svæðum sem mikið mæðir á í samræmi við það framlag sem veitt hefur verið á fjárlögum hverju sinni. Jafnframt vinna sérstakir eftirlitsmenn að því fyrir hönd Náttúruverndarráðs að fylgjast með náttúruminjum og ástandi þeirra auk þess sem þeir fylgjast með mannvirkjagerð o.þ.h. hver á sínu svæði.

4. *Hver er réttarstaða eignarlanda og annarra fasteigna á þessum svæðum? Hvernig er háttað tengslum við eigendur þeirra og hvaða sérstaða hefur skapast um þessi mál ef byggð hefur lagst í eyði?*

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, er það skilyrði að svæði, sem lýst er þjóðgarður, sé í ríkiseign. Þá fara saman allar heimildir eignarréttar, þ.e. grunneignarrétturinn og aðrar heimildir sem taldar eru felast í eignarrétti. Ef landsvæði er gert að friðlandi skv. 24. gr. laga nr. 47/1971 er ekki um að ræða afsal eignarréttar frá landeiganda til ríkisins (Náttúruverndarráðs). Einungis er um að ræða að sérstakar reglur gilda á viðkomandi svæði sem miða að því að vernda þau verðmæti sem talin eru mikilvæg, sbr. það sem segir í upphafi 24. gr. laganna. Þegar svæði er friðlýst eru auglýstar sérstakar reglur sem gilda um það og ráðherra staðfestir, sbr. 24. og 32. gr. laga nr. 47/1971.

Í reglunum er oft kveðið svo á að stofna skuli sérstaka ráðgjafarnefnd sem í eigi sæti fulltrúar landeigenda, sveitarstjórna og Náttúruverndarráðs.

Sú sérstaka aðstaða er hér á landi að finna má hreppa sem hafa enga eða mjög fáa skráða íbúa þrátt fyrir ákvæði 5. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Einn slíkur hreppur er innan friðlands á Hornströndum, sbr. auglýsingu nr. 332/1985. Samkvæmt reglum auglýsingarinnar starfar samstarfsnefnd um málefni friðlandsins sem skipuð er fulltrúum landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps (nú Snæfjallahrepps) og Náttúruverndarráðs. Náttúruverndarráði er kunnugt um að ráðuneyti umhverfismála hafi farið þess á leit við félagsmálaráðuneyti að Sléttuhreppur verði sameinaður öðrum hreppi, sbr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Að mati Náttúruverndarráðs er varla hægt að tala um sérstöðu í þessum efnum þó að hreppurinn hafi lagst í eyði.

5. *Hver fer með skipulags- og byggingarmál þeirra? Hver hefur frumkvæði að skipulagsgerð? Á hvaða stigi er hún eða landnýtingaráætlanir? Hver veitir leyfi til bygginga sumarbústaða og annarra mannvirkja? Hvaða sérstaða hefur skapast um þessi mál ef sveitarfélag hefur lagst í eyði?*

Eðli málsins samkvæmt er mannvirkjagerð innan þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða háð takmörkunum. Frumkvæði að gerð skipulagsáætlana á þessum svæðum hefur verið Náttúruverndarráðs og embættis skipulagsstjóra ríkisins. Nú er verið að vinna að skipulagi nokkurra friðlýstra svæða, m.a. þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, friðlands að Fjallabaki og friðlands á Hornströndum. Gerð skipulagsáætlunar, þ.e. uppdráttar og greinargerðar, fyrir friðland að Fjallabaki er á lokastigi og áætlað er að skipulagsvinnu vegna friðlands á Hornströndum ljúki á næsta ári. Vinna við skipulagsáætlunargerð er á frumstigi fyrir þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.

Varðandi leyfisveitingar fyrir sumarbústaði og önnur mannvirki á þeim svæðum, sem eru samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, í umsjá Náttúruverndarráðs, er í flestum tilfellum nauðsynlegt að afla leyfis Náttúruverndarráðs, sbr. ákvæði einstakra auglýsinga um friðlýst svæði. En að sjálfsögðu verða ákvæði annarra laga að vera uppfyllt, t.d. skipulagslaga, nr. 19/1964, og byggingarlaga, nr. 54/1978, eins og við á hverju sinni.

Eins og fyrr hefur komið fram má finna hrepp innan friðlands í umsjá Náttúruverndarráðs þar sem engir skráðir íbúar eru. Sú venja hefur skapast að leita álits viðkomandi friðlandsnefndar áður en Náttúruverndarráð fjallar fyrir sitt leyti um leyfi til byggingar mannvirkja.

633. Fyrirspurn [423. mál]

til dómsmálaráðherra um skilgreiningu á heimili manna.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hvernig skilgreinir dómsmálaráðuneytið hugtakið „heimili manns“:

a. þegar um lóð með einbýlishúsi og bílskúr er að ræða,
b. þegar um fjölbýlishús er að ræða,
c. þegar um ábúð á jörð er að ræða?

634. Fyrirspurn [424. mál]

til menntamálaráðherra um námsefni í fíknivörnum.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Er menntamálaráðuneytið reiðubúið að styrkja gerð námsefnis í fíknivörnum fyrir 9. og 10. bekk grunnskóla til að fylgja eftir góðum árangri sem náðst hefur í yngri bekkjum með námsefninu „Að ná tökum á tilverunni“?

635. Fyrirspurn [425. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um forvarnir gegn bjórdrykkju.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hvernig hefur verið staðið að átaki í forvörnum sem boðað var í kjölfar lögleiðingar bjórs á Íslandi 1. mars 1989? Hve miklu fé var varið til slíks átaks árin 1989–1993? Hverjir sáu um framkvæmd þessa átaks? Hefur verið lagt mat á árangurinn og ef svo er, hver er hann talinn vera?

636. Frumvarp til laga [426. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Guðni Ágústsson, Jónas Hallgrímsson, Egill Jónsson, Gunnlaugur Stefánsson, Eggert Haukdal, Margrét Frímannsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna, sbr. lög nr. 40/1989, bætast tveir nýir töluliðir svohljóðandi:

16. Höfn í Hornafirði.
17. Þorlákshöfn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa farið fram umræður í sveitarstjórn Ölfushrepps og bæjarstjórn Hafnar í Hornafirði um möguleika þessara byggðarlaga á að þar verði viðurkenndar aðaltollhafnir.

Þrátt fyrir viðræður og bréfaskriftir forsvarsmanna þessara byggðarlaga hafa yfirvöld ekki enn séð sér fært að verða við óskum heimamanna þar að lútandi. Á Suðurlandi er einn staður sem nýtur réttinda aðaltollhafnar, þ.e. Vestmannaeyjar.

Undanfarin missiri hefur mikilvægi Þorlákshafnar aukist sem almennrar vöruhafnar þar sem upp voru teknar fastar áætlunarsiglingar milli meginlands Evrópu, Færeyja og Þorlákshafnar, fyrst í stað á hálfs mánaðar fresti og síðan í nóvember sl. vikulega.

Í tollumdæmi sýslumannsins í Árnessýslu er fjöldi tollafgreiðslna um þessar mundir u.þ.b. 3.000 á ári og eru þau störf framkvæmd meðfram öðrum, en engin tollþjónn er starfandi þrátt fyrir síaukið umfang. Fyrirsjáanleg er enn frekari aukning vegna fastra skipakoma í Þorlákshöfn sem hlýtur að kalla eftir skjótri ákvörðun á breytingu í þessum efnum í umdæminu.

Á Austurlandi er syðsta aðaltollhöfn Eskifjörður og því óravegur og löng sjóleið í hina næstu sem er Vestmannaeyjar.

Fyrir ört vaxandi byggðarlag eins og Höfn í Hornafirði hlýtur það að vera mikið hagsmunamál að öðlast réttindi aðaltollhafnar, enda hafa bæjaryfirvöld fyrir nokkru síðan óskað eftir athugun og breytingum í þessa átt. Sem kunnugt er hefur íbúafjöldi Hafnar í Hornafirði meira en tvöfaldast síðustu tvo áratugi og umsvif atvinnufyrirtækja eflst að sama skapi.

Í umdæmi sýslumannsins á Höfn hefur tollafgreiðslum fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Þar er enginn starfandi tollvörður. Tollmeðferð fer því fram meðfram öðrum störfum á skrifstofu sýslumanns eins og á Selfossi. Þegar skip og bátar koma erlendis frá sinnir lögregla á Höfn tollun. Um báðar þessar hafnir, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn, gilda þær reglur að óska verður heimildar tollgæslustjóra í Reykjavík um tollun skipa inn í landið og frá því.

Þrátt fyrir lipurð þeirra embættismanna tollþjónustunnar sem hlut eiga að er þetta kerfi þungt í vöfum og varla nútímaleg vinnubrögð og óumdeilanlega tafsamt. Af framanrituðu má ljóst vera að tímabært er að breytingar til batnaðar verði framkvæmdar án frekari tafa með því að Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði verði gerðar að aðaltollhöfnum. Með því móti einu mundu þessi byggðarlög og nágrenni þeirra öðlast sama rétt og möguleika á tollmeðferð skipa og á innflutningi og útflutningi enda mun slíkt leiða til einföldunar, aukinnar hagkvæmni, sparnaðar og betra eftirlits í viðkomandi umdæmum.

Fylgiskjal I.

Bréf Hafnarsjóðs til tollstjórans í Reykjavík.

(17. september 1991.)

Umræður hafa verið í bæjarstjórn Hafnar um flokkun Hornafjarðarhafnar sem tollhafnar, hvort óska skuli eftir því að höfninni verði breytt í aðaltollhöfn. Væntanlega þyrfti þá að breyta lögum þar að lútandi (nr. 59/1969).

Eins og yður er kunnugt eru aðaltollhafnir þrjár á Austurlandi: Seyðisfjörður, Eskifjörður og Neskaupstaður, en engin sunnar og vestar fyrr en í Vestmannaeyjum. Forsendur fyrrnefndra laga hafa e.t.v. breyst nokkuð á þeim rúmu tveimur áratugum sem liðnir eru frá gildistöku þeirra og mætti nefna:

Íbúafjöldi hefur tvöfaldast á Höfn á þessum tíma.

Aflaverðmæti (1989) er hið hæsta á Austurlandi á Höfn.

Af leiðir að útflutningur og innflutningur er sennilega orðinn mestur á Austurlandi að frátalinni umferð um Seyðisfjörð v/Norrænu. Þetta er þó óstaðfest.

Áður en frekari skref verða stigin í þessu máli er óskað eftir áliti embættis yðar um kosti þess og galla að skilgreina Höfn sem aðaltollhöfn.

Virðingarfyllst,

Sturlaugur Þorsteinsson, bæjarstjóri.

Fylgiskjal II.

Bréf Ölfushrepps til fjármálaráðuneytis.

(3. maí 1993.)

Um leið og undirritaður vill þakka embætti yðar fyrir fljóta og jákvæða þjónustu vegna tollafgreiðslu fyrir skip Faroe Line í Þorlákshöfn er rétt að upplýsa að þess hefur verið farið á leit við fjármálaráðherra að Þorlákshöfn verði gerð að aðaltollhöfn.

Þangað til að niðurstaða fæst í því máli er óskað eftir að leitað verði allra leiða til að leysa tollafgreiðslumál á sem hagkvæmastan hátt.

Í framhaldi af samtali við yður er þess óskað að þér komið á fundi um þetta mál með hlutaðeigandi svo fljótt sem kostur er.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Hermannsson,
sveitarstjóri Ölfushrepps.

Fylgiskjal III.

Bréf Ölfushrepps til fjármálaráðherra.

(3. maí 1993.)

Undirritaður fyrir hönd Ölfushrepps fer þess á leit við yður að þér beitið yður fyrir því að Þorlákshöfn verði gerð að aðaltollhöfn með aðsetri tollvarðar.

Unnið hefur verið að því á undanförnum árum að koma á reglulegum siglingum milli Þorlákshafnar og Evrópu en Ölfushreppur hefur átt í viðræðum við ýmsa aðila um það mál.

Sú hugmynd er loksins orðin að veruleika, en stefnt er að vikulegum siglingum milli Þorlákshafnar og Evrópu fyrst um sinn þó enn séu óleyst ýmis mál í þessu sambandi, þar á meðal tollafgreiðsla og fleira.

Rétt er að benda á að Þorlákshöfn er eina höfn Suðurlands og því eðlilegt að þar sé aðaltollhöfn.

Óskið þér frekari upplýsinga um þetta mál er undirritaður ávallt reiðubúinn. Með ósk um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Hermannsson,
sveitarstjóri Ölfushrepps.

637. Breytingartillögur [378. mál]

við till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Steingrími Hermannssyni og Kristínu Einarsdóttur.

1. 2. mgr. orðist svo:
   Að treysta byggðina þannig að gæði og auðlindir til lands og sjávar verði nýtt á hagkvæman hátt og leitast við að tryggja viðgang þeirra og að umhverfi sé ekki spillt.
2. Ný málsgrein, sem verði 5. mgr., bætist við, svohljóðandi:
   Að tryggja að sem mestur jöfnuður náist í opinberri þjónustu og verðlagningu á orku, fjarskiptum og öðrum sambærilegum undirstöðuþáttum er varða afkomu fólks um land allt.

638. Svar [366. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Árna R. Árnasonar um löggæslu innan þjóðgarða, fólkvanga og friðlýstra svæða.

1. *Hvernig er hagað löggæslu í þjóðgörðum, fólkvöngum og á friðlýstum svæðum?*
2. *Hvernig er hagað afskiptum af ferðalöngum ef grunur leikur á óheimilum afnotum af neyðarskýlum og neyðarbirgðum, sumarbústöðum eða íbúðarhúsum jarða er falla innan þjóðgarðs, fólkvangs eða friðlýsts svæðis?*
3. *Hvaða sérstaða hefur skapast á þessum svæðum?*
4. *Er reynt að koma ábendingum um þessi mál á framfæri við ferðaskrifstofur og aðra ferðasala ef ætla má að þær vísi ferðalöngum á neyðarskýli eða íbúðarhús, sbr. 2. lið?*

Ráðuneytið sendi út umburðarbréf til allra lögreglustjóra og óskaði eftir svari við fyrirspurninni frá umdæmum þar sem þjóðgörðum, fólkvöngum og friðlýstum svæðum er til að dreifa.

Ráðuneytinu hafa borist svör frá eftirtöldum embættum:

I. Sýslumanninum í Stykkishólmi.
II. Sýslumanninum á Patreksfirði.
III. Sýslumanninum á Ísafirði.
IV. Sýslumanninum á Húsavík.
V. Sýslumanninum á Seyðisfirði.
VI. Sýslumanninum á Höfn.
VII. Sýslumanninum í Vík.
VIII. Sýslumanninum á Hvolsvelli.
IX. Sýslumanninum í Vestmannaeyjum.
X. Sýslumanninum á Selfossi.
XI. Sýslumanninum í Keflavík.
XII. Sýslumanninum í Hafnarfirði.
XIII. Sýslumanninum í Kópavogi.
XIV. Lögreglustjóranum í Reykjavík.

Útdráttur úr svörum embættanna fer hér á eftir og varðandi nánari útlistun vísast til bréfa framangreindra lögreglustjóra.

I. Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.

Á Snæfellsnesi eru friðlýst svæði á vestan- og sunnanverðu nesinu.

1. Á friðlýstum svæðum á Snæfellsnesi er lítil byggð, hins vegar er þar nokkur umferð ferðamanna yfir sumarmánuðina. Löggæsla er því eðlilega mest á þeim tíma og fer eftir því hve mikið er af ferðamönnum hverju sinni.
2. Ekki hefur reynt á þetta atriði.
3. Engin sérstaða hefur skapast.
4. Ekki hefur reynt á þetta atriði.

II. Sýslumaðurinn á Patreksfirði.

1. Löggæslu á friðlýsta svæðinu í Vatnsfirði á Barðaströnd er hagað með sama hætti og á öðrum stöðum í umdæminu.
2. Ef um óheimila notkun er að ræða og upp kemst hver á í hlut er málið rannsakað eins og lög og reglur gera ráð fyrir og síðan sent ríkissaksóknara.
3. Engin svo merkjanlegt sé.
4. Ef í ljós kemur að ferðaskrifstofur eða aðrir ferðasalar vísa viðskiptavinum sínum á staði, sem nefndir eru í 2. lið, er það sérstakt rannsóknarefni og verður meðhöndlað sem slíkt.

III. Sýslumaðurinn á Ísafirði.

Í umdæmi sýslumannsins á Ísafirði er eitt friðlýst svæði, Hornstrandir.

1. Löggæslu í Hornstrandafriðlandi er hagað með þeim hætti að reynt er að fylgjast með ferðafólki og þeim er halda til á Hornströndum, í Sléttuhreppi og þeim hluta Grunnavíkurhrepps sem tilheyrir friðlandinu. Hafi eitthvað komið upp hefur lögregla verið send á vettvang. Slík sérstök tilvik eru fá, eitt frá því í fyrrasumar og annað nokkurra ára gamalt.

Sýslumaður tók upp þann hátt að senda tvo lögreglumenn í sérstaka eftirlitsferð sumarið 1992 og þótti það gefa góða raun. Farnar voru tvær ferðir. Vegna mannfæðar sl. sumar varð því ekki við komið. Einnig hefur tekist hið besta samstarf við Landhelgisgæsluna um eftirlit, m.a. með þyrlu, bæði til eftirlits með hugsanlegri laxveiði í sjó og annars. Farnar voru tvær ferðir sumarið 1992. Varðskip hafa flutt veiðieftirlitsmenn á Hornstrandir að beiðni sýslumanns, þar á meðal síðasta sumar.

2. Ekki hafa borist kærur um misnotkun á neyðarskýlum eða sumarhúsum. Hinn 20. maí 1993 var sýslumaður á ferð um friðlandið ásamt mönnum frá Slysavarnafélagi Íslands sem voru á eftirlitsferð. Hittu þeir þá fyrir hóp erlendra ferðamanna sem reyndist hafa notað björgunarskýli SVFÍ. Var þeim tilkynnt að slíkt væri óheimilt. Síðar kom fararstjóri hópsins til fundar við sýslumann á Ísafirði þar sem farið var nákvæmlega yfir þær reglur er gilda um friðlandið á Hornströndum.

3. Ekki er unnt að segja að skapast hafi „sérstaða" í friðlandinu á Hornströndum. Svo virðist sem alla jafna sé friður á umræddu svæði en oft er margt fólk saman komið í friðlandinu en löggæsla ekki á staðnum. Erfitt er að segja til um ástand á svæðinu þegar margir eru þar saman komnir. Kærur berast aðeins á nokkurra ára fresti. Að vetrarlagi er ástæða til að ætla að einhver umferð vélsleða sé um svæðið. Við núverandi aðstæður er lögreglan ekki í stakk búin til eftirlits með slíkri umferð.

4. Vísað er til svars við 2. lið hér að framan.

IV. Sýslumaðurinn á Húsavík.

Í umdæmi sýslumannsins á Húsavík eru eftirtalin svæði friðlýst með lögum og stjórnvaldsákvörðunum: Jökulsárgljúfur, Vestmannsvatn, Herðubreiðarfriðland, Skútustaðagígar, Askja í Dyngjufjöllum og Laxá og Mývatn.

Löggæsla á þessum svæðum er ekki skipulögð með sérstökum hætti. Til að það megi verða þarf að verja til þess auknum fjármunum. Tekið er fram að við fjárlagagerð undanfarinna ára hefur sýslumaður reglulega vakið máls á því. Í lok greinargerðar sýslumanns kemur fram:

„Svo virðist sem fyrirspyrjandi, Árni R. Árnason alþingismaður, beini sjónum sínum sérstaklega að húsum og búnaði þeirra á friðuðum svæðum. Kæruefni af því tagi hafa ekki borist lögreglunni hér en ekki er ólíklegt að einhver brögð séu að slíku ekki síður hér en annars staðar. Almennt séð tel ég að lögreglan hafi hlutverki að gegna í þessum efnum við umferðareftirlit, eftirlit með umgengnisháttum við náttúruna og manna í millum, eftirlit með mannvirkjum og öðrum eignum, öryggiseftirlit o.s.frv."

V. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.

Í umdæminu eru eftirtalin friðlönd og fólkvangur: Hvannalindir í Krepputungu, Kringilsárrani og Álfaborg í Borgarfjarðarhreppi.

1. Engin sérstök löggæsla er nema sérstakt tilefni gefist til á þessum þremur svæðum. Þó hefur verið flogið yfir Kringilsárrana í eftirlitsferðum með hreindýraveiðum og utanvegarakstri tvisvar sinnum á síðustu þremur árum.

2. Engin neyðarskýli, sumarbústaðir né íbúðarhús jarða falla innan þessara þriggja framgreindu svæða.

3. Engin sérstaða hefur skapast varðandi þessi þrjú svæði.

4. Engum sérstökum upplýsingum er komið á framfæri við ferðaskrifstofur og ferðasala en hins vegar er bæklingum um akstur á vegum, utan vega og umgengni við landið dreift til ferðamanna sem koma til landsins með bílferjunni Norrænu til Seyðisfjarðar.

VI. Sýslumaðurinn á Höfn.

Í umdæminu er þjóðgarðurinn Skaftafell.

1. Löggæsla í Skaftafelli hefur verið með nokkuð mismunandi hætti. Þar voru ráðnir menn úr sveitinni til þess að sjá um löggæslu yfir sumarmánuðina og störfuðu þeir nokkuð náið með landvörðum þjóðgarðsins og þjóðgarðsverði. Síðustu tvö ár hefur löggæslu í þjóðgarðinum verið sinnt af lögreglunni á Höfn. Hvort það verður til frambúðar er ekki hægt að segja um nú en vegalengdin frá Höfn til Skaftafells er um 150 km svo að sjá má að það tekur hátt í tvo tíma að fara þangað til að sinna kalli.

2. Ekki hefur komið til afskipta lögreglu eða embættisins af óheimilum afnotum ferðalanga af neyðarskýlum, neyðarbirgðum, sumarbústöðum eða íbúðarhúsum á friðlýstum svæðum, enda ekki um mörg hús að ræða á slíkum svæðum í umdæminu.

3. Yfirleitt er greið aðkoma að svæðum sem hér um ræðir og er því lítil þörf fyrir ferðamenn að setjast upp í húsum sem þar eru og þar að auki hafa ferðaþjónustuaðilar komið sér upp aðstöðu á helstu stöðunum eins og t.d. við Jökulsárlón og á Skálafellsjökli. Ferðafélag Íslands hefur nýlega reist myndarlegt hús við Kollumúla á Lónsöræfum.

4. Vafalítið yrði reynt að hafa samband við ferðaskrifstofur eða ferðaþjónustuaðila sem vísuðu fólki á neyðarskýli eða íbúðarhús að höfðu samráði við þá aðila sem kynnu að vera eigendur eða umráðamenn slíkra húsa eða landsvæðis sem þau hús eru á.

VII. Sýslumaðurinn í Vík.

Þeir staðir sem eru friðlýstir og eru taldir náttúruminjar eru: Núpsstaðaskógur og Grænalón, Fjaðrárgljúfur, Grenlækur, Steinsmýrarflóð, Eldgjá, Kirkjugólf við Klaustur, Lakagígar, Dyrhólaey, Álftaversgígar, hluti af friðlandi að Fjallabaki, syðri hluti Reynisfjalls og Reynisdrangar, Dyrhólaós, Loftsalahellir, Eyjarhóll, Vatnsdalur og Dverghamrar.

1. Ekki er um sérstaka löggæslu að ræða á friðuðum svæðum heldur er hún eins í öllu umdæminu þar með talin friðuð svæði.

2. Í umdæminu er helst um að ræða skýli inn á hálendinu og hefur aldrei komið til kasta lögreglu vegna óheimilla afnota, enda uppgötvast þau yfirleitt töluvert eftir að þau hafa átt sér stað og kærur því tilgangslitlar.

3. Sérstaða þessara svæða felst einkum í sérstæðri náttúru sem leiðir af sér aukinn ferðamannastraum. Lögreglan reynir að fylgjast með umferð og ástandi friðlýstra svæða á aðalferðamannatímanum eftir því sem tök eru á.

4. Á þetta hefur ekki reynt í umdæminu.

VIII. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.

Í Rangárþingi er að finna nokkur friðlönd og fólkvanga: Þórsmörk, friðland að Fjallabaki, Heklusvæðið, Veiðivötn og Landmannalaugar.

1. Um reglulega löggæslu er einungis að ræða í Þórsmörk. Henni er sinnt yfir ferðamannatímann, júní til ágúst, um helgar. Nánar tiltekið frá síðdegi á föstudegi til sunnudags. Lögreglan fer þó oft frá undir morgun og til miðs dags sé rólegt á svæðinu.

Lögreglan fer eftirlitsferð í Landmannalaugar á aðalferðamannatímanum. Að jafnaði er farin ein ferð í Veiðivötn, svo og norður um að sýslumörkum.

Lítið er um útköll (hjálparbeiðnir) frá ferðamannastöðum á hálendi sem er að þakka hæfum og sjálfbjarga skála- og landvörðum, svo og því að ferðamenn haga sér almennt vel á gistisvæðum og í akstri um hálendið.

Um 2.–4. lið er það að segja að kæru- eða kvörtunarefni varðandi þau atriði er þar um ræðir hafa ekki borist til lögreglu.

IX. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.

Friðlýst svæði í umdæminu er aðeins Surtsey. Þar er engin sérstök löggæsla.

X. Sýslumaðurinn á Selfossi.

Friðlýst svæði í umdæminu eru: Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Geysir í Haukadal, Gullfoss í Hvítá, Herdísarvík í Selvogi, Jörmundur í Lambahrauni og Þjórsárver að hluta.

Lögreglan í Árnessýslu hefur ekki annast sérstaka löggæslu á þessum svæðum nema á Þingvöllum og að nokkru á Geysis- og Gullfosssvæðinu. Engin sérstök vandamál hafa komið upp eða verið vísað til lögreglunnar í Árnessýslu.

Lögreglan á Selfossi sinnir löggæslu á Þingvöllum í nánu samráði við þjóðgarðsvörð. Frá maí til september er haldið uppi löggæslu um helgar, frá föstudagskvöldi til sunnudagskvölds, og aðra daga eftir þörfum. Þegar sérstaklega mikið er umleikis, svo sem um verslunarmannahelgi, eru 2–4 lögreglumenn á Þingvöllum og hafa þá gæslu allan sólarhringinn frá því síðdegis á föstudegi og til mánudagskvölds.

Að sumarlagi eru farnar eftirlitsferðir til Þingvalla eftir ástæðum í miðri viku, sérstaklega á kvöldin. Einnig er ætíð farið í eftirlitsferð þegar von er á háttsettum útlendingum, og fer þá annar hvor eða báðir yfirlögregluþjónarnir. Samvinna við þjóðgarðsverði hefur verið mjög góð og verið farið að óskum þeirra eftir því sem tök hafa verið á.

Það sama má segja um Gullfoss og Geysi og Þingvelli að þegar von er á háttsettum erlendum gestum eru lögreglumenn ætíð á þessu svæði.

XI. Sýslumaðurinn í Keflavík.

Undir sýslumanninn í Keflavík heyrir Reykjanesfólkvangur.

Engin skipuleg löggæsla fer þar fram og engin þörf á því að mati sýslumanns. Svæðinu er sinnt eftir því sem tilvik gefa tilefni til.

XII. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.

Í umdæminu eru eftirtalin friðlýst svæði: Fólkvangur á Reykjanesskaganum, að honum eiga hlut níu sveitarfélög, og Ástjörn og næsta nágrenni við hana.

Gæsla í fólkvanginum er aðallega í höndum fólksvangsvarðar sem ráðinn var 1981. Hann sinnir þessu verkefni fjóra mánuði á ári og fer þá reglulegar ferðir hálfsmánaðarlega á tímabilinu. Á svæðinu er aðeins eitt neyðarskýli um 100 metrum sunnan Bláfjallavegar/Selvogsgötu. Þar hefur engu verið raskað eða skemmdir unnar á skýlinu eða búnaði. Á svæðinu munu auk þess vera um 10–12 skýli og hús en þau eru öll í einkaeigu. Kirkja er í Krýsuvík og er um hún í umsjá Þjóðminjasafnsins.

Engin skipulögð löggæsla er á svæðinu við Ástjörn en hún fellur saman við löggæslu í Hafnarfirði.

XIII. Sýslumaðurinn í Kópavogi.

Í umdæmi sýslumannsins í Kópavogi eru eftirtalin svæði: Skíðasvæðið í Bláfjöllum er að meginhluta í umdæminu og Heiðmerkursvæðið að litlum hluta.

Engin föst löggæsla er á þessum svæðum frá lögreglunni í Kópavogi. Útköll þar sem beðið er um aðstoð lögreglu eru fá. Í einhverjum tilvikum er útköllum beint til lögreglunnar í Reykjavík.

XIV. Lögreglustjórinn í Reykjavík.

Á yfirráðasvæði lögreglustjórans í Reykjavík eru eftirtaldir fólkvangar og friðlýst svæði: Í Bláfjöllum, Rauðhólar, Varmárósar, við Gróttu, Háubakkar við Elliðaárvog, Tröllabörn í Lækjarbotnum, Laugarás í Reykjavík og Eldborg í Bláfjöllum.

Á þessum svæðum er ekki um neyðarskýli að ræða nema ef flokka mætti mannvirki í Bláfjöllum sem slík.

Um brot á umgengnisreglum á þessum svæðum er það að segja að vitað er um nokkra röskun á landi í Laugarásnum, aðallega töku á grjóti. Þá er nokkuð gengið og ekið utan merktra slóða. Þetta virðist þó fara batnandi í seinni tíð.

Um löggæslu á þessum svæðum er það að segja að oftast er um venjulegt eftirlit að ræða. Á stöðum eins og í Bláfjöllum þar sem fjöldi fólks safnast saman til útiveru yfir vetrarmánuðina er aukið við löggæslu eins og kostur er og mannafli leyfir þegar svo háttar.

Af upplýsingum framangreindra lögregluembætta, er sendu ráðuneytinu svör við fyrirspurn Árna R. Árnasonar alþingismanns, má ráða að ekki sé um reglubundið lögreglueftirlit að ræða í umræddum þjóðgörðum, fólkvöngum og friðlýstum svæðum heldur sé reynt að meta þörfina á hverjum stað. Ákvörðun ræðst þá oft af mannafla viðkomandi lögregluliðs, starfsönnum og fjárveitingum til reksturs embættisins.

639. Frumvarp til laga [427. mál]

um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Í hlutafélagi skal vera hlutafé sem skipt er í tvo eða fleiri hluti. Hlutaféð skal minnst vera fjórar milljónir króna. Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evrópskra mynteininga (ecu). Fjárhæðin skal þó jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Breyting á fjárhæðinni skal að jafnaði öðlast gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:
Á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum hlutafélaga og útibúa þeirra skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina hugsanlega skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandi sínu. Ef heiti hlutafélags eða útibús er notað skal bæta við upplýsingum um gjaldþrotaskipti eða félagsslitameðferð ef um slíkt er að ræða.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í 1. og 3. mgr. falla niður orðin „í öðru hlutafélagi“ en í staðinn kemur: í öðru hlutafélagi eða eignarhlutafélagi.
b. Í 2. mgr. falla niður orðin „í öðru félagi“ en í staðinn kemur: í öðru hlutafélagi eða eignarhlutafélagi.
c. 4. mgr. orðast svo:
Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Stofnendur hlutafélags skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning (stofnskrá).
b. 2. mgr. orðast svo:
Stofnendur hlutafélags skulu vera tveir hið fæsta. Meiri hluti stofnenda skal hafa heimilisfesti hér á landi, eða helmingur sé tala stofnenda jöfn, nema ráðherra veiti undanþágu þar frá. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.
c. Við 3. mgr. bætast nýir málsliðir er verða 2.–4. málsl. og orðast svo: Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum þessarar málsgreinar. Fyrrgreind félög og stofnanir, sem eru heimilisföst í EES-ríki, geta þó verið stofnendur án undanþágu. Sanna þarf heimilisfesti í slíkum tilvikum.
d. 4. mgr. orðast svo:
Stofnandi má hvorki hafa farið fram á greiðslustöðvun né bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum. Ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Í stofnsamningi skal ávallt greina:

1. Nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda.
2. Hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut.
3. Fresti til áskriftar fyrir hlut og til greiðslu hlutafjár.
4. Innan hvaða tíma stofnfund skuli halda, svo og hvernig til hans skuli boðað, nema það leiði af ákvæðum 9. gr. að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.
5. Ef hlutafélagið skal bera kostnað af stofnun og, ef svo er, áætlaðan kostnað.

Í fyrstu ársskýrslu skal tilgreina raunverulegan kostnað við stofnunina, sbr. 5. tölul. 1. mgr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 3. tölul. 1. mgr. fellur niður.
b. 4. tölul. verður 3. tölul.
c. A-liður 2. mgr. fellur niður en 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Í því sambandi skal m.a. greina nöfn, kennitölu og heimilisföng þeirra aðila er hér um ræðir.
d. B-liður 2. mgr. fellur niður.
e. C-liður 2. mgr. fellur niður.
f. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
   Greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé skal hafa fjárhagslegt gildi. Greiðslan má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu. Kröfur á hendur stofnendum eða þeim sem hafa skráð sig fyrir hlutum geta ekki talist greiðsla jafnvel þótt veðtryggðar séu.
g. 3. mgr. fellur niður.
h. Í stað orðanna „Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja“ í upphafi 4. mgr. kemur: Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja og önnur atriði.

6. gr.

Á eftir 5. gr. laganna bætist við ný grein, 5. gr. a, er orðast svo:

Eigi hlutafélag að taka við verðmætum skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. frá stofnendum eða öðrum skal sérfræðiskýrsla fylgja stofnsamningi. Skýrslan skal geyma:

1. Lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við.
2. Upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið.
3. Tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við.
4. Yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs. Endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.

Ef hlutafélag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri skal við undirritun stofnsamnings liggja frammi efnahags- og rekstrarreikningur þess fyrirtækis tvö síðustu reikningsár eða frá stofnun þess ef það er síðar. Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagur fyrirtækis þess sem félagið yfirtekur hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun hlutafélagsins. Teljast reikningar þessir hluti sérfræðiskýrslunnar og skulu þeir gerðir í samræmi við lagaákvæði um ársreikninga.

Skýrslan skal gerð rétt fyrir stofnfund.

7. gr.

Á eftir 5. gr. a bætist við ný grein, 5. gr. b, er orðast svo:

Sérfræðiskýrslan skal unnin af einum eða fleiri óháðum, sérfróðum mönnum, annaðhvort löggiltum endurskoðendum eða lögmönnum ellegar öðrum sérfróðum mönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lagaákvæði um löggilta endurskoðendur gilda um sérfræðinga þá er skýrsluna semja eftir því sem við á.

Sérfræðingarnir hafa rétt til að framkvæma þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar og geta krafist þeirra upplýsinga og aðstoðar af stofnendum eða félaginu sem þeir telja þörf á til að geta rækt starf sitt.

8. gr.

Á eftir 5. gr. b bætist við ný grein, 5. gr. c, er orðast svo:

Nú aflar félagið annarra fjárhagsverðmæta en þeirra sem greinir í 5. gr. a frá stofnanda eða hluthafa og þarf þá samþykki hluthafafundar ef:

1. Öflun verðmætanna fer fram á tímabilinu frá stofnsamningsdegi þar til liðið er eitt ár frá skráningu félagsins.
2. Endurgjaldið nemur a.m.k. 1/10 hlutafjárins.

Til afnota fyrir hluthafafund skal útbúin sérfræðiskýrsla í samræmi við ákvæði 5. gr. a.

Stjórnin skal einnig láta taka saman skriflega greinargerð um öflun verðmætanna.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um öflun verðmæta sem lið í venjulegum viðskiptaráðstöfunum félagsins, öflun þeirra á verðbréfaþingi ellegar öflun þeirra fyrir tilstilli eða undir eftirliti handhafa framkvæmdarvalds eða dómsvalds.

Greinargerðina um öflun verðmætanna og sérfræðiskýrsluna skal leggja fram og senda hluthöfum samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 71. gr. Skjölin skal einnig leggja fram á hluthafafundinum.

Eigi síðar en einum mánuði eftir að hluthafafundurinn hefur samþykkt öflun verðmætanna skal senda hlutafélagaskrá sérfræðiskýrsluna með áritun fundarstjóra á hluthafafundinum um það hvenær ráðstöfunin var samþykkt.

9. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður er verður 13. tölul. og orðast svo:

13. Ákvæði um fjölda framkvæmdastjóra séu þeir fleiri en þrír.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. orðast svo: Gögn þau sem um ræðir í 5. gr. a skulu einnig fylgja áskriftarskrá.
b. Í stað „ráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. standi: hlutafélagaskrá.

11. gr.

Í stað orðanna „sem um ræðir í stofnsamningi“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: sem fylgja stofnsamningi.

12. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í 1. mgr. standi: er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum, í staðinn fyrir „er séu jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum eins og þeir eru hæstir þar sem félagið á heimili".
b. Í 3. málsl. 2. mgr. standi: beinni aðfarargerð án undangengins dóms eða sáttar, í staðinn fyrir „aðfarargerð án undangengins dóms eða sáttar".

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Hluti, sem aðili hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags, skal greiða að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá því að félagið var skráð.
b. Í stað „ráðherra" í 2. og 3. málsl. kemur: hlutafélagaskrá.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Við hækkun hlutafjár skulu hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi einu ári eftir að hækkunin hefur verið tilkynnt til hlutafélagaskrár.
b. Í 2. og 3. málsl. standi: hlutafélagaskrá, í stað „ráðherra".

16. gr.

Í lok 1. mgr. 17. gr. laganna standi: 115. gr., í staðinn fyrir „114. gr.".

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í 2. málsl. standi: hluti, í staðinn fyrir „hlutabréf".
b. Í 3. málsl. standi: almenna hluti, í staðinn fyrir „almenn hlutabréf", milli aðila, í staðinn fyrir „milli íslenskra aðila", og 100 eða fleiri, í staðinn fyrir „200 eða fleiri".

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í 1. málsl. 1. mgr. koma orðin: eigendaskipti að hlut, í staðinn fyrir „eigendaskipti að hlutabréfi".
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta er það ógilt ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina eða skilmálar eru bersýnilega ósanngjarnir að öðru leyti.

19. gr.

20. gr. a laganna orðast svo:

Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum tilkynningu með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar eftir því sem við á þar sem þeir eru hvattir til að framselja hluthafanum hluti sína innan fjögurra vikna.

Skilmála fyrir innlausn og matsgrundvöll innlausnarverðs skal greina í tilkynningunni. Ef ekki næst samkomulag um verðið skal enn fremur tilgreina að það verði ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins. Ákvæði 4. mgr. 19. gr. gilda. Loks skal í tilkynningunni gefa upplýsingar um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Ef ákvörðun matsmanna leiðir til hærra innlausnarverðs en hluthafinn bauð gildir það einnig fyrir þá hluthafa í sama flokki sem hafa ekki beðið um mat. Kostnað við ákvörðun verðsins greiðir hluthafinn nema dómstóll telji vegna sérstakra ástæðna að viðkomandi minni hluti hluthafa skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.

20. gr.

20. gr. b laganna orðast svo:

Sé hlutur ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 20. gr. a skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst hluthafinn réttur eigandi hlutar og hlutabréf ógild. Setja má nánari ákvæði hér um í samþykktum.

21. gr.

20. gr. c laganna orðast svo:

Ef hluthafi á meira en 1/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá hluthafanum. Ákvæði 4. mgr. 19. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 20. gr. a gilda eftir því sem við á.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 1. tölul. 3. mgr. orðast svo:
   1. Nafn, kennitölu og heimilisfang félags.
b. Í 4. mgr. bætist við nýr töluliður, 5. tölul., er orðast svo:
   5. Heimild til að ógilda hlutabréf án dóms.
c. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Nöfn má rita með vélrænum hætti.
d. Á eftir 6. mgr. bætist við ný málsgrein, 7. mgr., er orðast svo:
   Í hlutabréfunum skal vera fyrirvari um að eftir útgáfu bréfanna megi taka ákvarðanir um atriði sem greinir í 3.–5. mgr. og breyta réttarstöðu hluthafans. Verði slíkar breytingar gerðar skal stjórn félags, eftir því sem unnt er, sjá um að áritun um breytingarnar verði færð á hlutabréfin eða skipt verði á þeim og nýjum hlutabréfum.
e. Á eftir 7. mgr. kemur síðan ný málsgrein er verður 8. mgr. og orðast svo:
   Glatist hlutabréf, sem gefið hefur verið út, getur stjórn félags stefnt handhafa þess til sín með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal tvisvar í Lögbirtingablaði. Gefi enginn sig fram áður en fresturinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt hlutabréfinu. Skal stjórn félagsins þá að ósk upphaflegs eiganda bréfsins gefa út nýtt bréf honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila. Skal nýja bréfið vera með sömu skilmálum og hið fyrra. Gefi réttur eigandi sig fram síðar skal ágreiningur úrskurðaður með dómi. Sömu reglur og um hlutabréf gilda um bráðabirgðaskírteini og áskriftarvottorð eftir því sem við á.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar hlutafélag hefur verið stofnað skal stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi eða tölvuskrá hana.

b. Í 2. mgr. koma í stað orðanna „nafn eiganda, heimilisfang og nafnnúmer, kennitölu eða skráningarnúmer“ orðin: nafn eiganda, kennitölu og heimilisfang.

c. 5. mgr. orðast svo:

Verði eigendaskipti að hlut og ákvæði 19. og 20. gr. eru þeim ekki til fyrirstöðu skal nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána þegar hann eða löglegur umboðsmaður hans tilkynnir eigendaskiptin og færir sönnur á þau. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags.

24. gr.

Í 1. málsl. 25. gr. laganna standi: hlut, í staðinn fyrir „hlutabréf“.

25. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Hækkun hlutafjár og áskriftarréttindi.**

26. gr.

2. málsl. 3. mgr. 27. gr. laganna orðast svo: Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa skal gera grein fyrir ástæðum, svo og rökstyðja tillögur um áskriftargengi.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í 2. málsl. 1. mgr. koma orðin: hlutabréf milli aðila, í staðinn fyrir „hlutabréf milli íslenskra aðila“, svo og öðrum aðilum, í staðinn fyrir „öðrum íslenskum aðilum“.

b. 2. mgr. fellur niður.

c. 3. mgr. verður 2. mgr. og orðast svo:

Ef um er að ræða fleiri en einn hlutaflokk þar sem atkvæðisréttur ellegar réttur til arðs eða úthlutunar af eignum félagsins er breytilegur er unnt í samþykktum félagsins að veita hluthöfum í þessum flokkum forgangsrétt til að skrá sig fyrir hlutum í sínum eigin flokkum. Í slíkum tilvikum geta hluthafar í öðrum flokkum fyrst nýtt sér forgangsrétt til áskriftar skv. 1. mgr. að þeim hluthöfum frágengnum er þar greinir frá.

d. 4. mgr. verður 3. mgr.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo:

4. Frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn eigi vera skemmri en tvær vikur frá tilkynningu til hluthafa um ákvörðun um hækkun hlutafjár, sbr. 2. mgr. 32. gr.

b. Í 6. tölul. 1. mgr. standi: gengi, í staðinn fyrir „útboðsgengi“.

c. Í lok 1. mgr. kemur nýr töluliður er verður 7. tölul. og orðast svo:

7. Áætlaðan kostnað félagsins vegna hækkunar hlutafjárins.

d. Ný málsgrein bætist við er verður 4. mgr. og orðast svo:
Í næstu ársskýrslu skal tilgreina raunverulegan kostnað við hlutafjárhækkunina, sbr. 7. tölul. 1. mgr.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ákvæði 5. gr. og 5. gr. a–c skulu gilda um þetta eftir því sem við á.
b. 2. mgr. orðast svo:
Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um hlutafjárhækkun sem á sér stað við samruna hlutafélaga skv. XV. kafla.

30. gr.

Í 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: gengi, í staðinn fyrir „útboðsgengi“.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Í 2. mgr. falla niður orðin „að viðbættum minnst fjórðungi þess sem greiða á umfram nafnverð“, en í staðinn kemur: að viðbættu því sem greiða á umfram nafnverð.
b. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Ef áskrift hluta er gerð á grundvelli verðbréfa sem gefa rétt til áskriftar að hlutum (áskriftarréttindi), frestur til áskriftarinnar samkvæmt áskriftarskrá er lengri en eitt ár, áskrift hefur fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárhækkunarinnar og minnst fjórðungur hennar verið greiddur, að viðbættu því sem greiða á umfram nafnverð, skal félagsstjórn innan mánaðar frá lokum hvers reikningsárs tilkynna hlutafélagaskrá hversu mikil hlutafjárhækkun hefur farið fram á árinu. Ef tilkynning hefur ekki verið gerð innan mánaðar frá lokum áskriftarfrests eða skráningar er synjað eiga reglur 1. mgr. við eftir því sem við á. Stjórnin getur gert nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins vegna hlutafjárhækkunarinnar. Þegar skráning hefur farið fram telst hlutaféð hækkað sem samsvarar innborguðu hlutafé.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í 3. mgr. standi: gengi, í staðinn fyrir „útboðsgengi“.
b. Í 3. mgr. fellur niður „sbr. 4.–6. tölul. 1. mgr. 30. gr.“, en í staðinn kemur: sbr. 4.–7. tölul. 1. mgr. og 4. mgr. 30. gr.

33. gr.

Í 38. gr. laganna koma í stað orðanna „getur stjórnin selt bréfin á kaupþingi eða opinberu uppboði“: getur stjórnin selt bréfin á kaupþingi eða fyrir milligöngu annars aðila sem að lögum er heimilt að versla með slík bréf.

34. gr.

Á eftir 38. gr. laganna bætist við ný grein, 38. gr. a, er orðast svo:

Hluthafafundur getur ákveðið útgáfu áskriftarréttinda enda ákveði hann samtímis í samræmi við 27.–31. gr. nauðsynlega hlutafjárhækkun.

Í ákvörðun hluthafafundar skal setja nánari skilyrði fyrir útgáfu áskriftarréttindanna, m.a. ákveða hámark þeirrar hlutafjárhækkunar sem skrifa má sig fyrir á grundvelli áskriftarréttindanna og í hvaða hlutaflokki nýju hlutirnir skuli vera. Enn fremur skal tekið fram í ákvörðun hluthafafundarins hvernig háttað sé nýtingu áskriftarréttindanna og hver staða rétthafa sé ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út breytanleg skuldabréf eða ný áskriftarréttindi eða félagsslit verða, þar á meðal með samruna eða skiptingu, áður en unnt er að neyta áskriftarréttarins. Að því er varðar ákvörðun um útgáfu áskriftarréttinda og rétt til áskriftar að þeim gilda ákvæði 27. og 28. gr., fyrri hluti 3. tölul. og 4.–7. tölul. 1. mgr., svo og 4. mgr., 30. gr., auk 32. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun hluthafafundar skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til áskriftar að hlutafjárhækkun er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

35. gr.

Á eftir 38. gr. a laganna kemur ný grein, 38. gr. b, er orðast svo:

Hluthafafundur getur heimilað félagsstjórn að ákveða útgáfu áskriftarréttinda enda ákveði hann samtímis í samræmi við 35. gr. að heimila félagsstjórn að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun. Heimild má veita einu sinni eða oftar, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn, og má fjárhæðin eigi vera hærri en nemur helmingi hlutafjár á ákvörðunardegi. Heimildina skal taka upp í samþykktir félagsins.

Í samþykktunum skal greina lokadag tímabilsins skv. 1. mgr., hámark hlutafjárhækkunar á grundvelli áskriftarréttindanna og þann hlutaflokk sem hinu nýju hlutir skulu tilheyra. Þar eð ákvæði 28. gr. gilda eftir því sem við á skal enn fremur greina frá ákvörðun hluthafafundar um hugsanleg frávik frá rétti eldri hluthafa til að skrifa sig fyrir áskriftarréttindum.

Ef félagsstjórn notar heimild sína skal hún setja nánari skilyrði fyrir útgáfu áskriftarréttinda, m.a. ákveða hámark hlutafjárhækkunar á grundvelli áskriftarréttindanna og í hvaða hlutaflokki nýju hlutirnir skuli vera. Að því er varðar ákvörðun félagsstjórnar um útgáfu áskriftarréttinda gilda ákvæði 4.–7. tölul. 1. mgr., svo og 4. mgr., 30. gr., 32. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 38. gr. a eftir því sem við á.

Ákvörðun félagsstjórnar skal taka upp í samþykktir félags. Getur stjórnin gert þær breytingar á samþykktunum sem nauðsynlegar eru skv. 3. mgr.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur niður.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út ný breytanleg skuldabréf eða áskriftarréttindi eða félagi er slitið, þar á meðal með samruna eða skiptingu, áður en kröfunni er breytt í hluti.
c. Í 3. málsl. 2. mgr. falla niður orðin „og 31. gr.“, en í staðinn kemur: og 31.–32. gr.
d. 2. málsl. 3. mgr. fellur niður en í staðinn kemur 2.–3. málsl. er orðast svo: Samþykkt hluthafafundar skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til lántöku er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

37. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein er verður 39. gr. a og orðast svo:

Hluthafafundur getur heimilað félagsstjórn að taka skuldabréfalán er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlut í því enda ákveði hann samtímis í samræmi við 35. gr. að heimila félagsstjórn að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun. Heimild má veita einu sinni eða oftar, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn, og má fjárhæðin eigi vera hærri en nemur helmingi hlutafjár á ákvörðunardegi. Heimildina skal taka upp í samþykktir félagins.

Í samþykktum skal greina lokadag tímabilsins skv. 1. mgr., hámarksfjárhæð lánsins og með hliðsjón af beitingu 30. gr. eftir því sem við á hugsanleg frávik frá forgangsrétti fyrri hluthafa til áskriftar vegna lánsins. Sé unnt að greiða lán með öðrum hætti en í reiðufé skal taka það fram í samþykktunum.

Um samþykkt félagsstjórnar til töku lánsins gilda ákvæði 1.–5. tölul. 1. mgr., svo og 2.–3. mgr. 30. gr., 31.–32. gr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 39. gr., eftir því sem við á.

Ákvörðun félagsstjórnar skal taka upp í samþykktir félagsins og getur stjórnin breytt þeim.

Um breytingu skuldabréfs í hluti gildir 4. mgr. 39. gr. eftir því sem við á.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

a. Í 1. mgr. fellur niður „39. gr.“, en í staðinn kemur: 39. gr. og 39. gr. a.
b. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þegar tilkynning um breytinguna hefur verið skráð telst hlutaféð hækkað um fjárhæð er nemur samanlögðu nafnverði þessara hluta.

39. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Heimild til handa félagsstjórn má veita einu sinni eða oftar, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn.

40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Í 1. málsl. standi: eftir reglum 45. gr., í staðinn fyrir „eftir reglum 16. og 45. gr.“.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Í fundarboði skal m.a. greina frá ástæðum til lækkunarinnar og hvernig hún á að fara fram.
c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ákvæði 2. mgr. 27. gr. gilda, eftir því sem við á, um ákvarðanir varðandi lækkun hlutafjár.
d. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Ef ekki er tilkynnt á réttum tíma, sbr. 1. mgr. 147. gr., fellur ákvörðunin úr gildi.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. Í 3. málsl. 1. mgr. standi: Hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „Ráðherra“.
b. 2. mgr. orðast svo:

Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er hlutafélagaskrá heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 1. mgr. ef ljóst þykir að kröfuhafar félagsins bíði ekki af því tjón.

42. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Í samþykktir félags má taka ákvæði um lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum. Slíka lækkun getur félagsstjórn framkvæmt að því er snertir hluti sem áskrift hefur fengist að eftir að ákvæðin um lækkun voru tekin í samþykktirnar. Stjórnin getur samþykkt nauðsynlegar breytingar á samþykktunum af þessu tilefni.

Að lokinni hlutafjárlækkun skal vera fyrir hendi fjármagn er svari a.m.k. til hlutafjárins og þess fjár er lagt hefur verið í lögmælta varasjóði.

Lækkun hlutafjár getur átt sér stað án innköllunar skv. 44. gr. ef:

1. Lækkunin á sér stað með ógildingu hluta sem eru að fullu greiddir.
2. Hlutanna hefur verið aflað án greiðslu eða með greiðslu sem nemur eigi hærri fjárhæð en svo að ráðstafa megi henni sem arði.
3. Fjárhæð, sem svarar til nafnverðs ógiltra hluta, er lögð í sérstakan varasjóð.

Ákvæði 5. mgr. 42. gr. og 3.–4. mgr. 44. gr. gilda um þessa innlausn hluta eftir því sem við á.

43. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla laganna verður: **Eigin hlutir** og 46. gr. þeirra orðast svo:

Hlutafélag má ekki gegn endurgjaldi eignast eigin hluti með kaupum eða fá þá að veði ef nafnverð samanlagðra hluta, sem félagið og dótturfélög þess eiga í félaginu, er meira en eða mun verða meira en 10% af hlutafénu. Með skal telja hluti sem þriðji aðili hefur eignast í eigin nafni en fyrir reikning félagsins.

Hluti getur félag aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimildin verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en átján mánaða.

Í heimildinni skal greina hámark hluta á nafnverði sem félagið má eignast og lægstu og hæstu fjárhæð sem félagið má reiða fram sem endurgjald fyrir hlutina.

Félagið getur aðeins eignast hluti svo framarlega sem eigið fé þess fer fram úr þeirri fjárhæð sem óheimilt er að ráðstafa til úthlutunar á arði. Þegar eigin hlutir hafa verið dregnir frá eftir að félagið hefur eignast hluti má hlutaféð ekki nema lægri fjárhæð en fjórum milljónum króna.

Aðeins má afla þeirra hluta sem eru að fullu greiddir.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda eftir því sem við á þegar dótturfélag eignast eða tekur að veði hluti í móðurfélagi gegn endurgjaldi.

44. gr.

46. gr. a laganna orðast svo:

Hlutafélag getur eignast eigin hluti skv. 46. gr. án heimildar hluthafafundar ef slíkt reynist nauðsynlegt til að afstýra verulegu og yfirvofandi tjóni hjá félaginu.

Í slíku tilviki skal stjórn greina næsta hluthafafundi frá:

1. Ástæðunum fyrir og markmiðum með öflun hlutanna.
2. Fjölda og nafnverði þeirra hluta sem félagið eignaðist.
3. Hlutfalli hlutanna af hlutafénu.
4. Endurgjaldi fyrir hlutina sem félagið eignaðist.

45. gr.

46. gr. b laganna orðast svo:

Ákvæði 46. gr. standa því ekki í vegi að hlutafélag geti eignast eigin hluti:
1. Sem þátt í að lækka hlutafé skv. VII. kafla.
2. Á grundvelli lagaskyldu eða dómsúrskurðar til að vernda minni hluta hluthafa.
3. Til að uppfylla lögmælta innlausnarskyldu sem hvílir á félaginu.
4. Við kaup á nauðungarsölu á hlutum, sem eru að fullu greiddir, til að fullnægja kröfu sem félagið á.

46. gr.

46. gr. c laganna orðast svo:

Hlutafélag má því aðeins eignast eigin hluti án endurgjalds að þeir séu að fullu greiddir.

Ákvæði 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, um hluti sem dótturfélag eignast án endurgjalds í móðurfélaginu.

47. gr.

46. gr. d laganna orðast svo:

Hluti, sem félag hefur eignast í samræmi við reglur 2.–4. tölul. 46. gr. b eða 46. gr. c, skal það láta af hendi þegar unnt er að gera það án tjóns fyrir félagið og í síðasta lagi þremur árum eftir öflun þeirra nema samanlagt nafnverð félagsins og dótturfélaga þess á hlutum í félaginu fari ekki yfir 10% af hlutafénu.

48. gr.

46. gr. e laganna orðast svo:

Hluti, sem félag hefur eignast andstætt ákvæðum 46. gr.–46. gr. c, skal það láta af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að það eignaðist þá. Hafi félagið með sama hætti tekið hlutina að veði skal veðsetningunni aflétt innan loka sama frests.

49. gr.

46. gr. f laganna orðast svo:

Ef hlutir eru ekki látnir af hendi á réttum tíma skv. 46. gr. d og e ber stjórninni að hlutast til um að lækka hlutaféð sem nemur nafnverði þessara hluta, sbr. VII. kafla.

50. gr.

46. gr. g laganna orðast svo:

Hlutafélag má ekki skrá sig fyrir eigin hlutum.

Hlutir, sem þriðji aðili hefur skráð sig fyrir í eigin nafni en fyrir reikning félagsins, teljast skráðir fyrir reikning áskriftaraðilans.

Þar sem áskrift er andstæð 1. mgr. teljast stofnendur hafa skráð sig fyrir hlutum fyrir eigin reikning og skulu þeir bera óskipta ábyrgð á kaupverðinu. Sama á við um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra þegar um hækkun hlutafjár er að ræða. Ákvæði 1. og 2. málsl. gilda þó ekki um stofnendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra sem sýna fram á þeir hafi hvorki vitað né mátt vita að áskriftin að hlutunum var ólögleg.

Ákvæði 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, um áskrift dótturfélags að hlutum í móðurfélaginu. Stjórn og framkvæmdastjórar dótturfélagsins teljast hafa skráð sig fyrir umræddum hlutum á sama hátt og greinir í 3. mgr.

51. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðist svo:

Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn.

b. Í 2. mgr. bætist við nýr málsliður er verður 4. málsl. og orðast svo: Þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, skulu allir kosnir á sama fundi.

c. Í stað 3. mgr. koma tvær málsgreinar er verða 3. og 4. mgr. og orðast svo:

Stjórnendur skulu kosnir meirihlutakosningu, hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu. Ýmist má bjóða fram einstaklinga eða lista með nöfnum allt að jafnmargra manna og kjósa skal. Líta skal á einstaklingsframboð sem lista með einum manni. Sé ekki annað tekið fram í félagssamþykktum og komi ekki fram krafa um annað, sbr. 5. mgr., skal kosið meirihlutakosningu. Framboð og kosningu skal endurtaka ef þörf krefur þar til nægilega margir stjórnarmenn og varamenn hafa verið kjörnir.

Við meirihlutakosningu hlýtur sá listi, sem fær flest atkvæði, alla sína menn kjörna. Við hlutfallskosningu skal deila atkvæðamagni framboðslista með heiltölunum 1, 2, 3 o.s.frv. jafnoft og nemur tölu manna á hverjum lista. Kjör í stjórnarsæti fer síðan eftir röð stærstu deilda. Í margfeldiskosningu er gildi hvers atkvæðis margfaldað með tölu þeirra manna sem kjósa á. Hluthafi má síðan verja atkvæðamagni sínu hvernig sem hann vill, á einn eða fleiri framboðslista. Kjör í stjórnarsæti fer síðan fram eins og við hlutfallskosningu á grundvelli heildaratkvæðamagns hvers lista.

d. Í 2. málsl. 4. mgr., sem verður 5. mgr., falla niður orðin „200 eða fleiri“, en í staðinn kemur: 100 eða fleiri. Jafnframt breytist röð eftirfarandi málsgreina.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Í lok 1. mgr. bætist við nýr málsliður er verður 4. málsl. og orðast svo: Gæta verður þó ákvæða 3.–5. mgr. 47. gr. ef hlutfalls- eða margfeldiskosning hefur farið fram þannig að til brottvikningar þurfi meira en ¾ atkvæða í þriggja manna stjórn, meira en ⅘ í fjögurra manna stjórn, meira en ⅚ í fimm manna stjórn, meira en ⅙ í sex manna stjórn, meira en ⅞ í sjö manna stjórn, meira en ⅞ í átta manna stjórn, meira en ⁹⁄₁₀ í níu manna stjórn o.s.frv.

b. Í lok 1. málsl. 2. mgr. standi í staðinn fyrir „efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtíma hins fyrri“: efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtíma hins fyrri, eða óska eftir tilnefningu.

c. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Verði félag án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

53. gr.

49. gr. laganna orðast svo:

Stjórn skal ráða einn til þrjá framkvæmdastjóra nema kveðið sé á um fleiri framkvæmdastjóra í samþykktum félags.

Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu.

54. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega eigi hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Hafi viðkomandi verið stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í hlutafélögum eða eignarhlutafélögum á tímabilinu þremur mánuðum fyrir frestdag eða síðar og gjaldþrotaúrskurður hefur oftar en einu sinni verið kveðinn upp í slíkum félögum á síðustu þremur árum má viðkomandi ekki verða stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri í hlutafélagi í sams konar eða svipuðum rekstri fyrr en liðin eru minnst þrjú ár frá uppkvaðningu síðasta gjaldþrotaúrskurðar. Hlutafélagaskrá getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi nema ráðherra veiti undanþágu frá því. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í félaginu og félögum innan sömu samstæðu. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup og sölu sína á slíkum hlutum.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki stunda eða taka þátt í spákaupmennsku með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.

56. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Félagsstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins.

b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

57. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Móðurfélag skal gefa stjórn dótturfélags upplýsingar um mál sem varða samstæðuna sem heild. Enn fremur skal tilkynna stjórn dótturfélags fyrirhugaðar ákvarðanir sem skipta dótturfélagið máli áður en endanleg ákvarðanataka fer fram.

58. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Þó skal gæta ákvæða 3.–5. mgr. 47. gr. um hlutfalls- og margfeldiskosningu. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því.

b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra.

c. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar.

59. gr.

Í 2. málsl. 1. mgr. 55. gr. laganna standi: Ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur, í staðinn fyrir „Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess, að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur.“

60. gr.

61. gr. laganna orðast svo:

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 58.–59. gr. gerir löggerning fyrir hönd þess bindur sá gerningur félagið nema:

1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í lögum þessum,
2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt og viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn enda yrði ekki talið ósanngjarnt að viðsemjandinn héldi fram rétti sínum.

Birting tilkynningar skv. 1. mgr. 149. gr. um tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess telst ein og sér ekki nægileg sönnun þess að viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn skv. 2. tölul. 1. mgr. greinar þessarar.

61. gr.

Á eftir 61. gr. laganna kemur ný grein er verður 61. gr. a og orðast svo:

Eftir að kjör eða tilnefning stjórnarmanna eða ráðning framkvæmdastjóra hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 149. gr. getur félagið ekki borið fyrir sig gagnvart þriðja aðila ágalla við kjörið, tilnefninguna eða ráðninguna nema félagið sýni fram á að hann hafi vitað um ágallann.

62. gr.

Í 65. gr. laganna fellur 3. mgr. niður og tala eftirfarandi málsgreina breytist samkvæmt því.

63. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

a. Í lok 1. mgr. bætist við nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Í móðurfélagi skal enn fremur leggja fram samstæðureikning.
b. Í 3. mgr. kemur: ⅓, í staðinn fyrir „⅓“, og niður falla orðin „eða varða lausn undan ábyrgð“.
c. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Félagsstjórn skal sjá um að haldinn verði hluthafafundur innan sex mánaða frá því að félagið hefur tapað helmingnum af hlutafé sínu. Á hluthafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og ef þörf krefur leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins.

64. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Í 1. og 2. málsl. 2. mgr. standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“. Þá standi í 1. málsl.: starfandi stjórn, í staðinn fyrir „enga stjórn“.
b. Í stað 3. málsl. 2. mgr. kemur ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Ríkissjóður greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins. Heimilt er þó að setja það skilyrði að sá er biður um boðun til fundar setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar fundarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.

65. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í 2. mgr. bætist við nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Boðun skv. 2. mgr. 32. gr. skal þó alltaf vera skrifleg.
b. Í 4. mgr. fellur niður „ársreikningur“, en í staðinn kemur: ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur).

66. gr.

1. málsl. 72. gr. laganna orðast svo: Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

67. gr.

Í 3. mgr. 73. gr. laganna standi: ákveður umboðsmaður hlutafélagaskrár fundarstjóra, í staðinn fyrir „ákveður umboðsmaður ráðherra fundarstjóra“.

68. gr.

1. málsl. 1. mgr. 76. gr. laganna orðast svo: Ákvörðun um breytingu félagssamþykkta í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 16., 34., 36., 37., 38. gr. a og b, 40., 45. og 126. gr. e skal tekin á hluthafafundi.

69. gr.

Í 2. mgr. 80. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í stað „ráðherra“, hún, í staðinn fyrir „hann“, og hennar, í stað „hans“.

70. gr.

2. málsl. 1. mgr. 81. gr. laganna orðast svo: Af endurskoðendum félags skal a. m. k. einn vera heimilisfastur hér á landi enda sé slíkt skilyrði í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga sem binda Ísland.

71. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í hlutafélögum skal a.m.k. einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur ef einhver eftirtalinna skilyrða eru uppfyllt: Bundið eigið fé er a.m.k. 50 milljónir króna, skuldir og bundið eigið fé er a.m.k. 100 milljónir króna, rekstrartekjur eru a. m. k. 200 milljónir króna eða starfsmenn (ársmenn) eru fleiri en 50. Þegar ljóst er við stofnun félagsins eða upphaf rekstrar að einhverju framangreindra marka verði þegar náð skal regla 1. málsl. gilda frá þeim tíma en annars skal við það miða að einhverju framangreindra marka hafi verið náð í ársreikningi tveggja síðastliðinna reikningsára eða starfsmenn hafi verið fleiri en 50 tvö síðastliðin reikningsár.

b. Í 2. mgr. koma í staðinn fyrir orðin „viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila“,: viðskipti með hluti milli aðila.

c. Í 2. mgr. bætist við nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir í félögum sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi.

72. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:

a. Í 1. mgr. standi: skal hlutafélagaskrá tilnefna endurskoðanda, í staðinn fyrir „skal ráðherra tilnefna endurskoðanda“.

b. Í 2. mgr. standi: skal hlutafélagaskrá tilnefna þennan endurskoðanda, í staðinn fyrir „skal ráðherra tilnefna þennan endurskoðanda“.

73. gr.

Í 1. og 3. mgr. 92. gr. laganna kemur alls staðar: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“, og hún, í staðinn fyrir „hann“.

74. gr.

8. mgr. 98. gr. laganna orðast svo:

Við mat á verkum, sem unnið er að fyrir aðra aðila, skal fara eftir góðri reikningsskilavenju varðandi áætlaðan hagnað eða tap af verkunum.

75. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Meðal skulda skal sérgreina óskattlagt fjármagn.

b. Í liðum 2.1, 2.2 og 3.2 standi: hlutir, í staðinn fyrir „hlutabréf“.

76. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 100. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur niður.
b. 3. mgr. verður 2. mgr. og orðast svo:

Hafi félag sett veð eða tekið á sig ábyrgðarskuldbindingar án þess að það falli undir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skal tilgreina heildarfjárhæð slíkra veðsetninga eða skuldbindinga á sama hátt.

77. gr.

Í 2. og 3. tölul. 3. mgr. 101. gr. laganna standi: Arð af hlutafé, í staðinn fyrir „Arð af hlutabréfum“.

78. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. Í 6. tölul. bætist við nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Gerð skal grein fyrir þeim reglum sem farið er eftir við endurmatið.
b. 7. tölul. orðast svo: Eftirlauna- eða lífeyrisskuldbindingar félags sem færa skal í efnahagsreikninginn í samræmi við góða reikningsskilavenju.
c. 13. tölul. orðast svo: Ef félagið hefur keypt eða yfirtekið eigin hluti á reikningsárinu eða hluti í móður- eða dótturfélagi, sbr. 46. gr., skal upplýsa um nafnverð þeirra, kaupverð og hlutfall af heildarhlutafé viðkomandi félags, svo og geta þess hvernig hlutunum hafi verið ráðstafað. Ef félagið hefur keypt eða yfirtekið hluti í öðrum félögum skal upplýsa um kaupverð og önnur atriði sem máli skipta.
d. 14. tölul. orðast svo: Hafi verið áætlaður hagnaður af verki í framkvæmd í samræmi við góða reikningsskilavenju skal það koma fram ásamt nánari upplýsingum um mat á hagnaðinum.
e. 17. tölul. orðast svo: Kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög, svo og önnur félög í eigu hlutafélagsins, skal sérgreina, sbr. 1. mgr. 100. gr.
f. 18. tölul. orðast svo: Veð og ábyrgðarskuldbindingar skv. 2. mgr. 100. gr.

79. gr.

105. gr. laganna orðast svo:

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings hlutafélags, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda hlutafélagaskrá staðfest endurrit hans ásamt ársskýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu. Í hlutafélögum, þar sem hlutabréf og verðbréf lúta opinberri gengisskráningu, skal þó senda gögnin þegar í stað eftir samþykkt og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Skráin skal veita almennan aðgang að reikningum hlutafélaga. Hún getur vikið frá ákvæðum 1.–3. málsl. með almennri ákvörðun í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga sem binda Ísland.

Með ársreikningnum skulu fylgja staðfestar upplýsingar um hvenær hann var samþykktur og hvaða ákvörðun aðalfundur tók um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun á tapi. Móðurfélag skal enn fremur senda staðfestan samstæðureikning eða samstæðuskýrslu.

80. gr.

Í 1. mgr. 107. gr. laganna standi: hæstu vaxta á almennum sparisjóðsreikningum, í staðinn fyrir „vaxta á almennum sparisjóðsbókum“.

81. gr.

Í 1. mgr. 110. gr. standi: almennum sparisjóðsreikningum, í staðinn fyrir „almennum sparisjóðsbókum“.

82. gr.

112. gr. laganna orðast svo:

Hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi er einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða býr með aðila skv. 1. málsl. eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stendur hlutaðeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri.

Hlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða eignarhlutafélag. Hlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup.

Trygging félagsins, sem sett er fyrir áðurnefnda aðila í bága við ákvæði 1. og 2. mgr., er þó bindandi nema viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita að tryggingin hafi verið sett andstætt þessum ákvæðum.

Ef félagið hefur innt af hendi greiðslur í tengslum við ráðstafanir sem eru andstæðar 1. og 2. mgr. skal endurgreiða þær með vöxtum er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum nema samið sé um hærri vexti.

Ef ekki er unnt að endurgreiða féð eða afturkalla tryggingu eru þeir sem gerðu eða framkvæmdu síðar ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. ábyrgir fyrir tapi félagsins.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um lán eða framlag til móðurfélags og tryggingu fyrir skuldbindingum móðurfélags.

Ákvæðum 1. og 2. mgr. verður ekki beitt um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir.

Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers láns, framlags og tryggingar samkvæmt þessari grein.

83. gr.

Í 1. mgr. 113. gr. laganna standi orðin: laga um gjaldþrotaskipti o.fl., í staðinn fyrir „laga um gjaldþrotaskipti“.

84. gr.

Í 2. mgr. 114. gr. laganna standi: hluti, í staðinn fyrir „hlutabréf“.

85. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 115. gr. laganna:

a. Í upphafi 1. mgr. og í 5. tölul. sömu málsgreinar standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.
b. Í 3. tölul. 1. mgr. standi: eða hefur ekki framkvæmdastjóra, sbr. 49. gr., í staðinn fyrir „eða hefur ekki framkvæmdastjóra sé þess krafist í lögum“.
c. Í 4. tölul. 1. mgr. falla niður orðin „ársreikningar þeirra hlutafélaga, sem skila skulu ársreikningum“, en í staðinn kemur: ársreikningar. Í staðinn fyrir „reikningsár“ kemur: reikningsár, sbr. þó 4. málsl. 1. mgr. 105. gr.

86. gr.

Á eftir 115. gr. laganna kemur ný grein er verður 115. gr. a, svohljóðandi:

Ef hlutafélagaskrá telur að hlutafélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar eða endurskoðanda eða það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðasta skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afmáð úr hlutafélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frests sem skráin setur er veiti líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal samsvarandi aðvörun birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist þá ekki heldur svar eða fullnægjandi svar innan þess frests sem þar er tiltekinn má fella skráningu hlutafélagsins niður.

Innan árs frá afskráningu geta hluthafar eða lánardrottnar gert þá kröfu að bú hlutafélagsins verði tekið til skipta í samræmi við 116. gr. Jafnframt má hlutafélagaskrá breyta skráningu þannig að afskráð félag sé skráð á nýjan leik enda berist beiðni þar að lútandi innan árs frá afskráningu samkvæmt þessari grein og sérstakar aðstæður réttlæti endurskráninguna. Ekki má ráðstafa heiti félagsins á þessum tíma.

Þótt hlutafélag hafi verið fellt niður af hlutafélagaskrá samkvæmt þessari grein breytir það í engu persónulegri ábyrgð er stjórnar- eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins.

87. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 116. gr. laganna:

a. Í staðinn fyrir „2. mgr. 115. gr.“ standi: 2. mgr. 115. gr. eða 115. gr. a.
b. Í staðinn fyrir orðin „laga um gjaldþrotaskipti“ standi: laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

88. gr.

Í 118. gr. laganna standi alls staðar: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“, svo og orðið: skráin, í staðinn fyrir „hann“ í 6. mgr.

89. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 120. gr. laganna:

a. Í 1. mgr. falla burt orðin „viðurkenna skuli hverja kröfu“ og „viðurkenna kröfu“, en í staðinn kemur: viðurkenna skuli hverja kröfulýsingu eða kröfu, og viðurkenna kröfulýsingu eða kröfu.
b. Í 3. mgr. falla niður orðin „afstöðu skilanefndar til viðurkenningar kröfu sinnar“, en í staðinn kemur: afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á kröfulýsingu eða kröfu sinni.
c. 4. mgr. orðast svo:
   Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.
d. Í 6. mgr. kemur: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

90. gr.

Í 1. mgr. 122. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

91. gr.

Í 1. mgr. 123. gr. laganna falla niður orðin „geymslureikning við viðskiptabanka“, en í staðinn kemur: geymslureikning í innlánsstofnun sem heimild hefur til að taka við geymslufé.

92. gr.

Í 2. mgr. 125 gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

93. gr.

Fyrirsögn XV. kafla laganna orðast svo: **Samruni, breyting hlutafélags í eignarhlutafélag og skipting.**

Síðan kemur undirfyrirsögnin: *Samruni.*

94. gr.

126. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessa kafla um samruna gilda þegar hlutafélagi er slitið án skuldaskila með þeim hætti að félagið er algerlega sameinað öðru hlutafélagi með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku) og þegar tvö eða fleiri hlutafélög renna saman í nýtt hlutafélag (samruni með stofnun nýs félags).

Ef eignarhlutafélag er yfirtekið við samruna gilda ákvæði XV. kafla laga um eignarhlutafélög um slit þess félags.

95. gr.

126. gr. a laganna orðast svo:

Félagsstjórnir samrunafélaganna skulu gera og undirrita í sameiningu samrunaáætlun sem skal geyma upplýsingar og ákvæði um:

1. Heiti og form félaganna, þar á meðal hvort heiti eða hugsanlegt aukheiti eigi að haldast sem aukheiti í yfirtökufélaginu.
2. Heimilisfang félaganna.
3. Endurgjald fyrir hlutina í yfirtekna félaginu.
4. Frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs.
5. Hvaða réttindi hugsanlegir eigendur hluta og skuldabréfa með sérstökum réttindum í yfirtekna félaginu fá í yfirtökufélaginu.
6. Aðrar hugsanlegar ráðstafanir til hagsbóta eigendum þeirra hluta og skuldabréfa sem um ræðir í 5. tölul.
7. Afhendingu hlutabréfa fyrir hluti sem látnir eru í té sem greiðsla.
8. Frá hvaða tímamarki réttindum og skyldum yfirtekna félagsins skuli reikningslega teljast lokið, sbr. 2. mgr. 126. gr. b.
9. Einhver sérstök hlunnindi sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og fulltrúanefndarmenn, matsmenn skv. 126. gr. c og eftirlitsaðilar félaganna njóta.
10. Drög að samþykktum ef mynda á nýtt félag við samrunann.

96. gr.

126. gr. b laganna orðast svo:

Félagsstjórn í hverju félaganna um sig skal semja greinargerð þar sem samrunaáætlunin er skýrð og rökstudd. Í greinargerðinni skal fjalla um ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur sem sýnir allar eignir og skuldir í hverju félaganna um sig, þær breytingar sem álitið er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi yfirtökufélagsins. Lagaákvæði um ársreikninga gilda, eftir því sem við á, um upphafsreikninginn og skýringar í honum. Uppsetning sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin skal miða við uppgjörsdag sem má ekki vera meira en sex mánuði fyrir undirritun samrunaáætlunarinnar.

97. gr.

126. gr. c laganna orðast svo:

Í hverju samrunafélaganna um sig skulu einn eða fleiri óháðir, sérfróðir matsmenn, sbr. 1. mgr. 5. gr. b, gera skýrslu um samrunaáætlunina. Félögin geta haft einn eða fleiri sameiginlega matsmenn.

Eftir því sem við á gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 5. gr. b um samband matsmannanna við viðkomandi félög.

Skýrslan skal geyma yfirlýsingu um að hve miklu leyti endurgjaldið fyrir hlutina í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt og efnislega rökstutt. Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins. Í yfirlýsingunni skal enn fremur greina það verð sem aðferðirnar leiða hver um sig til, svo og hvaða innbyrðis þýðingu leggja skal í aðferðir við verðákvörðun. Hafi verðákvörðunin verið sérstökum erfiðleikum bundin skal gera grein fyrir þeim í yfirlýsingunni.

Matsmennirnir skulu enn fremur gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

98. gr.

126. gr. d laganna orðast svo:

Í síðasta lagi einum mánuði eftir undirritun samrunaáætlunarinnar skal hvert samrunafélaganna senda hlutafélagaskrá endurrit af samrunaáætluninni, staðfest af félagsstjórn. Einnig skal þá eða síðar senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 126. gr. c, sbr. 126. gr. e.

Upplýsingar um móttöku skjala, sem um ræðir í 1. mgr., skal birta skv. 1. mgr. 149. gr. Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 126. gr. c að samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu skulu í tilkynningu vera upplýsingar þar að lútandi og athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra skv. 126. gr. c og 126. gr. g.

99. gr.

126. gr. e laganna orðast svo:

Ákvörðun um samruna í yfirteknu félagi tekur hluthafafundur í samræmi við ákvæði 76. gr. og nánari reglur sem félagssamþykktir kunna að geyma um félagsslit eða samruna, sbr. þó 126. gr. j. Ef félag er til félagsslitameðferðar má því aðeins ákveða samruna að úthlutun til hluthafa sé ekki hafin og hluthafafundurinn ákveði samtímis að starfi skilanefndar skuli lokið. Ákvörðun um samruna í yfirtökufélagi tekur félagsstjórn nema hluthafafundur þurfi að gera breytingar á samþykktunum að öðru leyti en snertir heiti yfirtökufélagsins. Hluthafafundur tekur enn fremur ákvörðun, ef hluthafar, sem eiga 5% af hlutafénu eða meira, sbr. þó 3. mgr., krefjast þess skriflega innan tveggja vikna frá því að móttaka á samrunaáætlun hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 149. gr. Ákvörðun skal í slíku tilviki tekin með þeim meiri hluta er greinir í 76. gr. Félagsstjórn boðar til hluthafafundar innan tveggja vikna frá móttöku kröfunnar.

Í yfirtökufélaginu tekur hluthafafundur enn fremur ákvörðun um samruna ef þeir hluthafar, sem geta samkvæmt samþykktum félagsins og í samræmi við 68. gr. krafist hluthafafundar, fara fram á það. Ákvæði 3. og 4. málsl. 2. mgr. gilda eftir því sem við á.

Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 126. gr. d og yfirlýsingu matsmannanna skv. 4. mgr. 126. gr. c. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar telst tillagan fallin.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundinn skulu eftirfarandi skjöl lögð fram til skoðunar fyrir hluthafa á skrifstofu hvers samrunafélags um sig og enn fremur látin hverjum skráðum hluthafa í té án endurgjalds samkvæmt beiðni:

1. Áætlun um samruna.
2. Ársreikningar allra samrunafélaganna síðustu þrjú árin eða styttri tíma hafi félag starfað skemur.
3. Efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðinn hluta yfirstandandi reikningsárs áður en upphafsefnahagsreikningur, sem getið er í 2. mgr. 126. gr. b, er gerður fyrir yfirtökufélagið.
4. Greinargerð stjórnar, þar á meðal sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsefnahagsreikningur, sbr. 2. mgr. 126. gr. b.
5. Skýrsla matsmanna og yfirlýsing skv. 126. gr. c.

Lánardrottnar, sem þess óska, skulu fá upplýsingar um ákvörðunartökudag skv. 1.–3. mgr.

100. gr.

126. gr. f laganna orðast svo:

Hluthafar í einu eða fleiri yfirteknum félögum geta krafist skaðabóta af viðkomandi félagi ef þeir hafa gert fyrirvara um það á hluthafafundinum enda sé endurgjald fyrir hlutina hvorki sanngjarnt né efnislega rökstutt, sbr. 3. mgr. 126. gr. c. Mál skal í þessu tilviki höfða í síðasta lagi tveimur vikum eftir að samruni hefur verið ákveðinn í öllum samrunafélögum.

101. gr.

126. gr. g laganna orðast svo:

Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 126. gr. c að möguleikar lánardrottna til fullnustu versni við samruna geta lánardrottnar að kröfum, sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlunina skv. 126. gr. d og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir, lýst þessum kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögunum.

Krefjast má innlausnar á lýstum kröfum sem eru gjaldfallnar og jafnframt má krefjast þess að sett verði fullnægjandi trygging fyrir lýstum, ógjaldföllnum kröfum.

Sé ekki sýnt fram á hið gagnstæða telst ekki nauðsynlegt að setja tryggingu samkvæmt 2. mgr. ef innlausn krafnanna er tryggð á grundvelli ákvæða sérlaga um samrunafélögin.

Rísi ágreiningur milli félags og lánardrottna, sem kröfum hafa lýst, um það hvort setja beri tryggingu eða framboðin trygging sé nægileg geta báðir aðilar innan tveggja vikna frá kröfulýsingu lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lánardrottnum er óheimilt að afsala sér á bindandi hátt rétti til að krefjast tryggingar skv. 2. mgr. í samningi þeim sem liggur til grundvallar kröfunni.

102. gr.

126. gr. h laganna orðast svo:

Yfirteknu félagi telst slitið, og réttindi þess og skyldur teljast runnar í heild sinni til yfirtökufélags, þegar:

1. Samruninn hefur verið samþykktur í öllum samrunafélögunum.
2. Skilyrðum 5. mgr. er fullnægt.
3. Kröfur skv. 126. gr. f hafa verið útkljáðar nema sett sé fullnægjandi trygging fyrir þeim.
4. Kröfur skv. 126. gr. g hafa verið útkljáðar.

Um leið og skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt verða þeir hluthafar í yfirteknu félagi, er fá greiðslu í hlutum, hluthafar í yfirtökufélagi.

Eigi samrunafélögin hluti í yfirteknu félagi er ekki unnt að skipta þeim í hluti í yfirtökufélaginu.

Ákvæði 32. gr. gilda ekki um hlutafjárhækkun í yfirtökufélaginu á grundvelli eigna og skulda í yfirtekna félaginu.

Ef myndað er nýtt félag við samruna, en það skal skrá sérstaklega, og félagsstjórn og endurskoðendur eru ekki kosnir strax eftir að hluthafafundur hefur samþykkt samrunann skal halda hluthafafund í nýja félaginu innan tveggja vikna til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðendur.

103. gr.

126. gr. i laganna orðast svo:

Stjórn hvers samrunafélags skal tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um samruna innan tveggja vikna eftir að réttaráhrif samrunans koma til skv. 1. mgr. 126. gr. h. Yfirtökufélagið getur tilkynnt samrunann fyrir hönd félaganna. Með tilkynningunni skulu fylgja þau gögn sem greinir í 3.–5. tölul. 5. mgr. 126. gr. e, í frumriti eða endurriti, staðfestu af félagsstjórn, ásamt fundargerðum þeirra hluthafafunda sem ákveðið hafa samrunann.

104. gr.

126. gr. j laganna orðast svo:

Ef hlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu getur stjórn í yfirtekna félaginu tekið ákvörðun um samruna. Að öðru leyti gilda, eftir því sem við á, ákvæði 1.–2., 5.–6. og 8.–10. tölul. 1. mgr. 126. gr. a; 1. málsl. 1. mgr. 126. gr. b; 126. gr. d; 2. málsl. 1. mgr. og 2.–6. mgr. 126. gr. e; 126. gr. g; 126. gr. h og 126. gr. i.

Frest skv. 5. mgr. 126. gr. e skal, ef svo ber undir, reikna frá ákvörðun félagsstjórnar um samruna. Einnig skal gera endurskoðaðan sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikning skv. 2. mgr. 126. gr. b.

Einn eða fleiri matsmenn, sbr. 1. mgr. 126. gr. c, skulu semja yfirlýsingu í samræmi við 4. mgr. 126. gr. c.

105. gr.

126. gr. k laganna orðast svo:

Ef hlutafélagi er slitið án skuldaskila með yfirtöku íslenska ríkisins eða íslensks sveitarfélags á öllum eignum og skuldum félagsins skal, eftir því sem við á, beita ákvæðum 126. gr. a; 1. mgr. 126. gr. b; 1.–3. mgr. 126. gr. c; 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 126. gr. d; 1., 4. og 5. mgr. 126. gr. e; 126. gr. f; 1. tölul. 1. mgr. 126. gr. h og 126. gr. i.

106. gr.

Á eftir 126. gr. k kemur 128. gr. laganna er verður 127. gr.

107. gr.

Á eftir 127. gr. laganna samkvæmt framansögðu kemur undirfyrirsögnin: *Breyting hlutafélags í eignarhlutafélag.*

108. gr.

128. gr. laganna samkvæmt framansögðu orðast svo:

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum, samþykkt að breyta hlutafélagi í eignarhlutafélag. Tilkynningu um samþykktina skal senda hverjum skráðum hluthafa innan tveggja vikna.

Breyting hlutafélags í eignarhlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að þær fullnægi kröfum laga um eignarhlutafélög enda hafi breytingar á samþykktunum verið skráðar og tilkynning þar að lútandi birt í Lögbirtingablaði.

Þegar breytingin hefur átt sér stað teljast hlutabréfin, sem félagið gaf út, ógilt.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi tilkynnt sig til skráningar á hlutaskrá í eignarhlutafélaginu getur stjórn eignarhlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að senda slíka tilkynningu innan sex mánaða. Þegar fresturinn er liðinn án þess að tilkynning hafi borist getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutina í eignarhlutafélaginu á kaupþingi eða fyrir milligöngu annars aðila sem að lögum er heimilt að versla með slíka hluti. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og söluna. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

109. gr.

Á eftir 128. gr. laganna samkvæmt framansögðu kemur undirfyrirsögnin: *Skipting.*

110. gr.

129. gr. laganna orðast svo:

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum hlutafélagsins, tekið ákvörðun um skiptingu félagsins. Við skiptinguna taka fleiri en eitt hlutafélag eða eignarhlutafélag við öllum eignum og skuldum gegn endurgjaldi til hluthafa félagsins sem skipt er. Hluthafafundur getur með sama meiri hluta ákveðið skiptingu þannig að eitt eða fleiri félög taki við hluta af eignum og skuldum þess. Viðtaka eigna og skulda getur farið fram án samþykkis lánardrottna.

Ákvæði 5. gr. a–c, 1. mgr. 31. gr. og 126.–126 gr. i gilda um skiptinguna eftir því sem við á.

Ef kröfuhafi í félagi, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar en þó ekki með hærri fjárhæð en svarar til nettóverðmætis þess sem við bættist eða er eftir í viðkomandi félagi á þeim tíma.

111. gr.

130.–131. gr. laganna falla niður.

112. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 132. gr. laganna:

a. Í upphafi 1. mgr. standi: Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta, í staðinn fyrir „Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur hlutafélags eru skyldir að bæta“.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:
   Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.
c. 2. mgr. verður 3. mgr.

113. gr.

Í 3. mgr. 133. gr. laganna standi: frestdagur hefst, í staðinn fyrir „gjaldþrotaskipti hefjast“.

114. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 134. gr. laganna:

a. Í upphafi 1. mgr. sé tilvísun í 1.–2. mgr. 133. gr. og í a- og b-liðum sé frestur: innan tveggja ára.
b. Í b-lið 1. mgr. standi: Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, svo og matsmönnum og rannsóknarmönnum, í staðinn fyrir „Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum“.

115. gr.

Fyrirsögn XVII. kafla verður: **Útibú erlendra hlutafélaga.**

116. gr.

135. gr. laganna orðast svo:

Erlend hlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Önnur erlend hlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi ef það er heimilað í alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að eða ráðherra telur rétt að heimila slíkt. Ráðherra getur sett reglur um þessi atriði.

117. gr.

Í 136. gr. laganna fellur niður „starfsemi erlends félags“, en í staðinn kemur: starfsemi útibús erlends félags.

118. gr.

137. gr. laganna orðast svo:

Í heiti útibús erlends hlutafélags skal greina nafn hins erlenda félags, svo og að um útibú sé að ræða, og gefa til kynna þjóðerni félagsins.

119. gr.

1. mgr. 138. gr. laganna orðast svo:

Útibússtjóri, einn eða fleiri, skal veita útibúi forstöðu. Útibússtjóri skal vera lögráða og fjár síns ráðandi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara varðandi framkvæmdastjóra um heimilisfesti o.fl. eftir því sem við á.

120. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 139. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends hlutafélags. Tilkynning skal gerð samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Ákvæði XVIII. kafla um skráningu hlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á.

b. 2. og 3. mgr. falla niður en 4. mgr. verður 2. mgr.

c. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

   Útibú má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð.

121. gr.

141. gr. laganna orðast svo:

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það. Gæta skal ákvæða 5. mgr. 1. gr.

122. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 142. gr. laganna:

a. Við 2. tölul. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu.

b. Í 2. málsl. 3. tölul. standi: Hlutafélagaskrá, í stað „Ráðherra“.

c. 4. tölul. orðast svo: Ef hið erlenda félag hefur verið afmáð úr hlutafélagaskrá erlendis.
d. Við bætist nýr töluliður er verður 5. tölul. og orðast svo: Ef útibúið fullnægir ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.

123. gr.

Í 1. mgr. 143. gr. laganna standi: lánardrottna, í stað „hérlendra lánardrottna“.

124. gr.

Í 144. gr. laganna falla niður orðin „fyrir hönd útibús, eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins“, en í staðinn kemur: fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess, svo og eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins.

125. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 145. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:
Hlutafélagaskrá annast skráningu allra íslenskra hlutafélaga og útibúa erlendra hlutafélaga.
b. 2. mgr. orðast svo:
Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglunum. Veita skal almennan aðgang að skránni, sbr. 105. gr.

126. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 146. gr. laganna:
a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda félagsins, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og allra þeirra er hafa heimild til að rita félagið, svo og nöfn, kennitölu og heimilisföng endurskoðenda. Sama gildir um varamenn.
b. Í 2. mgr. falla niður orðin „undirskriftir staðfestar af notarius publicus eða tveimur vottum“, en í staðinn kemur: undirskriftir staðfestar af lögbókanda, lögmanni, löggiltum endurskoðanda eða tveimur vottum.
c. Í 1. tölul. 3. mgr. fellur niður tilvísun í „3. mgr. 5. gr.“, en í staðinn kemur tilvísun í: 2. mgr. 5. gr. a.
d. Í 1. málsl. 4. mgr. standi: Hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „Ráðherra“ og í 2. málsl. sömu málsgreinar standi: hún, í staðinn fyrir „hann“.

127. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 147. gr. laganna:
a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga.
b. Í 2. mgr. falla niður orðin „stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, þeirra sem hafa heimild til að rita firma félagsins og prókúruhafa“, en í stað þeirra kemur: stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda og prókúruhafa.
c. Í lok 2. mgr. standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

128. gr.

Í 4. mgr. 148. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í stað „ráðherra“.

129. gr.

1. mgr. 149. gr. laganna orðast svo:

Hlutafélagaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess sem skrásett hefur verið um stofnun nýrra hlutafélaga og tilvísun í aðalefni aukatilkynninga, t.d. varðandi móttöku sérfræðiskýrslu um öflun fjárhagsverðmæta skv. 5. gr. c og yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 126. gr. c um rýrari möguleika lánardrottna á fullnustu vegna samrunaáætlunar á grundvelli 126. gr. d. Ef vísað er í framangreinda yfirlýsingu matsmanna skal athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra til tryggingar skv. 126. gr. g. Þá getur hlutafélagaskrá í öðrum tilvikum látið birta meira en tilvísun í aðalefni aukatilkynninga ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

130. gr.

Í 150. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“. Þá bætast við orðin: og aðrir, á eftir orðunum „erlends hlutafélags“.

131. gr.

2. tölul. 151. gr. laganna orðast svo: Að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um öflun vissra fjárhagsverðmæta (1., 2. og 5. mgr. 5. gr. c), greiðslu hlutafjár, útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina, hlutaskrá, eigin hluti (1. og 2. mgr. 46. gr. og 46. gr. c–f), skyldu formanns varðandi boðun til stjórnarfunda (2. mgr. 54. gr.), boðun til hluthafafundar ef helmingur hlutafjár hefur tapast (4. mgr. 67. gr.), tillög í varasjóð, úthlutun arðs, endurgreiðslu á hlutafjárframlögum, lán eða tryggingu til handa hluthöfum o.fl. (112. gr.) og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess (139. gr.).

132. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma strax til framkvæmda nema að því leyti sem segir í ákvæðum til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Þau hlutafélög, sem eru löglega skráð við gildistöku laga þessara, skulu, ef þau óska skráningar samkvæmt lögunum, færa sönnur á það fyrir hlutafélagaskrá í síðasta lagi 1. október 1994 að þau fullnægi þeim skilyrðum sem lögin setja og hafi breytt samþykktum sínum til samræmis við þau. Reglur laganna um stofnun hlutafélaga gilda þó ekki um þau félög sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku þeirra nema hvað öll hlutafélög þurfa að uppfylla kröfuna um lágmark hlutafjár skv. 3. mgr. 1. gr.

Berist ekki ósk um skráningu sem fullnægir skilyrðum skv. 1. mgr. skal hlutafélagaskrá gera viðkomandi skráðum félögum viðvart um að félögin verði skráð sem eignarhlutafélög verði ekki úr bætt í síðasta lagi 31. desember 1994.

Hlutafélög, sem hafa ekki fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. í síðasta lagi 31. desember 1994, skulu skráð sem eignarhlutafélög.

Hlutafélög, sem skráð hafa verið samkvæmt lögum þessum, skulu fylgja fyrirmælum þeirra.

Ekki skal innheimta skráningargjöld vegna skráningar eldri hlutafélaga sem hlutafélaga samkvæmt þessu ákvæði eða umskráningar þeirra sem eignarhlutafélaga.

Ráðherra getur framlengt fresti allt til 1. október 1995.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Þau hlutafélög, sem eru löglega skráð við gildistöku laga þessara, má samkvæmt ósk þeirra til 31. desember 1994 umskrá sem eignarhlutafélög og ber þeim við umskráninguna að hafa orðið eignarhlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ehf. Ber þeim að fullnægja fyrirmælum laga um eignarhlutafélög og breyta samþykktum sínum til samræmis við þau. Þau þurfa þó ekki að hækka hlutafé sitt.

Hlutafélögum, sem umskráð eru sem eignarhlutafélög í samræmi við ákvæði 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, ber að fara eftir ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar. Telji hlutafélagaskrá við umskráninguna eða síðar að félagið fullnægi ekki skilyrðum laga um eignarhlutafélög í þeim mæli að það standi í vegi fyrir skráningu skal skráin gefa stjórn félagsins hæfilegan frest til að bæta úr göllunum. Sé ekki úr bætt innan frestsins má slíta félaginu samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 115. gr.

Ekki skal innheimta skráningargjöld vegna umskráningar eldri hlutafélaga sem eignarhlutafélaga skv. 1. mgr.

Um umskráningu hlutafélaga, sem eru löglega skráð sem hlutafélög eftir gildistöku laga þessara, fer eftir 128. gr. laganna.

Ráðherra getur framlengt frest allt til 1. október 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpasmíð.

Frumvarp þetta er samið í viðskiptaráðuneytinu með aðstoð Stefáns Más Stefánssonar, prófessors í lögum, m.a. félagarétti. Það er þáttur í aðlögun Íslands að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagsvæðið (EES-samningsins), nánar tiltekið ákvæðum samningsins um félagarétt. Auk þessa frumvarps til laga um breytingar á lögum um hlutafélög, sem gert er ráð fyrir að gildi í framtíðinni um stærri tegund hlutafélaga, verður flutt frumvarp til laga um eignarhlutafélög sem hentar almennt smærri tegund hlutafélaga og frumvarp til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélag sem nauðsynlegt er að flytja sem sérstakt frumvarp vegna reglugerðar EB þar að lútandi.

Fordæmi fyrir tvennum lögum um mismunandi stór hlutafélög er að finna í Danmörku og öðrum ríkjum EB. Þykir heppilegra að hafa sama hátt á hér þar eð meginákersla er lögð á það í EB að samræma reglur fyrir stærri félögin og má ætla að sama muni gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Leiðir slíkt til meiri og tíðari breytinga á löggjöf um stóru félögin en á löggjöf um minni félögin. Má telja að einföld löggjöf henti minni félögunum betur, einkum eftir því sem lög um stærri félögin verða flóknari. Stjórnendur minni félaganna og aðrir hafa þá í einum lögum allar helstu greinar sem snerta félögin en þurfa ekki að vega og meta hvort sumar greinar laganna eigi við um þau félög en aðrar ekki.

Um nafngiftir á félögum er farin svipuð leið og í Danmörku. Þar eru annars vegar stór félög, hlutafélög (aktieselskaber), og hins vegar lítil félög, eignarhlutafélög (anpartsselskaber). Er síðari tegund félaganna venjulega eign fárra aðila.

Gildandi lög um hlutafélög.

Lög um hlutafélög, nr. 32/1978, er gengu í gildi 1. janúar 1980, eru ávöxtur norræns löggjafarsamstarfs er lauk snemma á áttunda áratugnum. Aðallega var byggt á dönsku hlutafélagalögunum frá 1973. Danska löggjöfin hefur síðan fjarlægst löggjöf annarra Norðurlanda vegna inngöngu Danmerkur í EB og krafna EB um samræmingu á ýmsum ákvæðum varðandi hlutafélög. Þegar íslensku hlutafélagalögunum var breytt í mörgum greinum með lögum nr. 69/1989 er gengu í gildi 1. mars 1990 var aðeins að takmörkuðu leyti höfð hliðsjón af breytingum á dönsku lögunum á grundvelli krafna EB þannig að nokkur munur er nú orðinn á íslensku lögunum og EB-réttinum sem liggur til grundvallar EES-samningnum. Nokkrar aðrar breytingar á hlutafélagalögunum breyta ekki þessari niðurstöðu.

Grundvöllur lagafrumvarpa.

Endurskoðun laganna um hlutafélög byggir á þeim gerðum EB sem sérstaklega verður fjallað um hér á eftir nema hvað 12. félagaréttartilskipun EB tekur aðeins til eignarhlutafélaga og reglugerðin um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög er sérstaks eðlis. Þá bíður raunveruleg endurskoðun bókhalds- og endurskoðunarákvæða laganna á grundvelli bókhaldstilskipana EB, sem teljast til félagaréttarákvæða EES-samningsins, starfs þess sem unnið er í fjármálaráðuneytinu. Þess er sérstaklega getið á hvaða gerðum einstakar breytingar í frumvarpinu eru byggðar. Einhverjar greinar gildandi hlutafélagalaga kunna að vera í samræmi við ákvæði gerðanna og því ekki þörf sérstakra breytinga á þeim. Til hægðarauka var við breytingar á grundvelli gerðanna stuðst við dönsku lögin um hlutafélög eins og þeim hefur verið breytt til ársloka 1992. Sumar breytingar eiga þó rætur sínar að rekja til dönsku laganna án þess að þær byggist á EB-reglum. Nokkrar aðrar breytingar er einnig að finna í frumvarpinu, flestar þó minni háttar tæknilegar breytingar.

Félagaréttarákvæði EES-samningsins.

Ein af meginreglum Evrópska efnahagssvæðisins felur í sér rétt til að stofnsetja og reka félög eða fyrirtæki í svæðisríkjum með sama rétti og landsmenn þar, sbr. 31. og 34. gr. samningsins. Í 77. gr. samningsins, sem fjallar um félagarétt, segir aðeins að XXII. viðauki við samninginn geymi sérstök ákvæði um félagaréttinn. Í viðaukanum er að finna upptalningu á níu tilskipunum, með áorðnum breytingum, og einni reglugerð.

Framangreindum tilskipunum má skipta í nokkra flokka: 1) um verndarráðstafanir varðandi hlutafélög og eignarhlutafélög, 2) um samruna og skiptingu hlutafélaga, 3) um ársreikninga félaga og því um líkt og 4) um eignarhlutafélög eins aðila.

Í 1. tilskipuninni um verndarráðstafanir, sem snerta stór félög, hlutafélög, og smá félög, eignarhlutafélög, er m.a. fjallað um aðgang að ársreikningum en í 2. tilskipuninni um verndarráðstafanir varðandi hlutafélög er m.a. að finna ákvæði um stofnun þeirra og hlutafé. Ákvæði 3. tilskipunarinnar taka til samruna hlutafélaga en ákvæði 6. tilskipunarinnar til skiptingar slíkra félaga. Um bókhaldstilskipanirnar fjórar má segja að 4. tilskipunin fjalli um ársreikninga hlutafélaga, eignarhlutafélaga og jafnvel fleiri félaga, m.a. aðgang að ársreikningum, 7. tilskipunin um samstæðureikninga, 8. tilskipunin um samþykki á endurskoðendum og 11. tilskipunin um reikninga útibúa erlendra félaga. Ákvæði 12. tilskipunarinnar fjalla um eignarhlutafélög eins aðila.

Sérstök nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins undirbýr lagasmíð á grundvelli bókhaldstilskipananna. Gerð verður þó stutt grein fyrir efni þeirra hér á eftir til yfirlits.

Allar taka tilskipanirnar til hlutafélaga og eignarhlutafélaga nema hvað 2. tilskipunin um lágmarksfjárhæð hlutafjár o.fl., 3. tilskipunin um samruna hlutafélaga og 6. tilskipunin um skiptingu hlutafélaga taka aðeins til hlutafélaga og 12. tilskipunin um eignarhlutafélög eins aðila tekur aðeins til eignarhlutafélaga.

Tilskipanirnar miða að því að samræma réttarreglur ríkja á sviði félagaréttar. Áberandi er sú viðleitni að samræma reglur um vernd hluthafa og lánardrottna og auka vernd þeim til handa en slíkt er talið skapa jafnari samkeppnisaðstöðu félaga í mismunandi ríkjum. Samræming félagaréttarreglna, sem tekur tillit til nútímalegrar þróunar félagaréttar í Evrópu, hefur ýmsa aðra kosti. Meðal annars verður stofnsetning og rekstur hinna ýmsu tegunda félaga annars staðar en í heimalandi auðveldari en nú er vegna svipaðra reglna sem ætla má að flestir þekki er slíkan rekstur stunda.

Ákvæði reglugerðarinnar um evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið, sem stofna má t.d. um sameiginleg innkaup á hráefnum, miða að því að skapa nýtt form félagsskapar er aukið geti samvinnu aðila í mismunandi ríkjum.

Athugun á framangreindum heimildum EB-réttar hefur leitt í ljós að efnisreglur um hlutafélög virðast þar almennt séð nokkuð svipaðar og í íslensku hlutafélagalögunum en uppsetning og útfærsla EB-reglnanna er mismunandi og EB-reglurnar almennt miklu ítarlegri. Ef aðlaga á hlutafélagalöggjöfina og skylda löggjöf að EB-réttinum virðast ekki vera fyrir hendi óyfirstíganlegir erfiðleikar. Hins vegar kostar slíkt talsverða vinnu þar eð margar breytingar þarf að gera. Meðal annars vegna ákvæða 2. tilskipunarinnar um að lágmarkshlutafé í hlutafélögum skuli eigi vera lægra en sem svarar 25.000 evrópskum mynteiningum (röskum 2 milljónum króna á gengi í lok janúar 1994) er talið rétt að stefna, eins og áður segir, að setningu tvennra laga hér á landi um hlutafélög, annars vegar um stærri félög, hlutafélög, og hins vegar um minni félög, eignarhlutafélög, þar sem lágmarkshlutafé er ekki ákveðið í EB-reglum. Í gildandi lögum um hlutafélög hér á landi er lágmarkshlutafé aðeins 400.000 krónur.

Að því er varðar 3. tilskipunina má nefna að þar eru miklu ítarlegri ákvæði um skilmála vegna samruna hlutafélaga en í íslensku hlutafélagalögunum og ákvæði 6. tilskipunarinnar um skiptingu slíkra félaga eiga sér ekki samsvörun í íslensku löggjöfinni.

Í 4. tilskipuninni um ársreikninga er aðeins gert ráð fyrir verðbólgureikningsskilum sem undantekningu. Hefðbundin kostnaðarreikningsskil eru aðalreglan. Þarf því að byggja á slíkum reikningsskilum þegar verðbólga hefur náðst niður á Íslandi þannig að varanlegt megi telja. Ekki þarf að breyta um aðferð þótt skammtímasveiflur verði.

Nefna má að í 4. tilskipuninni, sbr. 1. tilskipunina, eru gerðar nokkru strangari kröfur hjá EB en hér á landi til félaga, m.a. að því leyti að félög geta ekki komist hjá því að birta hagnaðartölur. Eru þó reglur tilskipunarinnar um sumt vægari fyrir lítil félög en stór.

Loks má vekja athygli á því í tengslum við 4. tilskipunina sem er aðalheimildin meðal bókhaldstilskipananna að hún tekur til fleiri félaga en hlutafélaga og eignarhlutafélaga. Kunnáttumenn hér á landi telja þó að nauðsynlegt sé að samræma fá og ófullkomin ákvæði laga um ársreikninga annarra félaga og þá til samræmis við reglurnar um ársreikninga hlutafélaganna. Endurskoða þarf lögin um bókhald af þessum sökum.

Ákvæði 7. tilskipunarinnar um samstæðureikninga eru miklu ítarlegri og fullkomnari en ákvæðin í hlutafélagalögum. Er talin þörf á skýrari reglum hér á landi. Virðast ákvæði tilskipunarinnar þá koma vel til greina.

Ákvæði 8. tilskipunarinnar um samþykki endurskoðenda eru ekki talin kalla á endurskoðun íslenskra lagaákvæða varðandi löggilta endurskoðendur né breytingar á menntun þeirra.

Engin lagaákvæði eru til á Íslandi sambærileg þeim sem finna má í 11. tilskipuninni um reikninga útibúa erlendra félaga og kallar slíkt á setningu lagaákvæða á Íslandi.

Í íslensku hlutafélagalögunum er ekki gert ráð fyrir því að um hlutafélög eins aðila geti verið að ræða. Skortir því lagaákvæði á svið 12. tilskipunarinnar um eignarhlutafélög eins aðila. Ákvæði tilskipunarinnar virðast þó ekki valda sérstökum erfiðleikum, sérstaklega þegar þess er gætt hversu hátt lágmarkshlutafé til stofnunar hlutafélaga þarf að vera skv. 2. tilskipuninni. Í frumvarpi til laga um eignarhlutafélög er tekið mið af tilskipuninni.

Ákvæði reglugerðarinnar um evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið virðast ekki fela í sér sérstök vandamál en festa þarf ákvæði hennar í lög.

Ýmsar tillögur EB á sviði félagaréttar kunna að tengjast Evrópska efnahagssvæðinu í framtíðinni. Á þær reynir þó ekki í frumvörpum hér á landi nú nema með vissum hætti tillögu um yfirtökutilboð til verndar minni hluta í hlutafélögum þannig að skylt sé við vissar kringumstæður að gera tilboð í öll hlutabréf en ekki einungis ákveðinn hluta þeirra. Nánar tiltekið er um að ræða drög að 13. tilskipuninni um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð. Í íslenskri hlutafélagalöggjöf eru fá ákvæði sem tengjast þessu svo sem nánar verður rakið síðar. Þriðjungsreglan skv. 4. gr. draga þessara fjallar um skyldu aðila, sem eignast bréf í hlutafélagi er veita honum yfir þriðjung af heildaratkvæðisrétti í félaginu, til að gera tilboð í öll eftirstandandi bréf í félaginu. Getur reglan fræðilega séð valdið einhverjum vandkvæðum. Hins vegar ættu ekki að vera sérstök vandamál í framkvæmdinni vegna almennrar undanþáguheimildar í 5. gr. draganna sem virðist ná til svo að segja allra íslenskra félaga, smárra á evrópskan mælikvarða, svo og frekari undanþágumöguleika skv. 4. gr. draganna í tengslum við sérstaka eftirlitsstofnun með tilliti til yfirtöku. Ný lagaákvæði mundi þurfa hér á landi til að hrinda ákvæðum þessum í framkvæmd og tilnefna þyrfti eftirlitsaðila. Ákvæði tillögunnar kunna að taka stakkaskiptum og er því gert ráð fyrir sérstakri tilhögun í frumvarpi þessu með hliðsjón af ályktun Alþingis frá 19. mars 1992.

Þá liggja fyrir í EB drög að reglugerð um Evrópufélagið svokallaða, sem yrði hlutafélag, til að auðvelda samruna félaga í mismunandi aðildarríkjum, stofnun eignarhaldsfélaga og sameiginlegra útibúa, svo og í tengslum við fyrirhugaða reglugerð drög að tilskipun er geymir ákvæði um atvinnulýðræði. Um þann rétt hefur verið mikill ágreiningur í EB og hefur hann komið í veg fyrir samþykkt draga að tveimur tilskipunum, 5. og 10. félagaréttartilskipuninni. Í drögunum um Evrópufélagið hafa ákvæðin verið slípuð til. Þar eru ýmsir valmöguleikar fyrir hendi varðandi form atvinnulýðræðisins, þátttöku launþega í rekstri fyrirtækja sem íslensk löggjöf geymir svo til engin ákvæði um. Er erfitt að ímynda sér að Ísland geti ekki valið einn af þeim möguleikum sem í boði eru ef önnur EFTA-ríki, svo og EB-ríkin, geta það.

Um þrjár meginleiðir er að ræða í drögunum varðandi form atvinnulýðræðisins. Í fyrsta lagi er um að ræða þýska reglu er gerir ráð fyrir því að starfsmenn eigi frá þriðjungi til helmings fulltrúa í stjórn eða yfirstjórn. Í öðru lagi er gert ráð fyrir sérstöku starfsmannaráði en reglur um kosningu eða skipun fulltrúa í það yrðu í samþykktum fé-

lags og yrði um þetta haft samráð við fulltrúa starfsmannanna í samræmi við lög eða venjur aðildarríkjanna. Í þriðja lagi yrði um að ræða samkomulag milli stjórnar fyrirtækis (eða stjórnar og yfirstjórnar) annars vegar og starfsmanna eða fulltrúa þeirra hins vegar. Í öllum þessum þremur mismunandi þátttökukerfum er byggt á því að starfsmenn geti fylgst með meginþáttum í rekstri fyrirtækisins með fundum á a.m.k. þriggja mánaða fresti og sérstaklega þarf að upplýsa þá og hafa samráð við þá um meiri háttar ákvarðanir sem snerta fyrirtæki, m.a. lokun fyrirtækis ellegar flutning þess eða mikilvægs hluta þess. Enn er gert ráð fyrir því að Evrópufélagið megi aðeins stofna í aðildarríkjum EB.

Að því er varðar drög að 5. tilskipuninni um skipulag hlutafélaga o.fl. má taka fram að reglur um eins þátts stjórnkerfi (stjórn í stað stjórnar og yfirstjórnar) eru flóknari en hér á landi samkvæmt hlutafélagalögunum. Strangari reglur eru einnig um það að á hluthafélagafundum séu teknar til meðferðar ályktanir um mál sem voru ekki á dagskrá fundarins. Ekki virðist vera um meiri háttar vandamál að ræða fyrir okkur hér. Um atvinnulýðræði vísast til þess sem sagt hefur verið um Evrópufélagið.

Að því er snertir drög að 10. tilskipuninni um samruna hlutafélaga þvert á landamæri skal fyrst vísað til ákvarðana í tengslum við Evrópufélagið varðandi atvinnulýðræði. Ákvæði draganna virðast ekki valda miklum vanda hér á landi.

Komnar eru fram tillögur í EB um gerðir varðandi evrópsk samtök, evrópskt samvinnufélag og evrópskt gagnkvæmt félag.

Almennur aðlögunartími til að samræma félagarétt EES-ríkja, sem eru ekki í EB, tilskipununum níu, með áorðnum breytingum, og reglugerðinni rennur út tveimur árum eftir gildistöku EES-samningsins. Almennt er þó gengið út frá að ríkin hafi breytt löggjöf sinni fyrir árslok 1994. Hér á landi er gert ráð fyrir að framkvæmd þeirra ákvæða laganna um hlutafélög, er snerta skráningu hlutafélaga samkvæmt breyttum lögum og umskráningu hlutafélaga í eignarhlutafélög, ljúki í árslok 1994 nema ráðherra framlengi fresti allt til 1. október 1995.

Upptalning á félagaréttargerðunum.

Félagaréttargerðirnar heita nánar tiltekið (númer gerða og breytinga á þeim innan sviga):

Fyrsta tilskipun ráðsins frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi 2. mgr. 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra.
(68/0151/EBE).

Önnur tilskipun ráðsins frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar hlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi 2. mgr. 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra.
(77/0091/EBE (92/101/EBE)).

Þriðja tilskipun ráðsins frá 9. október 1978 um samruna hlutafélaga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.
(78/0855/EBE).

Fjórða tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.
(78/0660/EBE (83/349/EBE, 89/666/EBE, 90/604/EBE, 90/605/EBE)).

Sjötta tilskipun ráðsins frá 17. desember 1982 um skiptingu hlutafélaga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.
(82/0891/EBE).

Sjöunda tilskipun ráðsins frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.
(83/0394/EBE (90/604/EBE, 90/605/EBE)).

Áttunda tilskipun ráðsins frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögmæta endurskoðun bókhaldsgagna, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.
(84/0253/EBE).

Ellefta tilskipun ráðsins frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum tegundum félaga er lög annars ríkis taka til.
(89/0666/EBE).

Tólfta félagaréttartilskipun ráðsins frá 21. desember 1989 um eignarhlutafélög eins aðila.
(89/0667/EBE).

Reglugerð ráðsins frá 25. júlí 1985 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.
(2137/85/EBE).

Helstu breytingar á lögunum um hlutafélög.

Hér á eftir verða nefndar nokkrar helstu breytingar á gildandi lögum um hlutafélög ef frumvarp þetta verður samþykkt (kaflafyrirsagnir laganna). Eins og áður segir leiðir flestar breytingarnar af ákvæðum framangreindra tilskipana en þó ekki allar.

I. kafli. Almenn ákvæði.

1. Lágmarkshlutafé þeirra hlutafélaga, sem verða áfram hlutafélög en eru ekki umskráð sem eignarhlutafélög, svo og nýrra hlutafélaga, tífaldast, skal vera minnst fjórar milljónir króna í stað 400.000 kr. (3. mgr. 1. gr. hfl.).

2. Upplýsingaskylda á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum er aukin (ný 5. mgr. 1. gr. hfl.).

II. kafli. Stofnun hlutafélags.

3. Búsetuskilyrði á Íslandi gagnvart stofnendum, sem eru ríkisborgarar í og búsettir í EES-ríkjum, er fellt niður (3. gr. hfl.).

4. Mælt er fyrir um sérfræðiskýrslu, m.a. vegna móttöku félags á verðmætum í öðru en reiðufé í tengslum við stofnun félags (5. gr. a–c í hfl.).

III. kafli. Greiðsla hlutafjár.

5. Greiða skal hlutafé að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá skráningu í stað þriggja ára (15. gr. hfl.).

IV. kafli. Hlutir, hlutabréf og hlutaskrá.

6. Bann er lagt við hömlum á viðskipti með hluti ef hluthafar eru 100 eða fleiri í stað 200 eða fleiri nú (18. gr. hfl.).

7. Innlausnarskylda og innlausnarréttur þegar aðili á meira en 9/10 hlutafjár í hlutafélagi í stað þess að binda skylduna og réttinn við eign móðurfélags á slíkum hlut í dótturfélagi (20. gr. a–c í hfl.).

V. kafli. Hækkun hlutafjár.

8. Möguleiki er veittur á útgáfu áskriftarréttinda til að afla viðbótarfjár en þau gefa rétt til áskriftar að hlutum við hlutafjárhækkun síðar (38. gr. a og b í hfl. auk 3. mgr. 34. gr. hfl.).

VIII. kafli. Eigin hlutabréf.

9. Ítarlegri ákvæði eru sett um eigin hluti (46. og 46. gr. a–f í hfl.) sem miða að takmörkunum á öflun og meðferð þeirra.

IX. kafli. Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd.

10. Gerðar eru kröfur um þrjá menn hið fæsta í stjórn allra hlutafélaga, en ekki allt niður í einn, enda er gert ráð fyrir að stærri félög velji það félagaform (1. mgr. 47. gr. hfl.).

11. Aukinn er réttur minni hluta til að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna félagsins, þ.e. þeir hafa réttinn er ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins í félögum þar sem hluthafar eru 100 eða fleiri í stað 200 eða fleiri (4. mgr. 47. gr. hfl.). Þá eru kosningareglur skýrðar í 47. og 48. gr. hfl.

12. Í félögum án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við (48. gr. hfl.).

13. Skylt er að hafa einn til þrjá framkvæmdastjóra í hlutafélögum nema kveðið sé á um fleiri í samþykktum (ný 1. mgr. 49. gr. hfl.).

14. Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu (ný 2. mgr. 49. gr. hfl.).

15. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum er óheimilt eftir ítrekuð gjaldþrot síðustu þrjú árin að verða stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í hlutafélögum í sams konar eða svipuðum rekstri næstu þrjú árin (1. mgr. 50. gr. hfl.).

16. Skilyrði um búsetu framkvæmdastjóra og minnst helmings stjórnarmanna á Íslandi gildir ekki fyrir ríkisborgara EES-ríkja sem búsettir eru í EES-ríkjum (2. mgr. 50. gr. hfl.).

17. Upplýsingaskylda móðurfélags gagnvart dótturfélagi er aukin (2. mgr. 53. gr. hfl.).

18. Skýrt ákvæði um skyldu formanns til að boða alla stjórnarmenn á fund (2. mgr. 54. gr. hfl.) og stjórn setji sér starfsreglur (ný 4. mgr. 54. gr. hfl.).

X. kafli. Hluthafafundir.

19. Stjórn félags er skylt að gera vissar ráðstafanir þegar félag hefur tapað helmingnum af hlutafé sínu (67. gr. hfl.).

XI. kafli. Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.

20. Heimild til að slaka á kröfum um heimilisfesti endurskoðenda (1. mgr. 81. gr. hfl.).

XII. kafli. Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.

21. Minni háttar breytingar varðandi ársreikninga til samræmis við lögin um samvinnufélög (XII. kafli hfl.).

22. Almenn skilaskylda á ársreikningum til hlutafélagaskrár og almennur aðgangur að reikningunum. Frestur til að skila reikningunum er styttur (105. gr. hfl.).

XIII. kafli. Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.

23. Skorður við lánum eða tryggingum af hálfu hlutafélaga til handa hluthöfum og fleirum (112. gr. hfl.).

XIV. kafli. Félagsslit.

24. Afskráning hlutafélagaskrár á hlutafélögum með einföldum hætti, m.a. á þeim félögum sem eru án stjórnar (115. gr. a í hfl.).

XV. kafli. Samruni hlutafélaga.

25. Mun ítarlegri ákvæði um skilmála vegna samruna (XV. kafli hfl.).

26. Yfirlýsing matsmanna um það að hve miklu leyti samruni kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu (126. gr. g í hfl.).

27. Ákvæði um breytingu hlutafélags í eignarhlutafélag (ný 128. gr. hfl.).

28. Ákvæði um skiptingu hlutafélaga (ný 129. gr. hfl.).

XVI. kafli. Skaðabætur o.fl.

29. Tekin upp bótaskylda hluthafa gagnvart félaginu og fleirum (132. gr. hfl.).

30. Frestir til að höfða skaðabótamál eru almennt styttir úr þremur árum í tvö ár (134. gr. hfl.).

XVII. kafli. Erlend hlutafélög.

31. Hlutafélög í EES-ríkjum eiga skýlausan rétt á að fá skráð útibú hér á landi mæli lög ekki fyrir um annað (135. gr. hfl.).

32. Útibússtjórar, sem eru ríkisborgarar í og jafnframt búsettir í EES-ríki, þurfa ekki að vera íslenskir ríkisborgarar fremur en framkvæmdastjórar íslenskra hlutafélaga samkvæmt gildandi lögum um hlutafélög (138. gr. hfl.).

33. Tilkynningarskylda útibús til hlutafélagaskrár aukin (141. gr. hfl.).

34. Útibússtjóri ber einnig ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess (144. gr. hfl.).

XVIII. kafli. Skráning hlutafélaga.

35. Að hlutafélagaskrá annist skráningu hlutafélaga og einstök verkefni í því sambandi í stað ráðherra verður algild regla eins og verið hefur í reyndinni (145. gr. hfl. og fleiri greinar).

36. Skylda til að veita almennan aðgang að hlutafélagaskrá í stað heimildar til að veita slíkan aðgang að skránni (145. gr. hfl.).

XIX. kafli. Refsingar o.fl.

37. Bætt við refsiákvæði vegna brota á ákvæðum laganna um greiðslu hlutafjár og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess (151. gr. hfl.).

Mismunandi reglur um hlutafélög og eignarhlutafélög.

Gert er ráð fyrir að um margt verði samsvarandi reglur í lögum um hlutafélög og lögum um eignarhlutafélög. Þótt greinafjöldi í lögunum um eignarhlutafélög verði svipaður og í hlutafélagalögunum verður margt þó mun auðveldara viðfangs í eignarhlutafélögunum. T.d. þarf ekki að halda aðalfundi eða aðra hluthafafundi í eignarhlutafélögum eins aðila. Þá getur einn maður (eða tveir) setið í stjórn eignarhlutafélags séu hluthafar fjórir eða færri en þrír minnst skulu ávallt sitja í stjórn hlutafélaga.

Hér verður gerð grein fyrir helstu atriðum þar sem reglur eru mismunandi. Kaflafyrirsagnir eru miðaðar við hlutafélagalögin svo sem gert er ráð fyrir að þeim verði breytt.

I. kafli. Almenn ákvæði.

Lágmarksfjárhæð hlutafjár verður miklu lægri í eignarhlutafélögum (500 þúsund kr.) en hlutafélögum (4 milljónir kr.). Skilur þetta atriði einna skýrast á milli þessara tveggja tegunda félaga.

II. kafli. Stofnun hlutafélags.

Einn aðili getur stofnað eignarhlutafélag en tveir stofnendur hið fæsta skulu vera í hlutafélögum. Í eignarhlutafélögum er ekki gert ráð fyrir því að fleiri en stofnendur skrái sig fyrir hlutum og því ekki almennri þátttöku, t.d. á grundvelli útboða. Í lögum um eignarhlutafélög eru gerðar vægari kröfur varðandi móttöku verðmæta í tengslum við stofnun slíkra félaga en gert er í hlutafélagalögum um hlutafélög. Þá er frestur til að tilkynna eignarhlutafélög til skráningar mun styttri en í hlutafélagalögum. Loks eru ekki ákvæði um áskrift í tengslum við stofnun félags í lögunum um eignarhlutafélög.

III. kafli. Greiðsla hlutafjár.

Í eignarhlutafélögum skal greiða hlutafé fyrir skráningu.

IV. kafli. Hlutir, hlutabréf og hlutaskrá.

Um einn hluthafa getur verið að ræða minnst í eignarhlutafélögum en tveir eru lágmark í hlutafélögum. Í eignarhlutafélögum má leggja hömlur á viðskipti með hluti þótt hluthafar séu 200 eða fleiri en slíkar hömlur má ekki leggja á í hlutafélögum þar sem svo er ástatt. Í eignarhlutafélögum er gert ráð fyrir innlausnarskyldu og innlausnarrétti eftir ákveðnum reglum þegar móðurfélag á hlut í dótturfélagi en í hlutafélögum er skyldan og rétturinn víðtækari, tekur ekki einungis til eignarhluta móðurfélags í dótturfélagi heldur einnig til eignarhluta hluthafa almennt í félagi. Ekki er gert ráð fyrir hlutabréfum í eignarhlutafélögum eins og í hlutafélögum heldur yrði hlutaskrá aðalheimild um eignaraðild og vottorð gefin út í því sambandi. Þó má gefa út hlutaskírteini í eignarhlutafélögum en þau yrðu ekki viðskiptabréf eins og hlutabréf í hlutafélögum eru almennt.

V. kafli. Hækkun hlutafjár og áskriftarréttindi.

Í lögum um eignarhlutafélög er gert ráð fyrir fáum ákvæðum um áskrift vegna hækkunar hlutafjár enda ekki gert þar ráð fyrir hækkun hlutafjár á grundvelli almenns útboðs. Þá er þar ekki gert ráð fyrir nýmæli um áskriftarréttindi eins og í hlutafélagalögum.

VI. kafli. Lántaka með sérstökum skilyrðum.

Í aðaldráttum er gert ráð fyrir samsvarandi reglum um eignarhlutafélög og hlutafélög.

VII. kafli. Lækkun hlutafjár.

Í meginatriðum verða sömu reglur um eignarhlutafélög og hlutafélög.

VIII. kafli. Eigin hlutir.

Ákvæði hlutafélagalaganna verða mun ítarlegri.

IX. kafli. Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd.

Í eignarhlutafélögum er auk meirihlutakosningar aðeins gefinn kostur á hlutfallskosningu en ekki margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Einn eða tveir menn geta setið í stjórn eignarhlutafélags séu hluthafar fjórir eða færri en minnst þrír skulu ávallt sitja í stjórn hlutafélags. Í eignarhlutafélögum eru einnig gerðar vægari kröfur þannig að í eins manns stjórn í þeim félögum getur stjórnarmaðurinn jafnframt verið framkvæmdastjóri. Fleiri sérákvæði eru varðandi eins manns stjórn í eignarhlutafélögum þar sem stjórnandi getur tekið ákvarðanir án þess að halda stjórnarfundi. Í þeim félögum er ekki talin þörf á ákvæðum um fulltrúanefnd.

X. kafli. Hluthafafundir.

Í eignarhlutafélögum eins aðila kemur hluthafinn í stað hluthafafunda. Þarf því ekki að halda hluthafafundi, þar á meðal aðalfundi, í þessum félögum. Ákvarðanataka verður því einfaldari en í hlutafélögum. Þá skal boðun til hluthafafundar í eignarhlutafélögum almennt vera skrifleg til allra hluthafa sem skráðir eru í hlutaskrá. Unnt er að falla frá þeirri formreglu og öðrum formreglum varðandi boðun til hluthafafunda í eignarhlutafélögum að vissum skilyrðum uppfylltum.

XI. kafli. Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.

Samsvörun er á milli reglna um eignarhlutafélög og hlutafélög. Endurskoðun bókhaldslöggjafar, sem undirbúin er í fjármálaráðuneytinu, kann að leiða til breytinga á ákvæðum laganna.

XII. kafli. Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.

Í eignarhlutafélögum er gert ráð fyrir vægari kröfum varðandi skýrslu stjórnar og skil á óstyttum ársreikningum til hlutafélagaskrár en í hlutafélögum er gert ráð fyrir því að ætíð skuli senda skránni óstyttan ársreikning nema undantekning sé gerð þar frá. Endurskoðunarstarf fjármálaráðuneytisins vegna bókhaldslöggjafarinnar kann að leiða til breytinga á lögunum.

XIII. kafli. Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.
Ákvæði um eignarhlutafélög og hlutafélög samsvara hvor öðrum.

XIV. kafli. Félagsslit.
Félagsslitaástæður verða færri í lögum um eignarhlutafélög en lögum um hlutafélög vegna mismunandi reglna í lögum. Það verða ekki félagsslitaástæður í eignarhlutafélagalögunum að hluthafar í þeim félögum verði færri en tveir eða félögin hafi ekki framkvæmdastjóra. Þá þarf að halda hluthafafund í eignarhlutafélagi ef félagið tapar öllu hlutafé sínu en í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir að slíkan fund þurfi að halda ef hlutafélag tapar helmingi hlutafjárins.

XV. kafli. Samruni, breyting hlutafélags í eignarhlutafélag og skipting.
Í hlutafélagalögunum er gert ráð fyrir sérstökum matsmönnum í tengslum við skýrslu um samrunaáætlun en í eignarhlutafélagalögunum endurskoðanda. Þá eru ákvæði um skiptingu félaga ekki tekin upp í eignarhlutafélagalög. Í lögum um eignarhlutafélög geta hluthafar, sem eiga 25% eða meira af hlutafénu, gert þá kröfu að samþykki hluthafafundar en ekki stjórnar þurfi til samruna í yfirtökufélagi (5% í hlutafélagalögunum).

XVI. kafli. Skaðabætur o.fl.
Gert er ráð fyrir samsvarandi reglum um skaðabætur o.fl. í lögunum um hlutafélög og lögunum um eignarhlutafélög.

XVII. kafli. Útibú erlendra hlutafélaga.
Hlutafélagaskrá getur veitt undanþágu frá því að senda þurfi skránni ársreikninga aðalfélags og útibús þegar um eignarhlutafélög er að ræða.

XVIII. kafli. Skráning hlutafélaga.
Ákvæðin um birtingu í Lögbirtingablaði eru ekki eins ítarleg varðandi eignarhlutafélög og hlutafélög.

XIX. kafli. Refsingar o.fl.
Færri refsiákvæði verða í lögum um eignarhlutafélög en lögum um hlutafélög vegna ráðgerðs mismunar á lögunum um félögin.

XX. kafli. Gildistaka laganna o.fl.
Gert er ráð fyrir að í lögum um eignarhlutafélög verði sérákvæði um samlagshlutafélög. Ákvæði þessa kafla þarfnast að öðru leyti ekki skýringar hér.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

A-liður. Liður þessi byggir á 3. mgr. 1. gr. gildandi laga um hlutafélög, nr. 32/1978, með síðari breytingum (hfl.). Helstu breytingar eru þær að lágmarksfjárhæð hlutafjár hækkar mjög þar eð hlutafélagalögunum er nú ætlað að ná til stærri tegundar hlutafélaga.

Af 6. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB-ráðsins frá 13. desember 1976 (77/91/EBE), með síðari breytingum, sem er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, leiðir að lágmarkshlutafé í hlutafélögum (public limited liability companies) skal sem meginregla ekki vera undir 25.000 evrópskum mynteiningum (ecu). Á sölugengi 21. janúar 1994 (1 ecu er 81,47 kr.) jafngildir það rúmlega tveimur milljónum kr. Ákvæði 3. mgr. 1. gr. hfl. þurfa að taka mið af þessu. Hlutafé er þó hærra samkvæmt frumvarpinu og skal vera minnst fjórar milljónir króna. Síðan skal unnt með reglugerð að breyta lágmarkinu með hliðsjón af breytilegu gengi Evrópumyntar. Til samanburðar má nefna að lágmarkið í dönsku lögunum um hlutafélög (aktieselskaper) er einnig rúmt miðað við ofangreinda tilskipun, 500.000 danskar kr. (röskar fimm m.ísl.kr.). Í norsku lagafrumvarpi er lágmarkið enn hærra, ein milljón norskra kr. (tæplega tíu m. ísl. kr.).

Samkvæmt hfl. hefur lágmarkshlutafé vegna stofnunar allra hlutafélaga verið 400.000 kr. Er því að formi til um mikla hækkun, tíföldun, að ræða á lágmarkshlutafé hlutafélaga og þykja ekki rök fyrir því að ganga lengra í frumvarpi þessu. Í þessu sambandi má benda á að lágmarkshlutafé í flestum nýskráðum hlutafélögum hefur að undanförnu verið innan við eina milljón króna. Í reynd getur hlutafé þeirra félaga hér á landi, sem stefnt hafa að miklum umsvifum, þó verið yfir þessari fjárhæð. Þau hlutafélög, sem vilja vera skráð sem hlutafélög eftir breytingar á lögunum um hlutafélög með frumvarpi þessu og hafa lægra hlutafé en fjórar milljónir króna, þyrftu að uppfylla nýju kröfuna um lágmarkshlutafé, sbr. 6. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar með gagnályktun frá 2. mgr. 43. gr. tilskipunarinnar. Ella yrði að skrá þau sem eignarhlutafélög, sbr. ákvæði til bráðabirgða I, en í þeim félögum verður lágmarkið svipað og nú er.

B-liður. Þessi liður tekur mið af 4. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB, sbr. 6. gr. 11. félagaréttartilskipunar EB. Þar kemur m.a. fram að viðkomandi upplýsingar þurfi að vera á eyðublöðum fyrir pantanir.

Um 2. gr.

Breyta þarf skilgreiningu á samstæðu með tilliti til þess að gert verður ráð fyrir tveimur aðaltegundum hlutafélaga hér á landi í framtíðinni í stað einnar tegundar.

Um 3. gr.

A-liður. Hér er veitt heimild til að nota jöfnum höndum orðið stofnsamningur eða stofnskrá. Er þá haft í huga ákvæði frumvarps til laga um eignarhlutafélög sem taka mun til smærri hlutafélaga. Slík félög má einn aðili stofna og getur þá verið rökréttara að nota orðið stofnskrá en stofnsamningur. Orðið stofnskrá gæti haldið sér ef eignarhlutafélagið yrði síðar gert að hlutafélagi með þátttöku margra aðila.

B-liður. Þar eð stofnendur hafa frá 1. mars 1990 aðeins þurft að vera tveir verður að lagfæra seinni málslið 2. mgr. 3. gr. hfl. þar sem kveðið var á um að heimilisfesti meiri hluta stofnenda hér á landi skyldi vera minnst eitt ár. Ekki þykir lengur ástæða til að gera kröfu um eins árs búsetu stofnenda. Slíkt getur m.a. valdið erfiðleikum þegar Íslendingar flytjast búferlum heim. Ákvæðið um heimilisfestina er efnislega sniðið eftir dönsku hlutafélagalögunum sem gerðu ráð fyrir heimild ráðherra, en nú atvinnu- og félagaskrárinnar, til að veita undanþágu.

C-liður. Rétt þykir með tilliti til þróunarinnar í Evrópu að hafa skýra undanþáguheimild þannig að t.d. hlutafélag, sem skráð væri á einhverju hinna Norðurlandanna, geti verið meðal stofnenda hlutafélaga hér á landi.

D-liður. Ákvæði 4. mgr. 3. gr. hfl. verður efnislega óbreytt nema hvað því er bætt við að stofnandi megi ekki hafa farið fram á greiðslustöðvun. Það er í samræmi við dönsku hlutafélagalögin.

Um 4. gr.

Fyrirhuguð ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. hfl. um deili á stofnendum leiðir af i-lið 3. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB. Í 5. tölul. eru síðan tekin upp ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. hfl. með viðbót um tilgreiningu áætlaðs kostnaðar við stofnun félags, sbr. j-lið 3. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins mæla loks fyrir um að í fyrstu ársskýrslu skuli gerð grein fyrir raunverulegum kostnaði við stofnunina.

Um 5. gr.

A-liður. Hér er gert ráð fyrir niðurfellingu á 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. hfl. enda er lagt til að sá töluliður sé tekinn upp með breytingum sem 5. tölul. 4. gr. laganna.

B-liður. Hér er númerum töluliða breytt. Efni ákvæðisins er í samræmi við k-lið 3. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB og þarfnast ekki skýringar.

C-liður. Uppsetningu er breytt og bætt er við kröfu um kennitölu.

D-liður. Meginefni b-liðar 2. mgr. 5. gr. hfl. er fært í nýja grein hfl., 5. gr. a.

E-liður. Gert er ráð fyrir að felldur verði niður c-liður 2. mgr. hfl. um hámark stofnkostnaðar. Tekið yrði á stofnkostnaði annars staðar og ekki þykir ástæða til að kveða á um hámark slíks kostnaðar.

F-liður. Gert er ráð fyrir að uppfyllt verði ákvæði 7. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB. Athyglisvert er að greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé má ekki felast í samningi um að framkvæma verk eða veita þjónustu. Síðasti málsliður um kröfur er úr dönsku hlutafélagalögunum.

G-liður. Efni 3. mgr. 5. gr. hfl. verður í megindráttum í nýrri grein hfl., 5. gr. a.

H-liður. Hér er gert ráð fyrir því að ákvæðið um að vissir samningar, sem ekki er getið í stofnsamningi, séu ógildir, sbr. 4. mgr. 5. gr. hfl., taki ekki einungis til samninga um yfirtöku eða kaup fyrirtækja heldur líka annarra atriða. Þetta er í samræmi við dönsk hlutafélagalög.

Um 6. gr.

Vegna ákvæða 10.–11. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB varðandi m. a. greiðslur hluthafa í öðru en reiðufé er gert ráð fyrir þremur nýjum greinum í hlutafélagalögum, 5. gr. a–c, til að vernda betur hagsmuni hluthafa og lánardrottna. Sérstök hliðsjón er þá höfð af dönsku hlutafélagalögunum. Að nokkru leyti er efni þessara greina þó að finna í 5. gr. hfl.

Í 5. gr. a er kveðið á um skýrslu sérfræðinga (matsgerð) varðandi greiðslu til félagsins með öðrum verðmætum en reiðufé. Í 4. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar eru gerðar ákveðnar lágmarkskröfur varðandi verðmætið. Meginatriði b-liðar 2. mgr. 5. gr. hfl. eru tekin upp í töluliðinn. Þá er 3. mgr. 5. gr. hfl. varðandi kaup á fyrirtæki í rekstri í megindráttum tekin upp í 2. mgr. 5. gr. a.

Um 7. gr.

Á grundvelli 1. mgr. 10. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB er áskilið að aðilar þeir sem skýrslu gera séu óháðir og sérfróðir. Hér getur t.d. verið um að ræða löggilta endurskoðendur. Að öðru leyti þarfnast 5. gr. b ekki skýringar hér.

Um 8. gr.

Ákvæði 5. gr. c leiðir af 11. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB. Tekur ákvæðið til öflunar verðmæta á fyrsta ári eftir gerð stofnsamnings enda séu verðmætin a.m.k. 1/10 hlutafjárins. Skulu óháðir sérfræðingar, einn eða fleiri, m.a. gera skýrslu um öflun verðmætanna og hluthafafundur samþykkja ráðstöfunina. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um öflun verðmæta sem lið í venjulegum viðskiptaráðstöfunum félagsins, öflun þeirra á verðbréfaþingi ellegar öflun þeirra fyrir tilstilli eða undir eftirliti handhafa framkvæmdarvalds eða dómsvalds.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta leiðir af d-lið 2. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 10. gr.

A-liður. Þetta ákvæði þarfnast ekki skýringar.

B-liður. Hlutafélagaskrá hefur séð um skráningu hlutafélaga í umboði ráðherra. Eðlilegt er að mótmælum þeim sem hér um ræðir sé komið beint á framfæri við hlutafélagaskrá.

Um 11. gr.

Vegna fyrirhugaðra breytinga með frumvarpi þessu þykir texti sá sem tillaga er gerð um hér nákvæmari.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um að greiðsla hlutar megi ekki nema minna en nafnverði hans eins og er í dönsku hlutafélagalögunum. Felld eru niður orðin „að frádreginni sannanlegri söluþóknun allt að 10%“.

Um 13. gr.

A-liður. Þar eð vextir einstakra banka og sparisjóða af innstæðum á almennum sparisjóðsreikningum, þar sem fé er ekki bundið, eru hinir sömu um land allt þykir ekki rétt að miða við hæstu vexti „þar sem félagið á heimili“. Seðlabanki Íslands birtir mánaðarlega yfirlit yfir vexti þá sem hér um ræðir.

B-liður. Breyting þessi tekur mið af breytingum á réttarfarslöggjöf hér á landi.

Um 14. gr.

A-liður. Hér er gert ráð fyrir því að aðili greiði hlut, sem hann hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags, að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá skráningu félagsins í stað þriggja ára. Í danskri hlutafélagalöggjöf hefur fresturinn nýlega verið felldur niður en þar var hann eitt ár. Þykir þriggja ára tími of langur hér á landi. Í þessu sambandi skal tekið fram að unnt kann að vera að greiða skuld með viðskiptabréfi ef skilyrði um greiðslu í öðru en reiðufé eru uppfyllt.

B-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

A-liður. Frestur til að greiða hluti vegna hækkunar hlutafjár er styttur úr þremur árum í eitt ár í samræmi við ákvæði frumvarpsins um greiðslu hluta sem aðili hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags.

B-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Hér er leiðrétt tilvísun í greinarnúmer.

Um 17. gr.

A-liður. Hentugra þykir að tala um hluti en hlutabréf þar sem því verður við komið.

B-liður. Þar eð um erlenda eignaraðild í hlutafélögum hér á landi getur verið að ræða þykir réttara að tala um viðskipti milli aðila í félögunum en ekki milli íslenskra aðila. Jafnframt er lagt til að eigi megi leggja hömlur á viðskipti með hluti ef hluthafar eru 100 eða fleiri en í lögunum er nú miðað við 200 eða fleiri. Með þessari breytingu yrði miðað að því að auka þátttöku almennings í fleiri hlutafélögum en nú er.

Um 18. gr.

A-liður. Hér kemur hlutur í stað hlutabréfs.

B-liður. Hér eru ógildisákvæði á samþykktum um reikningsgrundvöll kaupverðs ekki eingöngu miðað við þau leiði til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina heldur geta einnig bersýnilega ósanngjarnir skilmálar að öðru leyti leitt til ógildis. Breytingin er í samræmi við breytingu á dönsku hlutafélagalögunum.

Um 19.–21. gr.

Ákvæði 19.– 21. gr. frumvarpsins eiga sér að hluta til fyrirmynd í 131. gr. hfl. sem varðar innlausnarskyldu og innlausnarrétt þegar móðurfélag á meira en 9/10 hlutafjár í dótturfélagi. Hér er þó höfð hliðsjón af breytingum á dönskum hlutafélagalögum í árslok 1992. Eru ákvæðin því ítarlegri og ekki lengur miðuð við eignarhluta móðurfélags í dótturfélagi heldur það að hluthafi eigi meira en 9/10 hlutafjár í félagi. Ákvæði fyrirhugaðrar 20. gr. b í hfl. eru þó mun styttri hér en í dönsku lögunum.

Ákvæði um innlausnarrétt er einnig að finna í 20. gr. hfl., í þeim tilvikum er stjórn félags synjar um samþykki sitt til sölu eða annars framsals á hlutum þar sem samþykki er áskilið, svo og í 128. gr. hfl. sem fjallar um innlausnarrétt hluthafa í því félagi eða félögum sem sameinuð eru öðrum er hafa greitt atkvæði gegn samruna eða sameiningu í nýtt félag. Þá má vísa í 2. mgr. 114. gr. hfl. um innlausn á grundvelli dóms.

Með ofangreindri breytingu á hlutafélagalögunum, sem er víðtæk, svo og nokkrum breytingum á ákvæðum um innlausnarrétt í eignarhlutafélögum, er gengið til móts við þingsályktun Alþingis frá 19. mars 1992 um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög. Breytingarnar ganga þó ekki eins langt og í tillögu EB að 13. félagaréttartilskipun ráðsins um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð enda búist við að sú tillaga kunni að taka ýmsum breytingum. Í almennum athugasemdum hér að framan (þættinum um félagaréttarákvæði EES-samningsins) er nánar fjallað um tillögu EB.

Um 22. gr.

A-liður. Hér er bætt við að í hlutabréfi skuli greina kennitölu félags en fellt er niður að geta þurfi skráningarnúmers enda eru slík númer ekki fyrir hendi.

B-liður. Hér er bætt við að greina skuli í hlutabréfi, á grundvelli ákvæða í félagssamþykktum, heimild til að ógilda hlutabréf án dóms. Þetta er í samræmi við danska hlutafélagalöggjöf.

C-liður. Samkvæmt frumvarpinu er ekki gerð krafa til þess að einn stjórnenda a. m. k. riti nafn sitt undir hlutabréf með eigin hendi. Er gert ráð fyrir því að nafnritun geti verið með öðrum hætti, þ.e. vélrænum hætti, þar á meðal stimpli. Sama gildir um bráðabirgðaskírteini, verði þessi breytingartillaga samþykkt, á grundvelli tilvísunar 1. mgr. 22. gr. hfl. í 21. gr. laganna.

D-liður. Hér er nýtt ákvæði um fyrirvara sem vera skal í hlutabréfum ef nánar tilteknar breytingar kunna að verða á réttarstöðu hluthafa eftir útgáfu bréfanna. Rétt þykir að undirstrika þennan möguleika með þessum hætti eins og gert er í dönsku hlutafélagalögunum.

E-liður. Ákvæði þessa liðar tengjast b-lið um ógildingu hlutabréfs án dóms. Er hliðsjón höfð af dönsku hlutafélagalöggjöfinni og ákvæðum laga um viðskiptabanka ef innlánsskilríki glatast.

Um 23. gr.

A-liður. Ekki er lengur gerð krafa til þess að hlutaskrá skuli færð í bók er ráðherra löggildir. Hins vegar er bætt við heimild til að tölvuskrá hlutaskrána.

B-liður. Nafni eiganda að hlut skal fylgja kennitala. Nafnnúmer eru ekki lengur notuð og skráningarnúmer hafa ekki verið notuð.

C-liður. Orðalag varðandi tilkynningu eigendaskipta er hér einfaldað.

Um 24. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 25. gr.

Hér er gert ráð fyrir nýrri fyrirsögn á V. kafla hfl. vegna fyrirhugaðra breytinga með upptöku ákvæða um áskriftarréttindi.

Um 26. gr.

Samkvæmt þessari grein frumvarpsins þarf ekki aðeins að gera grein fyrir ástæðum ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa við hækkun hlutafjár heldur skal einnig rökstyðja tillögur um áskriftargengi. Þetta leiðir af 4. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 27. gr.

A-liður. Tekið er tillit til þess að viðskipti með hlutabréf í íslenskum hlutafélögum takmarkast ekki við viðskipti milli íslenskra aðila.

B-liður. Ákvæði 2. mgr. 28. gr. hfl., þess efnis að ákveða megi í samþykktum að aðeins sumir hlutir hafi forgangsrétt til áskriftar, virðist ekki geta staðist með tilliti til b-liðar 2. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

C-liður. Hér eru sett ákvæði um forgangsrétt hluthafa til áskriftar fyrir hlutum í þeirra eigin flokkum en jafnræði skal gilda innan flokkanna. Síðan geta hluthafar í öðrum flokkum að þeim frágengnum nýtt sér forgangsrétt til áskriftar. Ákvæði þetta byggist á b-lið 2. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

D-liður. Málsgreinanúmer breytast.

Um 28. gr.

A-liður. Í stað þess að miða frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar við framlagningu áskriftarskrár er lagt til að miðað verði við tilkynningu til hluthafa um ákvörðun um hækkun hlutafjárins. Hér er tekið mið af 3. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

B-liður. Orðinu útboðsgengi er breytt í gengi þar sem það þykir nákvæmara. Í raun er um áskriftargengi að ræða.

C-liður. Hér er bætt við að í ákvörðun um hækkun hlutafjár skuli greina frá áætluðum kostnaði félagsins vegna hækkunarinnar. Slíkt er ekki skylt skv. 2. félagaréttartilskipun EB en er gert til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 4. gr. hfl. varðandi tilgreiningu á kostnaði við stofnun félags.

D-liður. Þetta ákvæði tengist fyrirhuguðum 7. tölul. 1. mgr. Mælt er fyrir um tilgreiningu á raunverulegum kostnaði félags vegna hækkunar hlutafjárins í næstu ársskýrslu félagsins á svipaðan hátt og gert er varðandi raunverulegan kostnað við stofnun félags í fyrstu ársskýrslu þess, sbr. fyrirhugaðar breytingar á 4. gr. hfl.

Um 29. gr.

A-liður. Þessi liður geymir nauðsynlegar breytingar vegna fyrirhugaðrar breytingar á 5. gr. hfl. og setningar nýrra greina, 5. gr. a–c. Tekið er mið af 2. mgr. 27. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

B-liður. Ákvæði þetta leiðir af 3. mgr. 27. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 30. gr.

Breytingin í grein þessari þarfnast ekki skýringar. Það má taka fram að 2. mgr. 32. gr. hfl. tekur mið af 3. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 31. gr.

A-liður. Af 26. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB leiðir að greiða þarf, auk fjórðungs hlutafjárauka, allt það sem greiða á umfram nafnverð, í stað minnst fjórðungs nafnverðs, áður en unnt er að tilkynna hlutafélagaskrá hækkun hlutafjár.

B-liður. Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. og 6. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB er útgáfa áskriftarréttinda heimil í hlutafélögum, sbr. nánar athugasemd við 34.–35. gr. frumvarps þessa. Nánari ákvæði yrðu sett í hlutafélagalögin með því að bæta við þau tveimur nýjum greinum, 38. gr. a og 38. gr. b.

Um 32. gr.

A-liður. Orðinu „útboðsgengi“ er breytt í „gengi“ þar sem það þykir hafa skýrari merkingu.

B-liður. Tilvísun í 30. gr. hfl. er breytt vegna fyrirhugaðra breytinga á lögunum með frumvarpi þessu.

Um 33. gr.

Með breytingunni er greinin færð til nútímahorfs.

Um 34.–35. gr.

Hér er að finna nánari ákvæði um áskriftarréttindi en felast í 3. mgr. 34. gr. hfl. á grundvelli frumvarps þessa. Útgáfa áskriftarréttinda er annar möguleiki til að afla viðbótarfjár en felst í útgáfu breytanlegra skuldabréfa, sbr. 39. gr. hfl., þ.e. töku skuldabréfaláns er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlut í því. Þess má geta að á undanförnum árum hefur orðið algengara en fyrr í Danmörku að stærri hlutafélög gæfu út áskriftarréttindi (warrants) en þau gefa rétt til áskriftar að hlutum við hlutafjárhækkun síðar. Hefur af þessum sökum þótt eðlilegt að setja ákvæði um þetta í hlutafélagalög þar í landi. Má ætla að einnig sé heppilegt að hafa í íslensku hlutafélagalögunum ákvæði um þennan möguleika á öflun fjár.

Taka má fram að í samræmi við 2., sbr. 4. mgr., 25. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB, sbr. og 5.–6. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar, má veita félagsstjórn heimild til að gefa út áskriftarréttindi. Í þeirri grein tilskipunarinnar er heimildin bundin við fimm ár í senn. Taki stjórn ákvörðun þar að lútandi má fjárhæðin ekki vera hærri en sem nemur helmingi hlutafjár í félaginu. Taki hluthafafundur hins vegar ákvörðun um útgáfu áskriftarréttinda er ekki talin þörf á að takmarka fjárhæðina.

Um 36. gr.

A-liður. Hér er fellt niður ákvæði þess efnis að lán megi ekki nema hærri fjárhæð en helmingi hlutafjárins eins og það er á þeim tíma er ákvörðun hluthafafundar er tekin. Ef hlutafé er mjög lágt er þetta ákvæði óraunhæft. Danir hafi einnig fellt niður samsvarandi ákvæði í hlutafélagalöggjöf sinni.

B-liður. Hér eru gerðar nauðsynlegar breytingar á orðalagi vegna upptöku ákvæða um útgáfu áskriftarréttinda og skiptingu hlutafélaga. Þá er bætt við tilvísun í 32. gr. hfl. en taka má fram að 2. mgr. þeirrar greinar tekur mið af 3. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB (skrifleg tilkynning til þeirra sem hafa forgangsrétt til áskriftar).

C-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

D-liður. Hér er m.a. kveðið á um að samþykkt hluthafafundar skuli tekin upp í samþykktir félagsins.

Um 37. gr.

Hér er kveðið á um að hluthafafundur geti veitt félagsstjórn heimild til að taka skuldabréfalán er veitir lánardrottni rétt til að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hluti í því, sbr. 39. gr. hfl. Lánsheimild stjórnarinnar takmarkast þó við helming hlutafjár eins og það er á þeim tíma þegar ákvörðun en tekin en gert er ráð fyrir að slík takmörkun gildi ekki um ákvörðun hluthafafundar um töku ákveðins láns á hinn bóginn. Þessi munur tekur mið af 2., sbr. 4. mgr., 25. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB, sbr. og 5.–6. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar. Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringar.

Um 38. gr.

A-liður. Breytt er tilvísun í lagagreinar með hliðsjón af fyrirhugaðri breytingu á hlutafélagalögunum.

B-liður. Rétt þykir að miða hækkun hlutafjár vegna breytingar á skuldabréfum í hluti við skráningardag í hlutafélagaskrá fremur en tilkynningu félagsins til skrárinnar um breytinguna. Taka má fram að í dönsku hlutafélagalögunum er miðað við skráningu. Þá er miðað við skráningu í fleiri tilvikum í lögunum.

Um 39. gr.

Heimild stjórnar samkvæmt þessari grein er bundin við fimm ár eins og gert er í 2. mgr. 35. gr. hfl. (hækkun hlutafjár) og gert er ráð fyrir í 1. mgr. 38. gr. b í hfl. (útgáfa áskriftarréttinda) og 1. mgr. 39. gr. a í hfl. (útgáfa breytanlegra skuldabréfa). Tímatakmarkanir þessar taka mið af 2., sbr. 4. mgr., 25. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB, sbr. og 5.–6. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar.

Um 40. gr.

A-liður. Hér er fellt niður að vísa til 16. gr. laganna þar eð þar er ekki um eiginlega hlutafjárlækkun að ræða heldur leiðréttingu á eignaraðild hluthafa. Slíkt fellur utan ramma 30. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

B-liður. Á grundvelli 2. mgr. 30. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB þarf að greina frá því þegar boðað er til hluthafafundar hverjar séu ástæður til lækkunar hlutafjár og hvernig lækkunin eigi að fara fram. Hluthafafundur skal taka ákvörðun með auknum meiri hluta, sbr. 1. mgr. 76. gr. hfl. varðandi atkvæðagreiðslu um breytingu á félagssamþykktum.

C-liður. Í þessum málslið er bætt við orðunum „eftir því sem við á“ þar eð tilvísun í 2. mgr. 27. gr. hfl., sem snertir hækkun hlutafjár, á ekki við nema að breyttu breytanda um lækkun hlutafjár.

D-liður. Hér er bætt við tilvísun til 1. mgr. 147. gr. hfl. þar sem segir að breytingar á félagasamþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skuli tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögunum.

Um 41. gr.

A-liður. Hér er lagt til að hlutafélagaskrá geti úrskurðað eftir ósk aðila hvort framboðin trygging fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna við lækkun hlutafjár sé nægileg, ekki ráðherra. Þetta er í samræmi við framkvæmd hlutafélagalaganna. Í 1. mgr. 145. gr. þeirra segir að viðskiptaráðherra haldi hlutafélagaskrá en starfslið hlutafélagaskrár sér um framkvæmd mats á framboðinni tryggingu. Þykir eðlilegt að taka mið af þeirri staðreynd.

B-liður. Tekið er fram hér að hlutafélagaskrá veiti undanþágu frá innköllunarskyldu í tengslum við hlutafjárlækkun en ekki ráðherra. Jafnframt er það skilyrði ekki talið nægja að félag sanni að það eigi fyrir skuldum heldur er því skilyrði bætt við að ljóst þurfi að vera að kröfuhafar félagsins bíði ekki tjón af undanþágu frá innköllunarskyldunni. Þetta tvennt þarf ekki að fara saman.

Um 42. gr.

Á grundvelli 36. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB og með hliðsjón af dönsku hlutafélagalögunum eru hér sett ítarlegri ákvæði um lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum (á dönsku amortisation). Einkum er um að ræða nákvæmari skilyrði fyrir lækkun hlutafjárins án þess að innköllun eigi sér stað skv. 44. gr. hfl. Í þessu sambandi má vísa sérstaklega til d-liðar 1. mgr. 36. gr. tilskipunarinnar, sbr. og fyrirhugaða 46. gr. f í frumvarpi þessu.

Um 43.–50. gr.

Í 43.–50. gr. frumvarpsins, sem verða 46. og 46. gr. a–f í hfl., eru sett ítarlegri ákvæði um eigin hluti en er að finna í hlutafélagalögunum nú. Hin nýju ákvæði eru byggð á 18.–24. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB og hliðsjón er höfð af dönsku hlutafélagalögunum. Er ákvæðunum ætlað að girða fyrir að félög eignist eigin hlutabréf til tjóns fyrir félagið, hluthafa og lánardrottna.

Um 43. gr.

Þessi grein tekur mið af 1. mgr. 19. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 44. gr.

Þessi grein byggir á 2. mgr. 19. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 45. gr.

Þessi grein tekur mið af 20. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 46. gr.

Um ákvæði þessarar greinar má vísa til d-liðar 1. mgr. 19. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 47. gr.

Þessi grein tekur mið af 2. mgr. 20. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB. Athyglisvert er að í þessum tilvikum er frestur til að losa félag við hluti þrjú ár í stað þriggja mánaða í gildandi hlutafélagalögum.

Um 48. gr.

Samkvæmt þessari grein skal félag láta hluti, sem það hefur eignast andstætt ákvæðum nýrrar 46. gr. c í hfl. (46. gr. frumvarpsins) af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að það eignaðist þá. Hér er byggt á 21. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB. Þó er tímamark til leiðréttingar sex mánuðir eins og er í dönsku hlutafélagalögunum en ekki ár eins og er í tilskipuninni. Er þá hafður í huga þriggja mánaða frestur gildandi hlutafélagalaga.

Um 49. gr.

Grein þessi tekur mið af 3. mgr. 20. gr., svo og 21. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 50. gr.

Þessi grein tekur mið af 18. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 51. gr.

A-liður. Hér eru gerðar strangari kröfur en verið hefur um fjölda stjórnarmanna, þrjá menn hið fæsta eins og var með lögum um hlutafélög, nr. 32/1978, þar til þeim var breytt með lögum nr. 69/1989, þ.e. á tímabilinu 1. janúar 1980–1. mars 1990.

Með breytingunni á lögunum var heimilað, væru hluthafar tveir til fjórir, að stjórnina skipuðu einn eða tveir menn og síðan kæmi varamaður. Hluthafar máttu vera minnst tveir í stað minnst fimm áður. Þar eð gert er nú ráð fyrir tveimur lögum um mismunandi stór félög, annars vegar lögum um hlutafélög fyrir stærri hlutafélög og hins vegar lögum um eignarhlutafélög fyrir minni hlutafélög, þykir unnt að gera kröfu til þess að minnst þrír menn sitji í stjórn stærri hlutafélaga, þ.e. á grundvelli þessara laga. Slíkt er í samræmi við ákvæði dönsku hlutafélagalaganna. Þar þurftu til skamms tíma minnst að vera þrír menn í stjórn þótt einn hluthafi gæti minnst verið í félagi en samkvæmt breytingu á lögunum í árslok 1992 getur jafnvel einn aðili nú stofnað félag í stað þriggja. Samkvæmt íslensku hlutafélagalögunum skulu stofnendur vera tveir hið fæsta, sbr. 2. mgr. 3. gr. hfl., og hluthafar sömuleiðis tveir hið fæsta, sbr. 1. mgr. 17. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. hfl.

B-liður. Gert er ráð fyrir að allir þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, séu kosnir á sama hluthafafundi. Er ákvæðið nauðsynlegt til að tryggja framkvæmd ákvæðanna um margfeldis- og hlutfallskosningar en ekki var hugað að samningu þess þegar kosningaákvæðunum var skotið inn í meðförum Alþingis á sínum tíma. Er eðlilegt að hluthafar geti haft áhrif í samræmi við hlutafjáreign og nýir hluthafar þá sem fyrst áhrif í samræmi við hlutdeild sína. *C-liður.* Í þessum lið er lýsing á því hvernig kjósa skuli í stjórn og hvernig uppgjöri slíkra kosninga skuli háttað. Boðið er upp á þrenns konar kosningaaðferð, meirihlutakosningu, hlutfallskosningu og margfeldiskosningu. Sé ekki annað tekið fram í samþykktum félags skal kosið meirihlutakosningu en tiltekinn minni hluti hluthafa getur þó krafist hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar.

Hugtakið hlutfallskosning er ekki einhlítt og því eru hér tekin af tvímæli með því að lýsa aðferðinni sem hér er átt við (en hún er kennd við d'Hondt í ritum um kosningafræði). Til samanburðar er hinum kosningareglunum jafnframt lýst.

Til glöggvunar skal tekið talnadæmi til útskýringar á kosningareglunum. Gert er ráð fyrir að kjósa skuli fimm stjórnarmenn og að fram komi þrjú framboð: A-listi með nöfnum fimm manna, B-listi, sem hefur einungis tvö nöfn, og að lokum framboð Jóns Jónssonar sem samkvæmt lagagreininni skoðast sem sérstakur framboðslisti, C-listi, með þessu eina nafni.

Sé kosið meirihlutakosningu og falli atkvæði þannig að A-listi hljóti stuðning handhafa 480 hluta, B-listi 600 hluta og að lokum hljóti Jón Jónsson eða C-listi fylgi 260 hluta fær atkvæðaflesti listinn, B-listi, alla sína menn kjörna. En á listanum eru aðeins tvö nöfn þannig að bjóða þarf aftur fram til þess að kjósa þá tvo stjórnarmenn sem á skortir.

Við hlutfallskosningu og sömu skiptingu atkvæða skal mynda deildir atkvæða með því að deila með 1, 2, 3 o.s.frv. Hjá A-lista verða deildirnar 480, 240, 160, 120 og 96, hjá B-lista 600 og 300 en hjá C-lista einungis deildin 260. Samkvæmt þessu fellur 1. sæti til B-lista (deildin 600), 2. til A (480), 3. aftur til B (300), 4. til C (260) og að lokum það 5. til A-lista (240). Ekki reynir nú á það að B-listinn bauð aðeins fram tvo menn.

Við margfeldiskosningu fær hver hluthafi í raun fimmfalt atkvæði. Verji sérhver þeirra öllum atkvæðum sínum eins og í dæminu um hlutfallskosninguna hér á undan verður úthlutun sæta hin sama. En kjósendur mega skipta atkvæðum sínum að vild. Segjum t.d. að sú breyting yrði á ofangreindum úrslitum að stuðningsmenn B-listans verðu allir tveimur af fimm atkæðum sínum til stuðnings A-lista. Þá kæmi í hlut A-listans atkvæðamagnið 3600 (eða 480 x 5 + 600 x 2) og 1800 (600 x 3) í hlut B-listans en C-listinn fengi stuðning 1300 atkvæða (260 x 5). Nú er þriðja deild A-listans (1200) stærri en önnur deild B-listans (900) þannig að fimmta sætið fer til A-lista en ekki lengur til B-lista.

D-liður. Þessi liður miðar að því að veita minni hluta í fleiri hlutafélögum en nú er rétt til að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna félagsins.

Um 52. gr.

A-liður. Fyrirhugað ákvæði 4. málsl. 2. mgr. 48. gr. laganna, sem er nýmæli, á að tryggja að ekki sé unnt að víkja þeim stjórnarmanni frá störfum sem hlotið hefur kosningu minni hluta í hlutfalls- eða margfeldiskosningu nema samkvæmt skýrum reglum er tryggi rétt minni hlutans. Lagt er með öðrum orðum til að slík tillaga teljist felld ef stjórnarmaðurinn nýtur þess stuðnings sem mundi alltaf nægja í hlutfalls- eða margfeldiskosningu til að tryggja honum sæti í stjórn hvernig svo sem önnur atkvæði skiptust milli framboðslista (hér er hugsanlegt hlutkesti túlkað stjórnarmanni í vil).

B-liður. Í vissum tilvikum þarf að óska eftir tilnefningu á nýjum stjórnarmanni í stað þess að kjósa hann þegar stjórnarmaður hættir og varamaður er ekki fyrir hendi. Er þessu bætt við til samræmis við 1. mgr. 48. gr. hfl.

C-liður. Þetta ákvæði er sett til að girða fyrir réttarfarslega erfiðleika við að stefna félagi sem er án stjórnar en á þetta hefur reynt. Er kveðið á um að þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum skoðist formlega í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

Um 53. gr.

Þar eð hér er um að ræða stærri tegund hlutafélaga, og með hliðsjón af d-lið 2. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB, er hér kveðið á um fjölda framkvæmdastjóra. Þeir skulu vera einn til þrír nema samþykktir félagsins kveði á um annað, sbr. fyrirhugaðan 13. tölul. 2. mgr. 6. gr. laganna um hlutafélög, nr. 32/1978. Samkvæmt þeim lögum var stjórn skylt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra í hlutafélögum þar sem hlutaféð fór yfir ákveðna fjárhæð. Þetta ákvæði var síðan fellt niður með lögum nr. 69/1989 í stað þess að breyta tilvísun í fjárhæðir. Vegna framangreinds ákvæðis tilskipunarinnar virðist þó óhjákvæmilegt að kveða á um skyldu til að hafa einn til þrjá framkvæmdastjóra í þessari tegund hlutafélaga.

Í 2. mgr. er kveðið á um að meiri hluti stjórnar skuli vera menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu. Svipað ákvæði var í 2. mgr. 49. gr. gildandi laga um hlutafélög nr. 32/1978 en var fellt niður með lögum nr. 69/1989. Rétt þykir á hinn bóginn að gera þessa kröfu nú. Í því sambandi er höfð hliðsjón af dönsku hlutafélagalögunum og vissri samsvörun í dönsku eignarhlutafélagalögunum, svo og tillögu EB um 5. félagaréttartilskipunina þar sem gert er ráð fyrir fullum persónuaðskilnaði stjórnar og framkvæmdastjóra, framkvæmdastjórar séu með öðrum orðum ekki jafnframt stjórnarmenn. Hér má benda á að í 2. málsl. 1. mgr. 54 gr. hfl. stendur efnislega að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann í stærri félögum.

Um 54. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er leiðrétt tilvísun í almenn hegningarlög.

Í 2. málsl. 1. mgr. er það nýmæli að takmarkaður er réttur manna til að sitja sem stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í hlutafélögum í vissum undantekningartilvikum (ítrekað gjaldþrot hlutafélags eða eignarhlutafélags í sams konar eða svipuðum rekstri) og felur slíkt í sér hlutlæg viðurlög. Undanþáguheimild hlutafélagaskrár skv. 3. málsl. 1. mgr. kann að verða nýtt t.d. ef viðkomandi hefur tekið sæti í stjórn á sérstökum erfiðleikatímum til að gæta hagsmuna lánardrottna, t.d. banka, eða til að freista þess að koma félaginu úr erfiðleikunum. Frestdagur sá sem um er rætt er skilgreindur í 2. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. og telst vera sá dagur er héraðsdómara berst beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga eða krafa um gjaldþrotaskipti.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir sams konar reglum og í dönsku hlutafélagalögunum og norsku hlutafélagafrumvarpi vegna aðlögunar að EES-samningnum. Þetta á m.a. við um það að ekki er lengur krafist búsetu meiri hluta stjórnarmanna hér á landi heldur minnst helmings. Eignaraðild kann að skiptast jafnt milli Íslendinga og útlendinga þannig að hugsanlegt er að fjöldi stjórnarmanna standi á jöfnu. Áfram verður fyrir hendi undanþáguheimild ráðherra varðandi búsetu. Nýmæli er hins vegar að heimilisfesti ríkisborgara ríkis, sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, í EES-ríki er lögð að jöfnu við heimilisfesti hér á landi. Samsvarandi ákvæði er í danskri auglýsingu nr. 463 frá 18. júní 1991 og grein 9/7 í norska hlutafélagafrumvarpinu.

Um 55. gr.

A-liður. Hér er um smábreytingar að ræða. Hlutabréfaeign verður hlutaeign, hlutafélagasamstæða verður samstæða og hlutabréf verða hlutir.

B-liður. Rétt þykir að hafa hér samsvarandi ákvæði og eru í dönsku hlutafélagalögunum sem heimila ekki stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum spákaupmennsku með hluti. Dómstólar meta í hverju tilviki með tilliti til allra aðstæðna hvað teljist spákaupmennska. Hér má nefna að í 1. gr. nýlegs frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti var spákaupmennska skilgreind svo: „Kaup eða sala verðbréfa, sem talin eru verulega áhættusöm, í því skyni að öðlast skjótfenginn hagnað í kjölfar verðhækkunar eða verðlækkunar verðbréfanna.“ Skilgreiningin var ekki tekin inn í lögin um verðbréfaviðskipti, nr. 9/1993, enda kann hún að orka tvímælis. Í því sambandi má nefna að í danskri fræðibók segir að kaup á bréfum í von um mikinn hagnað séu ekki í sjálfu sér skilgreind sem spákaupmennska. Hins vegar geti það talist spákaupmennska ef hlutabréf eru keypt eða seld í þeim tilgangi að hafa áhrif á gengi þeirra á grundvelli eftirspurnarreglunnar og þá í því skyni að hagnast á slíku.

Um 56. gr.

Breytingarnar í þessari grein taka mið af því að alltaf sé framkvæmdastjóri í hlutafélögum sem verða nú stærri tegund hlutafélaga. Í gildandi lögum var ekki gert ráð fyrir því að framkvæmdastjóri skyldi ráðinn í öllum hlutafélögum heldur einungis hinum stærri.

Um 57. gr.

Rétt þykir að upplýsingaskylda móðurfélags gagnvart dótturfélagi sé ekki aðeins bundin við tilkynningu um að samstæða hlutafélaga hafi verið mynduð. Skal skyldan einnig ná til mála sem varða samstæðuna í heild og tilkynna skal fyrirhugaðar ákvarðanir sem skipta dótturfélagið máli áður en endanleg ákvarðanataka fer fram. Samsvarandi grein hefur verið bætt inn í dönsku hlutafélagalögin.

Um 58. gr.

A-liður. Felld er niður tilvísun í 49. gr. hfl. vegna breytinga á henni. Nánar má vísa í athugasemd vegna fyrirhugaðrar 2. mgr. 49. gr. hfl. varðandi tillögu EB um 5. félagaréttartilskipunina sem gengur lengra en gildandi hlutafélagalög hvað snertir persónuaðskilnað stjórnar og framkvæmdastjóra. Ákvæði um tilvísun í 3.–5. mgr. 47. gr. er nýmæli. Það felur í sér að ekki er unnt að rýra þann rétt sem minni hluti hefur til að knýja fram hlutfalls- eða margfeldiskosningu með því að ákveða í samþykktum að hluthafafundir kjósi formann sérstaklega.

B-liður. Hér er kveðið skýrt á um það að formaður sjái til þess að allir stjórnarmenn séu boðaðir til stjórnarfunda.

C-liður. Hér er tekið upp ákvæði úr dönskum hlutafélagalögum og eignarhlutafélagalögum sem var ekki á sínum tíma tekið upp í íslensku hlutafélagalögin. Felur það í sér að félagsstjórn skuli setja sér starfsreglur þar sem nánar skuli kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Getur slíkt ákvæði stuðlað að því að stjórnarmenn í félögum geri sér ljósari ábyrgð sína og skyldur.

Í þessu sambandi má nefna að í árslok 1992 var eftirfarandi sérákvæði bætt við í dönsku hlutafélagalögunum um ákveðna tegund hlutafélaga:

„Séu hlutabréf félaga skráð á verðbréfaþingi Kaupmannahafnar skulu starfsreglurnar a.m.k. geyma:

1. ákvæði um skipan stjórnarinnar og ályktunarhæfi, svo og hversu oft halda skuli fundi;
2. leiðbeiningarreglur um skiptingu starfa milli stjórnar og framkvæmdastjóra eða annarra stjórnaraðila, þ.á m. um verktilhögun, heimildir og fyrirmæli;
3. ákvæði um eftirlit stjórnar með því hvernig framkvæmdastjórinn stýrir störfum félagsins og dótturfélaga þess;
4. leiðbeiningarreglur um notkun og færslu bóka, skráa og gerðabóka samkvæmt lögum þessum;
5. ákvæði um að stjórnin taki afstöðu til skipulags félagsins, t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit, tölvukerfi og fjárhagsáætlanir;
6. ákvæði um skyldu stjórnar til að útvega þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hún geti sinnt verkefnum sínum;
7. ákvæði um skyldu stjórnarinnar til að fylgjast með áætlunum, fjárhagsáætlunum og því um líku og taka auk þess afstöðu til skýrslna um greiðslugetu félagsins, pantanamál, meiri háttar ráðstafanir, þær tryggingar sem skipta máli, fjármögnun, peningastreymi og sérstaka áhættuþætti;
8. ákvæði um skyldu stjórnar til að taka afstöðu til efnis endurskoðunarbókar fyrir undirritun hennar;

9. ákvæði um skyldu stjórnar til að athuga bráðabirgðauppgjör félagsins og því um líkt á hverju reikningsári og meta þá m.a. fjárhagsáætlunina og frávik frá henni;
10. ákvæði um skyldu stjórnar til að tryggja að fyrir hendi sé nauðsynlegur grundvöllur undir endurskoðun og taka þá m.a. afstöðu til þess hvort þörf sé á innra eftirliti."

Um 59. gr.

Rétt þykir að stuðla að því að allir stjórnarmenn hafi tök á því að fjalla um mál sem ákvarðanir eru teknar um en ekki einungis mikilvægar ákvarðanir. Breytingin er í samræmi við dönsku hlutafélagalögin. Nægilegt svigrúm til undantekninga felst í orðunum „sé þess kostur".

Um 60. gr.

Á grundvelli 1. og 2. mgr. 9. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB eru sett ítarlegri ákvæði en áður um umboðsreglur en verið hafa í hlutafélagalögunum. Nefna má að 3. mgr. 58. gr. hfl., sem vísað er til í 1. mgr. 61. gr. hfl., tekur mið af 2. mgr. 9. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB.

Að því er varðar 2. tölul. er aðalreglan sú að þriðji maður vinni ekki rétt ef hann veit um heimildarskort, t.d. ef forsvarsmaður félags misnotar stöðu sína og viðsemjandinn veit það.

Um 61. gr.

Þessi grein tekur mið af 8. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB. Er henni ætlað að vernda hagsmuni grandlauss þriðja aðila gagnvart félagi þegar galli er á kjöri eða tilnefningu stjórnarmanna eða ráðningu framkvæmdastjóra.

Um 62. gr.

Rétt þykir að fella niður þá takmörkun á meðferð atkvæðisréttar sem í 3. mgr. 65. gr. hfl. felst þannig að sá sem eignast hefur hlutabréf geti beitt réttindum sínum sem hluthafi um leið og nafn hans hefur verið skráð í hlutaskrá eða hann hefur tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum í samræmi við 1. mgr. 25. gr. hfl. Taka má fram að dönsku hlutafélagalögunum hefur verið breytt í þessa átt og jafnframt að frestur varðandi beitingu atkvæðisréttar þekkist ekki í breskum, frönskum, sænskum og þýskum lögum.

Um 63. gr.

A-liður. Rétt þykir að taka skýrt fram að í móðurfélagi skuli leggja fram samstæðureikning. Þetta er í samræmi við dönsku hlutafélagalögin. Ákvæði þetta tekur mið af 2. mgr. 15. gr. 7. félagaréttartilskipunar EB.

B-liður. Hér er fjallað um kröfu um frestun ákvarðana til framhaldsaðalfundar. Kröfur eru hertar með tilliti til ábendinga um að heimildarákvæðið hafi verið misnotað. Samkvæmt frumvarpinu þarf kröfu frá hluthöfum sem ráða yfir minnst ⅓ hlutafjár í stað ⅕. Þá er fellt niður að geta ákvarðana um málefni sem varða lausn stjórnarmanna o. fl. undan ábyrgð þar eð slíkar ákvarðanir tíðkast ekki.

C-liður. Þessi breytingartillaga tekur mið af 17. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB og tekur til þeirra tilvika þegar félag hefur tapað helmingi af hlutafé sínu. Þá er stjórn félags skylt að grípa til vissra aðgerða. Uppfylltar eru lágmarkskröfur tilskipunarinnar (helmingur hlutafjár tapast) eins og í dönsku hlutafélagalögunum en miða má við lægra hlutfall.

Um 64. gr.

A-liður. Í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á hlutafélagalögunum annars staðar í frumvarpi þessu þykir eðlilegt að hlutafélagaskrá standi að boðun funda í þeim tilvikum sem hér um ræðir. Geta má þess að þannig er framkvæmdinni einnig háttað í Danmörku. Þá er hugtakið „starfandi stjórn“ sett í staðinn fyrir „enga stjórn“ þar eð litið er svo á að stjórn samkvæmt fyrirhugaðri 3. mgr. 48. gr. hfl. sé ekki „starfandi stjórn“ í merkingu þessarar greinar frumvarpsins.

B-liður. Hér er bætt við heimild til að krefjast tryggingar af hálfu þess er biður um fund í hlutafélagi. Þetta leiðir til aðhalds. Til samanburðar má nefna hér 2. mgr. 80. gr. hfl. um þóknun til endurskoðenda og 3. mgr. 92. gr. hfl. um þóknun til rannsóknarmanna.

Um 65. gr.

A-liður. Ákvæði þessa liðar taka mið af 3. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

B-liður. Hér er bætt við til öryggis að í móðurfélagi skuli leggja fram samstæðureikning.

Um 66. gr.

Grein þessi tekur m.a. mið af lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, dönskum hlutafélagalögum og norsku hlutafélagafrumvarpi.

Um 67. gr.

Grein þessi er til samræmis við breytingar á 70. gr. hfl., sbr. 64. gr. frumvarps þessa.

Um 68. gr.

Hér er bætt við tilvísun í 40. gr. hfl. sem fallið hefur niður, svo og nýjar greinar laganna samkvæmt frumvarpi þessu.

Um XI. kafla.

Ákvæði dönsku hlutafélagalaganna um endurskoðun, sem íslensku hlutafélagalögin byggja á, hafa verið felld úr þeim lögum og er nú að finna í danskri bókhaldslöggjöf. Aðlögun fjármálaráðuneytisins á íslenskri löggjöf að bókhaldslöggjöf EES kann að leiða til sömu niðurstöðu hér á landi. Eru því ekki gerðar tillögur um breytingar á endurskoðunarákvæðum hlutafélagalaganna í þessu frumvarpi nema hvað gerðar eru nokkrar tillögur um smábreytingar til samræmis við aðrar breytingar á lögunum með frumvarpi þessu.

Um 69. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að hlutafélagaskrá sjái um tilnefningu endurskoðanda og því um líkt í sérstökum tilvikum. Þetta er í samræmi við tillögur um breytingar á nokkrum öðrum ákvæðum laganna um hlutafélög.

Um 70. gr.

Í búsetuskilyrði þessarar greinar frumvarpsins felst tilvísun til EES-samningsins.

Um 71. gr.

A-liður. Breyttar viðmiðunarreglur um skyldu til að hafa löggiltan endurskoðanda mótast af aðlögun bókhaldslaganefndar fjármálaráðuneytisins að EES-rétti.

B-liður. Til grundvallar breytingunni hér liggja sömu sjónarmið og greint var frá vegna fyrirhugaðra breytinga á 18. gr. hfl., sbr. athugasemd við b-lið 17. gr. frumvarpsins.

C-liður. Hér vísast til athugasemdar við A-lið.

Um 72. gr.

Í framkvæmdinni mundi hlutafélagaskrá sjá um tilnefningu endurskoðanda þess sem hér greinir. Er eðlilegt að tekið sé beint fram í lögunum að hlutafélagskrá annist tilnefningu endurskoðandans. Þetta er til samræmis við nokkrar aðrar breytingar á hlutafélagalögunum.

Um 73. gr.

Hér er fjallað um tilnefningu rannsóknarmanna og því um líkt. Er gert ráð fyrir að hlutafélagaskrá annist störf í þessu sambandi eins og búast mætti við í framkvæmdinni nú.

Um XII. kafla.

Gert er ráð fyrir því að á vegum fjármálaráðuneytisins verði unnið að endurskoðun ákvæða XII. kafla um ársreikning og ársskýrslu stjórnar með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru varðandi aðlögun að EB-rétti á grundvelli EES-samningsins. Í Danmörku hefur samsvarandi kafli, sem íslensku ákvæðin eru byggð á, verið felldur úr hlutafélagalöggjöfinni og í lög um ársreikninga. Hugsanlega verður hið sama uppi á teningnum hér á landi. Í frumvarpi þessu verða þó gerðar tillögur um nokkrar minni háttar breytingar á kaflanum, einkum með hliðsjón af nýju lögunum um samvinnufélög, nr. 22/1991. Þar var byggt á ársreikningsákvæðum hlutafélagalaganna en nokkrar smábreytingar gerðar. Auk þess verða í frumvarpi þessu gerðar tillögur um örfáar smábreytingar með hliðsjón af öðrum breytingum samkvæmt frumvarpinu.

Um 74. gr.

Hér er gerð tillaga um eins orðalag og í 6. mgr. 60. gr. samvinnufélagalaganna.

Um 75. gr.

A-liður. Hér er bætt við eins ákvæði og er í 2. málsl. 1. mgr. 61. gr. samvinnufélagalaganna, þess efnis að meðal skulda skuli sérgreina óskattlagt fjármagn.

B-liður. Orðið hlutir kemur í staðinn fyrir hlutabréf hér sem á nokkrum öðrum stöðum í frumvarpi þessu.

Um 76. gr.

A-liður. Þessi málsgrein er felld niður með hliðsjón af fyrirhugaðri breytingu á 112. gr. hfl., sbr. athugasemdir við 82. gr. frumvarps þessa.

B-liður. Með hliðsjón af fyrirhugaðri niðurfellingu 2. mgr. 100. gr. hfl. og breytingu á 112. gr. hfl. eru hér gerðar nauðsynlegar breytingar á 3. mgr. 100. gr. hfl.

Um 77. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 78. gr.

A-liður. Viðbótin varðandi reglur um framkvæmd endurmats er í samræmi við 6. tölul. 64. gr. samvinnufélagalaganna.

B-liður. Breyting á 7. tölul. er í samræmi við 7. tölul. 64. gr. samvinnufélagalaganna.

C-liður. Hér er ákvæðið fært til samræmis við 12. tölul. 64. gr. samvinnufélagalaganna og því ekki einskorðað við skýringar varðandi kaup eða yfirtöku hluta í móður- eða dótturfélögum heldur einnig öðrum félögum. Þá breytist orðið hlutabréf í hluti.

D-liður. Hér er lítils háttar breyting gerð til samræmis við 13. tölul. 64. gr. samvinnufélagalaganna.

E-liður. Til samræmis við 16. tölul. 64. gr. samvinnufélagalaganna er hér ekki einungis miðað við kröfur á eða skuldir við dóttur- eða móðurfélög heldur og önnur félög sem hlutafélagið á í.

F-liður. Hér eru gerðar nauðsynlegar breytingar vegna fyrirhugaðra breytinga á 100. gr. hfl., sbr. breytingu á 112. gr. laganna.

Um 79. gr.

Frestir til að skila ársreikningum til hlutafélagaskrár eru styttir mest um tvo mánuði almennt en 4–5 mánuði fyrir hlutafélög þar sem hlutabréf og verðbréf lúta opinberri gengisskráningu. Er þá m. a. höfð hliðsjón af dönsku ársreikningslögunum.

Á grundvelli f-liðar 1. mgr. 2. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB þarf að senda ársreikninga til hlutafélagaskrár. Þar eð vissir undantekningarmöguleikar eru fyrir hendi á grundvelli EES-samningsins varðandi skil á ársreikningum með hefðbundnum hætti og þá jafnframt varðandi aðgang að reikningum, sbr. 47. gr. 4. félagaréttartilskipunar EB, þykir rétt að hafa í lögum heimild til handa hlutafélagaskrá til að víkja frá reglunni um skil á óstyttum ársreikningum og almennan aðgang að þeim. Í 47. gr. tilskipunarinnar er nánar tiltekið um að ræða heimild til handa litlum félögum til að birta einungis styttan efnahagsreikning og stytta útgáfu af ársreikningsskýringum. Búast má við að í bókhaldslöggjöf, sem unnið er að, verði tekið nánar á þessum atriðum.

Samsvarandi heimildir og að framan greinir er að finna í dönsku og norsku hlutafélagalögunum en almennur aðgangur er að reikningum, sem skylt er að skila, samkvæmt lögum þessara tveggja ríkja.

Um 80. gr.

Hér er gerð samsvarandi breyting á 1. mgr. 107. gr. hfl. og gerð er á 1. mgr. 14. gr. laganna með 13. gr. frumvarpsins, sbr. 1. mgr. 110. gr. laganna. Vísast hér til athugasemdar við a-lið 13. gr. frumvarpsins.

Um 81. gr.

Orðinu sparisjóðsbækur er breytt í sparisjóðsreikninga. Þykir þetta nákvæmara orðalag nú þar eð bækur eru ekki alltaf gefnar út vegna innstæðna á slíkum reikningum. Tekið skal fram í þessu sambandi að 1. mgr. 110. gr. hfl. er í samræmi við 16. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB.

Um 82. gr.

Hér er gert ráð fyrir nokkrum breytingum til samræmis við breytingar á dönsku hlutafélagalögunum sem íslensku hlutafélagalögin eru byggð á. Að sumu leyti grundvallast breytingarnar á 23. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB svo sem nánar verður greint frá hér á eftir.

Í 1. mgr. er nú gert ráð fyrir því að eigi sé heimilt í hlutafélögum, sem verða nú stærri tegund hlutafélaga á Íslandi, að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félaganna eða móðurfélaga þeirra lán eða setja tryggingu fyrir þá. Sama gildir um maka þeirra eða sambýlisfólk, svo og þá sem þeim eru skyldir að feðgatali eða niðja eða standa þeim að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þetta þykir eðlilegt til að tryggja betur hagsmuni hluthafa og lánardrottna. Ákvæðið tekur til láns á peningum eða ígildi þeirra, t.d. í formi ávísana, víxla, skuldabréfa og hlutabréfa. Takmörkunin nær ekki til venjulegra viðskiptasambanda, t.d. greiðslukortaviðskipta, eða til lána til fyrirtækja sem eru hluthafar ef þau eru liður í viðskiptum og venjubundin bæði í fyrirtækinu og almennt í slíkum fyrirtækjum.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að hlutafélag megi ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða eignarhlutafélag. Að jöfnu við lán er lagt framlag eða trygging af hálfu hlutafélagsins í tengslum við kaup á hlutum. Þessi málsgrein tekur mið af 1. mgr. 23. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB og dönsku hlutafélagalögunum.

Ákvæði 3. mgr. samsvara ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. 112. gr. hfl.

Í 4. mgr. er kveðið á um endurgreiðslur vegna greiðslna félagsins í bága við ákvæði 1. og 2. mgr. Svipar þessu ákvæði til endurgreiðsluákvæðis 1. mgr. 110. gr. hfl.

Í 5. mgr. er kveðið á um ábyrgð ef ekki er unnt að endurgreiða eða afturkalla tryggingu. Svipað ákvæði um ábyrgð er í 2. mgr. 110. gr. hfl.

Í 6. mgr. er að finna ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 112. gr. hfl. með nauðsynlegum breytingum.

Í 7. mgr. eru tekin upp ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 112. gr. hfl. með nauðsynlegum breytingum. Í staðinn fyrir hlutafélagsbanka er talað um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir með hliðsjón af nýlegum breytingum á íslenskri löggjöf.

Í 8. mgr. er að finna ákvæði 2. mgr. 112. gr. hfl. með nauðsynlegum breytingum.

Um XIV. kafla.

Slit hlutafélaga geta verið með ýmsum hætti. Í þessum kafla laganna er fjallað um slit hlutafélaga með gjaldþrotaskiptum (113. gr. hfl.), dómi héraðsdóms (114. gr.), opinberum skiptum (115. gr. og 116. gr.), ákvörðun hlutafélagaskrár (115. gr. a) og skilanefndarmeðferð (117.–125. gr.). Þá má einnig nefna að samruni hlutafélaga, breyting hlutafélags í eignarhlutafélag og skipting hlutafélaga eru sérstakar tegundir félagsslita, sbr. XV. kafla laganna eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt.

Um 83. gr.

Tilvísunin er í lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Um 84. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 85. gr.

A-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

B-liður. Breyta þarf 3. tölul. 1. mgr. þar eð gert er ráð fyrir því í 53. gr. frumvarpsins að í 49. gr. hfl. verði mælt fyrir um skyldu til að hafa framkvæmdastjóra í hlutafélögum.

C-liður. Breytingin hér er gerð með hliðsjón af breytingu á 105. gr. hfl.

Um 86. gr.

Nokkur tilvik koma upp öðru hverju þar sem stjórnarformaður eða aðrir stjórnarmenn hætta störfum án þess að varamönnum sé til að dreifa eða kjörnir séu nýir menn í stað þeirra sem hætta. Getur jafnvel komið til þess að enginn sé skráður stjórnarmaður. Þetta veldur opinberum innheimtuaðilum og öðrum margháttuðum erfiðleikum, ekki síst eftir að þess var nýlega krafist í skiptarétti (nú héraðsdómi) að sett væri 150.000 kr. trygging fyrir beiðni um gjaldþrotaskipti á hverju hlutafélagi í stað lágrar greiðslu áður fyrr. Þykir ekki ástæða til þess með tilliti til opinberra hagsmuna að viðskiptaráðherra eða hlutafélagaskrá standi straum af svo miklum kostnaði vegna aðgerða sem miða að því að óvirk hlutafélög verði á endanum afskráð. Hitt þykir réttara að gefa kost á möguleika á afskráningu með einfaldari en þó öruggum hætti. Breytingartillagan tekur samt ekki einungis til þess ef hlutafélag er án starfandi stjórnar eða endurskoðanda heldur líka til þeirra tilvika að hlutafélagaskrá telji hlutafélag hafa hætt störfum eða að félagið sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar.

Greinin byggir á frumkvæði hlutafélagaskrár í þessum tilvikum andstætt ákvæði til bráðabirgða í lögunum um hlutafélög eins og þeim hefur verið breytt þar sem frumkvæði að afskráningu skal koma frá félagsstjórn. Það ákvæði gildir til 1. mars 1994.

Í sambandi við þessa grein má benda á fyrirhugaða breytingu á 48. gr. hfl. með frumvarpi þessu þar sem m. a. er gert ráð fyrir því, ef félag verður án stjórnar, að þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum skoðist formlega í fyrirsvari fyrir félagið.

Um 87. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 88. gr.

Hlutafélagaskrá hefur í umboði viðskiptaráðherra séð um löggildingu skilanefnda og því um líkt. Hér eru ákvæði laganna löguð að framkvæmdinni.

Um 89.–90. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringar.

Um 91. gr.

Lögð er til breyting á orðalagi með hliðsjón af því að fé er nú ekki einungis unnt að leggja á geymslureikning í viðskiptabanka heldur og öðrum innlánsstofnunum sem heimild hafa til að taka við geymslufé.

Um 92. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 93. gr.

Ákvæði XV. kafla hlutafélagalaganna um samruna eru byggð á dönsku hlutafélagalögunum frá 1973. Ákvæðum dönsku laganna hefur verið breytt síðan á grundvelli 3. félagaréttartilskipunar EB frá 9. október 1978 (78/855/EBE). Í frumvarpi þessu er stuðst við hin nýju ákvæði XV. kafla dönsku laganna eins og þeim hefur verið breytt til ársloka 1992. Sá kafli fjallar ekki aðeins um samruna sem fyrr heldur og breytingu hlutafélags í eignarhlutafélag og skiptingu. Er fyrirsögnum breytt í samræmi við það. Helstu breytingar á grundvelli tilskipunarinnar eru þær að mun ítarlegri ákvæði eru um skilmála vegna samruna en í íslensku hlutafélagalögunum.

Um 94. gr.

Þessi grein tekur mið af 3.–4. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB og fjallar um tvær tegundir samruna, annars vegar samruna með yfirtöku og hins vegar samruna með stofnun nýs félags. Þegar um samruna með yfirtöku er að ræða er annað félagið algjörlega sameinað hinu félaginu, þ.e. með eignum og skuldum, og fyrra félaginu þá slitið. Þegar um samruna með stofnun nýs félags er að ræða er gömlu félögunum slitið. Í báðum tilvikum er um að ræða sérstaka tegund félagsslita.

Af því er varðar 2. mgr. skal tekið fram að eignarhlutafélagið skal metið samkvæmt fyrirhugaðri 5. gr. a í hfl., sbr. 1. mgr. 31. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt með frumvarpi þessu. Ákvæði 2. mgr. 31. gr., sem einnig er gert ráð fyrir að breytt verði með frumvarpi þessu, undanþiggur aðeins að yfirtekið hlutafélag sé metið samkvæmt ákvæðum 5. gr. og 5. gr. a–c í tengslum við hlutafjárhækkun sem leiðir af samrunanum.

Í 3.–4. gr. 3. félagaréttartilskipunarinnar er það skilgreiningaratriði að hluthafar fái minnst 90% í yfirtökufélagi eða nýju félagi í hlutabréfum en mest 10% í reiðufé. Í 30. gr. tilskipunarinnar má þó víkja frá þessu og er þetta skilyrði því ekki sett í greinina. Ekki er heldur byggt á þessari viðmiðun í danskri hlutafélagalöggjöf.

Um 95. gr.

Þessi grein tekur mið af 5. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB. Fjallar hún um þau atriði sem greina skal í samrunaáætlun (drögum að samrunasamningi).

Með skuldabréfum með sérstökum réttindum í 5. tölul. er átt við skuldabréf sem breyta má í hluti.

Með eftirlitsaðilum í 9. tölul. er einkum átt við endurskoðendur.

Um 96. gr.

Ákvæði 1. mgr. taka mið af 9. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB og fjallar um greinargerð stjórnar um samrunaáætlunina.

Ákvæði 2. mgr. taka mið af 11. gr. tilskipunarinnar. Í málsgreininni er kveðið á um sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikning samrunafélaganna og upphafsreikning yfirtökufélags.

Um 97. gr.

Þessi grein tekur mið af 10. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB. Fjallar hún um skriflega skýrslu óháðra, sérfróðra matsmanna um samrunaáætlunina.

Í sambandi við 4. mgr. þessarar greinar má vísa í 13. gr. tilskipunarinnar um vernd hagsmuna lánardrottna, svo og væntanlega 126. gr. g í hlutafélagalögunum, sbr. 101. gr. frumvarps þessa.

Um 98. gr.

Ákvæði þessarar greinar taka að nokkur leyti mið af 6. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB og snerta birtingu í Lögbirtingablaði um undirritun samrunaáætlunar o.fl.

Um 99. gr.

Ákvæði 1. mgr. taka mið af 7. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB, svo og 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Hér er fjallað um töku ákvörðunar um samruna í yfirteknu félagi.

Ákvæði 2. mgr. varðandi töku ákvörðunar um samruna í yfirtökufélagi tekur mið af 8. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði 4. mgr. taka mið af 6. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði 5. mgr. taka mið af 1. og 3. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar, sbr. 8. gr. hennar.

Um 100. gr.

Í þessari grein er fjallað um hugsanlegar skaðabótakröfur hluthafa í yfirteknum félögum vegna ónógs endurgjalds fyrir hluti.

Um 101. gr.

Í þessari grein er tekið mið af 13. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB er fjallar um tiltekna vernd til handa lánardrottnum samrunafélaganna vegna krafna sem stofnast hafa fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlun enda hafi ekki verið sett sérstök trygging fyrir kröfunum.

Í þessu sambandi má vekja athygli á 4. mgr. 97. gr. frumvarpsins sem gert er ráð fyrir að verði 4. mgr. 126. gr. c í lögunum. Þar segir að matsmenn skuli gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum. Jafnframt skal bent á 98. gr. frumvarpsins er verði 126. gr. d í lögunum. Þar segir m.a. að athygli lánardrottna skuli vakin á rétti þeirra þegar matsmenn telja í yfirlýsingu sinni að samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottnanna á fullnustu. Hlutafélagaskrá vekur athygli á samrunaáætlun og yfirlýsingu matsmanna með tilkynningu í Lögbirtingablaði, sbr. 1. mgr. 149. gr. hfl.

Um 102. gr.

Ákvæði 1. mgr. taka mið af 19. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB, sbr. 17. gr. tilskipunarinnar. Málsgreinin fjallar aðallega um það hvenær samruni hafi réttaráhrif.

Frá þeim tíma, er samruni verður, teljast réttindi og skyldur yfirtekins félags runnar í heild sinni til yfirtökufélags. Samtímis telst yfirtekna félaginu slitið og verða hluthafar í því félagi hluthafar í yfirtökufélaginu. Þeir hluthafar, sem fá fulla greiðslu á grundvelli samrunaáætlunar, verða þó ekki hluthafar í yfirtökufélaginu.

Ákvæði 3. mgr. taka mið af 2. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar.

Um 103. gr.

Ákvæði 2. málsl. þessarar greinar taka mið af 18. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB. Að því er varðar 3. málsl. vísast til 16. gr. sömu tilskipunar.

Ekki er tekið upp ákvæði 2. málsl. 129. gr. hfl. þess efnis að ákvörðun um samruna falli úr gildi sé hún ekki tilkynnt hlutafélagaskrá innan tveggja mánaða. Slíkt ákvæði er ekki að finna í samsvarandi grein danskrar löggjafar. Má í þessu sambandi vísa í 1. mgr. fyrirhugaðrar 126. gr. h í hfl. um það hvenær yfirteknu félagi telst slitið. Skaðabóta- og viðurlagaákvæði laganna þykja duga til að sporna við aðgerðaleysi.

Um 104. gr.

Ákvæði þessarar greinar taka mið af 24.–25. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB. Í greininni er fjallað um yfirtöku eins hlutafélags á öðru hlutafélagi sem hið fyrrnefnda á alla hluti í.

Um 105. gr.

Í þessari grein er fjallað um yfirtöku íslenska ríkisins eða íslensks sveitarfélags á öllum eignum og skuldum hlutafélags.

Um 106. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 107. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 108. gr.

Í þessari grein eru nauðsynleg ákvæði um breytingu hlutafélags í eignarhlutafélag.

Um 109. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 110. gr.

Í þessari grein eru nauðsynleg ákvæði til að uppfylla skilyrði 6. félagaréttartilskipunar EB frá 17. desember 1982 um skiptingu hlutafélaga (82/891/EBE). Ákvæði tilskipunarinnar eiga sér ekki samsvörun í íslensku hlutafélagalöggjöfinni. Dönsku hlutafélagalögin, eins og þeim hefur verið breytt til ársloka 1992, eru höfð sem fyrirmynd.

Markmiðið með 6. tilskipuninni er að samræma löggjöf aðildarríkja EB (nú einnig EES-ríkjanna), m.a. að því er varðar vernd til handa hluthöfum, lánardrottnum og þriðja manni við skiptingu hlutafélaga. Enn fremur er stefnt að því að girða fyrir það að farið sé í kringum verndarákvæði á grundvelli 3. félagaréttartilskipunar EB um samruna hlutafélaga.

Að ýmsu leyti gilda svipaðar reglur um skiptingu og samruna hlutafélaga. Með þessari grein verður ljósara eftir hvaða reglum eigi að fara þegar skipulagi hlutafélags er breytt þannig að hluti starfseminnar er skilinn frá félaginu. Verða slíkar breytingar þar með auðveldari. Meðal breytinganna má nefna að unnt er að skylda hluthafa í félagi, sem skipt er, til að taka við hlutabréfum í stað þess sem látið er af hendi við skiptingu og ákveðin er heimild í lögum til skuldaraskipta.

Í 2. gr. 6. tilskipunarinnar er það skilgreiningaratriði að hluthafar félagsins, sem skipt er, fái hlutabréf í viðtökufélögum fyrir a.m.k. 90% af framlögðum verðmætum við skiptingu en mest 10% í reiðufé. Í 24. gr. tilskipunarinnar má þó víkja frá þessu og er þetta skilyrði því ekki sett í greinina. Ekki er heldur byggt á viðmiðun þessari í danskri hlutafélagalöggjöf.

Aðalreglan skv. 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er sú að öllum eignum og skuldum hlutafélags sé skipt, sbr. skilgreininguna í 2. gr. tilskipunarinnar. Í 3. málsl. 1. mgr. er þó að finna undantekningu frá þessu á grundvelli heimildar í 25. gr. tilskipunarinnar. Undantekningin felur í sér að viðtökufélög geta tekið við hluta af eignum og skuldum þess félags sem skipt er.

Í 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er vitnað í ýmsar greinar laganna um hlutafélög eins og þeim verður breytt ef frumvarp þetta verður samþykkt. Þessar greinar snerta aðallega samruna. Markmiðið er m.a. að tryggja hag lánardrottna.

Tilvísanir í einstakar greinar hlutafélagalaganna skulu skýrðar hér í örstuttu máli:

126. gr.: viðtaka á öllum eignum og skuldum við skiptingu hlutafélags;

126. gr. a: gerð skiptingaráætlunar, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar;

1. mgr. 126. gr. b: greinargerðir félagsstjórna um skiptingaráætlun, sbr. 7. gr. tilskipunarinnar;

5. gr. a–c og 1. mgr. 31. gr.: sérfræðiskýrsla um greiðslu í öðru en reiðufé;

2. mgr. 126. gr. b: sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur, svo og upphafsefnahagsreikningur, sbr. c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar;

126. gr. c: skýrsla óháðra, sérfróðra matsmanna um skiptingaráætlunina og endurgjald fyrir hluti, sbr. 8. gr. tilskipunarinnar;

2. mgr. 126. gr. d: birting tilkynningar varðandi skiptingaráætlun, sbr. 4. gr. tilskipunarinnar;

5. mgr. 126. gr. e: framlagning skjala sem hluthafar geta skoðað á skrifstofu síns félags, sbr. 9. gr. tilskipunarinnar;

126. gr. g: hugsanleg setning tryggingar fyrir ógjaldföllnum kröfum í félagi því sem skipt er, sbr. 2. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar;

126. gr. h: réttaráhrif skiptingarinnar, sbr. 15. og 17. gr. tilskipunarinnar;

126. gr. i: tilkynning til hlutafélagaskrár um skiptinguna, sbr. 16. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði 3. mgr. þessarar greinar frumvarpsins taka mið af 3. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar. Viðtökufélögin, svo og félag það sem skipt er og hugsanlega heldur áfram störfum, bera óskipta ábyrgð, ábyrgð til vara, á skuldbindingum þeim sem félag það sem skipt er ber áfram eða viðtökufélögin taka við. Ákveðnar takmarkanir eru settar varðandi fjárhæðina þannig að hún takmarkist við nettóverðmæti þess sem við hafði bæst í nýju félögunum eða var eftir í gamla félaginu þegar skiptingaráætlunin var birt.

Um 111. gr.

Allar greinar XV. kafla laganna um samruna eru felldar niður en með mismunandi hætti, 130.–131. gr. með berum orðum þar eð þær nýttust ekki undir ný ákvæði kaflans, 128. gr. verður 127. gr. en 131. gr. færist framar, sbr. 19.–21. gr. frumvarpsins.

Um 112. gr.

A-liður. Í upptalningu á þeim sem eru taldir bótaskyldir gagnvart félagi vegna starfa sinna fyrir það eru ekki aðeins taldir upp stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur heldur er bætt við matsmönnum og rannsóknarmönnum. Skilanefndarmenn mundu hér falla undir hugtakið stjórnarmenn.

B-liður. Hér er tekið upp ákvæði um bótaskyldu hluthafa gagnvart félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila og er það byggt á dönsku hlutafélagalögunum. Ásetningur þarf að liggja til grundvallar eða stórfellt gáleysi. Gáleysi eitt og sér nægir ekki, sbr. 1. mgr. Eru því gerðar strangari kröfur um bótaskyldu hluthafa en þeirra tilteknu aðila sem starfa fyrir félagið og taldir eru í 1. mgr.

C-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

Um 113. gr.

Orðalagi er breytt hér með hliðsjón af breytingum á gjaldþrotalöggjöfinni.

Um 114. gr.

A-liður. Fremst er tæknileg breyting á tilvísun í grein. Frestir skv. a- og b-liðum til að höfða skaðabótamál eru einnig styttir nokkuð, úr tveimur til þremur árum í tvö ár, þar eð þeir þykja fulllangir.

B-liður. Í b-lið er til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 1. mgr. 132. gr. hfl. bætt við matsmönnum og rannsóknarmönnum sem hugsanlegum tjónvöldum.

Um 115. gr.

Fyrirsögn kaflans er **Útibú erlendra hlutafélaga** þar eð ákvæðin fjalla eingöngu um útibú erlendra félaga en félögin geta stundað starfsemi hér á landi í öðru formi en sem útibú, þ.e. sem sjálfstæð íslensk dótturfélög eða á grundvelli eignarhluta í íslenskum fyrirtækjum, allt með þeim takmörkunum sem gilda, sbr. t.d. bann í fjárfestingarlögum við erlendri fjárfestingu í útgerð hér á landi. Slíkt bann er heimilt samkvæmt EES-samningnum.

Um 116. gr.

Þessari grein er breytt m.a. með hliðsjón af EES-samningnum, einkum 1. og 7. gr. 11. félagaréttartilskipunar EB, svo og með hliðsjón af samsvarandi grein dönsku hlutafélagalaganna. Gerður er greinarmunur á því hvort um er að ræða útibú hlutafélaga í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða öðrum ríkjum.

Þótt sagt sé í grein þessari að erlend hlutafélög geti stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi takmarkast þessi heimild og heimild til atvinnurekstrar í öðru formi en með rekstri útibús af t.d. banni fjárfestingarlaga við fjárfestingu erlendra aðila í útgerð hér á landi. Það bann er, eins og áður er greint frá, í samræmi við undanþágu Íslandi til handa í EES-samningnum.

Í 2. mgr. felst sú breyting að ekki þarf að setja skilyrði um gagnkvæmni, þ.e. ráðherra kann að telja rétt að heimila erlendu félagi, sem á heimili utan Evrópska efnahagssvæðisins, að fjárfesta hér á landi í formi útibús án þess að íslensk félög njóti samsvarandi réttar í heimalandi erlenda félagsins. Efnisrök geta mælt með því og er enda gert ráð fyrir breytingu á fjárfestingarlögunum í þessa átt.

Um 117. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 118. gr.

Hér er sú breyting gerð að í heiti útibús erlends hlutafélags skuli m. a. gefa til kynna þjóðerni hins erlenda félags en ekki greina heimilisfang. Sé augljóst af nafninu hvert þjóðernið er þarf ekki að taka það fram beinum orðum. Þá er fellt niður að geta skuli þess sérstaklega ef hið erlenda félag eða útibú þess er undir forræði skilanefndar þar eð það þykir ekki nauðsynlegt.

Um 119. gr.

Með hliðsjón af EES-samningnum er fellt niður það skilyrði að útibússtjóri skuli vera íslenskur ríkisborgari en skilyrðið var undanþægt. Til samanburðar má nefna að í 1. mgr. 50. gr. hfl. hefur ekki verið áskilið að framkvæmdastjórar væru íslenskir ríkisborgarar. Um heimilisfesti er vísað til ákvæða hlutafélagalaganna um framkvæmdastjóra. Þá er sérstaklega höfð í huga 2. mgr. 50. gr. hfl. eins og fyrirhugað er að henni verði breytt með frumvarpi þessu. Þar er ekki gert ráð fyrir því að búsetuskilyrðið gildi um þá ríkisborgara ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu sem þar eru búsettir. Af öðrum greinum má benda á 51., 52., 56. og 59.–62. gr. hfl.

Um 120. gr.

Gert er ráð fyrir því að um tilkynningar til hlutafélagaskrár um stofnun útibúa erlendra félaga fari eftir reglum sem ráðherra setur í stað þess að í lögunum sé fjallað um eyðublað og ýmis atriði sem skulu koma fram á því. Á þessum grundvelli má m.a. áskilja að stofnsamningur og samþykktir hins erlenda félags séu þýddar á íslensku, sbr. 4. gr. 11. félagaréttartilskipunar EB. Ákvæði XVIII. kafla hfl. um skráningu hlutafélaga varðandi tilkynningu um stofnun hlutafélags skulu gilda, eftir því sem við á, um tilkynningu um stofnun útibús erlends hlutafélags.

Í 3. mgr. er ákvæði um að útibú megi ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð. Slíkt er í samræmi við 5. tölul. 135. gr. hfl. en í honum felst að ráðherra geti veitt erlendu hlutafélagi rétt til að starfa hér á landi ef það hefur hér skrásett útibú.

Um 121. gr.

Hér er tilkynningarskylda útibús til hlutafélagaskrár aukin. Nær hún ekki aðeins til upplýsinga um gjaldþrot hins erlenda félags heldur einnig félagsslitameðferð. Því er bætt við að geta þurfi gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar sem viðbótar við heiti útibúsins en fellt er niður að krefjast þess að bú þess verði þegar af viðkomandi ástæðu tekið til gjaldþrotaskipta hér á landi, sbr. 4. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB. Hliðsjón er höfð af dönsku hlutafélagalögunum.

Um 122. gr.

A-liður. Þessi liður, sem varðar útstrikun úr hlutafélagaskrá vegna árangurslausrar aðfarar o.fl. gagnvart útibúi, er einskorðaður við útibú félaga sem hafa ekki lögheimili á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þetta í samræmi við dönsku hlutafélagalögin.

B-liður. Hlutafélagaskrá kemur í stað ráðherra að því er varðar veitingu frests til að koma málum í rétt horf.

C-liður. Breytingar eru gerðar á þessum tölulið með tilliti til breytinga á 135. gr. hfl. Segja má að tillaga að breytingu í þessum lið sé í samræmi við 1. tölul. þeirrar greinar þar sem talað er um að erlenda félagið þurfi að vera löglegt í heimalandi sínu.

D-liður. Í 5. tölul. er bætt við þeirri ástæðu, til að afmá megi útibú úr hlutafélagaskrá, að útibúið fullnægi ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér. Samsvarandi skilyrði er í 135. gr. hfl. og er í fullu gildi áfram þrátt fyrir EES-samninginn. Einkum er hér haft í huga ef upp kæmi að útibú hefði hafið rekstur sem óheimill væri samkvæmt ákvæðum fjárfestingarlaga, t.d. í útgerð hér á landi. Það svið m.a. er undanþegið ákvæðum EES-samningsins um staðfesturétt (atvinnurekstrarrétt).

Um 123. gr.

Ákvæðum þessarar greinar, um að kröfur á hendur útibúi falli í gjalddaga þegar afmá ber útibúið úr hlutafélagaskrá, er breytt með hliðsjón af EES-samningnum.

Um 124. gr.

Hér er því bætt við að útibússtjóri beri ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibúsins fyrir skrásetningu þess, sbr. fyrirhugaða 3. mgr. 139. gr. hfl.

Um 125. gr.

A-liður. Hér er tekið fram að hlutafélagaskrá annist skráningu hlutafélaga, eins og er í framkvæmdinni, en ekki viðskiptaráðherra eins og nú stendur í lögunum.

B-liður. Breytingin hér er gerð með tilliti til þess að hin síðustu ár hafa skráningargjöld í framkvæmdinni verið ákveðin í reglugerð og síðar lögum um aukatekjur ríkissjóðs þar sem gjöldin eru hækkuð ásamt öðrum gjöldum ríkissjóðs með hliðsjón af verðbólgu o.fl. Þá segir í frumvarpinu að veita skuli almennan aðgang að hlutafélagaskrá í stað þess að ráðherra sé heimilt að veita almennan aðgang að skránni. Í reyndinni hefur almennur aðgangur verið veittur að skránni, þó ekki að reikningum hlutafélaga. Hefur staðið í lögum síðustu árin, að einungis sé heimilt að veita aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á bréfum sínum. Þó er gert ráð fyrir að því ákvæði verði breytt með tilliti til bókhaldsákvæða EES-samningsins, sbr. athugasemd vegna breytingar á 105. gr. hfl.

Sektaheimild í reglum er hér lögfest eins og í dönsku hlutafélagalögunum.

Um 126. gr.

A-liður. Hér er fellt niður að fara fram á upplýsingar um stöðu stofnenda og fleiri aðila en hins vegar bætt við að veita skuli upplýsingar um kennitölu stofnenda o.fl. í tilkynningu um stofnun félags.

B-liður. Í breytingu samkvæmt þessum lið felst að lögmaður eða löggiltur endurskoðandi getur staðfest undirskriftir stjórnarmanna félags auk lögbókanda og tveggja votta eins og verið hefur.

C-liður. Hér er breytt tilvísun í ákveðna grein hlutafélagalaganna vegna fyrirhugaðrar breytingar með frumvarpi þessu.

D-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

Um 127. gr.

A-liður. Nægilegt þykir að hlutafélagaskrá geti krafist sannana fyrir lögmæti breytinga á því sem tilkynnt hefur verið í stað þess að tilkynningu skuli fylgja sannanir fyrir lögmæti þeirra.

B-liður. Í ákvæðinu um skyldu hlutafélaga til að senda hlutafélagaskrá ákveðnar upplýsingar um stjórn o.fl. í júní ár hvert er lagt til að fellt verði niður ákvæði um firmaritun. Er hún bundin við ákveðinn fjölda stjórnarmanna og því vandséð að heimilisföng eða kennitölur skipti þar einhverju máli. Á hinn bóginn er lagt til að varastjórnarmenn verði tilkynntir eigi síður en stjórnarmenn.

C-liður. Þessi liður þarfnast ekki skýringar.

Um 128. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 129. gr.

Breytingar samkvæmt þessari grein taka einkum mið af breyttri framkvæmd varðandi birtingu í Lögbirtingablaði á tilkynningum um stofnun félaga og önnur atriði. Vísað er sérstaklega í nokkur mikilvæg atriði sem leiðir af EES-réttinum. Af 4. tölul. 3. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB leiðir að íslenskum stjórnvöldum er í sjálfsvald sett hvernig birtingu í Lögbirtingablaði er háttað nema annað sé tekið fram.

Um 130. gr.

Viðbótinni við upptalninguna varðandi vanrækslu er einkum ætlað að taka til sérfræðinga, sbr. fyrirhugaða 5. gr. b í hfl.

Um 131. gr.

Hér er bætt við í upptalninguna um refsingu fyrir vísvitandi brot á nokkrum ákvæðum hlutafélagalaganna nýjum atriðum vegna viðauka við lögin á grundvelli EES-réttarins en þessum atriðum hefur einnig verið bætt inn í dönsku hlutafélagalögin. Ákvæðið um refsingu, ef formaður sinnir ekki skyldum sínum varðandi boðum til stjórnarfunda, er þó ekki byggt á EES-réttinum heldur dönsku lögunum. Þá er ákvæðunum um refsingu vegna brota á ákvæðum laganna um greiðslu hlutafjár og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess bætt við til samræmis við fyrirhuguð lög um eignarhlutafélög.

Um 132. gr.

Rétt þykir að lögin öðlist þegar gildi og komi strax til framkvæmda, t.d. hvað snertir undanþágu EES-borgara frá búsetuskilyrðum um stofnendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjóra, þótt tími til að aðlaga löggjöf sína á sviði félagaréttar EES-reglum renni ekki út fyrr en tveimur árum eftir gildistöku EES-samningsins. Gert er þó ráð fyrir því að hlutafélög hér á landi hafi aðlögunartíma samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða frá gildistöku laganna til 1. október 1995 til þess að gera ráðstafanir sem snerta val á því frambúðarréttarformi er félögin kjósa. Á þessu tímabili geta öll íslensk hlutafélög verið hlutafélög áfram nema þau kjósi að láta skrá sig sem eignarhlutafélög. Yrði fresturinn notaður af hlutafélögum t.d. til hækkunar hlutafjár og þá eftir þeim lagaákvæðum sem gilda samkvæmt lögum nr. 32/1978 með áorðnum breytingum.

Tekið skal fram hér að í 161. gr. hfl. er heimild til handa ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Tekur sú heimild til setningar reglugerðarákvæða vegna breytinga á lögunum á grundvelli frumvarps þessa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Gert er ráð fyrir að breytingar á lögum um hlutafélög og ný lög um eignarhlutafélög öðlist gildi samtímis en þau hlutafélög, sem skráð séu við gildistöku laganna um hlutafélög, hafi vissan tíma til að gera ráðstafanir þannig að þau uppfylli skilyrði laganna með áorðnum breytingum. Þarf að sanna innan tiltekins tíma að hlutafé þeirra nái hinu nýja og hærra lágmarki laganna, að stjórn hafi, ef þarf, verið breytt til samræmis við lögin og einnig samþykktunum, t.d. varðandi hlutafé. Ella verða hlutafélögin sjálfkrafa að undangenginni viðvörun skráð sem eignarhlutafélög. Eitt af skýrustu viðmiðunaratriðunum varðandi það hvort skráð hlutafélög uppfylli skilyrði til að kallast hlutafélög samkvæmt lögunum um hlutafélög með áorðnum breytingum á grundvelli frumvarps þessa er fjárhæð hlutafjárins sem skv. 3. mgr. 1. gr. laganna skal vera minnst fjórar milljónir króna. Geta því einhver starfandi hlutafélög orðið að hækka hlutafé til að geta talist hlutafélög þegar lögin með breytingum koma að fullu til framkvæmda. Leiðir þetta af 2. félagaréttartilskipun EB. Einnig má nefna hér að stjórn skal skipuð minnst þremur mönnum og getur því þurft að fjölga stjórnarmönnum í einhverjum hlutafélögum.

Þau félög, sem hafa ekki verið skráð fyrir gildistöku laga þessara, skulu uppfylla skilyrði þeirra fyrir skráningu.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í þessu ákvæði er fjallað um hlutafélög sem eru löglega skráð við gildistöku laga þessara en óska þess að verða strax umskráð sem eignarhlutafélög í stað þess að láta skrá þau sjálfkrafa samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I. Er þessum hlutafélögum gefinn kostur á umskráningu á einfaldari hátt en gilda mun um félög sem skráð eru eftir gildistöku nýju lagaákvæðanna en um skráningu þeirra fer eftir fyrirhugaðri 128. gr. hfl., sbr. 108. gr. frumvarps þessa. Öll hlutafélög, sem umskráð eru, hvort heldur er að frumkvæði hlutafélagaskrár eða að eigin ósk, þurfa að uppfylla skilyrði laganna um eignarhlutafélög nema hvað þau þurfa ekki að hækka hlutafé sitt sé það lægra en 500.000 kr.

Ólíklegt verður að telja að þau félög, sem skráð eru sem hlutafélög fyrir gildistöku ákvæða á grundvelli frumvarps þessa, muni ekki almennt fullnægja skilyrðum laga um eignarhlutafélög en það er þó hugsanlegt. Af þessum sökum er lagt til að umskráningin fari fram. Leiði könnun við umskráninguna eða síðar hins vegar í ljós að félagið fullnægi ekki skilyrðum laganna um eignarhlutafélög um skráningu, t.d. um það að taka upp í samþykktir sínar auðkennið eignarhlutafélag (ehf.), ber að gefa félagi stuttan frest til að bæta úr þessu. Verði félag ekki við þeim tilmælum má slíta félaginu eftir þeim reglum sem gilda um félagsslit.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða tveim öðrum frumvörpum, frumvarpi til laga um eignarhlutafélög og frumvarpi til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

Meginbreytinguna á núverandi hlutafélagalögum er að finna í tveim fyrstnefndu frumvörpunum, þar sem lagt er til að framvegis verði gerður greinarmunur á minni hlutafélögum, svokölluðum eignarhlutafélögum, og stærri hlutafélögum. Skýrt er skilið á milli þessara tveggja tegunda hlutafélaga með lágmarkshlutafé sem er 500 þús. kr. fyrir eignarhlutafélög og 4 m.kr. fyrir hlutafélög.

Verði frumvörpin um eignarhlutafélög og hlutafélög að lögum, verður að endurskrá núverandi hlutafélög og meta í hvorn hópinn þau eiga að falla. Að höfðu samráði við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið er ætlað að aukakostnaður af þessum sökum geti numið 0,5–1 m.kr. Mun sá aukakostnaður einnig ná til frumvarps um eignahlutafélög og frumvarps um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög. Í ákvæðum til bráðabirgða I er gert ráð fyrir að aðlögunartími til endurskráningar verði til 1. október 1994 en að ráðherra geti framlengt hann um eitt ár. Kostnaður mun því dreifast yfir langan tíma. Ekki er gert ráð fyrir umræddum aukakostnaði í fjárlagafrumvarpi 1994.

640. Frumvarp til laga [428. mál]

um eignarhlutafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Eignarhlutafélag merkir félag samkvæmt lögum þessum þar sem enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

Hlutafé í eignarhlutafélagi skal minnst vera 500.000 krónur og skiptist það í einn eða fleiri hluti. Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evrópskra mynteininga (ecu). Fjárhæðin skal þó jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Breyting á fjárhæðinni skal öðlast gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Nú uppfyllir eignarhlutafélag kröfu um lágmarkshlutafé þegar það er stofnað og er því þá ekki skylt að hækka hlutafé sitt þótt endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari málsgrein leiði til þess að hlutafé félagsins nái ekki lengur þeirri lágmarksfjárhæð hlutafjár sem þarf til þess að eignarhlutafélag verði stofnað.

Eignarhlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið eignarhlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ehf. Að öðru leyti fer um heiti félaganna eftir ákvæðum firmalaga.

Á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum eignarhlutafélaga og útibúa þeirra skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina hugsanlega skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandi sínu. Ef heiti eignarhlutafélags eða útibús er notað skal bæta við upplýsingum um gjaldþrotaskipti eða félagsslitameðferð ef um slíkt er að ræða.

2. gr.

Nú á eignarhlutafélag svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru eignarhlutafélagi eða hlutafélagi að það fer með meiri hluta atkvæða í félaginu og telst þá fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag.

Nú á dótturfélag eða móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum eða fleiri en eitt dótturfélag í sameiningu svo mikið hlutafé í öðru eignarhlutafélagi eða hlutafélagi sem um ræðir í 1. mgr. og telst þá síðastnefnda félagið dótturfélag móðurfélagsins.

Ef eignarhlutafélag hefur annars, vegna hlutafjáreignar eða samninga, yfirráð í öðru eignarhlutafélagi eða hlutafélagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess telst fyrrnefnda félagið einnig móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag.

Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða.

II. KAFLI
Stofnun eignarhlutafélags.

3. gr.

Stofnendur eignarhlutafélags, einn eða fleiri, skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning (stofnskrá), svo og skrá sig fyrir hlutum. Stofnendur skulu einir vera áskrifendur hluta. Í stofnsamningi skulu vera drög að samþykktum félagsins og ákvarðanir um þau efni sem 4. gr. fjallar um.

Stofnandi, ef hann er einn, en a.m.k. einn stofnenda ef fleiri eru, skal hafa heimilisfesti hér á landi nema ráðherra veiti undanþágu þar frá. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum þessarar málsgreinar. Fyrrgreind félög og stofnanir, sem eru heimilisföst í EES-ríki, geta þó verið stofnendur án undanþágu. Sanna þarf heimilisfesti í slíkum tilvikum.

Stofnandi má hvorki hafa farið fram á greiðslustöðvun né bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum. Ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi nema á greiðslu þeirra hluta sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

4. gr.

Í stofnsamningi skal ávallt greina:

1. nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda;
2. hvernig hlutir skiptist milli stofnenda;
3. hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut;
4. ef félagið skal bera kostnað af stofnun og, ef svo er, áætlaðan kostnað. Í fyrstu ársskýrslu skal tilgreina raunverulegan kostnað við stofnunina, sbr. 4. tölul. 1. mgr.

5. gr.

Í stofnsamningi skulu vera sérstök ákvæði:

1. ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé;
2. ef félagið skal taka við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum;
3. ef einhverjir stofnendur eða aðrir skulu njóta sérstakra réttinda í félaginu.

Að því er varðar 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal stofnsamningi fylgja skýrsla sem hefur að geyma:

1. nöfn, kennitölu og heimilisföng þeirra aðila er hér um ræðir;
2. lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við;
3. upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið;
4. tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við; og
5. yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út, að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs; endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.

Greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé skal hafa fjárhagslegt gildi. Kröfur á hendur stofnendum geta talist greiðsla. Greiðslan má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu.

Skjöl, sem eru ekki að meginefni til tekin upp í stofnsamningi en vísað er til þar, skulu fylgja honum.

Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja og önnur atriði í sambandi við stofnun félags, sem er ekki getið í stofnsamningi, eru ekki gildir gagnvart félaginu.

6. gr.

Stofnsamningi skal fylgja yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns um að skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. sé rétt.

Ef félag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins, staðfestur af löggiltum endurskoðanda. Reikninginn skal setja upp í samræmi við lagaákvæði um ársreikninga og skal hann áritaður af endurskoðanda án fyrirvara og honum fylgja vottorð endurskoðanda um að hagur fyrirtækisins hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun félagsins.

Endurskoðandi eða lögmaður hefur rétt til að framkvæma þær athuganir sem hann telur nauðsynlegar og getur krafist þeirra upplýsinga og aðstoðar af stofnendum eða félaginu sem hann telur þörf á til að geta rækt starf sitt.

7. gr.

Stofnendur skulu gera tillögur að samþykktum eignarhlutafélags.

Í samþykktum eignarhlutafélags skal greina eftirtalin atriði:

1. heiti félagsins;
2. heimilisfang félagsins;
3. tilgang félagsins;
4. hlutaféð;
5. hvort hlutafé skiptist í hluti og, ef svo er, fjárhæð hlutanna (nafnverð) og atkvæðisrétt hluthafa;
6. fjölda eða lágmarks- og hámarksfjölda stjórnarmanna og hugsanlegra varastjórnarmanna, kjörtímabil stjórnarmanna, fjölda endurskoðenda og kjörtímabil þeirra;
7. hvernig boða skuli til hluthafafunda;
8. hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund; og
9. hvert skuli vera reikningsár félagsins.

Í samþykktum skal einnig greina eftirtalin atriði sem afstaða kann að hafa verið tekin til:

1. hvort hluthafar skuli að nokkru eða öllu leyti sæta innlausn af hálfu félagsins eða annarra á hlutum sínum og eftir hvaða reglum;
2. hvort skorður séu reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum, sbr. 14. og 15. gr., og þá hverjar; eða
3. hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi, sbr. 12. gr.

Að því marki sem tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings skal í félagssamþykktum greint hvernig ráðstafa skuli hagnaði og hvernig fara skuli með eignir félagsins við félagsslit.

8. gr.

Ákvörðun um stofnun félags skal tekin á stofnfundi. Þar skal leggja fram undirritaðan stofnsamning, tillögur að samþykktum og önnur skjöl sem nauðsynleg eru. Félagið telst stofnað ef stofnendur eru einhuga um það og þann grundvöll sem félagið er byggt á.

Eftir að ákveðið hefur verið að stofna félagið skal kjósa stjórn þess og endurskoðendur.

9. gr.

Stjórn félags skal tilkynna það til skráningar innan tveggja mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé sé greitt. Sama gildir um það sem greiða á umfram nafnverð í samræmi við stofnsamning.

Ef tilkynning um stofnun eignarhlutafélags berst ekki hlutafélagaskrá innan þess frests sem um ræðir í 1. mgr. skal synja skráningar. Fari svo falla burtu skuldbindingar þeirra er hafa skráð sig fyrir hlutafé. Sama gildir ef skráningar er synjað af öðrum ástæðum.

10. gr.

Óskráð félag getur hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Það getur heldur ekki verið aðili í dómsmálum.

Nú er löggerningur gerður fyrir hönd félags áður en það er skráð og bera þeir sem tekið hafa þátt í gerningnum eða ákvörðunum um hann óskipta persónulega ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum sem leiðir af stofnsamningi eða félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

Ef gerður er löggerningur áður en félag er skráð og viðsemjandinn vissi að félagið var ekki skráð getur hann, nema um annað sé um samið, riftað gerningnum svo framarlega sem tilkynning til hlutafélagaskrár er ekki gerð innan þess frests er um ræðir í 8. gr. eða skráningar hefur verið synjað. Vissi viðsemjandinn ekki að félagið var óskráð getur hann riftað löggerningnum meðan félagið er ekki skráð.

III. KAFLI
Greiðsla hlutafjár.

11. gr.

Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans og skal hún innt af hendi fyrir skráningu, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Skilyrði, sem hluthafi setur í tengslum við stofnun eignarhlutafélags og ekki samrýmast lögum þessum eða stofnsamningi, hafa ekkert gildi.

Ekki má skuldajafna kröfu, sem risin er af áskrift, gegn kröfu er hluthafi kann að eiga á hendur félaginu nema stjórn þess samþykki. Slíkt samþykki má stjórnin þó ekki gefa ef skuldajöfnuðurinn getur orðið félaginu eða lánardrottnum þess til tjóns.

IV. KAFLI
Hlutir og hlutaskrá.

12. gr.

Í eignarhlutafélagi eru einn eða fleiri hlutir í eigu eins eða fleiri hluthafa. Séu hlutir fleiri en einn skulu allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð nema annað sé ákveðið í samþykktum félagsins.

13. gr.

Hluti má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum eða sé boðið í samþykktum félagsins. Í samþykktum má ákveða viðskiptahömlur um hluti í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. eða sérstakra laga.

14. gr.

Í samþykktum má ákveða að við eigendaskipti að hlut, önnur en við erfð eða búskipti, skuli hluthafar eða aðrir hafa forkaupsrétt. Í samþykktum skulu þá vera nánari reglur um þetta efni og skal þar m.a. greina:

a. röð forkaupsréttarhafa;
b. ákvæði um frest er forkaupsréttarhafi hefur til að beita forkaupsrétti sínum sem lengstur má vera tveir mánuðir og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð; og
c. ákvæði um frest til greiðslu kaupverðs sem þó má eigi vera lengri en þrír mánuðir frá því að kaup voru ákveðin; ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.

Taki tilboð til margra hluta eins eða fleiri hluthafa er eigi unnt að neyta forkaupsréttar að því er varðar nokkra þeirra nema slíkt sé sérstaklega heimilað í samþykktum. Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta er ákvæðið ógilt ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina eða skilmálar eru bersýnilega ósanngjarnir að öðru leyti.

Stjórn félags skal þegar í stað greina forkaupsréttarhöfum skriflega frá tilkynningu um tilboð.

Ef í samþykktum er ekki ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs og ekki næst samkomulag um það skal kaupverðið ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Nú vill annar hvor aðila eigi hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

15. gr.

Ákveða má í samþykktum að veðsetning, sala eða annað framsal á hlutum megi einungis fara fram með samþykki félagsins.

Stjórn félags tekur ákvörðun um hvort samþykki skuli veitt nema annað sé ákveðið í samþykktum. Ákvörðun um, hvort veita skuli samþykki, skal tekin án tafar og aldrei síðar en tveimur mánuðum eftir að samþykkis er óskað. Ákvörðun stjórnar um þetta efni skal þegar í stað tilkynnt þeim er samþykkis hefur leitað. Hafi samþykki eigi borist innan tveggja mánaða frá skriflegri beiðni um það skal svo litið á að samþykki hafi verið veitt.

Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum getur hluthafinn krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið innan þriggja mánaða af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Félagið ber kostnað af matinu. Nú vill annar hvor aðila ekki hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

16. gr.

Ef móðurfélag á meira en ¼ hlutafjár í dótturfélagi, annaðhvort eignarhlutafélagi eða hlutafélagi, og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni geta stjórnir félaganna í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í dótturfélaginu skuli sæta innlausn móðurfélagsins á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum í dótturfélaginu tilkynningu, með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar í eignarhlutafélagi eða hlutafélagi eftir því sem við á, þar sem þeir eru hvattir til að framselja móðurfélaginu hluti sína innan fjögurra vikna.

Skilmála fyrir innlausn og matsgrundvöll innlausnarverðs skal greina í tilkynningunni. Ef ekki næst samkomulag um verðið skal enn fremur tilgreina að það verði ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi dótturfélagsins. Ákvæði 4. mgr. 14. gr. gilda. Loks skal í tilkynningunni gefa upplýsingar um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Ef ákvörðun matsmanna leiðir til hærra innlausnarverðs en félagið bauð gildir það einnig fyrir þá hluthafa í sama flokki í eignarhlutafélagi eða hlutafélagi sem hafa ekki beðið um mat. Kostnað við ákvörðun verðsins greiðir móðurfélagið nema dómstóll telji vegna sérstakra ástæðna að viðkomandi minni hluti hluthafa í félagi því sem um ræðir skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.

17. gr.

Sé hlutur í eignarhlutafélagi eða hlutafélagi ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 16. gr. skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst móðurfélag réttur eigandi hlutar og hlutabréf ógild. Setja má nánari ákvæði hér um í samþykktum.

18. gr.

Ef móðurfélag á meira en ¾ hlutafjár í dótturfélagi, annaðhvort eignarhlutafélagi eða hlutafélagi, og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá móðurfélaginu. Ákvæði 4. mgr. 14. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. gilda eftir því sem við á.

19. gr.

Þegar eignarhlutafélag hefur verið stofnað skal stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi eða tölvuskrá hana.

Í hlutaskrá skulu hlutir skráðir í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut greint frá nafni eiganda, kennitölu og heimilisfangi.

Gefa má út hlutaskírteini í eignarhlutafélögum.

Verði eigendaskipti að hlut og ákvæði 14. og 15. gr. eru þeim ekki til fyrirstöðu skal nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána þegar hann eða löglegur umboðsmaður hans tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Sá sem eignast hefur hlut getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

Ef þess er krafist af hluthafa eða veðhafa skal félagið gefa út staðfestingu um færslu í hlutaskrána.

Hlutaskrá skal ætíð geymd á skrifstofu félags og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

20. gr.

Framsal hluta til eignar eða veðsetning þeirra hefur ekki gildi gagnvart lánardrottnum framseljanda eða veðsala nema félagið hafi fengið tilkynningu þar að lútandi frá framseljandanum eða veðsalanum.

Ef hluthafi hefur framselt eða veðsett sömu hluti fleiri en einum aðila gengur réttur síðari framsalshafa eða veðhafa fyrir ef félagið fær fyrst tilkynningu um framsal til hans eða veðsetningu honum til handa og síðari aðilinn var í góðri trú þegar tilkynningin barst félaginu.

21. gr.

Nú eiga margir hlut saman og geta þeir þá aðeins beitt réttindum sínum í félaginu með sameiginlegum umboðsmanni.

22. gr.

Ef eignarhlutafélag, sem er skráð í eigu fleiri en eins aðila, kemst á hendur eins aðila skal tilkynna hlutafélagaskrá það.

V. KAFLI
Hækkun hlutafjár.

23. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið hækkun hlutafjár hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, sbr. þó 30. gr. Hækkun hlutafjár má ekki ákveða fyrr en félagið hefur verið skráð.

Tillaga um hlutafjárhækkun skal liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa og send þeim eftir þeim reglum sem greinir í 4. mgr. 63. gr. Tillagan skal enn fremur lögð fram á hluthafafundi. Ef reikninga síðasta reikningsárs á ekki að ræða á sama hluthafafundi skal einnig leggja fram eftirtalin gögn:

a. eftirrit reikninga síðasta reikningsárs með áritun um afgreiðslu aðalfundar og eftirrit endurskoðunarskýrslu varðandi þessa reikninga;
b. skýrslu stjórnar þar sem gefnar eru upplýsingar um þau atriði sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum hafa tekið eftir að reikningar voru gerðir; og
c. yfirlýsingu endurskoðenda um fyrrgreinda skýrslu stjórnar.

Í fundarboði til hluthafafundar, þar sem taka skal ákvörðun um hækkun hlutafjár, skulu vera upplýsingar um áskriftarrétt hluthafa eða annarra, sbr. 24. gr., ásamt upplýsingum um hvernig þeir er áskriftarrétt hafa skuli bera sig að ef þeir vilja notfæra sér þennan rétt. Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa skal gera grein fyrir ástæðum.

24. gr.

Við hækkun hlutafjár eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína nema annað sé ákveðið í samþykktum. Nú notar eða framselur einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum.

Ef um er að ræða fleiri en einn hlutaflokk þar sem atkvæðisréttur ellegar réttur til arðs eða úthlutunar af eignum félagsins er breytilegur er unnt í samþykktum félagsins að veita hluthöfum í þessum flokkum forgangsrétt til að skrá sig fyrir hlutum í sínum eigin flokkum. Í slíkum tilvikum geta hluthafar í öðrum flokkum fyrst nýtt sér forgangsrétt til áskriftar skv. 1. mgr. að þeim hluthöfum frágengnum er þar greinir frá.

Hluthafafundur getur með því atkvæðamagni, sem kveðið er á um í 68. gr., ákveðið að víkja frá þeirri reglu er greinir í 1. mgr., enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað Án samþykkis þeirra hluthafa, er sæta skerðingu áskriftarréttar síns, getur hluthafafundur þó ekki ákveðið meira frávik frá áskriftarrétti hluthafa en greint er í fundarboði.

25. gr.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal taka fram:

1. hve mikið hækka skal hlutaféð og má setja hámark og lágmark fyrir hækkuninni;
2. þann hlutaflokk sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra ef í félaginu eru eða skulu vera hlutaflokkar;
3. forgangsrétt hluthafa eða annarra til áskriftar að hlutum eða hverjir geti ella skrifað sig fyrir hlutum;

4. frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn eigi vera skemmri en tvær vikur frá tilkynningu til hluthafa um ákvörðun um hækkun hlutafjár sem skal send strax í kjölfar ákvörðunarinnar;
5. frest til greiðslu hluta, sem þó má ekki vera lengri en til skráningar hækkunar, ásamt reglum um hvernig skipta skuli hlutum ef þeir sem eiga ekki forgangsrétt hafa skráð sig fyrir meira hlutafé en gefinn er kostur á enda sé skiptingin ekki falin stjórninni;
6. nafnverð hluta og gengi þeirra;
7. áætlaðan kostnað félagsins vegna hækkunar hlutafjárins.

Eigi að vera hömlur á viðskiptum með hina nýju hluti eða hinir nýju hluthafar skulu skyldir til að sæta innlausn hluta sinna skal það tekið fram í ákvörðuninni.

Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar enda sé ekki annað ákveðið í samþykkt hluthafafundar um hækkunina.

Í næstu ársskýrslu skal tilgreina raunverulegan kostnað við hlutafjárhækkunina.

26. gr.

Ef hina nýju hluti má greiða með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé skulu reglur settar um það í ákvörðun hluthafafundar um hlutafjárhækkunina. Ákvæði 5.–6. gr. skulu gilda um þetta eftir því sem við á. Stjórn félagsins skal leggja fram skýrslu skv. 2. mgr. 5. gr.

Skýrsla stjórnar og yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns, er þetta varða, skulu hafa legið frammi á skrifstofu félagsins til athugunar fyrir hluthafa minnst eina viku áður en hluthafafundur er haldinn og einnig vera lögð fram á fundinum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um hlutafjárhækkun sem á sér stað við samruna á grundvelli XV. kafla laga hlutafélög eða XV. kafla laga þessara.

27. gr.

Áskrift nýrra hluta gerist með skráningu í gerðabók.

Hafi áskrift verið gerð með fyrirvara skal beita reglum 2. mgr. 11. gr. eftir því sem við á.

28. gr.

Tilkynning um hækkun hlutafjár verður ekki skráð í hlutafélagaskrá fyrr en heildarhlutaféð hefur verið greitt, svo og það sem greiða kann að eiga umfram nafnverð. Ef tilkynning hefur ekki verið send innan árs frá því að ákvörðun var tekin eða skráningar er synjað fellur niður ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og skuldbindingar þeirra hluthafa er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum. Fjárhæðir, sem greiddar hafa verið, skal endurgreiða áskrifendum án tafar.

29. gr.

Hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta getur farið fram á þann hátt að yfirfærðar séu fjárhæðir sem skv. 99. gr. má greiða sem arð eða fjárhæðir sem komið hafa fram vegna færslna í endurmatsreikning skv. 4. mgr. 89. gr. eða við yfirfærslu úr lögmæltum varasjóði skv. 3. mgr. 100. gr.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta skal greina hve mikið hlutafé skal hækka. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr., 2. og 3. mgr. 25. gr. gilda um ákvörðunina.

Hlutafjárhækkun þessi er ekki gild fyrr en ákvörðun hefur verið skráð.

30. gr.

Með ákvæðum í samþykktum félags má heimila stjórninni að hækka hlutaféð með áskrift nýrra hluta.

Hluthafafundur getur veitt stjórn félags heimild til þess að ákveða útgáfu jöfnunarhluta á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð sem nemur allt að tilteknu hámarki. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr., 2. og 3. mgr. 25. gr. gilda um ákvörðunina.

Stjórnin getur samþykkt nauðsynlegar breytingar á samþykktum á grundvelli 1. og 2. mgr.

VI. KAFLI
Lántaka með sérstökum skilyrðum.

31. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið með þeim meiri hluta atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum að félagið taki skuldabréfalán er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlut í því.

Í samþykkt hluthafafundar skv. 1. mgr. skal taka fram um lánskjör og reglur um breytingu kröfunnar í hluti í félaginu. Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út ný breytanleg skuldabréf eða félagi er slitið, þar á meðal með samruna, áður en kröfunni er breytt í hluti. Um ákvörðunina og forgangsrétt til áskriftar gilda ákvæði 23.–24. gr., 1.–5. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 25. gr. og 26.–27. gr.

Í samþykkt skv. 1. mgr. skal hluthafafundur veita stjórn félags heimild til þess að hækka hlutafé um þá fjárhæð sem leiðir af breytingu skuldabréfanna í hluti. Samþykkt hluthafafundarins skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til lántöku er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

Ef fjárhæð sú sem greidd er fyrir skuldabréf er lægri en nafnverð þess hlutar eða hluta sem breyta má skuldabréfinu í samkvæmt lánskjörum má breytingin því aðeins fara fram að mismunurinn sé greiddur félaginu eða jafnaður með frjálsu eigin fé þess.

32. gr.

Samþykkt skv. 31. gr. skal tilkynna innan tveggja vikna til hlutafélagaskrár. Í tilkynningu skal greina fjárhæð þá sem hækka má hlutaféð um og innan hvaða frests breyta verður skuldabréfi í hluti.

Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn skal stjórn félagsins þegar í stað tilkynna hlutafélagaskránni hversu mörgum skuldabréfum hefur verið breytt í hluti. Ef fresturinn er lengri en eitt ár skal stjórnin eigi síðar en mánuði eftir lok hvers reikningsárs tilkynna hversu mörgum skuldabréfum hafi verið breytt í hluti á árinu. Þegar tilkynning um breytinguna hefur verið skráð telst hlutaféð hækkað um fjárhæð er nemur samanlögðu nafnverði þessara hluta.

Breytingar á samþykktum, sem leiðir af hlutafjárhækkuninni, má félagsstjórn gera.

33. gr.

Hluthafafundur eða félagsstjórn að fenginni heimild hluthafafundar getur ákveðið að taka lán gegn skuldabréfum með vöxtum sem miðast að öllu leyti eða hluta við þann arð sem greiddur er hluthöfum eða við árshagnað enda sé gætt ákvæða laga og fyrirmæla um vaxtaákvarðanir.

VII. KAFLI
Lækkun hlutafjár.

34. gr.

Þegar frá er skilin hlutafjárlækkun eftir reglum 37. gr. og 4. mgr. 38. gr. má aðeins hlutahafafundur taka ákvörðun um lækkun hlutafjár. Slíka ákvörðun má ekki taka fyrr en félagið hefur verið skráð. Í fundarboði skal m.a. greina frá ástæðum til lækkunarinnar skv. 2. mgr. þessarar greinar og hvernig hún á að fara fram.

Ákvæði 2. mgr. 23. gr. gilda, eftir því sem við á, um ákvarðanir varðandi lækkun hlutafjár. Í ákvörðun skal taka fram þá fjárhæð, sem lækka skal hlutafé um, ásamt upplýsingum um hvernig ráðstafa skuli lækkunarfénu en því má ráðstafa þannig:

1. til jöfnunar taps sem verður ekki jafnað á annan hátt;
2. til greiðslu til hluthafa;
3. til afskriftar á greiðsluskyldu hluthafa; eða
4. til að leggja í sérstakan sjóð sem aðeins má nota samkvæmt ákvörðun hluthafafundar.

Hluthafafundur getur því aðeins tekið ákvörðun um lækkun hlutafjár í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. að stjórnin beri fram slíka tillögu eða samþykki slíka tillögu. Eftir hlutafjárlækkunina skulu vera fyrir hendi eignir er svara a.m.k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

Ef greiða á af eignum félagsins hærri fjárhæð en sem nemur lækkunarfjárhæðinni skal þess getið bæði í ákvörðuninni og áskorun skv. 36. gr. ásamt þeirri fjárhæð sem umfram er.

Ákvörðun um lækkun hlutafjár skal tilkynnt til hlutafélagaskrár í samræmi við reglur XVIII. kafla. Ef ekki er tilkynnt á réttum tíma, sbr. 1. mgr. 148. gr., fellur ákvörðunin úr gildi.

35. gr.

Ef ráðstafa á allri lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapi skal strax tilkynnt að hlutafjárlækkun hafi farið fram.

36. gr.

Ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru eða öllu leyti í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. 34. gr. skal, nema hlutaféð hækki um leið um samsvarandi fjárhæð, birta tvisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar. Svo framarlega sem tilkynntar gjaldfallnar kröfur eru ekki greiddar og fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna má ekki framkvæma hlutafjárlækkunina. Hlutafélagaskrá getur úrskurðað eftir ósk aðila hvort framboðin trygging sé nægileg.

Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er hlutafélagaskrá heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 1. mgr. ef ljóst þykir að kröfuhafar félagsins bíði ekki af því tjón.

Með tilkynningu um lækkun hlutafjár skal auk nauðsynlegra sönnunargagna fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félags og endurskoðendum, um að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu að hlutafjárlækkun geti farið fram.

Ef tilkynning um framkvæmd lækkunar hlutafjár hefur ekki borist innan árs frá því að ákvörðunin var skráð missir hún gildi sitt og tilkynning sú sem gerð var skv. 5. mgr. 34. gr. skal afmáð úr hlutafélagaskrá.

37. gr.

Lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum getur farið fram samkvæmt ákvörðun stjórnar félags án áskorunar skv. 36. gr. þegar ákvæðin um innlausn ásamt nánari reglum um framkvæmd hennar hafa verið sett í samþykktir félags við stofnun þess eða, sé um að ræða útgefna hluti vegna hlutafjárhækkunar, í ákvörðun hluthafafundar um hækkunina.

Hlutafjárlækkun skv. 1. mgr. má því aðeins framkvæma að félagið eigi eftir lækkunina eignir sem svara a.m.k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

VIII. KAFLI
Eigin hlutir.

38. gr.

Eignarhlutafélag má aldrei sjálft eiga meira en 10% af eigin hlutafé lengur en sex mánuði. Eignist félagið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hluti þannig að lögmæltu marki sé náð innan sex mánaða. Kaup eigin hluta má aðeins fjármagna úr frjálsum sjóðum félagsins.

Nú eignast dótturfélag eða tekur að veði hluti í móðurfélagi þess og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Eignarhlutafélagi er óheimilt að taka eigin hluti að veði til tryggingar lánum til hluthafa.

Ef hlutir eru ekki seldir á réttum tíma skv. 1. mgr. ber stjórninni að hlutast til um að lækka hlutaféð sem nemur nafnverði þessara hluta, sbr. VII. kafla.

IX. KAFLI
Um félagsstjórn og framkvæmdastjóra.

39. gr.

Í stjórn eignarhlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum eða tveim mönnum skal valinn a.m.k. einn varamaður.

Hluthafafundur kýs stjórn. Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn. Meiri hluti stjórnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi. Þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, skulu allir kosnir á sama fundi.

Stjórnendur skulu kosnir meirihlutakosningu eða hlutfallskosningu. Ýmist má bjóða fram einstaklinga eða lista með nöfnum allt að jafnmargra manna og kjósa skal. Líta skal á einstaklingsframboð sem lista með einum manni. Sé ekki annað tekið fram í félagssamþykktum og komi ekki fram krafa um annað, sbr. 5. mgr., skal kosið meirihlutakosningu. Framboð og kosningu skal endurtaka ef þörf krefur þar til nægilega margir stjórnarmenn og varamenn hafa verið kjörnir.

Við meirihlutakosningu hlýtur sá listi, sem fær flest atkvæði, alla sína menn kjörna. Við hlutfallskosningu skal deila atkvæðamagni framboðslista með heiltölunum 1, 2, 3 o.s.frv. jafnoft og nemur tölu manna á hverjum lista. Kjör í stjórnarsæti fer síðan eftir röð stærstu deilda.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/5 hlutafjárins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal ljúka við lok aðalfundar, í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

Ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga við um varamenn þeirra.

40. gr.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Tilkynningu þar um skal hann senda stjórn félagsins og einnig þeim sem tilnefnt hefur hann hafi hann ekki verið kjörinn á hluthafafundi. Sá sem hefur kjörið eða tilnefnt stjórnarmann getur vikið honum frá störfum. Gæta verður þó ákvæða 39. gr. ef hlutfallskosning hefur farið fram þannig að til brottvikningar þurfi meira en 2/3 í tveggja manna stjórn, meira en 3/4 í þriggja manna stjórn, meira en 4/5 í fjögurra manna stjórn, meira en 5/6 í fimm manna stjórn, meira en 6/7 í sex manna stjórn, meira en 7/8 í sjö manna stjórn, meira en 8/9 í átta manna stjórn, meira en 9/10 í níu manna stjórn o.s.frv.

Ef starfi stjórnarmanns lýkur áður en kjörtímabili er lokið eða hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 42. gr. til þess að geta verið í stjórn og enginn varamaður er til þess að koma í hans stað hvílir sú skylda á hinum stjórnarmönnunum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtíma hins fyrri eða óska eftir tilnefningu. Ef kjörið heyrir undir hluthafafund er þó unnt að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta aðalfundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram svo framarlega sem stjórnin er ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.

Verði félag án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

41. gr.

Stjórn félags getur ráðið einn eða fleiri framkvæmdastjóra.

Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu.

Skipi einn maður stjórnina má hann jafnframt vera framkvæmdastjóri. Í tveggja manna stjórn má annar vera framkvæmdastjóri.

42. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega eigi hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Hafi viðkomandi verið stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í eignarhlutafélögum eða hlutafélögum á tímabilinu þremur mánuðum fyrir frestdag eða síðar og gjaldþrotaúrskurður hefur oftar en einu sinni verið kveðinn upp í slíkum félögum á síðustu þremur árum má viðkomandi ekki verða stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri í eignarhlutafélagi í sams konar eða svipuðum rekstri fyrr en liðin eru minnst þrjú ár frá uppkvaðningu síðasta gjaldþrotaúrskurðar. Hlutafélagaskrá getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi. Sé stjórnarmaður einn gildir búsetuskilyrðið um hann og jafnframt gildir það um annan tveggja stjórnarmanna. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðinu. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

43. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í félaginu og félögum innan sömu samstæðu. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup og sölu sína á slíkum hlutum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki stunda eða taka þátt í spákaupmennsku með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.

44. gr.

Félagsstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn fara félagsstjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins, sbr. 2. mgr. 41. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri skal hann sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.

45. gr.

Þegar samstæða félaga er mynduð skal stjórn móðurfélags tilkynna það stjórn dótturfélagsins. Stjórn dótturfélags skal gefa móðurfélaginu allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru varðandi mat á fjárhagsstöðu samstæðunnar og starfsemi hennar.

Móðurfélag skal gefa stjórn dótturfélags upplýsingar um mál sem varða samstæðuna sem heild. Enn fremur skal tilkynna stjórn dótturfélags fyrirhugaðar ákvarðanir sem skipta dótturfélagið máli áður en endanleg ákvarðanataka fer fram.

46. gr.

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Þó skal gæta ákvæða 3.–5. mgr. 39. gr. um hlutfallskosningu. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því.

Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Fund skal jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar þótt hann sé ekki stjórnarmaður og hefur þar málfrelsi og tillögurétt nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki ef stjórn félags er aðeins skipuð einum manni. Hann skal að jafnaði taka mikilvægar ákvarðanir í málefnum félagsins að höfðu samráði við framkvæmdastjóra og skráir þær í gerðabók félagsins, svo og dagsetningar og annað sem máli skiptir.

47. gr.

Fjölskipuð félagsstjórn er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir fund svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum félags. Ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o.þ.h. og valinn hefur verið varamaður skal honum veittur kostur á þátttöku í stjórnarfundum meðan forföllin vara.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

48. gr.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og hans, um málshöfðun gegn honum eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef hann hefur þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.

49. gr.

Félagsstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félags og ritar firma þess.

Félagsstjórn getur veitt stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins svo framarlega sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykktum þess. Ákvæði 42. og 48. gr. eiga við um þá er heimild hafa til ritunar firma og ekki eru stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar.

Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

Félagsstjórn getur hvenær sem er afturkallað heimild sem hún hefur veitt til að rita firma félagsins.

50. gr.

Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd félagsins í málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 44. gr.

51. gr.

Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera nokkrar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.

Sé aðeins einn hluthafi í eignarhlutafélagi skulu samningar milli hans og félagsins færðir í gerðabók eða gerðir skriflega með öðrum hætti nema um sé að ræða samninga sem eru liður í daglegum viðskiptum og með venjulegum kjörum.

52. gr.

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 49.–50. gr. gerir löggerning fyrir hönd þess bindur sá gerningur félagið nema:

1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í lögum þessum;
2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt og viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn enda yrði ekki talið ósanngjarnt að viðsemjandinn héldi fram rétti sínum.

Birting tilkynningar skv. 1. mgr. 150. gr. um tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess telst ein og sér ekki nægileg sönnun þess að viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn skv. 2. tölul. 1. mgr. greinar þessarar.

53. gr.

Eftir að kjör eða tilnefning stjórnarmanna eða ráðning framkvæmdastjóra hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 150. gr. getur félagið ekki borið fyrir sig gagnvart þriðja aðila ágalla við kjörið, tilnefninguna eða ráðninguna nema félagið sýni fram á að hann hafi vitað um ágallann.

54. gr.

Aðalfundur ákveður árlega laun stjórnarmanna.

Félagsstjórn ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra.

X. KAFLI
Hluthafafundir.

55. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum eignarhlutafélags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða.

Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum. Þetta á þó ekki við um eignarhlutafélag eins aðila. Þar kemur hluthafi í stað hluthafafundar, tekur sjálfur ákvarðanir fyrir hönd félagsins og skráir þær í gerðabók.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls.

56. gr.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en fimm ár frá dagsetningu þess. Það má afturkalla hvenær sem er.

57. gr.

Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Í félagssamþykktum má ákveða að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi, þó ekki frekar en svo að atkvæðagildi þeirra sé tífalt meira en atkvæðagildi annars jafnhás hlutar eða hlutafjárupphæðar.

Í félagssamþykktum má ákveða að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra nema takmarkaðan hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, njóta ekki atkvæðisréttar. Slíkir hlutir skulu ekki taldir með þegar krafist er samþykkis allra hluthafa, ákveðins meiri hluta alls hlutafjár eða þess sem farið er með á hluthafafundi.

Óheimilt er hluthafa sjálfum, með umboðsmanni eða sem umboðsmaður fyrir aðra, að taka þátt í atkvæðagreiðslu á hluthafafundi um málsókn gegn sjálfum sér eða um ábyrgð sína gagnvart félaginu. Sama á við um málsókn gegn öðrum eða um ábyrgð annarra ef hluthafi hefur þar verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að vera andstæðir hagsmunum félagsins.

58. gr.

Hluthafafund skal halda á heimili félags nema félagssamþykktir kveði svo á að fund skuli eða megi halda á öðrum stað. Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar ef slíkt er nauðsynlegt af sérstökum ástæðum.

59. gr.

Aðalfund skal halda eftir því sem félagssamþykktir ákveða, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan níu mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda. Í móðurfélagi skal enn fremur leggja fram samstæðureikning.

Á aðalfundi skal taka ákvörðun um:

a. staðfestingu ársreiknings;
b. hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu; og
c. önnur þau mál er heyra undir aðalfund samkvæmt félagssamþykktum.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅓ hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau sem greinir í a- og b-liðum 2. mgr. til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Sé hluthafi einn skal hann taka ákvarðanir samkvæmt þessari grein.

60. gr.

Aukafund skal halda þegar félagsstjórn telur þess þörf. Boða skal til aukafundar innan fjórtán daga ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni enda sé lægra mark ekki ákveðið í félagssamþykktum.

61. gr.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

62. gr.

Félagsstjórn annast boðun til hluthafafunda.

Ef félagið hefur enga starfandi stjórn eða félagsstjórn lætur hjá líða að boða til hluthafafundar sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar skal hlutafélagaskrá láta boða til fundarins ef stjórnarmaður, framkvæmdastjóri, endurskoðandi eða hluthafi krefst þess. Umboðsmaður hlutafélagaskrár skal stýra hluthafafundum sem skráin hefur látið boða til, sbr. 3. mgr. 65. gr., og er félagsstjórn skylt að afhenda honum hlutaskrá, fundargerðabók og endurskoðunarbók félagsins.

Ríkissjóður greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins. Heimilt er þó að setja það skilyrði að sá er biður um boðun til fundar setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar fundarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.

63. gr.

Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og, sé ekki mælt fyrir um lengri frest í félagssamþykktum, skemmst viku fyrir fund. Sé samþykkt að fresta hluthafafundi um meira en fjórar vikur skal boða til framhaldsfundarins. Ef gildi ákvörðunar hluthafafundar er samkvæmt félagssamþykktum háð samþykki tveggja funda skal boðun til síðari fundarins ekki fara fram fyrr en fyrri fundurinn hefur verið haldinn. Í því fundarboði skal greina ákvörðun fyrri fundarins.

Boða skal til funda með þeim hætti sem félagssamþykktir ákveða. Boðun skal þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa sem skráðir eru í hlutaskrá.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félags skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skulu dagskrá og endanlegar tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), ársskýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda sé um aðalfund að ræða, lagðar fram skráðum hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags og samtímis sendar sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar.

Falla má frá formreglum 1.–4. mgr. ef allir hluthafar sækja hluthafafund og eru sammála um það.

64. gr.

Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt mála hafi ekki verið getið í dagskrá er það því ekki til fyrirstöðu að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um þau auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

65. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra nema félagssamþykktir kveði á um annað.

Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Sé boðað til hluthafafundar skv. 2. mgr. 62. gr. ákveður umboðsmaður hlutafélagaskrár fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa er fund sækja til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir sem fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

66. gr.

Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála er ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu.

Ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi skulu hluthafar innan fjórtán daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim hluthöfum er þess hafa óskað.

67. gr.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu og ræður þá hlutkesti úrslitum nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

68. gr.

Ákvörðun um breytingu félagssamþykkta skal tekin á hluthafafundi nema stjórn hafi heimild til að breyta samþykktum samkvæmt lögum þessum. Ákvörðunin verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 69. gr.

Samþykkt um breytingu á samþykktum eignarhlutafélags skal tilkynnt hlutafélagaskrá þegar í stað og eigi öðlast breytingin gildi fyrr en hún hefur verið skráð.

69. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á félagssamþykktum verði gildar:

1. að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta;
2. að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu;
3. að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 14. og 15. gr. eða skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða.

Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum, sem skerðir rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af eignum félagsins án þess þó að 1. tölul. 1. mgr. eigi við, er því aðeins gild að hluthafar, sem ráða yfir meira en 9/10 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði.

Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli hluthafa, er því aðeins gild að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði. Nú eru fleiri en einn hlutaflokkur í félaginu og er þá unnt að gera breytingu á félagssamþykktum sem veldur röskun á réttarsambandinu milli hlutaflokkanna ef hluthafar, sem eiga meira en 9/10 hluta hlutafjár þess hlutaflokks er sæta skal skerðingu og farið er með atkvæði fyrir á fundi og meira en helming þess hlutaflokks í heild, gjalda breytingunni jákvæði.

70. gr.

Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

71. gr.

Hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar sem hefur verið tekin með ólögmætum hætti eða brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins.

Mál skal höfða innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin, ella telst hún gild.

Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við :

a. þegar ákvörðunin er ólögleg, jafnvel með samþykki allra hluthafa;
b. þegar krafist er samþykkis allra eða tiltekinna hluthafa til þess að ákvörðun öðlist gildi og slíkt samþykki er ekki fengið;
c. þegar boðun til hluthafafundar hefur ekki farið fram eða reglna þeirra sem um fundarboðun gilda hefur í verulegum atriðum ekki verið gætt;
d. þegar sá hluthafi, sem höfðað hefur mál eftir að frestur sá sem tiltekinn er í 2. mgr. er útrunninn en þó innan tveggja ára eftir að ákvörðun var tekin, hefur haft frambærilega ástæðu til að draga málshöfðun og beiting ákvæða 2. mgr. yrði bersýnilega ósanngjörn.

Nú verða úrslit í dómsmáli þau að ákvörðun hluthafafundar telst ógild og skal þá ómerkja ákvörðunina eða breyta henni. Breyting á ákvörðun hluthafafundar er þó einungis unnt að gera að þess sé krafist og það sé á færi dómsins að ákveða hvers efnis ákvörðunin hefði réttilega átt að vera. Dómur í slíku máli bindur einnig þá hluthafa er ekki hafa staðið að málshöfðum. Endurrit dóma í slíkum málum skal senda hlutafélagaskrá og þar skráð niðurstaða þeirra ef ástæða þykir til.

XI. KAFLI
Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.

72. gr.

Á aðalfundi skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur í samræmi við samþykktir félagsins. Aðalfundur getur einnig kosið varaendurskoðendur. Í samþykktum félagsins má ákveða að einn eða fleiri endurskoðendur, en ekki allir, skuli tilnefndir á annan hátt. Sé hluthafi einn skal hann ákveða þessi efni.

Hafi tillaga um kosningu endurskoðanda verið felld á aðalfundi og hluthafahópur, sem ræður minnst ⅕ hlutafjár, krefst þess á aðalfundi þar sem endurskoðendur skal kjósa skal stjórn félags fara þess á leit við hlutafélagaskrá að hún nefni til einn endurskoðanda er starfi að endurskoðun reikninga félagsins ásamt kjörnum endurskoðendum kjörtímabil þeirra. Ef stjórn félagsins hefur ekki komið ósk þessari á framfæri innan tveggja vikna frá aðalfundi getur hver hluthafi borið fram ósk þessa við hlutafélagaskrá. Telji hlutafélagaskrá nægilegar ástæður til þess að verða við óskinni skal hún nefna til löggiltan endurskoðanda. Þóknun til þess endurskoðanda, er hlutafélagaskrá tilnefnir, er háð samþykki hennar og skal félagið greiða hana.

73. gr.

Endurskoðendur eignarhlutafélags skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Af endurskoðendum félags skal að minnsta kosti einn vera heimilisfastur hér á landi enda sé slíkt skilyrði í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga sem binda Ísland.

Endurskoðendur skulu með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins hafa þá þekkingu og reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem nauðsynleg er til rækslu starfans.

Þegar endurskoðunarfélag er kosið til að annast endurskoðun skal sá sem falin er endurskoðunin uppfylla skilyrði 73.–75. gr.

Óheimilt er að kjósa samstarfsmenn eða sameigendur að endurskoðunarstofu sem endurskoðendur í sama eignarhlutafélagi.

Kjósa skal einn af endurskoðendum móðurfélags sem endurskoðanda í dótturfélagi ef þess er nokkur kostur.

74. gr.

Í eignarhlutafélögum skal a.m.k. einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur ef einhver eftirtalinna skilyrða eru uppfyllt: bundið eigið fé er a.m.k. 50 milljónir króna, skuldir og bundið fé er a.m.k. 100 milljónir króna, rekstrartekjur eru a.m.k. 200 milljónir króna eða starfsmenn (ársmenn) eru fleiri en 50. Þegar ljóst er við stofnun félagsins eða upphaf rekstrar að einhverju framangreindra marka verði þegar náð skal regla 1. málsl. gilda frá þeim tíma en annars skal við það miða að einhverju framangreindra marka hafi verið náð í ársreikningi tveggja síðastliðinna reikningsára.

Í félögum, þar sem engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hluti milli aðila, skal a.m.k. einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

Hluthafahópur, sem ræður yfir minnst ⅕ hlutafjár, getur krafist þess að kosinn verði einn löggiltur endurskoðandi. Krafa um þetta skal fram borin á aðalfundi þar sem kjósa skal endurskoðendur.

75. gr.

Endurskoðandi eignarhlutafélags má ekki vera í stjórn þess, framkvæmdastjóri þess eða starfsmaður. Eigi má hann heldur vera í þjónustu formanns stjórnar félagsins, framkvæmdastjóra þess, prókúruhafa eða þeirra starfsmanna sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi þess eða fjármálum. Þá má endurskoðandi eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Endurskoðandi eignarhlutafélags má ekki vera í þjónustu stjórnarmanns félagsins.

Þann sem er ekki hlutgengur við kosningu endurskoðanda í móðurfélagi má ekki kjósa sem endurskoðanda í dótturfélagi.

Endurskoðandi má hvorki vera skuldugur félaginu né félögum í sömu samstæðu.

76. gr.

Í samþykktum félags skal kveðið á um starfstíma endurskoðanda. Starfi endurskoðanda skal ljúka við lok þess aðalfundar sem haldinn er eftir lok síðasta reikningsárs sem endurskoðandi var kosinn fyrir eða, ef endurskoðandi er kosinn til óákveðins tíma, þegar annar endurskoðandi er kosinn í hans stað.

Endurskoðandi getur hvenær sem er sagt upp störfum. Hann verður einnig leystur frá störfum samkvæmt ákvörðun þeirra er kusu hann eða tilnefndu.

Ljúki starfi endurskoðanda áður en kjörtímabili er lokið eða uppfylli hann ekki lengur skilyrði til að vera endurskoðandi og enginn varamaður er til að koma í hans stað skal stjórnin annast um að kosinn verði nýr endurskoðandi í hans stað eins fljótt og unnt er.

77. gr.

Ef endurskoðandi er ekki kosinn eða kosning hans brýtur í bága við ákvæði 1. mgr. 73. gr., 1. og 2. mgr. 74. gr. eða 1.–3. mgr. 75. gr. eða er andstæð ákvæðum í samþykktum félagsins skal hlutafélagaskrá tilnefna endurskoðanda ef tilmæli um það koma fram frá stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða hluthafa.

Hafi á aðalfundi ekki verið sinnt kröfu um kosningu löggilts endurskoðanda samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 74. gr. skal hlutafélagaskrá tilnefna þennan endurskoðanda þegar tilmæli um það koma fram frá hluthafa. Tilmæli skulu borin fram í síðasta lagi einum mánuði eftir að aðalfundurinn var haldinn.

Tilnefning endurskoðanda skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar gildir þar til nýr endurskoðandi hefur verið kosinn í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktir félagsins.

78. gr.

Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Ef um móðurfélag er að ræða skulu endurskoðendur einnig endurskoða samstæðureikninginn og reikningsleg tengsl samstæðufélaganna.

Endurskoðendur skulu fylgja þeim kröfum sem settar hafa verið á aðalfundi um endurskoðun ef þær brjóta ekki í bága við lög eða samþykktir félagsins eða góða endurskoðunarvenju.

79. gr.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skulu sömu aðilar einnig sjá til þess að endurskoðendur fái þau gögn, þær upplýsingar og þá aðstoð sem þeir álíta nauðsynlega til að framkvæma verk sitt. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri dótturfélags hafa samsvarandi skyldur við endurskoðendur móðurfélags.

80. gr.

Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslu sem leggja skal fyrir aðalfund. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund.

Í endurskoðunarskýrslunni skal felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal fram koma skoðun endurskoðenda á því hvort ársreikningur og samsvarandi samstæðureikningur séu samdir í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktir félagsins, svo og greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef endurskoðendur eru þeirrar skoðunar að ekki beri að samþykkja ársreikninginn skulu þeir taka það fram sérstaklega.

Séu ekki í ársreikningi þær upplýsingar sem fram eiga að koma um rekstur félagsins og fjárhagslega stöðu þess að öðru leyti eða ef endurskoðendur í móðurfélagi telja vanta nauðsynlegar upplýsingar um viðskipti dótturfélags skulu endurskoðendur geta þess og gefa nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í skýrslu sinni ef kostur er. Ef ársskýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða er ekki í samræmi við ársreikning skulu endurskoðendur vekja á því athygli í skýrslu sinni. Ef endurskoðendur hafa komist að raun um við endurskoðun að atvik liggi fyrir sem haft geti ábyrgð í för með sér fyrir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra skulu þeir geta þess í skýrslunni. Að öðru leyti geta endurskoðendur skýrt frá þeim atriðum í skýrslu sinni sem þeir telja rétt að hluthafar fái vitneskju um.

81. gr.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók eða færa fram skriflega á annan hátt. Stjórnin varðveitir gögn þessi á öruggan hátt.

82. gr.

Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félagsins. Í eignarhlutafélögum eins aðila skal stjórn hafa nauðsynlegt samráð við endurskoðendur um málefni félagsins, sbr. 2. mgr. 55. gr.

83. gr.

Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er ekki heimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félags. Endurskoðanda, sem segir af sér starfi, er þó heimilt að tilkynna þeim endurskoðanda, sem kemur í hans stað, ástæðuna fyrir uppsögn sinni.

84. gr.

Hluthafi getur á aðalfundi eða öðrum hluthafafundi, þar sem málið er á dagskrá, komið fram með tillögu um að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan fylgi hluthafahóps sem ræður yfir minnst ¼ hlutafjárins getur hluthafi í síðasta lagi einum mánuði frá lokum fundarins farið þess á leit við hlutafélagaskrá að hún tilnefni rannsóknarmenn. Tilmælin skal taka til greina svo framarlega sem hlutafélagaskrá telur nægilegar ástæður til þeirra. Hlutafélagaskrá skal gefa stjórn félagsins og endurskoðendum þess og, þegar við á, þeim sem málið varðar tækifæri til að láta í ljós álit sitt um kröfuna áður en hún tekur ákvörðun sína. Hlutafélagaskrá ákveður fjölda rannsóknarmanna en meðal þeirra skulu vera bæði löggiltur endurskoðandi og lögfræðingur.

Ákvæði 1. mgr. 73. gr., 75., 79., 82. og 83. gr. eiga einnig við um rannsóknarmenn eftir því sem við á.

Rannsóknarmennirnir skulu gefa skriflega skýrslu til hluthafafunda. Þeir skulu fá greidda þóknun frá félaginu og skal hún ákveðin af hlutafélagaskrá.

Skýrsla rannsóknarmanna skal liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins í skemmsta lagi viku fyrir hluthafafund.

XII. KAFLI
Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.

85. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og jafnframt reikning félagasamstæðu ef um móðurfélag er að ræða. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Ársreikningur og samstæðureikningur skulu undirritaðir af stjórn félags og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi eða samstæðureikningi skulu þeir undirritaðir með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu stjórnar, sbr. 95. gr., hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur, og ef við á samstæðureikningur, skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

86. gr.

Reikningsár eignarhlutafélags skal vera tólf mánuðir. Við stofnun félags eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó ekki lengra en átján mánuðir.

Félög í sömu félagasamstæðu skulu hafa sama reikningsár nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.

87. gr.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða. Ákvæði 91., 93. og 94. gr. um eignarhluta í eignarhlutafélögum gilda einnig um eignarhluta í öðrum félögum.

Í ársreikningi skulu vera skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 94. gr.

88. gr.

Eignir, sem eru ekki ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ.e. veltufjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði ef það er lægra. Veltufjármuni má þó færa á hærra verði en kostnaðarverði í þeim tilvikum er slíkt samræmist góðri reikningsskilavenju.

89. gr.

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ.e. fastafjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði. Til kostnaðarverðs telst kostnaður við endurbætur sem færður hefur verið sérstaklega á reikningsárinu eða eignfærður hefur verið á fyrri reikningsárum. Fastafjármuni má annars ekki, að undanteknum ákvæðum 4. og 6. mgr. þessarar greinar, færa á hærra verði en bókfært verð þeirra er í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs.

Fastafjármunir, sem rýrna að verðgildi vegna aldurs, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu árlega afskrifaðir a.m.k. um þá fjárhæð er nemur verðrýrnuninni nema viðkomandi eign hafi þegar verið afskrifuð nægilega. Afskrifa skal þótt tap sé eða verði á rekstrarreikningi.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að lækka verð viðkomandi eignar að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Ef raunvirði fastafjármuna er verulega hærra en bókfært verð þeirra í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs má hækka bókfært verð þeirra þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar enda sé hækkunin talin varanleg. Þá fjárhæð, sem hækkuninni nemur, skal setja í endurmatsreikning. Í endurmatsreikning skal og gerð mótbókun við gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir. Endurmatsreikningi má aðeins ráðstafa til:

1. nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum;
2. að mæta tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir;
3. hækkunar á hlutafé;
4. að verðbæta varasjóð, sbr. 100. gr., í samræmi við verðlagsbreytingar en þó aðeins að því marki sem svarar útgefnum jöfnunarhlutum;
5. að verðbæta frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar;
6. að verðbæta þau tillög í skattalega sjóði og aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sbr. 6. tölul. 4. mgr. 93. gr., sem skylt er að verðbæta.

Þá lækkun fastafjármuna, sem verður ekki jöfnuð samkvæmt lið 1 hér að framan, má jafna með sérstakri afskrift.

Langtímakröfu má færa með áætluðu raunvirði enda þótt hún hafi verið færð með lægra verði í síðasta efnahagsreikningi sem vafasöm eða verðlaus.

90. gr.

Eigin hlutir skulu færðir til frádráttar heildarhlutafé. Ef hlutir hafa verið löglega keyptir á síðustu tveimur reikningsárum er heimilt að færa þá til eignar í efnahagsreikningi með verði allt að kostnaðarverði.

Við mat á hlutum móðurfélags í dótturfélagi skal ekki tekið tillit til verðgildis þeirra hluta sem dótturfélag kann að eiga í móðurfélagi.

Hafi félag tekið við starfsemi eða fyrirtæki og kaupverðið er hærra en raunverð hinna fengnu eigna þá má færa það sem umfram er til eignar meðal fastafjármuna ef talið verður að um viðskiptavild sé að ræða. Viðskiptavild skal afskrifa árlega um hæfilega fjárhæð og ekki minna en nemur 10% á ári af kostnaðarverði.

Færa má sem fastafjármuni kostnað við tæknilega og viðskiptalega aðstoð, rannsókna- og þróunarvinnu, tilraunavinnslu, markaðsrannsóknir og þess háttar ef um er að ræða verulegt og varanlegt verðmæti fyrir félagið. Árleg afskrift skal nema hæfilegri fjárhæð og ekki vera lægri en 20% af eignfærðum kostnaði nema við þær sérstöku aðstæður að lægri afskrift verði talin eðlileg samkvæmt góðri reikningskilavenju.

Þóknun og beinan kostnað við töku langtímalána og gengistap, svo og samsvarandi hækkun vegna verðtryggingar slíkra lána, er heimilt að eignfæra og afskrifa innan lánstímans hafi kostnaðurinn ekki verið gjaldfærður strax.

Kostnað við stofnun félags eða hækkun á hlutafé má ekki eignfæra.

Verðbréf, sem opinber gengisskráning er til um, má ekki færa á hærra verði en síðasta skráðu kaupverði í lok reikningsársins.

Við mat á verkum, sem unnið er að fyrir aðra aðila, skal fara eftir góðri reikningsskilavenju varðandi áætlaðan hagnað eða tap af verkunum.

91. gr.

Efnahagsreikningur skal sýna eignir, skuldir og eigið fé félagsins í lok reikningsárs. Meðal skulda skal sérgreina óskattlagt fjármagn.

Eftirfarandi liðir skulu sérgreindir í efnahagsreikningi. Þó skal frekari greining gerð þar sem aðstæður gefa tilefni til þess. Víkja má frá uppsetningu þessari að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

A. EIGNIR

1. Veltufjármunir.

1.1 Sjóður.
1.2 Innstæður í bönkum o.þ.h.
1.3 Viðskiptakröfur.
1.4 Viðskiptavíxlar.
1.5 Aðrar skammtímakröfur.
1.6 Fyrirframgreiðslur.
1.7 Vörubirgðir.
1.8 Verk í vinnu.

2. Fastafjármunir.

2.1 Hlutir og stofnfé í dótturfélögum.
2.2 Hlutir og stofnfé í öðrum félögum.
2.3 Skuldabréf og önnur verðbréf.
2.4 Innstæður hjá dótturfélögum.
2.5 Aðrar langtímakröfur.

2.6 Fyrirframgreiðslur.
2.7 Vélar, áhöld og önnur varanleg rekstrartæki.
2.8 Skip og flugvélar.
2.9 Fasteignir.
2.10 Einkaleyfi og hliðstæð réttindi.
2.11 Viðskiptavild, sbr. 3. mgr. 90. gr.
2.12 Skipulagningarkostnaður og annar eignfærður stofnkostnaður, sbr. 4. og 5. mgr. 90. gr.

3. Aðrar eignir.
3.1 Hlutafjárloforð.
3.2 Eigin hlutir.

B. SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

1. Skammtímaskuldir.
1.1 Skuldir í bönkum.
1.2 Viðskiptaskuldir.
1.3 Viðskiptavíxlar.
1.4 Aðrar víxlaskuldir.
1.5 Aðrar skammtímaskuldir.
1.6 Fyrirframgreiðslur.
1.7 Ógreiddur arður.
1.8 Ógreiddur tekju- og eignarskattur.
1.9 Ógreiddir aðrir skattar.

2. Langtímaskuldir.
2.1 Veðskuldir.
2.2 Aðrar langtímaskuldir.

3. Bundið óskattlagt fjármagn og aðrar hliðstæðar ráðstafanir.

4. Eigið fé.
4.1 Bundið eigið fé.
4.1.1 Hlutafé.
4.1.2 Lögbundinn varasjóður.
4.1.3 Endurmatssjóður.
4.2 Frjálst eigið fé.
4.2.1 Frjáls varasjóður.
4.2.2 Yfirfært til næsta árs; ójafnað tap færist sem frádráttarliður.

Í efnahagsreikningi eða skýringum með honum skal enn fremur veita eftirfarandi upplýsingar:

1. Veðsetningar.
1. Skrá yfir veð í fasteignum félagsins.

2. Skrá yfir aðrar veðsetningar með upplýsingum um bókfært verð veðsins.
2. Ábyrgðarskuldbindingar.
2.1 Víxlaábyrgðir.
2.2 Aðrar ábyrgðar- og tryggingaskuldbindingar.

92. gr.

Kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög skal tilgreina sérstaklega í efnahagsreikningi. Heimilt er þó að gefa upplýsingar um fjárhæðir slíkra krafna eða skulda í texta í efnahagsreikningi eða skýringum með honum. Á sama hátt skal gefa upplýsingar um veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar fyrir dótturfélög eða móðurfélög.

Hafi félag sett veð eða tekið á sig ábyrgðarskuldbindingar án þess að það falli undir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skal tilgreina heildarfjárhæð slíkra veðsetninga eða skuldbindinga á sama hátt.

93. gr.

Rekstrarreikningur skal gerður þannig að hann gefi með hliðsjón af rekstri félagsins skýra mynd af því hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast.

Í rekstrarreikningi skulu heildartekjur af rekstri félagsins á reikningsárinu koma fram og skulu tekjur og gjöld sundurliðuð eftir því sem rekstur félagsins gefur tilefni til.

Meðal tekna skal sérstaklega greina:

1. tekjur af aðalstarfsemi;
2. arð af hlutafé í dóttur- eða móðurfélagi;
3. arð af hlutafé í öðrum félögum;
4. vaxtatekjur;
5. tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir;
6. hagnað sem fram kemur við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna;
7. óreglulegar tekjur.

Meðal gjalda skal sérstaklega greina:

1. gjöld af aðalstarfsemi;
2. vaxtagjöld;
3. afskriftir og niðurfærslur á fastafjármunum;
4. gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir;
5. tap sem verður við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna;
6. óregluleg gjöld;
7. tekjuskatt og eignarskatt reikningsársins.

Óreglulegar tekjur og gjöld skv. 7. tölul. 3. mgr. og 6. tölul. 4. mgr. skal sundurliða eftir tegundum.

Víkja má frá uppsetningu þessari að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

94. gr.

Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki greinilega fram þar:

1. eignarhluta í öðrum félögum og annað áhættufé skal sundurliða; þar skal greina nafn hvers félags, nafnverð eignarhluta og bókfært verð í efnahagsreikningi;
2. hafi við gerð ársreiknings verið tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir skal gera grein fyrir þeirri aðferð sem beitt hefur verið;

3. varanlega rekstrarfjármuni skal sundurliða; þar komi fram kostnaðarverð hvers eignaflokks í ársbyrjun samkvæmt efnahagsreikningi fyrra árs ásamt eldri endurmatshækkunum; þá skal greint heildarverð hækkunar og lækkunar þessara eigna á reikningsárinu ásamt afskriftum og niðurfærslum á reikningsárinu og samtölu þeirra til loka reikningsársins; niðurstöður þessara skýringa skulu vera samanburðarhæfar við einstaka eignaliði í efnahagsreikningi og við afskriftir í rekstrarreikningi;
4. gildandi fasteignamatsverð fasteigna og brunabótamatsverð þeirra;
5. hafi einstakir veltufjármunir verið færðir á hærra verði en kostnaðarverði skal það upplýst ásamt fjárhæð mismunar;
6. endurmatshækkun fastafjármuna, fjárhæð hennar og ráðstöfun; gerð skal grein fyrir þeim reglum sem farið er eftir við endurmatið;
7. eftirlauna- eða lífeyrisskuldbindingar félags sem færa skal í efnahagsreikning í samræmi við góða reikningsskilavenju;
8. þegar útgefin hlutabréf eru ekki öll sömu tegundar skal greina frá því að hvaða leyti bréfin eru frábrugðin og heildarfjárhæð bréfa í hverjum flokki;
9. breytingar, sem orðið hafa á hinum ýmsu liðum eigin fjár frá efnahagsreikningi síðasta árs, skal sundurliða;
10. ef gerðar hafa verið breytingar á mati veltufjármuna eða afskriftum fastafjármuna eða gerðar aðrar breytingar frá ársreikningi síðasta árs sem hafa veruleg áhrif á afkomu ársins eða hafa að öðru leyti verulega þýðingu;
11. heildarfjárhæð eigna og skulda í erlendum gjaldeyri eða þeim liðum efnahagsreiknings sem háðir eru gengisáhættu eða verðtryggingu;
12. ef gerðar eru verulegar breytingar á uppsetningu eða flokkun liða í rekstrarreikningi eða efnahagsreikningi sem haft geta veruleg áhrif á möguleika til samanburðar við ársreikning síðasta árs skal gera grein fyrir þeim breytingum;
13. ef félagið hefur keypt eða yfirtekið eigin hluti á reikningsárinu eða hluti í móður- eða dótturfélagi, sbr. 38. gr., skal upplýsa um nafnverð þeirra, kaupverð og hlutfall af heildarhlutafé viðkomandi félags, svo og geta þess hvernig hlutunum hafi verið ráðstafað; ef félagið hefur keypt eða yfirtekið hluti í öðrum félögum skal upplýsa um kaupverð og önnur atriði sem máli skipta;
14. hafi verið áætlaður hagnaður af verki í framkvæmd í samræmi við góða reikningsskilavenju skal það koma fram ásamt nánari upplýsingum um mat á hagnaðinum;
15. þau atriði sem hafa eða geta haft veruleg áhrif á skattalega stöðu félagsins, svo sem ef um heimild til yfirfærslu á rekstrartapi frá fyrri árum er að ræða eða ef sala eða önnur afhending á eignum félagsins fyrir bókfært verð getur leitt til skattlagningar;
16. veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, sbr. 91. gr.;
17. kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög, svo og önnur félög í eigu eignarhlutafélagsins, skal sérgreina, sbr. 1. mgr. 92. gr.;
18. veð og ábyrgðarskuldbindingar skv. 2. mgr. 92. gr.

95. gr.

Í ársskýrslu stjórnar, sem lögð skal fram á aðalfundi, skal gefa, nema sérstakar ástæður séu til að ætla að slíkt geti skaðað félagið, upplýsingar um atriði sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins.

Ársskýrsla skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra í þjónustu félagsins. Ágóðahluti til stjórnar og framkvæmdastjóra skal sérgreindur. Í ársskýrslu skal upplýst um fjölda hluthafa í lok reikningsárs. Þá skal í ársskýrslu upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga að minnsta kosti tíu hundruðustu hlutafjár félagsins í lok reikningsárs. Ef atkvæðagildi hluta er hlutfallslega mismikið miðað við fjárhæð hluta skal enn fremur gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti tíu hundruðustu allra atkvæða. Við útreikning í þessu skyni telst samstæða hlutafélaga vera einn aðili.

Stjórnin skal í ársskýrslu gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði félagsins eða jöfnun taps.

Í ársskýrslu móðurfélags skal veita upplýsingar um afkomu félagasamstæðunnar á reikningsárinu ásamt upplýsingum um frjálst eigið fé hennar eða ójafnað tap.

Í eignarhlutafélögum, þar sem ársvelta er innan við 100 milljónir króna, má flytja ársskýrslu stjórnar munnlega. Í eignarhlutafélögum eins aðila þarf ekki að gera ársskýrslu.

96. gr.

Í móðurfélagi skal gera samstæðureikning sem ná skal til sama tímabils og ársreikningur þess.

Samstæðureikningurinn skal hafa að geyma samantekt á ársreikningum móður- og dótturfélaganna og vera saminn í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og með hliðsjón af öðrum ákvæðum þessa kafla. Við gerð reikningsins skal fella brott innbyrðis tekjur og arðgreiðslur milli félaga í samstæðunni, svo og innbyrðis eignir og skuldir.

Til innbyrðis tekna telst hluti móðurfélags í tekjum af eignatilfærslum innan samstæðunnar svo framarlega sem eignin hefur ekki þegar verið afskrifuð um samsvarandi fjárhæð í því félagi sem aflaði hennar.

Ef samsetning samstæðunnar eða aðrar sérstakar aðstæður gera það að verkum að gerð samstæðureiknings er verulegum vandkvæðum bundin má víkja frá ákvæðum þessarar greinar.

97. gr.

Í eignarhlutafélögum, þar sem ársvelta er 100 milljónir króna eða meiri, skal staðfest endurrit ársreiknings ásamt ársskýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu hafa borist hlutafélagaskrá eigi síðar en mánuði eftir samþykkt reikningsins, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Hún getur vikið frá ákvæðum 1. málsl. með almennri ákvörðun í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga sem binda Ísland. Önnur eignarhlutafélög skulu skila styttum efnahagsreikningi og styttum ársreikningsskýringum í samræmi við ákvörðun hlutafélagaskrár. Hlutafélagaskrá er þó heimilt að kalla eftir óstyttum ársreikningum þeirra félaga. Skráin skal veita almennan aðgang að reikningum þeim sem skila skal skv. 1.–3. málsl.

Með ársreikningum skulu fylgja staðfestar upplýsingar um hvenær hann var samþykktur og hvaða ákvörðun aðalfundur tók um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun á tapi. Móðurfélag skal enn fremur senda staðfestan samstæðureikning eða samstæðuskýrslu.

XIII. KAFLI
Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.

98. gr.

Óheimilt er að úthluta af fjármunum félagsins til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um úthlutun arðs sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita.

99. gr.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Nú nemur varasjóður ekki 1/10 hlutafjárins og má þá ekki greiða hærri arð en sem nemur þeim hundraðshluta af greiddu hlutafé sem svarar til hæstu vaxta á almennum sparisjóðsreikningum.

Í móðurfélagi er óheimilt að úthluta það miklum arði að andstætt sé góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar enda þótt arðsúthlutun sé annars heimil.

100. gr.

Minnst tíu hundraðshluta þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, skal leggja í varasjóð uns hann nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar þar til sjóðurinn nemur 1/4 hlutafjárins. Í félagssamþykktum er unnt að mæla fyrir um skyldu til hærri framlaga.

Ef félagi hefur verið greitt meira en nafnverð fyrir hluti þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað skal fé það sem greitt var umfram nafnverð lagt í varasjóð, að frádregnum kostnaði af stofnun félagsins eða hækkun hlutafjárins. Einnig skal lagt í varasjóð það fé sem félagið hefur fengið vegna sölu jöfnunarhluta sem er ekki vitjað.

Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Nú nemur varasjóður meira en 1/4 hlutafjárins og er þá heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutaféð eða, sé fyrirmæla 36. gr. gætt, til annarra þarfa.

101. gr.

Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.

Hluthafar, sem eiga samtals minnst 1/10 hlutafjárins, eiga á aðalfundi kröfu til þess sé krafan tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 61. gr. að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð sem nemur allt að fjórðungi þess sem eftir stendur af árshagnaði þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess að meira sé úthlutað en sem nemur tveim hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

Gjalddagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

102. gr.

Ef greiðsla til hluthafa hefur farið fram andstætt ákvæðum laga þessara skal hann endurgreiða það sem hann hefur tekið við með vöxtum er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum. Þetta gildir þó ekki um úthlutun arðs ef hluthafinn hvorki vissi né mátti vita að greiðslan var ólögmæt.

Nú kemur í ljós að féð fæst ekki endurgreitt og skulu þá þeir sem átt hafa þátt í ákvörðun um greiðsluna og framkvæmd hennar eða í gerð eða samþykkt hinna röngu reikningsskila bera ábyrgð eftir ákvæðum 133.–135. gr.

103. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið að gefa af fjármunum félagsins til almenningsheilla, mannúðarmála eða í hliðstæðum tilgangi að svo miklu leyti sem slíkt telst hæfilegt með hliðsjón af tilganginum með gjöfinni, fjárhagsstöðu félagsins og atvikum að öðru leyti.

Félagsstjórn er heimilt að verja smávægilegum fjárhæðum miðað við fjárhagsstöðu félagsins í sama skyni sem um getur í 1. mgr.

104. gr.

Eignarhlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi er einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða býr með aðila skv. 1. málsl. eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stendur hlutaðeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri.

Eignarhlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er eignarhlutafélag eða hlutafélag. Eignarhlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup.

Trygging félagsins, sem sett er fyrir áðurnefnda aðila í bága við ákvæði 1. og 2. mgr., er þó bindandi nema viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita að tryggingin hafi verið sett andstætt þessum ákvæðum.

Ef félagið hefur innt af hendi greiðslur í tengslum við ráðstafanir sem eru andstæðar 1. og 2. mgr. skal endurgreiða þær með vöxtum er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum nema samið sé um hærri vexti.

Ef ekki er unnt að endurgreiða féð eða afturkalla tryggingu eru þeir sem gerðu eða framkvæmdu síðar ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. ábyrgir fyrir tapi félagsins.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um lán og framlag til móðurfélags og tryggingu fyrir skuldbindingum móðurfélags.

Ákvæðum 1. og 2. mgr. verður ekki beitt um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir.

Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers láns, framlags og tryggingar samkvæmt þessari grein.

XIV. KAFLI
Félagsslit.

105. gr.

Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta eftir því sem mælt er fyrir í ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Standi eignir eftir við gjaldþrotaskipti að greiddum kröfum lánardrottna skal skipta þeim milli hluthafa í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema samþykktir félags kveði á um aðra skipan. Lögmætur hluthafafundur getur þó ákveðið að halda starfsemi félagsins áfram að fullnægðum lögmæltum skilyrðum til þess.

106. gr.

Hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅕ hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Sé þess krafist fyrir dómi af hálfu félagsins má í dómi ákveða að í stað félagsslita geti félagið innan frests og fyrir verð, sem ákveðið er í dóminum, leyst til sín hluti þeirra hluthafa sem félagsslita hafa krafist skv. 1. mgr.

107. gr.

Bú eignarhlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu hlutafélagaskrár:

1. þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í lögum en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit;
2. ef félagið tilkynnir ekki hlutafélagaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, innan árs frá lokum lögmælts frests til þess;
3. þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar þeirra eignarhlutafélaga, sem skila skulu ársreikningum, hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. þó 3. málsl. 1. mgr. 97. gr.;
4. ef hlutafélagaskrá neitar um eða fellir úr gildi löggildingu skilanefndar skv. 4.–6. mgr. 111. gr.

Bú eignarhlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu hluthafa:

1. þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit;
2. hafi krafa skv. 1. mgr. 106. gr. verið tekin til greina með dómi.

Bú eignarhlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu félagsstjórnar hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ heildarhlutafjár félagsins, samþykkt að slíta félaginu á þennan hátt eða skilyrðum 2. mgr. 110. gr. fyrir skipun skilanefndar er ekki fullnægt.

Félagsstjórn skal sjá um að haldinn verði hluthafafundur innan sex mánaða frá því að félagið hefur tapað öllu hlutafé sínu. Á hluthafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og, ef þörf krefur, leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins.

108. gr.

Ef hlutafélagaskrá telur að eignarhlutafélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar eða endurskoðanda eða það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðast skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afmáð úr hlutafélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frests

sem skráin setur er veiti líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal samsvarandi aðvörun birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist þá ekki heldur svar eða fullnægjandi svar innan þess frests sem þar er tiltekinn má fella skráningu eignarhlutafélagsins niður.

Innan árs frá afskráningu geta hluthafar eða lánardrottnar gert þá kröfu að bú eignarhlutafélagsins verði tekið til skipta í samræmi við 109. gr. Jafnframt má hlutafélagaskrá breyta skráningu þannig að afskráð félag sé skráð á nýjan leik enda berist beiðni þar að lútandi innan árs frá afskráningu samkvæmt þessari grein og sérstakar aðstæður réttlæti endurskráninguna. Ekki má ráðstafa heiti félagsins á þessum tíma.

Þótt eignarhlutafélag hafi verið fellt niður af hlutafélagaskrá samkvæmt þessari grein breytir það í engu persónulegri ábyrgð er stjórnar- eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins.

109. gr.

Þegar héraðsdómara hefur borist krafa um skipti skv. 1. eða 2. mgr. 107. gr. eða 108. gr. skal hann fara með hana eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti o. fl. um meðferð kröfu lánardrottins um að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Héraðsdómari skal kveða upp úrskurð um hvort orðið verði við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal farið með búið eftir fyrirmælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. um meðferð dánarbús þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum hins látna, að öðru leyti en því að hluthafar njóta ekki þeirrar stöðu sem erfingjar njóta við slík skipti fyrr en leitt er í ljós eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir búsins muni hrökkva fyrir skuldum.

110. gr.

Hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ heildarhlutafjár félags, tekið um það ákvörðun á hluthafafundi að félaginu skuli slitið og æskja þess ekki að skipti fari að hætti 3. mgr. 107. gr. skal félagsstjórn þegar láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið. Reikningi þessum skal fylgja álitsgerð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Innan mánaðar frá því að hluthafafundur hefur tekið ákvörðun um félagsslit skv. 1. mgr. skal haldinn nýr hluthafafundur þar sem reikningar skv. 1. mgr. skulu lagðir fram. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum skal á fundinum kosin skilanefnd. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi ekki svo víst sé fyrir skuldum þess skal félagsstjórn óska eftir skiptum á búi félagsins skv. 3. mgr. 107. gr. Eins skal með fara í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr. 107. gr.

111. gr.

Í skilanefnd skulu kosnir hlutfallskosningu hið minnsta tveir en hið mesta fimm menn. Hluthafahópi, er ræður yfir minnst ⅓ heildarhlutafjár, er rétt að ráða vali eins skilanefndarmanns.

Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi.

Þegar kosin hefur verið skilanefnd skal hún tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu hlutafélagaskrár á starfa sínum. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

Hlutafélagaskrá er rétt að synja um löggildingu skilanefndar ef fyrirliggjandi gögn bera ekki með sér að réttilega hafi verið staðið að ákvörðun um félagsslit eða kjöri skilanefndar eða vafasamt þykir að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Óski maður, sem hlotið hefur löggildingu til starfa í skilanefnd, lausnar frá starfi sínu eða andist skilanefndarmaður áður en hún hefur lokið störfum skal skilanefnd tafarlaust tilkynna það hlutafélagaskrá og boða innan eins mánaðar til hluthafafundar til að kjósa nýjan mann í hans stað. Sé ekki leitað löggildingar nýs skilanefndarmanns án ástæðulausrar tafar er hlutafélagaskrá heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Telji hlutafélagaskrá að ástæðulaus dráttur hafi orðið á starfi skilanefndar eða hún hafi á annan hátt brotið skyldur sínar skal skráin veita nefndinni áminningu og frest til úrbóta. Sé málum ekki komið í rétt horf innan slíks frests er hlutafélagaskrá heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn hluthöfum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

112. gr.

Þegar er skilanefnd hefur verið löggilt skal hún láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrra sinni. Réttaráhrif slíkrar innköllunar skulu vera hin sömu og við gjaldþrotaskipti á búi eignarhlutafélags.

Í auglýsingu skv. 1. mgr. skal skilanefnd boða til fundar með lánardrottnum félags og hluthöfum til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu og skal sá fundur haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

Löggilding skilanefndar og innköllun krafna breyta ekki rétti lánardrottna til að leita fullnustu krafna sinna samkvæmt almennum reglum.

Um kröfur á hendur félaginu og gagnkvæma samninga þess skulu gilda ákvæði XV. og XVI. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.

113. gr.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal skilanefnd gera skrá um þær kröfur sem henni hafa borist. Skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort eða að hve miklu leyti hún telji að viðurkenna skuli hverja kröfulýsingu eða kröfu. Telji skilanefnd ekki unnt að viðurkenna kröfulýsingu eða kröfu að öllu leyti eins og henni hefur verið lýst skal hún tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa það á sannanlegan hátt og boða hann sérstaklega til þess fundar þar sem fjallað verður um lýstar kröfur.

Komi ekki andmæli fram gegn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á lýstum kröfum á fundi sem haldinn er til umfjöllunar um lýstar kröfur skal afstaða hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

Andmæli lánardrottinn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á kröfulýsingu eða kröfu sinni eða sæti krafa andmælum af hendi annars lánardrottins eða hluthafa og ekki er á fundinum leystur ágreiningur þeirra skal skilanefnd þegar í stað vísa honum til úrlausnar héraðsdómara á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um hann.

Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.

Telji skilanefnd orka tvímælis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess að loknum kröfulýsingarfresti skal hún án tafar afhenda bú þess til gjaldþrotaskipta. Skal þá auglýst tvívegis í Lögbirtingablaði að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta en innköllun skilanefndar og kröfulýsingarfrestur skv. 1. mgr. 112. gr. skal vera endanlegur við gjaldþrotaskiptin. Að öðru leyti gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um skiptin.

Sé bú eignarhlutafélags tekið til gjaldþrotaskipta með þeim hætti er segir í 5. mgr. skal við búsmeðferð telja frestdag þann dag sem hluthafafundur hefur ákveðið félagsslit skv. 1. mgr. 110. gr., en úrskurðardag eða upphafsdag skipta þann dag er skilanefnd hefur hlotið löggildingu hlutafélagaskrár.

114. gr.

Þegar að loknum fundi skv. 113. gr. og þegar nægilegum eignum félagsins hefur verið komið í verð skal skilanefnd greiða viðurkenndar kröfur á hendur félaginu. Skal hún taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna.

Skilanefnd skal eftir þörfum boða hluthafa til fundar um tilhögun á slitum félagsins.

Þegar lokið er greiðslu krafna og fé hefur verið sérgreint til greiðslu umdeildra krafna skv. 1. mgr. og þegar fram er komin afstaða hluthafa til þess að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð skal skilanefndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til hluthafa og lokareikninga félagsins. Greiðslur til hluthafa skulu vera í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins.

Skilanefnd skal boða til hluthafafundar til umfjöllunar um lokareikninga og frumvarp til úthlutunargerðar. Sé frumvarpi ekki andmælt eða athugasemdir gerðar við reikninga skal skilanefnd greiða hluthöfum eða afsala þeim eignum í samræmi við frumvarpið.

115. gr.

Hafi skilanefnd ekki lokið störfum innan eins árs frá löggildingu skal hún gera hlutafélagaskrá skriflega grein fyrir ástæðum þess og síðan tvívegis á ári hverju þar til hún lýkur störfum.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem farið yrði með við gjaldþrotaskipti eftir sérreglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal skilanefnd tafarlaust beina ágreiningsefninu til héraðsdómara sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

116. gr.

Ef lánardrottinn eða hluthafi vitjar ekki fjár sem í hlut hans á að koma við félagsslitin eða ágreiningur um réttmæti kröfu skv. 3. mgr. 113. gr. er óleystur við úthlutun skilanefndar skal skilanefnd leggja viðkomandi fjárhæð á geymslureikning í innlánsstofnun sem heimild hefur til að taka við geymslufé. Sé fjárins ekki vitjað innan tíu ára, eftir atvikum frá lyktum ágreinings um kröfu lánardrottins að telja, skal það renna til ríkissjóðs.

Þegar skilanefnd hefur lokið úthlutun til hluthafa eða lagt fé á geymslureikninga skv. 1. mgr. skal hún tilkynna hlutafélagaskrá lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð sína, kvittanir þeirra er við greiðslum hafa tekið og skilríki fyrir geymslureikningum, svo og öll skjöl og bækur félagsins.

Skilanefnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok hafi orðið.

117. gr.

Þegar lokið hefur verið greiðslu krafna á hendur félaginu eða fé til greiðslu umdeildra krafna hefur verið lagt á geymslureikning getur hluthafafundur ákveðið að starfi skilanefndar skuli lokið og félagið taki upp starfsemi á ný ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅔ heildarhlutafjár, eru því samþykkir. Skal tilkynna hlutafélagaskrá samþykktina en ekki er heimilt að hefja á ný starfsemi fyrr en samþykktin hefur verið skráð og félagið fullnægir lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

118. gr.

Komi fram eignir félags eftir að skilanefnd hefur lokið störfum eða verði þau málalok á ágreiningi um réttmæti kröfu lánardrottins að fé, sem lagt hefur verið á geymslureikning vegna kröfunnar, notist ekki að öllu leyti til greiðslu hennar skal skilanefnd taka upp starf sitt á ný án innköllunar og úthluta eignum í samræmi við upphaflega úthlutunargerð sína. Um lok framhaldsskipta gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 116. gr.

Sé þess ekki kostur að skilanefnd annist um framhaldsskipti skv. 1. mgr. skal hlutafélagaskrá löggilda án tilnefningar einn eða fleiri menn í sérstaka skilanefnd til að annast framhaldsskiptin.

XV. KAFLI.
Samruni og breyting eignarhlutafélags í hlutafélag.
Samruni.

119. gr.

Ákvæði þessa kafla um samruna gilda þegar eignarhlutafélagi er slitið án skuldaskila með þeim hætti að félagið er algerlega sameinað öðru eignarhlutafélagi með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku) og þegar tvö eða fleiri eignarhlutafélög renna saman í nýtt eignarhlutafélag (samruni með stofnun nýs félags).

Ef hlutafélag er yfirtekið við samruna gilda ákvæði XV. kafla laga um hlutafélög um slit þess félags.

120. gr.

Félagsstjórnir samrunafélaganna skulu gera og undirrita í sameiningu samrunaáætlun sem skal geyma upplýsingar og ákvæði um:

1. heiti og form félaganna, þar á meðal hvort heiti eða hugsanlegt aukheiti eigi að haldast sem aukheiti í yfirtökufélaginu;
2. heimilisfang félaganna;
3. endurgjald fyrir hlutina í yfirtekna félaginu;
4. frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs;

5. hvaða réttindi hugsanlegir eigendur hluta og skuldabréfa með sérstökum réttindum í yfirtekna félaginu fá í yfirtökufélaginu;
6. aðrar hugsanlegar ráðstafanir til hagsbóta eigendum þeirra hluta og skuldabréfa sem um ræðir í 5. tölul.;
7. frá hvaða tímamarki réttindum og skyldum yfirtekna félagsins skuli reikningslega teljast lokið, sbr. 2. mgr. 121. gr.;
8. einhver sérstök hlunnindi sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur skv. 122. gr. njóta;
9. drög að samþykktum ef mynda á nýtt félag við samrunann.

121. gr.

Félagsstjórn í hverju félaganna um sig skal semja greinargerð þar sem samrunaáætlunin er skýrð og rökstudd. Í greinargerðinni skal fjalla um ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrareikningur sem sýnir allar eignir og skuldir í hverju félaganna um sig, þær breytingar sem álitið er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi yfirtökufélagsins. Lagaákvæði um ársreikninga gilda, eftir því sem við á, um upphafsreikninginn og skýringar í honum. Uppsetning sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin skal miða við uppgjörsdag sem má ekki vera meira en sex mánuði fyrir undirritun samrunaáætlunarinnar.

122. gr.

Í hverju samrunafélaganna um sig skal endurskoðandi gera skýrslu um samrunaáætlunina. Félögin geta haft einn eða fleiri sameiginlega endurskoðendur.

Eftir því sem við á gilda ákvæði 3. mgr. 6. gr.

Skýrslan skal geyma yfirlýsingu um að hve miklu leyti endurgjaldið fyrir hlutina í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt og efnislega rökstutt. Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins. Í yfirlýsingunni skal enn fremur greina það verð sem aðferðirnar leiða hver um sig til, svo og hvaða innbyrðis þýðingu leggja skal í aðferðir við verðákvörðun. Hafi verðákvörðunin verið sérstökum erfiðleikum bundin skal gera grein fyrir þeim í yfirlýsingunni.

Endurskoðandi skal enn fremur gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

123. gr.

Í síðasta lagi einum mánuði eftir undirritun samrunaáætlunarinnar skal hvert samrunafélaganna senda hlutafélagaskrá endurrit af samrunaáætluninni, staðfest af félagsstjórn. Einnig skal þá eða síðar senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu endurskoðenda skv. 4. mgr. 122. gr., sbr. 124. gr.

Upplýsingar um móttöku skjala, sem um ræðir í 1. mgr., skal birta skv. 1. mgr. 150. gr. Ef endurskoðandi telur í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr. að samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu skulu í tilkynningu vera upplýsingar þar að lútandi og athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra skv. 122. gr. og 126. gr.

124. gr.

Ákvörðun um samruna í yfirteknu félagi tekur hluthafafundur, sbr. þó 2. mgr. 55. gr., í samræmi við ákvæði 68. gr. og nánari reglur sem félagssamþykktir kunna að geyma um félagsslit eða samruna, sbr. þó 129. gr. Ef félag er til skilanefndarmeðferðar má því aðeins ákveða samruna að úthlutun til hluthafa sé ekki hafin og hluthafafundurinn ákveði samtímis að starfi skilanefndar skuli lokið.

Ákvörðun um samruna í yfirtökufélagi tekur félagsstjórn nema hluthafafundur þurfi að gera breytingar á samþykktunum að öðru leyti en snertir heiti yfirtökufélagsins. Hluthafafundur tekur enn fremur ákvörðun ef hluthafar, sem eiga 25% af hlutafénu eða meira, sbr. þó 3. mgr., krefjast þess skriflega innan tveggja vikna frá því að móttaka á samrunaáætlun hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 150. gr. Ákvörðun skal í slíku tilviki tekin með þeim meiri hluta er greinir í 68. gr. Félagsstjórn boðar til hluthafafundar innan tveggja vikna frá móttöku kröfunnar.

Í yfirtökufélaginu tekur hluthafafundur enn fremur ákvörðun um samruna ef þeir hluthafar, sem geta samkvæmt samþykktum félagsins og í samræmi við 60. gr. krafist hluthafafundar, fara fram á það. Ákvæði 3. og 4. málsl. 2. mgr. gilda eftir því sem við á.

Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 123. gr. og yfirlýsingu endurskoðanda skv. 4. mgr. 122. gr. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar telst tillagan fallin.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundinn skulu eftirfarandi skjöl lögð fram til skoðunar eða afhendingar fyrir hluthafa á skrifstofu hvers samrunafélags um sig:

1. áætlun um samruna;
2. ársreikningar allra samrunafélaganna síðustu þrjú árin eða styttri tíma hafi félag starfað skemur;
3. efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðinn hluta yfirstandandi reikningsárs áður en upphafsefnahagsreikningur, sem getið er í 2. mgr. 121. gr., er gerður fyrir yfirtökufélagið;
4. greinargerð stjórnar, þar á meðal sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsefnahagsreikningur, sbr. 2. mgr. 121. gr.; og
5. skýrsla endurskoðanda og yfirlýsing skv. 122. gr.

Lánardrottnar, sem þess óska, skulu fá upplýsingar um ákvörðunartökudag skv. 1.–3. mgr.

125. gr.

Hluthafar í einu eða fleiri yfirteknum félögum geta krafist skaðabóta af viðkomandi félagi ef þeir hafa gert fyrirvara um það á hluthafafundinum enda sé endurgjald fyrir hlutina hvorki sanngjarnt né efnislega rökstutt, sbr. 3. mgr. 122. gr. Mál skal í þessu tilviki höfða í síðasta lagi tveimur vikum eftir að samruni hefur verið ákveðinn í öllum samrunafélögum.

126. gr.

Ef endurskoðandi telur í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr. að möguleikar lánardrottna til fullnustu versni við samruna geta lánardrottnar að kröfum, sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlunina skv. 123. gr. og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir, lýst þessum kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögunum.

Krefjast má innlausnar á lýstum kröfum sem eru gjaldfallnar og jafnframt má krefjast þess að sett verði fullnægjandi trygging fyrir lýstum, ógjaldföllnum kröfum.

Sé ekki sýnt fram á hið gagnstæða telst ekki nauðsynlegt að setja tryggingu skv. 2. mgr. ef innlausn krafnanna er tryggð á grundvelli ákvæða sérlaga um samrunafélögin.

Rísi ágreiningur milli félags og lánardrottna, sem kröfum hafa lýst, um það hvort setja beri tryggingu eða framboðin trygging sé nægileg geta báðir aðilar innan tveggja vikna frá kröfulýsingu lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lánardrottnum er óheimilt að afsala sér á bindandi hátt rétti til að krefjast tryggingar skv. 2. mgr. í samningi þeim sem liggur til grundvallar kröfunni.

127. gr.

Yfirteknu félagi telst slitið og réttindi þess og skyldur teljast runnar í heild sinni til yfirtökufélags þegar:

1. samruninn hefur verið samþykktur í öllum samrunafélögunum;
2. skilyrðum 5. mgr. er fullnægt;
3. kröfur skv. 125. gr. hafa verið útkljáðar nema sett sé fullnægjandi trygging fyrir þeim;
4. kröfur skv. 126. gr. og hafa verið útkljáðar.

Um leið og skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt verða þeir hluthafar í yfirteknu félagi, er fá greiðslu í hlutum, hluthafar í yfirtökufélagi.

Eigi samrunafélögin hluti í yfirteknu félagi er ekki unnt að skipta þeim í hluti í yfirtökufélaginu.

Ákvæði 27. gr. gilda ekki um hlutafjárhækkun í yfirtökufélaginu á grundvelli eigna og skulda í yfirtekna félaginu.

Ef myndað er nýtt félag við samruna, en það skal skrá sérstaklega, og kjör félagsstjórnar og endurskoðanda fer ekki fram strax eftir að hluthafafundur hefur samþykkt samrunann skal halda hluthafafund í nýja félaginu innan tveggja vikna til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðanda.

128. gr.

Stjórn hvers samrunafélags skal tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um samruna innan tveggja vikna eftir að réttaráhrif samrunans koma til skv. 1. mgr. 127. gr. Yfirtökufélagið getur tilkynnt samrunann fyrir hönd félaganna. Með tilkynningunni skulu fylgja þau skjöl, sem greinir í 3.–5. tölul. 5. mgr. 124. gr., í frumriti eða endurriti, staðfestu af félagsstjórn, ásamt fundargerðum þeirra hluthafafunda sem ákveðið hafa samrunann.

129. gr.

Ef eignarhlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru eignarhlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu getur stjórn í yfirtekna félaginu tekið ákvörðun um samruna. Að öðru leyti gilda, eftir því sem við á, ákvæði 1.–2., 5.–6. og 8.–10. tölul. 1. mgr. 120. gr.; 1. málsl. 1. mgr. 121. gr.; 123. gr.; 2. málsl. 1. mgr. og 2.–6. mgr. 124. gr.; 126. gr.; 127. gr. og 128. gr.

Frest skv. 5. mgr. 124. gr. skal, ef svo ber undir, reikna frá ákvörðun félagsstjórnar um samruna. Einnig skal gera endurskoðaðan sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikning skv. 2. mgr. 121. gr.

Einn eða fleiri endurskoðendur, sbr. 1. mgr. 122. gr., skulu semja yfirlýsingu í samræmi við 4. mgr. 122. gr.

130. gr.

Ef eignarhlutafélagi er slitið án skuldaskila með yfirtöku íslenska ríkisins eða íslensks sveitarfélags á öllum eignum og skuldum félagsins skal, eftir því sem við á, beita ákvæðum 120. gr.; 1. mgr. 121. gr.; 1.–3. mgr. 122. gr.; 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 123. gr.; 1., 4. og 5. mgr. 124. gr.; 125. gr.; 1. tölul. 1. mgr. 127. gr. og 128. gr.

131. gr.

Hluthafar í því félagi eða félögum sem sameinuð eru öðrum, er hafa greitt atkvæði gegn samruna eða sameiningu í nýtt félag, eiga kröfu á því að hlutir þeirra verði innleystir ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því að hluthafafundurinn var haldinn. Nú hefur þess verið farið á leit við hluthafa fyrir atkvæðagreiðslu að þeir sem nota vilja innlausnarréttinn gefi til kynna vilja sinn í því efni og er innlausnarrétturinn þá bundinn því skilyrði að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á hluthafafundinum. Félagið skal kaupa hlutina af þeim á verði sem svarar til verðmætis hlutanna og ákveðið skal, sé ekki um samkomulag að ræða, af matsmönnum, dómkvöddum á heimilisvarnarþingi félagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Mál verður að höfða innan þriggja mánaða frá því að mat hefur farið fram.

Breyting eignarhlutafélags í hlutafélag.

132. gr.

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum, samþykkt að breyta eignarhlutafélagi í hlutafélag. Ákvæði 5. gr. a–c í lögum um hlutafélög gilda eftir því sem við á. Framlagning skýrslu og útsending hennar fer þó eftir 4. mgr. 63. gr. laga þessara. Tilkynningu um samþykktina skal innan tveggja vikna senda öllum skráðum hluthöfum sem sóttu ekki hluthafafundinn.

Breyting eignarhlutafélags í hlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að þær fullnægi kröfum laga um hlutafélög og félagið hefur verið skráð sem hlutafélag í hlutafélagaskrá.

Gefa skal út hlutabréf í hlutafélagi áður en ár er liðið frá breytingunni. Óheimilt er að gefa þau út fyrir breytinguna.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi sett fram beiðni um að fá hlutabréf sín í hlutafélaginu afhent getur stjórn hlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að vitja hlutabréfanna innan sex mánaða. Þegar fresturinn er liðinn og enginn hefur gefið sig fram getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutabréfin í hlutafélaginu á kaupþingi eða fyrir milligöngu annars aðila sem að lögum er heimilt að versla með slík bréf. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og söluna. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

XVI. KAFLI

Skaðabætur o.fl.

133. gr.

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur eignarhlutafélags, svo og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta félaginu það tjón er þeir hafa valdið því í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

134. gr.

Ákvörðun um að félag skuli hafa uppi skaðabótakröfu, sbr. 133. gr., skal tekin á hluthafafundi.

Hafi hluthafafundur gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða fellt tillögur um að beita fébótaábyrgð geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst ⅕ af heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfuna vegna félagsins og í nafni þess. Kostnaður af slíku máli er félaginu óviðkomandi. Þó geta málshefjendur krafist að kostnaðurinn sé greiddur af félaginu, allt að þeirri fjárhæð sem félagið fengi greidda í skaðabætur.

Ákvörðun hluthafafundar um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð er ekki bindandi fyrir þrotabú félagsins ef félagið telst hafa verið ógjaldfært þegar ákvörðun var tekin eða frestdagur hefst innan árs frá ákvörðuninni.

135. gr.

Skaðabótamál þau sem um ræðir í 1.–2. mgr. 134. gr. skal höfða nema krafan byggist á refsiverðum verknaði:

a. gegn stofnendum innan tveggja ára frá því að ákvörðun um stofnun félags var tekin;
b. gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, svo og rannsóknarmönnum, innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð;
c. gegn endurskoðendum innan tveggja ára frá því að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing var lögð fram.

Mál skv. 3. mgr. 134. gr. skal höfða í síðasta lagi þrem mánuðum eftir að félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

XVII. KAFLI
Útibú erlendra eignarhlutafélaga.

136. gr.

Erlend eignarhlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Önnur erlend eignarhlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi ef það er heimilað í alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að eða ráðherra telur rétt að heimila slíkt. Ráðherra getur sett reglur um þessi atriði.

137. gr.

Öll lögskipti, sem leiðir af starfsemi útibús erlends félags hér á landi, skulu lúta íslenskum lögum og lögsögu.

138. gr.

Í heiti útibús erlends eignarhlutafélags skal greina nafn hins erlenda félags, svo og að um útibú sé að ræða, og gefa til kynna þjóðerni félagsins.

139. gr.

Útibússtjóri, einn eða fleiri, skal veita útibúi forstöðu. Útibússtjóri skal vera lögráða og fjár síns ráðandi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara varðandi framkvæmdastjóra um heimilisfesti o.fl. eftir því sem við á.

Útibússtjóri undirritar skuldbindingar útibúsins og ber ábyrgð á að gætt sé íslenskra laga um rekstur þess. Félagsstjórn getur þó veitt prókúruumboð fyrir útibúið enda fullnægi prókúruhafi skilyrðum 1. mgr. um útibússtjóra.

140. gr.

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends eignarhlutafélags. Tilkynning skal gerð samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Ákvæði XVIII. kafla um skráningu eignarhlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á.

Útibússtjóri undirritar tilkynningu og ber ábyrgð á efni hennar og fylgiskjala.

Útibú má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð.

141. gr.

Útibússtjóra ber að tilkynna hlutafélagaskrá allar breytingar á því sem skráð er, sbr. 148. gr.

Útibússtjóri skal senda hlutafélagaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús innan sex mánaða frá lokum reikningsárs. Skráin getur veitt undanþágu frá þessu.

142. gr.

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það. Gæta skal ákvæða 5. mgr. 1. gr.

143. gr.

Útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá:

1. ef hið erlenda eignarhlutafélag ákveður að leggja útibúið niður;
2. ef þess er krafist af lánardrottni sem sannað hefur með árangurslausri aðför eða lögbaldsgerð eða með játningu útibússtjóra að eignir félagsins hér á landi nægi ekki til greiðslu á kröfu hans; þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu;
3. ef útibússtjóri fullnægir ekki lengur skilyrðum 139. gr. eða hverfur úr starfi; hlutafélagaskrá getur þó veitt félagi hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf að þessu leyti;
4. ef hið erlenda félag hefur verið afmáð úr hlutafélagaskrá erlendis;
5. ef útibúið fullnægir ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.

144. gr.

Nú ber að afmá útibú úr hlutafélagaskrá og falla þá í gjalddaga þær kröfur lánardrottna sem stofnast hafa vegna starfsemi útibúsins.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda að milliríkjasamningar standi því ekki í vegi.

145. gr.

Útibússtjóri ber ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess, svo og eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot hins erlenda félags, sbr. 142. gr., eða um atvik sem valda því að útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá, sbr. 143. gr.

XVIII. KAFLI
Skráning eignarhlutafélaga.

146. gr.

Hlutafélagaskrá annast skráningu allra íslenskra eignarhlutafélaga og útibúa erlendra eignarhlutafélaga.

Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglunum. Veita skal almennan aðgang að skránni. Um skil á ársreikningum og aðgang að þeim gilda ákvæði 97. gr.

Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár eða sýslumanns í því lögsagnarumdæmi þar sem tilkynnandi á heimili. Sé tilkynning afhent sýslumanni skal hann þegar framsenda hana til hlutafélagaskrárinnar enda öðlast tilkynning ekki gildi fyrr en við skráningu þar.

147. gr.

Tilkynning um stofnun eignarhlutafélags skal greina:

1. ákvæði samþykkta félagsins um það efni er greinir í 1.–3., 5. og 9. tölul. 1. mgr. og 1.–3. tölul. 2. mgr. 7. gr.;
2. upphæð hlutafjár, á hvern hátt greiðsla hefur farið fram og hvenær eftirstöðvar skulu greiddar;
3. nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda félagsins, stjórnarmanna og varamanna þeirra, framkvæmdastjóra og allra þeirra er hafa heimild til að rita félagið, svo og endurskoðenda;
4. hvort hluthafar séu einn eða fleiri; sé hluthafi einn eða verði einn skal skrá deili á honum.

Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum félags og skulu undirskriftir staðfestar af lögbókanda, lögmanni, löggiltum endurskoðanda eða tveimur vottum.

Tilkynningu skal fylgja:

1. stofnsamningur, reikningsgögn þau sem um ræðir í 2. mgr. 6. gr. og önnur gögn og skjöl í sambandi við stofnun félagsins;
2. staðfest endurrit af fundargerð stofnfundar;
3. sönnur fyrir því að stofnendur uppfylli þau skilyrði er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri þau skilyrði sem um getur í 43. gr. og endurskoðendur þau skilyrði er getur í 73. gr. ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.

Hlutafélagaskrá getur auk þessa krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að taka afstöðu til þess hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum félagsins. M.a. getur hún krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun eignarhlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar.

148. gr.

Breytingar á félagssamþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skal tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga. Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa. Ákvæði 4. mgr. 147. gr. gilda eftir því sem við á.

Auk tilkynninga skv. 1. mgr. um breytingar á stjórn o.fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng hlutafélaga og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda og prókúruhafa miðað við 1. júní nema hlutafélagaskrá ákveði að tilkynningar skuli miðast við annan dag.

149. gr.

Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum laga þessara eða samþykkta eignarhlutafélags eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem ákveðið er í lögum eða samþykktum skal synja skráningar.

Nú má bæta úr göllum á einfaldan hátt með ákvörðun hluthafafundar eða samþykkt stjórnar og skal þá gefa félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og um ástæður hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal hlutafélagaskrá gera þeim aðila viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu og getur hann þá borið málið undir dómstóla enda sé mál höfðað innan sex mánaða frá því að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í hlutafélagaskrá og birta síðan skv. 150. gr.

150. gr.

Hlutafélagaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess sem skrásett hefur verið um stofnun nýrra eignarhlutafélaga og tilvísun í aðalefni aukatilkynninga. Þá getur hlutafélagaskrá í öðrum tilvikum látið birta meira en tilvísun í aðalefni aukatilkynninga ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

Það sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði skal telja manni kunnugt nema atvik séu svo vaxin að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

XIX. KAFLI
Refsingar o. fl.

151. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, framkvæmdastjóri, endurskoðendur, skilanefndarmenn eða útibússtjóri erlends eignarhlutafélags eða aðrir skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafundar og getur þá hlutafélagaskrá boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

152. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum eignarhlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða tilkynningum til hlutafélagaskrár;
2. að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um greiðslu hlutafjár, hlutaskrá, eigin hluti, skyldu formanns varðandi boðun til stjórnarfunda (2. mgr. 46. gr.), tillög í varasjóð, úthlutun arðs, endurgreiðslu á hlutafjárframlögum, lán eða tryggingu til handa hlut-höfum o.fl. (104. gr.) og tilkynningu um stofnun útibús og upphaf starfsemi þess (140. gr.).

153. gr.

Hver sá sem vísvitandi ber út rangar frásagnir eða með öðrum samsvarandi hætti skapar rangar hugmyndir um hag eignarhlutafélags eða annað er það varðar þannig að áhrif geti haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ef sá sem stjórnar eignarhlutafélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess greinir vísvitandi rangt eða villandi frá efnahag félags eða eignum í skjölum, bréfum til viðskiptamanna, umburðarbréfum ellegar tilkynningum eða skýrslum til opinberra aðila varðar það sektum eða varðhaldi enda taki ákvæði 152. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar ekki þar til.

154. gr.

Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum sem gerist sekur um eftirgreindar athafnir að því er varðar atkvæðagreiðslu á hluthafafundi:

1. aflar sér eða öðrum ólöglegs færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti;
2. leitast við með ólögmætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá hluthafa eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði;
3. kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli að hluthafi eða umboðsmaður hans greiði ekki atkvæði þó að hann hafi ætlað sér það eða að atkvæði hans ónýtist eða hafi önnur áhrif en til var ætlast;
4. greiðir, lofar að greiða eða býður hluthafa eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag; eða
5. tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér eða öðrum hagnaði til þess að neyta

ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

155. gr.

Sá sem vanrækir tilkynningar til hlutafélagaskrár samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða varðhaldi.

156. gr.

Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum, sem komið hefur fram fyrir hönd þess, verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

XX. KAFLI
Gildistaka laganna o.fl.

157. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögum um hlutafélög varðandi umskráningu skráðra hlutafélaga sem eignarhlutafélög skulu gilda.

Hlutabréf í hlutafélögum, sem verða eignarhlutafélög, verða ógild.

158. gr.

Í lögum, sem öðlast hafa gildi fyrir gildistöku laga þessara, ber að líta svo á að með hlutafélögum sé einnig átt við eignarhlutafélög samkvæmt lögum þessum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta bankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir, svo og vátryggingafélög, aðeins rekið starfsemi sem hlutafélög.

159. gr.

Lögin taka til samlagshlutafélaga eftir því sem við á. Skulu félögin hafa orðið samlagshlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina slhf. Í samþykktum félaganna skulu m.a. vera reglur um réttarsamband milli þeirra sem bera annars vegar takmarkaða og hins vegar ótakmarkaða ábyrgð.

160. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.
Frumvarpasmíð.

Frumvarp þetta, frumvarp til laga um eignarhlutafélög, er samið í viðskiptaráðuneytinu með aðstoð Stefáns Más Stefánssonar, prófessors í lögum, m.a. félagarétti. Það er þáttur í aðlögun Íslands að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagsvæðið (EES-samningsins), nánar tiltekið ákvæðum samningsins um félagarétt. Auk frumvarps til laga um breytingar á lögum um hlutafélög, sem gert er ráð fyrir að gildi í framtíðinni um stærri tegund hlutafélaga, er frumvarp þetta flutt, þ.e. frumvarp til laga um eignarhlutafélög, sem hentar almennt smærri tegund hlutafélaga, svo og frumvarp til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélag sem nauðsynlegt er að flytja sem sérstakt frumvarp vegna reglugerðar EB þar að lútandi.

Fordæmi fyrir tvennum lögum um mismunandi stór hlutafélög er að finna í Danmörku og öðrum ríkjum EB. Þykir heppilegra að hafa sama hátt á hér þar eð meginákersla er lögð á það í EB að samræma reglur fyrir stærri félögin og má ætla að sama muni gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Leiðir slíkt til meiri og tíðari breytinga á löggjöf um stóru félögin en á löggjöf um minni félögin. Má telja að einföld löggjöf henti minni félögunum betur, einkum eftir því sem lög um stærri félögin verða flóknari. Stjórnendur minni félaganna og aðrir hafa þá í einum lögum allar helstu greinar sem snerta félögin en þurfa ekki að vega og meta hvort sumar greinar laganna eigi við um þau félög en aðrar ekki.

Um nafngiftir á félögum er farin svipuð leið og í Danmörku. Þar eru annars vegar stór félög, hlutafélög (aktieselskaber) og hins vegar lítil félög, eignarhlutafélög (anpartsselskaber). Er síðari tegund félaganna venjulega eign fárra aðila.

Gildandi lög um hlutafélög.

Lög um hlutafélög, nr. 32/1978, er gengu í gildi 1. janúar 1980, eru um margt fyrirmynd að ákvæðum um eignarhlutafélög í frumvarpi þessu og verður því gerð nokkur grein fyrir þeim lögum hér. Hlutafélagalögin eru ávöxtur norræns löggjafarsamstarfs er lauk snemma á áttunda áratugnum. Aðallega var byggt á dönsku hlutafélagalögunum frá 1973. Danska löggjöfin hefur síðan fjarlægst löggjöf annarra Norðurlanda vegna inngöngu Danmerkur í EB og krafna EB um samræmingu á ýmsum ákvæðum varðandi hlutafélög. Þegar íslensku hlutafélagalögunum var breytt í mörgum greinum með lögum nr. 69/1989, er gengu í gildi 1. mars 1990, var aðeins að takmörkuðu leyti höfð hliðsjón af breytingum á dönsku lögunum á grundvelli krafna EB þannig að nokkur munur er nú orðinn á íslensku lögunum og EB-réttinum sem liggur til grundvallar EES-samningnum. Nokkrar aðrar breytingar á hlutafélagalögunum breyta ekki þessari niðurstöðu.

Grundvöllur lagafrumvarpa.

Endurskoðun laganna um hlutafélög byggir á þeim gerðum EB sem sérstaklega verður fjallað um hér á eftir nema hvað 12. félagaréttartilskipun EB tekur aðeins til eignarhlutafélaga og reglugerðin um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög er sérstaks eðlis. Þá bíður raunveruleg endurskoðun bókhalds- og endurskoðunarákvæða laganna á grundvelli bókhaldstilskipana EB, sem teljast til félagaréttarákvæða EES-samningsins, starfs þess sem unnið er í fjármálaráðuneytinu. Í lagafrumvarpi þessu um eignarhlutafélög er margt byggt á ákvæðum frumvarpsins um breytingar á hlutafélagalögunum. Þá hefur til hægðarauka við breytingar á grundvelli gerðanna verið stuðst við dönsku lögin um eignarhlutafélög eins og þeim hefur verið breytt til ársloka 1992. Sumar breytingar eiga þó rætur sínar að rekja til dönsku laganna án þess að þær byggist á EB-reglum. Nokkrar aðrar breytingar er einnig að finna í frumvarpinu, flestar þó minni háttar tæknilegar breytingar.

Félagaréttarákvæði EES-samningsins.

Ein af meginreglum Evrópska efnahagssvæðisins felur í sér rétt til að stofnsetja og reka félög eða fyrirtæki í svæðisríkjum með sama rétti og landsmenn þar, sbr. 31. og 34. gr. samningsins. Í 77. gr. samningsins, sem fjallar um félagarétt, segir aðeins að XXII. viðauki við samninginn geymi sérstök ákvæði um félagaréttinn. Í viðaukanum er að finna upptalningu á níu tilskipunum, með áorðnum breytingum, og einni reglugerð.

Framangreindum tilskipunum má skipta í nokkra flokka: 1) um verndarráðstafanir varðandi hlutafélög og eignarhlutafélög, 2) um samruna og skiptingu hlutafélaga, 3) um ársreikninga félaga og því um líkt og 4) um eignarhlutafélög eins aðila.

Í 1. tilskipuninni um verndarráðstafanir, sem snerta stór félög, hlutafélög, og smá félög, eignarhlutafélög, er m.a. fjallað um aðgang að ársreikningum en í 2. tilskipuninni um verndarráðstafanir varðandi hlutafélög er m.a. að finna ákvæði um stofnun þeirra og hlutafé. Ákvæði 3. tilskipunarinnar taka til samruna hlutafélaga en ákvæði 6. tilskipunarinnar til skiptingar slíkra félaga. Um bókhaldstilskipanirnar fjórar má segja að 4. tilskipunin fjalli
um ársreikninga hlutafélaga, eignarhlutafélaga og jafnvel fleiri félaga, m.a. aðgang að ársreikningum, 7. tilskipunin um samstæðureikninga, 8. tilskipunin um samþykki á endurskoðendum og 11. tilskipunin um reikninga útibúa erlendra félaga. Ákvæði 12. tilskipunarinnar fjalla um eignarhlutafélög eins aðila.

Sérstök nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins undirbýr lagasmíð á grundvelli bókhaldstilskipananna. Gerð verður þó stutt grein fyrir efni þeirra hér á eftir til yfirlits.

Allar taka tilskipanirnar til hlutafélaga og eignarhlutafélaga nema hvað 2. tilskipunin um lágmarksfjárhæð hlutafjár o.fl., 3. tilskipunin um samruna hlutafélaga og 6. tilskipunin um skiptingu hlutafélaga taka aðeins til hlutafélaga og 12. tilskipunin um eignarhlutafélög eins aðila tekur aðeins til eignarhlutafélaga.

Tilskipanirnar miða að því að samræma réttarreglur ríkja á sviði félagaréttar. Áberandi er sú viðleitni að samræma reglur um vernd hluthafa og lánardrottna og auka vernd þeim til handa en slíkt er talið skapa jafnari samkeppnisaðstöðu félaga í mismunandi ríkjum. Samræming félagaréttarreglna, sem tekur tillit til nútímalegrar þróunar félagaréttar í Evrópu, hefur ýmsa aðra kosti. Meðal annars verður stofnsetning og rekstur hinna ýmsu tegunda félaga annars staðar en í heimalandi auðveldari en nú er vegna svipaðra reglna sem ætla má að flestir þekki er slíkan rekstur stunda.

Ákvæði reglugerðarinnar um evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið, sem stofna má t.d. um sameiginleg innkaup á hráefnum, miða að því að skapa nýtt form félagsskapar er aukið geti samvinnu aðila í mismunandi ríkjum.

Athugun á framangreindum heimildum EB-réttar hefur leitt í ljós að efnisreglur um hlutafélög virðast þar almennt séð nokkuð svipaðar og í íslensku hlutafélagalögunum en uppsetning og útfærsla EB-reglnanna er mismunandi og EB-reglurnar almennt miklu ítarlegri. Ef aðlaga á hlutafélagalöggjöfina og skylda löggjöf að EB-réttinum virðast ekki vera fyrir hendi óyfirstíganlegir erfiðleikar. Hins vegar kostar slíkt talsverða vinnu þar eð margar breytingar þarf að gera. Meðal annars vegna ákvæða 2. tilskipunarinnar um að lágmarkshlutafé í hlutafélögum skuli eigi vera lægra en sem svarar 25.000 evrópskum mynteiningum (röskum 2 milljónum króna á gengi í lok janúar 1994) er talið rétt að stefna, eins og áður segir, að setningu tveggja laga hér á landi um hlutafélög, annars vegar um stærri félög, hlutafélög, og hins vegar um minni félög, eignarhlutafélög (þar sem lágmarkshlutafé er ekki ákveðið í EB-reglum). Í gildandi lögum um hlutafélög hér á landi er lágmarkshlutafé aðeins 400.000 krónur.

Að því er varðar 3. tilskipunina má nefna að þar eru miklu ítarlegri ákvæði um skilmála vegna samruna hlutafélaga en í íslensku hlutafélagalögunum og ákvæði 6. tilskipunarinnar um skiptingu slíkra félaga eiga sér ekki samsvörun í íslensku löggjöfinni.

Í 4. tilskipuninni um ársreikninga er aðeins gert ráð fyrir verðbólgureikningsskilum sem undantekningu. Hefðbundin kostnaðarreikningsskil eru aðalreglan. Þarf því að byggja á slíkum reikningsskilum þegar verðbólga hefur náðst niður á Íslandi þannig að varanlegt megi telja. Ekki þarf að breyta um aðferð þótt skammtímasveiflur verði.

Nefna má að í 4. tilskipuninni, sbr. 1. tilskipunina, eru gerðar nokkru strangari kröfur hjá EB en hér á landi til félaga, m.a. að því leyti að félög geta ekki komist hjá því að birta hagnaðartölur. Eru þó reglur tilskipunarinnar um sumt vægari fyrir lítil félög en stór.

Loks má vekja athygli á því í tengslum við 4. tilskipunina, sem er aðalheimildin meðal bókhaldstilskipananna, að hún tekur til fleiri félaga en hlutafélaga og eignarhlutafélaga. Kunnáttumenn hér á landi telja þó að nauðsynlegt sé að samræma fá og ófullkomin ákvæði laga um ársreikninga annarra félaga og þá til samræmis við reglurnar um ársreikninga hlutafélaganna. Endurskoða þarf lögin um bókhald af þessum sökum.

Ákvæði 7. tilskipunarinnar um samstæðureikninga eru miklu ítarlegri og fullkomnari en ákvæðin í hlutafélagalögum. Er talin þörf á skýrari reglum hér á landi. Virðast ákvæði tilskipunarinnar þá koma vel til greina.

Ákvæði 8. tilskipunarinnar um samþykki endurskoðenda eru ekki talin kalla á endurskoðun íslenskra lagaákvæða varðandi löggilta endurskoðendur né breytingar á menntun þeirra.

Engin lagaákvæði eru til á Íslandi, sambærileg þeim sem finna má í 11. tilskipuninni um reikninga útibúa erlendra félaga, og kallar slíkt á setningu lagaákvæða á Íslandi.

Í íslensku hlutafélagalögunum er ekki gert ráð fyrir því að um hlutafélög eins aðila geti verið að ræða. Skortir því lagaákvæði á svið 12. tilskipunarinnar um eignarhlutafélög eins aðila. Ákvæði tilskipunarinnar virðast þó ekki valda sérstökum erfiðleikum, sérstaklega þegar þess er gætt hversu hátt lágmarkshlutafé til stofnunar hlutafélaga þarf að vera samkvæmt 2. tilskipuninni. Í frumvarpi til laga um eignarhlutafélög er tekið mið af tilskipuninni.

Ákvæði reglugerðarinnar um evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið virðast ekki fela í sér sérstök vandamál en festa þarf ákvæði hennar í lög.

Ýmsar tillögur EB á sviði félagaréttar kunna að tengjast Evrópska efnahagssvæðinu í framtíðinni. Á þær reynir þó ekki í frumvörpum hér á landi nú nema með vissum hætti tillögu um yfirtökutilboð til verndar minni hluta í hlutafélögum þannig að skylt sé við vissar kringumstæður að gera tilboð í öll hlutabréf en ekki einungis ákveðinn hluta þeirra. Nánar tiltekið er um að ræða drög að 13. tilskipuninni um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð. Í íslenskri hlutafélagalöggjöf eru fá ákvæði sem tengjast þessu svo sem nánar verður rakið síðar. Þriðjungsreglan skv. 4. gr. draga þessara fjallar um skyldu aðila, sem eignast bréf í hlutafélagi er veita honum yfir þriðjung af heildaratkvæðisrétti í félaginu, til að gera tilboð í öll eftirstandandi bréf í félaginu. Getur reglan fræðilega séð valdið einhverjum vandkvæðum. Hins vegar ættu ekki að vera sérstök vandamál í framkvæmdinni vegna almennrar undanþáguheimildar í 5. gr. draganna sem virðist ná til svo að segja allra íslenskra félaga, smárra á evrópskan mælikvarða, svo og frekari undanþágumöguleika í 4. gr. draganna í tengslum við sérstaka eftirlitsstofnun með tilliti til yfirtöku. Ný lagaákvæði mundi þurfa hér á landi til að hrinda ákvæðum þessum í framkvæmd og tilnefna þyrfti eftirlitsaðila. Ákvæði tillögunnar kunna að taka stakkaskiptum og er því gert ráð fyrir sérstakri tilhögun í hlutafélagafrumvarpinu með hliðsjón af ályktun Alþingis frá 19. mars 1992.

Þá liggja fyrir í EB drög að reglugerð um Evrópufélagið svokallaða, sem yrði hlutafélag, til að auðvelda samruna félaga í mismunandi aðildarríkjum, stofnun eignarhaldsfélaga og sameiginlegra útibúa, svo og, í tengslum við fyrirhugaða reglugerð, drög að tilskipun er geymir ákvæði um atvinnulýðræði. Um þann rétt hefur verið mikill ágreiningur í EB og hefur hann komið í veg fyrir samþykkt draga að tveimur tilskipunum, 5. og 10. félagaréttartilskipuninni. Í drögunum um Evrópufélagið hafa ákvæðin verið slípuð til. Þar eru ýmsir valmöguleikar fyrir hendi varðandi form atvinnulýðræðisins, þátttöku launþega í rekstri fyrirtækja, sem íslensk löggjöf geymir svo til engin ákvæði um. Er erfitt að ímynda sér að Ísland geti ekki valið einn af þeim möguleikum sem í boði eru ef önnur EFTA-ríki, svo og EB-ríkin, geta það.

Um þrjár meginleiðir er að ræða í drögunum varðandi form atvinnulýðræðisins. Í fyrsta lagi er um að ræða þýska reglu er gerir ráð fyrir því að starfsmenn eigi frá þriðjungi til helmings fulltrúa í stjórn eða yfirstjórn. Í öðru lagi er gert ráð fyrir sérstöku starfsmannaráði en reglur um kosningu eða skipun fulltrúa í það yrðu í samþykktum félags og yrði um þetta haft samráð við fulltrúa starfsmannanna í samræmi við lög eða venjur aðildarríkjanna. Í þriðja lagi yrði um að ræða samkomulag milli stjórnar fyrirtækis (eða stjórnar og yfirstjórnar) annars vegar og starfsmanna eða fulltrúa þeirra hins vegar. Í öllum þessum þremur mismunandi þátttökukerfum er byggt á því að starfsmenn geti fylgst með meginþáttum í rekstri fyrirtækisins með fundum á a.m.k. þriggja mánaða fresti og sérstaklega þarf að upplýsa þá og hafa samráð við þá um meiri háttar ákvarðanir sem snerta fyrirtæki (m.a. lokun fyrirtækis ellegar flutning þess eða mikilvægs hluta þess). Enn er gert ráð fyrir því að Evrópufélagið megi aðeins stofna í aðildarríkjum EB.

Að því er varðar drög að 5. tilskipuninni um skipulag hlutafélaga o.fl. má taka fram að reglur um eins þátts stjórnkerfi (stjórn í stað stjórnar og yfirstjórnar) eru flóknari en hér á landi samkvæmt hlutafélagalögunum. Strangari reglur eru einnig um það að á hlutafélagafundum séu teknar til meðferðar ályktanir um mál sem voru ekki á dagskrá fundarins. Ekki virðist vera um meiri háttar vandamál að ræða fyrir okkur hér. Um atvinnulýðræði vísast til þess sem sagt hefur verið um Evrópufélagið.

Að því er snertir drög að 10. tilskipuninni um samruna hlutafélaga þvert á landamæri skal fyrst vísað til ákvarðana í tengslum við Evrópufélagið varðandi atvinnulýðræði. Ákvæði draganna virðast ekki valda miklum vanda hér á landi.

Komnar eru fram tillögur í EB um gerðir varðandi evrópsk samtök, evrópskt samvinnufélag og evrópskt gagnkvæmt félag.

Almennur aðlögunartími til að samræma félagarétt EES-ríkja, sem eru ekki í EB, tilskipununum níu, með áorðnum breytingum, og reglugerðinni rennur út tveimur árum eftir gildistöku EES-samningsins. Almennt er þó gengið út frá að ríkin hafi breytt löggjöf sinni fyrir árslok 1994. Hér á landi er gert ráð fyrir að framkvæmd þeirra ákvæða laganna um hlutafélög, er snerta skráningu hlutafélaga samkvæmt breyttum lögum og umskráningu hlutafélaga í eignarhlutafélög, ljúki í árslok 1994 nema ráðherra framlengi fresti allt til 1. október 1995.

Upptalning á félagaréttargerðunum.

Félagaréttargerðirnar heita nánar tiltekið (númer gerða og breytinga á þeim innan sviga):

Fyrsta tilskipun ráðsins frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi 2. mgr. 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra.

(68/0151/EBE).

Önnur tilskipun ráðsins frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar hlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi 2. mgr. 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra.

(77/0091/EBE (92/101/EBE)).

Þriðja tilskipun ráðsins frá 9. október 1978 um samruna hlutafélaga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

(78/0855/EBE).

Fjórða tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

(78/0660/EBE (83/349/EBE, 89/666/EBE, 90/604/EBE, 90/605/EBE)).

Sjötta tilskipun ráðsins frá 17. desember 1982 um skiptingu hlutafélaga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

(82/0891/EBE).

Sjöunda tilskipun ráðsins frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

(83/0394/EBE (90/604/EBE, 90/605/EBE)).

Áttunda tilskipun ráðsins frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögmæta endurskoðun bókhaldsgagna, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

(84/0253/EBE).

Ellefta tilskipun ráðsins frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum tegundum félaga er lög annars ríkis taka til.

(89/0666/EBE).

Tólfta félagaréttartilskipun ráðsins frá 21. desember 1989 um eignarhlutafélög eins aðila.

(89/0667/EBE).

Reglugerð ráðsins frá 25. júlí 1985 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

(2137/85/EBE).

Helstu breytingar á lögunum um hlutafélög.

Þar eð sum ákvæði lagafrumvarps þessa um eignarhlutafélög byggja á fyrirhuguðum breytingum á lögum um hlutafélög, svo sem vitnað er til í athugasemdum við einstakar greinar frumvarps þessa, eru hér á eftir nefndar nokkrar helstu breytingar sem verða á gildandi lögum um hlutafélög ef frumvarp þetta verður samþykkt (kaflafyrirsagnir laganna). Eins og áður segir leiðir flestar breytingarnar af ákvæðum framangreindra tilskipana en þó ekki allar.

I. kafli. Almenn ákvæði.

1. Lágmarkshlutafé þeirra hlutafélaga, sem verða áfram hlutafélög en eru ekki umskráð sem eignarhlutafélög, svo og nýrra hlutafélaga, tífaldast, skal vera minnst fjórar milljónir króna í stað 400.000 kr. (3. mgr. 1. gr. hfl.).

2. Upplýsingaskylda á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum er aukin (ný 5. mgr. 1. gr. hfl.).

II. kafli. Stofnun hlutafélags.

3. Búsetuskilyrði á Íslandi gagnvart stofnendum, sem eru ríkisborgarar í og búsettir í EES-ríkjum, er fellt niður (3. gr. hfl.).

4. Mælt er fyrir um sérfræðiskýrslu, m.a. vegna móttöku félags á verðmætum í öðru en reiðufé í tengslum við stofnun félags (5. gr. a–c í hfl.).

III. kafli. Greiðsla hlutafjár.

5. Greiða skal hlutafé að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá skráningu í stað þriggja ára (15. gr. hfl.).

IV. kafli. Hlutir, hlutabréf og hlutaskrá.

6. Bann er lagt við hömlum á viðskipti með hluti ef hluthafar eru 100 eða fleiri í stað 200 eða fleiri nú (18. gr. hfl.).

7. Innlausnarskylda og innlausnarréttur þegar aðili á meira en 9/10 hlutafjár í hlutafélagi í stað þess að binda skylduna og réttinn við eign móðurfélags á slíkum hlut í dótturfélagi (20. gr. a–c í hfl.).

V. kafli. Hækkun hlutafjár.

8. Möguleiki er veittur á útgáfu áskriftarréttinda til að afla viðbótarfjár en þau gefa rétt til áskriftar að hlutum við hlutafjárhækkun síðar (38. gr. a og b í hfl. auk 3. mgr. 34. gr. hfl.).

VIII. kafli. Eigin hlutabréf.

9. Ítarlegri ákvæði eru sett um eigin hluti (46. og 46. gr. a–f í hfl.) sem miða að takmörkunum á öflun og meðferð þeirra.

IX. kafli. Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd.

10. Gerðar eru kröfur um þrjá menn hið fæsta í stjórn allra hlutafélaga, en ekki allt niður í einn, enda er gert ráð fyrir að stærri félög velji það félagaform (1. mgr. 47. gr. hfl.).

11. Aukinn er réttur minni hluta til að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna félagsins, þ.e. þeir hafa réttinn er ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins í félögum þar sem hluthafar eru 100 eða fleiri í stað 200 eða fleiri (4. mgr. 47. gr. hfl.). Þá eru kosningareglur skýrðar í 47. og 48. gr. hfl.

12. Í félögum án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við (48. gr. hfl.).

13. Skylt er að hafa einn til þrjá framkvæmdastjóra í hlutafélögum nema kveðið sé á um fleiri í samþykktum (ný 1. mgr. 49. gr. hfl.).

14. Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu (ný 2. mgr. 49. gr. hfl.).

15. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum er óheimilt eftir ítrekuð gjaldþrot síðustu þrjú árin að verða stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í hlutafélögum í sams konar eða svipuðum rekstri næstu þrjú árin (1. mgr. 50. gr. hfl.).

16. Skilyrði um búsetu framkvæmdastjóra og minnst helmings stjórnarmanna á Íslandi gildir ekki fyrir ríkisborgara EES-ríkja sem búsettir eru í EES-ríkjum (2. mgr. 50. gr. hfl.).

17. Upplýsingaskylda móðurfélags gagnvart dótturfélagi er aukin (2. mgr. 53. gr. hfl.).

18. Skýrt ákvæði um skyldu formanns til að boða alla stjórnarmenn á fund (2. mgr. 54. gr. hfl.) og stjórn setji sér starfsreglur (ný 4. mgr. 54. gr. hfl.).

X. kafli. Hluthafafundir.

19. Stjórn félags er skylt að gera vissar ráðstafanir þegar félag hefur tapað helmingnum af hlutafé sínu (67. gr. hfl.).

XI. kafli. Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.

20. Heimild til að slaka á kröfum um heimilisfesti endurskoðenda (1. mgr. 81. gr. hfl.).

XII. kafli. Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.

21. Minni háttar breytingar varðandi ársreikninga til samræmis við lögin um samvinnufélög (XII. kafli hfl.).

22. Almenn skilaskylda á ársreikningum til hlutafélagaskrár og almennur aðgangur að reikningunum. Frestur til að skila reikningunum er styttur (105. gr. hfl.).

XIII. kafli. Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.

23. Skorður við lánum eða tryggingum af hálfu hlutafélaga til handa hluthöfum og fleirum (112. gr. hfl.).

XIV. kafli. Félagsslit.

24. Afskráning hlutafélagaskrár á hlutafélögum með einföldum hætti, m.a. á þeim félögum sem eru án stjórnar (115. gr. a í hfl.).

XV. kafli. Samruni hlutafélaga.

25. Mun ítarlegri ákvæði um skilmála vegna samruna (XV. kafli hfl.).

26. Yfirlýsing matsmanna um það að hve miklu leyti samruni kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu (126. gr. g í hfl.).

27. Ákvæði um breytingu hlutafélags í eignarhlutafélag (ný 128. gr. hfl.).

28. Ákvæði um skiptingu hlutafélaga (ný 129. gr. hfl.).

XVI. kafli. Skaðabætur o.fl.

29. Tekin upp bótaskylda hluthafa gagnvart félaginu og fleirum (132. gr. hfl.).

30. Frestir til að höfða skaðabótamál eru almennt styttir úr þremur árum í tvö ár (134. gr. hfl.).

XVII. kafli. Erlend hlutafélög.

31. Hlutafélög í EES-ríkjum eiga skýlausan rétt á að fá skráð útibú hér á landi mæli lög ekki fyrir um annað (135. gr. hfl.).

32. Útibússtjórar, sem eru ríkisborgarar í og jafnframt búsettir í EES-ríki, þurfa ekki að vera íslenskir ríkisborgarar fremur en framkvæmdastjórar íslenskra hlutafélaga samkvæmt gildandi lögum um hlutafélög (138. gr. hfl.).

33. Tilkynningarskylda útibús til hlutafélagaskrár aukin (141. gr. hfl.).

34. Útibússtjóri ber einnig ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess (144. gr. hfl.).

XVIII. kafli. Skráning hlutafélaga.

35. Að hlutafélagaskrá annist skráningu hlutafélaga og einstök verkefni í því sambandi í stað ráðherra verður algild regla eins og verið hefur í reyndinni (145. gr. hfl. og fleiri greinar).

36. Skylda til að veita almennan aðgang að hlutafélagaskrá í stað heimildar til að veita slíkan aðgang að skránni (145. gr. hfl.).

XIX. kafli. Refsingar o.fl.

37. Bætt við refsiákvæði vegna brota á ákvæðum laganna um greiðslu hlutafjár og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess (151. gr. hfl.).

Mismunandi reglur um hlutafélög og eignarhlutafélög.

Gert er ráð fyrir að um margt verði samsvarandi reglur í lögum um hlutafélög og lögum um eignarhlutafélög. Þótt greinafjöldi í lögunum um eignarhlutafélög verði svipaður og í hlutafélagalögunum verður margt þó mun auðveldara viðfangs í eignarhlutafélögunum. T.d. þarf ekki að halda aðalfundi eða aðra hluthafafundi í eignarhlutafélögum eins aðila. Þá getur einn maður (eða tveir) setið í stjórn eignarhlutafélags séu hluthafar fjórir eða færri en þrír minnst skulu ávallt sitja í stjórn hlutafélaga.

Hér verður gerð grein fyrir helstu atriðum þar sem reglur eru mismunandi. Kaflafyrirsagnir hér að neðan eru miðaðar við hlutafélagalögin svo sem gert er ráð fyrir að þeim verði breytt.

I. kafli. Almenn ákvæði.

Lágmarksfjárhæð hlutafjár verður miklu lægri í eignarhlutafélögum (500 þúsund kr.) en hlutafélögum (4 milljónir kr.). Skilur þetta atriði einna skýrast á milli þessara tveggja tegunda félaga.

II. kafli. Stofnun hlutafélags.

Einn aðili getur stofnað eignarhlutafélag en tveir stofnendur hið fæsta skulu vera í hlutafélögum. Í eignarhlutafélögum er ekki gert ráð fyrir því að fleiri en stofnendur skrái sig fyrir hlutum og því ekki almennri þátttöku, t.d. á grundvelli útboða. Í lögum um eignarhlutafélög eru gerðar vægari kröfur varðandi móttöku verðmæta í tengslum við stofnun slíkra félaga en gert er í hlutafélagalögum um hlutafélög. Þá er frestur til að tilkynna eignarhlutafélög til skráningar mun styttri en í hlutafélagalögum. Loks eru ekki ákvæði um áskrift í tengslum við stofnun félags í lögunum um eignarhlutafélög.

III. kafli. Greiðsla hlutafjár.
Í eignarhlutafélögum skal greiða hlutafé fyrir skráningu.

IV. kafli. Hlutir, hlutabréf og hlutaskrá.
Um einn hluthafa getur verið að ræða minnst í eignarhlutafélögum en tveir eru lágmark í hlutafélögum. Í eignarhlutafélögum má leggja hömlur á viðskipti með hluti þótt hluthafar séu 200 eða fleiri en slíkar hömlur má ekki leggja á í hlutafélögum þar sem svo er ástatt. Í eignarhlutafélögum er gert ráð fyrir innlausnarskyldu og innlausnarrétti eftir ákveðnum reglum þegar móðurfélag á hlut í dótturfélagi en í hlutafélögum er skyldan og rétturinn víðtækari, tekur ekki einungis til eignarhluta móðurfélags í dótturfélagi heldur einnig til eignarhluta hluthafa almennt í félagi. Ekki er gert ráð fyrir hlutabréfum í eignarhlutafélögum eins og í hlutafélögum heldur yrði hlutaskrá aðalheimild um eignaraðild og vottorð gefin út í því sambandi. Þó má gefa út hlutaskírteini í eignarhlutafélögum en þau yrðu ekki viðskiptabréf eins og hlutabréf í hlutafélögum eru almennt.

V. kafli. Hækkun hlutafjár og áskriftarréttindi.
Í lögum um eignarhlutafélög er gert ráð fyrir fáum ákvæðum um áskrift vegna hækkunar hlutafjár enda ekki gert þar ráð fyrir hækkun hlutafjár á grundvelli almenns útboðs. Þá er þar ekki gert ráð fyrir nýmæli um áskriftarréttindi eins og í hlutafélagalögum.

VI. kafli. Lántaka með sérstökum skilyrðum.
Í aðaldráttum er gert ráð fyrir samsvarandi reglum um eignarhlutafélög og hlutafélög.

VII. kafli. Lækkun hlutafjár.
Í meginatriðum verða sömu reglur um eignarhlutafélög og hlutafélög.

VIII. kafli. Eigin hlutir.
Ákvæði hlutafélagalaganna verða mun ítarlegri.

IX. kafli. Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd.
Í eignarhlutafélögum er auk meirihlutakosningar aðeins gefinn kostur á hlutfallskosningu en ekki margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Einn eða tveir menn geta setið í stjórn eignarhlutafélags séu hluthafar fjórir eða færri en minnst þrír skulu ávallt sitja í stjórn hlutafélags. Einnig eru gerðar vægari kröfur í eignarhlutafélögum þannig að í eins manns stjórn slíkra félaga getur stjórnarmaðurinn jafnframt verið framkvæmdastjóri. Fleiri sérákvæði eru varðandi eins manns stjórn í eignarhlutafélögum þar sem stjórnandi getur tekið ákvarðanir án þess að halda stjórnarfundi. Í þeim félögum er ekki talin þörf á ákvæðum um fulltrúanefnd.

X. kafli. Hluthafafundir.
Í eignarhlutafélögum eins aðila kemur hluthafinn í stað hluthafafunda. Þarf því ekki að halda hluthafafundi, þar á meðal aðalfundi, í þessum félögum. Ákvarðanataka verður því einfaldari en í hlutafélögum. Þá skal boðun til hluthafafundar í eignarhlutafélögum almennt vera skrifleg til allra hluthafa sem skráðir eru í hlutaskrá. Unnt er að falla frá þeirri formreglu og öðrum formreglum varðandi boðun til hluthafafunda í eignarhlutafélögum að vissum skilyrðum uppfylltum.

XI. kafli. Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.
Samsvörun er á milli reglna um eignarhlutafélög og hlutafélög. Endurskoðun bókhaldslöggjafar, sem undirbúin er í fjármálaráðuneytinu, kann að leiða til breytinga á ákvæðum laganna.

XII. kafli. Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.
Í eignarhlutafélögum er gert ráð fyrir vægari kröfum varðandi skýrslu stjórnar og skil á óstyttum ársreikningi til hlutafélagaskrár en í hlutafélögum er gert ráð fyrir því að ætíð skuli senda skránni óstyttan ársreikning nema undantekning sé gerð þar frá. Endurskoðunarstarf fjármálaráðuneytisins vegna bókhaldslöggjafarinnar kann að leiða til breytinga á lögunum.

XIII. kafli. Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.
Ákvæði um eignarhlutafélög og hlutafélög samsvara hvor öðrum.

XIV. kafli. Félagsslit.
Félagsslitaástæður verða færri í lögum um eignarhlutafélög en lögum um hlutafélög vegna mismunandi reglna í lögum. Það verða ekki félagsslitaástæður í eignarhlutafélagalögunum að hluthafar í þeim félögum verði færri en tveir eða félögin hafi ekki framkvæmdastjóra. Þá þarf að halda hluthafafund í eignarhlutafélagi ef félagið tapar öllu hlutafé sínu en í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir að slíkan fund þurfi að halda ef hlutafélag tapar helmingi hlutafjárins.

XV. kafli. Samruni, breyting hlutafélags í eignarhlutafélag og skipting.
Í hlutafélagalögunum er gert ráð fyrir sérstökum matsmönnum í tengslum við skýrslu um samrunaáætlun en í eignarhlutafélagalögunum endurskoðanda. Þá eru ákvæði um skiptingu félaga ekki tekin upp í eignarhlutafélagalög. Í lögum um eignarhlutafélög geta hluthafar, sem eiga 25% eða meira af hlutafénu, gert þá kröfu að samþykki hluthafafundar en ekki stjórnar þurfi til samruna í yfirtökufélagi (5% í hlutafélagalögunum).

XVI. kafli. Skaðabætur o.fl.
Gert er ráð fyrir samsvarandi reglum um skaðabætur o.fl. í lögunum um hlutafélög og lögunum um eignarhlutafélög.

XVII. kafli. Útibú erlendra hlutafélaga.
Hlutafélagaskrá getur veitt undanþágu frá því að senda þurfi skránni ársreikninga aðalfélags og útibús þegar um eignarhlutafélög er að ræða.

XVIII. kafli. Skráning hlutafélaga.
Ákvæðin um birtingu í Lögbirtingablaði eru ekki eins ítarleg varðandi eignarhlutafélög og hlutafélög.

XIX. kafli. Refsingar o.fl.

Færri refsiákvæði verða í lögum um eignarhlutafélög en lögum um hlutafélög vegna ráðgerðs mismunar á lögunum um félögin.

XX. kafli. Gildistaka laganna o.fl.

Gert er ráð fyrir að í lögum um eignarhlutafélög verði sérákvæði um samlagshlutafélög. Ákvæði þessa kafla þarfnast að öðru leyti ekki skýringar hér.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru byggð upp eins og ákvæði I. kafla hfl. svo sem gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Þó er gert ráð fyrir að lágmarksfjárhæð hlutafjár verði miklu lægri í eignarhlutafélögum en hlutafélögum. Skilur þetta atriði einna skýrast á milli eignarhlutafélaga og hlutafélaga.

Um 1. gr.

Þessi grein samsvarar 1. gr. gildandi laga um hlutafélög nr. 32/1978, með síðari breytingum (hfl.). Þó er gert ráð fyrir því að um einn hlut geti verið að ræða minnst í eignarhlutafélögum og að lágmarksfjárhæð hlutafjár verði þar 500.000 kr. í stað 400.000 kr. í framangreindum lögum enda komið að hækkun lágmarksfjárhæðarinnar skv. 1. gr. þeirra laga sem verið hefur óbreytt frá gildistöku hlutafélagalaganna árið 1980. Þess má geta hér að langflest hlutafélög, sem skráð hafa verið að undanförnu, hafa haft innan við einnar milljónar kr. hlutafé og flest verið með lágmarksfjárhæðina. Mismunandi lágmörk hafa verið varðandi lítil félög erlendis og jafnvel ekkert lágmark í Bretlandi. Lág fjárhæð getur greitt fyrir stofnun smárra félaga með takmarkaðri ábyrgð sem geta verið vaxtarbroddur í atvinnulífi. Í sérstöku lagafrumvarpi um hlutafélög er ráðgert að hækka lágmarksfjárhæð hlutafjár í stærri félögum, hlutafélögum, úr 400.000 kr. í 4.000.000 kr. Engin ákvæði eru hins vegar sett hér um hámarksfjárhæð hlutafjár í eignarhlutafélögum fremur en í hlutafélögum.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að ráðherra geti breytt lágmarksfjárhæð hlutafjár í eignarhlutafélögum samkvæmt vissum reglum. Miðað er við breytingu á gengi evrópskra mynteininga (ecu) eins og fyrirhugað er í lögum um hlutafélög í stað þess að miða við breytingar á lánskjaravísitölu eins og nú er í hlutafélagalögunum.

Ákvæði 4. mgr. varðandi upplýsingar á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum eignarhlutafélaga er efnislega samhljóða fyrirhuguðu ákvæði í 1. gr. hfl. Nýmæli þetta leiðir af 4. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB, sbr. 6. gr. 11. félagaréttartilskipunarinnar.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara 2. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um II. kafla.

Færri ákvæði eru í þessum kafla en í II. kafla hfl. með fyrirhuguðum breytingum þar eð ákvæðin um áskrift, sbr. 7.–10. gr. hfl., eru ekki tekin upp. Er það í samræmi við danska löggjöf um eignarhlutafélög. Þá er gert ráð fyrir því að einn aðili geti stofnað eignarhlutafélag en tveir stofnendur hið fæsta skulu vera í hlutafélögum. Þá er ekki gert ráð fyrir því í eignarhlutafélögum að fleiri en stofnendur skrái sig fyrir hlutum þannig að

ekki er gert ráð fyrir almennri þátttöku, t.d. í formi útboða. Í stofnsamningi um eignarhlutafélag skal einnig greina frá því hvernig hlutir skiptist milli stofnenda þannig að valdahlutföll sjáist. Í eignarhlutafélögum eru einnig gerðar vægari kröfur varðandi móttöku verðmæta í tengslum við stofnun slíkra félaga en gert er í hlutafélagalögum. Þá er frestur til að tilkynna eignarhlutafélög til skráningar mun styttri en í hlutafélagalögum.

Um 3. gr.

Þessi grein samsvarar 3. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Þó er hér gert ráð fyrir því að einn aðili geti stofnað eignarhlutafélag en samkvæmt hlutafélagalögum skulu stofnendur vera tveir hið fæsta. Í þessu sambandi má benda á að skv. 12. félagaréttartilskipun EB frá 21. desember 1989 um eignarhlutafélög eins aðila, sem verður hluti EES-réttar, er byggt á því að einn aðili geti stofnað eignarhlutafélag. Af þeim sökum er slíkt ákvæði nauðsynlegt. Ekkert hámark er hins vegar sett á fjölda þátttakenda í eignarhlutafélögum.

Í 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins felst að ekki er á stofnfundi unnt að taka ákvörðun um að fleiri en stofnendur eða almenningur hafi rétt til hlutanna sem hér um ræðir.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar um heimilisfesti samsvara ákvæðum hlutafélagalaga eins og gert er ráð fyrir það þeim verði breytt. Undanþágan varðandi heimilisfestina felur í sér að ríkisborgarar þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, geta stofnað eignarhlutafélög hér á landi þótt þeir séu búsettir í öðru EES-ríki en Íslandi. Gildir undanþágan þá m.a. um Íslendinga sem eru búsettir í þessum ríkjum. Ákvæði 3. mgr. samsvara 3. mgr. 3. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt vegna EES-samningsins.

Ákvæði 4. mgr. samsvara 4. mgr. 3. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt (bætt er við í löggjöfinni að stofnandi megi ekki hafa farið fram á greiðslustöðvun).

Ákvæði 5. mgr. samsvara 5. mgr. 3. gr. hfl.

Um 4. gr.

Þessi grein, sem geymir ákvæði um það sem greina skal í stofnsamningi, svarar til 4. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Þannig er bætt við ákvæðum varðandi kostnað í tengslum við stofnun félags, sbr. 4. tölul. og 2. mgr. þessarar greinar. Einnig skal segja deili á stofnendum. Í 2. tölul. er hins vegar kveðið á um að í stofnsamningi skuli greina hvernig hlutir skiptist milli stofnenda og tryggir það að valdahlutföll sjáist við stofnunina. Slíkt ákvæði er ekki í hlutafélagalögunum.

Ekki er gert ráð fyrir fresti til áskriftar að hlut í eignarhlutafélögum svipað og í hlutafélögum sem ganga má út frá að verði almennt stærri en eignarhlutafélög og með fleiri þátttakendum. Taka má fram í þessu sambandi að í árslok 1992 breyttu Danir hlutafélagalögum sínum og gera ekki lengur ráð fyrir fresti til greiðslu hlutafjár. Í eignarhlutafélögum hér á landi gætu menn lagt fram viðskiptabréf sem greiðslu en þau yrðu þá metin til núvirðis til þess að jafnræðis væri gætt milli hluthafa sem greiddu hluti sína með mismunandi hætti.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um hugsanleg viðbótaratriði í stofnsamningi, ýmiss konar verðmætamat. Svarar greinin um margt til hlutafélagalaga eins og gert er ráð fyrir að þeim verði breytt en þó eru gerðar mun strangari kröfur í hlutafélagalögunum, sbr. 5. gr. og 5. gr. a–c í hfl., en í 5. og 6. gr. frumvarps þessa. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að kröfur á hendur stofnendum geti talist greiðsla. Yrði þá að verðmeta þær.

Um 6. gr.

Þessari grein, sem snertir m.a. yfirtöku félags á fyrirtæki við stofnun hins fyrrgreinda, svipar til 3. mgr. 5. gr. hfl. en felur einnig í sér viðbótarákvæði, annars vegar í 1. mgr. um yfirlýsingu löggilts endurskoðanda eða lögmanns varðandi greiðslu í öðru en reiðufé og hins vegar í 3. mgr. um rétt endurskoðandans eða lögmannsins til að fá nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð. Ákvæðin samsvara um sumt fyrirhuguðum breytingum á hlutafélagalögunum.

Benda má á að lagaákvæði um endurskoðendur gilda hér eftir því sem við á.

Um 7. gr.

Þessi grein samsvarar 6. gr. hfl.

Í 1. tölul. 3. mgr. felst tilvísun í 37. gr. frumvarps þessa.

Um 8. gr.

Ákvæðum 1. mgr. svipar til 9. gr. hfl., sbr. einkum 1. og 4. mgr. þeirrar greinar varðandi ákvörðun um stofnun félags og framlagningu skjala á stofnfundi.

Ákvæði 2. mgr. um kosningu stjórnar og endurskoðenda samsvara 4. mgr. 10. gr. hfl.

Um 9. gr.

Grein þessi samsvarar 11. gr. hfl. nema hvað þess er krafist hér að greiða skuli heildarhlutafé og það sem greiða kann að þurfa umfram nafnverð til þess að unnt sé að skrá félag. Jafnframt er frestur stjórnar til að tilkynna félag til skráningar styttur úr sex mánuðum í tvo mánuði frá dagsetningu stofnsamnings. Er það til samræmis við danska löggjöf þar sem frestur er mislangur eftir því hvort um er að ræða skráningu hlutafélaga eða eignarhlutafélaga. Í hlutafélögum þarf lengri tíma þar sem sá möguleiki er fyrir hendi að hlutafé sé boðið út.

Um 10. gr.

Þessi grein samsvarar 12. gr. hfl.

Um III. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru miklu einfaldari en ákvæði III. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Í eignarhlutafélögum er gert ráð fyrir því að fáir aðilar taki höndum saman og greiði hlutaféð fyrir skráningu. Ákvæði 14.–16. gr. hfl. eru ekki tekin upp hér. Þar er m.a. gert ráð fyrir greiðslu hlutafjár á löngum tíma. Gengið er út frá að í hlutafélögum verði margir hluthafar, þau verði opin almenningi og útboð geti farið fram. Þetta atriði undirstrikar mun milli eignarhlutafélaga og hlutafélaga.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvara 1. mgr. 13. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Bætt er þó við að greiðslu skuli inna af hendi fyrir skráningu.

Í 2. mgr. segir að skilyrði, sem hluthafi setji í tengslum við stofnun eignarhlutafélags og ekki samrýmast lögum þessum eða stofnsamningi, hafi ekkert gildi. Öðruvísi ákvæði eru í 2. mgr. 7. gr. hfl. en ákvæði frumvarps þessa taka mið af því að allt hlutafé þarf að vera borgað við skráningu eignarhlutafélags þannig að áskriftarákvæði, er samsvara 7.–10. gr. hfl., eiga ekki við.

Ákvæði 3. mgr. samsvara 2. mgr. 13. gr. hfl. Ljóst er þó að málsgrein þessi hefur mun minni þýðingu en í hlutafélagalögunum þar eð greiða verður hlutafé í eignarhlutafélögum fyrir skráningu.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla byggja í megindráttum á IV. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt en eru þó mismunandi um nokkur veigamikil atriði. Um einn hluthafa getur verið að ræða minnst í eignarhlutafélögum en tveir eru lágmark í hlutafélögum. Í eignarhlutafélögum má leggja hömlur á viðskipti með hluti þótt hluthafar séu 200 eða fleiri en slíkar hömlur má ekki leggja á í hlutafélögum þar sem svo er ástatt. Þær greinar frumvarpsins, sem eiga rætur að rekja til 131. gr. hfl. og fjalla um innlausnarskyldu og innlausnarrétt þegar móðurfélag á mestan hlut í dótturfélagi, gilda í eignarhlutafélögum aðeins um eignarhlut móðurfélaga en ekki um eignarhlut hluthafa almennt eins og gert er ráð fyrir að verði í hlutafélagalögum. Þá er ekki gert ráð fyrir hlutabréfum í eignarhlutafélögum eins og í hlutafélögum heldur yrði hlutaskrá aðalheimild um eignaraðild og vottorð gefin út í því sambandi. Unnt yrði þó að gefa út hlutaskírteini en þau yrðu þó ekki viðskiptabréf eins og hlutabréf í hlutafélögum eru almennt.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að hluthafar geti verið einn eða fleiri. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. hfl. skulu hluthafar hins vegar vera tveir hið fæsta. Af 12. félagaréttartilskipun EB, sem verður hluti EES-réttar, leiðir að gefa verður kost á félögum eins aðila í hlutafélagalöggjöfinni.

Ákvæði 2. mgr. samsvara 2. mgr. 17. gr. hfl. en hefur verið stytt. Ekki er kveðið á um efni samþykkta ef ákveðið er að hlutum sé skipt í sérstaka flokka. Í því tilviki má í samþykktum taka fram um mun milli hlutaflokka, fjárhæðir hvers og sérstök ákvæði um rétt til áskriftar að nýju hlutafé sem hluthafar hafa rétt til við hækkun hlutafjár. Í hlutafélagalögunum er þessi tilgreining hins vegar skyldubundin.

Um 13. gr.

Ákvæði 1. og 2. málsl. samsvara 1. og 2. málsl. 18. gr. hfl. Ekki er tekin upp 3. mgr. 18. gr. hfl. Er því heimilt að leggja hömlur á viðskipti með hluti í eignarhlutafélögum þótt hluthafar séu 200 eða fleiri.

Um 14. gr.

Grein þessi samsvarar 19. gr. hfl. eins og fyrirhugað er að breyta henni. Hvað breytingar snertir skiptir mestu máli að í 2. mgr. er lagt að jöfnu, varðandi ógildi ákvæða í samþykktum, annars vegar bersýnilega ósanngjarnt verð fyrir hlutina, eins og er í hlutafélagalögunum, og hins vegar skilmálar sem eru bersýnilega ósanngjarnir að öðru leyti. Tekur breytingin mið af danskri löggjöf.

Um 15. gr.

Þessi grein samsvarar 20. gr. hfl. Felld er niður tilvísun í lagaákvæði um bann við hömlur á viðskiptum með almenna hluti í hlutafélögum þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri þar eð ekki er gert ráð fyrir slíku banni að því er varðar eignarhlutafélög, sbr. athugasemd við 13. gr. hér að framan.

Um 16.–18. gr.

Ákvæði 16.–18. gr. frumvarpsins eiga sér samsvörun í 131. gr. hfl. en eru ítarlegri hér og byggð á danskri löggjöf eins og hún var til 1992. Hér er viðmiðunarmörkum um eignarhlutafélög þó breytt frá því sem er í hfl., miðað við ¾ í stað 9/10, og ákvæði 17. gr. stytt frá því sem er í dönsku lögunum. Eðlilegt þykir að lækka markið m. a. með hliðsjón af þingsályktun Alþingis frá 19. mars 1992 um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög og tillögu EB um sama efni þar sem miðað er við ⅓.

Í 17. gr. er kveðið á um að greiða skuli andvirði hlutar í eignarhlutafélagi eða hlutafélagi á geymslureikning á nafn rétthafa ef hluturinn er ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 16. gr. Ef ekki næst samkvæmt þessu í hlutabréf í hlutafélagi teljast hlutabréfin ógild frá greiðslu á geymslureikning og skal gefa út ný hlutabréf.

Ekki er farin sú leið í þessu frumvarpi að miða við dönsku lögin um eignarhlutafélög eins og þeim var breytt í árslok 1992. Þá var innlausnarskylda og innlausnarréttur víkkaður út þannig að innlausnin nær ekki aðeins til þeirra tilvika er móðurfélög eiga í dótturfélögum heldur til allra þeirra tilvika er hluthafi á hlut í öðru félagi (innlausnin miðuð við 9/10 í Danmörku). Þykir ekki ástæða til að ganga eins langt hér heldur er látið nægja að lækka hlutfallið úr 9/10 í ¾ eins og áður segir. Hins vegar er gert ráð fyrir því að í fyrirhuguðum breytingum á hlutafélagalögunum hér á landi verði tekið mið af hinu almenna ákvæði dönsku hlutafélagalaganna um þetta efni.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara í megindráttum 24. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Ákvæði 3.–4. mgr. þeirrar greinar eru þó ekki tekin upp í þetta frumvarp.

Nánar tiltekið samsvarar 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins 1. mgr. 24. gr. hfl., 2. mgr. frumvarpsins 2. mgr. 24. gr. hfl., 3. mgr. geymir nýtt ákvæði (hlutaskírteini), 4. mgr. þessarar greinar samsvarar 5. mgr. 24. gr. hfl., 5. mgr. þessarar greinar 6. mgr. 24. gr. hfl. og 6. mgr. þessarar greinar 7. mgr. 24. gr. hfl. Ákvæði 3. málsl. 4. mgr. eru þó tekin úr 1. málsl. 25. gr. hfl.

Hlutaskírteini þau, sem gefa má út skv. 3. mgr., eru ekki viðskiptabréf eins og hlutabréf í hlutafélögum eru almennt. Hlutabréf yrðu ekki gefin út í eignarhlutafélögum. Þar yrði hlutaskráin aðalheimildin um eignaraðild og væri unnt að gefa út vottorð úr henni, sbr. 6. mgr. þessarar greinar frumvarpsins. Útgáfa hlutaskírteina skv. 3. mgr. væri hins vegar hátíðlegri leið til að votta eignaraðildina.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru byggð á 16. gr. dönsku laganna um eignarhlutafélög.

Um 21. gr.

Hér er orðrétt tekin upp 26. gr. hfl.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar um tilkynningarskyldu til hlutafélagaskrár, ef eignarhlutafélag, sem er skráð í eigu fleiri en eins aðila, kemst á hendur eins aðila, tekur mið af 3. gr. 12. félagaréttartilskipunar EB.

Í þessu sambandi má minna á ákvæði 2. mgr. 95. gr. um að í ársskýrslu skuli tilgreina fjölda hluthafa o.fl. í eignarhlutafélagi.

Um V. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara að flestu leyti ákvæðum V. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Mjög lítið er þó tekið upp úr hlutafélagalögum um áskrift enda er ekki gert ráð fyrir því að eignarhlutafélög hækki hlutafé á grundvelli almenns útboðs. Þá er ekki gert ráð fyrir nýmæli um áskriftarréttindi eins og í fyrirhuguðum hlutafélagalögum.

Um 23. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. 23. gr. frumvarpsins samsvara ákvæðum 1.–3. mgr. 27. gr. hfl.

Athuga ber að í 30. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að veita megi stjórn félags heimild til að hækka hlutafé.

Um 24. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvara 1. og 3. málsl. 1. mgr. en 2. mgr. fyrirhugaðri 2. mgr. 28. gr. hfl. Eins og í fyrirhuguðum hlutafélagalögum er ekki gert ráð fyrir því að í samþykktum megi ákveða að aðeins sumir hlutir hafi forgangsrétt til áskriftar. Hins vegar er unnt að veita hluthöfum í ákveðnum hlutaflokkum forgangsrétt til að skrá sig fyrir hlutum í sínum eigin flokkum.

Ákvæði 3. mgr. samsvara 4. mgr. 28. gr. hfl. sem gert er ráð fyrir að verði 3. mgr. þeirrar greinar.

Um 25. gr.

Þessi grein samsvarar í megindráttum 30. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. samsvara 1. og 2. mgr. 31. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að þeim verði breytt. Í 1. mgr. frumvarps þessa er tekið fram að stjórn félags skuli leggja fram skýrslu skv. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins en skv. 2. mgr. 5. gr. myndu stofnendur sjá um að leggja slíka skýrslu fram við stofnun félagsins. Þá er stjórn ekki til að dreifa. Ákvæði 3. mgr. samsvara fyrirhuguðum ákvæðum 31. gr. hfl.

Um 27. gr.

Þessi grein snertir áskrift nýrra hluta. Mjög lítið er tekið upp úr hlutafélagalögum um áskrift. Þannig eru ákvæði 32., 35. og 36. gr. hfl. ekki tekin upp.

Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar er þó samsvörun í 3. mgr. 32. gr. hfl. Gert er ráð fyrir því að áskrift nýrra hluta gerist með skráningu í gerðabók enda er ekki gert ráð fyrir því í eignarhlutafélögum að unnt sé að fá fjölmenna hópa eða almenning til að skrifa sig fyrir hlutafé. Öðru máli gegnir hins vegar um hlutafélög, sbr. t.d. 1. málsl. 32. gr. hfl. þar sem segir að áskrift nýrra hluta skuli gerð á áskriftarskrá. Ákvæði þessarar málsgreinar frumvarpsins eru m.a. í samræmi við danska löggjöf um þessa tegund félaga.

Ákvæði 2. mgr. frumvarpsins á sér samsvörun í 33. gr. hfl.

Um 28. gr.

Grein þessi á sér vissa samsvörun í 34. gr. hfl. en í eignarhlutafélögum er þó ekki veittur frestur til greiðslu heildarhlutafjár eða þess sem greiða á umfram nafnverð. Ákvæði 2. málsl. samsvara 2. málsl. 2. mgr. 34. gr. hfl.

Um 29. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara 37. gr. hfl. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 37. gr. hfl. eru þó tekin út úr og sett í sérstaka grein í þessu frumvarpi.

Um 30. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggjast á 35. og 2. mgr. 37. gr. hfl.

Um VI. kafla.

Ákvæði þessa kafla fjalla um lántöku með sérstökum skilyrðum (breytanleg og arðberandi skuldabréf) og samsvara í aðaldráttum ákvæðum VI. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt.

Um 31. gr.

Þessi grein samsvarar í meginatriðum 39. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Ekki þykir ástæða til að hafa sérstaka grein er heimili félagsstjórn að taka ákvörðun um lántöku með sérstökum skilyrðum. Slík heimild er fyrirhuguð í 39. gr. a í hfl.

Um 32. gr.

Þessi grein samsvarar 40. gr. hfl.

Um 33. gr.

Þessi grein samsvarar 41. gr. hfl.

Ekki er gert ráð fyrir því að heimild félagsstjórnar verði bundin tímatakmörkunum eins og fyrirhugað er að gera í hlutafélagalögum.

Um VII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara í meginatriðum VII. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt.

Um 34. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara 42. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Einstakar málsgreinar samsvara hver annarri.

Um 35. gr.

Þessi grein samsvarar 1. málsl. 43. gr. hfl. Ekki eru settar takmarkanir á arðgreiðslur eins og í hfl. fremur en gert er í dönskum lögum um eignarhlutafélög.

Um 36. gr.

Þessi grein samsvarar 44. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 37. gr.

Þessi grein samsvarar 45. gr. hfl. og fjallar um innlausn hluta eftir ákveðnum reglum (á dönsku amortisation).

Um VIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara 46. gr. hfl. með vissum breytingum. Gert er ráð fyrir að ákvæði hlutafélagalaga um eigin hluti verði hins vegar mun ítarlegri þar eð þau lög taka mið af kröfum EES-réttar.

Um 38. gr.

Ákvæði þessa frumvarps um eigin hluti samsvara 46. gr. hfl. Frestur til að losa sig við hluti, sem eru umfram 10% af eigin hlutafé, er þó í 1. mgr. lengdur úr þremur mánuðum í sex með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á hlutafélagalögum. Þá er í sömu málsgrein bætt við ákvæði um að kaup eigin hluta megi aðeins fjármagna úr frjálsum sjóðum félagsins og er þetta í samræmi við meginhugsun 98. gr. Loks er bætt við nýrri málsgrein, 4. mgr., um skyldu stjórnar til að lækka hlutafé ef hlutum er ekki ráðstafað á réttum tíma skv. 1. mgr. Er það ákvæði í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á hlutafélagalögum (46. gr. f).

Gert er ráð fyrir að ákvæði hlutafélagalaga um eigin hluti verði mun ítarlegri en ákvæði laganna um eignarhlutafélög. Taka ákvæði hlutafélagalaganna mið af kröfum EES-réttar.

Um IX. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara í meginatriðum IX. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Varðandi kjör stjórnarmanna er þó aðeins gefinn kostur á hlutfallskosningu en ekki margfeldiskosningu. Þá eru gerðar vægari kröfur í eignarhlutafélögum þannig að í eins manns stjórn geti stjórnarmaðurinn jafnframt verið framkvæmda-

stjóri. Stjórnarmaðurinn þarf ekki að halda stjórnarfundi, sbr. 5. mgr. 46. gr. frumvarps þessa. Einnig eru fleiri sérákvæði varðandi eins manns stjórn í eignarhlutafélögum, sbr. sömu grein frumvarpsins. Þá er ekki talin þörf á fulltrúanefnd í eignarhlutafélögum miðað við reynsluna hér á landi.

Um 39. gr.

Grein þessi er í megindráttum byggð á 47. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Bætt er við nýjum málslið, 4. málsl., í 2. mgr. til samræmis við fyrirhugaða breytingu á hlutafélagalögunum. Þar segir að þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, skuli allir kosnir á sama fundi. Er ákvæðið nauðsynlegt til að tryggja framkvæmd ákvæðanna um hlutfallskosningu.

Felld eru niður ákvæði um margfeldiskosningu en látið nægja að hafa möguleika á hlutfallskosningu í þessari tegund félaga sem gera má ráð fyrir að verði almennt minni en hlutafélög.

Í 3.–4. mgr. er lýsing á því hvernig kjósa skuli í stjórn og hvernig uppgjöri slíkra kosninga skuli háttað. Boðið er upp á tvenns konar kosningaaðferð, meirihlutakosningu og hlutfallskosningu. Sé ekki annað tekið fram í samþykktum félags skal kosið meirihlutakosningu en tiltekinn minni hluti hluthafa getur þó krafist hlutfallskosningar.

Hugtakið hlutfallskosning er ekki einhlítt og því eru hér tekin af tvímæli með því að lýsa aðferðinni sem hér er átt við (en hún er kennd við d'Hondt í ritum um kosningafræði). Til samanburðar er meirihlutakosningu jafnframt lýst.

Til glöggvunar skal tekið talnadæmi til útskýringar á kosningareglunum. Gert er ráð fyrir að kjósa skuli fimm stjórnarmenn og að fram komi þrjú framboð: A-listi með nöfnum fimm manna, B-listi, sem hefur einungis tvö nöfn, og að lokum framboð Jóns Jónssonar sem samkvæmt lagagreininni skoðast sem sérstakur framboðslisti, C-listi, með þessu eina nafni.

Sé kosið meirihlutakosningu og falli atkvæði þannig að A-listi hljóti stuðning handhafa 480 hluta, B-listi 600 hluta og að lokum hljóti Jón Jónsson eða C-listi fylgi 260 hluta fær atkvæðaflesti listinn, B-listi, alla sína menn kjörna. En á listanum eru aðeins tvö nöfn þannig að bjóða þarf aftur fram til þess að kjósa þá tvo stjórnarmenn sem á skortir.

Við hlutfallskosningu og sömu skiptingu atkvæða skal mynda deildir atkvæða með því að deila með 1, 2, 3 o.s.frv. Hjá A-lista verða deildirnar 480, 240, 160, 120 og 96, hjá B-lista 600 og 300 en hjá C-lista einungis deildin 260. Samkvæmt þessu fellur 1. sæti til B-lista (deildin 600), 2. til A (480), 3. aftur til B (300), 4. til C (260) og að lokum það 5. til A-lista (240). Ekki reynir nú á það að B-listinn bauð aðeins fram tvo menn.

Samkvæmt dönskum lögum um eignarhlutafélög er þriggja manna stjórn aðalreglan en í litlum félögum er jafnvel heimilt að hafa enga stjórn. Þá koma störf stjórnarmanna í hlut framkvæmdastjóra. Í frumvarpi þessu er þó ávallt gert ráð fyrir minnst einum stjórnarmanni.

Um 40. gr.

Þessi grein samsvarar 48. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Þar er gert ráð fyrir að bætt verði við nýrri málsgrein um félag án stjórnar. Þá skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

Ákvæði 4. málsl. 1. mgr. á að tryggja að ekki sé unnt að víkja þeim stjórnarmanni frá

störfum sem hlotið hefur kosningu minni hluta í hlutfallskosningu nema samkvæmt skýrum reglum er tryggi rétt minni hlutans. Lagt er með öðrum orðum til að slík tillaga teljist felld ef stjórnarmaðurinn nýtur þess stuðnings sem mundi alltaf nægja í hlutfallskosningu til að tryggja honum sæti í stjórn hvernig svo sem önnur atkvæði skiptust milli framboðslista (hér er hugsanlegt hlutkesti túlkað stjórnarmanni í vil).

Um 41. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við 1. mgr. 52. gr. gildandi hlutafélagalaga þar sem gert er ráð fyrir því að félagi sé í sjálfsvald sett hvort framkvæmdastjóri er ráðinn eða ekki.

Ákvæði 2. mgr. mælir fyrir um að meiri hluta stjórnar skuli mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu eins og gert er ráð fyrir í 49. gr. hfl. Það ákvæði á sér vissa samsvörun í dönsku lögunum um eignarhlutafélög og tekur mið af tillögu EB um 5. félagaréttartilskipunina þar sem gert er ráð fyrir fullum persónuaðskilnaði stjórnar og framkvæmdastjóra, framkvæmdastjórar séu með öðrum orðum ekki jafnframt stjórnarmenn. Þeirri tilskipun, ef samþykkt verður, er þó aðeins ætlað að taka til hlutafélaga, ekki eignarhlutafélaga. Er af þeim sökum gert ráð fyrir því að í eins manns stjórn í eignarhlutafélögum megi stjórnarmaðurinn jafnframt vera framkvæmdastjóri og í tveggja manna stjórn megi annar vera framkvæmdastjóri samkvæmt þessari málsgrein.

Um 42. gr.

Þessi grein samsvarar 50. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að hún verði lagfærð og henni breytt. Fela breytingarnar í sér nýmæli varðandi undanþágu frá búsetuskilyrðum á grundvelli EES-samningsins. Þá er það nýmæli að takmarka rétt manna til að sitja sem stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í eignarhlutafélögum í vissum undantekningartilvikum (ítrekað gjaldþrot eignarhlutafélags eða hlutafélags í sams konar eða svipuðum rekstri) og felur slíkt í sér hlutlæg viðurlög. Undanþáguheimild hlutafélagaskrár skv. 3. málsl. 1. mgr. kann að verða nýtt t.d. ef viðkomandi hefur tekið sæti í stjórn á sérstökum erfiðleikatímum til að gæta hagsmuna lánardrottna, t.d. banka, eða til að freista þess að koma félaginu úr erfiðleikunum. Frestdagur sá sem um er rætt er skilgreindur í 2. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og telst vera sá dagur sem héraðsdómara berst beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti.

Um 43. gr.

Þessi grein samsvarar 51. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Í athugasemdum við þá grein segir: Rétt þykir að hafa hér samsvarandi ákvæði og eru í dönsku hlutafélagalögunum sem heimila ekki stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum spákaupmennsku með hluti. Dómstólar meta í hverju tilviki með tilliti til allra aðstæðna hvað teljist spákaupmennska. Hér má nefna að í 1. gr. nýlegs frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti var spákaupmennska skilgreind svo: „Kaup eða sala verðbréfa, sem talin eru verulega áhættusöm, í því skyni að öðlast skjótfenginn hagnað í kjölfar verðhækkunar eða verðlækkunar verðbréfanna.“ Skilgreiningin var ekki tekin inn í lögin um verðbréfaviðskipti, nr. 9/1993, enda kann hún að orka tvímælis. Í því sambandi má nefna að í danskri fræðibók segir að kaup á bréfum í von um mikinn hagnað séu ekki í sjálfu sér skilgreind sem spákaupmennska. Hins vegar geti það talist spákaupmennska ef hlutabréf eru keypt eða seld í þeim tilgangi að hafa áhrif á gengi þeirra á grundvelli eftirspurnar-

reglunnar og þá í því skyni að hagnast á slíku.

Um 44. gr.

Þessi grein samsvarar 52. gr. hfl. Sitji einn maður í stjórn hlutafélags getur hann jafnframt verið framkvæmdastjóri og sitji tveir í stjórn getur annar verið framkvæmdastjóri, sbr. 41. gr. frumvarps þessa. Ekki er gert ráð fyrir því að í eignarhlutafélögum sé möguleiki á fulltrúanefnd, sbr. 57. gr. hfl. Miðað við reynsluna virðist ekki þörf á slíkum eftirlitsaðila í eignarhlutafélögum hér á landi enda má gera ráð fyrir að þau félög verði almennt minni en hlutafélög. Þess má geta að í norsku lagafrumvarpi vegna EES-samningsins var gert ráð fyrir því að fulltrúanefnd yrði felld niður í norskum lögum varðandi hlutafélög og eignarhlutafélög.

Um 45. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvara 53. gr. hfl.

Ákvæði 2. mgr. samsvara fyrirhugaðri viðbót við 53. gr. hfl.

Um 46. gr.

Þessi grein samsvarar 54. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Í 4. mgr. er tekið upp ákvæði úr dönskum hlutafélagalögum og eignarhlutafélagalögum sem var ekki á sínum tíma tekið upp í íslensku hlutafélagalögin. Felur það í sér að félagsstjórn skuli setja sér starfsreglur þar sem nánar skuli kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Getur slíkt ákvæði stuðlað að því að stjórnarmenn í félögum geri sér ljósari ábyrgð sína og skyldur.

Í þessu sambandi má nefna að í árslok 1992 var eftirfarandi sérákvæði bætt við í dönsku hlutafélagalögunum um ákveðna tegund hlutafélaga sem yrði eflaust fullstrangt fyrir flest eignarhlutafélög (en þau yrðu ekki skráð á verðbréfaþingi).

„Séu hlutabréf félaga skráð á verðbréfaþingi Kaupmannahafnar skulu starfsreglurnar a.m.k. geyma:

1. ákvæði um skipan stjórnarinnar og ályktunarhæfi, svo og hversu oft halda skuli fundi;
2. leiðbeiningarreglur um skiptingu starfa milli stjórnar og framkvæmdastjóra eða annarra stjórnaraðila þar á meðal um verktilhögun, heimildir og fyrirmæli;
3. ákvæði um eftirlit stjórnar með því hvernig framkvæmdastjórinn stýrir störfum félagsins og dótturfélaga þess;
4. leiðbeiningarreglur um notkun og færslu bóka, skráa og gerðabóka samkvæmt lögum þessum;
5. ákvæði um að stjórnin taki afstöðu til skipulags félagsins, t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit, tölvukerfi og fjárhagsáætlanir;
6. ákvæði um skyldu stjórnar til að útvega þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hún geti sinnt verkefnum sínum;
7. ákvæði um skyldu stjórnarinnar til að fylgjast með áætlunum, fjárhagsáætlunum og því um líku og taka auk þess afstöðu til skýrslna um greiðslugetu félagsins, pantanamál, meiri háttar ráðstafanir, þær tryggingar sem skipta máli, fjármögnun, peningastreymi og sérstaka áhættuþætti;
8. ákvæði um skyldu stjórnar til að taka afstöðu til efnis endurskoðunarbókar fyrir undirritun hennar;
9. ákvæði um skyldu stjórnar til að athuga bráðabirgðauppgjör félagsins og því um líkt

á hverju reikningsári og meta þá m.a. fjárhagsáætlunina og frávik frá henni;
10. ákvæði um skyldu stjórnar til að tryggja að fyrir hendi sé nauðsynlegur grundvöllur undir endurskoðun og taka þá m.a. afstöðu til þess hvort þörf sé á innra eftirliti."

Í 5. mgr. er bætt er við ákvæðum vegna þeirra tilvika þegar stjórn félags er aðeins skipuð einum manni. Stjórnarmaðurinn þarf ekki að halda stjórnarfundi en skal skrá mikilvægar ákvarðanir í gerðabók félagsins.

Um 47. gr.

Þessi grein samsvarar 55. gr. hfl. en gildir aðeins um fjölskipaða félagsstjórn.

Um 48. gr.

Þessi grein samsvarar 56. gr. hfl. Þegar um þá hagsmunaárekstra er að ræða sem greinin tekur til skal kalla til varamann þegar stjórnarmaður er einn.

Um 49. gr.

Þessi grein samsvarar 58. gr. hfl.

Ákvæði 3. mgr. taka mið af 2. mgr. 9. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB.

Um 50. gr.

Þessi grein samsvarar 59. gr. hfl.

Um 51. gr.

Ákvæði 1.–2. mgr. samsvara 60. gr. hfl.

Ákvæði 3. mgr. taka mið af 5. gr. 12. félagaréttartilskipunar EB.

Um 52. gr.

Þessi grein samsvarar 61. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt og tekur mið af 1.–2. mgr. 9. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB varðandi umboð stjórnaraðila.

Að því er varðar 2. tölul. er aðalreglan sú að þriðji maður vinni ekki rétt ef hann veit um heimildarskort, t.d. ef forsvarsmaður félags misnotar stöðu sína og viðsemjandinn veit það.

Um 53. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 61. gr. a í hfl. og tekur mið af 8. gr. 1. félagarétt-artilskipunar EB sem ætlað er að vernda hagsmuni grandlauss þriðja aðila gagnvart félagi þegar galli er á kjöri eða tilnefningu stjórnarmanna ellegar ráðningu framkvæmdastjóra.

Um X. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara í meginatriðum ákvæðum X. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Þó eru undantekningar þar á. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að í eignarhlutafélögum eins aðila fari viðkomandi hluthafi með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum heldur komi hluthafinn í stað hluthafafunda. Slíka fundi þarf því ekki að halda. Tekur þetta m.a. til aðalfunda. Ákvarðanataka er því einfaldari í eignarhlutafélögum en hlutafélögum, sbr. einkum 55. og 59. gr. frumvarpsins. Þá skal boðun til hluthafafundar í eignarhlutafélögum almennt vera skrifleg til allra hluthafa sem skráðir eru í hlutaskrá. Unnt er þó að falla frá slíkri formreglu og öðrum formreglum varðandi boð-

un til hluthafafunda ef allir hluthafar í eignarhlutafélagi sækja hluthafafund og eru sammála um það.

Um 54. gr.

Þessi grein samsvarar 62. gr. hfl.

Um 55. gr.

Þessi grein samsvarar 63. gr. hfl. Í 2. mgr. er hér þó bætt við sérákvæði um eignarhlutafélög eins aðila. Viðkomandi hluthafi fer þá ekki með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum heldur kemur hann í stað hluthafafundar. Eiga ákvæði X. kafla um hluthafafundi því ekki við.

Um 56. gr.

Þessi grein samsvarar 64. gr. hfl.

Um 57. gr.

Þessi grein samsvarar 65. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Taka má fram að í dönskum lögum um eignarhlutafélög er þess ekki krafist að atkvæðisréttur fylgi hverjum hlut í félaginu.

Um 58. gr.

Þessi grein samsvarar 66. gr. hfl.

Um 59. gr.

Þessi grein samsvarar 67. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. (ákvæði fyrirhugaðrar 4. mgr. 67. gr. er þó tekið upp í breyttri mynd í 107. gr. frumvarps þessa).

Sé hluthafi einn eru ekki haldnir aðalfundir né aðrir hluthafafundir heldur tekur hluthafinn ákvarðanir einn um þau atriði sem skylt er að taka ákvarðanir um samkvæmt aðalfundargreininni eða félagssamþykktum, þar á meðal um stjórnarkjör. Jafnframt vísast til 55. gr. um hluthafafundi almennt.

Um 60. gr.

Þessi grein samsvarar 68. gr. hfl.

Um 61. gr.

Þessi grein samsvarar 69. gr. hfl.

Um 62. gr.

Þessi grein samsvarar 70. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Taka má fram að talað er um í 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins að félag hafi enga „starfandi stjórn“ í stað þess að hafa enga stjórn þar eð litið er svo á að stjórn skv. 3. mgr. 40. gr. sé ekki „starfandi stjórn“ í merkingu þessarar greinar.

Um 63. gr.

Þessi grein samsvarar 71. gr. hfl.

Í 2. mgr. skal boðun til hluthafafundar þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa sem skráðir eru í hlutaskrá en ekki aðeins þeirra hluthafa sem þess hafa óskað eins og er í hlutafélagalögum. Gera má ráð fyrir að almennt verði færri hluthafar í eignarhlutafélögum og þess vegna er gert ráð fyrir mismunandi reglum, skriflegri boðun til allra hluthafa í eignarhlutafélögunum nema fallið sé frá þeirri kröfu samkvæmt heimild í 5. mgr.

Í 4. mgr. er til öryggis bætt við að í móðurfélagi skuli leggja fram samstæðureikning.

Þá er jafnframt bætt við nýrri málsgrein varðandi eignarhlutafélög, 5. mgr. Samkvæmt henni má falla frá formreglum greinarinnar varðandi boðun til hluthafafunda ef allir hluthafar sækja hluthafafund og eru sammála um það. Sams konar regla er í 46. gr. dönsku laganna um eignarhlutafélög. Almennt má gera ráð fyrir fáum hluthöfum í eignarhlutafélögum.

Um 64. gr.

Þessi grein samsvarar 72. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Í 1. málsl. þessarar greinar frumvarpsins, þar sem segir að ekki sé unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa þau mál sem hafa ekki verið greind í dagskrá fundarins, felst tilvísun til 5. mgr. 63. gr. frumvarpsins.

Minna má á það hér að skv. 2. mgr. 55. gr. eru ekki haldnir hluthafafundir í eignarhlutafélögum eins aðila.

Um 65. gr.

Þessi grein samsvarar 73. gr. hfl. með þeirri smábreytingu sem gert er ráð fyrir að verði á henni. Taka ber fram að ekki er um að ræða hluthafafundi í eignarhlutafélögum eins aðila. Þá má nefna að umboðsmaður hlutafélagaskrár getur ákveðið að hann gegni sjálfur fundarstjórastörfum.

Um 66. gr.

Þessi grein samsvarar 74. gr. hfl.

Um 67. gr.

Þessi grein samsvarar 75. gr. hfl.

Um 68. gr.

Þessi grein samsvarar 76. gr. hfl. Nefna má að stjórn hefur t.d. heimild til að breyta samþykktum á grundvelli 30. gr., 3. mgr. 31. gr., 3. mgr. 32. gr., 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 38. gr.

Um 69. gr.

Þessi grein samsvarar 77. gr. hfl. Þess má geta að 40. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB, sem gildir um hlutafélög, gerir jafnvel vægari kröfur en gerðar eru samkvæmt þessari grein frumvarpsins.

Um 70. gr.

Þessi grein samsvarar 78. gr. hfl.

Um 71. gr.

Þessi grein samsvarar 79. gr. hfl.

Um XI. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XI. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Hugsanlegt er að aðlögun íslenskrar löggjafar að bókhaldslöggjöf EES, sem undirbúin er í fjármálaráðuneytinu, kunni að leiða til þess að ákvæði þessa kafla verði síðar flutt í bókhaldslöggjöfina.

Um 72. gr.

Þessi grein samsvarar 80. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Að því er varðar 1. mgr. um kosningu eða tilnefningu endurskoðenda á aðalfundi skal tekið fram að skv. 2. mgr. 55. gr. þarf ekki að halda hluthafafundi, þar á meðal aðalfundi, í eignarhlutafélögum eins aðila heldur skal viðkomandi hluthafi skrá ákvarðanir sínar í gerðabók félagsins.

Um 73. gr.

Þessi grein samsvarar 81. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Í búsetuskilyrði 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins felst tilvísun til EES-samningsins.

Um 74. gr.

Þessi grein samsvarar 82. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 75. gr.

Þessi grein samsvarar 83. gr. hfl.

Um 76. gr.

Þessi grein samsvarar 84. gr. hfl.

Um 77. gr.

Þessi grein samsvarar 85. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 78. gr.

Þessi grein samsvarar 86. gr. hfl.

Um 79. gr.

Þessi grein samsvarar 87. gr. hfl.

Um 80. gr.

Þessi grein samsvarar 88. gr. hfl.

Um 81. gr.

Þessi grein samsvarar 89. gr. hfl.

Um 82. gr.

Þessi grein samsvarar 90. gr. hfl. Þó er bætt við að í eignarhlutafélögum eins aðila skuli stjórn hafa nauðsynlegt samráð við endurskoðendur um málefni félagsins, sbr. 2. mgr. 55. gr. Er þá átt við samráð um mál sem hluthafafundur væri haldinn um í eignarhlutafélögum almennt.

Um 83. gr.

Þessi grein samsvarar 91. gr. hfl.

Um 84. gr.

Þessi grein samsvarar 92. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um XII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara ákvæðum hlutafélagalaganna um ársreikning og ársskýrslu stjórnar eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Í 5. mgr. 95. gr. eru þó vægari kröfur varðandi ársskýrslu stjórnar. Í 97. gr. er skylda til að skila óstyttum ársreikningi til hlutafélagaskrár bundin við ákveðna veltu eignarhlutafélags en í hlutafélögum er gert ráð fyrir því að senda skuli skránni óstyttan ársreikning nema undantekning sé gerð þar frá.

Rétt er að vekja athygli á því að hugsanlegt er að endurskoðunarstarf fjármálaráðuneytisins vegna bókhaldslöggjafarinnar með tilliti til EES-samningsins leiði til þess að ákvæði þessa kafla verði síðar flutt í bókhaldslöggjöfina.

Um 85. gr.

Þessi grein samsvarar 93. gr. hfl.

Um 86. gr.

Þessi grein samsvarar 94. gr. hfl.

Um 87. gr.

Þessi grein samsvarar 95. gr. hfl.

Um 88. gr.

Þessi grein samsvarar 96. gr. hfl.

Um 89. gr.

Þessi grein samsvarar 97. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Úrelt lokamálsgrein þeirrar greinar er felld niður.

Um 90. gr.

Þessi grein samsvarar 98. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 91. gr.

Þessi grein samsvarar 99. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 92. gr.

Þessi grein samsvarar 100. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 93. gr.

Þessi grein samsvarar 101. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 94. gr.

Þessi grein samsvarar 102. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 95. gr.

Þessi grein samsvarar 103. gr. hfl. Hér er þó bætt við nýrri málsgrein, 5. mgr. Er gert ráð fyrir því að í eignarhlutafélögum þar sem ársvelta er innan við 100 milljónir króna megi flytja ársskýrslu stjórnar munnlega, sbr. samsvarandi viðmiðun í 97. gr., svo og að í eignarhlutafélögum eins aðila þurfi ekki að flytja eða leggja fram ársskýrslu. Þar er reyndar ekki gert ráð fyrir hluthafafundum, þar á meðal aðalfundi, sbr. 2. mgr. 55. gr.

Um 96. gr.

Þessi grein samsvarar 104. gr. hfl.

Um 97. gr.

Í gildandi lögum um hlutafélög er gert ráð fyrir því að félög, sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, sendi hlutafélagaskrá ársreikning. Gert er ráð fyrir því við endurskoðun hlutafélagalaganna að öll hlutafélög, þ.e. stóru félögin, skuli skila ársreikningum til hlutafélagaskrár. Í þessari grein eru hins vegar gerðar vægari kröfur til eignarhlutafélaga. Sum þeirra þurfa að skila ársreikningum en önnur ekki. Í stað þess að nota viðmiðun gildandi laga og leggja skilaskyldu á þau félög, sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum, þykir réttara að miða við ákveðna lágmarksveltu eignarhlutafélaga sem ákveðin er 100 milljónir króna á ári. Frestir til að skila ársreikningum eru styttir nokkuð (í síðasta lagi átta mánuðum eftir lok reikningsárs í stað tíu mánaða). Er þá m.a. höfð hliðsjón af danskri löggjöf.

Þar sem vikið er að alþjóðasamningum í þessari grein er sérstaklega höfð í huga 47. gr. 4. félagaréttartilskipunar EB. Samkvæmt 2. mgr. hennar má létta af litlum félögum skyldunni til að birta rekstrarreikning, ársskýrslu og endurskoðunarskýrslu en þó skulu þau birta styttan efnahagsreikning og stytta útgáfu af skýringum. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar er unnt að heimila enn stærri félögum að birta styttan efnahagsreikning og stytta útgáfu af ársreikningsskýringum. Felur þessi grein frumvarpsins í sér heimild til að unnt sé að uppfylla ofangreind ákvæði tilskipunarinnar. Búast má við að í bókhaldslöggjöf, sem unnið er að, verði tekið nánar á þessum atriðum.

Um XIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XIII. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt, þar á meðal með setningu nýs ákvæðis varðandi lán eða tryggingu til hluthafa o.fl.

Um 98. gr.

Grein þessi samsvarar 106. gr. hfl.

Um 99. gr.

Grein þessi samsvarar 107. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 100. gr.

Þessi grein samsvarar 108. gr. hfl.

Um 101. gr.

Þessi grein samsvarar 109. gr. hfl.

Um 102. gr.

Þessi grein samsvarar 110. gr. hfl.

Um 103. gr.

Þessi grein samsvarar 111. gr. hfl.

Um 104. gr.

Þessi grein samsvarar 112. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Breytingarnar grundvallast að sumu leyti á 23. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB sem gildir um hlutafélög en ekki þykir ástæða til að gera vægari kröfur í lögum um eignarhlutafélög. Ekki eru mismunandi reglur um hlutafélög og eignarhlutafélög í Danmörku.

Benda má á að ákvæði 1. mgr., sem bannar að hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félags eða móðurfélags sé veitt lán eða sett sé trygging fyrir þá, gildir nú einnig um maka þeirra eða sambýlisfólk, svo og þá sem þeim eru skyldir að feðgatali eða niðja eða standa þeim að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þetta þykir eðlilegt til að tryggja betur hagsmuni hluthafa og lánardrottna.

Ákvæðið tekur til láns á peningum eða ígildi þeirra, t.d. í formi ávísana, víxla, skuldabréfa og hlutabréfa. Takmörkunin nær ekki til venjulegra viðskiptasambanda, t.d. greiðslukortaviðskipta, eða lána til fyrirtækja sem eru hluthafar ef þau eru liður í viðskiptum og venjubundin bæði í fyrirtækinu og almennt í slíkum fyrirtækjum.

Þá eru í 2. mgr. ákvæði um að hlutafélagið megi ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða eignarhlutafélag. Að jöfnu við lán er lagt framlag eða trygging af hálfu hlutafélags í tengslum við kaup á hlutum. Þessi ákvæði á grundvelli tilskipunarinnar eru nýmæli í íslenskri hlutafélagalöggjöf.

Um XIV. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XIV. kafla hfl. um félagsslit eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Félagsslitaástæður skv. 107. gr. eru færri í eignarhlutafélögum vegna annarra reglna í lögum um eignarhlutafélög en lögum um hlutafélög. Er það ekki félagsslitaástæða að hluthafar í eignarhlutafélagi verði færri en tveir eða félag hefur ekki framkvæmdastjóra. Þá þarf að halda hluthafafund í eignarhlutafélögum ef félagið tapar öllu hlutafé sínu en í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir að slíkan fund þurfi að halda ef hlutafélag tapar helmingi hlutafjárins.

Í félagsslitakaflanum er gert ráð fyrir félagsslitum með ýmsum hætti, þ.e. gjaldþrotaskiptum (105. gr.), dómi héraðsdóms (106. gr.), opinberum skiptum (107. og 109. gr.), ákvörðun hlutafélagaskrár (108. gr.) og skilanefndarmeðferð (110.–118. gr.). Þá má taka fram að samruni eignarhlutafélaga og breyting eignarhlutafélags í hlutafélag eru sérstakar tegundir félagsslita (XV. kafli).

Um 105. gr.

Þessi grein samsvarar 113. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 106. gr.

Þessi grein samsvarar 114. gr. hfl.

Um 107. gr.

Þessi grein samsvarar 115. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Vegna annarra reglna í lögum um eignarhlutafélög en lögum um hlutafélög eru þó ekki tilgreindar hér sem félagsslitaástæður að hluthafar í eignarhlutafélagi verði færri en tveir eða félagið hafi ekki framkvæmdastjóra. Í eignarhlutafélögum er heimilt að hluthafi sé einn og ekki er þar skylt að félag hafi framkvæmdastjóra.

Ákvæði 4. mgr., sem bætt er við, eru svipuð fyrirhugaðri 4. mgr. 67. gr. hfl. um skyldu til að halda hluthafafund vegna taps félags á hlutafé. Í fyrirhuguðum hlutafélagalögum er gert ráð fyrir að félagið tapi helmingnum af hlutafé sínu. Hér er hins vegar sá munur á að gert er ráð fyrir því eignarhlutafélag tapi öllu hlutafénu. Fyrirhuguð ákvæði í hlutafélagalögunum taka mið af 17. gr. 2. félagaréttartilskipunar EB sem tekur aðeins til hlutafélaga. Eðlilegt þykir þó að einnig skuli gera ráðstafanir vegna taps hlutafjár í eignarhlutafélögum.

Um 108. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 115. gr. a í hlutafélagalögunum sem snertir m.a. afskráningu félags sem er án starfandi stjórnar. Litið er svo á að stjórn skv. 3. mgr. 40. gr. sé ekki „starfandi stjórn“ í merkingu þessarar greinar.

Um 109. gr.

Þessi grein samsvarar 116. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 110. gr.

Þessi grein samsvarar 117. gr. hfl. Þó er bætt við nýjum málslið, 4. málsl., í 2. mgr. vegna 4. mgr. 107. gr. frumvarps þessa sem á sér ekki beina samsvörun í hlutafélagalögum.

Um 111. gr.

Þessi grein samsvarar 118. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 112. gr.

Þessi grein samsvarar 119. gr. hfl.

Um 113. gr.

Þessi grein samsvarar 120. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 114. gr.

Þessi grein samsvarar 121. gr. hfl.

Um 115. gr.

Þessi grein samsvarar 122. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 116. gr.

Þessi grein samsvarar 123. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 117. gr.

Þessi grein samsvarar 124. gr. hfl.

Um 118. gr.

Þessi grein samsvarar 125. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um XV. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara í megindráttum ákvæðum XV. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Aðalmismunurinn milli fyrirhugaðra ákvæða í lögunum um hlutafélög og lögunum um eignarhlutafélög felst í því að í hlutafélagalögunum er gert ráð fyrir sérstökum matsmönnum í tengslum við skýrslu um samrunaáætlun en í eignarhlutafélagalögunum endurskoðanda. Þá eru ákvæði um skiptingu félaga ekki tekin upp eins og í lögunum um hlutafélög og er þessi mismunur milli laga um hlutafélög og eignarhlutafélög einnig fyrir hendi í Danmörku.

Fyrirhuguð ákvæði hlutafélagalaganna um samruna taka mið af 3. félagaréttartilskipun EB sem nær aðeins til hlutafélaga en ástæða þykir til þess að hafa almennt samræmi í lögum um hlutafélög og lögum um eignarhlutafélög. Má í þessu sambandi benda á að slíkt samræmi er fyrir hendi í Danmörku. Fyrirhuguð samrunaákvæði beggja laganna eru miklum mun ítarlegri en ákvæði gildandi hlutafélagalaga.

Taka má fram að ákvæði 128. gr. hfl. munu halda sér í hlutafélagalögum og jafnframt er gert ráð fyrir því að þau verði tekin upp í lög um eignarhlutafélög. Ákvæði 131. gr. hfl. um innlausnarskyldu og innlausnarrétt, þegar móðurfélag á meira en 9/10 hlutafjár í dótturfélagi, verða færð úr samrunakafla beggja laganna í IV. kafla um hluti og hlutaskrá. Er gert ráð fyrir að ákvæðin verði lítt breytt í lögunum um eignarhlutafélög en í lögunum um hlutafélög sé gildissvið þeirra víkkað út þannig að ákvæðin eigi ekki aðeins við eignarhlut móðurfélags í dótturfélagi heldur við eign hluthafa á hlut í hlutafélagi. Í hlutafélagalögunum er gert ráð fyrir að hluthafar, sem eiga 5% eða meira af hlutafé, geti krafist þess að samþykki hluthafafundar þurfi til samruna í yfirtökufélagi en ekki stjórnar. Í lögum um eignarhlutafélög er hins vegar gert ráð fyrir því að hluthafar, sem

eiga 25% eða meira af hlutafénu, þurfi að gera slíka kröfu.

Um 119. gr.

Grein þessi samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. hfl.

Um 120. gr.

Grein þessi samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. a í hfl. Ekki er þó fremur en í danskri löggjöf um eignarhlutafélög gert ráð fyrir afhendingu hlutabréfa fyrir hluti sem látnir eru í té sem greiðsla (7. tölul. 126. gr. a í hfl.) enda eru ekki gefin út hlutabréf í eignarhlutafélögum.

Um 121. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. b í hfl.

Um 122. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. c í hfl. Hér er þó gert ráð fyrir að endurskoðandi eða endurskoðendur geri skýrslu um samrunaáætlun en ekki einn eða fleiri óháðir sérfróðir matsmenn eins og í fyrirhuguðum ákvæðum hlutafélagalaganna. Krafa hlutafélagalaganna tekur mið af 10. gr. 3. félagaréttartilskipunar EB en sú tilskipun tekur aðeins til hlutafélaga.

Um 123. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. d í hfl.

Um 124. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. e í hfl. Þó er sá munur á að í fyrirhuguðum ákvæðum hlutafélagalaganna þarf sem aðalregla samþykki hluthafafundar fyrir samruna í yfirtökufélagi ef hluthafar, sem eiga 5% af hlutafénu eða meira, krefjast þess en í eignarhlutafélögum er gert ráð fyrir kröfu hluthafa sem eiga 25% af hlutafénu eða meira. Samsvarandi munur er gerður í hlutafélagalöggjöfinni í Danmörku. Helgast þessi munur væntanlega af því að ekki þykir ástæða til að veita sömu vernd til handa minni hluta í litlum félögum varðandi þetta atriði, þ.e. að ákvörðun þurfi um samruna á hluthafafundi í yfirtökufélagi en ekki ákvörðun í félagsstjórn. Af 2. mgr. 55. gr. leiðir einnig að í eignarhlutafélögum eins aðila kemur hluthafi í stað hluthafafundar. Ekki eru því haldnir hluthafafundir í slíkum félögum.

Í 5. mgr. eru gerðar nokkru vægari kröfur en í fyrirhuguðum ákvæðum hlutafélagalaga. Gert er ráð fyrir að skjöl viðvíkjandi samrunanum séu lögð fram til skoðunar eða afhendingar fyrir hluthafa á skrifstofu hvers samrunafélags um sig en ekki er mælt fyrir um að þau skuli látin hverjum skráðum hluthafa í té án endurgjalds samkvæmt beiðni.

Um 125. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. f í hfl.

Um 126. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. g í hfl. og felur í sér tiltekna vernd til handa lánardrottnum samrunafélaganna.

Í þessu sambandi má vekja athygli á 4. mgr. 122. gr. en þar segir að endurskoðandi skuli gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum. Jafnframt skal bent á 123. gr. Þar segir m.a. að athygli lánardrottna skuli vakin á rétti þeirra þegar endurskoðandi telur í yfirlýsingu sinni að samruninn kunni að rýra möguleika þeirra á fullnustu. Hlutafélagaskrá vekur athygli á samrunaáætlun og yfirlýsingu endurskoðanda með tilkynningu í Lögbirtingablaði, sbr. 1. mgr. 150. gr.

Um 127. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. h í hfl.

Um 128. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. i í hfl. Ekki er tekið upp ákvæði 2. málsl. 129. gr. hfl. þess efnis að ákvörðun um samruna falli úr gildi sé hún ekki tilkynnt hlutafélagaskrá innan tveggja mánaða. Slíkt ákvæði er ekki að finna í samsvarandi grein danskrar löggjafar. Má í þessu sambandi vísa til 1. mgr. 127. gr. frumvarps þessa um það hvenær yfirteknu félagi telst slitið. Skaðabóta- og viðurlagaákvæði þykja duga til að sporna við aðgerðarleysi með tilliti til tilkynningar um samrunann.

Um 129. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. j í hfl.

Um 130. gr.

Þessi grein samsvarar fyrirhugaðri 126. gr. k í hfl.

Um 131. gr.

Þessi grein samsvarar 128. gr. hfl. og felur í sér innlausnarrétt til handa hluthöfum sem lenda í minni hluta vegna samrunans. Í þessu sambandi má einnig benda á innlausnarrétt skv. 20. gr. hfl. þegar samþykki félags er áskilið til framsals á hlutum og 131. gr. hfl. varðandi innlausnarrétt og innlausnarskyldu í samstæðum hlutafélaga, svo og 107. gr. hfl. um innlausn á grundvelli dóms. Jafnframt vísast til 3. mgr. 15. gr., 16.–18. gr. og 106. gr. frumvarps þessa.

Um 132. gr.

Þessi grein geymir nauðsynleg ákvæði um breytingu eignarhlutafélags í hlutafélag.

Um XVI. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XVI. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt.

Um 133. gr.

Þessi grein samsvarar 132. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Vakin er athygli á því að í 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er tekið upp ákvæði um bótaskyldu hluthafa gagnvart félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila og er það byggt á dönsku lögunum um eignarhlutafélög. Ásetningur þarf að liggja til grundvallar eða stórfellt gáleysi. Gáleysi eitt og sér nægir ekki. Eru því gerðar vægari kröfur varðandi bótaskyldu hluthafa en þeirra tilteknu aðila sem starfa fyrir félagið og taldir eru í 1. mgr. Gert er ráð fyrir að samsvarandi ákvæði verði í hlutafélagalögunum.

Um 134. gr.

Þessi grein samsvarar 133. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 135. gr.

Þessi grein samsvarar 134. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um XVII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XVII. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Þó getur hlutafélagaskrá veitt undanþágu frá því að senda þurfi skránni ársreikninga aðalfélags og útibús þegar um eignarhlutafélög er að ræða. Með hliðsjón af EES-samningnum eru m.a. gerðar breytingar varðandi heimilisfesti.

Fyrirsögn kaflans er „Útibú erlendra eignarhlutafélaga“ með hliðsjón af fyrirhugaðri breytingu í hlutafélagalögunum. Ákvæðin fjalla eingöngu um útibú erlendra félaga en félögin geta stundað starfsemi hér á landi í öðru formi en sem útibú, þ.e. sem sjálfstæð íslensk dótturfélög eða á grundvelli eignarhluta í íslenskum fyrirtækjum, allt með þeim takmörkunum sem gilda, sbr. t.d. bann í fjárfestingarlögum við erlendri fjárfestingu í útgerð hér á landi en slíkt bann er heimilt samkvæmt EES-samningnum.

Um 136. gr.

Þessi grein samsvarar 135. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Gerðar eru breytingar m.a. með hliðsjón af EES-samningnum, einkum 1. og 7. gr. 11. félagaréttartilskipunar EB, svo og með hliðsjón af samsvarandi grein danskra laga um eignarhlutafélög. Gerður er greinarmunur á því hvort um er að ræða útibú eignarhlutafélaga í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða öðrum ríkjum.

Í 2. mgr. felst sú breyting að ekki þarf að setja skilyrði um gagnkvæmni, þ.e. ráðherra kann að telja rétt að heimila erlendu félagi, sem á heimili utan Evrópska efnahagssvæðisins, að fjárfesta hér á landi í formi útibús án þess að íslensk félög njóti samsvarandi réttar í heimalandi erlenda félagsins. Efnisrök geta mælt með því og er enda gert ráð fyrir breytingu á fjárfestingarlögunum í þessa átt.

Um 137. gr.

Þessi grein samsvarar 136. gr. hfl.

Um 138. gr.

Þessi grein samsvarar 137. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Snertir hún heiti útibús og felur í sér nokkra einföldun. Taka má sérstaklega fram að gefa þarf þjóðerni félagsins til kynna í nafninu. Sé augljóst af nafninu hvert þjóðernið er þarf þó ekki að taka þetta fram berum orðum.

Um 139. gr.

Þessi grein samsvarar 138. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt með hliðsjón af EES-samningnum.

Fellt yrði niður það skilyrði að útibússtjóri skuli vera íslenskur ríkisborgari en skilyrðið er undanþægt. Til samanburðar má nefna að skv. 1. mgr. 50. gr. hfl. hefur ekki verið áskilið að framkvæmdastjórar væru íslenskir ríkisborgarar.

Um heimilisfesti er vísað til ákvæða um framkvæmdastjóra. Þá er sérstaklega haft í huga að ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, sem þar eru búsettir, þurfa ekki að uppfylla búsetuskilyrði hér á landi.

Um 140. gr.

Þessi grein samsvarar 139. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Er um einföldun ákvæða að ræða frá því sem er. Gert er ráð fyrir því að um tilkynningar til hlutafélagaskrár um stofnun útibúa erlendra eignarhlutafélaga fari eftir reglum sem ráðherra setur í stað þess að í lögum sé fjallað um eyðublað og ýmis atriði sem skulu koma fram á því.

Í 3. mgr. er ákvæði um að útibú megi ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð. Slíkt er í samræmi við ákvæði 5. tölul. 135. gr. hfl. en í honum felst að ráðherra geti veitt erlendu hlutafélagi rétt til að starfa hér á landi ef það hefur hér skrásett útibú.

Um 141. gr.

Þessi grein samsvarar 140. gr. hfl. Þó er skotið hér inn ákvæði um að hlutafélagaskrá geti veitt undanþágu frá því að senda þurfi skránni ársreikninga aðalfélags og útibús.

Um 142. gr.

Þessi grein samsvarar 141. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 143. gr.

Þessi grein samsvarar 142. gr. hfl., eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt, og varðar það hvenær afmá skuli útibú úr hlutafélagaskrá. Í 4. tölul. er sú ástæða greind að hið erlenda félag hafi verið afmáð úr skrá erlendis. Þá er í 5. tölul. greind sú ástæða að útibúið fullnægi ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér. Samsvarandi skilyrði er í 135. gr. hfl. og er í fullu gildi áfram þrátt fyrir EES-samninginn. Einkum er hér haft í huga ef upp kæmi að útibú hefði hafið rekstur sem óheimill væri samkvæmt ákvæðum fjárfestingarlaga, t.d. í útgerð hér á landi. Það svið m.a. er undanþegið ákvæðum EES-samningsins um staðfesturétt (atvinnurekstrarrétt).

Um 144. gr.

Þessi grein samsvarar 143. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 145. gr.

Þessi grein samsvarar 144. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Þó er bætt við að útibússtjóri beri ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibúsins fyrir skrásetningu þess, sbr. 3. mgr. 140. gr. frumvarpsins.

Um XVIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XVIII. kafla hfl. eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt. Ákvæðin um birtingu í Lögbirtingablaði eru þó ekki eins ítarleg varðandi eignarhlutafélög og hlutafélög.

Um 146. gr.

Þessi grein samsvarar 145. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Þar er m.a. tekið fram að hlutafélagaskrá annist skráningu félaga, eins og verið hefur í reynd, en ekki ráðherra. Ákveða á sektir fyrir brot á reglum er ráðherra setur svipað og gert er í dönsku hlutafélagalöggjöfinni. Þá er gert ráð fyrir almennum aðgangi að skránni eins og gert er varðandi hlutafélög. Þá er og veittur almennur aðgangur að ársreikningum þeirra eignarhlutafélaga sem skulu skila reikningunum til hlutafélagaskrár. Gert er ráð fyrir því að ákveðið sé í lögum um aukatekjur ríkissjóðs hvaða gjöld skuli greiða vegna stofnunar eignarhlutafélaga og aukatilkynninga.

Um 147. gr.

Þessi grein samsvarar 146. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Í 1. mgr. er þó bætt við að í tilkynningu um stofnun eignarhlutafélags skuli greina hvort hluthafar séu einn eða fleiri. Sé hluthafi einn eða verði einn skal skrá deili á honum. Ákvæði þetta tekur mið af 3. gr. 12. félagaréttartilskipunar EB um eignarhlutafélög eins aðila. Getur skipt máli fyrir viðsemjendur að vita að þeir séu að skipta við eignarhlutafélag eins aðila. Séu hluthafarnir fleiri en einn nægir að taka fram að svo sé en ekki þarf að tilgreina fjölda þeirra nákvæmlega.

Um 148. gr.

Þessi grein samsvarar 147. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 149. gr.

Þessi grein samsvarar 148. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 150. gr.

Þessi grein samsvarar 149. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt en er þó styttri. Ekki þykir ástæða til að hafa ákvæðin eins ítarleg hér þar eð íslenskum stjórnvöldum er skv. 4. tölul. 3. gr. 1. félagaréttartilskipunar EB í sjálfsvald sett hvernig birtingu í Lögbirtingablaði er háttað nema annað sé tekið fram.

Um XIX. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XIX. kafla laga um hlutafélög eins og gert er ráð fyrir að honum verði breytt en eru þó með færri refsiákvæðum varðandi eignarhlutafélög vegna ráðgerðs mismunar á þeim lögum og hlutafélagalögunum.

Um 151. gr.

Þessi grein samsvarar 150. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt.

Um 152. gr.

Þessi grein samsvarar 151. gr. hfl. eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt. Í 1. tölul. er þó fellt niður eitt atriði þar eð ekki er gert ráð fyrir að í eignarhlutafélögum verði um að ræða opinber boð um þátttöku í stofnun félaga eða útboð hluta eins og í hlutafélögum. Í 2. tölul. er ekki vísað í atriði varðandi öflun vissra fjárhagsverðmæta þar eð ekki er um slíkt ákvæði að ræða í lögunum um eignarhlutafélög. Í töluliðnum er heldur ekki gert ráð fyrir refsingu vegna vísvitandi brota á ákvæðum um hlutabréf eða bráðabirgðaskírteini þar eð ekki er gert ráð fyrir slíkum bréfum eða skírteinum í lögum um eignarhlutafélög heldur hlutaskírteinum sem ekki þykir þó ástæða til að hafa refsiákvæði um. Þá er í töluliðnum ekki tekið með refsiákvæði varðandi boðun til hluthafafundar ef helmingur hlutafjár tapast þar eð slíkt ákvæði er ekki að finna í lögunum um eignarhlutafélög. Í báðum lögunum er gert ráð fyrir að við bætist tilvísun í ákvæði um greiðslu hlutafjár og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess.

Um 153. gr.

Þessi grein samsvarar 152. gr. hfl.

Um 154. gr.

Þessi grein samsvarar 153. gr. hfl.

Um 155. gr.

Þessi grein samsvarar 154. gr. hfl.

Um 156. gr.

Þessi grein samsvarar 155. gr. hfl.

Um XX. kafla.

Athugun er vakin á athugasemd við 159. gr. um samlagshlutafélög.

Um 157. gr.

Þessi grein fjallar um gildistöku laganna. Jafnframt er þar vísað til ákvæða til bráðabirgða I og II í lögunum um hlutafélög eins og gert er ráð fyrir að þau verði. Þau ákvæði snerta umskráningu hlutafélaga í eignarhlutafélög, annaðhvort að ósk þeirra eða án nokkurra aðgerða af þeirra hálfu. Séu vissar aðgerðir hafnar í hlutafélögum en þeim ekki lokið, t.d. hækkun eða lækkun hlutafjár eða skilanefndarmeðferð, er gert ráð fyrir að um framhaldið fari eftir lögum um eignarhlutafélög þegar hlutafélögin hafa breyst í slík félög. Hlutabréf í hlutafélögum, sem kunna að hafa verið viðskiptabréf, verða ógild samkvæmt lögunum um eignarhlutafélög enda er þar ekki gert ráð fyrir að um hlutabréf sé að ræða heldur skráningu í hlutaskrá eða jafnvel útgáfu hlutaskírteina til marks um hlutafjáreign. Hlutaskírteinin eru ekki viðskiptabréf.

Um 158. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það að í lögum, sem öðlast hafa gildi fyrir gildistöku laga þessara, beri að líta svo á að hlutafélög taki einnig til eignarhlutafélaga samkvæmt lögum þessum. Undantekning er gerð varðandi banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, svo og vátryggingafélög, sem geta aðeins stundað starfsemi sem hlutafélög.

Um 159. gr.

Þessi grein, sem fjallar um samlagshlutafélög, tekur m.a. mið af 1. félagaréttartilskipun EBE og dönsk löggjöf er höfð til hliðsjónar.

Samlagsfélag er félag þar sem sumir félagsmenn bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir einungis með því fé sem þeir láta af hendi rakna til félagsins samkvæmt félagssamningi. Þeir sem bera aðeins takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins taka venjulega engan þátt í stjórn þess nema svo sé sérstaklega fyrir mælt í félagssamningi.

Samlagshlutafélag er ein tegund samlagsfélaga þar sem framlög þeirra félagsmanna, sem bera takmarkaða ábyrgð, felst í hlutafjárframlögum þeirra og mynda þau hlutafé í félaginu. Er þá unnt að búa svo um hnútana í félagssamningi að samlagshlutafélag líkist hlutafélagi að öllu leyti nema því að einn eða fleiri bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á félagsskuldbindingum. Við þessar aðstæður þykir eðlilegt að gætt sé vissra meginreglna í fyrirhuguðum lögum um eignarhlutafélög sem einkum koma fram í III.–VII. og XIII. kafla en að teknu tilliti til þeirra sérreglna sem gilda um samlagsfélagið.

Um 160. gr.

Í þessari grein felst heimild til setningar reglugerðar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eignarhlutafélög.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða tveim öðrum frumvörpum, frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum og frumvarpi til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

Með frumvarpi þessu er áformað að setja sérstök lög um minni hlutafélög, þau sem hafa minnst 500.000 krónur í hlutafé. Eru þau sérstaklega sniðin fyrir félög sem eru í eigu fárra aðila en starfa með takmarkaðri ábyrgð.

Hvað varðar kostnað ríkissjóðs af frumvarpi þessu, verði það að lögum, gildir hið sama og um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum að fara verður fram endurskoðun á hlutafélagaskránni. Í kostnaðarumsögn með því frumvarpi er talið að aukakostnaður hlutafélagaskrár geti numið 0,5–1 m.kr. af þessum sökum og er þá átt við aukakostnað er leiðir af samþykkt beggja frumvarpanna. Vart er talið að sá kostnaður falli allur til á árinu 1994 og er ekki gert ráð fyrir honum í fjárlagafrumvarpi fyrir það ár.

641. Frumvarp til laga [429. mál]

um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Ákvæði reglugerðar ráðs EBE nr. 2137/85 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (efjh.) skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með áorðnum breytingum, þar sem bókunin er lögfest.

Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Ólögráða einstaklingar og þeir sem hafa farið fram á greiðslustöðvun eða hafa bú sitt undir gjaldþrotaskiptum geta ekki verið aðilar að evrópskum fjárhagslegum hagsmunafélögum.

Ráðherra getur með hliðsjón af almannahagsmunum ákveðið að vissir flokkar einstaklinga eða lögaðila geti ekki eða geti aðeins að takmörkuðu leyti átt aðild að hagsmunafélögunum.

3. gr.

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög mega ekki stunda þá starfsemi sem aðeins einstaklingar mega að lögum stunda.

4. gr.

Firmaskrá getur farið þess á leit við héraðsdóm að hagsmunafélagi verði slitið ef félagið hefur ekki þá stjórn sem kveðið er á um í framangreindri reglugerð ráðs EBE eða stofnsamningi félagsins enda sé ekki ráðin bót á þeim ágalla fyrir lok frests er firmaskrá setur.

Firmaskrá getur einnig farið þess á leit við héraðsdóm að hagsmunafélagi verði slitið ef ákvæði 1. mgr. 2. gr. eiga við.

5. gr.

Ákvæðin um skilanefndarmeðferð í XIV. kafla laga um hlutafélög gilda einnig um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög eftir því sem við á.

6. gr.

Um gjald fyrir skráningu hagsmunafélaga, svo og birtingargjöld o.fl., fer eftir þeim ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs er varða erlend félög.

7. gr.

Sé eigi kveðið á um strangari refsingu í lögum skal beitt sekt við brotum á 7., 8., 10. eða 25. gr. í framangreindri reglugerð ráðs EBE.

Sé brot framið af hlutafélagi, eignarhlutafélagi, samvinnufélagi eða öðrum lögaðila má sekta viðkomandi aðila sem slíkan.

8. gr.

Ef stjórnandi, skilanefndarmaður eða aðili að hagsmunafélagi uppfyllir ekki í tæka tíð skyldur sínar á grundvelli laga þessara eða reglugerðar á grundvelli þeirra getur firmaskrá beitt dagsektum.

9. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Í reglugerðinni má ákveða sektir vegna brota á ákvæðum hennar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 2137/85
frá 25. júlí 1985
um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (efjh.)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar [1],

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins [2],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [3],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samræmd þróun atvinnulífsins og stöðugur og jafn vöxtur hvarvetna í bandalaginu er háður því að komið verði á sameiginlegum markaði er starfi hnökralaust þar sem aðstæður eru sambærilegar við þær sem ríkja á innanlandsmarkaði. Til að koma þeim markaði á og styrkja einingu hans er rétt að setja lagalegan ramma til að auðvelda einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum að laga starfsemi sína að efnahagslegum aðstæðum bandalagsins. Því er nauðsynlegt að gera þeim einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum kleift að eiga með sér virkt samstarf án tillits til landamæra.

Við slíkt samstarf geta komið upp erfiðleikar af lagalegum, skattalegum og sálfræðilegum toga. Þar eð það myndi stuðla að því að ofangreindum markmiðum yrði náð er nauðsynlegt að setja viðeigandi lagareglur á vettvangi bandalagsins um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

[1]) Stjtíð. EB nr. C 14, 15.2. 1974, bls. 30, og Stjtíð. EB nr. C 103, 28.4. 1978, bls. 4.
[2]) Stjtíð. EB nr. C 163, 11.7. 1977, bls. 17.
[3]) Stjtíð. EB nr. C 108, 15.5. 1975, bls. 46.

Sáttmálinn veitir ekki nauðsynlegar heimildir til að setja slíkar reglur.

Tryggja verður að hagsmunafélag geti lagað sig að efnahagslegum aðstæðum með því að veita félagsaðilum verulegt frelsi í samningsgerð og innbyrðis skipulagi.

Hagsmunafélag er einkum frábrugðið fyrirtæki eða félagi að því er varðar tilgang þess sem er aðeins að greiða fyrir eða þróa þá atvinnustarfsemi, sem félagsaðilar stunda, til að gera þeim kleift að auka afrakstur sinn. Starfsemi hagsmunafélags verður, með tilliti til þess að hún er í eðli sínu viðbótarstarfsemi, að tengjast atvinnurekstri þeirra sem aðild eiga að því án þess að koma í stað hans; að því marki má hagsmunafélag t.d. ekki stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi gagnvart þriðja aðila og er þá hugtakið atvinnustarfsemi túlkað í víðustu merkingu.

Um leið og gætt er markmiða reglugerðar þessarar verður að veita einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum sem greiðastan aðgang að hagsmunafélögum. Reglugerð þessi má þó ekki standa í vegi fyrir því að í einstökum löndum sé beitt laga- eða siðareglum um skilyrði þess að mega reka atvinnufyrirtæki og stunda sérfræðistörf.

Reglugerð þessi ein sér veitir engum rétt til aðildar að hagsmunafélagi, jafnvel þegar skilyrðum hennar er fullnægt.

Þær heimildir sem reglugerð þessi veitir til að banna eða takmarka þátttöku í hagsmunafélögum af ástæðum, sem varða almannahag, hafa ekki áhrif á lög aðildarríkja sem gilda um atvinnustarfsemi og kunna að kveða á um frekari bönn eða takmarkanir eða um stjórn eða eftirlit með þátttöku í hagsmunafélögum af hálfu einstaklinga, félaga, fyrirtækja og annarra lögaðila eða einhverra flokka þeirra.

Til að gera hagsmunafélögum kleift að ná tilgangi sínum ber að veita þeim gerhæfi og kveða ber á um að stofnun, aðskilin að lögum frá félagsaðilum, komi fram fyrir hönd þeirra gagnvart þriðja aðila.

Með tilliti til verndar þriðja aðila er þörf á að sem almennast sé kunnugt um slík hagsmunafélög. Aðilar að hagsmunafélagi bera fulla og óskipta ábyrgð á skuldum þess og öðrum kröfum á hendur því, þ. á m. þeim sem lúta að sköttum og almannatryggingum, án þess þó að sú regla hafi áhrif á réttinn til að fella niður eða takmarka ábyrgð eins eða fleiri félagsaðila á tiltekinni skuld eða annarri kröfu með sérstökum samningi milli hagsmunafélags og þriðja aðila.

Réttarstaða og gerhæfi einstaklinga og gerhæfi lögaðila heyra undir lög hvers lands fyrir sig.

Þær reglur, sem sérstaklega fjalla um það er slíku hagsmunafélagi er slitið, skulu vera skýrar en vísa þó til landslaga hvað snertir skiptameðferð og lok skiptameðferðar.

Hagsmunafélag er háð landslögum um greiðsluþrot og greiðslustöðvun auk þess sem þar kann að vera kveðið á um aðrar ástæður til slita á þeim.

Í reglugerð þessari er kveðið á um að aðeins megi skattleggja hagnað eða tap af starfsemi hagsmunafélags hjá félagsaðilum. Gilda því að öðru leyti skattalög hinna einstöku ríkja, einkum um skiptingu hagnaðar, skattalegar meðferðarreglur og allar skyldur sem lagðar eru á með skattalögum einstakra ríkja.

Hvað varðar málefni, sem reglugerð þessi tekur ekki til, gilda lög aðildarríkjanna og bandalagsins, t.d. um eftirfarandi:

— félagsmál og vinnumarkaðsrétt,
— samkeppnisrétt,
— hugverkarétt.

Starfsemi hagsmunafélaga heyrir undir lög aðildarríkja um atvinnurekstur og eftirlit með honum. Ef hagsmunafélag eða aðilar að því brjóta lög aðildarríkis eða fara í kringum þau getur aðildarríkið beitt hæfilegum viðurlögum.

Aðildarríkjum er frjálst að beita eða setja hvaða lög eða stjórnsýslufyrirmæli sem vera skal ef þau eru ekki í ósamræmi við gildissvið eða tilgang reglugerðar þessarar.

Veita verður reglugerð þessari gildi þegar í stað í heild sinni. Engu að síður verður að fresta framkvæmd nokkurra ákvæða svo að aðildarríki geti fyrst komið á viðeigandi tilhögun til skráningar á hagsmunafélögum á yfirráðasvæði sínu og til birtingar á ákveðnum atriðum sem þau varða. Frá því að reglugerð þessi kemur til framkvæmda geta hagsmunafélög, sem þegar eru stofnuð, starfað án landfræðilegra takmarkana.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Evrópskt fjárhagslegt hagsmunafélag skal stofnað með þeim skilyrðum, á þann hátt og með þeim áhrifum sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

Þeir aðilar, sem hyggjast mynda með sér

hagsmunafélag, verða því að gera með sér samning og láta fara fram skráningu þá sem kveðið er á um í 6. gr.

2. Hagsmunafélag, sem þannig er myndað, er frá skráningu þess samkvæmt 6. gr. bært til að eiga réttindi og bera skyldur af hvaða tagi sem er í eigin nafni, til að gera samninga og aðra löggerninga og til sóknar eða varnar fyrir dómi.

3. Aðildarríki skulu kveða á um hvort hagsmunafélög, sem skráð eru hjá skrám þeirra samkvæmt 6. gr., hafi réttarstöðu lögaðila eða ekki.

2. gr.

1. Sé ekki kveðið á um annað í reglugerð þessari gilda, annars vegar um stofnsamning hagsmunafélags, að öðru leyti en hvað snertir réttarstöðu og gerhæfi einstaklinga og gerhæfi félaga, og hins vegar um skipulag hagsmunafélagsins, landslög þess ríkis þar sem hagsmunafélagið á heimili sitt samkvæmt stofnsamningnum.

2. Ef í ríki eru margar landfræðilegar einingar og hver þeirra hefur eigin lagareglur um þau efni sem fjallað er um í 1. mgr. skal líta svo á að hver landfræðileg eining sé ríki þegar finna skal þau lög sem gilda samkvæmt þessari grein.

3. gr.

1. Tilgangur hagsmunafélags er að greiða fyrir og þróa þá atvinnustarfsemi, sem aðilar að því stunda, og bæta eða auka árangur þeirrar starfsemi en ekki afla því sjálfu hagnaðar.

Starfsemi þess skal tengjast atvinnustarfsemi félagsaðila en hún getur aðeins falið í sér viðbót við þá starfsemi.

2. Hagsmunafélög mega því ekki:

a) beint eða óbeint stjórna eða hafa yfirumsjón með eigin starfsemi félagsaðila eða starfsemi annars fyrirtækis, svo sem á sviði starfsmannamála, fjármála eða fjárfestingar;
b) með einum eða öðrum hætti, beint eða óbeint, eiga hluti af hvaða tagi sem er í aðildarfyrirtæki og mega þau aðeins eiga hluti í öðrum fyrirtækjum að því marki sem nauðsynlegt er til að ná markmiðum hagsmunafélagsins enda sé það gert fyrir hönd félagsaðila;
c) hafa fleiri en 500 starfsmenn í þjónustu sinni;
d) vera notuð af félagi til að veita stjórnarmanni eða einhverjum einstaklingi, tengdum honum, lán, ef lánveitingin er takmörkuð eða háð eftirliti samkvæmt lögum aðildarríkja um félög. Ekki má heldur nota hagsmunafélag til yfirfærslu á eignum milli félags og stjórnarmanns eða einstaklings, sem er tengdur honum, nema að því leyti sem lög aðildarríkja um félög heimila. Það telst lánveiting í skilningi þessa ákvæðis ef viðskipti eða ráðstafanir með samsvarandi áhrifum eiga sér stað og eignir merkja jafnt lausafé sem fasteignir;
e) eiga aðild að öðrum evrópskum fjárhagslegum hagsmunafélögum.

4. gr.

1. Aðilar að hagsmunafélagi geta aðeins verið eftirtaldir:

a) félög eða fyrirtæki í skilningi 2. mgr. 58. gr. sáttmálans og aðrir lögaðilar sem lúta allsherjarrétti eða einkamálarétti og stofnaðir hafa verið samkvæmt lögum aðildarríkis og hafa skráð heimili sitt eða lögheimili og aðalstöðvar í bandalaginu en leggi lög aðildarríkis ekki þá skyldu á félag, fyrirtæki eða annan lögaðila að hafa skráð heimili eða lögheimili nægir að aðalstöðvarnar séu í bandalaginu;
b) einstaklingar sem stunda iðnað, verslun, handiðn eða landbúnaðarstörf í bandalaginu eða veita þar sérfræðiþjónustu eða aðra þjónustu.

2. Hagsmunafélag mynda ekki færri en:

a) tvö félög, fyrirtæki eða aðrir lögaðilar í skilningi 1. mgr. sem hafa aðalstöðvar sínar í mismunandi aðildarríkjum; eða
b) tveir einstaklingar í skilningi 1. mgr. sem aðallega stunda starfsemi sína í mismunandi aðildarríkjum; eða
c) félag, fyrirtæki eða annar lögaðili í skilningi 1. mgr. og einstaklingur ef fyrrgreindi félagsaðilinn hefur aðalstöðvar sínar í einu aðildarríki og hinn síðargreindi starfar aðallega í öðru aðildarríki.

3. Aðildarríki getur kveðið svo á að aðilar að hagsmunafélagi, sem skráð er hjá skrá þess samkvæmt 6. gr., megi ekki vera fleiri en tuttugu. Í því skyni getur aðildarríki kveðið svo á að farið skuli með hvern einstakan aðila að lögaðila, sem myndaður er samkvæmt lögum þess, annan en skráð félag, sem sérstakan aðila að hagsmunafélagi.

4. Hvert aðildarríki getur vegna almannahagsmuna sinna bannað eða takmarkað þátttöku ákveðinna flokka einstaklinga, félaga, fyrirtækja eða annarra lögaðila í hagsmunafélögum.

5. gr.

Í stofnsamningi hagsmunafélags skal a.m.k. tilgreina:

a) nafn hagsmunafélagsins þar sem á undan fara eða á eftir koma annaðhvort orðin „evrópskt fjárhagslegt hagsmunafélag“ eða skammstöfunin „efjh.“ ef orðin eða upphafsstafir þeirra mynda ekki þegar hluta nafnsins;
b) heimili hagsmunafélagsins;
c) tilgang hagsmunafélagsins;
d) nafn, firmanafn, rekstrarform og varanlegt aðsetur eða skráða skrifstofu sérhvers aðila að hagsmunafélaginu, svo og skráningarnúmer hans og skráningarstað ef um það er að ræða;
e) til hve langs tíma hagsmunafélagið skal starfa nema starfstíminn sé ótakmarkaður.

6. gr.

Hagsmunafélag skal skráð í því ríki þar sem það á heimili sitt, hjá þeirri skrá sem tilgreind er samkvæmt 1. mgr. 39. gr.

7. gr.

Stofnsamningur hagsmunafélags skal afhentur þeirri skrá til varðveislu sem fjallað er um í 6. gr.

Enn fremur skal afhenda skránni eftirgreind skjöl og tilkynna eftirfarandi:

a) breytingar sem gerðar eru á stofnsamningi hagsmunafélags, þ. á m. breytingar á samsetningu þess;
b) opnun eða lokun starfsstöðvar á vegum hagsmunafélags;
c) ákvörðun dómara um ógildingu hagsmunafélags samkvæmt 15. gr.;
d) skipun eins eða fleiri framkvæmdastjóra hagsmunafélags, nöfn þeirra og önnur deili sem segja skal á þeim samkvæmt lögum þess aðildarríkis þar sem skráin er færð, tilkynning um að þeir geti komið fram einir sér eða verði að koma fram sameiginlega og hvenær starfstíma framkvæmdastjóra lýkur;
e) framsal félagsaðila á hlutdeild hans í hagsmunafélagi að öllu leyti eða að hluta til samkvæmt 1. mgr. 22. gr.;
f) ákvörðun félagsaðila samkvæmt 31. gr. um að hagsmunafélagi skuli slitið eða því sé slitið og ákvörðun dómara samkvæmt 31. eða 32. gr. um að því skuli slitið;
g) skipun þess eða þeirra er stýra skiptameðferð fjárhagslegs hagsmunafélags, sbr. 7. gr., nöfn þeirra og öll önnur deili, sem krafist er í lögum þess aðildarríkis þar sem skráin er haldin, og lok skipunartíma þess eða þeirra sem stýra skiptameðferð;
h) lok skiptameðferðar á fjárhagslegu hagsmunafélagi, sbr. 2. mgr. 35. gr.;
i) tillögu um flutning á heimili hagsmunafélags, sbr. 1. mgr. 14. gr.;
j) ákvæði samkvæmt 2. mgr. 26. gr. um að nýr félagsaðili sé undanþeginn ábyrgð á skuldum og öðrum kröfum sem til hafa orðið áður en hann gerðist aðili að hagsmunafélaginu.

8. gr.

Á þann hátt sem í 39. gr. segir skal eftirfarandi birt í blaði því sem tilgreint er í 1. mgr. þeirrar greinar:

a) þær upplýsingar, sem tilgreina skal samkvæmt 5. gr. í stofnsamningi fjárhagslegs hagsmunafélags, og allar breytingar á þeim;
b) skráningarnúmer, skráningardagur og skráningarstaður, svo og tilkynning um afskráningu;
c) skjöl og upplýsingar sem fjallað er um í 7. gr. b–j.

Þær upplýsingar, sem fjallað er um í a- og b-lið, skal birta í heild. Skjöl og upplýsingar samkvæmt c-lið má birta annaðhvort í heild eða í formi útdráttar eða með vísun til þeirra í skránni eftir því sem mælt kann að vera fyrir um í þeim landslögum sem við eiga.

9. gr.

1. Hagsmunafélög geta byggt rétt gagnvart þriðja aðila á þeim skjölum og upplýsingum sem birta skal samkvæmt reglugerð þessari, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í landslögum er um það gilda samkvæmt 5. og 7. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins nr. 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi 2. mgr. 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra [1]).

2. Nú hefur starfsemi verið stunduð á vegum fjárhagslegs hagsmunafélags fyrir skráningu

1) Stj.tíð EB nr. L 65, 14.3. 1968, bls. 8.

þess samkvæmt 6. gr. og það gengst ekki eftir skráninguna við skuldbindingum sem eiga rætur að rekja til hennar og bera þá þeir einstaklingar, félög, fyrirtæki aðrir lögaðilar, sem stunduðu starfsemina, fulla og óskipta ábyrgð á skuldbindingunum.

10. gr.

Ef hagsmunafélag hefur starfsstöð í öðru aðildarríki en því sem heimili þess er í skal skrá hana þar. Skal hagsmunafélagið í þeim tilgangi afhenda viðeigandi skrá í því aðildarríki afrit þeirra skjala til varðveislu sem skylt er að afhenda skrá í því aðildarríki þar sem heimili þess er og láta, ef þörf krefur, fylgja þýðingu er samræmist starfsvenjum þeirrar skrár þar sem starfsstöðin er skráð.

11. gr.

Tilkynning um að hagsmunafélag hafi verið stofnað eða skiptameðferð á félaginu sé lokið, þar sem tilgreint er skráningarnúmer, skráningardagur og skráningarstaður, svo og útgáfudagur, útgáfustaður og titill birtingarrits, skal sett í *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins* eftir að hún hefur verið birt í blaði því sem fjallað er um í 1. mgr. 39. gr.

12. gr.

Heimili hagsmunafélags, sem tilgreint er í stofnsamningi þess, skal vera í bandalaginu.

Ákveðið skal að heimilið sé annaðhvort:

a) þar sem aðalstöðvar hagsmunafélagsins eru; eða
b) þar sem einhver félagsaðili hefur aðalstöðvar sínar eða, ef um einstakling er að ræða, þar sem hann starfar aðallega enda stundi hagsmunafélagið starfsemi þar.

13. gr.

Flytja má heimili hagsmunafélags til innan bandalagsins.

Þegar flutningur hefur ekki í för með sér breytingu á því hvaða lög gilda samkvæmt 2. gr. skal ákvörðun um hann tekin með þeim hætti sem kveðið er á um í stofnsamningi hagsmunafélagsins.

14. gr.

1. Þegar flutningur heimilis hefur í för með sér breytingu á því hvaða lög gilda samkvæmt 2. gr. skal semja flutningstillögu, afhenda hana til varðveislu og birta hana með þeim hætti sem kveðið er á um í 7. og 8. gr.

Ekki má ákveða flutning í tvo mánuði eftir að tillagan hefur verið birt. Slík ákvörðun verður aðeins tekin af öllum félagsaðilum samhljóða. Flutningur öðlast gildi á þeim degi er hagsmunafélagið er skráð samkvæmt 6. gr. hjá skrá hins nýja heimilis. Má sú skráning ekki fara fram fyrr en sýnt hefur verið fram á að tillaga um flutning á heimili hafi verið birt.

2. Ekki má afskrá hagsmunafélag hjá skrá hins gamla heimilis fyrr en sýnt hefur verið fram á að það hafi verið skráð hjá skrá hins nýja heimilis.

3. Er ný skráning hagsmunafélags hefur verið birt má með þeim hætti, sem í 1. mgr. 9. gr. segir, byggja rétt á því gagnvart þriðja aðila að heimili hagsmunafélagsins sé hið nýja heimili en meðan afskráning hjá skrá hins gamla heimilis hefur ekki verið birt getur þriðji aðili þó enn borið það fyrir sig að heimili þess sé hið fyrra heimili nema hagsmunafélagið sanni að honum hafi verið kunnugt um nýja heimilið.

4. Í lögum aðildarríkis má kveða svo á að flutningur á heimili, sem leiða myndi til breytingar á því hvaða lög gilda, öðlist ekki gildi gagnvart hagsmunafélagi sem skráð er í því aðildarríki samkvæmt 6. gr. ef því er mótmælt af þar til bæru yfirvaldi innan þess tveggja mánaða frests sem um getur í 1. mgr. Slík mótmæli verða aðeins sett fram á þeim forsendum að almannahagur krefjist. Gefa verður kost á endurskoðun fyrir rétti.

15. gr.

1. Þegar lög þau sem gilda um hagsmunafélag samkvæmt 2. gr. gera ráð fyrir ógildingu þess verður að kveða á um ógildingu í dómi. Ef unnt er að bæta úr þeim ágöllum sem eru á málefnum hagsmunafélags skal dómur, sem málið er lagt fyrir, þó veita til þess nauðsynlegan frest.

2. Ógilding hagsmunafélags leiðir til skiptameðferðar á því í samræmi við fyrirmæli 35. gr.

3. Byggja má rétt gagnvart þriðja aðila á dómsúrlausn um ógildingu með þeim hætti sem í 1. mgr. 9. gr. segir.

Sú úrlausn hefur sem slík ekki áhrif á gildi skuldbindinga sem hagsmunafélag hefur gengist undir eða gengist hefur verið undir gagnvart því ef þær hafa orðið til áður en byggja mátti rétt á þeim gagnvart þriðja aðila með þeim hætti sem í undanfarandi undirgrein segir.

16. gr.

1. Stofnanir hagsmunafélags eru aðilar þess, þegar þeir koma fram sem ein heild, svo og framkvæmdastjóri þess eða framkvæmdastjórar.

Í samningi um stofnun hagsmunafélags má kveða á um aðrar stofnanir og, sé það gert, skal valdsvið þeirra ákvarðað.

2. Aðilar að hagsmunafélagi geta, er þeir koma fram sem ein heild, tekið hvaða ákvörðun sem er til að ná markmiðum þess.

17. gr.

1. Hver félagsaðili hefur eitt atkvæði. Í stofnsamningi hagsmunafélags má þó veita tilteknum félagsaðilum fleiri atkvæði en eitt enda hafi enginn einn þeirra yfir meirihluta atkvæða að ráða.

2. Samhljóða ákvörðunar félagsaðila er krafist til að:

a) breyta tilgangi hagsmunafélags;
b) breyta atkvæðafjölda hvers félagsaðila;
c) breyta skilyrðum fyrir ákvarðanatöku;
d) lengja starfstíma hagsmunafélags fram yfir það sem ákveðið hefur verið í stofnsamningi þess;
e) breyta fjárframlagi félagsaðila, allra eða sumra, til hagsmunafélags;
f) breyta einhverri annarri skuldbindingu félagsaðila nema heimild sé til annars í stofnsamningi hagsmunafélagsins;
g) gera einhverja aðra breytingu á stofnsamningi hagsmunafélagsins, sem ekki er fjallað um í þessari málsgrein, nema samningurinn kveði á um annað.

3. Þar sem ekki er kveðið svo á í reglugerð þessari að ákvarðanir skuli teknar samhljóða má í stofnsamningi hagsmunafélags setja reglur um ályktunarhæfi og meirihluta sem krafist er til að ákvarðanir, eða sumar ákvarðanir, megi taka. Kveði samningur ekki á um annað skulu ákvarðanir teknar samhljóða.

4. Að frumkvæði framkvæmdastjóra eða beiðni félagsaðila skal framkvæmdastjóri, einn eða með öðrum framkvæmdastjórum, skipuleggja samráðsfundi með félagsaðilum svo að þeir geti tekið ákvarðanir sínar.

18. gr.

Hver félagsaðili á rétt á að fá upplýsingar um starfsemi hagsmunafélags síns frá framkvæmdastjóra þess eða framkvæmdastjórum og á að athuga bókhald þess og bókhaldsgögn.

19. gr.

1. Framkvæmdastjórn hagsmunafélags annast einn eða fleiri einstaklingar sem til þess eru skipaðir í stofnsamningi þess eða með ákvörðun félagsaðila.

Sá má ekki vera framkvæmdastjóri hagsmunafélags sem:

— vegna þeirrar löggjafar sem um hann gildir,
— vegna landslaga þess ríkis þar sem hagsmunafélagið á heimili sitt eða
— samkvæmt ákvörðun yfirvalds á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu, sem tekin hefur verið eða viðurkennd er í aðildarríki,

er óheimilt að eiga sæti í stjórn eða framkvæmdastjórn félags, stjórna fyrirtæki eða starfa sem framkvæmdastjóri evrópsks fjárhagslegs hagsmunafélags.

2. Aðildarríki getur, þegar um er að ræða hagsmunafélög sem skráð eru hjá skrá þess samkvæmt 6. gr., kveðið á um að lögaðilar annist framkvæmdastjórn ef þeir tilnefna einn eða fleiri einstaklinga til að koma fram fyrir þeirra hönd og eru deili á þeim háð skráningarreglum d-liðar 7. gr.

Nú nýtir aðildarríki sér þennan kost og verður það þá að kveða á um að sá eða þeir sem koma fram fyrir hönd lögaðilanna beri sömu ábyrgð og ef þeir væru sjálfir framkvæmdastjórar viðkomandi hagsmunafélaga.

Takmarkanir samkvæmt 1. mgr. gilda einnig um þessa fulltrúa.

3. Í stofnsamningi hagsmunafélags eða með samhljóða ákvörðun félagsaðila skal kveðið á um hvernig framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar skulu ráðnir og þeim sagt upp, svo og valdsvið þeirra skilgreint.

20. gr.

1. Aðeins framkvæmdastjóri, eða hver framkvæmdastjóri séu þeir fleiri en einn, kemur fram fyrir hönd hagsmunafélags í viðskiptum við þriðja aðila.

Hver framkvæmdastjóri bindur hagsmunafélag gagnvart þriðja aðila þegar hann kemur fram fyrir hönd þess, jafnvel þótt gerðir hans varði ekki tilgang þess, nema hagsmunafélagið sanni að þriðja aðila hafi verið ljóst eða honum hafi með hliðsjón af atvikum ekki getað verið ókunnugt um að gerðin var tilgangi þess óviðkomandi. Birting upplýsinga þeirra sem getið er í c-lið 5. gr. felur ekki í sér sönnun fyrir því ein sér.

Ekki má byggja rétt á því gagnvart þriðja aðila að vald eins eða fleiri framkvæmdastjóra hafi verið takmarkað hvort sem það hefur verið gert með stofnsamningi hagsmunafélags eða með ákvörðun félagsaðila, jafnvel þótt takmörkun hafi verið birt.

2. Í stofnsamningi hagsmunafélags má ákveða að einungis tveir eða fleiri framkvæmdastjórar sameiginlega geti bundið það svo að gilt sé. Aðeins má byggja rétt á slíku ákvæði gagnvart þriðja aðila í samræmi við 1. mgr. 9. gr. ef það hefur verið birt samkvæmt 8. gr.

21. gr.

1. Litið skal svo á að hagnaður af starfsemi hagsmunafélags sé hagnaður félagsaðila og skal honum skipt milli þeirra í þeim hlutföllum sem kveðið er á um í stofnsamningi þess, eða að jöfnu ef ekki er mælt fyrir um annað.

2. Aðilar að hagsmunafélagi skulu greiða kostnað, sem fer fram úr tekjum, í þeim hlutföllum sem kveðið er á um í stofnsamningi þess, eða að jöfnu ef ekki er mælt fyrir um annað.

22. gr.

1. Aðili að hagsmunafélagi getur framselt hlutdeild sína í því að öllu leyti eða að hluta, annaðhvort til annars félagsaðila eða þriðja aðila, en framsalið öðlast ekki gildi nema aðrir félagsaðilar leyfi það samhljóða.

2. Sé ekki kveðið á um annað í stofnsamningi hagsmunafélags getur félagsaðili aðeins veðsett hlutdeild sína í því eftir að hinir félagsaðilarnir hafa leyft það samhljóða. Veðhafi má aldrei verða aðili að hagsmunafélagi í krafti veðréttar síns.

23. gr.

Hagsmunafélag má ekki falast eftir fjárfestingum almennings.

24. gr.

1. Aðilar að hagsmunafélagi bera fulla og óskipta ábyrgð á skuldum þess og öðrum kröfum á hendur því af hvaða tagi sem er. Um áhrif ábyrgðarinnar fer að landslögum.

2. Skuldheimtumenn mega ekki höfða mál á hendur félagsaðila til greiðslu skulda og annarra krafna í samræmi við skilyrði í 1. mgr. áður en skiptameðferð í hagsmunafélagi er lokið nema þeir hafi fyrst krafið félagið um greiðslu og hún hafi ekki verið innt af hendi innan hæfilegs frests.

25. gr.

Í bréfum og á pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum skal eftirfarandi koma greinilega fram:

a) nafn hagsmunafélags þar sem á undan fara eða á eftir koma annaðhvort orðin „evrópskt fjárhagslegt hagsmunafélag“ eða skammstöfunin „efjh.“ ef orðin eða upphafsstafir þeirra mynda ekki þegar hluta nafnsins;
b) hvar sú skrá er sem um getur í 6. gr. og hagsmunafélagið er skráð hjá, svo og innfærslunúmer þess þar;
c) heimili hagsmunafélags;
d) að framkvæmdastjórar verði að koma fram sameiginlega ef við á;
e) að skiptameðferð á hagsmunafélagi samkvæmt 15., 31., 32. eða 36. gr. standi yfir ef við á.

Er skráning hefur farið fram í samræmi við 10. gr. skal hver starfsstöð hagsmunafélags tilgreina ofangreind atriði, ásamt þeim sem lúta að eigin skráningu, á þeim skjölum sem hún sendir frá sér í starfsemi sinni og um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

26. gr.

1. Aðilar að hagsmunafélagi skulu samhljóða taka ákvörðun um inntöku nýrra aðila í félagið.

2. Hver nýr félagsaðili ber ábyrgð á skuldum hagsmunafélags og öðrum kröfum á hendur því samkvæmt 24. gr., að meðtöldum þeim sem eiga rætur að rekja til starfsemi hagsmunafélagsins áður en hann gekk í það.

Þó má með ákvæði í stofnsamningi hagsmunafélags eða í inngöngugerð undanþiggja hann ábyrgð á skuldum og öðrum kröfum sem stofnað var til áður en hann gekk í það. Aðeins má byggja rétt á slíku ákvæði gagnvart þriðja aðila samkvæmt þeim skilyrðum sem um getur í 1. mgr. 9. gr. ef ákvæðið hefur verið birt samkvæmt 8. gr.

27. gr.

1. Aðili að hagsmunafélagi getur sagt sig úr því að uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í stofnsamningi þess, eða með samhljóða samþykki annarra félagsaðila ef slík skilyrði koma ekki fram í samningnum.

Auk þess getur aðili að hagsmunafélagi sagt sig úr því ef réttmætar ástæður eru til þess.

2. Vísa má aðila að hagsmunafélagi úr því af ástæðum, sem tilgreindar eru í stofnsamningi þess, og ávallt ef hann bregst alvarlega skyldum sínum eða truflar eða gerir sig líklegan til að trufla starfsemi þess alvarlega.

Sé ekki kveðið á um annað í stofnsamningi hagsmunafélags má brottvísun aðeins fara fram samkvæmt úrskurði dómara sem kveðin er upp að sameiginlegri beiðni meirihluta annarra félagsaðila.

28. gr.

1. Aðild að hagsmunafélagi lýkur við andlát félagsaðila eða þegar aðilinn fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem sett eru í 1. mgr. 4. gr.

Að auki getur aðildarríki í lögum sínum um skiptameðferð, félagsslit, greiðsluþrot eða greiðslustöðvun kveðið svo á að aðild að hagsmunafélagi ljúki á þeim tíma sem í þeim lögum segir.

2. Andist einstaklingur sem er aðili að hagsmunafélagi getur annar aðeins komið í hans stað með þeim skilyrðum, sem stofnsamningur þess kveður á um, eða með samhljóða samþykki hinna félagsaðilanna ef slík skilyrði koma ekki fram í samningnum.

29. gr.

Er aðild að hagsmunafélagi lýkur skal framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess tilkynna það öðrum félagsaðilum og einnig gera þær ráðstafanir samkvæmt 7. og 8. gr. sem gera ber. Þær ráðstafanir getur einnig hver sá gert sem hlut á að máli.

30. gr.

Kveði stofnsamningur hagsmunafélags ekki á um annað er félagið áfram til hvað snertir þá félagsaðila sem eftir eru, er aðild einhvers þeirra lýkur, samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í stofnsamningnum eða settir eru með samhljóða ákvörðun viðkomandi félagsaðila enda sé ekki skertur með því réttur sem stofnast hefur aðila til handa samkvæmt 1. mgr. 22. gr. eða 2. mgr. 28. gr.

31. gr.

1. Slíta má hagsmunafélagi með ákvörðun félagsaðila um að það skuli gert. Slík ákvörðun krefst samhljóða samþykkis ef ekki er kveðið á um annað í stofnsamningi þess.

2. Hagsmunafélagi skal slitið með ályktun félagsaðila þar sem komist er að þeirri niðurstöðu:

a) að liðinn sé sá tími, sem hagsmunafélaginu var ætlað að starfa samkvæmt stofnsamningi þess, eða fyrir hendi sé önnur ástæða til slita á því sem samningurinn kveður um; eða
b) að tilgangi hagsmunafélagsins sé náð eða ógerlegt sé að leita hans frekar.

Hafi félagsaðilar ekki tekið ákvörðun um slit á hagsmunafélagi þremur mánuðum eftir að einhverjar þær aðstæður hafa komið upp sem í 1. mgr. segir getur hvaða félagsaðili sem er leitað til dómstóls um að ákveða slit þess.

3. Hagsmunafélagi skal einnig slitið að ákvörðun þess eða þeirra félagsaðila sem eftir eru þegar skilyrðum 2. mgr. 4. gr. er ekki lengur fullnægt.

4. Er hagsmunafélagi hefur verið slitið með ákvörðun félagsaðila skal framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess gera þær ráðstafanir samkvæmt 7. og 8. gr. sem gera ber. Þær ráðstafanir getur einnig hver sá gert sem hlut á að máli.

32. gr.

1. Sé brotið gegn ákvæðum 3. gr., 12. gr. eða 3. mgr. 31. gr. skal dómstóll að beiðni hvers þess aðila, sem hlut á að máli, eða þar til bærs yfirvalds kveða svo á að hagsmunafélagi skuli slitið nema unnt sé að koma málefnum hagsmunafélagsins í rétt horf, áður en dómstóll hefur kveðið upp efnislegan úrskurð, og að það sé gert í raun fyrir þann tíma.

2. Dómstóll getur einnig ákveðið að beiðni félagsaðila að hagsmunafélagi skuli slitið ef réttmætar ástæður eru til þess.

3. Aðildarríki getur kveðið svo á að dómstóll geti að beiðni þar til bærs yfirvalds úrskurðað að slíta skuli hagsmunafélagi sem á heimili í ríki yfirvaldsins ef félagið starfar gegn almannahagsmunum í því ríki og gert er ráð fyrir slíkum möguleika í lögum þess ríkis hvað snertir skráð félög eða aðra lögaðila sem þau ná yfir.

33. gr.

Ljúki aðild að hagsmunafélagi af öðrum ástæðum en þeim að réttindi félagsaðila hafi verið framseld í samræmi við skilyrðin í 1. mgr. 22. gr. skal meta réttindi hans og skyldur til verðs með hliðsjón af eignum og skuldum hagsmunafélagsins eins og þær eru þegar aðild hans lýkur.

Ekki má ákveða fyrirfram verð á réttindum og skyldum félagsaðila sem gengur úr hagsmunafélagi.

34. gr.

Með fyrirvara um það sem í 1. mgr. 37. gr. segir er hver félagsaðili, sem gengur úr hagsmunafélagi, áfram ábyrgur samkvæmt 24. gr. fyrir skuldum þess og öðrum kröfum á hendur því sem eiga rætur að rekja til starfsemi þess áður en aðild hans lauk.

35. gr.

1. Slit á hagsmunafélagi hafa skiptameðferð í för með sér.

2. Um skiptameðferð á hagsmunafélagi og lok skiptameðferðar fer að landslögum.

3. Gerhæfi hagsmunafélags í skilningi 2. mgr. 1. gr. helst óskert uns skiptameðferð er lokið.

4. Sá eða þeir sem stýra skiptameðferð á hagsmunafélagi skulu gera þær ráðstafanir sem í 7. og 8. gr. segir.

36. gr.

Um greiðsluþrot og greiðslustöðvun hagsmunafélaga fer að landslögum. Þótt aðgerðir séu hafnar gegn hagsmunafélagi fyrir dómi vegna greiðsluþrots eða greiðslustöðvunar leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að slíkar aðgerðir séu hafnar gegn félagsaðilum.

37. gr.

1. Fimm ára fyrningarfrestur, talið frá birtingu samkvæmt 8. gr. á tilkynningu um að aðild að hagsmunafélagi sé lokið, kemur í stað lengri frests sem mælt kann að vera fyrir um í viðkomandi landslögum til málshöfðunar gegn aðilanum vegna skulda eða annarra krafna sem eiga rætur að rekja til starfsemi hagsmunafélags áður en aðild hans lauk.

2. Fimm ára fyrningarfrestur, talið frá birtingu samkvæmt 8. gr. á tilkynningu um að skiptameðferð á hagsmunafélagi sé lokið, kemur í stað lengri frests sem mælt kann að vera fyrir um í viðkomandi landslögum til málshöfðunar gegn aðila að því vegna skulda eða annarra krafna sem eiga rætur að rekja til starfsemi þess.

38. gr.

Stundi hagsmunafélag starfsemi í aðildarríki sem fer í bága við almannahagsmuni þess getur þar til bært yfirvald í því ríki bannað starfsemina. Veita skal kost á að skjóta ákvörðun hins þar til bæra yfirvalds til dómstóla.

39. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna skrá eða skrár, sem falið er að annast skráningu samkvæmt 6. og 10. gr., og setja reglur um skráninguna. Þau skulu mæla fyrir um hvernig skráning þeirra skjala, sem í 7. gr. og 10. gr. segir, fari fram. Skulu þau sjá um að þau skjöl og upplýsingar, sem í 8. gr. segir, birtist í viðeigandi lögbirtingablaði þess aðildarríkis, sem hagsmunafélagið á heimili sitt í, og geta þau mælt fyrir um hvernig birta skuli þau skjöl og upplýsingar sem í c-lið 8. gr. segir.

Aðildarríkin skulu einnig sjá til þess að hver sem er geti, á skrá samkvæmt 6. gr. eða eftir atvikum 10. gr., kynnt sér þau skjöl, sem fjallað er um í 7. gr., og fengið í hendur afrit af einhverjum þeirra eða öllum, jafnvel í pósti.

Aðildarríkin mega kveða á um greiðslu gjalda fyrir þær aðgerðir sem fjallað er um í undanfarandi undirgreinum en gjöldin mega þó ekki fara fram úr kostnaði af þeim.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að upplýsingar þær sem birta skal í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* samkvæmt 11. gr. séu sendar skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi eigi síðar en einum mánuði eftir birtingu þeirra í því lögbirtingablaði sem í 1. mgr. segir.

3. Aðildarríki skulu leggja hæfileg viðurlög við því ef birtingarkröfum 7., 8. og 10. gr. er ekki hlítt eða ekki er farið eftir ákvæðum 25. gr.

40. gr.

Hagnað eða tap af starfsemi hagsmunafélags má aðeins skattleggja hjá félagsaðilum.

41. gr.

1. Aðildarríki skulu gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru vegna ákvæða 39. gr., fyrir 1. júlí 1989. Þau skulu tilkynna þær framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu í upplýsingaskyni fyrir framkvæmdastjórnina skýra henni frá því hvaða flokkum einstaklinga, félaga, fyrirtækja og annarra lögaðila þau banna þátttöku í hagsmunafélögum samkvæmt 4. mgr. 4. gr. Framkvæmdastjórn skal skýra öðrum aðildarríkjum frá því.

42. gr.

1. Er reglugerð þessi hefur verið sett skal stofna samstarfsnefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Hlutverk hennar skal vera:

a) að greiða fyrir framkvæmd reglugerðar þessarar með reglulegu samráði þar sem sérstaklega skal fjallað um vandamál sem koma upp í tengslum við framkvæmdina, sbr. þó ákvæði 169. og 170. gr. sáttmálans;
b) að ráðleggja framkvæmdastjórninni um viðauka við eða breytingar á reglugerð þessari ef nauðsyn krefur.

2. Samstarfsnefndin skal skipuð fulltrúum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar. Formaður skal vera fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin sér fyrir skrifstofuþjónustu.

3. Formaður kallar nefndina saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk einhvers nefndarmanns.

43. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.*

Hún skal koma til framkvæmda hinn 1. júlí 1989, að undanskildum 39., 41. og 42. gr. sem koma til framkvæmda við gildistöku hennar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 1985.

Fyrir hönd ráðsins,

J. POOS

forseti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er þáttur í aðlögun Íslands að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), nánar tiltekið ákvæðum samningsins um félagarétt. Það tengist frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, og frumvarpi til laga um eignarhlutafélög.

Samkvæmt 7. gr. laganna um Evrópska efnahagssvæðið skal taka EES-gerðir, sem samsvara reglugerðum EBE sem slíkar, upp í landsrétt samningsaðila. Er þörf á lögfestingu reglugerðar ráðs EBE nr. 2137/85 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög í samræmi við framangreint en hún geymir nýmæli í félagarétti hér á landi.

Efni reglugerðar ráðs EBE nr. 2137/85 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (efjh.).

Í stuttu máli felast í reglugerðinni reglur varðandi samstarf um sérstök verkefni milli a.m.k. tveggja félaga eða fyrirtækja í EES-ríkjunum enda er starfsemin tengd starfsemi aðilanna og ekki eingöngu í ágóðaskyni. Dæmi um verkefni eru sameiginleg innkaup á hráefnum, rannsóknir og þróun, markaðssetning vara og þátttaka í útboðum. Starfslið hagsmunafélaganna má ekki fara fram úr 500 manns. Þetta úrræði hefur lítt verið nýtt enn þá.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir efni reglugerðarinnar.

Í inngangsorðum reglugerðarinnar felst m.a. það mat að samræmd þróun atvinnulífs og stöðugur og jafn vöxtur hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu sé háður því að komið verði á sameiginlegum markaði er starfi hnökralaust þar sem aðstæður eru sambærilegar við þær sem ríkja á innanlandsmarkaði. Til að koma þessum sameiginlega markaði á og styrkja einingu hans er talið rétt að setja lagalegan ramma til þess að auðvelda einstaklingum og félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum að laga starfsemi sína að þeim skilyrðum sem ríkja í atvinnurekstri á svæðinu. Því er nauðsynlegt að gera aðilunum kleift að eiga með sér virkt samstarf án tillits til landamæra. Þar eð ýmsir erfiðleikar geta komið upp við slíkt samstarf, m.a. lagaleg vandamál, er talið nauðsynlegt að setja viðeigandi lagareglur um svokölluð evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

Hagsmunafélag er einkum frábrugðið fyrirtæki eða félagi að því er varðar tilgang þess sem er aðeins að greiða fyrir eða þróa þá atvinnustarfsemi sem félagsaðilar stunda til að gera þeim kleift að auka afrakstur sinn. Starfsemi hagsmunafélags verður með tilliti til þess að hún er í eðli sínu viðbótarstarfsemi að tengjast atvinnurekstri þeirra sem aðild eiga að því án þess að koma í stað hans. Að því leyti má hagsmunafélag t.d. ekki stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi gagnvart þriðja aðila.

Í inngangi kemur einnig fram að aðilar að hagsmunafélagi beri fulla og óskipta ábyrgð á skuldum þess og svipar þeim að því leyti til sameignarfélaga hér á landi sem skráð eru í firmaskrá. Þar segir einnig að aðeins megi skattleggja hagnað eða tap á starfsemi hagsmunafélags hjá félagsaðilum. Þá kemur og fram að hvað varðar málefni sem reglugerðin tekur ekki til gildi lög aðildarríkjanna, svo og EES-réttur, t.d. samkeppnislög. Í lok inngangsins segir að veita verði reglugerðinni gildi í heild sinni.

Tekið skal fram að í bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sem lögtekin hefur verið, felst m.a. að inngangsorð reglugerðarinnar hafa ekki lagagildi hér á landi. Inngangsorðin geta hins vegar haft gildi við skýringu á einstökum ákvæðum reglugerðarinnar.

Hvað einstakar greinar reglugerðarinnar snertir má drepa á nokkur atriði.

Í 1. gr. er m.a. kveðið á um að fylgja þurfi ákvæðum reglugerðarinnar varðandi stofnsamning og skráningu en einnig er greint þar frá rétthæfi og gerhæfi félaganna.

Í 2. gr. er fjallað um samspil reglugerðarinnar og landslaga.

Í 3. gr. segir að tilgangur hagsmunafélags sé að greiða fyrir og þróa þá atvinnustarfsemi sem aðilar að félaginu stunda og bæta eða auka árangur þeirrar starfsemi en ekki afla því sjálfu hagnaðar. Þá segir að starfsemi þess skuli tengjast atvinnustarfsemi félagsaðila en hún geti aðeins falið í sér viðbót við þá starfsemi. Þetta ákvæði er síðan nánar útfært og kemur þar m.a. fram að hagsmunafélag megi ekki hafa fleiri en 500 starfsmenn í þjónustu sinni.

Í 4. gr. eru ákvæði um aðild að hagsmunafélagi og eru bæði lögaðilar og einstaklingar þar nefndir til. Skulu minnst tveir lögaðilar taka höndum saman, tveir einstaklingar eða einn lögaðili og einn einstaklingur, allt samkvæmt nánari skilgreiningu.

Í 5. gr., sem fjallar um efni stofnsamnings, kemur m.a. fram að í nafni hagsmunafélags komi fram orðin „evrópskt fjárhagslegt hagsmunafélag“ eða skammstöfunin „efjh.“. Þar segir og að kveða skuli á um það hve langur líftími félags skuli vera nema félagið sé stofnað til óákveðins tíma.

Í 6. gr., sbr. 12. gr., er fjallað um skráningarríki en í bókun 1 við EES-samninginn felst að stofna má hagsmunafélag í EES-ríki, m.a. á Íslandi.

Í 7. gr. er fjallað um afhendingu stofnsamnings og annara skjala, í 8. gr. um birtingu upplýsinga í lögbirtingablöðum og rétt þann er byggður verður á upplýsingum, í 10. gr.

um starfsstöð í öðru ríki en heimilisríki, í 11. gr. um birtingu um stofnun og slit hagsmunafélags á erlendum vettvangi, í 12. gr. um heimili félags, í 13.–14. gr. um flutning heimilis þess og í 15. gr. um ógildingu félags.

Í 16. gr. segir að stofnanir hagsmunafélags séu aðilar þess þegar þeir koma fram sem ein heild, svo og framkvæmdastjóri þess eða framkvæmdastjórar. Er því ekki um hefðbundna félagsstjórn að ræða.

Í 17. gr. er m.a. fjallað um atkvæðisrétt og samhljóða ákvörðun félagsaðila í vissum tilvikum, svo og samráðsfundi aðilanna.

Í 18. gr. er fjallað um rétt félagsaðila til að fá upplýsingar um starfsemi félagsins.

Í 19. gr. er fjallað um það hverjir séu hæfir til að vera í framkvæmdastjórn og hvernig hún sé skipuð en í 20. gr. um verksvið framkvæmdastjóra.

Í 21. gr. er fjallað um skiptingu hagnaðar og kostnaðar en í 22. gr. um framsal eignarhluta o. fl.

Í 23. gr. segir að hagsmunafélagið megi ekki falast eftir fjárfestingum almennings.

Í 24. gr. segir að aðilarnir beri fulla og óskipta ábyrgð á skuldum félagsins.

Í 25. gr. er fjallað um það hvað koma skuli fram á bréfum, svo og pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum félagsins.

Í 26. gr. er m.a. fjallað um inntöku nýrra aðila í félagið, í 27. gr. um úrsögn úr félagi og brottvísun úr því, í 28. gr. um andlát félagsaðila o.fl., en skv. 29. gr. skal tilkynna öðrum félagsaðilum ef aðild að félagi lýkur og gera vissar ráðstafanir.

Samkvæmt 30. gr. heldur félag áfram að vera til milli þeirra félagsaðila sem eftir eru nema stofnsamningur kveði á um annað. Þá segir í 31. gr. að félagsaðilar geti ákveðið að slíta félagi. Samkvæmt 32. gr. getur dómstóll slitið félagi. Í 33. gr. er fjallað um það að meta skuli réttindi og skyldur aðila, sem hætta, til verðs. Þá segir í 34. gr. að sá sem gengur úr hagsmunafélagi sé áfram ábyrgur fyrir skuldum og öðrum kröfum sem eiga rætur að rekja til starfsemi félagsins áður en aðild hans lauk. Í 35. gr. er síðan fjallað um skiptameðferð, í 36. gr. um greiðsluþrot og í 37. gr. um fyrningarfrest. Samkvæmt 38. gr. getur þar til bært yfirvald bannað starfsemi hagsmunafélags í vissum tilvikum. Má skjóta slíkri ákvörðun til dómstóls.

Samkvæmt 39. gr. skal tilkynna hvaða skrá í hverju aðildarríki skrái hagsmunafélög. Yrði það firmaskrá hér á landi.

Samkvæmt 40. gr. má aðeins skattleggja hagnað eða tap af starfsemi hagsmunafélags hjá félagsaðilum.

Í 41. gr. er fjallað um framkvæmdaráðstafanir, í 42. gr. um samstarfsnefnd og í 43. gr. um gildistöku o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í samræmi við það sem segir í inngangi skal skv. 7. gr. laganna um Evrópska efnahagssvæðið taka EES-gerðir, er samsvara reglugerðum EBE sem slíkar, upp í landsrétt samningsaðila. Með þessari grein er reglugerð ráðs EBE nr. 2137/85 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (efjh.) lögfest. Er gert ráð fyrir því að ákvæði hennar hafi lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með áorðnum breytingum í lögum nr. 66/1993, þar sem bókunin er lögfest.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ólögráða einstaklingar og þeir sem hafa farið fram á greiðslustöðvun eða hafa bú sitt undir gjaldþrotaskiptum geti ekki verið aðilar að evrópsku fjárhagslegu hagsmunafélagi. Sams konar ákvæði eru í hlutafélagalöggjöfinni eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt, sbr. 3. gr. hlutafélagalaganna.

Ákvæði 2. mgr. um möguleika á takmörkun á þátttöku í slíku félagi er í samræmi við danska löggjöf um þessi félög, sbr. í þessu sambandi 4. mgr. 4. gr. framangreindrar reglugerðar ráðs EBE.

Um 3. gr.

Af þessari grein leiðir m.a. að evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög geta ekki stundað þá starfsemi sem aðeins einstaklingar geta að lögum stundað. Enn er stuðst við dönsk lög, svo og 4. mgr. 4. gr. reglugerðar EBE.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um félagsslit í ákveðnum tilvikum.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skilanefndarmeðferð.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skráningar- og birtingargjöld o.fl.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um sektir við brotum á ákveðnum greinum framangreindrar reglugerðar ráðs EBE.

Um 8. gr.

Í þessari grein felst heimild til að leggja sektir á félög eða aðra lögaðila sem slíka.

Um 9. gr.

Í þessari grein felst heimild til útgáfu reglugerðar á grundvelli laganna, svo og heimild til að ákveða í reglugerðinni sektir fyrir brot á henni.

Um 10. gr.

Þessi grein geymir gildistökuákvæði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

Frumvarp þetta er flutt samhliða tveimur öðrum frumvörpum, frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, og frumvarpi til laga um eignarhlutafélög.

Hér er verið að leggja fram frumvarp til laga um nýja tegund félaga sem ekki hafa áður verið sérstaklega greind hér á landi. Félagsform þetta er einkum ætlað tveimur eða fleiri hagsmunaaðilum sem vilja eiga með sér virkt samstarf, annaðhvort tímabundið eða um óákveðinn tíma, án tillits til landamæra. Svo ekki komi upp vandkvæði í slíku samstarfi vegna mismunandi félagslöggjafar einstakra landa er horfið að því ráði að skapa sérstakt félagsform, evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

Ekki verður séð að því fylgi neinn kostnaður fyrir ríkissjóð að frumvarp þetta verði að lögum. Félög þessi verða skráð í firmaskrá eins og önnur félög og bera sjálf kostnað af því.

642. Frumvarp til laga [430. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/1993, um neytendalán.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Nýr stafliður, c-liður, bætist við, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: Lánssamningar þar sem lán er veitt gegn lægra gjaldi en almennt gerist og stendur almenningi ekki til boða.
b. G-liður, sem verður h-liður, orðast svo: Lánssamningar sem eru gerðir í því skyni að stofna til eða viðhalda eignarrétti yfir fasteignum eða til að endurgera eða bæta við fasteign.
c. Ný málsgrein, 2. mgr., bætist við, svohljóðandi:
   Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki um samninga sem gerðir eru í því skyni að halda þeim utan gildissviðs laga þessara, svo sem með skiptingu fjárhæðar á fleiri en einn lánssamning.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heimildir til fyrirframúttektar“ í 1. mgr. kemur: yfirdráttarheimildar.
b. Í stað orðanna „áður en gengið er frá samningnum“ í 1. mgr. kemur: í upphafi viðskipta.

c. Í stað orðsins „ársvextir“ í b-lið kemur: vextir.
d. D-liður orðast svo: Hvort breytingar geti orðið á vöxtum eða umsömdum gjöldum á samningstímanum. Í þeim tilvikum skal neytandi upplýstur um það með hvaða hætti breytingar verða tilkynntar honum. Slíkt má gera með því að vekja sérstaka athygli á breytingunni í reikningsyfirliti, með auglýsingum í fjölmiðlum eða á annan sambærilegan hátt.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. A-liður orðast svo: Neytandi er einstaklingur sem á lánsviðskipti sem lög þessi ná til, enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu.
b. F-liður orðast svo: Eignarréttarfyrirvari er þegar við kaup á vöru er samið um að lánveitandi sé eigandi söluvöru þar til andvirði hennar er að fullu greitt samkvæmt lánssamningi og að lánveitandi geti tekið vöruna til sín ef neytandi stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Þegar lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal höfuðstóll lánsins jafngilda staðgreiðsluverði vörunnar eða þjónustunnar. Ef einungis hluti af andvirði vörunnar eða þjónustunnar er lánaður skal draga útborgunina frá höfuðstól.
b. Í stað orðanna „Árlega nafnvexti“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: Vexti.
c. Í stað orðsins „Lántökukostnað“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: Heildarlántökukostnað.
d. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 9. tölul., er orðast svo: Heimild til að greiða fyrir lokagjalddaga, sbr. 16. gr.
e. Í stað orðanna „árlegir nafnvextir“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: vextir.

5. gr.

7. gr. laganna breytist þannig að 1. málsl. 1. mgr. verður 1. mgr., 2. málsl. 1. mgr. verður 2. mgr. og 2. mgr. verður 3. mgr.

Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: 2. mgr.

6. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Árleg hlutfallstala kostnaðar er það vaxtaígildi sem jafnar núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánssamningi þeirra. Árlegri hlutfallstölu kostnaðar skal lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstóls lánsins. Hún skal reiknuð út í samræmi við stærðfræðilíkingu sem nánar skal mælt fyrir um í reglugerð er ráðherra setur.

7. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ef lánssamningur heimilar verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans.

8. gr.

1. og 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Nú eru vextir eða annar lántökukostnaður ekki tilgreindir í lánssamningi og er lánveitanda þá eigi heimilt að krefja neytanda um greiðslu þeirra. Að öðru leyti fer um vexti af neytendalánum samkvæmt ákvæðum vaxtalaga.

Lánveitanda er eigi heimilt að krefjast greiðslu frekari lántökukostnaðar en tilgreindur er í samningi skv. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. Sé árleg hlutfallstala kostnaðar, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 6. gr., of lágt reiknuð er lánveitanda eigi heimilt að krefjast heildarlántökukostnaðar sem gæfi hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar.

9. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Neytanda skal heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánssamningi fyrir þann tíma sem umsaminn er. Notfæri neytandi sér heimild þessa á hann rétt á lækkun á heildarlántökukostnaði sem nemur þeim vöxtum og öðrum gjöldum sem greiða átti eftir greiðsludag. Ekki er hægt að krefjast endurgreiðslu eða lækkunar á gjöldum sem eru óháð því hvenær greiðsla er innt af hendi.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um greiðslu sem innt er af hendi fyrir gjalddaga þegar hún tengist ekki uppgreiðslu láns fyrir umsaminn lokagjalddaga eða annarri breytingu á umsömdum afborgunum láns.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „kröfu“ í fyrri málslið 1. mgr. kemur: kröfurétt sinn samkvæmt láni sem veitt er samkvæmt lögum þessum.
b. Í stað orðsins „og“ í síðari málslið 1. mgr. kemur: eða.
c. 3. mgr. orðast svo:

   Ef neytandi á kröfu á hendur lánveitanda, sem jafnframt er seljandi, vegna kaupa, t.d. vegna galla, er framsalshafi meðábyrgur lánveitanda.

11. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Seljandi, sem veitir neytanda lán samkvæmt lögum þessum í formi viðskiptabréfs, skal taka tryggingu vegna hugsanlegrar vanefndakröfu neytanda vegna þeirra viðskipta sem að baki viðskiptabréfi standa.

Tryggingarfjárhæð innan hvers tryggingartímabils, sem er eitt ár, skal nema 5.000.000 kr. Neytandi skal gera kröfu um greiðslu tryggingarfjár innan eins árs frá afhendingu vöru eða þjónustu. Séu kröfuhafar fleiri en einn fer um rétt þeirra til tryggingarfjárins eftir röð krefjenda. Að gengnum fullnaðardómi eða að gerðri réttarsátt um vanefnd og þegar ljóst er að seljandi getur ekki efnt skyldu sína samkvæmt dóminum eða sáttinni skal neytanda greitt af tryggingarfénu.

Ráðherra skal setja nánari ákvæði um tryggingarskylduna, gildissvið tryggingarinnar, hverjir veitt geti tryggingu og skilmála í reglugerð. Í henni má einnig kveða á um lægri tryggingarfjárhæð en greinir í 2. mgr. þegar umfang viðskipta er það takmarkað að lægri tryggingarfjárhæð veitir nægjanlega vernd.

Nú hefur seljandi ekki gilda tryggingu samkvæmt grein þessari og getur kaupandi þá borið fram mótbárur svo sem bréfið væri ekki viðskiptabréf.

12. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

13. gr.

Í stað orðanna „fjárhæðarmörkum lánssamninga sem lög þessi taka til“ í 23. gr. laganna kemur: fjárhæðum í lögum þessum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VII. kafla laganna:

a. Við bætist ný grein, 25. gr., er orðast svo:

Samkeppnisstofnun annast eftirlit með ákvæðum laga þessara. Um meðferð mála hjá samkeppnisyfirvöldum fer samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga að öðru leyti en því að ákvörðunum samkeppnisráðs um dagsektir verður ekki skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

b. Við bætist ný grein, 26. gr., er orðast svo:

Samkeppnisráð getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði laga þessara. Banni má fylgja ákvörðun um dagsektir sem kemur til framkvæmda ef bannið er brotið. Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag.

Áður en til banns kemur skv. 1. mgr. getur Samkeppnisstofnun lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem bann skv. 1. mgr.

c. Núgildandi 25.–26. gr. verða 27.–28. gr.

d. Fyrirsögn kaflans verður: **Bótaskylda, eftirlit og gildistaka.**

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lögin hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 30/1993, um neytendalán, og gefa það út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 30/1993, um neytendalán, voru samþykkt á Alþingi í apríl 1993. Þau tóku gildi 1. október 1993. Megintilgangur laganna er að tryggja neytendum, sem taka lán í tengslum við kaup á vöru og þjónustu, ákveðin lágmarksréttindi og ákveðnar lágmarksupplýsingar áður en þeir taka ákvörðun um lántökuna. Setning laganna var liður í aðlögun íslenskrar löggjafar að evrópskum rétti í tengslum við aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði.

Við gildistöku laga nr. 30/1993 1. október 1993 komu strax í ljós ýmis vandkvæði við framkvæmd þeirra. Skipta þar mestu máli óljós ákvæði 18. gr. laganna um tryggingu vegna vanefndakrafna í tengslum við framsal viðskiptabréfa. Þá er notkun hugtaka í ýmsum ákvæðum laganna ónákvæm og ekki að fullu samræmd innan laganna. Hefur það meðal annars valdið vandkvæðum við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Einnig má nefna að ákvæði vantar um eftirlit með framkvæmd laganna. Loks er ráðherra ekki veitt almenn heimild til að útfæra nánar ákvæði laganna en í ljós hefur komið að full þörf er á slíkri heimild.

Viðskiptaráðuneytið fól starfshópi í byrjun nóvember 1993 að fara yfir þau ákvæði laganna sem valdið hafa vandkvæðum í framkvæmd frá því að þau tóku gildi. Í starfshópnum voru Benedikt Guðbjartsson lögfræðingur, fyrir hönd banka og sparisjóða, Jónas Fr. Jónsson hdl., fyrir hönd Verslunarráðs Íslands, María Thejll hdl., fyrir hönd Íslenskrar verslunar, Sigurjón Heiðarsson lögfræðingur, fyrir hönd Samkeppnisstofnunar, Sólrún Halldórsdóttir hagfræðingur, fyrir hönd Neytendasamtakanna, og Finnur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, og var hann jafnframt formaður hópsins. Gunnar Viðar, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, starfaði með hópnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um vildargjörninga á tveimur stöðum, í b-lið 2. gr. og 21. gr. Hér er lagt til að ákvæði 21. gr. verði tekið inn í 2. gr. laganna þannig að kveðið verði á um undanþágur frá lögunum á einum stað í upphafi þeirra.

Ákvæði g-liðar 2. gr. laganna hefur valdið nokkrum vafa. Hafa þeir sem selja vörur sem nota á við endurbætur á fasteignum, svo sem teppi eða parket, talið lánveitingar í því skyni falla utan við gildissvið laganna. Engin efnisrök eru hins vegar til að gera undantekningu að því er þessi tilvik varðar. Ætlunin með þessu ákvæði frumvarpsins er að kveða skýrar á um það að eingöngu er verið að undanskilja lánsviðskipti þegar um fjármögnun á kaupum eða nýsmíði fasteigna er að ræða. Einnig þykir eðlilegt að undanskilja þau tilvik sem eru í eðli sínu svipuð, þ.e. ef um er að ræða miklar endurbætur eða viðauka við fasteign, þannig að verðmæti þeirra aukist svo miklu nemi eða yfirbragð fasteignar breytist. Þannig eru undanskilin ákvæðum laganna lán til að bæta herbergi eða bílskúr við byggingu eða til að endurbyggja efstu hæð og þak. Hins vegar mundi lán til að endurnýja innréttingar eða til að annast eðlilegt viðhald að innan eða utan ekki vera undanskilið ákvæðum laganna.

Nokkur hætta er á að menn reyni að losna undan íþyngjandi ákvæðum laganna með ýmsum aðferðum. Með ákvæði c-liðar er leitast við að stemma stigu við þessu og nefnd sem dæmi augljósasta leiðin sem er að skipta fjárhæð á fleiri en einn lánssamning eða viðskiptabréf.

Um 2. gr.

Hugtakið „heimild til fyrirframúttektar“ er óalgengt hér á landi og því er lagt til að hugtakið „yfirdráttarheimild“ verði notað í staðinn.

Samningar um yfirdráttarheimildir eru iðulega framlengdir oftar en einu sinni og samningsfjárhæð jafnvel breytt. Þetta gerist oft símleiðis. Þykir eðlilegt að þær upplýsingar, sem kveðið er á um í greininni, séu veittar í upphafi viðskipta en ekki í hvert sinn sem samningurinn er framlengdur eða honum breytt. Til að taka af öll tvímæli er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt.

Í gildandi lögum eru notuð ýmis hugtök yfir vexti, t.d. ársvextir í b-lið 3. gr., árlegir nafnvextir í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. og vextir í 1. mgr. 7. gr. Nú er lagt til að notkun hugtaka verði samræmd þannig að hugtakið vextir verði notað alls staðar. Þar er þá átt við vaxtafót lánsins, hvort sem um er að ræða óverðtryggt eða verðtryggt lán. Ef þörf krefur má útfæra vaxtahugtakið betur í reglugerð.

Í 4. mgr. er lagt til að tvær efnislegar breytingar verði gerðar á ákvæðinu. Í fyrsta lagi að neytanda sé tilkynnt við upphaf viðskipta hvort vextir og umsamin gjöld geti tekið breytingum á samningstímanum og þá með hvaða hætti honum verður tilkynnt um slíkar breytingar. Ekki er kveðið á um þetta í núgildandi lögum heldur aðeins hvernig tilkynningum um breytingar skuli háttað. Varðandi tilkynningarskylduna er lagt til að auglýsing í fjölmiðlum þurfi ekki að vera áberandi eins og tekið er fram í gildandi lagaákvæði, enda ávallt matsatriði hvað telst vera áberandi auglýsing.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að skilgreining á hugtakinu „neytandi“ verði einfölduð án þess að þar sé um efnisbreytingu að ræða.

Í 2. mgr. er lagt til að í skilgreiningu á eignarréttarfyrirvara komi skýrt fram að lánveitandi sé eigandi söluvöru þar til andvirði hennar er að fullu greitt samkvæmt lánssamningi. Er þetta í samræmi við það sem tíðkast hefur. Í gildandi lagaákvæði er þetta hins vegar ekki tekið fram.

Um 4. gr.

Fram hefur komið mismunandi skilningur á því hvort við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar og frágang lánssamninga skuli miðað við staðgreiðsluverð eða afborganaverð. Við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar skiptir miklu máli við hvort verðið er miðað. Þannig verður hún hærri ef notað er staðgreiðsluverð og lántökukostnaður tiltekinn sérstaklega en ef notað er afborganaverð, þ.e. staðgreiðsluverð að meðtöldum lántökukostnaði. Hér er lagt til að skýrt verði kveðið á um það að höfuðstóll skuli miðaður við staðgreiðsluverð þegar um er að ræða lánveitingu í tengslum við kaup á vöru eða þjónustu. Með staðgreiðsluverði er átt við uppgefið verð á vöru, hvort heldur er á sölustað eða í auglýsingu, sem neytanda býðst vara almennt á gegn greiðslu í reiðufé. Ákvæði þetta takmarkar þó á engan hátt að samið sé um staðgreiðsluafslátt í einstökum tilvikum. Samkvæmt þessu á lántökukostnaður ávallt að koma sérstaklega fram en ekki vera innfalinn í verði vöru eða þjónustu. Sama regla gildir ef hluti vöru er greiddur en eftirstöðvar lánaðar.

Um athugasemdir við 2. mgr. vísast til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Með breytingunni í 3. mgr. er verið að samræma notkun hugtaka í 6. gr. laganna.

Hvað varðar 4. mgr. þykir eðlilegt að neytanda skuli veittar upplýsingar um rétt sinn til að greiða fyrir gjalddaga skv. 16. gr. laganna. Samkvæmt gildandi lagaákvæði er þess hins vegar ekki þörf.

Um athugasemdir við 5. mgr. vísast til athugasemda við 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Af orðalagi 1. málsl. 1. mgr. er ljóst að málsgreinin hefur í raun átt að vera tvær málsgreinar. Hér er lagt til að þau mistök verði leiðrétt.

Um 6. gr.

Árleg hlutfallstala kostnaðar er í rauninni sá vaxtafótur sem jafnar núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda, sem oftast felast í útborgun höfuðstólsins þegar lán er tekið, og greiðsluskuldbindingum neytanda, sem felast í greiðslu afborgana, vaxta og annarra gjalda á lánstímanum. Núvirði skiptir máli þar sem lánveiting og afborgun láns og greiðsla vaxta falla til á ólíkum tíma. Þetta hugtak hefur einnig verið nefnt virkir vextir. Þetta er ekki ljóst af núgildandi orðalagi ákvæðisins. Jafnframt er lagt til að niður falli ákvæði um að í reglugerðinni um stærðfræðilíkingu skuli settar nánari reglur um útreikning kostnaðar, enda ákvæðið óþarft í ljósi þess að í 12. gr. er lagt til að við lögin bætist almenn reglugerðarheimild.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að orðalag ákvæðisins verði gert skýrara. Hugtakið verðtrygging er notað í víðtækri merkingu þannig að það nær til hvers konar verðtryggingar sem heimiluð er hér á landi.

Um 8. gr.

Í núgildandi 1. mgr. 14. gr. er kveðið á um að ef vextir eru ekki tilgreindir skuli þeir vera hinir sömu og vextir af almennum skuldabréfum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Þetta stríðir gegn þeirri meginreglu vaxtalaga að vextir skuli einungis reiknaðir ef um þá er samið. Ákvæðið er einnig í andstöðu við almennar reglur kröfuréttar. Því er lagt til að sú breyting verði á ákvæðinu að ef ekki er kveðið á um vaxtatöku í lánssamningi þá skuli vextir ekki reiknaðir af láninu. Sama gildir um annan lántökukostnað.

2. mgr. þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að lagt er til að orðalag 2. málsl. verði skýrara en í núgildandi lögum.

Um 9. gr.

Í lögunum eru neytanda tryggð þau réttindi að geta greitt af láni sínu hraðar en kveðið er á um í lánssamningi. Í þeim tilvikum getur hann krafist lækkunar á lánskostnaði sem svarar til þess sem greiða átti eftir greiðsludag. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort lán er greitt upp fyrir lokagjalddaga eða greitt er meira en umsaminni afborgun nemur, þannig að eftirstöðvar lækki frá því sem gert er ráð fyrir í lánssamningi. Hér er lagt til að orðalag ákvæðisins verði gert skýrara með því að fella brott hugtakið lausnardagur. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um að neytandi eigi rétt á lækkun lánskostnaðar í stað þess að hann geti krafist lækkunarinnar eins og gert er ráð fyrir í núgildandi ákvæði.

Þar með ber lánveitanda að veita neytandanum þessa lækkun án þess að neytandinn þurfi sértaklega að óska eftir henni.

Þá er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein. Með henni er verið að taka af allan vafa um að ákvæði 1. mgr. eigi einungis við þegar greiðsla neytanda verður til þess að breyting verður á umsömdum afborgunum láns, annaðhvort að þær falli niður í þeim tilvikum þegar lán er greitt upp fyrir lokagjalddaga eða lækki í þeim tilvikum að greitt er „inn á skuld". Þannig gildir ákvæðið ekki um þau tilvik þegar neytandi greiðir af láni nokkrum dögum fyrir reglulegan gjalddaga án þess að breytingar séu gerðar á þeim afborgunum sem eftir eru.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að orðalagi fyrri málsliðar 17. gr. laganna verði breytt þannig að það fari ekki á milli mála að það taki ekki til framsals á öllum kröfum lánveitanda til þriðja aðila heldur einungis framsals á kröfurétti samkvæmt láni sem veitt er samkvæmt lögum þessum, þ.e. neytendaláni.

Í 2. mgr. eru lagðar til tvær breytingar á 3. mgr. 17. gr. laganna. Annars vegar er fellt niður orðalagið „þar til uppgjör hefur farið fram", en það þykir bæði óljóst og óþörf viðbót við ákvæðið. Þá er felldur niður síðari málsliður 3. mgr. 17. gr., en ekki er að fullu ljóst hvað í honum felst. Hugsanlegt er að í stað orðsins „lánveitandi" hafi átt að standa „framsalshafi". Í fyrri málslið ákvæðisins er hins vegar kveðið skýrt á um meðábyrgð seljanda og framsalshafa og því óeðlilegt að ábyrgð þess síðarnefnda sé síðan takmörkuð. Því er lagt til að málsliðurinn falli brott.

Um 11. gr.

Í frumvarpinu sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi og varð að lögum um neytendalán var gert ráð fyrir að neytendalán með viðskiptabréfum heyrðu sögunni til. Alþingi féllst ekki á þetta sjónarmið. Ekki þótti heldur rétt að breyta alfarið þeim almennu reglum sem gilda um viðskiptabréf og var því kveðið á um að viðskiptabréf skyldu undanþegin ákvæði 17. gr. laganna um möguleika neytanda til að halda uppi mótbárum við framsalshafa og meðábyrgð framsalshafa og lánveitanda. Þess háttar aðskilnaður er forsenda fyrir því að bankar og aðrar lánastofnanir vilji kaupa viðskiptabréf af seljendum vöru og þjónustu. Til að tryggja rétt neytenda var hins vegar ákveðið að seljendur vöru eða þjónustu, sem veita lán í formi viðskiptabréfa, skuli taka tryggingu til að mæta hugsanlegum vanefndakröfum neytenda vegna þeirra viðskipta sem að baki slíkum bréfum standa.

Ákvæðið hefur valdið nokkrum vandkvæðum í framkvæmd, fyrst og fremst vegna þess að það þarfnast nánari útfærslu. Sökum þess að almenna reglugerðarheimild skortir í lögin hefur það ekki reynst unnt. Þá stóðu tryggingar af þessu tagi seljendum vöru og þjónustu ekki til boða þegar lögin tóku gildi því bankar og vátryggingarfélög biðu eftir nánari útfærslu á ákvæðinu. Vegna þess að tryggingar skorti treystu bankar, sparisjóðir og aðrir sem kaupa viðskiptabréf af seljendum vöru og þjónustu sér ekki til að halda slíkum kaupum áfram eftir gildistöku laganna. Nú standa tryggingar af þessu tagi til boða en skilmálar þeirra byggjast að nokkru leyti á því að getið sé í eyður lagaákvæðisins. Hér er lagt til að ákvæðið verði gert skýrara. Það er sérstaklega mikilvægt að meginatriðum tryggingarinnar sé lýst í lögunum sjálfum þar sem hliðstætt ákvæði er ekki í löggjöf annarra ríkja um neytendalán svo vitað sé.

Í 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er tekið fram að ákvæðið eigi aðeins við þegar seljandi veitir neytanda lán í formi viðskiptabréfs. Ef lánið er í öðru formi, t.d. sem kaupsamningur, gildir ákvæði 17. gr. Ákvæði 17. gr. gildir einnig þegar lán er veitt í formi viðskiptabréfs og ekki er til staðar trygging. Komi til framsals viðskiptabréfs undir slíkum kringumstæðum er framsalshafi meðábyrgur framseljanda. Í þessu felst breyting á meginreglu viðskiptabréfaréttar en samkvæmt henni glatast mótbáruréttur við framsal viðskiptabréfs.

Með ákvæði 4. mgr. er verið að koma í veg fyrir að neytendur njóti mismunandi verndar eftir því hvort lánveitandi, sem jafnframt er seljandi, framselur viðskiptabréf til þriðja aðila eða ekki. Geri hann það ekki er samkvæmt núgildandi lögum engin leið til að hafa eftirlit með því hvort viðkomandi hefur gilda tryggingu eða ekki. Með þeirri reglu, sem hér kemur fram, ætti að vera hagkvæmt fyrir seljanda að hafa í gildi tryggingu samkvæmt ákvæðinu því ef trygging er ekki fyrir hendi lýtur bréfið ekki reglum um viðskiptabréf. Hagur neytandans ætti því að vera tryggur í hvoru tilfelli sem er. Með reglu þessari er ljóst að verið er að víkja frá meginreglum sem gilda um viðskiptabréf þar sem unnt verður að hafa uppi mótbárur sem lotið geta að viðskiptum þeim sem að baki bréfunum standa. Ef seljandi framselur bréfið koma ákvæði 4. mgr. 17. gr. einnig til skjalanna. Í þessu sambandi skal bent á að breyting þessi ætti aðeins að ná til lítils brots af þeim viðskiptabréfum sem í umferð eru á hverjum tíma og aðeins í þeim tilfellum að trygging sé ekki fyrir hendi. Ef lánveitandi samkvæmt viðskiptabréfi hefur gilda tryggingu samkvæmt lögunum breytast reglur um þær mótbárur sem hafa má uppi ekki að neinu leyti og gildir þá einu hvort lánveitandi heldur bréfi í sínum vörslum eða framselur það þriðja manni.

Í 2. mgr. er kveðið á um meginatriði tryggingarinnar. Tryggingartímabilið er eitt ár og skulu kröfur koma fram innan árs frá lokum tryggingartímabilsins. Það er nauðsynlegt vegna þeirrar almennu reglu kaupalaga að gallar skuli bættir komi þeir fram innan árs frá kaupum. Tryggingin skal gilda fyrir eitt ár í senn. Verði kröfur greiddar gengur á tryggingarfjárhæðina í þeirri röð sem kröfur koma fram. Rétt er að benda á að ekki er lögbundið að hér sé um vátryggingu að ræða. Því getur greiðslutrygging frá banka einnig komið til greina. Gert er ráð fyrir að greiðsluskylda þess er veitir tryggginguna vakni þegar tveimur skilyrðum hefur verið fullnægt, annars vegar að gengið hafi fullnaðardómur eða verið gerð réttarsátt um vanefnd seljanda og hins vegar að ljóst sé að seljandi geti ekki efnt greiðsluskyldu sína samkvæmt þeim dómi. Með fullnaðardómi er átt við að fengist hafi niðurstaða í Hæstarétti eða í héraði og þeim dómi verði ekki áfrýjað. Einnig verður að telja rétt, ef bú seljanda hefur þegar verið tekið til skipta, að yfirlýsing skiptastjóra um að krafa sé samþykkt eða að búið sé eignalaust nægi í þessu tilfelli. Ef árangurslaus aðfarargerð hefur farið fram hjá seljanda verður að telja að ljóst sé orðið að hann geti ekki efnt skyldu sína í merkingu laganna. Ákvæði þessarar greinar breyta því að sjálfsögðu ekki að sá er tryggingu veitir getur samþykkt að greiða þrátt fyrir að skilyrðum greinarinnar sé ekki fullnægt, til dæmis í því tilfelli að tryggjandi samþykki að galli sé fyrir hendi og að ljóst sé orðið að seljandi sé orðinn ógjaldfær.

Í 3. mgr. er lagt til að ákvæði núgildandi laga um heimild til að lækka tryggingarfjárhæðina gildi áfram. Við mat á umfangi viðskipta er eðlilegt að litið verði til umfangs lánsviðskipta í formi viðskiptabréfa.

Um 12. gr.

Í gildandi lögum er ekki að finna almennt reglugerðarákvæði. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að ákvæði laganna um að breyta megi fjárhæðarmörkum lánssamninga í samræmi við verðlagsþróun verði rýmkað þannig að það nái til allra fjárhæða í lögunum, þar með taldar tryggingar til að mæta hugsanlegum vanefndakröfum. Heimild til að hækka tryggingarfjárhæðina í samræmi við breytingu á verðlagi er nú í 18. gr. laganna en eðlilegt þykir að kveðið sé á um verðtryggingu fjárhæða í lögunum á einum stað.

Um 14. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um að brot á þeim geti valdið skaðabótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Ákvæðið tók breytingum í meðförum Alþingis því að í frumvarpinu að lögunum var gert ráð fyrir sérrefsiákvæðum og málsmeðferð að hætti opinberra mála. Báðar þessar leiðir eru þungar í vöfum. Nú er lagt til að farin verði önnur leið. Lagt er til að Samkeppnisstofnun verði falið að hafa eftirlit með ákvæðum laganna. Jafnframt er lagt til að samkeppnisráð fái heimild til að beita þá aðila dagsektum sem brjóta gegn ákvæðum þeirra. Er þetta sams konar ákvæði og í samkeppnislögum. Þó er lagt til að fjárhæðarmörk dagsekta verði lægri en í samkeppnislögum eða 10.000–100.000 kr. samanborið við 50.000–500.000 kr. í samkeppnislögunum. Jafnframt er lagt til að sama málsmeðferð gildi um brot gegn ákvæðum laga um neytendalán og gilda um brot gegn ákvæðum samkeppnislaga með þeirri undantekningu að ákvörðunum samkeppnisráðs verður ekki skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Hvort tveggja þykir eðlilegt í ljósi þess að brot gegn ákvæðum laga um neytendalán verða tæplega jafnalvarlegs eðlis og brot gegn ákvæðum samkeppnislaga. Rétt er að taka fram að tillaga frumvarpsins kemur ekki í veg fyrir að neytendur geti krafist skaðabóta eftir almennum reglum fyrir það tjón sem þeir telja sig hafa orðið fyrir.

Um 15. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Þar sem í frumvarpi þessu eru lagðar til fjölmargar breytingar á lögunum um neytendalán og þau lög varða neytendur sem og seljendur vöru og þjónustu miklu þykir eðlilegt að leggja til að lögin verði gefin út að nýju þegar þeim hefur verið breytt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/1993, um neytendalán.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að laga ýmsa af þeim göllum sem fram hafa komið á lögum nr. 30/1993, um neytendalán. Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps leiði til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

643. Tillaga til þingsályktunar [431. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Búlgaríu sem gerður var í Genf 29. mars 1993.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á árinu 1990 var ákveðið að hefja samningaviðræður um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Póllands, Ungverjalands, Tékklands og Slóvakíu. Samningaviðræðum við öll þessi ríki er lokið með gerð fríverslunarsamninga. Samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og Búlgaríu og Rúmeníu um fríverslunarsamninga hófust á árinu 1992. Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Búlgaríu var undirritaður 29. mars 1993. Samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Búlgaríu er birtur sem fskj. I með þingsályktunartillögu þessari. Í fskj. II er birt bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins og í fskj. III er að finna tvíhliða landbúnaðarsamning Íslands og Búlgaríu. Nokkrir viðaukar við fríverslunarsamninginn við Búlgaríu eru staðlaðir fyrir alla ofangreinda samninga og fylgja tillögum til þingsályktunar vegna þeirra samninga og eru því ekki í fskj. I.

Lagabreyting vegna þessa samnings er ekki nauðsynleg, sbr. heimild í 6. gr. tollalaga, til að láta koma til framkvæmda ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga.

Fríverslunarsamningurinn við Búlgaríu er mjög hliðstæður þeim sem gerðir hafa verið við Pólland, Ungverjaland, Tékkland og Slóvakíu. Fríverslunarsamningurinn við Búlgaríu tryggir fríverslun milli einstakra EFTA-ríkja og Búlgaríu með iðnaðarvörur (25.–97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá), að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka samningsins. Jafnframt nær hann til ákveðinna vara sem unnar eru að hluta til eða öllu leyti úr landbúnaðarvörum. Þessar vörur eru sérstaklega tilgreindar og nánar kveðið á um framkvæmd þeirra í bókun A við samninginn. Einnig nær samningurinn til fisks og fiskafurða, sbr. C-lið 2. gr. og II. viðauka samningsins.

EFTA-ríkin afnema alla innflutningstolla á vörum sem upprunnar eru í Búlgaríu og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif frá og með gildistöku samningsins, að undanskildum fáeinum vörum sem tilgreindar eru í III. viðauka þar sem nokkur EFTA-ríkjanna hafa lengri aðlögunartíma til að afnema tolla. Hér er einkum um að ræða textílvörur. Ísland hefur ekki sérstakan aðlögunartíma hvað þessa tolla varðar. Aðlögunartími Búlgaríu er til 31. desember 2002, sbr. 1. og 4. gr. og IV. viðauka samningsins. Fríverslun með fisk og fiskafurðir kemst á strax við gildistöku samningsins, sbr. 2. tölul. 1. gr. II. viðauka samningsins.

Sérstök bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins var gerð samhliða samningnum. Í bókuninni eru ýmis túlkunaratriði og útfærslur á samningnum sem ekki þótti viðeigandi að hafa í megintexta hans.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarvörur lýsa samningsríkin sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur, sbr. 13. gr. samningsins. Til að ná þessu markmiði hafa EFTA-ríkin gert tvíhliða samninga við Búlgaríu til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarvörur. Hvað Ísland varðar er hér um að ræða vörur sem ekki eru framleiddar hér á landi, einkum ávexti. Að öðru leyti fellur landbúnaður fyrir utan samninginn.

Viðskipti Íslands og Búlgaríu eru ekki mikil. Á árunum 1990–1992 hefur nær einungis kísilgúr verið fluttur til Búlgaríu. Verðmæti útflutnings til Búlgaríu var á árinu 1990 24 milljónir, 1991 18,5 milljónir og 1992 17,7 milljónir.

Helstu innflutningsvörur frá Búlgaríu eru rafmagnsvélar, tæki og fatnaður. Verðmæti innflutnings var árið 1990 13,9 milljónir, 1991 14,3 milljónir og 1992 26,5 milljónir.

Utanríkisráðuneytið
viðskiptaskrifstofa

Vöruviðskipti Íslands og Búlgaríu
1990, 1991 og 1992

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

Útflutningur (Fob)

	1990.			1991.			1992.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Kísilgúr	1.673,2	24,0	100%	1.132,6	18,5	100%	979,6	16,6	94%
Tæki til frystingar	0,0	0,0	0%	0,0	0,0	0%	3,5	1,1	6%
Samtals	1.673,2	24,0	100%	1.132,6	18,5	100%	983,1	17,7	100%
% heildarútflutningi	0,19%	0,03%		0,13%	0,02%		0,12%	0,02%	

Innflutningur (CIF)

	1990.		1991.		1992.	
	Verðmæti	%	Verðmæti	%	Verðmæti	%
Grænmeti og ávextir	6,6	47,5%	0,0	0,0%	0,1	0,4%
Drykkjarvörur	0,2	1,4%	0,0	0,0%	0,0	0,0%
Lyf og lækningavörur	0,4	2,9%	0,0	0,0%	0,0	0,0%
Leður og leðurvörur	0,0	0,0%	0,3	2,1%	0,0	0,0%
Rafmagnsvélar og tæki	4,3	30,9%	12,3	86,0%	19,6	74,0%
Fatnaður	2,1	15,1%	1,0	7,0%	2,8	10,6%
Aðrar vörur	0,3	2,2%	0,7	4,9%	4,0	15,1%
Samtals	13,9	100%	14,3	100%	26,5	100%
% af heildarinnflutningi	0,01%		0,01%		0,03%	

Fylgiskjal I.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Búlgaríu.

Formálsorð

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur, konungsríkið Svíþjóð, ríkjasambandið Sviss (hér eftir nefnd EFTA-ríkin)

og

lýðveldið Búlgaría (hér eftir nefnt Búlgaría),

sem vísa til ásetnings síns um að stuðla á virkan hátt að efnahagssamvinnu í Evrópu og lýsa sig tilbúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá þróun,

láta, með mikilvægi hefðbundinna tengsla EFTA-ríkja og Búlgaríu í huga og sameiginleg gildi þeirra, í ljós áhuga sinn á að efla tengslin og koma á nánu og varanlegu sambandi,

með hliðsjón af yfirlýsingu sem undirrituð var af EFTA-ríkjum og Búlgaríu í Genf í desember 1991,

sem vísa til skuldbindinga sinna samkvæmt lokaákvörðun Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE) og Parísarsáttmálanum um hina nýju Evrópu og einkum til grundvallarreglna í lokaskjali RÖSE-ráðstefnunnar í Bonn um efnahagssamvinnu í Evrópu,

árétta stuðning sinn við fjölflokkalýðræði er byggist á lögum, mannréttindum, þar á meðal réttindum einstaklinga sem teljast til minnihlutahópa, og grundvallarfrelsi, og vísa til aðildar sinnar að Evrópuráðinu,

með tilliti til stuðnings EFTA-ríkja og Búlgaríu við fríverslun, einkum við grundvallarreglur Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti,

eru sannfærð um að fríverslunarsamningur þessi muni stuðla að því að mynda stærra og samstilltara fríverslunarsvæði í Evrópu og leggja þar með sitt af mörkum til samvinnu í Evrópu,

með hliðsjón af þeim efnahagslega og félagslega mismun sem ríkir milli EFTA-ríkja og Búlgaríu, viðurkenna að markmiðum samningsins þurfi að ná með viðeigandi ákvæðum þar að lútandi,

hafa einsett sér að afnema í áföngum allar hindranir á því sem næst öllum viðskiptum sínum í samræmi við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti,

lýsa sig reiðubúin til að skoða, eftir því sem ástæða gefst til, möguleika á að þróa og efla tengsl sín svo þau nái til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

og með það í huga að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsríkin undan skuldbindingum þeirra samkvæmt öðrum alþjóðasamningum,

hafa ákveðið, í samræmi við ofangreind markmið, að gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.
Markmið

1. EFTA-ríki og Búlgaría skulu koma á fríverslunarsvæði stig af stigi, á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2002, í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. Markmið samnings þessa, sem byggist á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa og virðingu fyrir grundvallarreglum lýðræðis og mannréttindum, eru:

a) Að efla, með auknum gagnkvæmum viðskiptum, samfellda þróun efnahagssamskipta EFTA-ríkja og Búlgaríu, og stuðla þannig, bæði í EFTA-ríkjum og Búlgaríu, að framþróun efnahagslífs, betri lífskjörum og atvinnuskilyrðum og auknum afköstum og fjárhagslegum stöðugleika;

b) að skapa eðlilegar forsendur fyrir samkeppni í viðskiptum milli samningsríkja;

c) að stuðla þannig með afnámi viðskiptahafta að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum.

2. gr.
Gildissvið

Samningurinn tekur til:

a) Framleiðsluvara sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdri vörulýsinga- og vöruheitaskrá, að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í I. viðauka,

b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun,

c) fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í II. viðauka,

sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða Búlgaríu.

3. gr.
Upprunareglur og samvinna um tollaframkvæmd

1. Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

2. Samningsríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal um reglubundna endurskoðun af hálfu sameiginlegu nefndarinnar og stjórnunarsamvinnu, til að tryggja að ákvæði 4. til 9., 14. og 23. gr. samningsins og bókunar B séu framkvæmd til hlítar og á samræmdan hátt og til að draga svo sem unnt er úr þeim formkröfum, sem gerðar eru í viðskiptum, og til að finna lausn á þeim vandamálum sem af framkvæmd ákvæðanna leiðir, þannig að allir geti vel við unað.

4. gr.
Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, verða lögð á viðskipti milli EFTA-ríkja og Búlgaríu.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu EFTA-ríki afnema alla innflutningstolla á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í Búlgaríu, og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, að undanskildum framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í III. viðauka, en tollar á þeim framleiðsluvörum og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif skulu afnumin í áföngum í samræmi við ákvæði viðaukans.

3. Af framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í IV. viðauka og upprunnar eru í EFTA-ríki skal Búlgaríu afnema alla innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif í samræmi við ákvæði viðaukans.

5. gr.
Grunntollar

1. Grunntollurinn á framleiðsluvörum sem á að lækka í áföngum samkvæmt samningnum skal samsvara bestu-kjara tolli sem í gildi var 31. maí 1993.

2. Komi almennar tollalækkanir til framkvæmda eftir gildistöku samnings þessa, m.a. lækkanir sem til framkvæmda koma vegna Úrúgvæ-viðræðna um alþjóðaviðskipti eða aðildar Búlgaríu að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, skulu lækkuðu tollarnir koma í staðinn fyrir grunntolla sem um getur í 1. mgr. frá þeim tíma er slíkar tollalækkanir taka gildi.

3. Reikna skal lækkuðu tollana samkvæmt 4. gr. með einum aukastaf eða, þegar um er að ræða sérstaka tolla, með tveimur aukastöfum.

6. gr.
Fjáröflunartollar

1. Ákvæði 1.–3. mgr. 4. gr. gilda einnig um fjáröflunartolla að öðru leyti en kveðið er á um í bókun C.

2. Samningsríki geta lagt á fjáröflunargjöld í stað fjáröflunartolla eða þess hluta tolls sem er fjáröflunareðlis.

7. gr.
Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir útflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif verða lögð á viðskipti milli EFTA-ríkja og Búlgaríu.

2. EFTA-ríkjum ber að afnema alla útflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif við gildistöku samningsins, að öðru leyti en kveðið er á um í V. viðauka.

3. Búlgaríu ber að afnema í áföngum alla útflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif. Slíkir tollar og gjöld skulu með öllu afnumin eigi síðar en 31. desember 1998.

8. gr.
Magntakmarkanir á innflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á innflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Búlgaríu.

2. Við gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á innflutningi til EFTA-ríkja og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í VI. viðauka.

3. Við gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á innflutningi til Búlgaríu og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar.

9. gr.
Magntakmarkanir á útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á útflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Búlgaríu.

2. Við gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar í EFTA-ríkjum að öðru leyti en kveðið er á um í VII. viðauka.

3. Við gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar í Búlgaríu að öðru leyti en kveðið er á um í VIII. viðauka.

10. gr.
Almennar undantekningar

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna, dýra eða plantna og umhverfisins, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndun hugverka, reglum um meðferð á gulli og silfri, eða um nýtingu óendurnýjanlegra náttúruauðlinda. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsríkja.

11. gr.
Ríkiseinokun

1. Samningsríkin skulu tryggja breytingar á allri ríkiseinokun í viðskiptum, samanber þó ákvæði bókunar D, þannig að við aðdrætti eða markaðssetningu vara sé enginn greinarmunur gerður á ríkisborgurum EFTA-ríkja og Búlgaríu.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda um allar stofnanir sem þar til bær yfirvöld samningsríkjanna nota samkvæmt lögum eða í reynd, beint eða óbeint, til að hafa eftirlit með eða ráða inn- eða útflutningi milli samningsríkja, eða hafa umtalsverð áhrif á hann. Þessi ákvæði gilda einnig um einkasölur sem ríki hefur fengið öðrum í hendur.

12. gr.
Meðferð upplýsinga um drög að tæknilegum reglugerðum

1. EFTA-ríkjum og Búlgaríu ber að tilkynna hvert öðru, með eins löngum fyrirvara og gerlegt er og samkvæmt þeim reglum sem settar eru í IX. viðauka, um drög að tæknilegum reglugerðum og breytingar á þeim sem þau hyggjast gefa út.

2. Samningsríkin skulu leitast við að koma þessari meðferð á innan tveggja ára frá gildistöku samningsins. Reynist slíkt ekki að öllu leyti gerlegt er sameiginlegu nefndinni heimilt að framlengja frestinn.

13. gr.
Viðskipti með landbúnaðarafurðir

1. Samningsríki lýsa sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, til að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir, með tilliti til mikilvægis þeirra fyrir efnahag Búlgaríu.

2. Til að ná þessum markmiðum hefur hvert EFTA-ríki gert tvíhliða samning við Búlgaríu um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

3. Samningsríkjum ber að forðast að beita reglum sínum um búfjár- og jurtasjúkdóma og heilbrigðismál á þann hátt að það valdi mismunun milli samningsríkja og skulu ekki samþykkja nýjar ráðstafanir sem leggja óþarfar hömlur á viðskipti.

14. gr.
Innlendar álögur

1. Samningsríkjum ber að forðast allar fjármálaráðstafanir og -aðgerðir innanlands sem hafa beint eða óbeint í för með sér mismunun milli framleiðsluvara sem upprunnar eru í EFTA-ríki og sambærilegra framleiðsluvara sem upprunnar eru í Búlgaríu.

2. Framleiðsluvörur sem fluttar eru út til samningsríkis skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum álögum en nemur beinum og óbeinum gjöldum sem hafa verið lögð á þær.

15. gr.
Greiðslur

1. Engar hömlur má leggja á greiðslur tengdar vöruviðskiptum milli EFTA-ríkis og Búlgaríu eða yfirfærslur á slíkum greiðslum til landsvæðis samningsríkis þar sem kröfuhafi er búsettur.

2. Samningsríkin skulu forðast að takmarka, með höftum á gjaldeyrisviðskipti eða með stjórnsýsluathöfnum, veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma vegna viðskipta sem íbúi samningsríkis á hlut að.

3. Þangað til gjaldmiðill Búlgaríu er orðinn að fullu skiptanlegur í skilningi VIII. gr. samþykkta Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, áskilur Búlgaría sér rétt til að beita takmörkunum á yfirfærslu gjaldeyris er tengjast veitingu eða viðtöku lána til skamms eða meðallangs tíma, að því marki sem leyfilegt er vegna stöðu Búlgaríu gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, að því tilskildu að þessum takmörkunum sé beitt án mismununar. Beita skal takmörkunum þannig að þær valdi sem minnstri röskun á samningnum. Búlgaría tilkynnir sameiginlegu nefndinni tafarlaust þegar slíkar ráðstafanir eru gerðar og um allar síðari breytingar.

16. gr.
Opinber innkaup

1. Samningsríkin telja það vera æskilegt og mikilvægt markmið samnings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu EFTA-ríki veita fyrirtækjum frá Búlgaríu aðgang að útboðum við opinber innkaup sín í samræmi við samninginn um opinber innkaup frá 12. apríl 1979, eins og honum var breytt með bókun um breytingar frá 2. febrúar 1987, sem samið var um á vegum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti. Búlgaría skal, með tilliti til endurskipulagningar og þróunar efnahagsmála sinna, veita fyrirtækjum EFTA-ríkjanna smám saman aðgang að útboðsgerð á hinum opinbera innkaupamarkaði á sömu forsendum.

3. Eins skjótt og unnt er eftir gildistöku samningsins ber samningsríkjum stig af stigi að aðlaga reglur, skilyrði og aðferðir sem þau nota við að ákveða þátttöku í samningum sem boðnir eru út og gerðir af opinberum yfirvöldum og fyrirtækjum, og af einkafyrirtækjum sem njóta sér- eða einkaréttinda, til að tryggja skýrleika í gerð samninga og koma í veg fyrir mismunun milli hugsanlegra birgja frá samningsríkjunum. Fyrir lok aðlögunartímabilsins ber að koma á fullu jafnvægi milli réttinda og skuldbindinga samningsríkjanna.

4. Sameiginlega nefndin leggur til eða samþykkir, eftir því sem við á, fyrirkomulag þessarar þróunar, meðal annars gildissvið, tímasetningar og reglur sem beita skal.

5. Viðkomandi samningsríki skulu leitast við að fara eftir viðeigandi samningum innan ramma Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

17. gr.
Vernd hugverka

1. Samningsríkin skulu veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar. Þau skulu samþykkja nægilegar og árangursríkar ráðstafanir sem eru án mismununar til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu. Nánar er getið um skuldbindingar samningsríkja í X. viðauka.

2. Eins fljótt og unnt er eftir gildistöku samningsins skulu samningsríki gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að efnislegum ákvæðum marghliða samninganna sem tilgreindir eru í 2. gr. X. viðauka og leggja sig öll fram við að framfylgja þeim og öðrum marghliða samningum sem gerðir eru til að auðvelda samvinnu við að vernda hugverkaréttindi.

3. Samningsríkin skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsríkja lakari vernd á sviði hugverkaréttinda en þá sem veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Hyglun, vild, forréttindi eða friðhelgi sem tilkomin er vegna:

a) tvíhliða samninga sem í gildi eru í samningsríki við gildistöku samningsins og tilkynntir eru öðrum samningsríkjum fyrir 1. janúar 1994,

b) marghliðasamninga sem í gildi eru eða verða gerðir á komandi árum, þar á meðal svæðisbundinna samninga um efnahagssamvinnu, sem samningsríki hafa ekki öll gerst aðilar að,

má undanþiggja þessari skuldbindingu, að því tilskildu að slíkt valdi ekki gerræðislegri eða óréttlátri mismunun gagnvart ríkisborgurum annarra samningsríkja.

Gera má ákvæði b-liðar háð samráði og, ef þörf krefur, endurskoðun að beiðni samningsríkis, til þess að unnt verði að taka tillit til frekari þróunar efnahagssamvinnu.

4. Tveimur samningsríkjum eða fleirum er heimilt að gera frekari samninga sín í milli um víðtækari vernd en samkvæmt samningi þessum, að því tilskildu þó að öll önnur samningsríki geti gerst aðilar að þeim með sambærilegum skilmálum og að samningsríki séu tilbúin að hefja samningaviðræður í þessu skyni af heilindum.

5. Samningsríki skulu samþykkja viðeigandi tilhögun fyrir tækniaðstoð og samvinnu milli yfirvalda samningsríkja. Í þeim tilgangi skulu þau hafa samstarf við viðkomandi alþjóðastofnanir.

18. gr.
Reglur um samkeppni fyrirtækja

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem það hefur áhrif á viðskipti EFTA-ríkis og Búlgaríu:

a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks;

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu sinni á landsvæðum samningsríkja í heild eða á verulegum hluta þeirra.

2. Frá og með þriðju árinu eftir gildistöku samningsins, skulu ákvæði 1. mgr. einnig gilda um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda er samningsríki hafa veitt þeim, en beiting ákvæðanna má þó ekki torvelda þeim að inna af hendi skyldur sínar að lögum eða í raun.

3. Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. og 2. mgr. og ef af því leiðir eða gæti leitt alvarlega skerðingu á hagsmunum samningsríkis eða tilfinnanlegan skaða fyrir atvinnulíf þess, er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem er tilgreind í 25. gr.

19. gr.
Ríkisaðstoð

1. Sérhver aðstoð sem samningsríki veitir eða felst með einhverju móti í ráðstöfun ríkisfjármuna og raskar eða gæti raskað samkeppni með því að hygla einstökum fyrirtækjum eða einstakri framleiðslugrein, samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Búlgaríu.

2. Meta skal athæfi sem brýtur í bága við 1. mgr. á grundvelli forsendna sem tilgreindar eru í XI. viðauka.

3. Að því er varðar framkvæmd ákvæða 1. og 2. mgr. viðurkenna samningsríki að Búlgaríu er heimilt, í fimm ár frá gildistöku samningsins, að veita umfangsmeiri aðstoð en leyfilegt væri að beitt yrði af hálfu EFTA-ríkja samkvæmt þeim forsendum sem tilgreindar eru í XI. viðauka. Sameiginlega nefndin getur, með tilliti til efnahagsástandsins í Búlgaríu, ákveðið að ákvæði þessu verði beitt lengur.

4. Samningsríkin skulu tryggja skýrleika í meðferð ríkisaðstoðar með því að skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í XII. viðauka.

5. Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. mgr. er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn því samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem er tilgreind í 25. gr., sem mega þó ekki vera víðtækari en skaðinn gefur tilefni til. Ráðstafanir skulu þó ekki brjóta í bága við aðrar alþjóðaskuldbindingar samningsríkisins.

20. gr.
Undirboð

Verði EFTA-ríki vart við að beitt sé undirboðum, í skilningi VI. greinar Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, í viðskiptum við Búlgaríu eða verði Búlgaría vör við að beitt sé undirboðum í þessum skilningi í viðskiptum við EFTA-ríki getur viðkomandi samningsríki gripið til viðeigandi gagnráðstafana í samræmi við samkomulagið um framkvæmd VI. greinar Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og þá aðferð sem tilgreind er í 26. gr.

21. gr.
Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar framleiðsluvöru

Þegar innflutningur tiltekinnar framleiðsluvöru eykst svo mjög og við slík skilyrði að það valdi eða geti valdið:

a) alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra framleiðsluvara eða samkeppnisvara á landsvæði samningsríkisins sem flytur inn eða

b) alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga í einstökum landshlutum

er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

22. gr.
Endurskipulagning

1. Búlgaríu er heimilt, í takmarkaðan tíma, að grípa til sérstakra ráðstafana í formi hækkaðra tolla sem víkja frá ákvæðum 4. gr.

2. Ráðstafanirnar skulu eingöngu vernda iðnað á byrjunarstigi eða einstakar greinar atvinnulífs sem verið er að endurskipuleggja eða sem standa frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum, einkum þegar þessir erfiðleikar valda miklum félagslegum vandkvæðum.

3. Tollar sem lagðir kunna að verða á innflutning til Búlgaríu frá EFTA-ríkjum með slíkum ráðstöfunum mega ekki vera hærri en 25% að verðmæti og skulu framleiðsluvörur frá EFTA-ríkjum njóta að einhverju leyti hagstæðari kjara en aðrar. Verðmæti framleiðsluvaranna sem þessar ráðstafanir taka til skal ekki nema meira en 15% alls árlegs innflutnings iðnaðarvara frá EFTA-ríkjum samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. og samkvæmt nýjustu fáanlegum tölum.

4. Beita má ráðstöfununum í fimm ár hið lengsta nema sameiginlega nefndin heimili lengra tímabil. Þær falla niður í síðasta lagi í lok aðlögunartímabilsins.

5. Óheimilt er að beita slíkum ráðstöfunum gagnvart framleiðsluvöru sem hefur verið án tolla, gjalda sem hafa samsvarandi áhrif eða magntakmarkana í þrjú ár eða lengur.

6. Búlgaríu ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni fyrirfram um allar sérstakar ráðstafanir sem hún hyggst grípa til og, að beiðni EFTA-ríkja, hafa samráð um ráðstafnirnar og til hvaða atvinnugreina þær taki í sameiginlegu nefndinni áður en þeim er beitt. Þegar Búlgaría grípur til slíkra ráðstafana ber henni að afhenda sameiginlegu nefndinni tímaáætlun um afnám tollanna sem lagðir eru á samkvæmt þessari grein. Í tímaáætluninni skal gera grein fyrir afnámi tollanna í jöfnum árlegum áföngum, sem hefjist eigi síðar en tveimur árum eftir að þeim er komið á. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að ákveða aðra tímaáætlun.

23. gr.
Endurútflutningur og alvarlegur skortur á framleiðsluvöru

Leiði beiting ákvæðanna í 7. og 9. gr. til þess að:

a) framleiðsluvara verði endurútflutt til þriðja lands og samningsríkið sem flutt er út frá hefur beitt magntakmörkunum á útflutningi, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart útflutningi umræddrar framleiðsluvöru þangað, eða

b) alvarlegur skortur verði eða gæti orðið á framleiðsluvöru sem samningsríki sem flutt er út frá er nauðsynleg

og þar sem ofangreindar ástæður valda, eða gætu valdið, alvarlegum vandkvæðum fyrir samningsríki sem flutt er út frá, er því samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr. Ráðstafanir skulu vera án mismununar og skulu afnumdar um leið og aðstæður réttlæta þær ekki lengur.

24. gr.
Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

1. Lendi EFTA-ríki eða Búlgaría í alvarlegum erfiðleikum, eða sjái fram á erfiðleika, varðandi greiðslujöfnuð sinn er EFTA-ríki eða Búlgaríu, eftir því sem við á, heimilt að grípa til takmarkandi ráðstafana, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru með Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, sem skulu vara í takmarkaðan tíma og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leiðrétta erfiðleikana vegna greiðslujafnaðar. Ráðstöfunum ber að aflétta stig af stigi eftir því sem erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar minnka og með öllu þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur. EFTA-ríkinu eða Búlgaríu ber að tilkynna hinum samningsríkjunum og sameiginlegu nefndinni um ráðstafanir þegar gripið er til þeirra, og um tímaáætlun um afnám þeirra, eins skjótt og unnt er.

2. Samningsríkjum ber engu að síður að reyna eftir megni að forðast að grípa til takmarkandi ráðstafana vegna greiðslujafnaðar.

25. gr.
Aðferð við beitingu öryggisráðstafana

1. Áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem tilgreindar eru í eftirfarandi málsgreinum þessarar greinar skulu samningsríkin leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum samningsríkjum þar um.

2. Þrátt fyrir 6. mgr. þessarar greinar ber samningsríki, sem íhugar að beita öryggisráðstöfunum, að tilkynna hinum samningsríkjunum og sameiginlegu nefndinni þegar þar um og láta þeim í té allar upplýsingar sem máli skipta. Samningsríki skulu hefja viðræður innan sameiginlegu nefndarinnar án tafar til að leita lausnar sem öll ríkin geta sætt sig við.

3. a) Að því er varðar 18. og 19. gr. skulu samningsríki sem í hlut eiga veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, þegar við á, binda enda á athæfið sem mótmælt hefur verið. Hafi samningsríki, sem í hlut á, ekki bundið enda á athæfið sem mótmælt er innan þess tímabils sem sameiginlega nefndin ákveður, eða ef nefndin kemst ekki að samkomulagi eftir samráð eða þremur mánuðum eftir að málinu var vísað til hennar, er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegt til að mæta vandkvæðunum sem af athæfinu stafa.

b) Að því er varðar 20., 21. og 23. gr. skal sameiginlega nefndin rannsaka málið eða ástandið og taka þá ákvörðun sem þörf er á til að binda enda á erfiðleika sem samningsríki hefur tilkynnt um. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi samningsríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegt til að bæta úr ástandinu.

c) Að því er varðar 30. gr. skal hlutaðeigandi samningsríki láta sameiginlegu nefndinni í té allar upplýsingar sem komið geta að notum við rannsókn málsins til að leita lausnar sem öll ríki geta sætt sig við. Finni sameiginlega nefndin ekki lausn eða ef þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynnt var um málið er hlutaðeigandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana.

4. Skylt er að tilkynna öllum samningsríkjum og sameiginlegu nefndinni þegar um öryggisráðstafanir sem gripið er til. Umfang þeirra og gildistími skal takmarkast við það sem óhjákvæmilegt er til að bæta úr því ástandi sem leiddi til beitingar þeirra og skulu þær ekki vera umfangsmeiri en sá skaði sem umrætt athæfi eða erfiðleikar hafa valdið. Reynt skal eftir megni að beita þeim ráðstöfunum sem minnst hindra framkvæmd samningsins. Ráðstafanir sem Búlgaría grípur til vegna aðgerða eða aðgerðaleysis EFTA-ríkis skulu einungis beinast að viðskiptum við það ríki. Einungis EFTA-ríki eða -ríkjum sem hefur orðið fyrir áhrifum af aðgerðum eða aðgerðaleysi Búlgaríu er heimilt að grípa til ráðstafana sem beinast gegn slíkum aðgerðum eða aðgerðaleysi.

5. Efna skal til reglubundins samráðs um öryggisráðstafanir í sameiginlegu nefndinni og leita leiða til að draga úr þeim, finna aðra valkosti í stað þeirra eða afnema þær eins fljótt og unnt er.

6. Þegar óvenjulegar aðstæður kalla á tafarlausar aðgerðir og útiloka að þær verði kannaðar fyrirfram getur viðkomandi samningsríki, í tilvikum sem um ræðir í 20., 21. og 23. gr., gripið strax til varrúðar-

og bráðabirgðaráðstafana sem brýn þörf er á til að bæta úr ástandinu. Tilkynna ber sameiginlegu nefndinni um ráðstafanirnar án tafar og efna til samráðs milli samningsríkja innan sameiginlegu nefndarinnar.

26. gr.
Undanþágur af öryggisástæðum

Ekkert ákvæði þessa samnings kemur í veg fyrir að samningsríki geri ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar:

a) til að koma í veg fyrir uppljóstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum,

b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni, standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu sína

i) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og herbúnað, enda spilli ráðstafanirnar ekki fyrir samkeppni á sviði framleiðsluvara sem ekki eru sérstaklega ætlaðar til hernaðarnota, og viðskipti með aðrar vörur, efni eða þjónustu sem fer fram beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila, eða

ii) gagnvart útbreiðslu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengja, eða

iii) á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna í alþjóðamálum ógnar friði.

27. gr.
Sameiginlega nefndin

1. Sameiginlega nefndin, sem sett var á stofn samkvæmt Genfar-yfirlýsingunni, skal annast umsjón og stjórn á framkvæmd samningsins.

2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsríki skiptast á upplýsingum og efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni að beiðni samningsríkis. Sameiginlega nefndin skal kanna af og til frekari möguleika á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkja og Búlgaríu.

3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem svo er kveðið á um í samningnum. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

28. gr.
Störf sameiginlegu nefndarinnar

1. Til að annast framkvæmd samningsins eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman eins oft og nauðsyn ber til og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Sérhverju samningsríki er heimilt að fara þess á leit að fundur verði haldinn.

2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu hljóta samhljóða samþykki.

3. Hafi fulltrúi samningsríkis í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að uppfyllt verði stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, sé ekki kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.

4. Að því er lýtur að samningi þessum setur sameiginlega nefndin eigin starfsreglur, er m.a. kveða á um hvernig boða skal til fundar, hver veitir nefndinni formennsku og hve lengi formaður skal sitja.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

29. gr.
Þróunarákvæði

1. Þegar samningsríki telur það til framdráttar efnahag samningsríkja að þróa enn frekar þau samskipti sem til hefur verið stofnað með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til, sendir það öðrum samningsríkjum rökstudda beiðni þar um. Samningsríkin geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna beiðnina og leggja fyrir þau tillögur þar að lútandi ef við á, einkum með það fyrir augum að hefja samningsviðræður.

2. Samningar, sem kunna að verða gerðir eftir þeirri leið sem um getur í 1. mgr., eru háðar fullgildingu eða samþykki samningsríkja eins og ráð er fyrir gert í reglum þeirra.

30. gr.
Uppfylling skuldbindinga

1. Samningsríki skulu gera allar almennar eða sértækar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að markmið samningsins náist og til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

2. Telji EFTA-ríki að Búlgaría hafi ekki, eða telji Búlgaría að EFTA-ríki hafi ekki, uppfyllt skuldbindingu samkvæmt samningnum getur viðkomandi samningsríki gripið til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

31. gr.
Viðaukar og bókanir

Viðaukar og bókanir við samninginn eru óaðskiljanlegir hlutar hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið breytingar á viðaukunum og bókunum A, B og F.

32. gr.
Viðskipti sem heyra undir aðra samninga

1. Samningur þessi gildir um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Búlgaríu hins vegar en ekki um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í samningnum.

2. Samningurinn milli Finnlands og Búlgaríu um gagnkvæmt afnám viðskiptahindrana, sem undirritaður var 26. apríl 1976, með áorðnum breytingum (hér eftir nefndur Finnsk-búlgarski samningurinn), skal gilda áfram á aðlögunartímabili þangað til hagsbætur sem þessi samningur kveður á um hafa komið að fullu í stað gagnkvæmra hagsbóta sem samningur sá færði samningsríkjunum. Á því stigi skal Finnsk-búlgarski samninginn felldur úr gildi með sameiginlegri ákvörðun Finnlands og Búlgaríu. Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ívilnanir verði ekki afturkallaðar með niðurfellingu Finnsk-búlgarska samningsins. Tilkynna ber öðrum ríkjum sem aðild eiga að samningi þessum um ákvörðunina og meðfylgjandi ráðstafanir án tafar.

Gildistaka samnings þessa má ekki verða til þess að úr gildi sé felld nein ívilnun samkvæmt Finnsk-búlgarska samningnum. Verði hætta á að svo verði, skulu Finnland og Búlgaría þegar efna til samráðs sín í milli til að eyða hættunni.

3. Ákvæði 7., 9., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 22., 23. og 29. gr. samnings þessa gilda að breyttu breytanda um viðskipti milli Finnlands og Búlgaríu samkvæmt Finnsk-búlgarska samningnum.

4. Nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar er að finna í XIII. viðauka við samning þennan.

33. gr.
Tollabandalög, fríverslunarsvæði og landamæraviðskipti

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir það að tollabandalögum eða fríverslunarsvæðum eða ráðstöfunum um landamæraviðskipti verði haldið við eða til þeirra stofnað að því marki sem það hefur ekki neikvæð áhrif á það fyrirkomulag viðskipta, einkum upprunareglur, sem kveðið er á um í samningnum.

34. gr.
Landsvæði þar sem samningur þessi gildir

Samningurinn tekur til landsvæða samningsríkjanna.

35. gr.
Breytingar

Breytingar á samningnum, að öðru leyti en um getur í 31. gr., sem sameiginlega nefndin samþykkir, skulu lagðar fyrir samningsríkin til samþykkis og öðlast gildi þegar öll ríki hafa samþykkt þær. Samþykktarskjölum skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

36. gr.
Aðild

1. Sérhvert ríki sem aðild hlýtur að Fríverslunarsamtökum Evrópu getur gerst aðili að samningnum, svo framarlega sem sameiginlega nefndin ákveður að samþykkja aðild þess, og skal þá um hana samið milli samningsríkjanna og hins nýja aðildarríkis, með þeim kjörum og skilyrðum sem sett kunna að verða í þeirri ákvörðun. Aðildarskjalinu skal koma í vörslu hjá vörsluaðila.

2. Að því er varðar ríki, sem gerist aðili, skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu.

37. gr.
Úrsögn og niðurfelling samningsins

1. Sérhvert samningsríki getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega. Úrsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að hún berst vörsluaðila.

2. Dragi Búlgaría aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn og ef öll EFTA-ríki draga aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi eftir að síðasti uppsagnarfresturinn er liðinn.

3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum sjálfkrafa niður þann dag er úrsögnin tekur gildi.

38. gr.
Gildistaka

1. Samningurinn öðlast gildi 1. júlí 1993 gagnvart samningsríkjum sem hafa komið fullgildingar- eða staðfestingarskjölum sínum til vörsluaðilans, að því tilskildu að Búlgaría sé meðal þeirra ríkja sem komið hafa fullgildingar- eða staðfestingarskjölum sínum í vörslu.

2. Þegar um er að ræða ríki sem undirritar samninginn og kemur fullgildingar- eða staðfestingarskjali sínu í vörslu eftir 1. júlí 1993 öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalinu hefur verið komið í vörslu hjá vörsluaðila, að því tilskildu að samningurinn öðlist gildi gagnvart Búlgaríu eigi síðar en þann dag.

3. Ríki sem undirritar samninginn getur þegar við undirritun lýst yfir að geti samningurinn ekki tekið gildi gagnvart því ríki 1. júlí 1993 muni það fyrst í stað beita ákvæðum hans til bráðabirgða, að því tilskildu að hannn hafi tekið gildi gagnvart Búlgaríu.

39. gr.
Vörsluaðili

Ríkisstjórn Svíþjóðar, sem gegnir hlutverki vörsluaðila, tilkynnir öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum um afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða aðild, gildistöku samningsins eða niðurfellingu hans eða úrsögn samningsríkis.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Genf, 29. mars 1993, í einu fullgildu eintaki á ensku sem komið skal í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samninginn og gerast aðilar, staðfest afrit.

Með þingsályktunartillögu þessari voru birt þrjú fylgiskjöl.

Auk samningsins voru á fskj. I prentuð eftirtalin gögn: Tafla VII við bókun A, II. viðauki sem um getur í c-lið 2. gr. samningsins, IV. viðauki sem um getur í 3. mgr. 4. gr., tafla A við IV. viðauka, tafla B við IV. viðauka, X. viðauki sem um getur í 18. gr. og XII. viðauki.

Við umfjöllun utanríkismálanefndar þingsins kom í ljós að láðst hafði að prenta með samningnum bókun A um vörur sem um getur í b-lið 2. gr. samningsins, en hún tekur til ákveðinna vara sem unnar eru að hluta til eða að öllu leyti úr landbúnaðarvörum. Bókun A var því birt sem fylgiskjal með nefndaráliti um málið á þskj. 870. Rétt er að geta þess einnig að töflur I og VII við bókun A, sem birtar eru í þskj. 645 með samningnum við Rúmeníu, gilda einnig um samninginn við Búlgaríu, sbr. nefndarálit utanríkismálanefndar.

Á fskj. II var birt bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins og á fskj. III tvíhliða landbúnaðarsamningur Íslands og Búlgaríu.

Einnig voru öll framangreind gögn prentuð í enskri þýðingu með þingsályktunartillögunni.

Um fylgiskjöl og fylgigögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Enn fremur verður samningurinn ásamt bókunum og viðaukum prentaður í C-deild Stjórnartíðinda.

644. Tillaga til þingsályktunar [432. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Ungverjalands sem gerður var í Genf 29. mars 1993.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á árinu 1990 var ákveðið að hefja samningaviðræður um fríverslunarsamninga milli EFTA-ríkjanna og Póllands, Ungverjalands, Tékklands og Slóvakíu. Samningaviðræðum við öll þessi ríki er nú lokið með gerð fríverslunarsamninga. Samningurinn við Ungverjaland var undirritaður í Genf 29. mars 1993. Fríverslunarsamningar við önnur ofangreind ríki voru undirritaðir á árinu 1992 og hafa þegar tekið gildi gagnvart Íslandi. Samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Ungverjalands er birtur sem fskj. I með þingsályktunartillögu þessari. Í fskj. II er birt bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins og í fskj. III er að finna tvíhliða landbúnaðarsamning Íslands og Ungverjalands.

Lagabreytingar vegna þessa samnings eru ekki nauðsynlegar, sbr. heimild í 6. gr. tollalaga, til að láta koma til framkvæmda ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga.

Fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna og Póllands, Ungverjalands, Tékklands og Slóvakíu eru mjög hliðstæðir. Fríverslunarsamningurinn við Ungverjaland tryggir fríverslun milli einstakra EFTA-ríkja og Ungverjalands með iðnaðarvörur (25.–97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá), að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka samningsins. Jafnframt nær hann til ákveðinna vara sem unnar eru að hluta til eða að öllu leyti úr landbúnaðarvörum. Þessar vörur eru sérstaklega tilgreindar og nánar kveðið á um meðferð þeirra í bókun A við samninginn. Einnig nær samningurinn til fisks og fiskafurða, sbr. C-lið 2. gr. og II. viðauka samningsins.

EFTA-ríkin afnema alla innflutningstolla á vörum sem upprunnar eru í Ungverjalandi og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif frá og með gildistöku samningsins, að undanskildum fáeinum vörum sem tilgreindar eru í III. viðauka þar sem nokkur EFTA-ríkjanna hafa lengri aðlögunartíma til að afnema tolla. Hér er einkum um að ræða textílvörur. Ísland hefur ekki sérstakan aðlögunartíma hvað þessa tolla og gjöld varðar. Aðlögunartími Ungverjalands er til 1. janúar 2001, sbr. 4. gr. og IV.–V. viðauka samningsins. Sérstök ákvæði gilda um aðlögunartíma Ungverjalands varðandi afnám innflutningstolla á fiski og fiskafurðum og gjalda sem hafa samsvarandi áhrif. Meginreglan er sú að slíkir tollar og gjöld falli niður við gildistöku samningsins, sbr. 2. tölul. 1. gr. II. viðauka samningsins. Í allnokkrum tilvikum er um aðlögunartíma að ræða við niðurfellingu þessara tolla og gjalda, sbr. 7.–11. gr. II. viðauka samningsins.

Sérstök bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins var gerð samhliða samningnum. Í bókuninni eru ýmis túlkunaratriði og útfærslur á samningnum sem ekki þótti viðeigandi að hafa í megintexta hans.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarvörur lýsa samningsríkin sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir, sbr. 14. gr. samningsins. Til að ná þessu markmiði hafa EFTA-ríkin gert tvíhliða samninga við Ungverjaland til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarvörur. Hvað Ísland varðar er hér um að ræða vörur sem ekki eru framleiddar hér á landi, einkum ávexti. Að öðru leyti fellur landbúnaður fyrir utan samninginn.

Viðskipti Íslands og Ungverjalands eru ekki mikil. Helstu útflutningsvörur á árinu 1990 voru loðsútuð skinn, síldarmjöl, kísilgúr, lagmeti og þorskmjöl. Það ár var verðmæti útflutnings tæplega 100 milljónir. Árið 1991–1992 var nær eingöngu fluttur út til Ungverjalands kísilgúr. Verðmæti útflutnings árið 1991 var 5,9 milljónir og árið 1992 13,5 milljónir. Hið sama gildir um önnur Mið- og Austur-Evrópuríki. Útflutningur þangað hefur dregist mjög saman undanfarin ár þó að horfur séu nú aftur að vænkast.

Helstu innflutningsvörur frá Ungverjalandi eru fatnaður, spunagarn og vefnaðarvörur, rafmagnsvélar og tæki. Verðmæti innflutnings var árið 1990 52,5 milljónir, 1991 114,6 milljónir og árið 1992 56,5 milljónir.

Ungverjaland og Tékkland eru þau ríki í þessum hluta Evrópu sem mestar væntingar eru bundnar við á næstu árum og fríverslunarsamningur þessi gæti orðið góður grunnur að aukningu viðskipta milli Íslands og Ungverjalands í framtíðinni.

Utanríkisráðuneytið
viðskiptaskrifstofa

Vöruviðskipti Íslands og Ungverjalands 1990, 1991 og 1992

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

Útflutningur (Fob)

	1990.			1991.			1992.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Þorskmjöl	157,5	3,8	3,9%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Síldarmjöl	655,5	17,4	17,8%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Lagmeti (fiskmeti)	12,4	4,8	4,9%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Kísilgúr	316,1	5,2	5,3%	278,9	4,6	78,0%	765,1	13,0	96,3%
Loðsútuð skinn	22,9	58,7	60,1%	0,5	1,3	22,0%	0,0	0,0	0,0%
Aðrar vörur	50,7	7,8	8,0%	0,0	0,0	0,0%	0,4	0,5	3,7%
Samtals	1.215,1	97,7	100%	279,4	5,9	100%	765,5	13,5	100%
% af heildarútflutningi		0,14%	0,11%		0,04%	0,01%		0,09%	0,02%

Innflutningur (CIF)

	1990.			1991.			1992.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Drykkjarvörur		0,5	1,0%		1,0	0,9%		1,3	2,3%
Lífræn kemísk efni		2,3	4,4%		0,5	0,4%		1,5	2,7%
Spunagarn og vefnaðarvörur		9,5	18,1%		22,2	19,4%		8,7	15,4%
Málmar aðrir en járn		0,2	0,4%		7,4	6,5%		0,4	0,7%
Rafmagnsvélar og tæki		9,3	17,7%		15,4	13,5%		9,8	17,3%
Húsögn		2,5	4,8%		3,4	3,0%		1,8	3,2%
Fatnaður		12,0	22,9%		14,6	12,7%		15,2	26,9%
Skófatnaður		1,3	2,5%		0,2	0,2%		3,3	5,8%
Aðrar vörur		14,9	28,4%		49,9	43,5%		14,5	25,7%
Samtals	0,0	52,5	100%	0,0	114,6	100%	0,0	56,5	100%
% af heildarinnflutningi		0,00%	0,05%		0,00%	0,11%		0,00%	0,06%

Fylgiskjal I.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Ungverjalands.

Formálsorð

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur, konungsríkið Svíþjóð, ríkjasambandið Sviss (hér eftir nefnd EFTA-ríkin)

og

lýðveldið Ungverjaland (hér eftir nefnt Ungverjaland),

sem vísa til ásetnings síns um að stuðla á virkan hátt að efnahagssamvinnu í Evrópu og lýsa sig tilbúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá þróun,

með hliðsjón af yfirlýsingu sem undirrituð var af EFTA-ríkjum og Ungverjalandi í Gautaborg 13. júní 1990,

sem vísa til skuldbindinga sinna samkvæmt lokaákvörðun Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE) og Parísarsáttmála um hina nýju Evrópu og einkum til grundvallarreglna í lokaskjali RÖSE-ráðstefnunnar í Bonn um efnahagssamvinnu í Evrópu,

árétta stuðning sinn við grundvallarreglur markaðsbúskapar, sem samvinna þeirra mun byggja á,

með tilliti til bókunarinnar um samkomulag milli Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu og ríkisstjórnar Ungverjalands, sem undirrituð var 4. júní 1991 í París, einkum þar sem Ungverjaland hét því að stíga lokaskrefin við að skapa efnahagsundirstöðu, lagagrundvöll og stofnanir sem þörf er á til að festa markaðsbúskap í sessi,

árétta stuðning sinn við fjölflokkalýðræði er byggist á lögum, mannréttindum og grundvallarfrelsi, og vísa til aðildar sinnar að Evrópuráðinu,

eru sannfærð um að fríverslunarsamningur þessi muni stuðla að því að mynda stærra og samstilltara fríverslunarsvæði í Evrópu og leggja þar með sitt af mörkum til efnahagssamvinnu í Evrópu,

hafa einsett sér að afnema í áföngum allar hindranir á því sem næst öllum viðskiptum sínum í samræmi við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti,

lýsa sig reiðubúin til að skoða, eftir því sem ástæða gefst til, möguleika á að þróa og efla tengsl sín svo þau nái til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

og með það í huga að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsríkin undan skuldbindingum þeirra samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, einkum Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti,

hafa ákveðið, í samræmi við ofangreind markmið, að gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.
Markmið

1. EFTA-ríki og Ungverjaland skulu koma á fríverslunarsvæði stig af stigi, á aðlögunartímabili sem lýkur eigi síðar en 30. júní 2003, í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. Markmið samnings þessa, sem byggist á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa, eru:

a) Að efla, með auknum gagnkvæmum viðskiptum, samfellda þróun efnahagssamskipta EFTA-ríkja og Ungverjalands, og stuðla þannig, bæði í EFTA-ríkjum og Ungverjalandi, að framþróun efnahagslífs, betri lífskjörum og atvinnuskilyrðum og auknum afköstum og fjárhagslegum stöðugleika;

b) að skapa eðlilegar forsendur fyrir samkeppni í viðskiptum milli samningsríkja;

c) að stuðla þannig með afnámi viðskiptahafta að samfelldri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum.

2. gr.
Gildissvið

Samningurinn tekur til:

a) Framleiðsluvara sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdri vörulýsinga- og vöruheitaskrá, að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í I. viðauka,

b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun,

c) fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í II. viðauka, að teknu tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeim viðauka,

sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða Ungverjalandi.

3. gr.
Upprunareglur og samvinna um tollaframkvæmd

1. Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

2. Samningsríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal um reglubundna endurskoðun af hálfu sameiginlegu nefndarinnar og stjórnunarsamvinnu, til að tryggja að ákvæði 4., 5., 7., 8., 9. og 10. gr. samningsins og bókunar B séu framkvæmd til hlítar og á sem samræmdastan hátt og til að draga svo sem unnt er úr þeim formkröfum, sem gerðar eru í viðskiptum, og til að finna lausn á þeim vandamálum sem af framkvæmd ákvæðanna leiðir, þannig að allir geti vel við unað.

4. gr.
Innflutningstollar

1. Engir nýir innflutningstollar verða lagðir á viðskipti milli EFTA-ríkja og Ungverjalands.

2. Innflutningstollar skulu lækka stig af stigi og að lokum afnumdir að fullu í samræmi við eftirarandi tímaáætlun:

a) Frá og með gildistöku samningsins skulu EFTA-ríki afnema alla innflutningstolla á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í Ungverjalandi, að undanskildum framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í III. viðauka, en tollar á þeim framleiðsluvörum skulu afnumdir í áföngum í samræmi við ákvæði viðaukans.

b) i) Lækka ber í áföngum innflutningstolla, sem í gildi eru í Ungverjalandi, á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í EFTA-ríki og skráðar eru í IV. viðauka:

Við gildistöku samningsins:	Í einn þriðja af grunntollinum
1. janúar 1994:	Í núll.

ii) Lækka ber í áföngum innflutningstolla, sem í gildi eru í Ungverjalandi, á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í EFTA-ríki og ekki eru skráðar í IV. eða V. viðauka:

1. janúar 1995:	Í tvo þriðju af grunntollinum
1. janúar 1996:	Í einn þriðju af grunntollinum
1. janúar 1997:	Í núll.

iii) Lækka ber í áföngum innflutningstolla, sem í gildi eru í Ungverjalandi, á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í EFTA-ríki og skráðar eru í V. viðauka:

1. janúar 1995:	Í 90% af grunntollinum
1. janúar 1996:	Í 75% af grunntollinum
1. janúar 1997:	Í 60% af grunntollinum
1. janúar 1998:	Í 45% af grunntollinum
1. janúar 1999:	Í 30% af grunntollinum
1. janúar 2000:	Í 15% af grunntollinum
1. janúar 2001:	Í núll.

3. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að lækkanir komi til framkvæmda fyrr en tilgreint er í framangreindri áætlun.

5. gr.
Grunntollar

1. Grunntollurinn á framleiðsluvörum sem á að lækka í áföngum samkvæmt samningnum skal samsvara bestu-kjara tollinum sem í gildi var 29. febrúar 1992.

2. Komi almennar tollalækkanir til framkvæmda eftir gildistöku samnings þessa, m.a lækkanir sem nást í Úrúgvæ-viðræðunum um alþjóðaviðskipti, skulu lækkuðu tollarnir koma í staðinn fyrir grunntolla sem um getur í 1. mgr. frá þeim tíma er slíkar tollalækkanir taka gildi.

3. Reikna skal lækkuðu tollana samkvæmt 4. gr. með einum aukastaf eða, þegar um er að ræða sérstaka tolla, með tveimur aukastöfum.

6. gr.
Gjöld sem hafa samsvarandi áhrif og innflutningstollar

1. Engin ný gjöld sem hafa samsvarandi áhrif og innflutningstollar verða lögð á viðskipti milli EFTA-ríkja og Ungverjalands.

2. Öll gjöld sem hafa samsvarandi áhrif og innflutningstollar skulu afnumin eigi síðar en við gildistöku samningsins, að öðru leyti en kveðið er á um í VI. viðauka.

7. gr.

Fjáröflunartollar

1. Ákvæði um bann við innflutningstollum og afnám þeirra gilda einnig um fjáröflunartolla að öðru leyti en kveðið er á um í bókun C.

2. Samningsríki geta lagt á fjáröflunargjöld í stað fjáröflunartolla eða þess hluta tolls sem er fjáröflunareðlis.

8. gr.

Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir útflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif verða lögð á viðskipti milli EFTA-ríkja og Ungverjalands.

2. Afnema ber alla útflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif eigi síðar en við gildistöku samningsins, að öðru leyti en kveðið er á um í VII. viðauka.

9. gr.

Magntakmarkanir á innflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á innflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ungverjalands.

2. Eigi síðar en við gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á innflutningi til EFTA-ríkja og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í VIII. viðauka.

3. Eigi síðar en við gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á innflutningi til Ungverjalands og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í bókun A, II. viðauka og IX. viðauka.

4. Frá og með gildistöku samningsins skal Ungverjaland afnema ákvæði um hámarksmagn innfluttra framleiðsluvara sem skráðar eru í X. viðauka og samkvæmt skilyrðum sem þar um getur.

5. Sameiginlegu nefndinni ber að endurskoða með reglubundnum hætti hvernig afnámi magntakmarkana hefur miðað.

10. gr.

Magntakmarkanir á útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á útflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ungverjalands.

2. Eigi síðar en við gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar í EFTA-ríkjum að öðru leyti en kveðið er á um í XI. viðauka.

3. Eigi síðar en við gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar í Ungverjalandi að öðru leyti en kveðið er á um í XII. viðauka.

11. gr.
Almennar undantekningar

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna, dýra eða plantna og umhverfisins, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndun hugverka, eða reglum um meðferð á gulli og silfri. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsríkja.

12. gr.
Ríkiseinokun

1. Samningsríkin skulu tryggja breytingar á allri ríkiseinokun í viðskiptum, samanber þó ákvæði bókunar D, þannig að við aðdrætti eða markaðssetningu vara sé enginn greinarmunur gerður á ríkisborgurum EFTA-ríkja og Ungverjalands.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda um allar stofnanir sem þar til bær yfirvöld samningsríkjanna nota samkvæmt lögum eða í reynd, beint eða óbeint, til að hafa eftirlit með eða ráða inn- eða útflutningi milli samningsríkja, eða hafa umtalsverð áhrif á hann. Þessi ákvæði gilda einnig um einkasölur sem ríki hefur fengið öðrum í hendur.

13. gr.
Tilkynning um drög að tæknilegum reglugerðum

1. EFTA-ríkjum og Ungverjalandi ber að tilkynna hvert öðru með eins löngum fyrirvara og gerlegt er og samkvæmt þeim reglum sem settar eru í XIII. viðauka um drög að tæknilegum reglugerðum og breytingar á þeim sem þau hyggjast gefa út.

2. Beita skal ákvæðum þessarar greinar og XIII. viðauka fyrst einu ári eftir gildistöku samningsins.

14. gr.
Viðskipti með landbúnaðarafurðir

1. Samningsríki lýsa sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, til að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir og efna til

viðræðna milli samningsríkja sem í hlut eiga með reglubundnum hætti á viðeigandi vettvangi.

2. Til að ná þessum markmiðum hefur hvert EFTA-ríki gert tvíhliða samning við Ungverjaland um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

3. Samningsríkjum ber að forðast að beita reglum sínum um búfjár- og jurtasjúkdóma og heilbrigðiseftirlit í landbúnaði á þann hátt að það valdi gerræðislegri eða óréttlætanlegri mismunun milli samningsríkja, sem búa við sömu aðstæður, eða að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli þeirra.

15. gr.
Innlendar álögur

1. Samningsríkjum ber að forðast allar fjármálaráðstafanir og -aðgerðir innanlands sem hafa beint eða óbeint í för með sér mismunun milli framleiðsluvara sem upprunnar eru í EFTA-ríki og sambærilegra framleiðsluvara sem upprunnar eru í Ungverjalandi.

2. Framleiðsluvörur sem fluttar eru út til samningsríkis skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum álögum en nemur beinum og óbeinum gjöldum sem hafa verið lögð á þær.

16. gr.
Greiðslur

1. Engar hömlur má leggja á greiðslur tengdar vöruviðskiptum milli EFTA-ríkis og Ungverjalands eða yfirfærslur á slíkum greiðslum til samningsríkis þar sem kröfuhafi er búsettur.

2. Samningsríkin skulu forðast að takmarka, með höftum á gjaldeyrisviðskipti eða með stjórnsýsluathöfnum, veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma vegna viðskipta sem íbúi samningsríkis á hlut að.

3. Þangað til gjaldmiðill Ungverjalands er orðinn að fullu skiptanlegur í skilningi VIII. gr. samþykkta Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, áskilur Ungverjaland sér rétt til að beita takmörkunum á yfirfærslu gjaldeyris er tengjast veitingu eða viðtöku lána til skamms eða meðallangs tíma, að því tilskildu að þessum takmörkunum sé beitt án mismununar vegna uppruna framleiðsluvaranna og þeim sé ekki einungis beitt gagnvart tilteknum framleiðsluvörum eða tegundum framleiðsluvara.

17. gr.
Opinber innkaup

1. Samningsríkin telja það vera markmið samnings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu EFTA-ríki veita fyrirtækjum frá Ungverjalandi aðgang að útboðum við opinber innkaup sín í samræmi við samninginn um opinber innkaup frá 12. apríl 1979, eins og honum var breytt með bókun um breytingar frá 2. febrúar 1987, sem samið var um á vegum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

3. Ungverjaland skal, með tilliti til endurskipulagningar og þróunar efnahagsmála sinna, veita fyrirtækjum EFTA-ríkjanna smám saman aðgang að útboðum á hinum opinbera innkaupamarkaði á sömu forsendum. Í þeim tilgangi ber Ungverjalandi að tilkynna sameiginlegu nefndinni um stofnanir eða aðila sem skráð yrðu í I. viðauka við samninginn er um getur í 2. mgr. gerist Ungverjaland aðili að þeim samningi.

4. Eins skjótt og unnt er eftir gildistöku samningsins ber samningsríkjum að ganga lengra í skuldbindingum sínum um aðgang að útboðum á opinberum innkaupum, og sé að því stefnt að tryggja frjálsan aðgang og skýrleika í gerð samninga og koma í veg fyrir mismunun milli hugsanlegra birgja frá samningsríkjunum. Eftir undirbúningstímabil, þar sem Ungverjaland skal njóta þverrandi forskots í samskiptum milli ríkjanna, ber að koma á fullu jafnvægi milli réttinda og skuldbindinga samningsríkjanna eigi síðar en fyrir lok aðlögunartímabils.

5. Sameiginlegu nefndinni ber að sjá um, í samræmi við 28. og 29. gr., fyrirkomulag þessarar þróunar, meðal annars gildissvið, tímasetningar og reglur sem beita skal, og ákveða hvaða tegunda stofnana, sem gera samninga um opinber innkaup, það nái til.

6. Viðkomandi samningsríki skulu leitast við að fara eftir viðeigandi samningum sem gerðir hafa verið á vegum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

18. gr.

Vernd hugverka

Samningsríki skulu veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar. Vernd hugverka skal, fyrir 1. janúar 1997, vera orðin sambærileg við þá vernd sem almennt tíðkast á því svæði sem samningsríkin tilheyra. Þau skulu samþykkja nægilegar og árangursríkar ráðstafanir sem eru án mismununar til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu. Sérstakar skuldbindingar er að finna í XIV. viðauka.

19. gr.

Reglur um samkeppni fyrirtækja

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem það hefur áhrif á viðskipti EFTA-ríkis og Ungverjalands:

a) Allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks;

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu sinni á yfirráðasvæðum samningsríkja í heild eða á verulegum hluta þeirra.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda um starfsemi allra fyrirtækja, þ.á m. opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda er samningsríki hafa veitt þeim. Fyrirtæki sem reka þjónustu í almanna þágu eða sem eru í eðli sínu einokun í fjáröflunarskyni skulu fara að reglum þessarar greinar, en beiting ákvæðanna má þó ekki hindra, að lögum eða í raun, verkefni þeirra.

3. Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. og 2. mgr. er því heimilt að grípa til ráðstafana, sem það álítur nauðsynlegar til að mæta þeim alvarlegu vandkvæðum er af athæfinu leiðir, samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem er tilgreind í 26. gr.

20. gr.
Ríkisaðstoð

1. Sérhver aðstoð sem samningsríki veitir eða felst með einhverju móti í ráðstöfun ríkisfjármuna og raskar eða gæti raskað samkeppni með því að veita einstökum fyrirtækjum eða einstakri framleiðslugrein forréttindi, samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Ungverjalands.

2. Meta skal athæfi sem brýtur í bága við 1. mgr. á grundvelli forsendna sem tilgreindar eru í XV. viðauka.

3. Að því er varðar framkvæmd ákvæða 1. mgr. er Ungverjalandi heimilt, í fimm ár frá gildistöku samningsins, að veita umfangsmeiri aðstoð en leyfilegt væri að beitt yrði af hálfu EFTA-ríkja samkvæmt þeim forsendum sem tilgreindar eru í XV. viðauka.

4. Samningsríkin skulu tryggja skýrleika í meðferð ríkisaðstoðar, m.a. með því að skila árlega skýrslu til sameiginlegu nefndarinnar um heildarupphæð og dreifingu ríkisaðstoðar, sem veitt hefur verið, og með því að veita upplýsingar um fyrirkomulag aðstoðar, sé farið fram á það. Fari samningsríki fram á það, ber viðeigandi samningsríki að veita upplýsingar um ríkisaðstoð í einstökum tilvikum.

5. Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. mgr. er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn því samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem er tilgreind í 26. gr.

6. Ef slíkar viðeigandi ráðstafanir falla undir Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti er einungis heimilt að beita þeim í samræmi við reglurnar og skilyrðin sem mælt er fyrir um í Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti og öðrum viðeigandi skjölum sem samþykkt hafa verið á vegum þess samkomulags ef þau gilda milli samningsríkja.

7. Samningsríkjum ber að skiptast á upplýsingum innan þeirra marka sem þagnarskylda starfsstétta og þörf fyrir viðskiptaleynd setja.

21. gr.
Undirboð

Verði EFTA-ríki vart við að beitt sé undirboðum, í skilningi VI. greinar Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, í viðskiptum við Ungverjaland eða verði Ungverjaland vart við að beitt sé undirboðum í þessum skilningi í viðskiptum við EFTA-ríki getur viðkomandi samningsríki gripið til viðeigandi gagnráðstafana í samræmi við samkomulagið um framkvæmd VI. greinar Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og þá aðferð sem tilgreind er í 26. gr.

22. gr.
Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar framleiðsluvöru

Þegar innflutningur tiltekinnar framleiðsluvöru eykst svo mjög og við slík skilyrði að það valdi eða geti valdið:

a) Alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra framleiðsluvara eða samkeppnisvara á landsvæði samningsríkisins sem flytur inn eða

b) alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga í einstökum landshlutum

er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 26. gr.

23. gr.
Endurskipulagning

1. Ungverjalandi er heimilt, í takmarkaðan tíma, að grípa til sérstakra ráðstafana í formi hækkaðra tolla sem víkja frá ákvæðum 4. gr.

2. Ráðstafanirnar skulu eingöngu vernda iðnað á byrjunarstigi eða einstakar greinar atvinnulífs sem verið er að endurskipuleggja eða sem standa frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum, einkum þegar þessir erfiðleikar valda miklum félagslegum vandkvæðum.

3. Tollar sem lagðir kunna að vera á innflutning til Ungverjalands frá EFTA-ríkjum með slíkum ráðstöfunum mega ekki vera hærri en 25% að verðmæti og skulu

framleiðsluvörur frá EFTA-ríkjum njóta að einhverju leyti hagstæðari kjara en aðrar. Verðmæti framleiðsluvaranna sem þessar ráðstafanir taka til skal ekki nema meira en 15% alls árlegs innflutnings iðnaðarvara frá EFTA-ríkjum samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. og samkvæmt nýjustu fáanlegum tölum.

4. Beita má ráðstöfununum í fimm ár hið lengsta nema sameiginlega nefndin heimili lengra tímabil. Þær falla niður í síðasta lagi í lok aðlögunartímabilsins.

5. Óheimilt er að beita slíkum ráðstöfunum gagnvart framleiðsluvöru sem hefur verið án tolla, gjalda sem hafa samsvarandi áhrif eða magntakmarkana í þrjú ár eða lengur.

6. Ungverjalandi ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni fyrirfram um allar sérstakar ráðstafanir sem það hyggst grípa til og, að beiðni EFTA-ríkja, hafa samráð um þær og um viðkomandi atvinnugreinar í sameiginlegu nefndinni áður en þeim er beitt. Þegar Ungverjaland grípur til slíkra ráðstafana ber því að afhenda sameiginlegu nefndinni tímaáætlun um afnám tollanna sem lagðir eru á samkvæmt þessari grein. Í tímaáætluninni skal gera grein fyrir afnámi tollanna í jöfnum árlegum áföngum, sem hefjist eigi síðar en tveimur árum eftir að þeim er komið á. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að ákveða aðra tímaáætlun.

24. gr.

Endurútflutningur og alvarlegur skortur á framleiðsluvöru

Leiði beiting ákvæðanna í 8. og 10. gr. til þess að:

a) Framleiðsluvara verði flutt aftur út til þriðja lands og samningsríkið sem flutt er út frá hefur beitt magntakmörkunum á útflutningi, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart útflutningi umræddrar framleiðsluvöru þangað, eða

b) alvarlegur skortur verði eða gæti orðið á framleiðsluvöru sem samningsríki sem flutt er út frá er nauðsynleg

og þar sem ofangreindar ástæður valda, eða gætu valdið, alvarlegum vandkvæðum fyrir samningsríki sem flutt er út frá, er því samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 26. gr.

25. gr.

Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

1. Lendi EFTA-ríki eða Ungverjaland í alvarlegum erfiðleikum, eða sjái fram á erfiðleika, varðandi greiðslujöfnuð sinn er EFTA-ríki eða Ungverjalandi, eftir því sem við á, heimilt að grípa til takmarkandi ráðstafana, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru með Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, sem skulu vara í

takmarkaðan tíma og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leiðrétta erfiðleikana vegna greiðslujafnaðar. EFTA-ríkinu eða Ungverjalandi ber að tilkynna hinum samningsríkjunum og sameiginlegu nefndinni um ráðstafanir þegar gripið er til þeirra, og um tímaáætlun um afnám þeirra, eins skjótt og unnt er.

2. Samningsríkjum ber engu að síður að reyna eftir megni að forðast að grípa til takmarkandi ráðstafana vegna greiðslujafnaðar.

26. gr.
Aðferð við beitingu öryggisráðstafana

1. Áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessari grein skulu viðeigandi samningsríki leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum samningsríkjum þar um.

2. Ákveði Ungverjaland eða EFTA-ríki að taka upp aðferðir við afgreiðslu innflutnings á framleiðsluvörum, sem talið er líklegt að gætu skapað ástand eins og lýst er í 22. gr., og miða að því veita upplýsingar um streymi viðskiptanna með skjótum hætti ber ríkinu að tilkynna hinu samningsríkinu þar um.

3. Þrátt fyrir 7. mgr. þessarar greinar ber samningsríki, sem íhugar að beita öryggisráðstöfunum er um getur í 4. mgr., að tilkynna hinum samningsríkjunum og sameiginlegu nefndinni þegar þar um og láta þeim í té allar upplýsingar sem máli skipta. Samningsríki skulu hefja viðræður innan sameiginlegu nefndarinnar án tafar til að leita lausnar.

4. a) Að því er varðar 19. og 20. gr. skulu samningsríki sem í hlut eiga veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, þegar við á, binda enda á athæfið sem mótmælt hefur verið. Hafi samningsríkið sem í hlut á ekki bundið enda á athæfið sem mótmælt er innan þess tímabils sem sameiginlega nefndin ákveður, eða ef nefndin kemst ekki að samkomulagi, í tilvikum sem um ræðir í 19. gr., innan þriggja mánaða og, í tilvikum sem um ræðir í 20. gr., innan þrjátíu vinnudaga frá því að málinu var vísað til hennar, er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegar til að bæta úr ástandinu.

b) Að því er varðar 21., 22. og 24. gr. skal sameiginlega nefndin rannsaka málið og taka þá ákvörðun sem þörf er á til að binda enda á erfiðleika sem samningsríki hefur tilkynnt um. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi samningsríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegar til að bæta úr ástandinu.

c) Að því er varðar 31. gr. er hlutaðeigandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana eftir að samráði lýkur eða þrjátíu dagar eru liðnir frá því að tilkynnt var um málið.

5. Skylt er að tilkynna hinum samningsríkjunum og sameiginlegu nefndinni þegar um öryggisráðstafanir sem gripið er til. Umfang ráðstafana og gildistími þeirra skal takmarkast við það sem óhjákvæmilegt er til að bæta úr því ástandi sem leiddi til beitingar þeirra og skulu ekki vera umfangsmeiri en sá skaði sem umrætt athæfi eða erfiðleikar hafa valdið. Reynt skal eftir megni að beita ráðstöfunum sem minnst hindra framkvæmd samningsins. Ráðstafanir sem Ungverjaland grípur til vegna aðgerða eða aðgerðaleysis EFTA-ríkis skulu einungis beinast að viðskiptum við það ríki. Einungis EFTA-ríki eða -ríkjum sem hafa orðið fyrir áhrifum af aðgerðum eða aðgerðaleysi Ungverjalands er heimilt að grípa til ráðstafana sem beinast gegn slíkum aðgerðum eða aðgerðaleysi.

6. Efna skal til reglubundins samráðs um öryggisráðstafanir í sameiginlegu nefndinni og leita leiða til að draga úr þeim eins fljótt og unnt er eða afnema þær þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur.

7. Þegar óvenjulegar aðstæður kalla á tafarlausar aðgerðir og útiloka að þær verði kannaðar fyrirfram getur viðkomandi samningsríki, í tilvikum sem um ræðir í 21., 22. og 24. gr., gripið strax til varrúðarráðstafana sem brýn þörf er á til að bæta úr ástandinu. Tilkynna ber um ráðstafanirnar án tafar og efna til samráðs milli samningsríkja innan sameiginlegu nefndarinnar eins fljótt og við verður komið.

27. gr.
Undanþágur af öryggisástæðum

Ekkert ákvæði þessa samnings kemur í veg fyrir að samningsríki geri ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar:

a) Til að koma í veg fyrir uppljóstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum,

b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni, standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu sína

i) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og herbúnað og önnur viðskipti með vörur, efni eða þjónustu sem fer fram beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila, eða

ii) gagnvart útbreiðslu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengja, eða

iii) á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna í alþjóðamálum ógnar friði.

28. gr.
Sameiginlega nefndin

1. Sameiginlega nefndin, sem sett var á stofn samkvæmt yfirlýsingunni er EFTA-ríki og Ungverjaland undirrituðu í Gautaborg 13. júní 1990, skal annast umsjón og stjórnun á framkvæmd samningsins.

2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsríki skiptast á upplýsingum og efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni að beiðni samningsríkis. Sameiginlega nefndin skal kanna af og til frekari möguleika á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ungverjalands.

3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem svo er kveðið á um í samningnum. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

29. gr.
Störf sameiginlegu nefndarinnar

1. Til að annast framkvæmd samningsins eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman eins oft og nauðsyn ber til og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Sérhverju samningsríki er heimilt að fara þess á leit að fundur verði haldinn.

2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu hljóta samhljóða samþykki.

3. Hafi fulltrúi samningsríkis í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að uppfyllt verði stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, sé ekki kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.

4. Sameiginlega nefndin setur eigin starfsreglur er m.a. kveða á um hvernig boða skal til fundar, hver veitir nefndinni formennsku og hve lengi formaður skal sitja.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

30. gr.
Þróunarákvæði

1. Þegar samningsríki telur það til framdráttar efnahag samningsríkja að þróa enn frekar þau samskipti sem til hefur verið stofnað með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til, sendir það öðrum samningsríkjum rökstudda beiðni þar um. Samningsríkin geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna beiðnina og leggja

fyrir þau tillögur þar að lútandi þegar við á, einkum með það fyrir augum að hefja samningsviðræður.

2. Samningar, sem kunna að verða gerðir eftir þeirri leið sem um getur í 1. mgr., eru háðir fullgildingu eða samþykki samningsríkja eins og ráð er fyrir gert í reglum þeirra.

31. gr.
Uppfylling skuldbindinga

1. Samningsríki skulu gera allar almennar eða sértækar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Þeim ber að sjá til þess að markmið samningsins náist.

2. Telji EFTA-ríki að Ungverjaland hafi ekki, eða telji Ungverjaland að EFTA-ríki hafi ekki, uppfyllt skuldbindingu samkvæmt samningnum getur viðkomandi samningsríki gripið til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 26. gr.

32. gr.
Viðaukar og bókanir

Viðaukar og bókanir við samninginn eru óaðskiljanlegir hlutar hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið breytingar á viðaukum og bókunum A og B.

33. gr.
Viðskipti sem heyra undir aðra samninga

1. Samningur þessi gildir um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Ungverjalands hins vegar en ekki um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í samningnum.

2. Samningurinn milli Finnlands og Ungverjalands um gagnkvæmt afnám viðskiptahindrana, sem undirritaður var 2. maí 1974, með áorðnum breytingum (hér eftir nefndur Finnsk-ungverski samningurinn), skal gilda áfram á aðlögunartímabili þangað til hagsbætur sem þessi samningur kveður á um hafa komið að fullu í stað gagnkvæmra hagsbóta sem samningur sá færði samningsríkjunum. Á því stigi skal Finnsk-ungverski samninginn felldur úr gildi með sameiginlegri ákvörðun Finnlands og Ungverjalands. Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ívilnanir verði ekki afturkallaðar með niðurfellingu Finnsk-ungverska samningsins. Tilkynna ber öðrum ríkjum sem aðild eiga að samningi þessum um ákvörðunina og meðfylgjandi ráðstafanir án tafar.

Gildistaka samnings þessa má ekki verða til þess að úr gildi sé felld nein ívilnun samkvæmt Finnsk-ungverska samningnum. Verði hætta á að svo verði, skulu Finnland og Ungverjaland þegar efna til samráðs sín í milli til að eyða hættunni.

3. Ákvæði 8., 10., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 21., 23., 24. og 30. gr. samnings þessa gilda að breyttu breytanda um viðskipti milli Finnlands og Ungverjalands samkvæmt Finnsk-ungverska samningnum.

4. Nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar er að finna í XVI. viðauka við samning þennan.

34. gr.
Tollabandalög, fríverslunarsvæði og landamæraviðskipti

1. Samningurinn kemur ekki í veg fyrir það að tollabandalögum eða fríverslunarsvæðum eða ráðstöfunum um landamæraviðskipti verði haldið við eða til þeirra stofnað að því marki sem það hefur ekki neikvæð áhrif á það fyrirkomulag viðskipta, einkum upprunareglur, sem kveðið er á um í samningnum.

2. Hefja ber viðræður milli samningsríkja, verði farið fram á það, innan sameiginlegu nefndarinnar um samninga til að koma á slíkum tollabandalögum eða fríverslunarsvæðum.

35. gr.
Landsvæði þar sem samningur þessi gildir

Samningurinn tekur til landsvæða samningsríkjanna.

36. gr.
Breytingar

Breytingar á samningnum, að öðru leyti en um getur í 3. mgr. 32. gr., sem sameiginlega nefndin samþykkir, skulu lagðar fyrir samningsríkin til samþykkis og öðlast gildi þegar öll ríki hafa samþykkt þær. Samþykktarskjölum skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

37. gr.
Aðild

1. Sérhvert ríki sem aðild hlýtur að Fríverslunarsamtökum Evrópu getur gerst aðili að samningnum, svo framarlega sem sameiginlega nefndin ákveður að samþykkja aðild þess, og skal þá um hana samið milli samningsríkjanna og hins nýja aðildarríkis, með þeim kjörum og skilyrðum sem sett kunna að verða í þeirri ákvörðun. Aðildarskjalinu skal koma í vörslu hjá vörsluaðila, sem tilkynnir hinum samningsríkjunum þar um.

2. Að því er varðar ríki, sem gerist aðili, skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu.

38. gr.

Úrsögn og niðurfelling samningsins

1. Sérhvert samningsríki getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega. Úrsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að hún berst vörsluaðila.

2. Dragi Ungverjaland aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn og ef öll EFTA-ríki draga aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi eftir að síðasti uppsagnarfresturinn er liðinn.

3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum sjálfkrafa niður þann dag er úrsögnin tekur gildi.

39. gr.

Gildistaka

1. Samningurinn öðlast gildi 1. júlí 1993 að því tilskildu að öll samningsríkin hafi komið fullgildingar- eða staðfestingarskjölum sínum til vörsluaðilans.

2. Hafi samningurinn ekki öðlast gildi í samræmi við ákvæði 1. mgr. og að því tilskildu að Ungverjaland hafi afhent vörsluaðila fullgildingar- eða staðfestingarskjal sitt ber þeim ríkjum, sem undirritað hafa samninginn og komið hafa slíkum skjölum til vörsluaðila, að halda fund fyrir 1. ágúst 1993 og geta þau ákveðið hvenær samningurinn öðlast gildi að því að þau varðar. Hafi slík ákvörðun ekki verið tekin ber að halda fund í þeim tilgangi eigi síðar en þrjátíu dögum eftir að eitt ríki til viðbótar hefur afhent skjal sitt.

3. Þegar um er að ræða ríki sem undirritar samninginn og kemur fullgildingar- eða staðfestingarskjali sínu í vörslu eftir fundinn sem um getur í 2. mgr. öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalinu hefur verið komið í vörslu hjá vörsluaðila, þó ekki fyrr en ákveðið var í samræmi við 2. mgr.

4. Ríki sem undirritar samninginn getur þegar við undirritun lýst yfir að geti samningurinn ekki tekið gildi gagnvart því 1. júlí 1993 muni það þó fyrst í stað beita ákvæðum hans til bráðabirgða, að því tilskildu að hann hafi tekið gildi gagnvart Ungverjalandi.

40. gr.
Vörsluaðili

Ríkisstjórn Svíþjóðar, sem gegnir hlutverki vörsluaðila, tilkynnir öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum um afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða aðild, gildistöku samningsins eða niðurfellingu hans eða úrsögn samningsríkis.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Genf, 29. mars 1993, í einu fullgildu eintaki á ensku sem komið skal í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samninginn og gerast aðilar, staðfest afrit.

Með þingsályktunartillögu þessari voru birt þrjú fylgiskjöl.

Auk samningsins voru á fskj. I prentuð eftirtalin gögn: bókun A um vörur sem um getur í b-lið 2. gr. samningsins, tafla VIII við bókun A, viðbætir við töflu VIII við bókun A, tafla IX við bókun A, II. viðauki sem um getur í c-lið 2. gr., IV. viðauki sem um getur í lið I b-liðar í 2. mgr. 4. gr., V. viðauki sem um getur í lið III b-liðar í 2. mgr. 4. gr., VI. viðauki, ákvæði sem um getur í 2. mgr. 6. gr., IX. viðauki sem um getur í 3. mgr. 9. gr., XII. viðauki sem um getur í 3. mgr. 10. gr., XIII. viðauki sem um getur í 13. gr. og XIV. viðauki sem um getur í 18. gr.

Rétt er að geta þess að töflur I og VII við bókun A, sem birtar eru í þskj. 645 með samningnum við Rúmeníu, gilda einnig um samninginn við Ungverjaland, sbr. nefndarálit utanríkismálanefndar á þskj. 870.

Á fskj. II var birt bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins og á fskj. III tvíhliða landbúnaðarsamningur Íslands og Ungverjalands.

Einnig voru öll framangreind gögn prentuð í enskri þýðingu með þingsályktunartillögunni.

Um fylgiskjöl og fylgigögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Enn fremur verður samningurinn ásamt bókunum og viðaukum prentaður í C-deild Stjórnartíðinda.

645. Tillaga til þingsályktunar [433. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Rúmeníu sem gerður var í Genf 10. desember 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á árinu 1990 var ákveðið að hefja samningaviðræður um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Póllands, Ungverjalands, Tékklands og Slóvakíu. Samningaviðræðum við öll þessi ríki er lokið með gerð fríverslunarsamninga. Samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og Rúmeníu og Búlgaríu um fríverslunarsamninga hófust á árinu 1992. Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Rúmeníu var undirritaður 10. desember 1992 og milli EFTA-ríkjanna og Búlgaríu 29. mars 1993. Samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Rúmeníu er birtur sem fskj. I með þingsályktunartillögu þessari. Í fskj. II er birt bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins og í fskj. III er að finna tvíhliða landbúnaðarsamning Íslands og Rúmeníu.

Lagabreyting vegna þessa samnings er ekki nauðsynleg, sbr. heimild í 6. gr. tollalaga, til að láta koma til framkvæmda ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga.

Fríverslunarsamningurinn við Rúmeníu er mjög hliðstæður þeim sem gerðir hafa verið við Pólland, Ungverjaland, Tékkland og Slóvakíu. Fríverslunarsamningurinn við Rúmeníu tryggir fríverslun milli einstakra EFTA-ríkja og Rúmeníu með iðnaðarvörur (25.–97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá), að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka samningsins. Einnig nær samningurinn til fisks og fiskafurða, sbr. C-lið 2. gr. og II. viðauka samningsins. Jafnframt nær hann til ákveðinna vara sem unnar eru að hluta til eða að öllu leyti úr landbúnaðarvörum. Þessar vörur eru sérstaklega tilgreindar og nánar kveðið á um framkvæmd þeirra í bókun A við samninginn. Sú bókun er stöðluð hvað varðar Ísland í öllum fríverslunarsamningum sem EFTA-ríkin hafa gert og er m.a. að finna í tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamningsins við Pólland.

EFTA-ríkin afnema alla innflutningstolla á vörum sem upprunnar eru í Rúmeníu og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif frá og með gildistöku samningsins, að undanskildum fáeinum vörum sem tilgreindar eru í III. viðauka þar sem nokkur EFTA-ríkjanna hafa lengri aðlögunartíma til að afnema tolla. Hér er einkum um að ræða textílvörur. Ísland hefur ekki sérstakan aðlögunartíma hvað þessa tolla varðar. Aðlögunartími Rúmeníu er til 31. desember 2002, sbr. 1. og 4. gr. og IV. viðauka samningsins. Fríverslun með fisk og fiskafurðir kemst á strax við gildistöku samningsins, sbr. 2. tölul. 1. gr. II. viðauka samningsins. Rúmenía fær þó tímabundna heimild til að halda núverandi innflutningstollum á sardínum, makríl, túnfiski og silungi, sbr. 7. gr. II. viðauka samningsins.

Sérstök bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins var gerð samhliða samningnum. Í bókuninni eru ýmis túlkunaratriði og útfærslur á samningnum sem ekki þótti viðeigandi að hafa í megintexta hans.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarvörur lýsa samningsríkin sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur, sbr. 13. gr. samningsins. Til að ná þessu markmiði hafa EFTA-ríkin gert tvíhliða samninga við Rúmeníu til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarvörur. Hvað Ísland varðar er hér um að ræða vörur sem ekki eru framleiddar hér á landi, einkum ávexti. Að öðru leyti fellur landbúnaður fyrir utan samninginn.

Viðskipti Íslands og Rúmeníu eru ekki mikil. Á árunum 1990–1992 hefur einungis kísilgúr verið fluttur til Rúmeníu. Verðmæti þess útflutnings var á árinu 1990 5,1 milljón, 1991 13,7 milljónir og 1992 5,3 milljónir.

Helstu innflutningsvörur frá Rúmeníu eru húsgögn og fatnaður. Verðmæti innflutnings var árið 1990 22,7 milljónir, 1991 22,6 milljónir og 1992 24,6 milljónir.

Utanríkisráðuneytið
Viðskiptaskrifstofa

Vöruviðskipti Íslands og Rúmeníu
1990, 1991 og 1992

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

Útflutningur (Fob)

	1990.			1991.			1992.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Kísilgúr	353,2	5,1	100%	976,8	13,7	100%	308,9	5,3	100%
Samtals	353,2	5,1	100%	976,8	13,7	100%	308,9	5,3	100%
% af heildarútflutningi	0,04%	0,01%		0,11%	0,01%		0,04%	0,01%	

Innflutningur (CIF)

	1990.		1991.		1992.	
	Verðmæti	%	Verðmæti	%	Verðmæti	%
Grænmeti og ávextir	0,2	0,9%	0,0	0,0%	0,1	0,4%
Korkur og trjávörur	0,2	0,9%	0,1	0,4%	0,0	0,0%
Vörur úr jarðefnum öðrum en málmum	0,9	4,0%	1,2	5,3%	1,1	4,5%
Rafmagnsvélar og tæki	0,4	1,8%	2,1	9,3%	0,1	0,4%
Húsgögn og hlutar þar í	12,2	53,7%	9,0	39,8%	8,2	33,3%
Fatnaður	6,6	29,1%	8,5	37,6%	12,3	50,0%
Skór	1,6	7,0%	0,6	2,7%	1,9	7,7%
Aðrar vörur	0,6	2,6%	1,1	4,9%	0,9	3,7%
Samtals	22,7	100%	22,6	100%	24,6	100%
% af heildarinnflutningi	0,02%		0,02%		0,03%	

Fylgiskjal I.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu.

Formálsorð

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur, konungsríkið Svíþjóð, ríkjasambandið Sviss (hér eftir nefnd EFTA-ríkin)

og

Rúmenía

sem vísa til ásetnings síns um að stuðla á virkan hátt að efnahagssamvinnu í Evrópu og lýsa sig tilbúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá þróun,

láta, með mikilvægi tengsla EFTA-ríkja og Rúmeníu í huga og sameiginleg gildi þeirra, í ljós áhuga sinn á að efla tengslin og koma á nánu og varanlegu sambandi,

með hliðsjón af yfirlýsingu sem undirrituð var af EFTA-ríkjum og Rúmeníu í Genf í desember 1991,

sem vísa til skuldbindinga sinna samkvæmt lokaákvörðun Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE) og Parísarsáttmála um hina nýju Evrópu og einkum til grundvallarreglna í lokaskjali RÖSE-ráðstefnunnar í Bonn um efnahagssamvinnu í Evrópu,

árétta stuðning sinn við fjölflokkalýðræði er byggist á lögum, mannréttindum, þar á meðal réttindum einstaklinga sem teljast til minnihlutahópa, og grundvallarfrelsi,

eru sannfærð um að samningur þessi muni stuðla að því að mynda stærra og samstilltara fríverslunarsvæði í Evrópu og leggja sitt af mörkum til efnahagssamruna í Evrópu,

hafa einsett sér að afnema í áföngum allar hindranir á því sem næst öllum viðskiptum þeirra í samræmi við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti,

lýsa sig reiðubúin til að skoða, eftir því sem ástæða gefst til, möguleika á að þróa og efla tengsl þeirra svo þau nái til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

og með það í huga að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsríkin undan skuldbindingum þeirra samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, einkum Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti,

hafa ákveðið, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.
Markmið

1. EFTA-ríki og Rúmenía skulu, á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2002, koma á fríverslunarsvæði stig af stigi, í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. Markmið samnings þessa, sem byggist á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa og að virtar séu meginreglur lýðræðis og mannréttinda, miðar að því:

a) Að efla, með auknum gagnkvæmum viðskiptum, samfellda þróun efnahagssamskipta EFTA-ríkja og Rúmeníu, og stuðla þannig, bæði í EFTA-ríkjum og Rúmeníu, að framþróun efnahagslífs, betri lífskjörum og atvinnuskilyrðum og auknum afköstum og fjárhagslegum stöðugleika;

b) að skapa eðlilegar forsendur fyrir samkeppni í viðskiptum milli samningsríkja;

c) að stuðla þannig með afnámi viðskiptahafta að samfelldri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum.

2. gr.
Gildissvið

Samningurinn tekur til:

a) Framleiðsluvara sem heyra undir 25.– 97. kafla í samræmdri vörulýsinga- og vöruheitaskrá, að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í I. viðauka,

b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun,

c) fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í II. viðauka,

sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða Rúmeníu.

3. gr.
Upprunareglur og samvinna um tollaframkvæmd

1. Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

2. Samningsríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal um reglubundna endurskoðun af hálfu sameiginlegu nefndarinnar og stjórnunarsamvinnu, til að tryggja að ákvæði 4. -- 9., 14. og 23. gr. samningsins og bókunar B séu framkvæmd til hlítar og á sem samræmdastan hátt og til að draga svo sem unnt er úr þeim formkröfum, sem gerðar eru í viðskiptum, og til að finna lausn á þeim vandamálum sem af framkvæmd ákvæðanna leiðir, þannig að allir geti vel við unað.

4. gr.
Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif verða lögð á viðskipti milli EFTA-ríkja og Rúmeníu.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu EFTA-ríki afnema alla innflutningstolla á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í Rúmeníu og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, að undanskildum framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í III. viðauka, en tollar á þeim framleiðsluvörum skulu afnumdir í áföngum í samræmi við ákvæði viðaukans.

3. Af framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í IV. viðauka og upprunnar eru í EFTA-ríki skal Rúmenía afnema alla innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif í samræmi við ákvæði viðaukans.

5. gr.
Grunntollar

1. Grunntollurinn á framleiðsluvörum frá EFTA-ríkjum sem á að lækka í áföngum samkvæmt samningnum skal samsvara bestu-kjara tolli sem í gildi var 30. apríl 1993.

2. Komi almennar tollalækkanir til framkvæmda eftir gildistöku samnings þessa, m.a lækkanir vegna samnings um tolla sem nást munu í Úrúgvæ-viðræðunum um alþjóðaviðskipti eða með endurskoðun samningsins um aðild Rúmeníu að Hinu almennu samkomulagi um tolla og viðskipti, skulu lækkuðu tollarnir koma í staðinn fyrir grunntolla sem um getur í 1. mgr. frá þeim tíma er slíkar tollalækkanir taka gildi.

3. Reikna skal lækkuðu tollana samkvæmt 4. gr. með einum aukastaf eða, þegar um er að ræða sérstaka tolla, með tveimur aukastöfum.

6. gr.
Fjáröflunartollar

1. Ákvæði 1.–3. mgr. 4. gr. gilda þar að auki um fjáröflunartolla að öðru leyti en kveðið er á um í bókun C.

2. Samningsríki geta lagt á fjáröflunargjöld í stað fjáröflunartolla eða þess hluta tolls sem er fjáröflunareðlis.

7. gr.
Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir útflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif verða lögð á viðskipti milli EFTA-ríkja og Rúmeníu.

2. EFTA-ríki og Rúmenía skulu frá og með gildistöku samningsins afnema milli sín útflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif að öðru leyti en kveðið er á um í V. viðauka.

8. gr.
Magntakmarkanir á innflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á innflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Rúmeníu.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á innflutningi til EFTA-ríkja og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í VI. viðauka.

3. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á innflutningi til Rúmeníu og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í VII. viðauka.

9. gr.
Magntakmarkanir á útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á útflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Rúmeníu.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á útflutningi frá EFTA-ríkjum og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í VIII. viðauka.

3. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á útflutningi frá Rúmeníu og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í IX. viðauka.

10. gr.
Almennar undantekningar

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna, dýra og plantna og umhverfisins, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt,

sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndun hugverka, reglur um meðferð á gulli og silfri eða verndun takmarkaðra náttúruauðlinda, séu slíkar ráðstafanir gerðar í samræmi við takmarkanir á framleiðslu eða neyslu innanlands. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsríkja.

11. gr.
Ríkiseinokun

1. Samningsríkin skulu tryggja breytingar á ríkiseinokun í viðskiptum, samanber þó ákvæði bókunar D, þannig að enginn greinarmunur sé gerður á ríkisborgurum EFTA-ríkja og Rúmeníu hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar vara.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda um allar stofnanir sem þar til bær yfirvöld samningsríkjanna nota samkvæmt lögum eða í reynd, beint eða óbeint, til að hafa eftirlit með, ráða eða hafa umtalsverð áhrif á inn- eða útflutning milli samningsríkja. Þessi ákvæði gilda einnig um einkasölur sem ríki hefur fengið öðrum í hendur.

12. gr.
Skipti á upplýsingum um drög að tæknilegum reglugerðum

1. EFTA-ríkjum og Rúmeníu ber að tilkynna hvert öðru með eins löngum fyrirvara og gerlegt er og samkvæmt þeim reglum sem settar eru í X. viðauka um drög að tæknilegum reglugerðum og breytingar á þeim sem þau hyggjast gefa út.

2. Samningsríki skulu leitast við að fara eftir þessum reglum innan tveggja ára frá gildistöku samningsins. Reynist þetta ekki að öllu leyti gerlegt, skal sameiginlega nefndin lengja þennan frest.

13. gr.
Viðskipti með landbúnaðarafurðir

1. Samningsríki lýsa sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir.

2. Til að ná þessum markmiðum skal hvert EFTA-ríki gera tvíhliða samning við Rúmeníu um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

3. Samningsríkjum ber að beita reglum sínum um búfjár- og jurtasjúkdóma og heilbrigðiseftirlit í landbúnaði án mismununar og forðast að gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti á óréttmætan hátt.

14. gr.
Innlendar álögur

1. Samningsríkjum ber að forðast allar fjármálaráðstafanir og -aðgerðir innanlands sem hafa beint eða óbeint í för með sér mismunun milli framleiðsluvara sem upprunnar eru í EFTA-ríki og sambærilegra framleiðsluvara sem upprunnar eru í Rúmeníu.

2. Framleiðsluvörur sem fluttar eru út til landsvæðis samningsríkis skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum gjöldum en nemur beinum og óbeinum gjöldum sem hafa verið lögð á þær.

15. gr.
Greiðslur

1. Engar hömlur má leggja á greiðslur tengdar viðskiptum milli EFTA-ríkis og Rúmeníu eða yfirfærslur á slíkum greiðslum til samningsríkis þar sem kröfuhafi er búsettur.

2. Samningsríkin skulu forðast að takmarka, með höftum á gjaldeyrisviðskipti eða með stjórnsýsluathöfnum, veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma vegna viðskipta sem íbúi samningsríkis á hlut að.

3. Þangað til gjaldmiðill Rúmeníu er orðinn að fullu skiptanlegur í skilningi VIII. gr. samþykkta Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, áskilur Rúmenía sér rétt til að beita takmörkunum á yfirfærslu

gjaldeyris er tengjast veitingu eða viðtöku lána til skamms eða meðallangs tíma, að því marki sem leyfilegt er samkvæmt stöðu Rúmeníu gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og að því tilskildu að þessum takmörkunum sé beitt án mismununar. Slíkum takmörkunum ber að beita þannig að þær valdi sem minnstri röskun á samningnum. Rúmenía tilkynnir sameiginlegu nefndinni tafarlaust þegar slíkar ráðstafanir eru gerðar og um allar síðari breytingar.

16. gr.
Opinber innkaup

1. Samningsríkin telja það vera æskilegt og mikilvægt markmið samnings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu EFTA-ríki veita fyrirtækjum frá Rúmeníu aðgang að útboðsgerð við opinber innkaup sín í samræmi við samninginn um opinber innkaup frá 12. apríl 1979, eins og honum var breytt með bókun um breytingar frá 2. febrúar 1987 sem samið var um innan Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti. Rúmenía skal, með tilliti til endurskipulagningar og þróunar efnahagsmála sinna, veita fyrirtækjum EFTA-ríkja smám saman aðgang að útboðsgerð á hinum opinbera innkaupamarkaði á sömu forsendum.

3. Eins skjótt og unnt er eftir gildistöku samningsins ber samningsríkjum stig af stigi að aðlaga reglur, skilyrði og aðferðir sem þau nota við að ákveða þátttöku í samningum sem boðnir eru út og gerðir af opinberum yfirvöldum og fyrirtækjum, og af einkafyrirtækjum sem njóta sérréttinda eða einkaréttinda, til að tryggja frjálsan aðgang og skýrleika og koma í veg fyrir mismunun milli hugsanlegra birgja frá samningsríkjunum. Fyrir lok aðlögunartímabilsins ber að koma á fullu jafnvægi milli réttinda og skuldbindinga samningsríkjanna.

4. Sameiginlega nefndin leggur til eða samþykkir, eftir því sem við á, fyrirkomulag þessarar þróunar, meðal annars gildissvið, tímasetningar og reglur sem beita skal.

5. Viðkomandi samningsríki skulu leitast við að fara eftir viðeigandi samningum innan Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

17. gr.
Vernd hugverka

1. Samningsríki skulu veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar. Þau skulu samþykkja nægilegar og árangursríkar ráðstafanir sem eru án mismununar til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu. Nánar er getið um skuldbindingar í XI. viðauka.

2. Eins fljótt og unnt er eftir gildistöku samningsins skulu samningsríki gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að efnislegum ákvæðum marghliða samninganna sem tilgreindir eru í 2. gr. XI. viðauka og leggja sig öll fram við að framfylgja þeim og öðrum marghliða samningum sem gerðir eru til að auðvelda samvinnu við að vernda hugverkaréttindi.

3. Samningsríkin skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsríkja lakari vernd á sviði hugverkaréttinda en þá sem veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Hyglun, vild, forréttindi eða friðhelgi sem tilkomin er vegna:

a) Tvíhliða samninga sem í gildi eru í samningsríki við gildistöku samningsins og tilkynntir eru öðrum samningsríkjum fyrir 1. janúar 1994,

b) marghliða samninga sem í gildi eru eða verða gerðir á komandi árum, þar á meðal svæðisbundinna samninga um efnahagssamvinnu, sem samningsríki hafa ekki öll gerst aðilar að,

má undanþiggja þessari skuldbindingu, að því tilskildu að slíkt valdi ekki gerræðislegri eða óréttlætri mismunun gegn ríkisborgurum annarra samningsríkja.

4. Tveimur samningsríkjum eða fleiri er heimilt að gera frekari samninga sín í milli um víðtækari vernd en samkvæmt samningi þessum, að því tilskildu að öll önnur samningsríki geti gerst aðilar að þeim með sambærilegum skilmálum og að samningsríki séu tilbúin að hefja samningaviðræður í þessu skyni í góðri trú.

5. Samningsríki skulu samþykkja viðeigandi tilhögun fyrir tækniaðstoð og samvinnu milli yfirvalda samningsríkja. Í þeim tilgangi skulu þau samræma aðgerðir sínar við viðkomandi alþjóðastofnanir.

18. gr.
Reglur um samkeppni fyrirtækja

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem það hefur áhrif á viðskipti EFTA-ríkis og Rúmeníu:

a) Allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks;

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu sinni á landsvæðum samningsríkja í heild eða á verulegum hluta þess.

2. Frá og með þriðja ári eftir gildistöku samningsins skulu ákvæði 1. mgr. einnig gilda um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda er samningsríki hafa veitt þeim, en beiting ákvæðanna má þó ekki hindra, að lögum eða í raun, opinber verkefni sem þeim er falið.

3. Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. og 2. mgr. og ef af því leiðir eða gæti leitt alvarlega skerðingu á hagsmunum samningsríkis eða tilfinnanlegan skaða fyrir atvinnulíf þess, er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana eftir að málið hefur verið til umræðu í sameiginlegu nefndinni eða þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til nefndarinnar til umræðna.

19. gr.
Ríkisaðstoð

1. Sérhver aðstoð sem samningsríki veitir eða felst með einhverju móti í ráðstöfun ríkisfjármuna og raskar eða gæti raskað samkeppni með því að veita einstökum fyrirtækjum eða einstakri framleiðslugrein forréttindi, samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Rúmeníu.

2. Meta skal athæfi sem brjóta í bága við 1. mgr. á grundvelli forsenda sem tilgreindar eru í XII. viðauka.

3. Að því er varðar framkvæmd 1. og 2. mgr. viðurkenna samningsríki að í fimm ár frá gildistöku samningsins ber að líta á Rúmeníu sem svæði þar sem lífskjörin eru óvenjulega lág eða þar sem alvarlegt atvinnuleysi ríkir, sem felur í sér að Rúmeníu er heimilt að veita umfangsmeiri aðstoð en EFTA-ríkjum er leyfilegt samkvæmt ráðstöfunum sem um getur í XII. viðauka. Sameiginlega nefndin getur, með tilliti til efnahagsástandsins í Rúmeníu, ákveðið hvort ákvæði þessu verði beitt lengur.

4. Samningsríkin skulu tryggja skýrleika í meðferð ríkisaðstoðar með því að skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í XIII. viðauka.

5. Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. mgr. er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn því samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem er tilgreind í 25. gr., sem mega þó ekki vera víðtækari en skaðinn gefur tilefni til.

20. gr.
Undirboð

Verði EFTA-ríki vart við að beitt er undirboðum, í skilningi VI. greinar Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, í viðskiptum við Rúmeníu eða verði Rúmenía vart við að beitt er undirboðum í þessum skilningi í viðskiptum við EFTA-ríki getur viðkomandi samningsríki gripið til viðeigandi gagnráðstafana í samræmi við samkomulagið um framkvæmd VI. greinar Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

21. gr.
Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar framleiðsluvöru

Þegar innflutningur tiltekinnar framleiðsluvöru eykst svo mjög og við þau skilyrði að það valdi eða geti valdið:

a) Alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra framleiðsluvara eða samkeppnisvara á landsvæði samningsríkisins sem flytur inn eða

b) alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga í einstökum landshlutum

er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

22. gr.
Endurskipulagning

1. Rúmeníu er heimilt, í takmarkaðan tíma, að grípa til sérstakra ráðstafana í formi hækkaðra tolla sem víkja frá ákvæðum 4. gr.

2. Ráðstafanirnar skulu eingöngu vernda iðnað á byrjunarstigi eða einstakar greinar atvinnulífs sem verið er að endurskipuleggja eða sem standa frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum, einkum þegar þessir erfiðleikar valda miklum félagslegum vandkvæðum.

3. Tollar sem lagðir kunna að vera á innflutning til Rúmeníu frá EFTA-ríkjum með slíkum ráðstöfunum mega ekki vera hærri en 25% að verðmæti og skulu framleiðsluvörur frá EFTA-ríkjum njóta að einhverju leyti hagstæðari kjara en aðrar. Verðmæti framleiðsluvaranna sem þessar ráðstafanir taka til skal ekki nema meira en 15% alls árlegs innflutnings iðnaðarvara frá EFTA-ríkjum samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. og samkvæmt nýjustu fáanlegum tölum.

4. Beita má ráðstöfununum í fimm ár hið lengsta nema sameiginlega nefndin heimili lengra tímabil. Þær falla niður í síðasta lagi í lok aðlögunartímabilsins.

5. Óheimilt er að beita slíkum ráðstöfunum gagnvart framleiðsluvöru sem hefur verið án tolla, gjalda sem hafa samsvarandi áhrif eða magntakmarkana í þrjú ár eða lengur.

6. Rúmeníu ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni fyrirfram um allar sérstakar ráðstafanir sem það hyggst grípa til og, að beiðni EFTA-ríkja, hafa samráð um ráðstafanirnar og til hvaða atvinnugreina þær taki í sameiginlegu nefndinni áður en þeim er beitt. Þegar það grípur til slíkra ráðstafana ber Rúmeníu að afhenda sameiginlegu nefndinni tímaáætlun um afnám tollanna sem lagðir eru á samkvæmt þessari grein. Í tímaáætluninni skal gera grein fyrir afnámi tollanna í jöfnum árlegum áföngum, í fyrsta lagi eigi síðar en tveimur árum eftir að þeim er komið á. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að ákveða aðra tímaáætlun.

23. gr.
Endurútflutningur og alvarlegur skortur á framleiðsluvöru

Leiði beiting ákvæðanna í 7. og 9. gr. til þess að:

a) Framleiðsluvara verði endurútflutt til þriðja lands og samningsríkið sem flutt er út frá hefur beitt magntakmörkunum á útflutningi, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart útflutningi umræddrar framleiðsluvöru þangað eða

b) alvarlegur skortur verði eða gæti orðið á framleiðsluvöru sem samningsríki sem flutt er út frá er nauðsynleg

og þar sem ofangreindar ástæður valda, eða gætu valdið, alvarlegum vandkvæðum fyrir samningsríki sem flutt er út frá, er því samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr. Ráðstafanir skulu vera án mismununar og skulu afnumdar um leið og aðstæður réttlæta þær ekki lengur.

24. gr.
Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

1. Lendi EFTA-ríki eða Rúmenía í alvarlegum erfiðleikum, eða sjái fram á erfiðleika, varðandi greiðslujöfnuð sinn er EFTA-ríki eða Rúmeníu, eftir því sem við á, heimilt að grípa til takmarkandi ráðstafana, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru með Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, sem skulu vara í takmarkaðan tíma og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leiðrétta erfiðleikana vegna greiðslujafnaðar. Ráðstöfunum ber að aflétta stig af stigi eftir því sem erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar minnka og með öllu þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur. EFTA-ríkinu eða Rúmeníu ber að tilkynna hinum samningsríkjunum og sameiginlegu nefndinni um ráðstafanir jafnskjótt og gripið er til þeirra og um tímaáætlun um afnám þeirra, verði því við komið.

2. Samningsríkjum ber engu að síður að reyna eftir megni að forðast að grípa til takmarkandi ráðstafana vegna greiðslujafnaðar.

25. gr.
Aðferð við beitingu öryggisráðstafana

1. Áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem tilgreindar eru í eftirfarandi málsgreinum þessarar greinar skulu samningsríkin leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum samningsríkjum þar um.

2. Þrátt fyrir 6. mgr. þessarar greinar ber samningsríki, sem íhugar að beita öryggisráðstöfunum, að tilkynna hinum samningsríkjunum og sameiginlegu nefndinni þegar þar um og láta þeim í té allar upplýsingar sem máli skipta. Samningsríki skulu hefja viðræður innan sameiginlegu nefndarinnar án tafar til að leita lausnar sem öll ríkin geta sætt sig við.

3. a) Að því er varðar 19. gr. skulu samningsríki sem í hlut eiga veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, þegar við á, binda enda á athæfið sem mótmælt hefur verið. Hafi samningsríkið sem í hlut á ekki bundið enda á athæfið sem mótmælt er innan þess tímabils sem sameiginlega nefndin ákveður, eða ef nefndin kemst ekki að samkomulagi eftir samráð eða þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til hennar, er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegt til að bæta úr ástandinu.

b) Að því er varðar 20., 21. og 23. gr. skal sameiginlega nefndin rannsaka málið og taka þá ákvörðun sem þörf er á til að binda enda á erfiðleika sem samningsríki hefur tilkynnt um. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi samningsríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegt til að bæta úr ástandinu.

c) Að því er varðar 31. gr. skal hlutaðeigandi samningsríki láta sameiginlegu nefndinni í té allar upplýsingar sem komið geta að notum við rannsókn málsins til að leita lausnar sem öll ríki geta sætt sig við. Finni sameiginlega nefndin ekki lausn eða ef þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynnt var um málið er hlutaðeigandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana.

4. Skylt er að tilkynna öllum samningsríkjum og sameiginlegu nefndinni þegar um öryggisráðstafanir sem gripið er til. Umfang þeirra og gildistími skal takmarkast við það sem óhjákvæmilegt er til að bæta úr því ástandi sem leiddi til beitingar þeirra og skulu ekki vera umfangsmeiri en sá skaði sem umrætt athæfi eða erfiðleikar hafa valdið. Reynt skal eftir megni að beita raðstöfunum sem minnst hindra framkvæmd samningsins. Ráðstafanir sem Rúmenía grípur til vegna aðgerða eða aðgerðaleysis EFTA-ríkis skulu einungis beinast að viðskiptum við það ríki. Einungis EFTA-ríki eða -ríkjum sem hefur orðið fyrir áhrifum af aðgerðum eða aðgerðaleysi Rúmeníu er heimilt að grípa til ráðstafana sem beinast gegn slíkum aðgerðum eða aðgerðaleysi.

5. Efna skal til reglubundins samráðs um öryggisráðstafanir í sameiginlegu nefndinni og leita leiða til að draga úr þeim, finna aðra valkosti í stað þeirra eða afnema þær eins fljótt og unnt er.

6. Þegar óvenjulegar aðstæður kalla á tafarlausar aðgerðir og útiloka að þær verði kannaðar fyrirfram getur viðkomandi samningsríki, í tilvikum sem um ræðir í 20., 21. og 23. gr., gripið strax til varrúðar- og bráðabirgðaráðstafana sem brýn þörf er á til að bæta úr ástandinu. Tilkynna ber sameiginlegu nefndinni um ráðstafanirnar án tafar og efna til samráðs milli samningsríkja innan sameiginlegu nefndarinnar eins fljótt og við verður komið.

26. gr.
Undanþágur af öryggisástæðum

Ekkert ákvæði þessa samnings kemur í veg fyrir að samningsríki geri ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar:

a) Til að koma í veg fyrir uppljóstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum,

b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni, standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu sína

i) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og herbúnað, enda spilli ráðstafanirnar ekki fyrir samkeppni á sviði framleiðsluvara sem ekki eru sérstaklega ætlaðar til hernaðarnota, og viðskipti með aðrar vörur, efni eða þjónustu sem fer fram beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila, eða

ii) gagnvart útbreiðslu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengja, eða

iii) á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna í alþjóðamálum ógnar friði.

27. gr.
Sameiginlega nefndin

1. Sameiginlega nefndin, sem sett var á stofn samkvæmt Genfaryfirlýsingunni, skal annast umsjón og stjórn á framkvæmd samningsins og hafa það valdsvið og ábyrgð sem sameiginlega nefndin fer með samkvæmt samningnum.

2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsríki skiptast á upplýsingum og efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni að beiðni samningsríkis. Sameiginlega nefndin skal kanna af og til frekari möguleika á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkja og Rúmeníu.

3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er á um í samningnum. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

28. gr.
Störf sameiginlegu nefndarinnar

1. Til að annast framkvæmd samningsins eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman eins oft og nauðsyn ber til og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Sérhverju samningsríki er heimilt að fara þess á leit að fundur verði haldinn.

2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu hljóta samhljóða samþykki.

3. Hafi fulltrúi samningsríkis í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að uppfyllt verði stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, sé ekki kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.

4. Sameiginlega nefndin setur eigin starfsreglur er kveða á um, m.a., hvernig boða skal til fundar, hver veitir nefndinni formennsku og hve lengi formaður skal sitja.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

29. gr.
Þróunarákvæði

1. Þegar samningsríki telur það til framdráttar efnahagi samningsríkja að þróa enn frekar þau samskipti sem til hefur verið stofnað með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til, sendir það þeim rökstudda beiðni þar um. Samningsríkin geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna beiðnina og leggja fyrir þau tillögur þar að lútandi þegar við á, einkum með það fyrir augum að hefja samningsviðræður.

2. Samningar, sem kunna að verða gerðir eftir þeirri leið sem um getur í 1. mgr., eru háðar fullgildingu eða samþykki samningsríkja eins og ráð er fyrir gert í reglum þeirra.

30. gr.
Þjónusta og fjárfesting

1. Samningsríkin viðurkenna að tilteknar atvinnugreinar, m.a. á sviði þjónustu og fjárfestingar, verða æ mikilvægari. Í viðleitni sinni við að þróa og auka samstarf sitt, einkum með tilliti til samruna í Evrópu, skulu þau vinna saman að því markmiði að auka frjálsræði og opna markaði sína fyrir fjárfestingu og þjónustuviðskiptum, með hliðsjón af viðeigandi vinnu á vegum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

2. EFTA-ríki og Rúmenía skulu ræða slíka samvinnu í sameiginlegu nefndinni[1] með það fyrir augum að þróa og auka tengsl sín samkvæmt samningnum.

31. gr.
Uppfylling skuldbindinga

1. Samningsríki skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið samningsins náist og til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

2. Telji EFTA-ríki að Rúmenía hafi ekki, eða telji Rúmenía að EFTA-ríki hafi ekki, uppfyllt skuldbindingu samkvæmt samningnum getur viðkomandi samningsríki gripið til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

[1] Austurríki áskilur sér rétt til að halda málum sem snerta umflutningsumferð og öðrum málum sem snerta umflutning fyrir utan slíkar umræður og það fyrirkomulag sem af þeim kann að leiða.

32. gr.
Viðaukar og bókanir

Viðaukar og bókanir við samninginn eru óaðskiljanlegir hlutar hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið breytingar á viðaukunum og bókunum A og B.

33. gr.
Viðskipti sem heyra undir aðra samninga

Samningur þessi gildir um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja, annars vegar, og Rúmeníu, hins vegar, en ekki um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í samningnum.

34. gr.
Tollabandalög, fríverslunarsvæði og landamæraviðskipti

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir það að tollabandalögum eða fríverslunarsvæðum eða samkomulagi gert um landamæraviðskipti verði haldið við eða til þeirra stofnað að því marki sem það hefur ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna, einkum upprunareglur sem kveðið er á um í samningnum.

35. gr.
Landsvæði þar sem samningur þessi gildir

Samningurinn tekur til landsvæða samningsríkjanna.

36. gr.
Breytingar

Breytingar á samningnum, að öðru leyti en um getur í 32. gr., sem sameiginlega nefndin samþykkir, skulu lagðar fyrir samningsríkin til samþykkis og öðlast gildi þegar öll ríki hafa samþykkt þær. Samþykktarskjölum skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

37. gr.
Aðild

1. Sérhvert ríki sem aðild á að Fríverslunarsamtökum Evrópu getur gerst aðili að samningnum, svo framarlega sem sameiginlega nefndin ákveður að samþykkja aðild þess, með þeim kjörum og skilyrðum sem sett kunna að verða í þeirri ákvörðun. Aðildarskjalinu skal koma í vörslu hjá vörsluaðila.

2. Að því er varðar ríki, sem gerist aðili, skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu.

38. gr.
Úrsögn og niðurfelling samningsins

1. Sérhvert samningsríki getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega. Úrsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að hún berst vörsluaðila.

2. Dragi Rúmenía aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn og ef öll EFTA-ríki draga aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi eftir að síðasti uppsagnarfresturinn er liðinn.

3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum af þeim sökum niður þann dag er úrsögnin tekur gildi.

39. gr.
Gildistaka

1. Samningurinn öðlast gildi 1. maí 1993 gagnvart samningsríkjum sem þá hafa komið fullgildingar- eða staðfestingarskjölum sínum til vörsluaðilans, að því tilskildu að Rúmenía sé meðal þeirra ríkja sem komið hafa fullgildingar- eða staðfestingarskjölum sínum í vörslu.

2. Þegar um er að ræða ríki sem undirritar samninginn og kemur fullgildingar- eða staðfestingarskjali sínu í vörslu eftir 1. maí 1993 öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalinu hefur verið komið í vörslu hjá vörsluaðila, að því tilskildu að samningurinn öðlist gildi gagnvart Rúmeníu eigi síðar en þann dag.

3. Ríki sem undirritar samninginn getur þegar við undirritun lýst yfir að geti samningurinn ekki tekið gildi gagnvart því 1. maí 1993 muni það fyrst í stað beita ákvæðum hans til bráðabirgða, að því tilskildu að hann hafi tekið gildi gagnvart Rúmeníu.

40. gr.
Vörsluaðili

Ríkisstjórn Svíþjóðar, sem gegnir hlutverki vörsluaðila, tilkynnir öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum um afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða aðild, gildistöku samningsins eða niðurfellingu hans eða úrsögn samningsríkis.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Genf, 10. desember 1992, í einu fullgildu eintaki á ensku sem komið skal í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samninginn og gerast aðilar, staðfest afrit.

Með þingsályktunartillögu þessari voru birt þrjú fylgiskjöl.

Auk samningsins voru prentuð á fskj. I eftirtalin gögn: I. viðauki sem um getur í A-lið 2. gr., bókun A um vörur sem um getur í B-lið 2. gr., tafla I við bókun A, tafla VII við bókun A, tafla VIII við bókun A, II. viðauki sem um getur í C-lið 2. gr., IV. viðauki sem um getur í 3. mgr. 4. gr., tafla A við IV. viðauka, tafla B við IV. viðauka, tafla C við IV. viðauka, tafla D við IV. viðauka, VI. viðauki sem um getur í 2. mgr. 8. gr., VII. viðauki sem um getur í 3. mgr. 8. gr., X. viðauki um aðferð við að tilkynna um drög að tæknilegum reglugerðum, XI. viðauki um hugverkarétt, bókun D um einokun sem stendur óbreytt við gildistöku samningsins þrátt fyrir 11. gr., XII. viðauki um túlkun 19. gr., viðbætir um skrá yfir aðstoð við útflutning sem um getur í VI. lið D-liðar í XII. viðauka og XIII. viðauki, skýrleiki við veitingu ríkisaðstoðar.

Á fskj. II var birt bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins og í fskj. III tvíhliða landbúnaðarsamningur Íslands og Rúmeníu.

Einnig voru framangreind gögn prentuð í enskri þýðingu með þingsályktunartillögunni.

Um fylgiskjöl og fylgigögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Enn fremur verður samningurinn ásamt bókunum og viðaukum prentaður í C-deild Stjórnartíðinda.

646. Tillaga til þingsályktunar [434. mál]

um að banna dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Sturla Böðvarsson, Jóhann Ársælsson, Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að banna á árunum 1995–2000 allar dragnótaveiðar í Faxaflóa og láta á þeim tíma fara fram ítarlegar rannsóknir á lífríki flóans, m.a. með tilliti til þess hver séu áhrif dragnótaveiða á viðkomu bolfisksstofna í Faxaflóa.

Greinargerð.

Lengi hefur verið deilt um það, bæði á Alþingi og annars staðar, hvort dragnótaveiðar í Faxaflóa séu skaðlegar viðkomu bolfisksstofna á þessu svæði. Vitað er að á Faxaflóasvæðinu eru mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir ýsu. Seint verður skorið með afgerandi hætti úr þessum deilum, en þó má fullyrða að á réttmæti þessara veiða leiki verulegur vafi, og þann vafa ber að skýra náttúrunni í hag.

Faxaflóa var fyrst lokað 1952 fyrir veiðum með dragnót, en þá var svo komið að meira en 90% af þeirri ýsu sem veiddist í Faxaflóa var þriggja ára eða yngri, þ.e. hver fiskur var um eða undir 300 gr. Áhrif lokunarinnar 1952 sögðu fljótlega til sín með ótvíræðum hætti með því að hlutfall eldri fisks í ýsuaflanum stórjókst og ýsustofninn tók vel við sér. Á árinu 1960 voru dragnótaveiðar aftur heimilaðar á Faxaflóa. Veiðarnar fóru að vísu hægt af stað en á árinu 1962 náðu þær hámarki, en þá var heildaraflamagn í flóanum 10.539 tonn. Eftir þetta hríðfellur afli dragnótabátanna og fer allt niður í 684 tonn á árinu 1968. Ýsustofninn, sem eins og áður sagði tók vel við sér við friðunina 1952, hrundi í kjölfar þess að dragnótaveiðarnar hófust aftur. Til skýringa má nefna það að á haustvertíðinni á Akranesi 1962 var meðalýsuafli í róðri 3,7 tonn, en minnkaði svo ár frá ári meðan dragnótaveiðar voru leyfðar og var svo komið að á haustvertíð 1970 var meðalýsuafli í hverjum róðri aðeins um 700 kg. Árið 1971 sáu menn í hvert óefni var komið og voru dragnótaveiðar þá aftur bannaðar í Faxaflóa og fór ýsuafli aftur stigvaxandi upp úr því. Þannig var meðalýsuafli í róðri frá Akranesi kominn upp í rúmlega tvö tonn árið 1980.

Þegar veiðar með dragnót í Faxaflóa voru heimilaðar á nýjan leik að tillögu Alþingis árið 1979, í tilraunaskyni, fengu tveir bátar leyfi til veiðanna. Banninu var síðan formlega aflétt með breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands árið 1981. Bátunum hefur síðan farið fjölgandi ár frá ári, og nú er svo komið að á síðasta ári höfðu alls 15 bátar leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa. Þessi tala er allt of há. Bátarnir eru of margir til þess að um tilraunaveiðar geti verið að ræða. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að rétt sé að nýta kolastofninn, en þessi fjöldi báta veldur því að afkoma þeirra flestra er léleg, of margir bátar eru að bítast um of lítinn afla, auk þess sem ítarlega verður að rannsaka hugsanleg skaðleg áhrif þessara veiða á viðkomu annarra fiskstofna á svæðinu.

Rökin fyrir því að veiðar með dragnót í Faxaflóa séu bannaðar eru því af ýmsum toga, en þau styðjast þó einkum við þá reynslu sem fjölmargir sjómenn við Faxaflóa hafa öðlast í starfi sínu um áratuga skeið. Sjómenn, sem stunda veiðar á smábátum á þessu svæði, hafa í gegnum árin talið sig sjá greinilega fylgni milli fiskigengdar í flóanum og þess hvort dragnótaveiðar hafa verið leyfðar eða ekki. Rök þeirra manna verða ekki virt að

vettugi. Það er einnig ákaflega mikilvægt að ekki eru til nægilegar samanburðarrannsóknir á veiðum fyrir og eftir banntímabil til þess að af þeim megi ráða með nokkurri vissu hvort verið sé að skemma uppvaxtarskilyrði bolfisksins. Við þessari spurningu verður að fást afgerandi svar. Að öðrum kosti er mikill ábyrgðarhluti að láta dragnótaveiðarnar halda áfram. Eins og fram kemur hér að ofan er lagt til að veiðarnar verði bannaðar í fimm ár og að á þeim tíma verði lífríki flóans ítarlega rannsakað. Þannig verði til dæmis sérstaklega hugað að ýsugengd og uppvaxtarskilyrðum ýsu í flóanum og áhrifum dragnótaveiða þar á. Komi þá í ljós með óyggjandi hætti að dragnótaveiðarnar séu skaðlausar að þessu leyti er ekkert því til fyrirstöðu að leyfa þær á nýjan leik. Aðalatriðið er að á því leikur vafi hvort veiðarnar séu skaðlegar viðkomu bolfiskstofna í Faxaflóa. Þeim vafa verður að eyða. Fiskveiðiþjóð, sem vill vera þekkt fyrir að reka ábyrga stefnu að því er varðar nýtingu auðlinda hafsins, hefur ekki efni á öðru.

647. Tillaga til þingsályktunar [435. mál]

um sumartíma, skipan frídaga og orlofs.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson, Árni M. Mathiesen, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri könnun á breytingu á tímareikningi, skipan frídaga og orlofs í því skyni að auka framleiðni í atvinnulífinu. Nefndin skal m.a. fjalla um hvort eftirfarandi breytingar séu skynsamlegar:

a. að taka upp sumartíma á Íslandi,
b. að flytja fimmtudagsfrídaga yfir á helgar,
c. að gera að lagaskyldu að tiltekinn hluti orlofs sé ekki tekinn á hefðbundnum sumarleyfistíma.

Greinargerð.

Ýmsir aðilar hafa sett fram hugmyndir og tillögur um sumartíma, flutning fimmtudagsfrídaga og vetrarorlof án þess að skipulega væri á þessum málum tekið af hálfu framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Með þessari þingsályktunartillögu er verið að hreyfa málinu þannig að það geti fengið eðlilega umfjöllun. Þetta er töluvert hagsmunamál fyrir atvinnulífið í landinu og margoft hefur verið kvartað undan því að núverandi skipan mála dragi úr framleiðni atvinnulífsins og veiki samkeppnishæfni þess.

Sumartími.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur nú lagt fram tillögu um samræmdan sumartíma í aðildarríkjunum. Er miðað við það að sumartími hefjist klukkan eitt eftir miðnætti síðasta sunnudag í marsmánuði og er klukkan þá færð fram um eina klukkustund. Frá árinu 1997 er miðað við að sumartíminn endi klukkan eitt eftir miðnætti fjórða sunnudag í október og er klukkan þá færð til baka um eina klukkustund. Á árunum 1995 og 1996 mun sumartíminn enda síðasta sunnudag í september nema í Bretlandi og á Írlandi þar sem miðað er við fjórða sunnudag í október. Mikið hefur verið fjallað um sumartímann á vettvangi Evrópubandalagsins og er nú komin góð samstaða um að samræma hann.

Þá vakna spurningar um gildi sumartíma fyrir Ísland. Mjög algengt er að forráðamenn fyrirtækja og aðrir sem þurfa að hafa samskipti við Vestur-Evrópu yfir sumartímann kvarti undan því að samskiptatíminn minnki mjög verulega við að tímamismunurinn aukist úr einni klukkustund í tvær. Mjög erfitt getur verið fyrir fólk að ná saman í síma á þessum tíma. Ástæðan er sú að þegar vinnustaðir opna hér á landi klukkan níu á morgnana er klukkan orðin ellefu í Vestur-Evrópu. Þá er oft mögulegt að ná í fólk í einn til tvo tíma eða þangað til Vestur-Evrópubúar taka sér hádegisverðarhlé. Þegar þeir koma aftur til vinnu er hádegisverðarhléið að hefjast hér og þegar við komum aftur til vinnu er stutt í að vinnudeginum sjálfum sé að ljúka í Vestur-Evrópu.

Þetta er algeng lýsing á ástandinu á sumrin sem á við um stór viðskiptalönd eins og Danmörku, Noreg, Svíþjóð, Þýskaland, Belgíu, Holland og Frakkland. Fullyrða má að mikill tími og fyrirhöfn mundi sparast í viðskiptum við þessi lönd ef tímamismunurinn væri ávallt ein klukkustund.

Enn fremur má nefna að nú þarf jafnan að breyta flugáætlunum þegar tímabreytingar verða. Það er allflókið, ekki síst vegna þess að sumartíminn hefur ekki verið samræmdur í Evrópu. Þegar sumartíminn hefur hins vegar verið samræmdur er hægt að halda sömu flugáætlunum ef sumartími er líka tekinn upp á Íslandi. Þetta sparar töluverða fyrirhöfn og kostnað.

Ef tekinn er upp sumartími færist hið náttúrulega hádegi frá um hálftvö til um hálfþrjú á daginn. Þetta þýðir að í raun mundi þjóðin vakna fyrr á sumrin og byrja daginn fyrr. En það þýðir líka að sólarinnar nýtur lengur þegar fólk kemur úr vinnu og þá getur verið þokkalega hlýtt á sumardögum nokkuð fram eftir deginum. Þetta gefur því þjóðinni betra tækifæri til þess að njóta sumarsins og skapar án efa betri sumarstemningu með öllu sem því fylgir.

Þá er rétt að geta þess að í greinargerð með frumvarpi, sem flutt var þegar núverandi lög um tímareikning voru sett (lög nr. 6/1968), kom fram að ein af meginforsendunum var að til stæði að leggja niður sumartíma í Evrópu. Það var og gert á tímabili en sumartími síðan tekinn upp aftur. Nú þegar stendur til að samræma sumartímann í öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins er ástæða til að skoða málið á nýjan leik hér á landi.

Fimmtudagsfrídagar.

Íslendingar taka þrjá fasta frídaga á fimmtudögum, skírdag, uppstigningardag og sumardaginn fyrsta. Að vísu kemur fyrir að skírdagur og sumardagurinn fyrsti falla saman. Skírdagurinn hefur þá sérstöðu í hópi fimmtudagsfrídaganna að falla inn í páskahelgina með föstudeginum langa og öðrum í páskum. En hinir tveir, uppstigningardagur og sumardagurinn fyrsti, falla á fimmtudaga án þess að frídagur sé á undan eða á eftir.

Þetta fyrirkomulag á Íslandi er nokkuð sérstakt og skapar erfiðleika í atvinnulífi. Frídagarnir koma báðir í apríl eða í maí og slíta sundur vinnuvikuna. Þetta skapar óhagræði í framleiðslu og á ýmsum vinnustöðum vill brenna við að vinnuvikan verði í raun varla nema þrír dagar. Því hefur oft vaknað sú spurning hvort ekki sé heppilegt að flytja fimmtudagsfrídagana að helgum og jafnvel taka þá á öðrum tíma. Um þetta hefur nokkrum sinnum verið rætt í kjarasamningum og a.m.k. einu sinni voru aðilar vinnumarkaðarins mjög nálægt því að gera sameiginlega tillögu um flutning a.m.k. annars þessara daga sem átti að vera liður í niðurstöðu samninganna.

Ætla má að flutningur uppstigningardags að helgi sé viðkvæmari en flutningur sumardagsins fyrsta þar sem uppstigningardagur er einn af helgidögum þjóðkirkjunnar. Því liggur beinna við að kanna hvort ekki sé heppilegra að flytja sumardaginn fyrsta til, annaðhvort til föstudags eða mánudags næstu helgi á eftir. Enn fremur hefur komið fram það sjónarmið að æskilegt sé að flytja sumardaginn fyrsta frá þriðja fimmtudegi í apríl yfir á sumarið, t.d. júní- eða júlímánuð. Ástæðan er sú að páskar og hvítasunna gera það að verkum að frídagar eru allþéttir á þessum tíma ársins. Vel mætti hugsa sér að taka upp frísumardag um fyrstu eða aðra helgi í júlí. Jafnvel gæti verið unnt að tengja daginn til skiptis við 17. júní eða sjómannadaginn til þess að gera langar helgar þannig að til yrði aukafrídagur á mánudegi eða föstudegi þegar 17. júní fellur á laugardag eða sunnudag en annars yrði frídagurinn fyrsta mánudag í júní. Möguleikarnir eru ýmsir og er hægt að koma þessum degi fyrir þannig að hann komi bæði betur út fyrir almenning og falli betur að þörfum atvinnulífsins.

Vetrarorlof.

Mikið hefur verið rætt um vetrarorlof á vettvangi aðila vinnumarkaðarins, ekki síst eftir að sú regla var tekin upp með bráðabirgðalögum á árinu 1982 að orlof skyldi teljast tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð en þá lengdist orlof almennt úr 20 dögum í 24. Hið langa sumarfrí skapar vandamál í atvinnulífinu þar sem starfsemi margra fyrirtækja lamast. Þess vegna er æskilegt að gera rækilega úttekt á því hvort ekki sé skynsamlegt að setja ákvæði í lögin um orlof (lög nr. 30/1987) að tiltekinn lágmarkshluti orlofs skuli tekinn utan sumarleyfistímans frá 2. maí til 15. september.

Hugmyndin um vetrarorlof er ekki eingöngu til þess fallin að jafna orlofstöku út á árið í því skyni að auðvelda fyrirtækjum almennt starfsemi sína. Ekki síður getur þetta fyrirkomulag haft mikla þýðingu fyrir innlenda ferðaþjónustu þar sem það hvetur Íslendinga til aukinna ferðalaga á vetrum um eigið land. Hér má m.a. nefna tillögur um að gefa almennt frí í skólum í eina viku á vetrum til þess að fjölskyldufólk geti þá notið útivistar með börnum sínum.

648. Tillaga til þingsályktunar [436. mál]

um útflutningssjóð búvara.

Flm.: Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Páll Pétursson, Ingibjörg Pálmadóttir, Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót útflutningssjóði búvara. Sjóðurinn hafi það hlutverk að vinna íslenskum hágæðabúvörum sess á erlendum mörkuðum.

Sjóðurinn verði fjármagnaður á þann hátt að ríkissjóður leggi honum til framlag á móti framlögum frá samtökum bænda og nýju áhættufé. Framlag ríkisins miðist við að vega upp þá minnkun sem er áætluð á fjárveitingum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Sjóðnum verði ætlað að styðja við bakið á markaðsrannsóknum, sölustarfi og rannsóknarstarfi sem miði að því að treysta góða ímynd íslenskra búvara á erlendum mörkuðum.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur verið í gangi mikil umræða um útflutning á íslenskum hágæðabúvörum. Þar hefur ýmislegt jákvætt verið að gerast og margt bendir til þess að nú sé að skapast markaður erlendis fyrir búvörur sem hægt sé að tryggja að séu framleiddar án notkunar fúkalyfja, hormóna og illgresiseyðingarefna. Það er skoðun flutningsmanna að ástæða sé til þess að varast of mikla bjartsýni hvað þetta varðar, en vissulega eru þarna möguleikar ef við berum gæfu til að höndla þá. Það kostar hins vegar tíma, peninga og þolgæði. Á hitt ber einnig að líta að við erum fyrst og fremst matvælaútflutningsþjóð og okkur ber að nýta þá þekkingu og möguleika sem þar bjóðast.

Íslenskur landbúnaður hefur á síðustu árum gengið í gegnum sársaukafulla varnarbaráttu. Aðstæður voru orðnar á þann veg að ekki var undan því vikist að aðlaga búvöruframleiðsluna innlenda markaðnum. Einnig hafa bændur og vinnslustöðvar þeirra tekið á sig verulegar verðlækkanir á síðustu árum til þess að mæta kröfum neytenda um lægra vöruverð og búa sig undir breyttar aðstæður hvað varðar innflutning búvara.

Þessar aðstæður gáfu ekki tilefni til þess að huga að stefnumótun til framtíðar. Hins vegar stöndum við nú á þeim tímamótum að undan því verður ekki vikist. Þar ber margt til og ekki síst þær breyttu aðstæður sem við stöndum frammi fyrir með nýjum GATT-samningi.

Ný stefnumótun í landbúnaði verður að mati flutningsmanna meðal annars að fela í sér að í opnara viðskiptaumhverfi haldi landbúnaðurinn frá upphafi óbreyttum tekjum með útflutningi á móti því sem kann að vera flutt inn. Til lengri tíma litið verði stefnt að því að ná aftur þeim tekjum sem landbúnaðurinn hafði áður en núverandi samdráttartímabil hófst. Þar mætti t.d. miða við árið 1985.

Þessi markmið nást ekki nema unnið verði markvisst á næstu árum og kannað verði til hlítar hvaða möguleika við eigum á útflutningi. Þessi tillaga er sett fram sem liður í þeirri viðleitni. Það er ljóst að til þess að láta reyna á þá möguleika sem við kunnum að eiga á þessu sviði þarf verulegt fjármagn á næstu árum. Flutningsmenn benda á að æskilegt geti verið að sjóðurinn starfi í tveim deildum, annars vegar styrktardeild sem veiti styrki til markaðs- og gæðarannsókna og hins vegar áhættudeild sem leggi fram áhættufé í fyrirtæki sem eru að hasla sér völl á þessu sviði.

Í tillögugreininni er sett fram sú hugmynd að fjármagn til sjóðsins komi frá samtökum bænda, leitað verði eftir nýju áhættufé frá aðilum sem hafi trú á þessum möguleikum og að ríkið leggi til fé á móti sem samsvarar allt að þeim samdrætti sem er boðaður á fjárveitingum til Framleiðnisjóðs. Reiknað verði með fjárveitingum frá ríkinu til sjóðsins til ársins 2000.

Ástæða er til að benda á að nú þegar eru þó nokkrir aðilar að vinna að verkefnum í þessa veru. Þar má m.a. nefna að Landssamband kúabænda hefur í samvinnu við yfirdýralækni og Erlend Garðarsson í Kaupsýslunni hf. fengið vottun fyrir íslenskt nauta- og lambakjöt sem hreint á Bandaríkjamarkaði. Þá hefur Sláturfélag Suðurlands verið að vinna að markaðsöflun erlendis. Einnig var unnið að því að markaðssetja ferskt lambakjöt í síðustu sláturtíð. Þar var um að ræða samvinnuverkefni Kjötumboðsins hf. og Sláturfélagsins. Nokkur sláturhús hafa síðan lagt í verulega vinnu og kostnað við að fá hús sín viðurkennd á erlendum mörkuðum. Þá má nefna samvinnu Landssambands hrossabænda og SH við markaðssetningu á hrossakjöti á Japansmarkað. Í þessu sambandi er vert að nefna hvort ekki sé ástæða til að skoða frekari samvinnu við aðila í sjávarútvegi um samstarf við útflutning, meðal annars með vörur samsettar úr landbúnaðarhráefni og sjávarfangi. Síðast en ekki síst er ástæða til að nefna framtak „Meistarakokka“ síðustu mánuði við að

kynna ónýtta möguleika í nýtingu á íslensku landbúnaðarhráefni, meðal annars sem lið í því að markaðssetja íslenskt lambakjöt erlendis.

Af því sem hér hefur verið nefnt má vera ljóst að allnokkur vinna er nú þegar í gangi við að markaðssetja íslenskar landbúnaðarvörur erlendis á nýjan leik. Eðli markaðsstarfs er hins vegar þannig að margra ára markvissa vinnu þarf til að ná fótfestu fyrir nýja vöru. Flest bendir hins vegar til að í þessu máli muni tíminn vinna með okkur og markaður fyrir hreinar búvörur eflast á næstu árum. Á þessu sviði gerist ekkert af sjálfu sér. Til þess að ná árangri þarf markvisst starf þar sem beitt er nýjustu aðferðum í markaðsfræðum. Fyrst um sinn er ekki við því að búast að sú vinna verði borin uppi af verði vörunnar og er Útflutningssjóður búvara hugsaður til þess að brúa bilið þar til náð hefur verið þeirri fótfestu á erlendum mörkuðum sem til þarf.

Flutningsmenn telja eðlilegt að landbúnaðarráðherra setji sjóðnum starfsreglur með reglugerð. Þar verði m.a. ákvæði um stjórn hans og hlutverk hennar.

649. Tillaga til þingsályktunar [437. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Finnur Ingólfsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd níu alþingismanna sem fái það hlutverk að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og skipan tryggingamála með það að markmiði að allir þeir sem eru vinnufærir en sannanlega atvinnulausir eigi rétt til bóta. Nefndin ljúki störfum fyrir 1. október 1994.

Greinargerð.

Lögin um atvinnuleysistryggingar voru síðast endurskoðuð 1993. Sú endurskoðun átti að miða að því að skapa sjálfstætt starfandi einstaklingum rétt til bóta yrðu þeir atvinnulausir. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gaf út, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, reglugerð 24. september 1993. Reglugerðin er með þeim hætti að markmið lagabreytingarinnar næst ekki og í sumum tilfellum er um fáránlega þrengingu frá eldri lögum að ræða, svo sem hvað varðar vélamenn og bílstjóra. Lögin áttu t.d. að veita bændum rétt til atvinnuleysisbóta, enda var það forsenda þess að þeim var á sínum tíma gert að greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Reglugerðin útilokar hins vegar bændur nánast frá atvinnuleysisbótum vegna óraunhæfra skilyrða og einungis fimm bændur höfðu 1. febrúar 1994 uppfyllt þau og öðlast bótarétt. Sjálfstætt starfandi einstaklingum er með reglugerðinni gert að gefa upp alla von, selja atvinnutæki sín og gefa sig atvinnuleysinu á vald til frambúðar.

Ráðherra verður að breyta hinni óskynsamlegu reglugerð án tafar. Lagabreytinga er hins vegar einnig þörf og jafnvel verður að hugsa allt kerfið upp á nýtt. Hjá öðrum Norðurlandaþjóðum er atvinnuleysistryggingum hagað með ýmsum hætti. Sums staðar, t.d. í Noregi, eru þær hluti af almannatryggingakerfinu og þann kost er rétt að athuga vandlega hér. Annars staðar er um sjálfstætt starfandi tryggingasjóði að ræða.

Þá ber að taka til athugunar það skráningarkerfi sem hér viðgengst. Sjálfsagt er að reyna af fremsta megni að koma í veg fyrir misnotkun kerfisins, en rangt er að útiloka stóra þjóðfélagshópa frá bótum. Skyldumæting vikulega á skráningarstofnun er bæði dýr og óþörf. Einnig þarf að huga að breytingu á stjórnarháttum hvað varðar atvinnuleysistryggingar. Lög um atvinnuleysistryggingar voru sett við allt aðrar kringumstæður en nú ríkja.

Atvinnuleysið er orðið okkar mesta þjóðfélagsböl, miklu meira en uppgefnar tölur segja til um, vegna hins þrönga skráningarkerfis. Takmarkið hlýtur að vera að útrýma atvinnuleysi og stjórna þjóðfélaginu þannig að allar vinnufúsar hendur hafi verkefni. En meðan núverandi ástand ríkir er það siðferðileg skylda Alþingis að sjá svo um að þeir sem eru svo ógæfusamir að vanta vinnu þurfi ekki að líða skort.

Bótakerfið verður að vera þannig uppbyggt að í því sé fólgin hvatning til bótaþega að þeir reyni að bjarga sér, hvatning til að finna sér verkefni.

Flutningsmenn telja í ljósi reynslu síðustu mánaða heppilegra að endurskoðun atvinnuleysisbótakerfisins fari fram í samstarfi stjórnmálaflokkanna fremur en láta aðila vinnumarkaðarins um þetta mikilvæga og viðkvæma málasvið. Því er lagt til að í nefndina séu kjörnir alþingismenn.

650. Fyrirspurn [438. mál]

til samgönguráðherra um áhrif af notkun malbiks á umhverfið.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hversu mörg tonn af malbiki eru lögð sem slitlag á Reykjavíkursvæðinu og á landinu öllu á hverju ári?
2. Hversu mörg tonn af asfalti og asfaltblöndum þarf til að framleiða þetta magn?
3. Hversu mikill hluti asfaltslitlaga, sem lögð eru á ári hverju, er endurlagnir eða viðhald og hversu stór hluti er nýlagnir?
4. Hversu stór hluti af malbiksslitlögum eða hversu mörg tonn af malbiki eða asfalti slitnar burt úr slitlögum og dreifist út í umhverfið á ári hverju?
5. Hvert er innflutningsverðmæti asfalts og asfaltblandna á ári?

Skriflegt svar óskast.

651. Fyrirspurn [439. mál]

til samgönguráðherra um flugsamgöngur til Vopnafjarðar.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Eru uppi áform um það hjá flugmálayfirvöldum að leggja af áætlunarflug til Vopnafjarðar?
2. Hver er afstaða samgönguráðherra til þess og til þróunar flugsamgangna á Norðausturlandi?

Greinargerð.

Þann 25. febrúar 1994 var í DV haft eftir Gunnari Oddi Sigurðssyni, umdæmisstjóra flugmálastjórnar á Norðurlandi, að fyrirhugað sé að leggja niður áætlunarflug til fjögurra flugvalla á Norðausturlandi, þar á meðal til Vopnafjarðar.

Orðrétt er haft eftir umdæmisstjóranum: „Þessi stefna hefur ekki verið gefin út opinberlega en ég held að það sé ekkert leyndarmál að þetta er það sem verður."

Skriflegt svar óskast.

652. Fyrirspurn [440. mál]

til viðskiptaráðherra um hlutafjáreign banka og innlánsstofnana.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Hver er hlutafjáreign íslenskra banka og innlánsstofnana og dótturfyrirtækja þeirra?

Þess er óskað að þessi hlutafjáreign sé sundurliðuð svo að fram komi eftirtaldar upplýsingar:

a. hlutafjáreign í einstökum fyrirtækjum að nafnvirði,

b. eignarhluti í einstökum fyrirtækjum,

c. hlutfall þessara eignarhluta af heildareignum viðkomandi banka og innlánsstofnana,

d. hvenær hin einstöku hlutafjárkaup áttu sér stað.

Skriflegt svar óskast.

653. Fyrirspurn [441. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ónýttar aflaheimildir.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu miklar aflaheimildir eru enn ónýttar í tonnum talið og hlutfallslega í einstökum verstöðvum og kjördæmum nú 1. mars þegar fiskveiðiárið er hálfnað í eftirtöldum fisktegundum:
   a. þorskur,
   b. ýsa,
   c. ufsi,
   d. karfi,
   e. grálúða,
   f. skarkoli?
2. Hversu miklar aflaheimildir voru ónýttar á sama tíma í fyrra hlutfallslega og í tonnum talið, skipt niður eftir kjördæmum og verstöðvum?

Skriflegt svar óskast.

654. Frumvarp til laga [442. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Lára Margrét Ragnarsdóttir, Salome Þorkelsdóttir,
Anna Ólafsdóttir Björnsson, Árni Johnsen, Auður Sveinsdóttir,
Guðni Ágústsson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Hallvarðsson,
Margrét Frímannsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

72. gr. a laganna orðast svo:
Börn 12 ára og yngri skulu bera viðurkenndan hlífðarhjálm á höfði við hjólreiðar.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 100. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:
Eigi skal heldur refsa fyrir brot sem tilgreint er í 72. gr. a. Þó er lögreglu heimilt að taka reiðhjól af barni sem brýtur ítrekað gegn ákvæðinu og verður það þá aðeins afhent forráðamanni barnsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1995.

Greinargerð.

Síðastliðin tíu ár hafa verið lagðar fram slysaskýrslur hér á landi er sýna að höfuðslys við hjólreiðar meðal barna og ungmenna eru mjög tíð og að slík slys hafa jafnan í för

með sér alvarlegar afleiðingar. Þessum slysum hefur þó fækkað aðeins á síðastliðnum árum samhliða því sem notkun sérhannaðra hjólreiðahjálma hefur aukist hratt. Samkvæmt könnun, er Umferðarráð stóð fyrir í júlí 1993, var hjálmanotkun við hjólreiðar í þéttbýli hérlendis þá um 20%. Víða erlendis hafa verið framkvæmdar athuganir er sýna að langflest börn, sem slasast alvarlega eða deyja vegna höfuðáverka er hlýst við hjólreiðar, hafa ekki borið hjálm á höfði. Sama niðurstaða kemur í ljós þegar skoðuð er slysaskráning á sjúkrahúsum hérlendis síðustu árin.

Árið 1990 voru sett lög um skyldunotkun hjólreiðahjálma í Ástralíu og í kjölfarið fækkaði alvarlegum höfuðmeiðslum hjólreiðamanna um 60–70% þar í landi. Sömu sögu er að segja frá nokkrum fylkjum Bandaríkjanna þar sem slík lög hafa verið sett. Fá lönd í Evrópu hafa hins vegar enn sem komið er sett slík ákvæði í löggjöf sína en samtök um öryggi evrópskra neytenda (ECOSA) ákváðu á fundi í Stokkhólmi í apríl á síðasta ári að stefna að því að árið 2010 yrði hjálmanotkun orðin sem útbreiddust í öllum löndum Evrópubandalagsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Skylda til bílbeltanotkunar var leidd í lög á Íslandi árið 1987, tíu árum eftir að fyrstu tillögur voru lagðar fram í því efni. Margir voru þá efins um ágæti þeirrar skyldu en í dag efast fáir enda hefur slysum af völdum árekstra fækkað um nálægt 50% og framrúðuslys nánast algerlega horfin. Stjórnvöld hljóta að leitast við að tryggja öryggi borgaranna eftir fremsta megni og lögleiðing bílbeltanotkunar var heillavænlegt spor í þá átt. Nú er tækifæri til að halda áfram á sömu braut og huga þá sérstaklega að yngstu vegfarendunum.

Salome Þorkelsdóttir lagði ásamt fleirum fram bæði á 111. og 113. löggjafarþingi frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum þar sem meðal annars var lögð til skyldunotkun hlífðarhjálma við hjólreiðar, en það náði ekki fram að ganga. Notkun slíkra hjálma hérlendis hefur aukist mikið síðan þá og sannanlega dregið úr alvarlegum höfuðáverkum vegna hjólreiðaslysa. Enn verða þó allt of mörg slík slys meðal barna sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir með notkun hlífðarhjálma.

Á síðasta þingi var samþykkt sú viðbót við umferðarlögin að dómsmálaráðherra gæti sett reglur um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar. Hér er hins vegar lagt til að gengið verði lengra og slík skylda lögleidd og því er gert ráð fyrir að framangreind breyting verði felld brott. Börn undir 15 ára aldri teljast ósakhæf og verður því ekki refsað. Þó er gert ráð fyrir að ef brot er ítrekað geti lögregla tekið hjól í sínar hendur og eigi afhent aftur fyrr en forráðamaður barns kemur og sækir það.

Þar sem nauðsynlegt er að undirbúa framkvæmd slíkra laga og nánari útfærslu á þeim vel er lagt til að lögin taki eigi gildi fyrr en 1. apríl á næsta ári.

Fylgiskjal I.

Landlæknisembættið:

Fjöldi innlagðra barna 0–14 ára með höfuðáverka á Borgarspítala 1987–1991.
(Rúm 50% slasast á reiðhjóli.)

Heilahristingur	259
Heilamar, tættur heili	17
Blæðingar	18
Annar áverki	3
Aðrir spítalar	62
Alls	**359**

Fylgiskjal II.

Umferðarráð:

Könnun á hjálmanotkun við hjólreiðar í þéttbýli í júlí 1993.

	Fjöldi	Þar af með hjálm	
Reykjavík	831	187	22,5%
Seltjarnarnes	292	52	17,8%
Kópavogur	259	50	19,3%
Garðabær	290	84	29,0%
Mosfellsbær	300	57	19,0%
Dalvík	278	33	11,9%
Öll bæjarfélögin	**2.250**	**463**	**20,6%**

655. Fyrirspurn [443. mál]

til umhverfisráðherra um áhrif af notkun malbiks á umhverfið.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hversu stór hluti innfluttra asfaltblandna eru blöndur í lífrænum leysiefnum?
2. Hversu mikið magn er talið að almenningur noti af leysiefnum til að hreinsa asfalt af hjólbörðum og bílalakki á ári?
3. Hvert er álit Hollustuverndar ríkisins á mengunaráhrifum asfaltbundinna slitlaga og hvert er álit Vinnueftirlits ríkisins á skaðlegum áhrifum frá heitu malbiki við gerð þess og lagningu?

Skriflegt svar óskast.

656. Frumvarp til laga [444. mál]

um rétt til launa í veikindaforföllum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði enda þótt launþegi hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar.

Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum frá vinnu vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Nú vill launþegi neyta réttar síns skv. 4.–6. gr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis er sýni að forföll hafi verið óhjákvæmileg, sbr. og ákvæði 5. mgr. 5. gr.

II. KAFLI
Breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985.

3. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Ef skipverji forfallast vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er forfallaður af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum skv. 1. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns skv. 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis er sýni að hann hafi verið forfallaður.

Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóms eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði enda þótt skipverji hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar.

Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið með frumvarpi þessu er tvíþætt. Annars vegar er lögð til lagabreyting sem stuðlar að því að jafna rétt launþega hér á landi til launa í veikindaforföllum. Hins vegar er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um rétt tiltekins hóps manna, heilbrigðra líffæragjafa, og þeim veittur lagalegur réttur til launa sem um veikindaforföll væri að ræða. Þessar breytingar eru lagðar til í ljósi réttarþróunar hér á landi undanfarinn áratug.

Um rétt launþega til launa í veikindaforföllum gilda lög nr. 19/1979, sem ná til landverkafólks, lög nr. 35/1985, sem gilda um sjómenn, og lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. reglugerð um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, nr. 411/1989. Auk þess eru í flestum kjarasamningum ákvæði um rétt til launa í veikindaforföllum.

Í stuttu máli má segja að réttarþróun undanfarinna ára hafi aukið misrétti milli einstakra hópa launþega hvað varðar rétt til launa í veikindaforföllum. Það byggist annars vegar á því að lögbundinn réttur verkafólks og sjómanna á þessu sviði hefur verið túlkaður mjög þröngt og hins vegar á því að þessum hópum hefur ekki verið tryggður réttur í samræmi við þróun á sviði nútímalækninga. Þannig má sem dæmi nefna að ýmis fjölmenn samtök launþega, svo sem starfsmenn ríkis og bæja, hafa fengið viðurkenndan rétt til launa í forföllum vegna tæknifrjóvgunar. Sé litið til réttarþróunar er langt frá því að verkafólk og sjómenn njóti slíks réttar og í raun hefur þróunin í heild leitt til þess að verkafólk og sjómenn hafa í dag lakari rétt en almennt gerist og lakari rétt en ráða má af lagafyrirmælum. Þannig hafa hugtökin „sjúkdómur" og „óvinnufærni" í lögum nr. 19/1979 og lögum nr. 35/1985 verið túlkuð afar þröngt af dómstólum. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að lögin tryggi þeim ekki rétt sem að læknisráði gangast til dæmis undir hjartaþræðingu eða rannsókn vegna magasárs. Vist á heilsuhæli að læknisráði vegna slæmrar vöðvabólgu hefur ekki verið talin veita rétt til launa í veikindaforföllum, né heldur fjarvist vegna munnskurðaðgerðar, kjálkaaðgerðar, andlitsaðgerðar í kjölfar slæms bruna eða ísetningar nýs gerviauga svo að dæmi séu nefnd. Þá hefur tæknifrjóvgun ekki talist til greiðsluskyldra forfalla enda þótt ófrjósemi kunni að stafa af sjúkdómi, en eins og að framan er getið fá opinberir starfsmenn greidd laun í forföllum vegna tæknifrjóvgunar. Þá hafa opinberir starfsmenn fengið greidd laun sem um veikindaforföll væri að ræða vegna áfengismeðferðar í fyrsta sinn þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar í dómi 1984:439 þar sem áfengissýki er ekki talinn sjúkdómur og því ekki veita rétt til launa í veikindaforföllum. Ekki þótti rétt í frumvarpi þessu að leggja til að atvinnurekendur yrðu í lögum skyldaðir til greiðslu launa í forföllum starfsmanns vegna áfengismeðferðar. Það efni þarfnast sérstakrar athugunar við, meðal annars þar eð skiptar skoðanir eru um hvaða reglur eigi að gilda þar að lútandi.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem tryggja eiga rétt launþega til greiðslu launa í forföllum að læknisráði án þess að gert sé að ófrávíkjanlegu skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær. Þá er einnig lagt til í frumvarpinu að réttur heilbrigðra líffæragjafa verði tryggður sérstaklega. Enn hefur ekki reynt á rétt þessa hóps fyrir dómstólum en þegar hafa komið upp dæmi um að atvinnurekendur neiti að greiða heilbrigðum líffæragjöfum laun vegna fjarvista þeirra við líffæragjöf, enda þótt margir vinnuveitendur muni væntanlega kjósa að greiða starfsfólki sínu laun í slíkum tilvikum. Þess má geta að árið 1993 voru skráð fjögur tilvik líffæragjafa hjá Íslendingum.

Eins og að framan greinir hafa opinberir starfsmenn fengið viðurkenndan rétt til greiðslu launa vegna forfalla vegna tæknifrjóvgunar sem eru að vissu leyti einnig aðgerðir sem einstaklingar velja sjálfir hvort þeir gangast undir. Heilbrigðir líffæragjafar hafa þó algera sérstöðu þar sem þeir gangast heilbrigðir undir aðgerð til hjálpar þriðja manni, ef til vill ekki beinlínis að ráði læknis, þó að um geti verið að ræða að verið sé að bjarga lífi annarrar manneskju. Sú breyting, sem hér er lögð til, á því fyrst og fremst rætur að rekja til mannúðarsjónarmiða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að réttur launþega til launa í veikindaforföllum verði rýmkaður þannig að til sjúkdóma teljist hvers kyns aðgerðir, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði, enda þótt launþegi hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar. Eins og fram kemur í greinargerð er þessari breytingu ætlað að tryggja þeim sem gangast m.a. undir hjartaþræðingu rétt til launa í forföllum af þeim sökum, jafnvel þótt þeir hafi ekki verið óvinnufærir við upphaf læknismeðferðar. Ákvæðum frumvarpsins er hins vegar ekki ætlað að lögskylda atvinnurekendur til geiðslu launa vegna áfengismeðferðar. Þá er lögð til sú grundvallarbreyting að heilbrigðum líffæragjöfum sé tryggður réttur til launa á meðan þeir eru fjarri vinnu af þeim sökum á sama hátt og um sjúkling væri að ræða.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að fellt verði brott skilyrði um að menn séu óvinnufærir, sbr. það sem segir í greinargerð. Í stað þess er lagt til að kveðið verði á um að forföll hafi verið óhjákvæmileg vegna veikindanna eða slyssins, en með því er tryggt að forföll viðkomandi séu í raun að læknisráði án þess að gert sé að skilyrði að viðkomandi teljist óvinnufær, sbr. þó undantekningu í 5. mgr. 5. gr. Þá er lagt til að ekki verði tiltekið í ákvæðinu að læknisvottorð varði „veikindi og slys“ og er sú breyting í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú grundvallarbreyting á rétti sjómanna til launa í veikindaforföllum að ekki verði lengur gert að skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær, enda hefur það skilyrði þrengt verulega rétt sjómanna þar sem þeir geta eðli málsins samkvæmt ekki leitað sér lækninga fyrr en að lokinni veiðiferð. Þannig hefur ósérhlífni sjómanna, sem reyna að vinna störf sín til loka veiðiferðar, þrátt fyrir óumdeilanleg veikindi, leitt til brottfalls réttar til veikindalauna. Þá er lagt til að ekki verði tiltekið í 5. mgr. að vottorð læknis varði „veikindi“ eða „slys“ og er sú breyting í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 36. gr. Bent skal á ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna sem veitir útgerðarmanni rétt til að kanna hvort sá sem vill ráða sig á skip sé haldinn sjúkdómi eða meiðslum sem gerir hann ófæran til að gegna skipsstörfum og á 33. gr. laganna um skyldu skipverja til að gangast undir læknisrannsókn að kröfu skipstjóra.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

657. Svar [333. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um innflutning gæludýrafóðurs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var innflutningur gæludýrafóðurs í kjötvöru sl. fjögur ár, sundurgreindur í kjöttegundir, og*
   a. *hver var þungi þess varnings,*
   b. *hvert var innkaupsverð,*
   c. *hvert er áætlað smásöluverð?*
2. *Hver var innflutningur gæludýrafóðurs í formi þurrfóðurs sl. fjögur ár og*
   a. *hver var þungi þess varnings,*
   b. *hvert var innkaupsverð,*
   c. *hvað er áætlað smásöluverð?*
3. *Hver var innlend framleiðsla gæludýrafóðurs sundurgreind sem að framan greinir?*

Óskað var eftir aðstoð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins við að svara fyrirspurninni og eru svörin byggð á þeim upplýsingum en ekki reyndist unnt að finna svör við öllum spurningunum.

1. Eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd hefur innflutningur á gæludýrafóðri verið nokkuð stöðugur og vaxandi og má ætla að hann sé nú tæp 800 tonn.

Ekki er fjarri lagi að telja að meðalkaupverð erlendis á gæludýrafóðri á síðasta ári hafi verið um það bil 90–100 kr. á kg. Samkvæmt því gæti kaupverð gæludýrafóðurs erlendis verið um það bil 70 millj. kr.

2. Ekki liggur fyrir sundurliðun á innflutningi síðasta árs en að henni er unnið. Til er greining á þessu frá árunum 1988–1990. Ef sú skipting sem þar kom fram er höfð til viðmiðunar fyrir árið 1993 má ætla að innflutningurinn hafi verið sem hér segir:

Kattamatur, blautur, 39% eða 312 tonn.
Kattamatur, þurr, 10% eða 80 tonn.
Hundamatur, blautur, 17% eða 136 tonn.
Hundamatur, þurr, 18% eða 144 tonn.
Annað gæludýrafóður 16% eða 128 tonn.

3. Innlend framleiðsla hefur verið óveruleg. Kunnugt er um þróunarvinnu sem er í gangi. Af hálfu eftirlitsdeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur verið fylgst með þeirri þróunarvinnu eftir því sem viðkomandi aðilar hafa kært sig um og viljað. Ekki er unnt að áætla það magn sem þar um ræðir þar eð engar upplýsingar liggja fyrir um framleiðslu þeirra.

Yfirlit yfir innflutning á gæludýrafóðri árin 1988–1990.



	1988	1989	1990
Hundamatur þurr	15.7	17.1	17.5
Hundamatur blautur	20.6	17.5	17.2
Kattamatur þurr	9.4	11.9	9.9
Kattamatur blautur	39.1	37	38.8
Dúfnafóður	8	7.3	5.9
Fuglafóður annað	5.6	7.1	7.5
Annað gæludýrafóður	1.5	2.1	3.2
Grundv.skiptingar	393399	455294	493620

Innflutningur á gæludýrafóðri árin 1985–1993.



658. Frumvarp til laga [445. mál]

um breyting á lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur heimilað að við starfsemi skv. 1. og 2. mgr. séu notaðar sérstakar happdrættisvélar þannig að þátttaka, ákvörðun um vinning og greiðsla á honum fari fram vélrænt og samstundis og enn fremur að slíkar happdrættisvélar séu samtengdar, einstakar vélar og á milli sölustaða. Dómsmálaráðherra setur með reglugerð m.a. nánari ákvæði um staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir happdrættisvéla, eftirlit með þeim, notkun mynta og seðla við greiðslu fyrir þátttöku, fjárhæð vinninga og aldur þeirra, sem mega nota vélarnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og er frumvarpið flutt samhliða frumvarpi til laga um söfnunarkassa. Í því frumvarpi er gerð sú tillaga að dómsmálaráðherra verði heimilt að veita Íslenskum söfnunarkössum, félagi í eigu Rauða kross Íslands, Landsbjargar, landssambands björgunarsveita, Samtaka áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélags Íslands, leyfi til að starfrækja söfnunarkassa með peningavinningum. Því er nauðsynlegt að afmarka þá starfsemi gagnvart happdrættisvélum Háskóla Íslands, en svo sem kunnugt er hefur Háskóli Íslands einkaleyfi til rekstrar happdrættis með peningavinningum og hefur nýlega hafið rekstur peningahappdrættis með vélum sem ekki er rekið sem flokkahappdrætti.

Í 1. gr. þessa frumvarps er tekið fram að happdrættisvélarnar megi samtengja, einstakar vélar og á milli sölustaða. Slíka heimild er ekki að finna í frumvarpi til laga um söfnunarkassa og er á því byggt að þetta atriði verði helsta greinimark á milli söfnunarkassa annars vegar og happdrættisvéla hins vegar. Er enda ljóst að samtenging á milli véla og á milli sölustaða skapar möguleika á að byggja upp happdrættisvinninga sem eru ólíkir þeim kostum sem fyrir hendi eru varðandi staka söfnunarkassa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein kemur fram sú tillaga sem að ofan er lýst, að dómsmálaráðherra geti heimilað að happdrættisvélar þær sem Háskóli Íslands rekur séu samtengdar, einstakar vélar og á milli sölustaða, en eins og fram er komið er þessi framsetning nauðsynleg til þess fyrst og fremst að tryggja skýra afmörkun á þeim heimildum sem Háskóli Íslands hefur verið talinn hafa gagnvart því leyfi til reksturs söfnunarkassa sem frumvarp til laga um söfnunarkassa gerir ráð fyrir til handa öðrum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari beytingum.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um söfnunarkassa. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hægt verði að heimila notkun sérstakra happdrættisvéla sem samtengdar eru milli sölustaða. Mun dómsmálaráðherra setja reglugerð um nánari útfærslu þessa lagaákvæðis, þar á meðal um eftirlit með vélunum.

Að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið er það skilningur fjármálaráðuneytis að allur kostnaður af opinberu eftirliti með umræddum happdrættisvélum verði borinn af Happdrætti Háskóla Íslands og verði kostnaður ríkissjóðs af frumvarpi þessu því enginn.

659. Frumvarp til laga [446. mál]

um söfnunarkassa.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Íslenskum söfnunarkössum (ÍSK), félagi í eigu Rauða kross Íslands, Landsbjargar, Samtaka áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélags Íslands, leyfi til að starfrækja söfnunarkassa með peningavinningum. Samtökin, sem standa að félaginu, skulu gera með sér samstarfssamning um rekstur söfnunarkassanna, þar með talið um skiptingu tekna af söfnunarfénu sem dómsmálaráðherra staðfestir.

Tekjum af söfnunarkössum samkvæmt lögum þessum skal varið til starfsemi þeirra samtaka, sem rétt hafa til reksturs þeirra.

2. gr.

Með söfnunarkössum í lögum þessum er átt við handvirka og/eða vélræna söfnunarkassa sem ekki eru samtengdir og í eru sett peningaframlög er jafnframt veita þeim sem þau leggja fram möguleika á peningavinningi, allt að ákveðinni fjárhæð, og skal úthlutun vinninga byggjast á tilviljun. Söfnunarkassar samkvæmt lögum þessum skulu vera merktir Íslenskum söfnunarkössum.

Reikningar fyrir innkomið söfnunarfé í söfnunarkössum samkvæmt lögum þessum og rekstur þeirra skulu endurskoðaðir af tveimur löggiltum endurskoðendum og skal annar tilnefndur sameiginlega af þeim félagasamtökum sem standa að rekstri söfnunarkassanna og hinn af dómsmálaráðherra. Að lokinni endurskoðun skal eintak af ársreikningi afhent dómsmálaráðherra.

3. gr.

Vinningar úr söfnunarkössum samkvæmt lögum þessum eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla.

4. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íslenskra söfnunarkassa, nánari ákvæði um staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir söfnunarkassa, eftirlit með þeim, notkun mynta og seðla við greiðslu framlaga, fjárhæð vinninga og aldur þeirra sem nota megi kassana til að leggja fram framlög. Með sama hætti getur ráðherra sett í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um greiðslu kostnaðar vegna eftirlits og endurskoðunar.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum. Þá er heimilt með dómi að gera upptæk tæki og fjármuni sem notaðir hafa verið við brot á lögunum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á sl. ári beitti dóms- og kirkjumálaráðherra sér fyrir því að samkomulag náðist milli Happdrættis Háskóla Íslands annars vegar og hins vegar Rauða kross Íslands (RKÍ), Landsbjargar (LB), Slysavarnafélags Íslands (SVFÍ) og Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ), en þessi fern samtök hafa staðið að starfrækslu söfnunarkassa. Samkomulag þetta var gert í tilefni af deilum sem risu í framhaldi af beiðni Happdrættis Háskóla Íslands um að hefja rekstur á sérstökum samtengdum happdrættisvélum. Þessi beiðni og síðar afgreiðsla ráðuneytisins á henni varð m.a. tilefni deilna um lagagrundvöll undir rekstri söfnunar- og spilakassa á vegum Rauða kross Íslands og samstarfssamtaka þeirra. Við áðurnefnt samkomulag féllst ráðherra á að beita sér fyrir því að lagagrundvöllur undir rekstri söfnunar- og spilakassa RKÍ og samstarfssamtaka þeirra yrði treystur og er frumvarp þetta samið af því tilefni.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt annað frumvarp til breytinga á lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum, þar sem heimild þess til að nota samtengdar happdrættisvélar er afmörkuð.

Rauði kross Íslands fékk á árinu 1972 í fyrsta sinn leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til að setja upp spilavélar til að afla fjár til starfsemi sinnar. Var þar um að ræða fyrirmynd frá Noregi og Finnlandi, en vélarnar gáfu peningavinninga og voru stilltar á fimmfaldan vinning. Í leyfisbréfinu var af hálfu ráðuneytisins tekið fram að áskilið væri að leitað yrði staðfestingar ráðuneytisins á fjárhæð vinninga og einnig var áskilið að settar kynnu að verða nánari reglur um eftirlit með starfrækslu spilavélanna, þar á meðal um

eftirlit lögreglustjóra með staðsetningu þeirra. Tekið var fram að merkja yrði kassana RKÍ. Ráðuneytið veitti síðan á árunum 1972 til 1976 leyfi fyrir notkun tiltekinna mynta í spilavélarnar og breytingum á hlutfalli vinninga.

Á árinu 1977 sótti Rauði kross Íslands um leyfi til að flytja inn og starfrækja í fjáröflunarskyni nýja tegund söfnunarkassa (spilavéla). Af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins var umbeðið leyfi veitt með bréfi, dags. 23. júní 1977, og þar voru sett sömu skilyrði og í fyrri leyfisbréfum, en bréfi ráðuneytisins lauk með þessum orðum: „Ráðuneytið vísar að öðru leyti til laga nr. 5 24. mars 1977, um opinberar fjársafnanir."

Á árunum 1986 og 1987 fékk RKÍ enn leyfi ráðuneytisins til að setja upp nýjar gerðir af söfnunarkössum og voru þau leyfi veitt með sömu skilyrðum og fyrri leyfi, svo sem um merkingar, tegund myntar, vinningshlutfall, eftirlit og annað.

Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann fengu á árinu 1981 leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til að starfrækja í fjáröflunarskyni söfnunarkassa (spilakassa), enda yrðu kassarnir merktir SÁÁ. Kassarnir áttu að vera fyrir 1 krónu mynt og vinningar máttu vera allt að 9 krónum. Ákvæði voru í leyfisbréfinu um að leita þyrfti staðfestingar hlutaðeigandi lögreglustjóra á staðsetningu kassanna og áskilið var að þeir yrðu háðir eftirliti lögreglu og jafnframt að síðar kynnu að verða settar nánari reglur um starfrækslu kassanna, þar á meðal um vinningsmöguleika og þóknun til þeirra sem láta í té aðstöðu fyrir þá, svo og um eftirlit með kössunum. Ekki var í leyfisbréfinu vísað til laga eða reglugerða og leyfið var ótímabundið.

SÁÁ nýttu ekki þetta leyfi en tóku hins vegar fyrir atbeina dómsmálaráðuneytisins á árinu 1989 upp samstarf við Rauða kross Íslands um rekstur söfnunarkassa á vínveitingastöðum. Veitti dóms- og kirkjumálaráðuneytið Rauða krossi Íslands þá sérstakt leyfi til að setja upp söfnunarkassa á vínveitingastöðum og var leyfið m.a. veitt með því skilyrði að samkomulag næðist milli stjórna RKÍ og SÁÁ um skiptingu tekna af þessum söfnunarkössum. Slíkt samkomulag var gert milli RKÍ og SÁÁ 23. maí 1989.

Með bréfi, dags. 8. september 1989, veitti dóms- og kirkjumálaráðuneytið Slysavarnafélagi Íslands, Landssambandi hjálparsveita skáta og Landssambandi flugbjörgunarsveita sameiginlega leyfi til að setja upp og starfrækja tölvustýrða spilakassa, lukkuskjái, og var þessi sameiginlega starfsemi samtakanna nefnd Lukkutríó. Skilyrði var að vinningar máttu vera ákveðnir hlutir og ekki mátti setja þessa kassa upp á stöðum þar sem söfnunarkassar RKÍ voru þegar reknir.

RKÍ og Lukkutríó gerðu 6. júlí 1990 með sér samstarfssamning um fjáröflun með spilakössum. Í framhaldi af þessu sótti RKÍ um leyfi til reksturs spilakassa, sem nefndir voru lukkuskjáir, í samvinnu við þau samtök sem stóðu að samningnum frá 6. júlí 1990. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitti RKÍ umbeðið leyfi með bréfi, dags. 21. febrúar 1991, og er tekið fram að leyfi sé háð nánar tilgreindum sex skilyrðum:

1. Kassarnir verði greinilega merktir þeim samtökum sem afla fjár með rekstri þeirra.
2. Leita skal staðfestingar hlutaðeigandi lögreglustjóra á staðsetningu kassanna. Miðað skal við að þeir verði á sömu eða sambærilegum stöðum og RKÍ starfrækir nú söfnunarkassa. Jafnframt er áskilið að söfnunarkassar skuli háðir eftirliti lögreglu eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja hverju sinni og að settar kunni að verða nánari reglur um starfrækslu kassanna, þar á meðal um þóknun til þeirra sem láta í té aðstöðu fyrir þá, svo og um eftirlit með kössunum.

3. Í kassana er einungis heimilt að nota 10 króna og 50 króna mynt.
4. Heimilt er að nota tilgreinda átta leiki í söfnunarkössunum.
5. Sett eru skilyrði um verð á hverjum leik og vinningshlutfall sem má vera allt að fertugfalt verð leiks. Hæsti vinningur í leik sem kostar að grunnverði 10 krónur verði 3.200 krónur og í leik sem kostar að grunnverði 25 krónur verði hæsti vinningur 8.000 krónur. Útborgunarhlutfall verði minnst 82% af verðmæti innborgaðra leikja miðað við hverja 100 leiki.
6. Ráðuneytið áskilur sér rétt til að endurskoða reglur þessar að höfðu samráði við leyfishafa.

Ekki er í leyfisbréfinu vísað til laga eða reglugerða og leyfið er ótímabundið.

Frá 1990 hafa Rauði kross Íslands, Landssamband hjálparsveita skáta og Landssamband flugbjörgunarsveita, síðar Landsbjörg eftir sameiningu þessara tveggja landssambanda, Slysavarnafélag Íslands og Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandamálið, haft með sér samstarf um starfrækslu söfnunarkassa, sem jafnframt hafa veitt peningavinninga. RKÍ annaðist þennan rekstur fram til 1. janúar 1994, en aðilar sömdu um skiptingu tekna af kössunum.

Hinn 19. október 1993 gerðu Rauði kross Íslands, Landsbjörg, Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélag Íslands með sér samning um stofnun félags um rekstur söfnunar- og spilakassa og aðra fjáröflun. Heiti félagsins er Íslenskir söfnunarkassar (ÍSK) og tók það til starfa 1. janúar 1994. Stofnsamningur Íslenskra söfnunarkassa er birtur sem fskj. I með frumvarpi þessu. Í framhaldi af gerð stofnsamningsins hafa þau samtök, sem aðild eiga að Íslenskum söfnunarkössum, komið sér saman um skiptingu ágóða af rekstri söfnunarkassa, sjá töflu í viðauka nr. 1 með samningnum sem fylgir frumvarpinu.

Verði frumvarp þetta að lögum hefur hinni sameiginlegu fjáröflun til starfsemi þessara fernra samtaka verið búinn lagagrundvöllur með hliðstæðum hætti og nú er varðandi rekstur getrauna og lottós, en tekjur af þeirri starfsemi renna til íþróttasamtaka og Öryrkjabandalags Íslands. Rekstur söfnunarkassa, sem jafnframt gefa möguleika á peningavinningum, hefur verið mikilvæg fjáröflun fyrir starfsemi RKÍ, Landsbjargar, SVFÍ og SÁÁ og hefur átt mikinn þátt í að gera þessum samtökum kleift að halda uppi öflugri starfsemi í þágu landsmanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rauði kross Íslands, Landsbjörg, Samtök áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélag Íslands hafa eins og lýst var fyrr í greinargerðinni stofnað með sér sameignarfélag um rekstur söfnunar- og spilakassa og aðra fjáröflun. Lagt er til að dómsmálaráðherra fái heimild til að leyfa þessu félagi, Íslenskum söfnunarkössum, að starfrækja söfnunarkassa með peningavinningum. Verði þessi heimild lögleidd leiðir af henni að ráðherra getur ekki án sérstakrar lagaheimildar heimilað öðrum aðilum rekstur söfnunarkassa af því tagi sem frumvarpið tekur til.

Lagt er til að það verði skilyrði fyrir leyfinu að dómsmálaráðherra hafi staðfest samstarfssamning þeirra samtaka sem standa að félaginu þar sem m.a. er kveðið á um skiptingu tekna af söfnunarfénu. Samkvæmt þessu er það verkefni samtakanna að semja sín í milli um skiptingu tekna af söfnunarfénu og það er aðeins hlutverk ráðherra að staðfesta slíkan samning, en í því felst að hann hefur eftirlit með að ákvæði samningsins séu í samræmi við ákvæði laga og þeirra reglna sem sett eru á grundvelli þeirra.

Í frumvarpinu er ekki farin sú leið að binda heimildina til að veita leyfi við tiltekinn árafjölda eins og gert er í lögum um einstök happdrætti og lögum nr. 26/1986, um talnagetraunir (lottó). Hér er hins vegar farin hliðstæð leið og gert er í lögum nr. 59/1972, um getraunir. Það er því á valdi Alþingis að ákveða síðar með breytingu á lögunum hvort leyfið verður fellt niður og þá hvenær. Sé leyfið fyrir fram tímabundið kunna þeir aðilar, sem þess njóta, að eiga kröfu á bótum ef leyfið er fellt niður áður en leyfistíminn er á enda.

Í 2. mgr. er tekið fram að tekjum af söfnunarkössum samkvæmt lögunum skuli varið til starfsemi þeirra samtaka sem rétt hafa til reksturs þeirra. Öll hafa þau fern samtök, sem standa að Íslenskum söfnunarkössum, það að markmiði að starfa að mannúðar-, líknar- og björgunarmálum. Þeim fjármunum, sem samtökin afla, er því varið til að sinna slíkum verkefnum og er ekki tilefni til þess að lögbinda frekar ráðstöfun á tekjum af söfnunarkössunum.

Um 2. gr.

Starfræksla söfnunarkassa á vegum Íslenskra söfnunarkassa hefur það fyrst og fremst að markmiði að afla fjár til starfsemi þeirra samtaka sem að félaginu standa og fjárframlög, sem látin eru í té hverju sinni, eru tiltölulega lágar fjárhæðir. Sama gildir um þá vinninga sem kassarnir gefa. Sú aðferð að framlag á söfnunarfé veiti jafnframt möguleika á peningavinningi, þar sem úthlutun vinninga byggist á tilviljun, er að mörgu leyti hliðstæð því sem almennt er fellt undir hugtakið happdrætti. Ekki er því kostur á að setja fram algilda skilgreiningu annars vegar á söfnunarkössum sem falla undir þetta frumvarp og hins vegar happdrættisvélum sem happdrætti, er hafa til þess leyfi, kunna að setja upp. Á því er hins vegar byggt í þessu frumvarpi og því frumvarpi um breytingu á lögum um happdrætti Háskóla Íslands sem flutt er samhliða að helsta greinimarkið á milli söfnunarkassa annars vegar og happdrættisvéla hins vegar komi fram í því að heimilt er að samtengja happdrættisvélar hvort heldur er einstakar vélar eða á milli sölustaða, en ekki verður heimilt að samtengja söfnunarkassa. Búnaðurinn sjálfur kann hins vegar að öðru leyti að vera hliðstæður og búnaður happdrættisvéla sem happdrætti kunna að fá leyfi til að setja upp. Það er ekki skilyrði að söfnunarkassarnir séu vélknúnir heldur kunna þeir að vera að hluta eða öllu leyti handknúnir. Í greininni kemur fram að söfnunarkassar skuli merktir Íslenskum söfnunarkössum.

Með lögum þessum er þeim fernum samtökum, sem standa að Íslenskum söfnunarkössum, veitt leyfi til að reka tiltekna gerð af söfnunarkössum. Eðlilegt er því að stjórnvöld hafi möguleika á því að fylgjast með og hafa eftirlit með fjárreiðum og uppgjöri vegna þess fjár sem safnast í söfnunarkassana. Lagt er til að dómsmálaráðherra tilnefni annan tveggja löggiltra endurskoðenda reikninga fyrir innkomið söfnunarfé og að dómsmálaráðherra skuli fá eintak af ársreikningi afhent að lokinni endurskoðun. Hinn tilnefndi endurskoðandi er því trúnaðarmaður ráðherra.

Um 3. gr.

Hér er með sama hætti og í lögum um einstök happdrætti, getraunir og talnagetraunir (lottó) tekið fram um skattfrelsi vinninga, sjá t.d. 4. gr. laga nr. 13/1973 og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 59/1972. Það skal þó tekið fram að fjárhæðir vinninga úr söfnunarkössum þeim, sem frumvarp þetta fjallar um, eru almennt ekki sambærilegar við vinninga í hefðbundnum happdrættum, getraunum eða lottói, auk þess sem þeir dreifast svo mjög að ekki er kostur á að koma við skráningu þeirra.

Um 4. gr.

Rétt þykir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um ákveðin atriði varðandi starfrækslu söfnunarkassanna, en þar er m.a. um að ræða atriði sem geta verið breytileg frá einum tíma til annars, svo sem um fjölda söfnunarkassa, notkun mynta og fjárhæð vinninga. Að mestu eru þetta sömu atriði og áskilnaður hefur verið gerður um í leyfisbréfum um rekstur söfnunarkassanna, en nýmæli er að lagt er til að ráðherra ákveði aldur þeirra sem nota mega kassana til að leggja fram framlög. Með því að tiltaka þau atriði, sem nefnd eru í greininni, eru tekin af tvímæli um að ráðherra sé heimilt í reglugerð að mæla nánar fyrir um þessi einstöku atriði í starfsemi Íslenskra söfnunarkassa, en ekki er í öllum tilvikum víst að almenn reglugerðarheimild veitti ráðherra vald til að skerða það leyfi sem lögin miða við að hann veiti Íslenskum söfnunarkössum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Eins og fram er komið hefur félagið Íslenskir söfnunarkassar þegar verið stofnað og fyrir liggur samstarfssamningur milli þessara aðila í samræmi við 1. gr. frumvarpsins. Að lokinni birtingu laganna, staðfestingu ráðherra á samstarfssamningi, sbr. lok 1. mgr. 1. gr., og útgáfu reglugerðar skv. 4. gr. á ráðherra að geta gefið út leyfi skv. 1. gr., en slíkt leyfi kæmi þá í stað núverandi leyfa þeirra samtaka sem standa að félaginu, en þau eru ótímabundin.

Fylgiskjal I.

Samningur
um stofnun félags um rekstur spilakassa og aðra fjáröflun.

1. Aðilar samnings.
1.1. Aðilar samnings þessa og eigendur eru:
Rauði kross Íslands (RKÍ).
Landsbjörg (LB).
Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ).
Slysavarnafélag Íslands (SVFÍ).

2. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.
2.1. Heiti félagsins er Íslenskir söfnunarkassar (ÍSK).
2.2. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.
2.3. Tilgangur félagsins er að reka söfnunar- og spilakassa og aðra fjáröflunarstarfsemi fyrir eigendafélögin.
3. Eignaraðilar, skipting ágóða og ábyrgð.
3.1. Eigendur félagsins eru þeir sem tilgreindir eru í lið 1.1.

3.2. Þegar greiddir hafa verið vinningar, rekstrarkostnaður, stofnkostnaður, tækjakaup og aðrar nauðsynlegar fjárfestingar vegna starfsemi félagsins skal ágóða skipt milli eigenda í þeim hlutföllum sem um getur í viðauka nr. 1 við samning þennan. Eignaraðilar skulu verja ágóðanum í samræmi við markmið hvers eigendafélags.

3.3. Eigendur bera ábyrgð á tapi er verða kann á rekstrinum og skuldbindingum félagsins í þeim hlutföllum er um getur í viðauka nr. 1 og gr. 3.4.

3.4. Heimilt er að leggja ákveðinn hundraðshluta af heildarsölutekjum yfirstandandi reikningsárs í varasjóð sem skal ávaxtast með sem hagkvæmustum hætti á hverjum tíma. Sjóði þessum er ætlað að mæta óvæntum áföllum og uppbyggingu félagsins. Varasjóðstillag sé ákveðið á aðalfundi félagsins hverju sinni.

3.5. Félagið kaupi og yfirtaki rekstur kassadeildar RKÍ við upphaf starfsemi samkvæmt kaupsamningi, sjá viðauka nr. 2.

3.6. Félagið sæki um einkaleyfi á rekstri spilakassa hjá dómsmálaráðuneyti byggt á lögum frá Alþingi.

3.7. Eignaraðilum er heimilt að reka þær fjáraflanir sem þegar er hefð fyrir, en allar nýjar fjáraflanir sem eignaraðilarnir hyggjast stunda skal leggja með góðum fyrirvara fyrir stjórn félagsins og skal hún meta:
1) hvort þær séu í samkeppni við rekstur félagsins hverju sinni til að ekki komi til árekstra,
2) hvort eðlilegt sé að ÍSK standi að rekstri þeirrar fjáröflunar.

3.8. Allar aðrar fjáraflanir en söfnunar- og spilakassar sem ÍSK tekur að sér að reka skulu skiptast samkvæmt samkomulagi hverju sinni. Aðilar eru sammála um að sem flestar fjáröflunarleiðir skuli fara fram á vegum fyrirtækisins.

3.9. Þegar ný fjáröflunarleið er ákveðin á vegum félagsins skiptist kostnaður við hana í sömu hlutföllum og væntanleg tekjuskipting.

4. Stjórn.

4.1. Stjórn félagsins skipa 6 menn og 6 til vara. RKÍ skipar 3 menn og 3 til vara, aðrir skipa 1 mann og 1 til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður skal vera til skiptis frá eignaraðilum, tvö ár í senn, í fyrsta skipti frá RKÍ, en RKÍ hefur þó formann annað hvert kjörtímabil. Varamenn skulu taka sæti þeirra aðalmanna sem þeir eru skipaðir fyrir. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár og leitast skal við að ekki sé skipt nema 2 stjórnarmönnum hverju sinni.

4.2. Stjórnin fer með yfirstjórn félagsins milli aðalfunda, ræður framkvæmdastjóra þess, löggiltan endurskoðanda og annað starfsfólk og setur því erindisbréf. Stjórnin skal hafa eftirlit með að reikningshald, innra eftirlit og fjármál þess séu í góðu lagi og að það fylgi lögum og reglugerðum í starfsemi sinni. Skrá skal allar ákvarðanir stjórnar í fundargerðabók.
Formaður stjórnar skal boða hana til fundar eins oft og þurfa þykir. Einstakur stjórnarmaður getur með tilgreindum rökum krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn og hafi formaður ekki boðað til slíks fundar innan 7 daga frá því er hann fékk slíka kröfu um fundarhald getur sá er fundar krefst boðað sjálfur til slíks fundar.
Meiri hluti atkvæða ræður á stjórnarfundi nema um sé að ræða meiri háttar ákvarðanir, svo sem ráðningu og uppsögn framkvæmdastjóra eða umtalsverða breytingu á rekstrarfyrirkomulagi. Í slíkum tilfellum þurfa a.m.k. 4 stjórnarmenn að vera ákvörðuninni samþykkir.

4.3. Í októbermánuði ár hvert skal stjórnin boða til aðalfundar með a.m.k. 14 daga fyrirvara.
Fundarboðun skal gerð með ábyrgðarbréfi til skrifstofu eignaraðila eða á annan sannanlegan hátt.
Rétt til setu á fundi þessum hafa auk stjórnarmanna og varamanna þeirra, framkvæmdastjóri félagsins og endurskoðandi og allt að 2 fulltrúar hverrar stjórnar, LB, SVFÍ, SÁÁ, og 6 fulltrúar RKÍ eða varamenn þeirra.
Atkvæði eru óskipt fyrir hvert félag og skal atkvæðavægi hvers eignaraðila vera í samræmi við eignarhlutföll þeirra samkvæmt viðauka nr. 1. Meiri hluti atkvæða ræður nema annað sé ákveðið í félagssamningi þessum eða reglugerð.
Formaður stjórnar skal setja fundinn og skipa fundarstjóra. Fundarstjóri skal tilnefna fundarritara.
Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

a. Kjörbréf aðalfundarfulltrúa lögð fram.
b. Stjórnin gefur skýrslu um liðið starfsár og gerir grein fyrir framtíðarhorfum.
c. Stjórnin leggur fram til samþykktar endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðenda.
d. Ákvörðun tekin um laun stjórnarmanna.
e. Tilkynnt skipun næstu stjórnar, sbr. gr. 4.1.
f. Breytingar á félagssamþykktum.
g. Tekin ákvörðun um varasjóðstillag.
h. Önnur mál.

4.4. Boða skal til aukafundar með sama hætti og boðað er til aðalfundar, sbr. gr. 4.3, ef nauðsynlegt þykir að stjórnir eignaraðila taki afstöðu til tiltekins máls eða ef stjórn félagsins verður óstarfhæf af einhverjum sökum.

5. Reikningsskil og endurskoðun.

5.1. Reikningsár félagsins er frá 1. júlí til 30. júní.
Ársreikningur félagsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann sendur eignaraðilum í síðasta lagi 7 dögum fyrir aðalfund.

5.2. Félagið er óskattskyldur aðili eins og eigendur félagsins enda hagnaði ráðstafað til eigenda.

6. Breytingar á félagssamningi þessum.

6.1. Samningi þessum verður ekki breytt nema með a.m.k. ⅔ hluta atkvæða á fundi eigenda samkvæmt gr. 4.3. og 4.4. Breyting á eignarhlutföllum samkvæmt viðauka nr. 1 er bundin samhljóða samþykkt eigendafundar.

7. Slit félagsins eða úrsögn úr því.

7.1. Hætti félagið störfum skal félagið gert upp, eignir þess seldar og skuldir þess greiddar. Eignir eða skuldir, sem þá verða eftir, skulu skiptast á eigendur í samræmi við eignarhlutföll, sbr. viðauka nr. 1.

7.2. Eignaraðili getur sagt sig úr félagi þessu, enda sé það gert bréflega með minnst sex mánaða fyrirvara, miðað við uppgjör 1. júlí. Að loknum aðalfundi skal greiða þeim er úrsagnar krafðist hlut hans í félaginu í samræmi við fyrirliggjandi ársreikning. Eigandi sem segir sig úr félaginu á ekki rétt á að halda starfsemi þess áfram í eigin nafni, nema með samþykki þeirra eigenda sem eftir eru í félaginu komi til.

7.3. Íslenskir söfnunarkassar hefja starfsemi sína 1. janúar 1994.

Reykjavík 10. desember 1993.

Ólafur Proppé,
Landsbjörg.

Guðjón Magnússon,
Rauði kross Íslands.

Þórarinn Tyrfingsson,
SÁÁ.

Einar Sigurjónsson,
Slysavarnafélag Íslands.

Viðauki nr. 1
við samning um stofnun félags um rekstur söfnunarkassa og aðra fjáröflun.

Ágóða af rekstri söfnunarkassa skal skipt milli eigenda á eftirfarandi hátt, sbr. lið 3.2.

	1994	1995	1996	1997	1998
Rauði kross Íslands	70%	68,5%	67%	65,5%	64%
Landsbjörg og SVFÍ	22%	23,05%	24%	25,3%	26,5%
SÁÁ	8%	8,45%	9%	9,2%	9,5%

Hlutfallsskipting þessi helst óbreytt frá 1998.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um söfnunarkassa.

Í frumvarpi þessu er leitað eftir heimild til handa dómsmálaráðherra til að veita félaginu Íslenskum söfnunarkössum leyfi til starfrækslu söfnunarkassa með peningavinningum.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að reikningar fyrir innkomið söfnunarfé skuli endurskoðaðir af tveimur löggiltum endurskoðendum og skal annar tilnefndur af þeim félagasamtök-

um sem standa að rekstri söfnunarkassanna og hinn af dómsmálaráðherra. Í 4. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um greiðslu kostnaðar vegna eftirlits og endurskoðunar. Fjármálaráðuneytið lítur því svo á að sá eftirlitskostnaður sem af umræddum söfnunarkössum hlýst, þar með kostnaður af löggiltum endurskoðendum, verði borinn að fullu af félaginu Íslenskir söfnunarkassar og þeim aðilum sem að félaginu standa. Kostnaður ríkissjóðs af þessari starfsemi verður því enginn fyrir utan almennan stjórnunarkostnað dómsmálaráðuneytis sem þegar er fyrir hendi.

660. Frumvarp til laga [447. mál]

um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, ásamt síðari breytingum.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Kristjánsson, Finnur Ingólfsson.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV, sbr. 17. gr. laga nr. 127/1993, fellur brott. Gjöld, sem sveitarfélög hafa þegar greitt til Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt ákvæðinu á árinu 1994, skulu endurgreidd eigi síðar en 1. september 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að afnumin verði greiðsluskylda sveitarfélaga í Atvinnuleysistryggingasjóð á árinu 1994 á fjármagni sem síðan er aftur ráðstafað af sjóðnum til að eflingar atvinnulífi í sveitarfélögunum. Þess í stað er lagt til að gjöld þessi verði endurgreidd sveitarfélögunum sem sjái sjálf um þessa framkvæmd mála.

Fyrirkomulagi þessu var fyrst komið á árið 1993 með lögum nr. 107/1992, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990. Var þar með bráðabirgðaákvæði komið á skyldu sveitarfélaga til að greiða 500 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð. Samkvæmt ákvæðinu miðaðist framlag hvers sveitarfélags við íbúafjölda og var Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að ráðstafa þessu fjármagni að uppfylltum reglum sem settar voru um úthlutun úr sjóðnum.

Þrátt fyrir að þessum ráðstöfunum væri aðeins ætlað að ná til ársins 1993 var með lögum nr. 127/1993, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sett nýtt hliðstætt bráðabirgðaákvæði í lögin um atvinnuleysistryggingar fyrir árið 1994 og framlag sveitarfélaganna hækkað í 600 millj. kr.

Settar hafa verið reglur um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði á grundvelli fyrrgreindra lagabreytinga, fyrir árið 1993 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og af félagsmálaráðherra 14. febrúar sl. fyrir árið 1994, en þessi málaflokkur hefur sem kunnugt er verið færður til félagsmálaráðuneytisins. Samkvæmt reglunum gerir stjórn sjóðsins tillögur um ráðstöfun fjármagnsins til einstakra verkefna eftir umsóknum sveitarfélaga og eru tillögurnar lagðar fyrir ráðherra sem staðfestir þær eftir atvikum. Framkvæmdin hefur sýnt að afgreiðsla þessi er í mörgum tilvikum ósanngjörn og sýna nýleg

dæmi að úthlutun styrkja til fyrirtækja með þessum hætti hefur reynst hæpin leið með tilliti til jafnræðisreglu stjórnsýslunnar sem nú hefur verið lögfest með 11. gr. nýrra stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Af þeim 500 millj. kr., sem sveitarfélögin greiddu í Atvinnuleysistryggingasjóð árið 1993, liggur ekki endanlega fyrir hve mikið sjóðurinn greiddi þeim til baka þar sem enn hefur ekki verið gert endanlega upp hjá sjóðnum. Um áramótin var talið að upphæðin næmi 300 millj. kr. en nú liggur fyrir að sú fjárhæð muni endanlega jafnvel ekki vera nema milli 100 til 200 millj. kr. Eftir stendur því í ríkissjóði umtalsverð fjárhæð sem í rauninni má líta á sem beinan framfærslustyrk sveitarfélaganna til ríkissjóðs.

Eitt af meginmarkmiðum nýrra sveitarstjórnarlaga var að auka sjálfsstjórn sveitarfélaga og að í sem mestum mæli færu saman ákvörðun, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð þegar sveitarfélögum væru fengin verkefni. Í 6. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 8/1986, eru talin upp helstu verkefni sveitarfélaga en þar á meðal eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort. Frumvarp þetta byggir m.a. á því sjónarmiði að eðlilegt sé að sjálfsstjórn sveitarfélaganna sé fyrir hendi hvað þetta ákvæði snertir. Ef ríkið gefur þetta eftir og lætur sveitarfélögin sjálf um þennan þátt mála með tilmælum um að þessu fé verði varið til atvinnuskapandi verkefna má fullyrða að hægt verði að láta átaksverkefnin ná til fleiri atvinnulausra og munu þá útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs lækka að sama skapi.

Það er á engan hátt eðlilegt að sveitarfélögin, sem hafa mikla reynslu í atvinnuskapandi verkefnum og hafa lagt til þeirra mikið fjármagn á undanförnum árum, greiði þetta fjármagn í gegnum Avinnuleysistryggingasjóð og því sé úthlutað þar. Mun einfaldara er að sveitarfélögin verji þessu fé beint í atvinnuskapandi aðgerðir án þess að greiða það í gegnum sjóðinn. Fullyrða má að sveitarfélögunum sjálfum er treystandi til að standa fyrir átaksverkefnum til styrkingar nýsköpun í atvinnulífinu í stað þess að hafa slíka miðstýringu sem í raun felur í sér kostnaðarsaman tilflutning á fjármunum frá sveitarfélögunum yfir til ríkisins sem síðan eru sendir aftur frá ríkinu og til sveitarfélaganna.

Þar sem reglur ráðherra um úthlutun styrkja, sem vitnað var til hér að framan, fela í sér að aðeins er veitt fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði miðað við bótarétt þeirra einstaklinga sem falla af atvinnuleysisskrá vegna þátttöku í viðkomandi verkefni, en sveitarfélögin hafa orðið að bera annan kostnað, svo sem launakostnað umfram atvinnuleysisbætur, efniskostnað, stjórnunarkostnað o.s.frv., hefur raunin orðið sú að kostnaður sveitarfélaganna hefur verið mun meiri en sem nemur framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ekki eru til nákvæmar tölur um hlutfallslegan kostnað sveitarfélaganna miðað við framlög sjóðsins, en framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs mun jafnvel hafa farið niður í að vera fjórðungur af þeirri upphæð sem viðkomandi sveitarfélag hefur orðið að leggja til verkefnisins.

Í bráðabirgðaákvæði IV segir að fjármálaráðherra setji reglugerð um innheimtu gjaldsins af sveitarfélögunum. Slík reglugerð hefur, eftir því sem flutningsmenn komast næst, ekki verið sett. Á árinu 1993 var framkvæmdin sú að sveitarfélögin greiddu á 10 mánuðum, frá febrúar til nóvember, jafnar greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs í gegnum ríkisféhirði. Búast má við að framkvæmdin verði svipuð í ár og er lagt til að þær greiðslur, sem þegar hafa farið fram þegar lög þessi taka gildi, verði endurgreiddar sveitarfélögunum ekki síðar en 1. september á þessu ári.

661. Fyrirspurn [448. mál]

til samgönguráðherra um umhverfisstefnu og landkynningu.

Frá Auði Sveinsdóttur.

1. Á hvaða hátt hyggst samgönguráðuneytið og ferðamálaráð standa að og framfylgja stefnu og markmiðum ráðsins í umhverfismálum er samþykkt voru á síðasta ári?
2. Hvað veldur því að lagt var niður starf umhverfismálafulltrúa hjá ferðamálaráði í byrjun þessa árs?
3. Hve miklu fjármagni verður varið til umhverfisbóta á ferðamannastöðum á árinu 1994?
4. Hve miklum fjármunum er áætlað að ferðamálaráð verji til landkynningar á árinu 1994?
5. Hve miklum fjármunum er áætlað að verja í tilefni „árs fjölskyldunnar“ og til að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land á árinu 1994?

Skriflegt svar óskast.

662. Fyrirspurn [449. mál]

til umhverfisráðherra um verndun nytjavatns.

Frá Auði Sveinsdóttur.

Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp um verndun nytjavatns?

663. Frumvarp til laga [450. mál]

um vátryggingastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Gildissvið. Skilgreining hugtaka. Mörk við aðra starfsemi.

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um vátryggingastarfsemi. Einnig gilda lögin um vátryggingamiðlun. Starfsemi sem fellur undir lög þessi er háð starfsleyfi.

2. gr.

Eftirtaldir aðilar mega reka vátryggingastarfsemi hér á landi:

1. Hlutafélög og gagnkvæm félög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skv. 26. gr.
2. Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði sem hafa fengið starfsleyfi í heimaríki, sbr. 64. og 65. gr.
3. Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar utan hins Evrópska efnahagssvæðis sem fá leyfi til að reka útibú hér á landi, sbr. 71. gr.

Um vátryggingahlutafélög gilda ákvæði laga um hlutafélög og um gagnkvæm vátryggingafélög sem stofnuð eru og rekin í samvinnufélagsformi, ákvæði laga um samvinnufélög nema annað leiði af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Félög sem stofnuð eru með sérlögum til að reka vátryggingastarfsemi mega reka þessa starfsemi í hlutafélagsformi sem gagnkvæm félög eða á öðru lögmæltu félagsformi enda búi þau við sömu rekstrarskilyrði og einkafélög og uppfylli ákvæði II. kafla. Sama gildir um erlend vátryggingafélög sem leyfi fá til að reka vátryggingastarfsemi hér á landi.

3. gr.

Lögin gilda ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta, starfshópa og fyrirtækja eða um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð og hliðstæðar stofnanir sem reknar eru samkvæmt sérstökum lögum nema að því leyti sem þessir aðilar kunna að hafa með höndum vátryggingastarfsemi.

4. gr.

Lög þessi gilda um félagasamstæður, sbr. 7. gr., þegar móðurfélagið er vátryggingafélag. Vátryggingaeftirlitið getur ákveðið að ákvæði laganna um félagasamstæður skuli eiga við um tengsl félags sem ekki er vátryggingafélag og vátryggingafélaga þegar litið væri á hið fyrrnefnda sem móðurfélag samkvæmt lögum þessum ef það ræki vátryggingastarfsemi.

Vátryggingaeftirlitið getur einnig ákveðið að lögin taki til félaga sem teljast ekki félagasamstæður þegar veruleg innbyrðis tengsl eru á milli þeirra. Félögin skulu þá tilnefna eitt þeirra sem móðurfélag.

Við mat á því hvort um yfirráð í félagi sé að ræða, sbr. 7. gr., skal leggja saman réttindi móðurfélags og dótturfélags eða dótturfélaga.

5. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því að vátryggingaáhætta sem hér er, sbr. 8. gr., sé frumtryggð annars staðar en hjá vátryggingafélögum sem hér hafa starfsleyfi. Starfsleyfi vátryggingafélags í aðildarríki hins Evrópska efnahagssvæðis telst jafngilda starfsleyfi hér á landi, enda sé fullnægt skilyrðum um heimildir til stofnunar útibús eða til að veita þjónustu, sbr. VII. kafla.

Vátryggingaeftirlitið getur, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, heimilað undanþágur frá banni skv. 1. málsl. 1. mgr.

Skilgreining hugtaka.

6. gr.

Með starfsstöð vátryggingafélags er í lögum þessum átt við:

1. Aðalstöðvar félagsins samkvæmt samþykktum þess.
2. Útibú.
3. Skrifstofu undir stjórn starfsliðs erlends vátryggingafélags.
4. Aðsetur einstaklings með umboð erlends vátryggingafélags til að starfa á vegum þess.

Þegar erlent vátryggingafélag starfar hér á landi eins og segir í 3. eða 4. tölul. 1. mgr. skal litið svo á að félagið hafi hér starfsemi sem jafngildir útibúi og skal félagið uppfylla þau skilyrði VII. kafla sem að slíkri starfsemi lúta.

7. gr.

Í lögum þessum merkir:

— *móðurfélag*, félag sem hefur yfirráð í öðru félagi,
— *dótturfélag*, félag sem móðurfélag hefur yfirráð yfir; dótturfélag dótturfélags telst einnig dótturfélag móðurfélagsins,
— *yfirráð*, að félag (móðurfélag) ráði yfir meiri hluta atkvæða í öðru félagi, eða
eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda, eða
eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi rétt til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykkta félagsins eða samninga við það, eða
eigi eignarhluti í öðru félagi og ráði meiri hluta í félaginu á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða aðra eignaraðila, eða
eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi ráðandi stöðu í því, eða
hliðstæð tengsl einstaklinga eða lögaðila við félag,
— *félagasamstæða*, móður- og dótturfélag eða dótturfélög í sameiningu,
— *virkur eignarhlutur*, beina eða óbeina hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags,
— *aðildarríki*, ríki sem er aðili að Evrópsku efnahagssvæði,
— *heimaríki*, aðildarríki þar sem aðalstöðvar vátryggingafélags eru og starfsleyfi er gefið út,
— *gistiríki*, aðildarríki þar sem vátryggingafélag með aðalstöðvar í öðru aðildarríki hefur útibú eða veitir þjónustu án starfsstöðvar,
— *aðildarríki þar sem þjónusta er veitt*, aðildarríki þar sem vátryggingafélag eða útibú í öðru aðildarríki vátryggir áhættu sem þar er, sbr. 8. gr., án þess að hafa þar starfsstöð,

— *þriðja ríki*, ríki utan hins Evrópska efnahagssvæðis,
— *reglulegur markaður*, fjármálamarkað í aðildarríki eða þriðja ríki sem heimaríki telur reglulegan markað og einkennist af reglulegri starfsemi og reglum sem samþykktar eru og gefnar út af hlutaðeigandi yfirvöldum, sem skilgreina skilyrði fyrir starfsemi og aðgang að markaðnum,
— *eftirlitsstjórnvöld*, þann aðila sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis fer með eftirlit með vátryggingafélögum og vátryggingastarfsemi, hér á landi Vátryggingaeftirlitið.

8. gr.

Í lögum þessum er ríkið þar sem vátryggingaáhætta er:
— *í eignatryggingum*: ríkið þar sem hin vátryggða eign er þegar mannvirki eru vátryggð, eða mannvirki ásamt lausafé vátryggt í sama vátryggingasamningi,
— *í ökutækjatryggingum*: ríkið þar sem ökutæki er skráð,
— *í ferðatryggingum*: ríkið þar sem vátryggingataki keypti vátrygginguna enda sé gildistími hennar eigi lengri en fjórir mánuðir,
— *í öðrum skaðatryggingum (frumtryggingum)*: ríkið þar sem vátryggingataki hefur aðsetur að jafnaði, eða þegar um lögaðila er að ræða, það aðildarríki þar sem aðsetrið er sem helst tengist vátryggingasamningnum sem gerður er,
— *í persónutryggingum*: ríkið þar sem skuldbindingin komst á, þ.e. þar sem vátryggingataki hefur aðsetur að jafnaði eða þegar um lögaðila er að ræða, það ríki þar sem aðsetrið er sem helst tengist vátryggingasamningnum sem gerður er (starfsemin fer fram).

Með stóráhættu er í lögum þessum átt við greinaflokka vátrygginga er tengjast atvinnurekstri og stærri fyrirtækjum sérstaklega. Greinaflokkar skv. 1. mgr. 22. gr. nr. 4, 5, 6, 7, 11, 12, 14 og 15 teljast stóráhættu. Einnig teljast skaðatryggingar stórfyrirtækja í greinaflokkum nr. 3, 8, 9, 10, 13 og 16 til stóráhættu. Í reglugerð skal kveða nánar á um skilyrði þess að fyrirtæki teljist stórfyrirtæki í merkingu laga þessara.

Mörk við aðra starfsemi.

9. gr.

Vátryggingafélag má ekki reka aðra starfsemi en vátryggingastarfsemi nema annað leiði af ákvæðum 11. gr.

Vátryggingafélag telst reka aðra starfsemi en vátryggingastarfsemi ef félagið hefur yfirráð, eitt sér eða ásamt öðru vátryggingafélagi, í félagi sem rekur aðra starfsemi en vátryggingastarfsemi. Þegar um félagasamstæðu er að ræða eða vátryggingafélög í beinum eða óbeinum rekstrarlegum tengslum við önnur félög og móðurfélagið er ekki vátryggingafélag skal í þessu sambandi litið á vátryggingafélögin sem eitt félag.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er vátryggingafélagi heimilt að reka viðskiptabanka eða aðra fjármálastarfsemi í sérstöku félagi, enda sé starfsemin háð starfsleyfi og eftirliti opinberra aðila.

Vátryggingafélag má ekki taka á sig ábyrgðir sem ekki eru vátryggingar. Því er óheimilt að taka á sig skuldbindingar sem ekki eru í tengslum við eðlilegan rekstur vátryggingafélags.

10. gr.

Líftryggingastarfsemi má ekki reka með annarri vátryggingastarfsemi. Þó má félag hafa með höndum endurtryggingar á líftryggingum samhliða annarri vátryggingastarfsemi. Einnig má veita líftryggingafélagi starfsleyfi í slysa- og sjúkratryggingum.

11. gr.

Vátryggingafélagi er heimilt að reka eftirfarandi hliðarstarfsemi:

1. Umboð fyrir vátryggingafélög sem leyfi hafa til að starfa hér á landi og fyrir önnur félög sem lúta eftirliti Vátryggingaeftirlitsins eða annarra opinberra aðila.
2. Að reisa, eiga og reka fasteignir sem lið í fjárfestingu til ávöxtunar á fjármunum félagsins til lengri tíma.
3. Tjónsuppgjör og tjónavarnarstarfsemi.
4. Rekstur og umsjón með sjóðum er tengjast eða eru hliðstæðir vátryggingastarfsemi.
5. Aðra umsýslu í beinu framhaldi af og í eðlilegum tengslum við vátryggingastarfsemi.

Starfsemi skv. 5. tölul. er háð leyfi Vátryggingaeftirlitsins. Vátryggingaeftirlitið getur ákveðið að starfsemi sem fellur undir 5. tölul. skuli rekin af sjálfstæðu félagi.

12. gr.

Vátryggingastarfsemi og hliðarstarfsemi skv. 11. gr. skal rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum og með hag vátryggingataka og vátryggðra fyrir augum. Verði misbrestur á skal Vátryggingaeftirlitið gefa fyrirmæli um að ráðin verði bót á því sem úrskeiðis hefur farið.

13. gr.

Í heiti vátryggingafélags skal koma greinilega fram að um vátryggingafélag sé að ræða. Aðrir en þeir sem leyfi hafa til vátryggingastarfsemi mega ekki bera heiti sem kunna að benda til eða gefa í skyn að þeir reki vátryggingastarfsemi eða láta nokkuð frá sér fara opinberlega, í prentuðu máli eða á annan hátt, sem skilja mætti á þann veg að vátryggingastarfsemi sé rekin.

Félagsform vátryggingafélags skal koma greinilega fram í heiti þess. Þegar gefnar eru upplýsingar opinberlega eða á annan hátt með tilkynningum til almennings um upphæð hlutafjár eða stofnfjár, skal bæði koma fram skráð fé og hversu mikið er innborgað.

II. KAFLI

Stofnun vátryggingafélags. Starfsleyfi og skráning í vátryggingafélagaskrá.

Stofnun vátryggingafélags.

14. gr.

Stofnendur vátryggingafélags skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning. Í stofnsamningi skulu vera drög að samþykktum félagsins og ákvarðanir um þau atriði sem tilgreind eru í 15. gr.

Stofnendur skulu hið fæsta vera þrír. Meiri hluti stofnenda skal vera búsettur á Íslandi. Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög á Íslandi og stofnanir þeirra, vátryggingafélög með heimilisfang hér á landi, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög svo og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti

með aðsetur hér á landi. Stofnendur skulu hafa náð tuttugu ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu.

Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi nema á greiðslu þess hlutafjár eða stofnfjár sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

Ríkisborgarar og lögaðilar aðildarríkja hins Evrópska efnahagssvæðis eru undanþegnir búsetuskilyrði 2. mgr. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum þriðju ríkja sömu undanþágu.

15. gr.

Í stofnsamningi vátryggingafélags skal eftirfarandi koma fram:

1. Nöfn og heimilisföng stofnenda.
2. Hve mikið skuli greiða fyrir hvern hlut í félaginu.
3. Frestir sem kunna að vera veittir til áskriftar að hlutum og til greiðslu þeirra.
4. Reglur um innborgun hlutafjár eða stofnfjár.
5. Ákvarðanir um að stofnendur eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda eða hlunninda í félaginu.
6. Ákvarðanir um að gert skuli samkomulag við stofnendur eða aðra sem hefði í för með sér verulegar fjárskuldbindingar fyrir félagið.
7. Ákvarðanir um að félagið taki við verðmætum sem ekki er greitt fyrir með hlutum í félaginu.
8. Hvenær halda skuli stofnfund og hvernig til hans skuli boðað nema það leiði af ákvæðum 18. gr. að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.
9. Hvort félagið skuli bera kostnað við stofnunina og ef svo er, hversu hár sá kostnaður megi vera. Kostnaður þessi má ekki fara yfir 5% af skráðu fé þegar frá eru talin opinber útgjöld og kostnaður við matsgerð, sbr. 16. gr. Vátryggingaeftirlitið getur veitt undanþágu frá hámarki stofnkostnaðar. Ekki má greiða stofnendum þóknun vegna stofnunarinnar.

Í stofnsamningi gagnkvæms vátryggingafélags skal jafnframt getið:

10. Ábyrgðar félagsmanna og ábyrgðarmanna á skuldbindingum félagsins og skuldbindinga þeirra innbyrðis hvers gagnvart öðrum.
11. Hvort og að hvaða marki félagið á að geta tekið að sér endurtryggingar án gagnkvæmrar ábyrgðar.
12. Eftir hvaða reglum stofnfé skuli ávaxtað.

Í stofnsamningi skal gerð grein fyrir þeim atriðum sem nauðsynleg eru og máli skipta til þess að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti er félagið hyggst taka við.

Sé stofnað til félagsins með það fyrir augum að yfirtaka vátryggingastarfsemi eða vátryggingastofn annars vátryggingafélags skal þess getið í stofnsamningi og það tekið fram hvort samningsdrög um yfirfærslu vátryggingastofns hafi verið gerð og umfjöllun Vátryggingaeftirlits liggi fyrir, sbr. X. kafla.

Skjöl sem hafa að geyma mikilvæg efnisatriði sem ekki koma fram í stofnsamningi skulu fest við hann og teljast hluti stofnsamningsins.

Allir samningar um atriði sem fjallað er um í stofnsamningi, en voru ekki samþykkt við gerð hans, eru ógildir gagnvart félaginu.

16. gr.

Hlutir skulu greiddir í reiðufé. Vátryggingaeftirlitið getur veitt heimild til að greiðsla fari fram með öðrum hætti.

Framlög til greiðslu hluta í öðru en reiðufé skulu vera þannig að unnt sé að meta fjárhagslegt verðmæti þeirra. Í þeim má ekki felast skuldbinding um að leggja fram vinnu eða þjónustu, og framlög mega ekki vera í formi krafna á aðra stofnendur eða þá sem skrá sig fyrir hlutum þótt kröfurnar séu tryggðar með veði.

Sé ætlunin að greiða hluti á annan hátt en í reiðufé skal senda Vátryggingaeftirlitinu umsókn ásamt matsgerð. Matsgerðin skal unnin af einum eða fleiri óvilhöllum, sérfróðum matsmönnum sem Vátryggingaeftirlitið samþykkir. Matsmönnum skal heimill aðgangur að öllum gögnum til að unnt sé að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar og þeir geta krafið stofnendur eða félagið um allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem þeir álíta sig þurfa við verk sitt. Fallist Vátryggingaeftirlitið á umsóknina má gera stofnsamning.

Telji Vátryggingaeftirlitið ástæðu til að ætla að verðmæti framlaga hafi breyst frá því að matsgerð var framkvæmd og stofnfundur er haldinn getur það krafist yfirlýsingar matsmanna um verðmætið eða nýrrar matsgerðar.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við taki félagið við fjármunum af stofnendum, hluthöfum eða ábyrgðarmönnum sem ekki eru til greiðslu hluta ef greiðsla skal innt af hendi innan tveggja ára frá dagsetningu stofnsamnings eða greiðsla nemur meira en tíunda hluta hlutafjár eða stofnfjár.

17. gr.

Stofnendur skulu gera tillögu að samþykktum vátryggingafélags og skulu eftirtalin atriði koma fram:

1. Heiti félagsins og heimilisfang.
2. Tilgangur félagsins, starfssvið og starfssvæði.
3. Heildarupphæð hlutafjár eða stofnfjár, fjárhæð hluta og atkvæðisréttur.
4. Hvort hlutir eiga að geta gengið kaupum og sölum, og reglur um innlausn og sérstök réttindi er þeim kunna að fylgja, svo og skorður sem reistar kunna að vera við heimildum eigenda hluta til meðferðar á þeim.
5. Fjöldi stjórnar- og varastjórnarmanna ásamt endurskoðendum og kjörtímabil þeirra.
6. Hvernig boðað skuli til félagsfundar.
7. Hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund.
8. Hvert skuli vera reikningsár félags.
9. Ráðstöfun tekjuafgangs og hvernig mæta skal halla.
10. Úthlutun arðs og ágóðahluta.
11. Hvernig ráðstafa megi eignum félagsins og hvernig fara skuli með eignir þess við félagsslit.

Í samþykktum gagnkvæms félags skal enn fremur kveðið á um:

12. Skilyrði aðildar félagsmanna að félaginu og um brottfall aðildar.
13. Atriði samkvæmt ákvæðum 10.–12. tölul. 15. gr.

18. gr.

Ákvörðun um stofnun vátryggingafélags skal tekin á stofnfundi.

Stofnendur skulu sjá um að áskriftarskrár og þeir samningar og gögn sem um ræðir í stofnsamningi, þar með talið matsgerð og yfirlýsing, ef við á sbr. 16. gr., séu til sýnis í eina viku fyrir stofnfund á stað sem greinir í fundarboði.

Ef áskrift fæst að öllum hlutum á stofnfundi og allir viðurkenndir áskrifendur eru sammála þar um er unnt að taka ákvörðun um stofnun félagsins án frekari funda. Sé svo ekki skulu stofnendur boða alla áskrifendur til nýs stofnfundar.

Á stofnfundi skulu lögð fram gögn sem fjallað er um í 2. mgr. og gerð skal grein fyrir útgjöldum sem um getur í 9. tölul. 1. mgr. 15. gr. Einnig skal veita upplýsingar um það hlutafé eða stofnfé sem samþykkt hefur verið og um skiptingu hluta og innborgaðra fjárhæða. Upplýsingar þessar skulu færðar í fundargerðabók.

19. gr.

Ekki má skrá félag sem vátryggingafélag í hlutafélagaskrá eða aðra félagaskrá fyrr en starfsleyfi hefur verið gefið út.

Heimilt er að skrá félagsmenn með það fyrir augum að stofna gagnkvæmt vátryggingafélag svo framarlega sem ekki er stofnað til vátryggingasamninga og ábyrgðar vegna þeirra eða innheimtu iðgjalda áður en félagið hefur verið skráð.

20. gr.

Óskráð vátryggingafélag getur hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Það getur ekki heldur verið aðili í dómsmálum nema málum er varða áskrift hlutafjár eða stofnfjár.

Séu vátryggingasamningar gerðir þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 19. gr. ábyrgjast þeir sem gert hafa vátryggingasamningana fyrir hönd félagsins sameiginlega að halda gerða samninga og eru samábyrgir um það. Viðurkenni félagið skuldbindingar þær sem í samningunum felast innan fjögurra vikna frá skráningu félagsins fellur ábyrgð viðkomandi niður nema talið verði að hagsmunir vátryggingataka skerðist verulega ella. Samningar af þessu tagi eru ekki bindandi fyrir vátryggingataka nema viðurkenning félagsins á skuldbindingunum liggi fyrir.

Innritun félagsmanns í gagnkvæmt félag í samræmi við 2. mgr. 19. gr. er því aðeins bindandi að tilkynnt sé um félagið til vátryggingafélagaskrár innan árs frá innritun. Sé félaginu neitað um skráningu fellur samningurinn úr gildi.

Um aðra löggerninga, sem gerðir eru fyrir hönd vátryggingafélags áður en það er skráð, gildir að þeir sem tekið hafa þátt í gerningum eða ákvörðunum bera óskipt ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum og skyldum samkvæmt stofnsamningi.

Ef gerður er löggerningur áður en félag er skráð og hinn samningsaðilinn vissi að félagið var ekki skráð getur hann, nema um annað sé samið, rift gerningnum svo fremi að tilkynning til vátryggingafélagaskrár sé ekki gerð innan þess frests er um ræðir í 21. gr. eða að skráningar hafi verið synjað. Vissi viðsemjandinn ekki að félagið var óskráð getur hann rift löggerningnum meðan félagið er ekki skráð.

Starfsleyfi vátryggingafélaga.

21. gr.

Umsókn um starfsleyfi skal send Vátryggingaeftirlitinu innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings ásamt tilkynningu til skráningar í vátryggingafélagaskrá, sbr. 28. gr.

Í umsókn og meðfylgjandi gögnum skal eftirfarandi koma fram:

1. Heiti félagsins og félagsform.
2. Staðfest endurrit stofnsamnings og fundargerðar stofnfundar úr fundargerðabók.
3. Skrá yfir stofnendur og hlutafé eða stofnfé, hverjir eigi virkan eignarhlut í félaginu og hve mikinn.
4. Drög að samþykktum til staðfestingar.
5. Greinaflokkar vátrygginga eða vátryggingagreinar sem sótt er um leyfi fyrir, sbr. 22. og 23. gr.
6. Ef við á, skrá um hliðarstarfsemi sem félagið hyggst reka, sbr. 11. gr.
7. Sérstök áætlun um starfsemina, sbr. 24. gr.
8. Staðfesting þess að félagið uppfylli ákvæði 33. gr. um lágmarksfjárhæðir.
9. Reiknigrundvöllur iðgjalda, iðgjaldasjóðs, ágóðaúthlutunar, endurkaups og gjaldfrjálsra líftrygginga, reglur um upplýsingar sem líftryggingataka ber að veita og hliðstæð gögn eftir því sem við á um heilsutryggingar sem reknar eru samkvæmt tæknilegum grundvelli þegar sótt er um starfsleyfi skv. 23. gr.
10. Vátryggingaskilmálar lögboðinna vátrygginga og upplýsingar um þær tegundir líftrygginga sem félagið hyggst bjóða.

Berist umsókn ekki innan tilskilins frests skal synja um skráningu félagsins. Fari svo falla burtu skuldbindingar þeirra er hafa skráð sig fyrir hlutafé eða stofnfé. Sama gildir ef skráningar er synjað af öðrum ástæðum. Eftir þetta er ekki hægt að skrá félagið nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi og má þá skrá félagið þó að fresturinn sé liðinn.

Ekki má skrá vátryggingafélag í vátryggingafélagaskrá nema hlutafé eða stofnfé, sem skráð er við stofnun, sé að fullu greitt.

Vátryggingafélag má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur fengið starfsleyfi og verið skráð í vátryggingafélagaskrá.

22. gr.

Starfsleyfi í vátryggingum öðrum en líftryggingum (skaðatryggingum) er bundið við tiltekna greinaflokka vátrygginga eða vátryggingagreinar innan þeirra samkvæmt eftirfarandi skrá:

1. *Slysatryggingar* (slys, vinnuslys, atvinnusjúkdómar): a. bætur með föstum fjárhæðum, b. bætur eftir mati á afleiðingum tjóns, c. bætur með föstum fjárhæðum/bætur eftir mati á afleiðingum tjóns, d. slys á farþegum.
2. *Sjúkratryggingar* (veikindi, heilsutjón): a. bætur með föstum fjárhæðum, b. bætur eftir mati á afleiðingum tjóns, c. bætur með föstum fjárhæðum/bætur eftir mati á afleiðingum tjóns.
3. *Húftryggingar ökutækja.* Eignatjón, þar með talið altjón á: a. vélknúnum ökutækjum á landi öðrum en járnbrautum, b. ökutækjum til notkunar á landi öðrum en vélknúnum ökutækjum.
4. *Járnbrautatryggingar.* Eignatjón, þar með talið altjón á járnbrautarvögnum.

5. *Húftryggingar loftfara.* Eignatjón, þar með talið altjón á loftförum.
6. *Húftryggingar skipa og báta.* Eignatjón, þar með talið altjón á: a. sjóskipum, b. vatnabátum, c. fljóta- og síkjabátum.
7. *Flutningatryggingar.* Eignatjón, þar með talið altjón á vörum og farangri í flutningi án tillits til hvernig flutt er.
8. *Eignatryggingar* (bruni og náttúruöfl). Eignatjón, þar með talið altjón, annað en skv. 3., 4., 5., 6. og 7. flokki vegna: a. elds, b. sprengingar, c. óveðurs, d. náttúruafla annarra en óveðurs, e. kjarnorku, f. landsigs.
9. *Aðrar eignatryggingar.* Eignatjón, þar með talið altjón, annað en skv. 3., 4., 5., 6. og 7. flokki og ekki talið í 8. flokki, þar með talið vegna hagls, frosts og atburða svo sem þjófnaðar o.fl.
10. *Ábyrgðartryggingar ökutækja.* Ábyrgð vegna notkunar ökutækja, þar með talin ábyrgð stjórnanda.
11. *Ábyrgðartryggingar loftfara.* Ábyrgð vegna notkunar loftfara, þar með talin ábyrgð stjórnanda.
12. *Ábyrgðartryggingar skipa og báta.* Ábyrgð vegna notkunar á sjó, vötnum, fljótum og síkjum, þar með talin ábyrgð stjórnanda.
13. *Almennar ábyrgðartryggingar.* Hvers konar ábyrgð önnur en skv. 10., 11. og 12. flokki.
14. *Greiðsluvátryggingar*: a. almenn gjaldþrot, b. útflutningslán, c. afborgunarskilmálar, d. veð, e. landbúnaðarlán.
15. *Efndavátryggingar*: a. beinar efndir, b. óbeinar efndir.
16. *Fjárhagslegar vátryggingar* (fjárhagslegt tap): a. atvinnuleysi, b. tekjutap (almennt), c. óveður, d. ábatamissir, e. viðvarandi útgjöld vegna almenns kostnaðar, f. ófyrirsjáanleg viðskiptaútgjöld, g. tap á markaðsverði, h. tap á leigu eða hliðstæðum tekjum, i. annað óbeint tap á viðskiptum, j. fjárhagslegt tap annað en í viðskiptum, k. aðrar tegundir fjárhagslegs taps.
17. *Réttaraðstoðartryggingar.* Réttaraðstoð og kostnaður við málarekstur.
18. *Ferðamannaaðstoð.* Aðstoð til handa þeim sem lenda í erfiðleikum á ferðalagi fjarri heimili sínu eða föstu aðsetri.

Áhættu sem innifalin er í tilteknum greinaflokki má ekki innifela í öðrum greinaflokki nema í tilvikum er segir í 3. mgr.

Veita má starfsleyfi sameiginlega fyrir eftirtalda greinaflokka skaðatrygginga, sbr. 1. mgr.:

1. Slysa- og sjúkratryggingar skv. 1. og 2. tölul.
2. Ökutækja- og farmtryggingar skv. 1. tölul. d, 3., 7. og 10. tölul.
3. Sjó- og farmtryggingar skv. 1. tölul. d, 4., 6., 7. og 12. tölul.
4. Flug- og farmtryggingar skv. 1. tölul. d, 5., 7. og 11. tölul.
5. Eignatryggingar skv. 8. og 9. tölul.
6. Ábyrgðartryggingar skv. 10., 11., 12. og 13. tölul.
7. Greiðslu- og efndavátryggingar skv. 14. og 15. tölul.
8. Frumtryggingar skv. 1.–18. tölul. 1. mgr.
9. Endurtryggingar skv. 1.–18. tölul. 1. mgr.

Vátryggingafélag sem fær starfsleyfi í greinaflokkum frumtrygginga skv. 1. og 2. mgr. (aðaláhættu) má innifela hliðargrein (aukaáhættu) án sérstaks leyfis þegar:

1. Aukaáhættan er í tengslum við aðaláhættu.

2. Aukaáhættan tengist þeim verðmætum sem vátryggð eru sem aðaláhætta.
3. Aukaáhættan er vátryggð samkvæmt vátryggingasamningi um aðaláhættu.

Þó er ekki heimilt að telja áhættu í greinaflokkum skv. 14., 15. og 17. tölul. 1. mgr. sem hliðargrein í öðrum greinaflokkum að því undanskildu að telja má áhættu í greinaflokki skv. 17. tölul. sem hliðargrein í greinaflokki skv. 18. tölul. þegar skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt og aðaláhættan tengist einvörðungu aðstoð sem veitt er einstaklingum sem lenda í erfiðleikum á ferðalagi að heiman eða fjarri föstu aðsetri. Greinaflokkur skv. 17. tölul. má einnig vera hliðargrein þegar áhættan eða ágreiningurinn tengist notkun skipa og báta.

23. gr.

Starfsleyfi í líftryggingum og heilsutryggingum auk tengdra slysa- og sjúkratrygginga er bundið við tiltekna greinaflokka vátrygginga eða vátryggingagreinar innan þeirra samkvæmt eftirfarandi skrá:

1. *Áhættu- og söfnunarlíftryggingar án fjárfestingaráhættu*: a. greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri, b. greiðslur við andlát, c. greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri eða við andlát fyrr, d. líftryggingar með endurgreiðslu iðgjalda, e. lífeyrisgreiðslur, f. viðbótargreiðslur við líkamstjón, þar á meðal við starfsorkumissi, g. viðbótargreiðslur við andlát vegna slyss, h. viðbótargreiðslur við örorku vegna slyss eða sjúkdóms,
2. *Hjóna- og barnalíftryggingar*: a. líftryggingar við giftingu, b. líftryggingar við fæðingu.
3. *Áhættu- og söfnunarlíftryggingar með fjárfestingaráhættu*: a. greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri, b. greiðslur við andlát, c. greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri eða við andlát fyrr, d. líftryggingar með endurgreiðslu iðgjalda, e. lífeyrisgreiðslur.
4. *Heilsutryggingar*: a. varanlegar heilsutryggingar án uppsagnarrétts.
5. *Aðrar líftryggingar*: a. aðrar líftryggingar með innifalda áhættu á grundvelli ævilengdar.
6. *Endurtryggingar líf- og heilsutrygginga.*

24. gr.

Í áætlun um starfsemina sem fylgja skal umsókn um starfsleyfi skal eftirfarandi koma fram:

1. Skýrsla um endurtryggingavernd og hámark þess sem félagið hyggst bera í eigin áhættu án endurtryggingar í hverjum greinaflokki vátrygginga.
2. Skrá yfir eignir sem eiga að koma á móti lágmarksfjárhæðum skv. 33. gr.
3. Rökstutt mat á kostnaði við að koma starfseminni á fót og hvernig ætlað er að mæta þeim kostnaði.
4. Áætluð staða félagsins samkvæmt efnahagsreikningi í lok þriggja fyrstu bókhaldsáranna ásamt áætlun um árlegar tekjur og gjöld.
5. Áætlun um hvernig félagið hyggst standa við skuldbindingar sínar og uppfylla gjaldþolskröfur fyrstu þrjú bókhaldsárin.

Sé sótt um leyfi fyrir greiðsluvátryggingum skv. 14. tölul. 1. mgr. 22. gr. skal auk gagna skv. 1. mgr. gerð sérstök grein fyrir því eftir hvaða reglum óuppgerðar skuldbindingar félagsins vegna vátryggingasamninga í greiðsluvátryggingum, vátryggingaskuldin, skuli metin og þeim eignum sem ætlað er að mæta henni.

25. gr.

Vátryggingaeftirlitið metur umsókn félags um starfsleyfi. Umsögn Vátryggingaeftirlits skal liggja fyrir innan sex mánaða frá móttöku umsóknarinnar og allra gagna sem fylgja eiga umsókn, sbr. 21.–24. gr.

Við mat á umsókn um starfsleyfi líftryggingafélags skal þess gætt að reiknigrundvöllur sé tryggur en sanngjarn í garð líftryggingataka og rétthafa. Sama gildir um reglur um ágóðahlutdeild og skiptingu hagnaðar og skulu reglur þar um vera skýrar og nákvæmar. Vaxtaforsendur iðgjalda og iðgjaldaskuldar, svo og kostnaðar- og öryggisálag, skal ákveðið með varfærnissjónarmið í huga. Iðgjöld nýtrygginga séu nægileg til að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar án þess að sérstök aukning eigin fjár reynist nauðsynleg.

Telji Vátryggingaefirlitið að á skorti hæfi stjórnar eða framkvæmdastjóra til að reka félagið eða að tryggja heilbrigðan og traustan rekstur þess svo að viðhlítandi sé, eða hafi störf þeirra verið með þeim hætti að ætla megi að svo verði ekki, má synja um starfsleyfi. Sama gildir teljist eigendur virkra eignarhluta í félaginu ekki geta tryggt á viðhlítandi hátt heilbrigðan og traustan rekstur. Mæli Vátryggingaeftirlitið ekki með umsókn skal það stutt rökum og tilkynnt umsækjanda skriflega.

Sé til umfjöllunar umsókn dótturfélags sem beint eða óbeint er í eigu aðila með aðsetur utan hins Evrópska efnahagssvæðis getur Vátryggingaeftirlitið tekið sér lengri frest en tiltekinn er í 1. mgr. áður en umsögn er veitt.

26. gr.

Uppfylli félagið skilyrði um gjaldþol og lágmarksfjárhæðir, sbr. III. kafla, og mæli Vátryggingaeftirlitið að öðru leyti með umsókninni, svo og staðfesti samþykktir félagsins, veitir ráðherra starfsleyfi og að því búnu má skrá félagið í vátryggingafélagaskrá.

Í starfsleyfi skulu koma fram upplýsingar um þá vátryggingastarfsemi sem félagið má reka. Veita má starfsleyfi fyrir einstaka greinaflokka vátrygginga skv. 22. eða 23. gr. eða einstakar vátryggingagreinar innan þeirra, eða fyrir greinaflokka sameiginlega skv. 2. mgr. 22. gr. Starfsleyfi veitt í tilteknum greinaflokki gildir einnig fyrir hliðargreinar í öðrum flokki ef skilyrði skv. 3. mgr. 22. gr. eru uppfyllt. Ráðherra ákveður að öðru leyti hvað koma skal fram í starfsleyfi.

27. gr.

Vátryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga eða vátryggingagrein eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum skal sækja um leyfi til Vátryggingaeftirlitsins fyrir hinni nýju starfsemi og senda gögn eins og við á skv. 20.–24. gr. og nauðsynleg eru til að það geti metið umsóknina.

Uppfylli félagið skilyrði um gjaldþol og lágmarksfjárhæðir að teknu tilliti til hinnar nýju starfsemi og sé að öðru leyti fallist á umsóknina veitir Vátryggingaeftirlitið leyfi fyrir nýju starfseminni.

Breytingar á samþykktum vátryggingafélags öðlast ekki gildi fyrr en Vátryggingaeftirlitið hefur staðfest þær. Beiðni um staðfestingu á breytingum á samþykktum félags skal send innan eins mánaðar. Félagið skal senda dagsett eintak af samþykktunum í heild með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið innan tveggja mánaða frá því að félaginu hefur verið tilkynnt um staðfestinguna.

Vátryggingafélagaskrá.

28. gr.

Halda skal vátryggingafélagaskrá um öll félög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi og skal hún vera í vörslu Vátryggingaeftirlitsins. Einnig skal skrá útibú sem hér hafa starfsleyfi og þá sem veita hér þjónustu án starfsstöðvar. Almenningi skal heimill aðgangur að vátryggingafélagaskrá.

Starfsleyfi og leyfi fyrir nýrri starfsemi skulu þegar í stað skráð í vátryggingafélagaskrá. Ákvörðun um að taka upp nýjar greinar vátrygginga eða að breyta starfsemi í verulegum atriðum öðlast ekki gildi fyrr en hún hefur verið skráð í vátryggingafélagaskrá.

Í vátryggingafélagaskrá skal skrá eftirfarandi eftir því sem við getur átt:

1. Dagsetningu stofnsamnings, stofnfundargerðar og samþykkta.
2. Heiti, félagsform og starfssvæði, lögheimili og varnarþing.
3. Starfssvið og tilgang.
4. Dagsetningu starfsleyfis og skrá yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félag hefur leyfi til að reka og um hliðarstarfsemi, sbr. 11. gr.
5. Skráð og innborgað hlutafé og stofnfé og eigið hlutafé. Nöfn þeirra sem eiga virkan eignarhlut í félaginu og hve mikill hann er.
6. Stjórn og varastjórn, endurskoðendur og tryggingastærðfræðinga.
7. Nöfn þeirra er skuldbinda mega félag.
8. Heiti og heimilisfang starfsstöðvar erlends vátryggingafélags, sbr. 6. gr., sem hér hefur útibú eða veitir þjónustu og nafn og aðsetur fulltrúa þess hér á landi sem skuldbindur félagið og kemur fram fyrir þess hönd, svo og þegar við á, þann sem hefur með höndum tjónsuppgjör í ábyrgðartryggingum ökutækja.
9. Dagsetningu yfirfærslu/yfirtöku vátryggingastofna ásamt skrá yfir vátryggingagreinar sem yfirfærðar/yfirteknar eru.
10. Dagsetningu skipunar skilastjórnar og hverjir skipa skilastjórn, dagsetningu afturköllunar starfsleyfis, slita félags og þegar félag er máð úr vátryggingafélagaskrá.

Allar breytingar varðandi atriði sem tilkynna skal til vátryggingafélagaskrár skulu, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar, tilkynntar til skrárinnar ásamt gögnum er sanni samþykkt þeirra og lögmæti. Tilkynningar skulu berast á sérstökum eyðublöðum er Vátryggingaeftirlitið lætur í té.

Ef tilkynningar til vátryggingafélagaskrár fullnægja ekki fyrirmælum laga eða samþykkta félags, eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem fyrir er mælt í lögum eða samþykktum félags, skal synja um skráningu. Tilkynna skal skriflega um synjun og um ástæður hennar.

Birta skal árlega í Lögbirtingablaði skrá um þau félög sem skráð eru í vátryggingafélagaskrá og fengið hafa starfsleyfi hér á landi til að reka vátryggingastarfsemi, svo og um útibú og vátryggingafélög aðildarríkja sem hér veita þjónustu. Birta skal tilkynningu um skráningu nýs félags eða útibús í vátryggingafélagaskrá, um yfirfærslu og yfirtöku vátryggingastofna og tilkynningu um að vátryggingafélag hafi verið máð úr vátryggingafélagaskrá og ástæður þess.

III. KAFLI
Fjárhagsgrundvöllur. Vátryggingaskuld. Eignaraðild.
Gjaldþol og lágmarksgjaldþol.

29. gr.

Gjaldþol vátryggingafélags er heildareign þess að frádregnum nauðsynlegum afskriftum og niðurfærslum, óefnislegum eignum, svo og hvers konar fyrirsjáanlegum skuldum og skuldbindingum, þar með talin vátryggingaskuld. Til gjaldþols teljast eignir samsvarandi eftirtöldum efnahagsliðum:

1. Innborgað hlutafé eða stofnfé.
2. Helmingur óinnborgaðs hlutafjár eða stofnfjár enda nemi innborgað fé minnst 25% heildarfjárins.
3. Varasjóðir sem ekki eru til að mæta skuldbindingum félagsins.
4. Óráðstafaður hagnaður að frádregnu ójöfnuðu tapi.
5. Framlög eigenda gagnkvæmra vátryggingafélaga samkvæmt nánar skilgreindum reglum.
6. Duldir sjóðir vegna ofmats eða vanmats efnahagsliða að beiðni félagsins, enda rökstyðji það tilvist þeirra og að þeir séu af varanlegum toga.
7. Forgangshlutafé og víkjandi lán samkvæmt nánar skilgreindum reglum.
8. Skuldabréf án tiltekins lánstíma og önnur bréf samkvæmt nánar skilgreindum reglum.

Nánari ákvæði um þær eignir sem telja má til gjaldþols vátryggingafélags skulu sett með reglugerð.

30. gr.

Gjaldþol vátryggingafélags, sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi, skal á hverjum tíma nema minnst þeirri fjárhæð sem hærri er samkvæmt eftirfarandi útreikningi er nefnist lágmarksgjaldþol félagsins, sbr. þó 33. gr.:

1. 18% eða 16% bókfærðra iðgjalda félagsins samkvæmt rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum og niðurfellingum, en án frádráttar á hlut endurtryggjenda í iðgjöldum, er margfaldað með hlutfallinu milli bókfærðra eigin tjóna og bókfærðra tjóna í heild samkvæmt rekstrarreikningi. Sé síðastnefnda hlutfallið lægra en 0,50 skal margfalda með 0,50. Margfaldað er með 18% af iðgjöldum allt að 10 milljónum ecu en 16% af því sem umfram er. Með iðgjöldum skulu talin framlög eigenda í gagnkvæmum félögum samkvæmt nánari ákvæðum sem sett skulu með reglugerð.
2. 26% eða 23% meðaltjónsfjárhæðar félagsins á síðustu þremur reikningsárum samkvæmt rekstrarreikningi, án frádráttar á hlut endurtryggjenda í tjónum, er margfaldað með hlutfallinu milli bókfærðra eigin tjóna og bókfærðra tjóna í heild samkvæmt rekstrarreikningi. Sé síðastnefnda hlutfallið lægra en 0,50 skal margfalda með 0,50. Meðaltjónsfjárhæð fæst sem þriðjungur þess þegar lagt er saman, án frádráttar á hlut endurtryggjenda, bótasjóður í lok síðasta reikningsárs og bókfærð tjón þriggja síðustu reikningsára en bótasjóður í upphafi þriggja ára tímabilsins dreginn frá. Margfaldað er með 26% af meðaltjónsfjárhæð allt að 7 milljónum ecu en 23% af því sem umfram er.

Miða skal við meðaltal sjö síðustu reikningsára í stað þriggja þegar fundið er meðaltal skv. 2. tölul. reki félagið aðallega starfsemi í óveðurs-, hagl- eða frostskaðatryggingum eða í greiðsluvátryggingum.

Víkja má frá framangreindum reglum til lækkunar þegar sjúkratryggingar eru reknar samkvæmt tæknilegum reiknigrundvelli í vátryggingafélagi sem ekki rekur líftryggingar og skulu ákvæði um það sett með reglugerð.

Vátryggingaeftirlitið getur sett reglur um hvernig taka skuli tillit til verðlagsbreytinga við útreikning gjaldþols.

31. gr.

Gjaldþol vátryggingafélags sem rekur líftryggingastarfsemi skal á hverjum tíma nema minnst samanlögðum fjárhæðum samkvæmt eftirfarandi útreikningi er nefnist lágmarksgjaldþol félagsins, sbr. þó 33. gr.:

1. 4% af líftryggingaskuldinni í frumtryggingum samkvæmt reiknigrundvelli án frádráttar á hlut endurtryggjenda en að viðbættri líftryggingaskuld vegna móttekinna lífendurtrygginga er margfaldað með hlutfallinu milli líftryggingaskuldar að frádregnum hlut endurtryggjenda og heildarlíftryggingaskuldar eins og hlutfallið var á næstliðnu reikningsári, en hlutfall þetta má þó aldrei vera lægra en 0,85.
2. 0,3% af samanlögðum líftryggingafjárhæðum vegna dánaráhættu án frádráttar á hlut endurtryggjenda er margfaldað með hlutfallinu milli samanlagðra líftryggingafjárhæða að frádregnum hlut endurtryggjenda og heildarlíftryggingafjárhæða eins og hlutfallið var á næstliðnu reikningsári, en hlutfall þetta má þó aldrei vera lægra en 0,50.

Sé um að ræða tímabundnar dánaráhættulíftryggingar með gildistíma í þrjú ár eða skemur skal stuðullinn í 2. tölul. vera 0,1% í stað 0,3%, og 0,15% sé gildistími lengur en þrjú ár en mest fimm ár.

Í sjúkratryggingum án uppsagnarréttar félags skal lágmark gjaldþols reiknað skv. 1. tölul. 1. mgr. Lágmark gjaldþols vegna viðbótartrygginga við líftryggingar vegna starfsorkumissis, andláts vegna slyss eða sjúkdóms eða vegna varanlegrar örorku skal reiknað skv. 1. tölul. 1. mgr. 30. gr.

Setja skal nánari reglur um lágmark gjaldþols með reglugerð þegar líftryggingar eru tengdar fjárfestingaráhættu.

32. gr.

Uppfylli vátryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi ekki lágmarkskröfur um gjaldþol samkvæmt ársuppgjöri eða á öðrum tíma skal félagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og á hvern hátt markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Vátryggingaeftirlitið sem ákveður hvort þær ráðstafanir sem gera á teljist fullnægjandi.

Sé gjaldþol vátryggingafélags minna en þriðjungur lágmarksgjaldþols eða minna en sú lágmarksfjárhæð sem tilgreind er í 33. gr. fyrir þá starfsemi sem félagið rekur, hvort sem hærra er, skal áætlun skv. 1. mgr. miða að því að rétta við fjárhag félagsins á skömmum tíma og skal Vátryggingaeftirlitið setja félaginu frest í því efni, sbr. XI. kafla.

33. gr.

Lágmarksgjaldþol skal þrátt fyrir 30. og 31. gr. aldrei vera lægra en hér segir í reiknieiningum ecu:

1. Í líftryggingafélagi	800.000
2. Í félagi sem rekur ábyrgðartryggingar eða greiðslu- og efndavátryggingar aðrar en skv. 6. tölul.	400.000
3. Í félagi sem rekur skaðatryggingar aðrar en ábyrgðartryggingar	300.000
4. Í félagi sem rekur persónutryggingar aðrar en líftryggingar	300.000
5. Í félagi sem rekur réttaraðstoðarvátryggingar eða ýmsar eignatryggingar	200.000
6. Í félagi sem rekur greiðsluvátryggingar og ársiðgjöld nema að lágmarki 2.500.000 ecu eða 4% heildariðgjalda	1.400.000

Reki vátryggingafélag fleiri en eina grein vátrygginga skal miða við þá fjárhæð sem hæst er.

Vátryggingaeftirlitið getur heimilað að lágmarksfjárhæðir skv. 1. mgr. séu lægri í gagnkvæmu vátryggingafélagi en í vátryggingahlutafélagi að teknu tilliti til ábyrgðar vátryggingataka samkvæmt samþykktum félagsins, sbr. 42. gr. Lágmarksfjárhæðir mega þó aldrei vera lægri en þrír fjórðu hlutar þess sem krafist er í vátryggingahlutafélagi.

Við stofnun vátryggingafélags og meðan félagið starfar á grundvelli framlagðrar áætlunar um starfsemina, sbr. 24. gr., skal tilskilið lágmarksgjaldþol ákveðið á grundvelli þeirrar áætlunar og endurskoðunar hennar ef forsendur áætlunarinnar breytast.

Vátryggingaskuld.

34. gr.

Vátryggingaskuldin skal metin þannig að hún samsvari óuppgerðum heildarskuldbindingum vátryggingafélags vegna gerðra vátryggingasamninga. Í reglugerð um ársreikning og samstæðureikningsskil vátryggingafélaga skulu sett nánari ákvæði um mat vátryggingaskuldarinnar.

Vátryggingafélag skal, auk þess að uppfylla á hverjum tíma gjaldþolsskilyrði samkvæmt lögum þessum, sjá til þess að á hverjum tíma séu fyrir hendi eignir sérstaklega tilgreindar til jöfnunar vátryggingaskuldinni. Eignirnar skulu valdar með tilliti til öryggis, ávöxtunar og markaðsaðstæðna og skal félagið tryggja fjölbreytni og dreifingu eignanna. Skal í hverju tilviki fyrir sig meta þá áhættu sem felst í þeim eignum sem ætlað er að mæta vátryggingaskuldinni og sérstaklega með tilliti til dreifingar þannig að vægi einstakra tegunda og eignaliða verði takmarkað. Taka skal tillit til þeirrar áhættu sem felst í fjárfestingu af tiltekinni tegund og takmarka fjárhæðir til jöfnunar vátryggingaskuldinni í samræmi við það.

Setja skal nánari ákvæði í reglugerð um þær tegundir eigna sem telja má til jöfnunar vátryggingaskuld félags, samsetningu þeirra og vægi.

35. gr.

Eignir til jöfnunar vátryggingaskuld vegna vátryggingaáhættu sem er í aðildarríki skulu ávaxtaðar í aðildarríki nema Vátryggingaeftirlitið veiti undanþágu frá því skilyrði sérstaklega.

Velja skal eignir til til jöfnunar vátryggingaskuldinni með tilliti til gengisáhættu þannig að dregið sé úr vægi hennar svo sem kostur er. Vátryggingafélagi er heimilt að ávaxta eignir á móti allt að 20% vátryggingaskuldbindinga, sem eru í tilteknum gjaldmiðli, í öðrum gjaldmiðli.

Vátryggingafélagi skal frjálst að ávaxta eignir sem ekki er þörf til jöfnunar vátryggingaskuldinni að teknu tilliti til varfærnissjónarmiða og að uppfylltum skilyrðum um fullnægjandi gjaldþol félagsins.

36. gr.

Stjórn vátryggingafélags sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi skal sjá til þess að félagið hafi yfir að ráða nægilegri sérþekkingu til þess að meta og reikna út vátryggingaskuld félagsins og til að sjá um tryggingatæknilega útreikninga og athuganir fyrir félagið. Vátryggingaeftirlitið getur gert kröfu um að aðili með sérfræðikunnáttu á því sviði verði ráðinn að vátryggingafélagi telji það slíka þekkingu ekki í nægilegum mæli fyrir hendi hjá félaginu.

37. gr.

Líftryggingafélag skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings, eða sérfræðings með sambærilega þekkingu, sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega útreikninga og athuganir fyrir félagið. Sá einn má taka að sér slíkt starf fyrir líftryggingafélag sem hlotið hefur viðurkenningu Vátryggingaeftirlitsins.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingafélags skal reikna út vátryggingaskuld (líftryggingaskuld) félagsins. Hann skal fylgjast með því að farið sé eftir reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar og að fylgt sé settum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra líftrygginga. Sama gildir um sjúkra- og heilsutryggingar sem reknar eru samkvæmt tæknilegum grundvelli.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingafélags getur krafist allra gagna og upplýsinga af félaginu til að hann geti innt starf sitt af hendi. Hann getur krafist þess að stjórnin sé kölluð saman og hefur að jafnaði rétt til þess að vera viðstaddur og tjá sig á fundum stjórnarinnar. Sé hann ekki sammála ákvörðun stjórnar hefur hann rétt til að láta skrá álit sitt í gerðabók félagsins.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu að líftryggingafélag sem hann starfar fyrir fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði skal hann tafarlaust tilkynna það Vátryggingaeftirliti. Vátryggingaeftirlitið getur krafið tryggingastærðfræðing líftryggingafélags um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með iðgjaldagrundvelli, líftryggingaskuld og fjárhagsstöðu líftryggingafélags.

38. gr.

Vátryggingafélag skal halda skrá yfir þær eignir sem eru til jöfnunar vátryggingaskuld eða líftryggingaskuld á hverjum tíma og sjá til þess að nýjar eignir verði skráðar á reikningsárinu þegar breytingar eiga sér stað. Afrit skrárinnar, staðfest af löggiltum endurskoðanda og þegar við á tryggingastærðfræðingi, skal sent Vátryggingaeftirlitinu með ársreikningi og á öðrum tíma ef Vátryggingaeftirlitið telur ástæðu til.

Eignaraðild.

39. gr.

Hver sá einstaklingur eða lögaðili, þar með talin félagasamstæða, sem beint eða óbeint hyggst eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi skal tilkynna Vátryggingaeftirlitinu um það fyrir fram og hve mikinn eignarhlut hann hyggst eignast. Einnig skal hlutaðeigandi tilkynna með sama hætti ef hann hyggst, beint eða óbeint, auka við hlutafjáreign sína það mikið að hlutur hans í félaginu eða samsvarandi réttur til meðferðar atkvæða nemi

minnst 20%, 33%, 50% eða að vátryggingafélagið verði dótturfélag hans.

Vátryggingaeftirlitið getur synjað hluthafa um að eignast hlut eða um rétt til meðferðar atkvæða skv. 1. mgr. telji það viðkomandi ekki hæfan til þess með tilliti til að tryggja heilbrigðan og traustan rekstur félagsins. Rökstudd synjun skal hafa borist hlutaðeigandi innan þriggja mánaða frá þeim degi er tilkynning skv. 1. mgr. barst.

Sé um að ræða aukningu á eignarhlut skv. 1. mgr. getur Vátryggingaeftirlitið kveðið á um hvenær aukningin skuli í síðasta lagi eiga sér stað, enda hafi henni ekki verið hafnað.

Hyggist hluthafi sem á virkan eignarhlut í vátryggingafélagi draga úr hlutafjáreign sinni þannig að hún verði minni en þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. skal hann tilkynna það Vátryggingaeftirlitinu fyrir fram og hver eignarhlutur hans muni verða.

Jafnskjótt og vátryggingafélag fær vitneskju um kaup eða eigendaskipti hlutabréfa í félagi sem hafa í för með sér að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 1. og 4. mgr. skal það tilkynnt Vátryggingaeftirlitinu.

Vátryggingafélag skal árlega með ársreikningi senda Vátryggingaeftirlitinu skrá yfir þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í félaginu og um hlutafjáreign hvers þeirra.

40. gr.

Fari aðili, sem á virkan eignarhlut í vátryggingafélagi, þannig með hlut sinn að líklegt sé að það muni skaða heilbrigðan og traustan rekstur félagsins getur Vátryggingaeftirlitið ákveðið að atkvæðisréttur fylgi ekki eignarhlut þessa hluthafa eða gert kröfu um að vátryggingafélagið eða hlutaðeigandi aðili geri viðeigandi ráðstafanir.

Vátryggingaeftirlitið getur gert sams konar ráðstafanir gagnvart aðilum sem ekki rækja þá skyldu að tilkynna fyrir fram um fyrirhugaða öflun virks eignarhlutar eða um breytingar á virkum eignarhlut, sbr. 39. gr. Atkvæðisréttur sem felldur hefur verið niður kemst á aftur samþykki Vátryggingaeftirlitið öflun hins virka eignarhlutar.

Hafi Vátryggingaeftirlitið ákveðið að hlutum skv. 1. mgr. fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því hve miklum hluta atkvæða mælt hafi verið fyrir á hluthafafundum.

41. gr.

Vátryggingahlutafélag má sjálft aldrei eiga meira en 10% hlutafjárins. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum sem vátryggingahlutafélag á sjálft.

Gagnkvæmt vátryggingafélag má ekki afla eigin stofnfjárhluta til eignar eða að veði gegn greiðslu. Dótturfélag slíks félags má ekki afla stofnfjárhluta í móðurfélaginu til eignar eða að veði gegn greiðslu.

Megi greiða nýja hluti með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé við hækkun hlutafjár eða stofnfjár skulu reglur þar að lútandi koma fram í ákvörðun félagsfundar um hækkunina og gildir ákvæði 16. gr. eftir því sem við getur átt. Ákvörðun um að innborgun nýrra hluta geti farið fram með skuldajöfnuði skal hljóta samþykki Vátryggingaeftirlitsins.

Allar ákvarðanir um lækkun hlutafjár eða stofnfjár í vátryggingafélagi skulu háðar samþykki Vátryggingaeftirlitsins. Stofnfé gagnkvæms vátryggingafélags má ekki lækka eða endurgreiða nema samþykki eftirlitsins liggi fyrir.

Í gagnkvæmum vátryggingafélögum og félögum sem starfa samkvæmt sérlögum skal halda bók um stofnfjárhluti. Stofnfjárhlutirnir skulu skráðir í bókina með upplýsingum um nafn og heimilisfang ábyrgðarmanns. Stofnfjárhluturinn skal hafa áritun félagsins um skrásetninguna.

42. gr.

Hver sá sem vátryggir hjá gagnkvæmu vátryggingafélagi er sameigandi þess. Settar skulu reglur um ábyrgð vátryggingataka á skuldbindingum félagsins í samþykktum þess.

Undanþiggja má vátryggingafélag sem endurtryggir hjá gagnkvæmu félagi slíkri ábyrgð samkvæmt heimild í samþykktum félagsins. Endurtryggingaiðgjöld sem undanþegin eru mega ekki nema meira en 10% af heildariðgjöldum félagsins án samþykkis Vátryggingaeftirlitsins.

Ábyrgð vátryggingataka skal miða við almanaksár og fellur hún niður miðað við hver áramót ef eigi er krafa gerð á hendur vátryggingataka innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs er vátrygging féll úr gildi.

Einungis skiptastjóri þrotabús eða skilastjórn gagnkvæms vátryggingafélags geta krafið vátryggingataka um greiðslu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum þeirra en ekki einstakir kröfuhafar félagsins. Vátryggingaeftirlitið getur þó heimilað stjórn gagnkvæms vátryggingafélags að krefja vátryggingataka um slíka greiðslu, enda sé slíks þörf til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Slíka heimild má þó einungis veita til eins árs í senn.

Á hverju vátryggingaskírteini sem gagnkvæmt vátryggingafélag gefur út skal koma skýrt fram hvernig ábyrgð vátryggingataka er háttað.

IV. KAFLI
Stjórn. Endurskoðun og reikningsskil.

Stjórn.

43. gr.

Stjórn vátryggingafélags sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi skal kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og skal skipuð þremur mönnum hið fæsta. Stjórnin hefur almennt eftirlit með því að starfsemi félagsins fari að lögum og samþykktum, þar á meðal eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera búsettir hér á landi, vera fjárráða, hafa óflekkað mannorð, hafa náð tuttugu ára aldri og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Ríkisborgarar hins Evrópska efnahagssvæðis eru undanþegnir búsetuskilyrðinu. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum þriðju ríkja sömu undanþágu. Menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra skal vera með þeim hætti að tryggt sé talið að hann geti gegnt stöðu sinni á viðhlítandi hátt.

Stjórnin boðar til aðalfunda. Sé ekki boðað til aðalfundar sem halda skal í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar boðar Vátryggingaeftirlitið til hans að kröfu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða aðila sem atkvæðisbær er á aðalfundi. Vátryggingaeftirlitið tilnefnir fundarstjóra og skal stjórnin afhenda honum skrá yfir þá sem atkvæðisbærir eru, gerðabók aðalfunda og endurskoðunarbók. Félagið greiðir kostnað við aðalfundinn.

Fái stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar þóknun eða aðrar tekjur af vátryggingum, sem félagið yfirtekur eða lætur af hendi, vegna þátttöku í umboðs- eða miðlunarstarfsemi eða vegna fjárhagslegra hagsmuna í slíkri starfsemi, skal Vátryggingaeftirlitinu send tilkynning þar að lútandi.

Stjórn móðurfélags ber að tilkynna Vátryggingaeftirliti þegar mynduð er félagasamstæða og vátryggingafélag öðlast yfirráð í öðru félagi.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu án tafar gera Vátryggingaeftirliti viðvart hafi þeir vitneskju um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.

44. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings. Einnig skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi myndar eina heild. Reikningsár vátryggingafélags er almanaksárið. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu vátryggingafélags og skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ársreikningur og skýrsla stjórnar skulu undirrituð af stjórn og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa skal viðkomandi undirrita með fyrirvara og gera grein fyrir því í skýrslu stjórnar hvað felst í fyrirvaranum.

Ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi til afhendingar á afgreiðslustað vátryggingafélags eftir samþykkt hans á aðalfundi.

Ef ársreikningur vátryggingafélags er ekki í samræmi við lög og reglugerðir eða samþykktir félagsins getur Vátryggingaeftirlitið krafist breytinga á reikningnum og að hann verði tekinn á ný til umfjöllunar á félagsfundi og skal félaginu þá settur hæfilegur frestur. Vátryggingaeftirlitið skal birta meginniðurstöður ársreiknings í Lögbirtingablaði.

Ráðherra setur nánari ákvæði um form og innihald ársreiknings og um samstæðureikningsskil með reglugerð.

Endurskoðun og reikningsskil.

45. gr.

Ársreikningur vátryggingafélags skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Aðalfundur kýs endurskoðendur í samræmi við samþykktir félags. Sé vátryggingafélagið hluti félagasamstæðu skal löggiltur endurskoðandi vera sameiginlegur fyrir samstæðuna í heild. Ef um er að ræða félag af því tagi sem getið er í 2. mgr. 11. gr. getur Vátryggingaeftirlitið gert kröfu um að a.m.k. einn löggiltur endurskoðandi sé sameiginlegur fyrir öll félögin.

Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður vátryggingafélags eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun. Hann má ekki vera skuldugur félaginu, hvorki sem skuldari né ábyrgðarmaður, og sama gildir um maka hans.

Endurskoðendur félags eiga rétt á að sitja stjórnar- og félagsfundi í vátryggingafélagi og er skylt að mæta á aðalfundi, æski stjórn eða atkvæðisbær maður þess.

46. gr.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning vátryggingafélags í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Hann skal með endurskoðun sinni komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir og ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskila-

venju. Endurskoðandi skal árita ársreikning, greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar og láta í ljósi álit sitt. Telji endurskoðandi að skýrsla stjórnar hafi ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða sé ekki í samræmi við ársreikninginn skal hann vekja athygli á þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt og rétt að komi fram.

Endurskoðendum vátryggingafélags er skylt að veita Vátryggingaeftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar er það óskar.

Birti félag eða samstæða félaga ársreikning opinberlega skal form og orðalag vera í samræmi við hinn áritaða og endurskoðaða ársreikning og með áritun löggilts endurskoðanda. Ef ársreikningur er birtur opinberlega í styttri útgáfu skal auk upplýsinga um fyrirvara við undirritun, ef einhverjir eru, einnig koma fram að um stytta útgáfu sé að ræða.

47. gr.

Vátryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi skal innan 10 daga frá undirritun og innan fjögurra mánaða frá lokum reikningsárs senda Vátryggingaeftirlitinu endurskoðaðan og undirritaðan ársreikning félagsins. Vátryggingaeftirlitið skal setja nánari reglur um þau gögn sem fylgja eiga ársreikningi um starfsemina og nauðsynleg eru til að unnt sé að framfylgja eftirliti í samræmi við lög þessi.

48. gr.

Reki vátryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi útibú eða veiti þjónustu erlendis skal það láta Vátryggingaeftirlitinu í té upplýsingar um iðgjaldamagn, tjónakostnað og umboðslaun án frádráttar á hlut endurtryggjenda með skiptingu á einstök ríki og starfsemi þar sem útibú er rekið og þar sem þjónusta er veitt. Einnig skal skipting gerð eftir greinaflokkum samkvæmt nánari reglum sem Vátryggingaeftirlitið setur. Upplýsingar þessar um starfsemi í aðildarríkjum skulu sendar hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöldum gistiríkja óski þau þess sérstaklega.

Vátryggingaeftirlitið skal afla hliðstæðra upplýsinga um starfsemi erlendra vátryggingafélaga aðildarríkja hérlendis frá eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi heimaríkja.

49. gr.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og óbundnu fé eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað, svo og það fé sem samkvæmt lögum og samþykktum skal lagt í sérstaka sjóði, enda sé ljóst að félagið uppfylli kröfur um tilskilið lágmarksgjaldþol, þess hafi verið gætt að leggja til hliðar nægilegt fé fyrir vátryggingaskuld félagsins, svo og að settum reglum um mat á eignum félagsins og fyrningu þeirra hafi verið fylgt.

V. KAFLI
Stjórnsýsla. Eftirlit.

Stjórnsýsla.

50. gr.

Ráðherra vátryggingamála fer með yfirstjórn þeirra málefna sem falla undir lög þessi.

Sérstök stofnun, Vátryggingaeftirlitið, annast stjórnsýslu og eftirlit með þeirri starfsemi sem lögin taka til í umboði ráðherra.

Ráðherra skipar forstöðumann Vátryggingaeftirlitsins til sex ára í senn. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn Vátryggingaeftirlitsins.

Starfsmenn Vátryggingaeftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar vátryggingafélags eða annars félags sem er undir eftirliti þess. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slík félög eða samtök þeirra.

Vátryggingaeftirlitið skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal og greint frá þróun vátryggingastarfseminnar og afkomu vátryggingafélaga og einstakra vátryggingagreina.

Ráðherra setur nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Vátryggingaeftirlitsins með reglugerð.

51. gr.

Starfsmenn Vátryggingaeftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur vátryggingafélags og aðra starfsemi sem lög þessi ná til. Sama gildir um endurskoðendur, tryggingastærðfræðinga og sérfræðinga sem starfa á vegum eftirlitsstjórnvalda. Þagnarskylda helst þótt starfsmenn láti af störfum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt þegar félag er gjaldþrota eða þvinguð slit fara fram að upplýsa um atriði í rekstri einkamála sem þagnarskylda er um og ekki varða þriðja aðila sem á hlut að björgunaraðgerðum vegna félags.

Vátryggingaeftirlitið má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með vátryggingastarfsemi og slík upplýsingagjöf sé gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Slíkar upplýsingar má einungis veita með því skilyrði að um þær gildi þagnarskylda í hlutaðeigandi ríki. Sama gildir um upplýsingar sem Vátryggingaeftirlitið fær frá eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja.

Semja má við eftirlitsstjórnvöld þriðju ríkja um skipti á upplýsingum því aðeins að gætt sé þagnarskyldu í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu má Vátryggingaeftirlitið eingöngu nota í eftirlitsstarfi til að fylgjast með því að skilyrðum til að reka vátryggingastarfsemi sé fullnægt, einkum varðandi vátryggingaskuld, gjaldþol, rekstrar- og bókhaldsleg atriði og innra eftirlit, til að leggja á kvaðir samkvæmt lögum þessum, eða þegar málum er varða ákvarðanir Vátryggingaeftirlitsins er skotið til æðra stjórnvalds, eða í málarekstri fyrir dómstólum vegna ákvarðana á grundvelli laga um vátryggingastarfsemi.

Ákvæði 1.–5. mgr. koma ekki í veg fyrir upplýsingaskipti milli eftirlitsaðila með vátryggingastarfsemi og þeirra sem hafa eftirlit með lánastofnunum og fjármálastarfsemi eða stjórnvalda sem fjalla um slit og gjaldþrot vátryggingafélaga og hliðstæð mál, eða aðila sem hafa með höndum endurskoðun vátryggingafélaga eða lána- eða annarra fjármálastofnana, þegar það er liður í eftirlitsstarfi eða nauðsynlegri upplýsingamiðlun vegna slita vátryggingafélaga. Upplýsingar sem þannig eru veittar skulu bundnar þagnarskyldu.

Upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, svo og upplýsingar fengnar með vettvangsrannsóknum hjá vátryggingafélögum, má ekki láta í té nema með fullu samþykki þeirra eftirlitsstjórnvalda sem öfluðu þessara upplýsinga svo og eftirlitsstjórnvalda þess aðildarríkis þar sem rannsóknin fór fram.

52. gr.

Vátryggingafélög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi svo og útibú erlendra vátryggingafélaga utan Evrópsks efnahagssvæðis sem fengið hafa starfsleyfi skv. 71. gr., svo og þeir sem leyfi hafa til vátryggingamiðlunar, sbr. IX. kafla, greiða allan kostnað af starfsemi Vátryggingaeftirlitsins. Fyrir 1. desember ár hvert skal Vátryggingaeftirlitið áætla kostnað við starfsemi sína næsta ár og jafna niður á þessa aðila.

Kostnaði sem jafnað er árlega á vátryggingafélögin skal jafna í hlutfalli við bókfærð iðgjöld þeirra samkvæmt ársreikningi viðkomandi reikningsárs. Gera má vátryggingafélagi að greiða allt að 0,33% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,04% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, sbr. þó 5. mgr. Eftirlitsgjald útibúa erlendra vátryggingafélaga er reiknað á sama hátt af bókfærðum iðgjöldum. Ráðherra getur heimilað að fengnum tillögum Vátryggingaeftirlitsins að álagður hundraðshluti af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum verði mishár eftir vátryggingagreinum enda mæli sérstakar ástæður með slíku.

Vátryggingaeftirlitið skal áætla bókfærð iðgjöld vátryggingafélaga á yfirstandandi reikningsári á grundvelli síðasta ársreiknings þeirra, verðlagsbreytinga og almennra breytinga á markaðnum. Bókfærð iðgjöld, þannig áætluð, mynda álagningarstofn eftirlitsgjalds til bráðabirgða, sem Vátryggingaeftirlitið innheimtir ársfjórðungslega fyrir fram á næsta ári. Þegar ársreikningur vátryggingafélags vegna reikningsársins liggur endanlega fyrir skal Vátryggingaeftirlitið eins fljótt og unnt er endurreikna eftirlitsgjaldið miðað við sama álagningarhlutfall og leiðrétta álagt gjald félags til hækkunar eða lækkunar í þeim ársfjórðungum sem eftir eru á árinu. Þegar reikningsskil Vátryggingaeftirlitsins liggja fyrir um heildarkostnað við starfsemi þess á rekstrarárinu skal eftirlitið, eins fljótt og auðið er, reikna út eftirstöðvar eða inneign félaga og senda tilkynningu um endanlegt eftirlitsgjald með innheimtutilkynningu næsta ársfjórðungs á eftir. Skal greiðsla, á hvorn veginn sem er, innt af hendi með eftirlitsgjaldi þess ársfjórðungs.

Vátryggingaeftirlitið skal leggja gjald á starfsemi vátryggingamiðlara skv. IX. kafla í samræmi við þær reglur sem ráðherra setur.

Vátryggingaeftirlitið getur gert vátryggingafélagi að greiða sérstaklega samkvæmt reikningi kostnað vegna sérstakra kannana sem það telur nauðsynlegt að framkvæma vegna eftirlits með starfsemi á þess vegum og eðlilegt telst að ekki verði jafnað á öll vátryggingafélögin. Á sama hátt má gera vátryggingamiðlara að greiða slíkan kostnað vegna sérstakra kannana sem beinast að starfsemi hans.

Áætlun Vátryggingaeftirlitsins um álagt eftirlitsgjald skal send ráðherra til staðfestingar. Þeir sem gjald er lagt á eiga rétt á upplýsingum hjá Vátryggingaeftirlitinu um það hvernig eftirlitsgjaldið er ákveðið og um þær áætlanir sem lagðar eru til grundvallar útreikningi þess.

Eftirlit.

53. gr.

Vátryggingaeftirlitið hefur eftirlit með vátryggingastarfsemi sem rekin er af vátryggingafélögum og útibúum erlendra vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi. Vátryggingaeftirlitið getur krafið þessa aðila um hvers konar gögn og upplýsingar sem það telur nauðsynlegar til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti með starfseminni. Það hefur óhindraðan og tafarlausan rétt á öllum upplýsingum og gögnum og hefur heimild til að gera þær athuganir á staðnum sem nauðsynlegar eru í því skyni. Vátryggingaeftirlitið getur með sama hætti aflað gagna og gert kannanir hjá félögum sem

beint eða óbeint tengjast vátryggingafélögum vegna hliðarstarfsemi, sbr. 11. gr., að því marki sem nauðsyn krefur.

Vátryggingaeftirlitið getur einnig gert allar þær ráðstafanir gagnvart erlendu vátryggingafélagi aðildarríkis sem hér hefur starfsemi, stjórnendum þess eða þeim sem hafa yfirráð í félaginu, sem nauðsynlegar eru til að tryggja að farið sé að lögum, reglum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum og sem fara ber eftir hér á landi, og í því skyni að nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta verði gerðar til að gæta hagsmuna hinna vátryggðu.

Vanræki vátryggingafélag að láta í té þau gögn sem krafist er skv. 1. mgr. eða geri ekki þær ráðstafanir sem Vátryggingaeftirlitið telur nauðsynlegar í framhaldi slíkra kannana innan þess frests sem settur er skal það tilkynna ráðherra um málið og gera tillögur um hvað gera skuli. Áður en ráðherra er tilkynnt um málið skal vátryggingafélagið þó upplýst um að slík tilkynning verði send og hvenær.

54. gr.

Vátryggingaeftirlitið skal a.m.k. árlega, kanna gjaldþol og greiðsluþol vátryggingafélaga á grundvelli ársreiknings fyrir næstliðið reikningsár og annarra gagna og upplýsinga um starfsemina sem nauðsynleg eru til að slík könnun geti farið fram. Vátryggingaeftirlitið leggur mat á það að lokinni könnun hvort skilyrði 29.–33. gr. eftir því sem við á, séu uppfyllt. Hafi Vátryggingaeftirlitið athugasemdir fram að færa skal það tilkynnt félaginu að lokinni könnun. Sé nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þessa eiga ákvæði XI. kafla við.

Vátryggingaeftirlitið leggur árlega mat á vátryggingaskuld vátryggingafélaga, þar á meðal hvort tekið sé á fullnægjandi hátt tillit til óvissu í mati með nauðsynlegu álagi og að skilyrðum um það sem lagt er fram til jöfnunar vátryggingaskuldinni sé fullnægt, sbr. 34. og 35. gr. Vátryggingafélög skulu í gögnum til Vátryggingaeftirlitsins með ársreikningi gera grein fyrir því hvernig vátryggingaskuldin er ákveðin og hvaða eignir eru tilgreindar til að mæta henni. Vátryggingaeftirlitið getur sett almennar reglur um mat á vátryggingaskuldinni og hvaða gögn skuli fylgja í því sambandi auk ársreiknings.

55. gr.

Vátryggingaeftirlitið skal, eftir því sem kostur er, fylgjast með vátryggingaskilmálum sem í boði eru hér á landi og gæta þess að þeir séu í samræmi við lög sem hér gilda og góða viðskiptaháttu. Telji Vátryggingaeftirlitið að svo sé ekki skal það gera kröfu um að slíkum ákvæðum verði breytt eða þau verði afnumin. Skylt er að senda Vátryggingaeftirlitinu skilmála lögboðinna vátrygginga fyrir fram, svo og breytingar á þeim, og áður en þeir eru boðnir á vátryggingamarkaði.

Vátryggingaeftirlitið skal einnig fylgjast með iðgjaldagrundvelli vátrygginga með það fyrir augum að iðgjöld sem í boði eru hér á landi séu sanngjörn í garð vátryggingataka og í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingum felst og eðlilegan rekstrarkostnað. Telji Vátryggingaeftirlitið að svo sé ekki skal með rökstuddum hætti gerð athugasemd. Fullnægjandi gögn um reiknigrundvöll líftrygginga og heilsutrygginga, svo og breytingar á þeim, skulu lögð fyrir Vátryggingaeftirlitið fyrir fram og áður en þessir greinaflokkar eru boðnir á vátryggingamarkaði.

Vátryggingaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi, sölustarfsemi þeirra og tjónsuppgjöri. Einnig skal Vátryggingaeftirlitið hafa eftirlit með rekstrarfyrirkomulagi, bókhaldi og innra eftirliti vátryggingafélaga. Vátryggingaeftirlitið skal gera þær kannanir sem það telur nauðsynleg-

ar í þessu efni hjá vátryggingafélögum. Það skal einnig að þessu leyti fylgjast með starfsemi vátryggingafélaga aðildarríkja sem á grundvelli starfsleyfis heimaríkis fá heimild til að bjóða vátryggingar hér á landi og koma á framfæri athugasemdum við hlutaðeigandi félag eða eftirlitsstjórnvöld heimaríkis ef með þarf til úrbóta vegna þess sem Vátryggingaeftirlitið telur að úrskeiðis hafi farið.

Við Vátryggingaeftirlitið skal starfrækt neytendamáladeild sem hefur með höndum upplýsinga- og kvörtunarþjónustu fyrir vátryggingataka og vátryggða hjá vátryggingafélögum. Ráðherra skal setja reglugerð um starfsemi neytendamáladeildar.

Vátryggingaeftirlitið skal ávallt hafa heimild til könnunar á því hjá vátryggingafélögum sem hér reka vátryggingastarfsemi hvort vátryggingaskilmálar, iðgjaldagrundvöllur eða önnur atriði, er snerta starfsemi þeirra eða rekstur, samrýmist lögum og reglum er hér gilda og á rétt á hvers konar gögnum frá vátryggingafélögum þar að lútandi.

VI. KAFLI
Upplýsingaskylda. Val á löggjöf um vátryggingasamninga.

Upplýsingaskylda.

56. gr.

Áður en gengið er frá vátryggingasamningi, og einstaklingur á í hlut, skal vátryggingafélagið eða sá sem gerir samninginn fyrir hönd þess upplýsa vátryggingataka um hvaða lög eigi við um samninginn þegar ekki er um frjálst val að ræða eða þegar val er frjálst hvaða löggjöf félagið hyggst leggja til að eigi við um hann. Einnig skal upplýsa um hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála vegna vátryggingasamninga við vátryggingafélög án þess að skerða rétt hlutaðeigandi til að skjóta málum til dómstóla.

Val á löggjöf um vátryggingasamning skal koma fram eða gefið til kynna í samningnum sjálfum eða í fylgigögnum með honum.

57. gr.

Vátryggingataki skal ávallt upplýstur um heiti og aðsetur þess vátryggingafélags sem vátrygginguna býður og vátryggingaáhættuna ber áður en hann er skuldbundinn samkvæmt vátryggingasamningi. Upplýsingarnar skulu ávallt koma fram á bréfum og öðrum tilkynningum til vátryggingataka svo og heiti og aðsetur aðalstöðva félagsins þegar um útibú er að ræða. Víkja má frá upplýsingaskyldunni skv. 2. málsl. þegar vátryggingaáhættan telst stóráhætta, sbr. 8. gr.

Öll bindandi tilboð, vátryggingasamningar og ígildi þeirra skulu hafa að geyma upplýsingar um heiti og aðsetur þess félags sem ber vátryggingaáhættuna og aðalstöðvar þess. Þegar um ábyrgðartryggingu ökutækja er að ræða og veitt er þjónusta án starfsstöðvar skal nafn og heimilisfang þess fulltrúa félagsins sem annast tjónsuppgjör einnig koma fram.

Vátryggingafélögum með aðalstöðvar í aðildarríki skal heimilt að auglýsa þjónustu sína hér á landi með sama hætti og félög sem hafa fengið starfsleyfi hér á landi enda sé fylgt lögum og reglum sem hér gilda um auglýsingar.

58. gr.

Vátryggingaskilmálar lögboðinna vátrygginga skulu látnir Vátryggingaeftirlitinu í té áður en þeir eru boðnir vátryggingatökum þegar vátryggingaáhættan er hér á landi, sbr. 8. gr., og sama gildir um tæknilegan grundvöll líf- og heilsutrygginga, sbr. 21. gr. Félög sem fá starfsleyfi skv. 71. gr. skulu með sama hætti láta í té sýnishorn skilmála og iðgjaldagrundvallar annarra vátryggingagreina.

Hver sá sem hefur með höndum sölu vátrygginga á vegum vátryggingafélaga skal framvísa skilríkjum við störf sín sem útgefin eru og undirrituð af því vátryggingafélagi eða félögum sem hann starfar fyrir. Vátryggingaumboðsmenn og vátryggingasölumenn skulu, svo sem unnt er áður en vátryggingasamningur er gerður, upplýsa hlutaðeigandi um iðgjöld og vátryggingaskilmála.

Vátryggingafélög skulu sjá til þess að starfsemi aðila skv. 2. mgr. sé þannig að öflun vátrygginga fari fram með hag vátryggingataka og vátryggðra fyrir augum. Þau skulu einnig sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til þeirra eru ákveðnar.

59. gr.

Vátryggingaskilmálar frumtrygginga annarra en líftrygginga, sbr. 60. gr., sem boðnir eru vegna vátryggingaáhættu sem hér er og ekki er stóráhætta skv. 8. gr., skulu vera á íslensku eða öðru tungumáli sem vátryggingataki samþykkir og gerir honum kleift, áður en gengið er frá vátryggingasamningi, að tileinka sér þau ákvæði skilmálanna sem skipta máli um innihald þeirra, vátryggingavernd og þau kjör sem í boði eru.

60. gr.

Áður en vátryggingasamningur er gerður í greinaflokkum líftrygginga og öðrum sem leyfi er veitt fyrir skv. 23. gr. og á samningstímanum skal, þegar skuldbinding komst á hér á landi, sbr. 8. gr., vátryggingataki upplýstur skriflega á íslensku um eftirfarandi atriði:

1. Heiti líftryggingafélagsins og félagsform.
2. Heimilisfang aðalstöðva líftryggingafélagsins og, þegar við á, þess útibús sem samningurinn er gerður við.
3. Allar tegundir bóta sem í samningnum felast og um rétt til breytinga á þeim á samningstímanum.
4. Gildistíma líftryggingarinnar.
5. Hvernig samningnum verði sagt upp.
6. Hvernig iðgjöld skuli greidd, hve lengi og hvernig þeim verði breytt á samningstímanum.
7. Hvernig ágóðahluti er reiknaður og hvernig og hvenær hann verði greiddur.
8. Reglur um endurkaup og fritryggingu og að hvaða marki ábyrgst er að réttur til þess sé fyrir hendi.
9. Sundurliðun iðgjalda á hverja grein líftrygginga (bótategunda) og vegna aukagreina þegar þær eru innifaldar.
10. Um líftryggingar tengdar fjárfestingum: Skilgreiningu á þeim hlutaeiningum sem tengdar eru bótum.
11. Um líftryggingar tengdar fjárfestingum: Hvers eðlis þær eignir eru sem að baki hlutaeiningum eru.

12. Hvernig háttað er rétti vátryggingataka til að hætta við að taka líftrygginguna.
13. Almennar upplýsingar um skatta sem ber að greiða vegna líftryggingarinnar.

Auk líftryggingaskilmála, bæði almennra skilmála og sérskilmála, sem látnir skulu í té, skal vátryggingataki á samningstíma líftryggingar upplýstur skriflega um eftirfarandi:

1. Sérhverjar breytingar varðandi atriði er snerta 1.–2. tölul. 1. mgr.
2. Sérhverjar breytingar varðandi vátryggingaskilmála eða breytingar á lögum er snerta 3.–11. tölul. 1. mgr.
3. Um stöðu inneignar vegna ágóðahluta árlega.

Heimilt er að veita upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. á öðru tungumáli en segir í 1. mgr. að fenginni skriflegri beiðni líftryggingataka eða þegar líftryggingataki getur valið um þá löggjöf sem gildir um samninginn.

Hafi samningur um líftryggingu komist á og sé um einstaklingslíftryggingu að ræða skal félagið tilkynna vátryggingataka skriflega um gildistöku samningsins. Vátryggingataki skal hafa 30 daga frest til að segja vátryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynningin. Skrifleg uppsögn leysir aðila undan öllum skyldum sem síðar hefðu leitt af samningnum. Réttaráhrif og skilyrði uppsagnar fara að öðru leyti eftir þeim lögum sem um samninginn gilda.

Almenningi skal heimill aðgangur að upplýsingum um þann grundvöll sem útreikningur líftryggingaskuldar og ágóðahlutar er reistur á.

Val á löggjöf um vátryggingasamninga.

61. gr.

Þegar lög þessi kveða á um að löggjöf ríkis skuli beitt er átt við að réttarreglur þess ríkis gildi, að frátöldum reglum um val á löggjöf um vátryggingasamninga.

Ef ríki er meira en ein svæðisbundin eining sem hver um sig hefur eigin réttarreglur um skuldbindingar samkvæmt samningum skal litið á hverja svæðisbundna einingu sem eitt ríki þegar ákveðið er hvaða löggjöf skuli beitt.

Ófrávíkjanlegum réttarreglum sem gilda hér á landi skal beitt enda þótt löggjöf annars ríkis sé að öðru leyti lögð til grundvallar vátryggingasamningnum.

Þegar vátrygging er lögboðin gilda um vátryggingasamninginn ófrávíkjanlegar réttarreglur þess ríkis sem leggur á vátryggingaskylduna.

Ólögfestum alþjóðlegum reglum um val á löggjöf er eiga við um skuldbindingar samkvæmt samningum skal beitt því aðeins að þær stríði ekki gegn ákvæðum þessara laga.

62. gr.

Lög þess ríkis þar sem skuldbindingin komst á gilda um vátryggingasamning um líftryggingu.

Þegar vátryggingataki líftryggingar er einstaklingur og ekki ríkisborgari þess ríkis þar sem hann hefur að jafnaði aðsetur geta aðilar valið lög þess ríkis þar sem ríkisborgararétturinn er.

Þegar vátryggingataki líftryggingar er lögaðili og skuldbindingin komst á hér á landi en hinn líftryggði hefur að jafnaði aðsetur í öðru ríki eða er ríkisborgari þess ríkis geta aðilar einnig valið löggjöf þess ríkis.

Þegar skuldbindingin komst á annars staðar en á Íslandi og lög þess ríkis leyfa víðtækari samningsrétt en skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar valið löggjöf að svo miklu leyti sem löggjöf þess ríkis leyfir.

63. gr.

Í öðrum frumtryggingum en líftryggingum gildir um vátryggingasamninginn löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingaáhættan er þegar það er einnig ríkið þar sem vátryggingatakinn hefur að jafnaði aðsetur.

Þegar vátryggingaáhættan er annars staðar en þar sem vátryggingataki hefur að jafnaði aðsetur geta aðilar valið hvort sem er um vátryggingasamninginn, löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingaáhættan er eða löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingatakinn hefur aðsetur að jafnaði.

Þegar vátryggingataki hefur með höndum atvinnustarfsemi og vátryggingaáhættan vegna hennar er í fleiri en einu ríki og vátryggingasamningurinn nær til fleiri en einnar tegundar áhættu geta aðilar valið um löggjöf þessara ríkja eða löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingatakinn hefur aðsetur að jafnaði.

Þegar vátryggingaáhættan er annars staðar en á Íslandi og lög þess ríkis leyfa víðtækari samningsrétt en skv. 2. og 3. mgr., geta aðilar valið löggjöf að svo miklu leyti sem löggjöf þess ríkis leyfir.

Þegar áhættan sem samningurinn tekur til takmarkast við tjónsatburði sem eiga sér stað í öðru ríki en því þar sem vátryggingaáhættan er geta aðilar ávallt valið löggjöf þess ríkis þar sem tjónsatburðirnir eiga sér stað.

Þegar áhætta í vátryggingum er stóráhætta, sbr. 8. gr., geta aðilar ávallt valið þá löggjöf sem beita skal um vátryggingasamninginn, sbr. þó 3. og 4. mgr. 61. gr.

Hafi aðilar samnings um aðra vátryggingu en líftryggingu ekki samið um val á löggjöf svo að gilt sé og val á löggjöf leiðir ekki af ákvæðum þessara laga gilda réttarreglur þess ríkis sem best telst eiga við um samninginn samkvæmt þessari grein. Þegar ekkert annað er tekið fram skal lagt til grundvallar að ríkið, þar sem vátryggingaáhættan er, eigi best eigi við um samninginn.

Þegar valið hefur verið skv. 7. mgr. en annað ríki meðal þeirra sem til greina geta komið telst eiga betur við um hluta samningsins má velja löggjöf þess ríkis um þann hluta samningsins þegar sérstakar ástæður mæla með því.

VII. KAFLI
Starfsemi erlendra vátryggingafélaga hér á landi.
Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði.

64. gr.

Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í aðildarríki sem hlotið hafa starfsleyfi hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvalda geta stofnsett útibú hér á landi enda sé þeim heimilt að reka vátryggingastarfsemi í sömu greinaflokkum vátrygginga og vátryggingagreinum í heimaríki sínu.

Óski slíkt félag eftir að stofna útibú hér á landi, sbr. 6. gr., skal Vátryggingaeftirlitið afla eftirfarandi upplýsinga og gagna hjá eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis:

1. Áætlunar um fyrirhugaða starfsemi og skipulag útibúsins hér á landi og staðfestingar þess að félagið hafi starfsleyfi í þeim greinaflokkum og vátryggingagreinum sem fyrirhugað er að reka hér á landi.
2. Heimilisfangs útibúsins, þar sem skipaður fulltrúi félagsins hefur aðsetur og gagna er aflað um starfsemina og öll gögn eru send til.
3. Nafns skipaðs fulltrúa útibúsins sem hefur heimild til að skuldbinda félagið gagnvart þriðja aðila og kemur fram fyrir þess hönd gagnvart dómstólum hér á landi.

4. Yfirlýsingar um að félagið sé aðili að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. þegar fyrirhugað er að reka starfsemi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr.
5. Vottorðs eftirlitsstjórnvalda um að skilyrði um gjaldþol vegna starfsemi félagsins í heild séu uppfyllt og athugasemda vegna fyrirhugaðrar starfsemi ef einhverjar eru.
6. Vátryggingaskilmála lögboðinna vátrygginga sem útibúið hyggst reka hér á landi og þegar við á tæknilegs grundvallar líftrygginga og heilsutrygginga.

Áður en útibú hefur starfsemi hér á landi skal Vátryggingaeftirlitið upplýsa eftirlitsstjórnvöld heimaríkis um almenn skilyrði ef einhver eru sem um vátryggingastarfsemi útibúsins eiga að gilda hér á landi og um ákvæði er varða almannaheill.

Vátryggingaeftirlitið skal innan tveggja mánaða frá því að framangreind gögn hafa borist tilkynna að félaginu sé heimilt að setja á stofn útibúið og má það að því búnu hefja starfsemi.

Allar breytingar varðandi liði 2. mgr. að 5. tölul. undanskildum skal félagið tilkynna Vátryggingaeftirlitinu skriflega með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Vátryggingaeftirlitið skal a.m.k. árlega afla vottorðs skv. 5. tölul. um gjaldþol félagsins.

65. gr.

Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í aðildarríki sem hlotið hafa starfsleyfi eftirlitsstjórnvalda geta veitt þjónustu hér á landi án starfsstöðvar enda sé þeim heimilt að reka vátryggingastarfsemi í sömu greinaflokkum og vátryggingagreinum í heimaríki sínu.

Óski félag eftir að veita þjónustu hér á landi án starfsstöðvar skal Vátryggingaeftirlitið afla eftirfarandi upplýsinga og gagna hjá eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis:

1. Vottorðs eftirlitsstjórnvalda um að skilyrði um gjaldþol vegna starfsemi félagsins í heild séu uppfyllt.
2. Skrár yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hefur leyfi til að reka.
3. Skrár yfir þær tegundir áhættu sem félagið hyggst vátryggja hér á landi.
4. Yfirlýsingar um að félagið sé aðili að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. þegar fyrirhugað er að reka starfsemi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. og nafn og aðsetur fulltrúa hér á landi sem hefur með höndum tjónsuppgjör, sbr. 5. mgr.
5. Sýnishorna vátryggingaskilmála lögboðinna vátrygginga sem félagið hyggst reka hér á landi og þegar við á tæknilegs grundvallar líftrygginga og heilsutrygginga.

Félagið má veita þjónustu hér á landi þegar Vátryggingaeftirlitið hefur tilkynnt að öll gögn skv. 2. mgr. hafi borist eftirlitinu.

Allar breytingar varðandi 2.–5. tölul. 2. mgr. skal félagið tilkynna Vátryggingaeftirlitinu með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Vátryggingaeftirlitið skal afla vottorðs skv. 1. tölul. 2. mgr. a.m.k. árlega.

Félag sem veitir þjónustu án starfsstöðvar skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. skal sjá til þess að þeir sem kröfu eiga á bótum vegna tjóns hér á landi séu ekki lakar settir en aðrir vegna þess að starfsstöð er ekki fyrir hendi. Fulltrúi skv. 4. tölul. 2. mgr. skal afla allra nauðsynlegra gagna vegna tjóns og hafa allar heimildir til að greiða bætur og koma fram fyrir hönd félagsins hér á landi. Honum skal einnig skylt að veita lögbærum aðilum hér á landi upplýsingar um hvort lögmæltar ökutækjatryggingar séu fyrir hendi og um gildistíma. Fulltrúinn hefur ekki með höndum önnur verkefni fyrir félagið hér á landi en tilgreind eru í þessari málsgrein.

66. gr.

Eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja eða fulltrúum sem þau tilnefna er heimilt, eftir að hafa tilkynnt það Vátryggingaeftirlitinu, að gera þær vettvangskannanir hjá vátryggingafélögum sem þau hafa veitt starfsleyfi og hér reka starfsemi og sem nauðsynlegar eru til þess að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti með starfsemi útibúa aðildarríkja hér á landi. Vátryggingaeftirlitið hefur heimild til að taka þátt í þessum könnunum. Kostnaður vegna þessa greiðist af eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis.

67. gr.

Vátryggingaeftirlitið skal veita eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi heimaríkja upplýsingar um starfsemi útibúa hér á landi til að þau geti lagt heildarmat á gjaldþol vátryggingafélaga sem hér starfa og eru undir eftirliti þeirra.

Vátryggingaeftirlitið getur gripið til allra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að tryggja hagsmuni vátryggingataka og vátryggðra uppfylli félagið ekki tilskilin skilyrði um gjaldþol eða vátryggingaskuldina. Það skal, þegar þörf krefur, gera ráðstafanir til að banna félaginu frjálsa ráðstöfun eigna sem er að finna hér á landi eða takmarka í samræmi við ákvæði gildandi laga þar að lútandi að höfðu samráði við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis ef kostur er.

Vátryggingaeftirlitið getur bannað erlendu vátryggingafélagi sem hér rekur útibú eða veitir þjónustu að starfa áfram ef það með grófum hætti og ítrekað brýtur ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða ákvæði annarra laga sem eiga við um fjármálastarfsemi og ekki hefur verið unnt með kröfum eða aðgerðum samkvæmt þessum lögum að fá úr því bætt sem úrskeiðis hefur farið.

68. gr.

Óski vátryggingafélag, sem hér rekur útibú eða veitir þjónustu, eftir því að flytja vátryggingastofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags sem hefur starfsstöð á Evrópsku efnahagssvæði geta eftirlitsstjórnvöld heimaríkis hins fyrrnefnda heimilað flutning stofnsins að fenginni staðfestingu eftirlitsstjórnvalda heimaríkis hins síðarnefnda um að tilskildar kröfur um gjaldþol séu uppfylltar að lokinni yfirtöku stofnsins og að höfðu samráði við Vátryggingaeftirlitið. Þegar vátryggingaáhættan er hér á landi þarf ávallt samþykki Vátryggingaeftirlitsins til að flutningurinn geti átt sér stað. Ákvæði 2. mgr. 86. gr. gilda um tilkynningar í Lögbirtingablað vegna vátryggingastofns sem fluttur er þegar vátryggingaáhættan er hér. Um réttindi og skyldur vátryggingataka, vátryggðra og annarra samkvæmt vátryggingasamningum fer skv. 4. mgr. 86. gr.

Vátryggingaeftirlitið skal láta í té álit sitt innan þriggja mánaða frá því að beiðni um flutninginn barst, ella skal litið svo á að afstaða þess til flutningsins sé jákvæð.

69. gr.

Afturkalli eftirlitsstjórnvöld heimaríkis starfsleyfi félags sem hefur útibú eða veitir þjónustu hér á landi skal Vátryggingaeftirlitið að fenginni tilkynningu þar um gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið stofni til frekari vátryggingasamninga hér á landi. Skal haft samstarf við hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld í því skyni að tryggja hagsmuni vátryggingataka og vátryggðra svo sem kostur er og eiga ákvæði 67. gr. við um takmörkun eða bann á frjálsri ráðstöfun eigna þegar nauðsyn krefur.

70. gr.

Vátryggingafélag, sem hér rekur útibú eða veitir þjónustu, skal tilkynna til vátryggingafélagaskrár allar breytingar á þeim atriðum sem kveðið er á um í 22. gr. og við geta átt. Sé gerð ný rekstraráætlun skv. 24. gr. skal hún einnig send.

Vátryggingaeftirlitið getur gert kröfu um að öll gögn sem ber að senda eftirlitinu vegna starfseminnar hér á landi séu á íslensku í þýðingu löggilts skjalaþýðanda.

Erlend vátryggingafélög hér á landi með aðalstöðvar utan Evrópsks efnahagssvæðis.

71. gr.

Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar utan Evrópsks efnahagssvæðis sem leyfi hafa til að reka vátryggingastarfsemi í heimalandi sínu geta fengið leyfi til að reka starfsemi í útibúi hér á landi í samræmi við lög þessi enda hafi íslensk vátryggingafélög ekki lakari rétt í heimalandi þeirra.

Áður en vátryggingafélög með aðalstöðvar utan svæðisins fá starfsleyfi hér á landi skulu aðilar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði hafa samráð um leyfisveitinguna.

Félagið skal skráð hér á landi og það skal tilnefna einn aðalumboðsmann sem Vátryggingaeftirlitið samþykkir er komi fram fyrir þess hönd í málefnum er varða starfsemina og hafi heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess hér á landi. Hann skal vera búsettur hér á landi, hafa náð tuttugu ára aldri, hafa óflekkað mannorð og má aldrei hafa verið sviptur forræði á búi sínu.

Félagið skal hafa varnarþing hér á landi að því er varðar starfsemi þess hér og má lögsækja það fyrir dómstólum á Íslandi til fullnustu á kröfum sem stofnast hafa vegna starfseminnar.

72. gr.

Umsókn um starfsleyfi og um skráningu í vátryggingafélagaskrá skal send Vátryggingaeftirlitinu og gögn samkvæmt 21.–24. gr. skulu fylgja umsókn eftir því sem við getur átt og nauðsynleg eru til þess að það geti metið umsóknina. Sýnishorn vátryggingaskilmála og iðgjaldagrundvallar í þeim greinum sem félagið hyggst reka hér á landi skulu einnig fylgja umsókn.

Félagið skal uppfylla skilyrði III. kafla um gjaldþol er miðast við starfsemi þess hér og skulu fjármunir sem því svarar vera til ráðstöfunar hér á landi. Fjárhæð samsvarandi fjórðungi þess lágmarks sem krafist er skal lögð fram sem geymslufé í upphafi og varðveitt á stað sem Vátryggingaeftirlitið samþykkir. Geymsluféð skal einungis notað til að tryggja að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar vegna gerðra vátryggingasamninga hér á landi. Einstakir vátryggðir geta ekki gert kröfu um fullnustu greiðslu nema að því marki sem það að mati Vátryggingaeftirlitsins skerðir ekki rétt annarra vátryggðra til fullnustu á vátryggingaskuldbindingum félagsins.

Félagið skal ávaxta hér á landi fjármuni er samsvara vátryggingaskuld þess vegna starfseminnar hér eins og þær eru samkvæmt útreiknings- og matsreglum er gilda hér á landi. Enn fremur skal fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Vátryggingaeftirlitið skal upplýsa aðildarríki um það, áður en afstaða er tekin til umsóknarinnar, þegar dótturfélag móðurfélags með aðalstöðvar í þriðja ríki sækir um starfsleyfi hér á landi og ef aðilar öðlast, beint eða óbeint, hlut í vátryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi þannig að hið síðarnefnda verði dótturfélag hins fyrrnefnda.

73. gr.

Aðalumboðsmaður skal senda Vátryggingaeftirlitinu ársreikning hins erlenda félags svo og ársreikning vegna starfseminnar hér á landi eigi síðar en mánuði eftir að þeir hafa verið samþykktir ásamt ársskýrslu með undirritun stjórnar og áritun endurskoðanda. Ársreikningur vegna starfseminnar hér á landi skal berast eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok hvers reikningsárs. Tilskilin gögn samkvæmt reglum sem Vátryggingaeftirlitið setur skulu fylgja, þar á meðal gögn skv. 34. og 35. gr. um þær eignir sem koma eiga á móti vátryggingaskuldinni.

Aðalumboðsmaður skal án tafar tilkynna Vátryggingaeftirlitinu skriflega geri eftirlitsstjórnvöld í heimalandi félagsins athugasemd við starfsemi þess, hafi greiðslustöðvun verið ákveðin, ákvörðun verið tekin um að slíta félaginu eða bú þess tekið til gjaldþrotaskipta.

74. gr.

Brjóti félagið lög og reglugerðir um vátryggingastarfsemi eða vanræki skyldur sínar samkvæmt þeim þannig að hagsmunum vátryggingataka og vátryggðra sé stefnt í hættu, skal Vátryggingaeftirlitið veita félaginu tiltekinn frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan þess frests og telji Vátryggingaeftirlitið að hagsmunir vátryggingataka og vátryggðra séu í hættu, getur eftirlitið útnefnt nýjan aðalumboðsmann til að ljúka viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar hér á landi. Hefur hann í því skyni leyfi til ráðstöfunar á eignum félagsins hér á landi að því marki er Vátryggingaeftirlitið heimilar.

75. gr.

Ráðherra getur að fenginni tillögu Vátryggingaeftirlitsins afturkallað starfsleyfi félagsins uppfylli félagið ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

Þegar starfsleyfi félags er afturkallað tekur Vátryggingaeftirlitið ákvörðun um hvort þess skuli freistað að yfirfæra vátryggingastofninn til eins eða fleiri vátryggingafélaga sem reka vátryggingastarfsemi hér á landi eða hvort félagið skuli á annan hátt reyna að ljúka skuldbindingum sínum vegna vátryggingasamninga sem gerðir hafa verið. Þegar rekin er líftryggingastarfsemi getur Vátryggingaeftirlitið ákveðið að líftryggingastofninum verði komið undir sérstaka stjórn, sbr. 94. gr.

Við afturköllun á starfsleyfi félags getur Vátryggingaeftirlitið takmarkað eða bannað félaginu yfirráð yfir fjármunum sínum og eignum.

76. gr.

Félagið skal máð úr vátryggingafélagaskrá missi það starfsleyfi skv. 75. gr., enda sé viðskiptum þess og uppgjöri skuldbindinga hér á landi að fullu lokið.

Tilkynni félag að það óski eftir að hætta starfsemi hér á landi og að starfsstöð þess verði máð úr vátryggingafélagaskrá skal það því aðeins gert að Vátryggingaeftirlitið álíti að starfsstöðin þurfi ekki að starfa áfram vegna skuldbindinga sem á henni hvíla. Sama gildir sé enginn aðalumboðsmaður félagsins hér á landi og enginn hafi verið útnefndur innan frests sem Vátryggingaeftirlitið hefur sett. Getur eftirlitið þá útnefnt aðalumboðsmann í samræmi við ákvæði 74. gr.

Leysa má geymslufé sem lagt er til hliðar skv. 72. gr. þá fyrst er starfsleyfi félagsins hefur verið afturkallað og félagið getur sannað að staðið hafi verið við allar skuldbindingar félagsins hér á landi, eða að nógu há trygging fyrir skuldbindingum hafi að mati Vátryggingaeftirlitsins verið lögð fram.

VIII. KAFLI
Starfsemi vátryggingafélaga erlendis sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi.

77. gr.

Vátryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og óskar eftir að starfrækja útibú í öðru aðildarríki Evrópsks efnahagssvæðis skal tilkynna það Vátryggingaeftirlitinu og leggja fram eftirfarandi gögn:

1. Heiti og heimilisfang útibúsins þar sem skipaður fulltrúi félagsins hefur aðsetur.
2. Nafn skipaðs fulltrúa útibúsins sem hefur heimild til að skuldbinda félagið gagnvart þriðja aðila og koma fram á þess vegum gagnvart dómstólum í aðildarríkinu.
3. Áætlun um fyrirhugaða starfsemi og skipulag útibúsins.
4. Skrá yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hyggst reka.
5. Yfirlýsingu um að félagið sé aðili að landsskrifstofu og ef við á að sérstökum ábyrgðarsjóði í viðkomandi aðildarríki þegar fyrirhugað er að reka starfsemi skv. 10. tölul. í 1. mgr. 22. gr.

Hafi Vátryggingaeftirlitið ekki athugasemdir fram að færa varðandi fyrirhugaða starfsemi, fjárhagsstöðu eða hæfi og faglega kunnáttu stjórnenda eða hins skipaða fulltrúa útibúsins skal Vátryggingaeftirlitið, innan þriggja mánaða frá því að öll framangreind gögn hafa borist, senda eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis gögnin ásamt vottorði um að félagið uppfylli skilyrði um gjaldþol skv. 29.–33. gr. eftir því sem við á. Jafnframt skal félaginu send tilkynning um að umrædd gögn hafi verið send.

Vátryggingaeftirlitið getur látið hjá líða að senda gögn skv. 1. og 2. mgr. hafi það ástæðu til að draga í efa að rekstrarleg uppbygging eða fjárhagsstaða sé viðhlítandi sem undirstaða fyrirhugaðrar starfsemi. Tilkynning um að framangreind gögn verði ekki send eftirlitsstjórnvöldum viðkomandi aðildarríkis skal send félaginu innan þriggja mánaða og ástæður þess tilgreindar skriflega.

Félagið má stofnsetja útibúið og hefja starfsemi þegar orðsending hefur borist frá eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis eða ef engin slík orðsending hefur borist tveimur mánuðum eftir að öll gögn skv. 1. og 2. mgr. hafa borist til þeirra.

Allar breytingar varðandi atriði 1. mgr. skal félagið tilkynna Vátryggingaeftirlitinu skriflega með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

78. gr.

Óski vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, eftir því að veita þjónustu í öðru aðildarríki án þess að hafa þar starfsstöð skal félagið tilkynna það Vátryggingaeftirlitinu ásamt upplýsingum um í hvaða greinaflokkum vátrygginga eða vátryggingagreinum fyrirhugað er að veita þjónustu. Vátryggingaeftirlitið skal innan mánaðar senda eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eftirtalin gögn og skal félaginu jafnframt tilkynnt að upplýsingarnar hafi verið sendar:

1. Vottorð um að gjaldþol vegna starfsemi félagsins í heild sé fullnægjandi.
2. Skrá yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hefur leyfi til að reka.

3. Skrá yfir greinaflokka og vátryggingagreinar sem félagið hyggst reka í aðildarríkinu.
4. Yfirlýsingu um að félagið sé aðili að landsskrifstofu og ef við á að sérstökum ábyrgðarsjóði í viðkomandi aðildarríki þegar fyrirhugað er að veita þjónustu skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. og nafn og heimilisfang sérstaks fulltrúa sem annast tjónsuppgjör í þeirri grein.

Félagið má veita þjónustu frá þeim tíma er það hefur fengið tilkynningu um að upplýsingar skv. 1. mgr. hafi verið sendar og móttaka þeirra hefur verið staðfest.

Sendi Vátryggingaeftirlitið ekki framangreindar upplýsingar á tilskildum tíma skal það greina félaginu frá ástæðum þess innan sömu tímamarka.

Allar breytingar skal félagið tilkynna Vátryggingaeftirlitinu skriflega með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

79. gr.

Hafi vátryggingafélag, sem hefur fengið starfsleyfi hér á landi, í hyggju að hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt Vátryggingaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem Vátryggingaeftirlitið óskar eftir og telur nauðsynlegar.

Ákvæði 77. og 78. gr. gilda einnig um vátryggingafélög með aðalstöðvar utan hins Evrópska efnahagssvæðis sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi til að reka útibú en hafa í hyggju að hefja starfsemi í aðildarríki. Vátryggingaeftirlitið getur þó tekið sér lengri fresti til afgreiðslu mála en þar eru tilgreindir. Skal það hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld aðildarríkja áður en tekin er afstaða til umsóknarinnar.

IX. KAFLI
Vátryggingamiðlun.
Skilgreining. Umsókn um starfsleyfi.

80. gr.

Með vátryggingamiðlun og vátryggingamiðlara er í lögum þessum átt við lögaðila eða einstakling sem starfar sjálfstætt og veitir einstaklingum og öðrum upplýsingar, faglega ráðgjöf og aðstoð við að koma á vátryggingasamningi í frumtryggingum eða við framkvæmd ákvæða slíks samnings gagnvart vátryggingafélagi og:

1. starfar óháður einstökum vátryggingafélögum eða
2. miðlar til tiltekinna vátryggingafélaga, eins eða fleiri, án þess að um starfsstöð vátryggingafélags skv. 6. gr. sé að ræða.

Þegar lögaðili rekur vátryggingamiðlun á heitið vátryggingamiðlari við um þá starfsmenn sem starfa samkvæmt skilgreiningu 1. mgr.

81. gr.

Vátryggingamiðlari sem hyggst starfa hér á landi skal senda Vátryggingaeftirlitinu skriflega umsókn um starfsleyfi.

Skilyrði starfsleyfis er búseta hér á landi, að menn séu fjárráða, hafi óflekkað mannorð, hafi náð tuttugu ára aldri og hafi aldrei verið sviptir forræði á búi sínu, búi yfir þeirri þekkingu sem nauðsynleg er til starfans, hafi engin fjárhagsleg tengsl af neinu tagi vegna eignaraðildar eða hagsmuna, annarra en tengjast þeim vátryggingasamningum sem komið er á og teljist að öðru leyti hæfir til að reka þessa starfsemi á viðhlítandi hátt. Þeir skulu einnig leggja fram vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu til að bæta tjón sem

kann að hljótast vegna starfa þeirra og þeir eru bótaskyldir fyrir. Ríkisborgarar hins Evrópska efnahagssvæðis eru undanþegnir búsetuskilyrðinu. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum þriðju ríkja sömu undanþágu.

Starfsleyfi vátryggingamiðlara hér á landi skal bundið við tiltekna greinaflokka vátrygginga, sbr. 22. og 23. gr., eða skaðatryggingar, persónutryggingar eða frumtryggingar í heild.

Vátryggingamiðlara er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hann hefur fengið starfsleyfi ráðherra. Vátryggingaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi vátryggingamiðlara. Þeim er skylt að veita því allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framfylgja eftirliti með starfseminni í samræmi við lög þessi. Vátryggingaeftirlitið hefur heimild til að gera vettvangskönnun í því skyni ef þörf er á.

Vátryggingamiðlari má ekki miðla frumtryggingum til annarra vátryggingafélaga en þeirra sem starfsleyfi hafa hér á landi eða heimild hafa til að veita hér þjónustu.

Ráðherra setur nánari ákvæði með reglugerð um skilyrði starfsleyfis og um starfsábyrgðartryggingu, þar á meðal um fjárhæð vátryggingar og lágmarksskilyrði hennar svo og um skil á gögnum og um skráningu.

82. gr.

Vátryggingamiðlari skv. 1. tölul. 1. mgr. 80. gr. má ekki taka við þóknun eða greiðslum af neinu tagi frá vátryggingafélagi, nema vegna vátryggingasamninga sem komið hefur verið á milli vátryggingafélagsins og vátryggingataka.

Vátryggingamiðlari má taka við iðgjöldum fyrir hönd vátryggingafélags samkvæmt skriflegri heimild þess. Fjármunum sem vátryggingamiðlari veitir viðtöku fyrir hönd vátrygginga félags eða vátryggingataka vegna vátryggingasamnings eða við undirbúning og gerð þeirra skal svo fljótt sem auðið er skilað til rétts aðila. Fjármunum þessum skal miðlarinn að öllu leyti halda aðgreindum frá öðrum fjármunum í hans eigu eða vörslu.

Vátryggingamiðlari skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar venjur í vátryggingaviðskiptum bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum og gæta hagsmuna þeirra og gæta þess að aðila séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum. Vátryggingamiðlara er skylt að upplýsa þá sem hann starfar fyrir um umboðslaun og þóknun sem hann þiggur vegna viðskiptanna fari þeir fram á það sérstaklega. Vátryggingamiðlara er skylt að veita Vátryggingaeftirlitinu allar upplýsingar sem það óskar um vátryggingasamninga sem hann hefur komið á.

Upplýsingaskylda.

83. gr.

Vátryggingamiðlari skal veita vátryggingataka þær upplýsingar og aðstoð sem hann þarf á að halda til að geta metið skilmála og kjör vátrygginga sem í boði eru og vátryggingaþörf áður en vátryggingasamningur er gerður og skal vátryggingamiðlarinn gæta upplýsingaskyldu skv. VI. kafla áður en gengið er frá vátryggingasamningi. Hann skal gera vátryggingafélaginu fullnægjandi grein fyrir tegund og umfangi vátryggingaáhættunnar til að félagið geti gert vátryggingataka tilboð. Hann skal einnig, eftir að samningur er kominn á, veita vátryggingataka leiðbeiningar og ráðgjöf, þar á meðal verði tjón er fellur undir vátryggingasamninginn.

84. gr.

Vátryggingamiðlari skal láta koma fram í öllu sem til almennings fer um starfsemina að hún sé skráð hér á landi, sbr. 85. gr., og um tengsl sín við einstök vátryggingafélög, sbr. 80. gr.

Vátryggingamiðlari skal árlega senda Vátryggingaeftirlitinu greinargerð um það hvernig þeir samningar sem hann hefur komið á dreifast á einstök vátryggingafélög.

Ársreikning vátryggingamiðlunar eða vátryggingamiðlara skal senda Vátryggingaeftirlitinu innan mánaðar frá samþykkt hans, þó eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningurinn skal undirritaður af vátryggingamiðlara og þegar við á af stjórn og framkvæmdastjóra, endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda. Ársreikningi skal fylgja greinargerð, sbr. 2. mgr.

Skráning.

85. gr.

Vátryggingaeftirlitið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til vátryggingamiðlunar hér á landi. Skrá skal nafn, aðsetur, greinaflokka vátrygginga sem heimild er til að miðla, útgáfudag starfsleyfis og hvort miðlarinn starfar óháður eða í tengslum við einstök félög. Þegar vátryggingamiðlun er skráð skal einnig skrá nöfn þeirra starfsmanna sem heimild hafa til að starfa sem vátryggingamiðlarar.

Þeir sem skráðir hafa verið og leyfi hafa fengið til vátryggingamiðlunar hér á landi skulu greiða gjald til Vátryggingaeftirlitsins sem ráðherra ákveður vegna kostnaðar sem eftirlit með starfseminni hefur í för með sér, sbr. 52. gr.

Vanræki vátryggingamiðlari gróflega skyldur sínar og séu skilyrði leyfis til vátryggingamiðlunar ekki lengur uppfyllt samkvæmt lögum þessum skal Vátryggingaeftirlitið þegar í stað afturkalla starfsleyfi. Vátryggingaeftirlitinu er þó heimilt, áður en til þess kemur, að veita frest til nauðsynlegra úrbóta og eftir atvikum að veita viðvörun telji eftirlitið það fullnægjandi. Sé skráningarskyld vátryggingamiðlun rekin án leyfis skal Vátryggingaeftirlitið gera kröfu um að slíkri starfsemi verði hætt og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja þeirri kröfu.

Birta skal í Lögbirtingablaði skráningu vátryggingamiðlara og árlega lista yfir þá sem heimild hafa til vátryggingamiðlunar.

X. KAFLI
Yfirfærsla vátryggingastofna. Samruni félaga.

Yfirfærsla.

86. gr.

Óski vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, eftir að flytja vátryggingastofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags sem einnig hefur fengið starfsleyfi hér á landi skulu bæði félögin senda Vátryggingaeftirlitinu umsókn um færsluna ásamt drögum að samkomulagi milli félaganna og þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Vátryggingaeftirlitið kannar umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla að færslan geti skaðað vátryggingataka og vátryggða hjá félögunum.

Telji Vátryggingaeftirlitið að synja beri um leyfi til yfirfærslunnar skal það án tafar tilkynnt félögunum. Að öðrum kosti, og sé um að ræða vátryggingaáhættu hér á landi, sbr. 8. gr., skal Vátryggingaeftirlitið birta tilkynningu í Lögbirtingablaði vegna yfirfærslubeiðninnar og óska eftir skriflegum athugasemdum vátryggingataka og vátryggðra

innan tiltekins frests sem eigi má vera skemmri en einn mánuður. Félagið skal auglýsa fyrirhugaða yfirfærslu og hvenær tilkynningin var birt í Lögbirtingablaði.

Vátryggingaeftirlitið veitir leyfi til færslunnar að liðnum fresti skv. 2. mgr. telji það, að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið, að orðið skuli við yfirfærslubeiðninni.

Réttindi og skyldur vátryggingataka, vátryggðra og annarra samkvæmt vátryggingasamningum halda sjálfkrafa gildi sínu við flutninginn. Vátryggingatakar geta sagt upp vátryggingasamningi sínum við félagið frá þeim degi er flutningur stofnsins á sér stað tilkynni þeir uppsögn skriflega innan mánaðar frá flutningsdegi.

87. gr.

Vátryggingaeftirlitið getur heimilað vátryggingafélagi, sem hér hefur fengið starfsleyfi og óskar eftir, að flytja vátryggingastofn sinn hér að nokkru eða öllu leyti til annars félags með starfsstöð á Evrópsku efnahagssvæði staðfesti eftirlitsstjórnvöld heimaríkis þess félags sem tekur við stofninum að tilskildar kröfur um gjaldþol séu uppfylltar að teknu tilliti til hins yfirfærða stofns. Skilyrði er ávallt að eftirlitsstjórnvöld í því aðildarríki þar sem vátryggingaáhættan er, sbr. 8. gr., veiti samþykki sitt fyrir yfirfærslunni. Ákvæði 86. gr. gilda um yfirfærsluna.

Vátryggingaeftirlitið getur einnig heimilað útibúi vátryggingafélags með aðalstöðvar utan hins Evrópska efnahagssvæðis, sem hefur starfsleyfi hér á landi, að flytja vátryggingastofn sinn hér að nokkru eða öllu leyti til annars vátryggingafélags og gilda þá einnig ákvæði 86. gr. um yfirfærsluna.

Um yfirfærslu vegna stofna vátryggingafélaga með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði, sem hér reka útibú eða veita þjónustu, fer samkvæmt ákvæðum 68. gr.

Samruni.

88. gr.

Óski vátryggingafélög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi eftir því að samruni eigi sér stað með yfirtöku eins eða fleiri vátryggingafélaga með slitum þeirra, þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar að öllu leyti án þess að til skiptameðferðar komi, skulu öll félögin senda Vátryggingaeftirlitinu umsókn ásamt drögum að samkomulagi milli félaga um samrunann og með þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Sama gildir óski tvö eða fleiri vátryggingafélög eftir því að samruni með stofnun nýs vátryggingafélags eigi sér stað með slitum án skiptameðferðar þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar til hins nýja félags. Skilyrði samruna er að leyfi til yfirfærslu vátryggingastofna sé veitt, sbr. 86. gr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um félög skv. 11. gr. sem óska eftir að yfirfæra eignir og skuldir að öllu leyti án skiptameðferðar til vátryggingafélags.

Heimila má að samruni með yfirtöku eða með stofnun nýs félags geti farið fram þótt eitt eða fleiri félaga sem yfirtekin eru, eða lögð verða niður, gangist undir skiptameðferð, að því tilskildu að sá kostur sé bundinn við félög sem hafa ekki enn hafist handa við að úthluta eignum sínum til eigenda.

89. gr.

Í drögum að samkomulagi um samruna, sem fylgja skulu umsókn, skal m.a. koma fram hvernig greiðslum er háttað fyrir hluti í félögum sem hætta vátryggingastarfsemi, hvenær hlutir sem kunna að vera notaðir sem greiðsla veiti rétt til arðs og annarra réttinda, hvaða réttindi eigendur hluta í félagi sem hættir starfsemi öðlast í því félagi sem tekur við eignum og skuldum, svo og aðrar ráðstafanir sem kunna að hafa í för með sér breytingar á réttindum eigenda. Einnig skal koma fram hvort stjórnarmenn, fulltrúaráðsmenn eða framkvæmdastjórar skuli njóta sérstakra hlunninda og þá hverra.

Lögð skulu fram staðfest reikningsuppgjör sem sýna eignir og skuldir hvers félags á þeim degi þegar samruni er fyrirhugaður ásamt sameiginlegri upphafsstöðu eftir samrunann og má uppgjörið ekki vera meira en sex mánaða gamalt þegar ákvörðun er tekin um að samruni eigi sér stað. Vátryggingaeftirlitið getur þó heimilað að miðað sé við ársuppgjör félaganna í lok síðasta reikningsárs.

Eigi samruni sér stað með stofnun nýs félags skulu drög að nýjum samþykktum þess einnig lögð fram. Sama gildir verði gerðar breytingar á samþykktum félaga, aðrar en breytingar á nafni.

Vátryggingaeftirlitið veitir leyfi til samrunans. Starfsleyfi félags eða félaga sem hætta vátryggingastarfsemi skulu afturkölluð frá þeim degi er Vátryggingaeftirlitið tiltekur og félagið eða félögin máð úr vátryggingafélagaskrá.

XI. KAFLI
Sérstakar ráðstafanir. Brottfall starfsleyfis. Félagsslit.

Sérstakar ráðstafanir.

90. gr.

Uppfylli vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, ekki lágmarkskröfur um gjaldþol samkvæmt ársuppgjöri eða á öðrum tíma skal félagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og á hvern hátt markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Vátryggingaeftirlitið sem ákveður hvort þær ráðstafanir sem gera á teljist fullnægjandi.

Sé gjaldþol vátryggingafélags minna en þriðjungur þess sem tilskilið er eða minna en sú lágmarksfjárhæð sem tilgreind er fyrir þá starfsemi sem félagið rekur, sbr. 33. gr., hvort sem hærra er, skal áætlun skv. 1. mgr. miða að því að rétta við fjárhag félagsins á skömmum tíma og skal Vátryggingaeftirlitið setja félaginu ákveðinn frest í því efni.

Sé vátryggingaskuld félags vanmetin samkvæmt ársuppgjöri eða á öðrum tíma að mati Vátryggingaeftirlitsins eða hafi fjárhagsstaða þess með öðrum hætti versnað þannig að tilskildar kröfur um gjaldþol eru ekki uppfylltar skal með sama hætti grípa til viðeigandi ráðstafana.

Vátryggingaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun vátryggingafélags, sem hér hefur fengið starfsleyfi, á fjármunum sínum og eignum sé það liður í aðgerðum til að koma fjárhag þess á réttan kjöl, sbr. 1.–3. mgr. Ákvörðun þessa efnis skal tilkynna eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja eftir því sem við á.

Starfi félagið eftir sérstakri rekstraráætlun, sbr. 24. gr., og hafi fjárhagsstaða félagsins versnað miðað við þessa áætlun skal Vátryggingaeftirlitið taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir og gera kröfu um að ný rekstraráætlun til þriggja ára verði lögð fram ef þörf er á.

Brottfall starfsleyfis.

91. gr.

Sinni vátryggingafélag ítrekað ekki tilmælum Vátryggingaeftirlits um ráðstafanir til að meta á fullnægjandi hátt vátryggingaskuld sína eða að tryggja örugga ávöxtun fjármuna sem ætlað er að mæta henni, brjóti lög og reglugerðir um vátryggingastarfsemi eða samþykktir sem það starfar eftir skal Vátryggingaeftirlitið setja félaginu ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur.

Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan settra tímamarka getur Vátryggingaeftirlitið lagt til við ráðherra að starfsleyfi félagsins verði afturkallað. Vátryggingaeftirlitið getur þó veitt frekari frest telji það líkur benda til að þær ráðstafanir sem félagið hefur þegar gert muni innan skamms tíma hafa í för með sér tilskildar úrbætur.

Einnig má afturkalla starfsleyfi nýti félag leyfið ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess eða starfsemin hafi legið niðri í sex mánuði eða meira.

92. gr.

Vátryggingaeftirlitið skal leggja til við ráðherra að starfsleyfi vátryggingafélags verði afturkallað hafi félagið ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta við fjárhag sinn, uppfylli félagið ekki lengur skilyrði starfsleyfis eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum um vátryggingastarfsemi þannig að hagsmunum vátryggingataka og vátryggðra sé stefnt í hættu.

Afturköllun starfsleyfis skal ávallt studd ítarlegum rökum og tilkynnt hlutaðeigandi félagi skriflega.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi skal Vátryggingaeftirlitið tilkynna það eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja er gera skulu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið stofni til nýrra vátryggingaskuldbindinga innan lögsögu þeirra, í útibúi eða með því að veita þar þjónustu. Vátryggingaeftirlitið skal með hagsmuni vátryggingataka og vátryggðra fyrir augum og í samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld takmarka, eftir því sem nauðsyn krefur, frjálsa ráðstöfun eigna félagsins þegar vátryggingaskuldin er vanmetin, skilyrðum um gjaldþol er ekki fullnægt og hætta er á versnandi fjárhagsstöðu félagsins sé ekki gripið til ráðstafana.

Félagsslit.

93. gr.

Verði starfsleyfi vátryggingafélags afturkallað skal ráðherra, að fengnum tillögum Vátryggingaeftirlitsins, skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar. Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum hvernig komið er.

Vátryggingaeftirlitið skal, að höfðu samráði við skilastjórn, taka ákvörðun um hvort félagið skuli leitast við að flytja vátryggingastofn sinn til eins eða fleiri vátryggingafélaga eða hvort félagið skuli freista þess að ljúka uppgjöri vegna hans með öðrum hætti. Vátryggingaeftirlitið getur, þegar um líftryggingafélag er að ræða, ákveðið að líftryggingastofninn sæti sérstakri meðferð skv. 94. gr.

Skilastjórn skal í samráði við Vátryggingaeftirlitið taka ákvörðun um hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram. Vátryggingaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum og gert kröfu um að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta telji það líkur á að hagsmunum vátryggingataka og vátryggðra sé að öðrum kosti stefnt í hættu.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiðast af eignum hlutaðeigandi vátryggingafélags sem krafa utan skuldaraðar.

94. gr.

Ef skipuð er skilastjórn í líftryggingafélagi og ákveðið er að líftryggingastofninn skuli sæta sérstakri meðferð skal Vátryggingaeftirlitið þegar í stað taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni, láta endurreikna hana og leggja mat á verðmæti eigna. Ljúka skal greiðslu áfallinna og tilkynntra líftryggingakrafna samkvæmt reglum sem giltu áður en skilastjórn var skipuð. Líftryggingakröfur sem falla til útborgunar síðar má greiða út að því marki er Vátryggingaeftirlitið telur forsvaranlegt með tilliti til eignarstöðu. Endurkaup eru óheimil nema sem greiðsla á lánum gegn veði í líftryggingum hjá félaginu.

Þegar að loknu endurmati skv. 1. mgr. skal Vátryggingaeftirlitið leita til annarra líftryggingafélaga um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingaskuldar. Vátryggingaeftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það sem það telur hagkvæmast fyrir vátryggða. Vátryggingaeftirlitið skal með tilkynningu í Lögbirtingablaði greina frá helstu atriðum tilboðsins sem það hefur valið og skal jafnframt auglýst eftir athugasemdum frá vátryggingatökum og vátryggðum sem berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Að fengnum athugasemdum getur Vátryggingaeftirlitið framselt stofninn líftryggingafélagi því er Vátryggingaeftirlitið valdi ásamt eignum sem mæta eiga líftryggingaskuldinni, enda tekur viðtakandi þá við öllum skuldbindingum vegna líftrygginganna.

Þeir vátryggingatakar eða vátryggðir sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna eiga rétt á að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða komi ekki fram þau tilboð er Vátryggingaeftirlitið vill mæla með skulu eignir hinna vátryggðu greiddar þeim í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra.

95. gr.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta í líftryggingafélagi skal hvorki telja eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni með eignum þrotabúsins, né líftryggingaskuldina með skuldum þess. Ákvæði 94. gr. um sérstaka meðferð líftryggingastofnsins gilda og getur Vátryggingaeftirlitið krafist allra gagna frá þrotabúinu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri hans og ráðstöfun. Hafi sérstök meðferð líftryggingastofns verið ákveðin áður en beiðst er gjaldþrotaskipta hefur það ekki áhrif á framkvæmd samkvæmt þessari og 94. gr.

96. gr.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta í vátryggingafélagi sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi og hér hefur fengið starfsleyfi skal Vátryggingaeftirlitið, jafnskjótt og búið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, meta hvort hagsmuna vátryggingataka og vátryggðra verði best gætt með því að yfirfæra vátryggingastofna að öllu leyti eða að hluta til annars eða annarra vátryggingafélaga.

Berist tilboð er Vátryggingaeftirlitið metur hagkvæmt fyrir vátryggingataka og vátryggða skal eftirlitið leggja fram tillögu um flutning stofnsins og tilkynna í Lögbirtingablaði um helstu efnisatriði slíks samkomulags. Einnig skal auglýsa eftir athugasemdum vátryggingataka og vátryggðra er berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Að teknu tilliti til þeirra skal Vátryggingaeftirlitið að frestinum loknum taka ákvörðun um hvort unnt sé að yfirfæra vátryggingastofna á þann hátt sem lagt er til.

97. gr.

Þegar tekin er ákvörðun um frjáls slit samkvæmt samþykktum vátryggingafélags sem hér hefur fengið starfsleyfi skal félagið leggja fyrir Vátryggingaeftirlitið greinargerð um óuppgerðar vátryggingaskuldbindingar félagsins og á hvern hátt ætlunin sé að ljúka þeim.

Vátryggingaeftirlitið skal meta og taka ákvörðun um, hvort hagsmunum vátryggingataka og vátryggðra teljist best borgið með flutningi vátryggingastofns til annars eða annarra félaga, svo og þegar um líftryggingastofn er að ræða hvort stofninn skuli sæta sérstakri meðferð, sbr. 94. gr.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

98. gr.

Ráðherra vátryggingamála er heimilt að setja reglugerðir um þau efni sem í lögum þessum greinir.

99. gr.

Brot gegn lögum þessum varða fésektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

100. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 50 16. maí 1978, um vátryggingarstarfsemi, með áorðnum breytingum.

Lögin öðlast gildi 1. apríl 1994 nema ákvæði 34. og 35. gr. um eignir til jöfnunar vátryggingaskuldinni sem gilda frá 1. júlí 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga um vátryggingarstarfsemi, nr. 50/1978, og reglugerða settra samkvæmt þeim skulu gilda eftir því sem við getur átt um reikningsskil og ársuppgjör vátryggingafélaga fyrir reikningsárið 1994.

Tiltekin starfandi vátryggingafélög hafa aðlögunartíma til ársloka 1994 samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði til að uppfylla skilyrði laga þessara um gjaldþol og lágmarksgjaldþol og mega ekki starfa annars staðar á Evrópsku efnahagssvæði en á Íslandi fyrr en skilyrðin hafa verið uppfyllt.

Vátryggingafélög, sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi við gildistöku þessara laga, skulu, eins fljótt og unnt er eftir gildistökuna og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir gildistöku, senda Vátryggingaeftirlitinu skrá yfir greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar í samræmi við 22. og 23. gr., eftir því sem við á, í samræmi við þá starfsemi sem rekin er. Þau skulu einnig fyrir þann tíma senda Vátryggingaeftirlitinu útreikning gjaldþols og lágmarksgjaldþols samkvæmt reglum 29.–31. gr., svo og skrá yfir þá sem eiga virkan eignarhlut í félagi og hve mikinn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er að grunni til frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi sem upphaflega var lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi og samið var af sérstakri nefnd sem tryggingamálaráðherra skipaði til að endurskoða gildandi löggjöf á þessu sviði en gildandi lög um vátryggingastarfsemi eru komin til ára sinna, lög nr. 50/1978. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum í nóvember 1992 en frumvarpið varð ekki útrætt á 116. löggjafarþingi. Það var aftur lagt fram lítið breytt á 117. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu fyrir áramót 1993–94.

Nefnt frumvarp gerði ráð fyrir miklum breytingum á gildandi lögum og einnig var gert ráð fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegar voru vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem formlega tók gildi 1. janúar 1994. Þar eð ekki tókst að ljúka umfjöllun um frumvarpið fyrir sl. áramót hafði Ísland, eitt aðildarríkja hins Evrópska efnahagssvæðis, ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum hinn 1. janúar 1994 á þessu mikilvæga þjónustusviði.

Veigamiklar breytingar hafa orðið á Evrópulöggjöfinni frá því að EES-samningurinn var fyrst samþykktur í maí 1992, breytingar sem EFTA-ríkin sem eru aðilar að EES-samningnum verða að lögbinda efnislega á fyrri helmingi þessa árs og hrinda í framkvæmd eigi síðar en 1. júlí 1994. Skortir mikið á að það frumvarp sem áður var lagt fram sé í samræmi við þá löggjöf sem nú hefur verið samþykkt að gilda muni á Evrópsku efnahagssvæði og aðildarþjóðir EES eru nú að binda í lög heima fyrir.

Frumvarpið um vátryggingastarfsemi hefur því verið endurskoðað með hliðsjón af Evrópulöggjöfinni eins og hún er nú á þessu sviði og er hér lagt fram sem nýtt frumvarp með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til samræmis við þá löggjöf sem samþykkt var hjá Evrópubandalaginu á tímabilinu frá ágúst 1991 til 1. janúar 1993.

Með aðildinni að hinu Evrópsku efnahagssvæði skuldbindur Ísland sig til að lögfesta að efni til þær lagareglur um vátryggingastarfsemi sem þar eiga að gilda. Á vátryggingasviði er þessar reglur að finna í eftirfarandi tilskipunum ásamt breytingum á þeim, einni ákvörðun og þrennum tilmælum. Lagafyrirmælin og tilmælin eru sem hér segir:

1. Tilskipun 64/225/EBE um endurtryggingar.
2. 1. tilskipun 72/166/EBE um ábyrgðartryggingar ökutækja með breytingum samkvæmt tilskipunum 72/430/EBE, 84/5/EBE, 90/232/EBE og ákvörðun 91/323/EBE.
3. 1. tilskipun 73/239/EBE um skaðatryggingar með breytingum samkvæmt tilskipunum 76/580/EBE, 84/641/EBE, 87/343/EBE, 87/344/EBE, 88/357/EBE og 90/618/EBE.
4. Tilskipun 73/240/EBE um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda o.fl.
5. Tilskipun 77/92/EBE um vátryggingamiðlara.
6. Tilskipun 78/473/EBE um samtryggingar.

7. 1. tilskipun 79/267/EBE um líftryggingar með breytingum samkvæmt tilskipun 90/619/EBE.
8. 2. tilskipun 84/5/EBE um ábyrgðartryggingar ökutækja með breytingum samkvæmt tilskipun 90/232/EBE.
9. Tilskipun 84/641/EBE um ferðamannaaðstoð.
10. Tilskipun 87/344/EBE um réttaraðstoð.
11. 2. tilskipun 88/357/EBE um skaðatryggingar með breytingum samkvæmt tilskipun 90/618/EBE.
12. 3. tilskipun 90/232/EBE um ábyrgðartryggingar ökutækja.
13. 2. tilskipun 90/619/EBE um líftryggingar.
14. Tilskipun 91/674/EBE um ársreikning og samstæðureikning vátryggingafélaga.
15. 3. tilskipun 92/49/EBE um skaðatryggingar.
16. 3. tilskipun 92/96/EBE um líftryggingar.
17. Tilmæli 74/165/EBE um gildistíma ábyrgðartrygginga ökutækja í öðru aðildarríki.
18. Tilmæli 81/76/EBE um að flýta tjónsuppgjöri í ábyrgðartryggingum ökutækja.
19. Tilmæli 92/48/EBE um vátryggingamiðlara.

Nýjar lagareglur, miðað við eldra frumvarp, eru 3. tilskipun 92/49/EBE um skaðatryggingar, 3. tilskipun 92/96/EBE um líftryggingar, svonefnd „3. kynslóð“ tilskipana sem hefur í för með sér miklar breytingar á vátryggingasviði, tilskipun 91/674/EBE um ársreikning og samstæðureikningsskil vátryggingafélaga og tilmæli 92/48/EBE um vátryggingamiðlara sem einnig tengjast 3. kynslóðinni. Meginbreytingarnar sem 3. kynslóðin hefur í för með sér eru:

Gefið er út eitt starfsleyfi sem gildir alls staðar á Evrópsku efnahagssvæði í nánar tilgreindum greinaflokkum vátrygginga og einstökum vátryggingagreinum.

Eftirlitsstjórnvöld þess ríkis þar sem vátryggingafélag hefur aðalstöðvar hafa eftirlit með allri starfsemi félagsins á Evrópsku efnahagssvæði (eftirlit heimaríkis).

Reglur um eftirlit og fjárhagsskilyrði eru samræmdar þannig að gagnkvæm viðurkenning starfsleyfa getur átt sér stað og hliðstæðar eftirlitsreglur gilda á öllu svæðinu.

Vátryggingastarfsemi er rekin án fyrirframeftirlits með iðgjöldum og skilmálum vátrygginga.

Myndun eins sameiginlegs vátryggingamarkaðar á Evrópsku efnahagssvæði var tiltölulega skammt á veg komin samkvæmt EES-samningnum eins og hann lá fyrir 1. janúar sl. Önnur svið á viðskipta-, fjármála- og þjónustusviði voru komin lengra í þá átt að aflétta hömlum og rýmka og samræma ýmsar samskiptareglur milli aðildarríkja, opna landamærin. Breytingar hafa þegar átt sér stað hér á landi með lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, sem gilda frá 1. júlí 1993. Frelsi til að reka vátryggingastarfsemi yfir landamærin, annaðhvort í útibúi eða með því að veita þjónustu án starfsstöðvar á grundvelli starfsleyfis eftirlitsstjórnvalda heimaríkis sem gildir alls staðar á svæðinu, var ekki komið til framkvæmda á þessu sviði nema að takmörkuðu leyti í Evrópu.

Andstæð sjónarmið hafa að nokkru leyti togast á í þessum efnum á sviði vátrygginga innan Evrópuríkja. Annars vegar hafa menn viljað aukið frelsi, aukna samkeppni, fleiri valmöguleika, afnám hvers kyns takmarkana og að lögmál markaðarins sjái til þess að hagstæðustu kjörin verði í boði, að hæfustu og best reknu vátryggingafélögin og þau sem geta boðið lægstu iðgjöldin lifi af samkeppnina, vátryggingatökum til hagsbóta. Á hinn bóginn er sjónarmiðið um nauðsyn þess að hið opinbera hafi hönd í bagga, að settar verði reglur á sviði neytendaverndar og að eftirlit sé haft með vátryggingaskilmálum og ið-

gjöldum og starfseminni allri vegna hins félagslega hlutverks vátrygginga að veita vernd og öryggi og að bæta tjón. Yfirgnæfandi hluti iðgjaldatekna vátryggingafélaga fer til greiðslu bóta vegna tjónstilvika sem ráðast af ytri aðstæðum og vátryggingafélög ráða ekki við nema að takmörkuðu leyti. Samkeppnislögmálin gilda ekki með sama hætti á þessu sviði og mörgum öðrum. Hér er um flókið svið að ræða sem erfitt er fyrir almenning að hafa yfirlit yfir, nauðsyn sé neytendaverndar í ríkum mæli og eftirlits með fjárhag og viðskiptaháttum og starfseminni allri, markaðslögmálin ein ráði ekki við að skipa málum svo að viðhlítandi sé. Beggja sjónarmiða gætir í tilskipunum EB en þar eru markaðssjónarmiðin ríkari en verið hefur í íslenskri löggjöf um vátryggingastarfsemi.

Sérstök löggjöf er hvarvetna í gildi um vátryggingastarfsemi undir eftirliti opinberra stjórnvalda. Heildarlöggjöf um vátryggingastarfsemi var sett mun seinna á Íslandi en í nágrannalöndum eða með lögum nr. 26/1973. Lögin voru endurskoðuð 1978 í nokkrum atriðum. Miklar breytingar hafa átt sér stað á þessu og mörgum öðrum sviðum þjóðfélagsins frá því að lögin voru sett og er löngu orðið brýnt að endurskoða gildandi lög. Skortir skýrari og skilvirkari lagaákvæði um ýmsa þætti vátryggingastarfseminnar, um eftirlit með starfseminni og um réttarstöðu vátryggingataka og vátryggðra. Þá gerbreytir samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið allri löggjöf hér á landi á þessu sviði.

Flestum greinum gildandi laga nr. 50/1978, um vátryggingastarfsemi, er breytt í þessu frumvarpi og lagagreinarnar eru tvöfalt fleiri. Í fullu gildi er þó það sem segir í greinargerð með fyrstu lögunum sem sett voru um vátryggingastarfsemi hér á landi (lög nr. 26/1973) þar sem gerð er grein fyrir ástæðum þess að rétt þykir að setja sérstök lög um vátryggingastarfsemi:

„Vátryggingar skipta miklu máli í nútímaþjóðfélagi og varða flesta ef ekki alla þegna þjóðfélagsins. Um hendur vátryggingaraðilja rennur mjög mikið fjármagn. Það er þjóðfélagsnauðsyn að vátryggingar séu reknar á heilbrigðum grundvelli og gætt sé hagsmuna vátryggingataka og vátryggðra. Vátryggingartakar og vátryggðir hafa yfirleitt ekki aðstöðu til að meta fjárhagsstöðu þeirra vátryggingaraðilja sem þeir skipta við og gera sér í raun grein fyrir þeim kjörum sem þeir semja um. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að ríkisvaldið taki að sér að hafa eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og fái rúmar heimildir til að taka í taumana ef eitthvað fer úrskeiðis."

Hinar nýju lagareglur er gilda samkvæmt EES-samningnum munu breyta mjög öllum aðstæðum á vátryggingamarkaði á hinu Evrópska efnahagssvæði enda þótt óvíst sé að miklar breytingar verði í reynd hér á landi, a.m.k. í byrjun. Vátryggingamarkaður er mjög lítill hér á landi og hefur verið mjög einangraður vegna legu landsins og sérstæður vegna þess hvernig hann er uppbyggður á ýmsum sviðum. Af 26 aðilum sem starfsleyfi höfðu hér á landi í árslok 1993 voru 12 starfandi samkvæmt sérstökum lögum á sviði bruna-, sjó- og viðlagatrygginga. Ekki er unnt að segja til um á þessu stigi í hve miklum mæli íslenskir vátryggingatakar komi til með að sækja vátryggingavernd sína til erlendra vátryggingafélaga eða hvort erlend félög muni í auknum mæli sækjast eftir viðskiptum hér á landi.

Meginefni og helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Evrópska efnahagssvæðið. Starfsleyfi og eftirlit heimaríkis.

Það er fyrst með þeirri löggjöf Evrópubandalagsins (nú Evrópusambandsins) sem samþykkt hefur verið eftir gildistöku EES-samningsins eins og hann var fyrst samþykktur í maí 1992 að gert er ráð fyrir einum sameiginlegum vátryggingamarkaði á hinu Evrópska efnahagssvæði með heimild vátryggingafélaga til að starfa á grundvelli starfsleyfis sem

veitt er þar sem aðalstöðvar félags eru (heimaríki), og með heimild til að stofna útibú hvar sem er á svæðinu eða að veita þjónustu án þess að hafa starfsstöð í því aðildarríki þar sem þjónusta er veitt (gistiríki). Eftirlitsstjórnvöld heimaríkis bera ábyrgð á eftirliti með allri starfsemi félags á öllu svæðinu. Eru það nýmæli að erlend vátryggingafélög sem hér fá að starfa, í útibúi eða án starfsstöðvar, verða að mestu leyti undir eftirliti erlendra eftirlitsstjórnvalda. Vátryggingaeftirlitið ber hins vegar ábyrgð á eftirliti með allri starfsemi félaga sem það hefur veitt starfsleyfi. Gert er ráð fyrir nánu samstarfi eftirlitsstjórnvalda vegna ýmissa formsskilyrða sem þurfa að vera uppfyllt, vegna upplýsingaskyldu og aðgerða sem nauðsynlegt kann að verða fyrir eftirlitsstjórnvöld gistiríkis að grípa til gagnvart hinum erlendu aðilum. Skilyrði starfseminnar hafa verið samræmd að miklu leyti sem kemur til með að auðvelda framkvæmd eftirlits á EES.

Um vátryggingafélög með aðsetur utan EES eru ákvæðin í mörgum atriðum efnislega hliðstæð gildandi ákvæðum en ítarlegri m.a. varðandi geymslufé og eftirlit og um heimildir eftirlitsins til afskipta þegar eitthvað fer úrskeiðis og þegar vátryggingastofni er ráðstafað.

Þar eð leyfi veitt í einu aðildarríki gildir að uppfylltum tilteknum formskilyrðum á öllu EES er skylt að hafa samráð við önnur aðildarríki áður en vátryggingafélagi með aðalstöðvar utan EES er veitt starfsleyfi og sama gildir ef aðilar utan EES stofna t.d. dótturfélag í aðildarríki sem ætlað er að reka vátryggingastarfsemi eða eignast hlut í vátryggingafélagi sem hér hefur starfsleyfi þannig að hið síðarnefnda verði dótturfélag. Aðildarríkin geta sett eigin reglur um heimildir vátryggingafélaga frá þriðju ríkjum til vátryggingastarfsemi á markaðnum heima fyrir, sett skilyrði og takmarkað aðgang t.d. ef réttindi til vátryggingastarfsemi eru ekki gagnkvæm í ríkjunum.

Nýmæli miðað við eldra frumvarp er að starfsleyfi veitt í einu aðildarríki gildir nú í öllum greinum vátrygginga á öllu svæðinu að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í eldra frumvarpi náði slíkt leyfi aðeins til svonefndrar stóráhættu í skaðatryggingum, þ.e. aðallega flug-, sjó- og farmtrygginga og eignatrygginga í stærri atvinnurekstri, svo og til líftrygginga sem teknar voru að eigin frumkvæði líftryggingataka.

2. Starfsskilyrði og starfssvið vátryggingafélaga.

Nýmæli er að tilkynnt skal fyrir fram til Vátryggingaeftirlitsins þegar einstaklingur eða lögaðili hyggst eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi (yfir 10% hlut) eða vilji breyta virkum eignarhlut sínum (auka, minnka) yfir viss mörk og getur eftirlitið synjað beiðni hlutaðeigandi um að eignast hlutinn og jafnvel ógilt ákvarðanir sem gerðar hafa verið á grundvelli slíks eignarhlutar, telji eftirlitið viðkomandi ekki hæfan til að fara með þennan hlut með tilliti til þess að tryggja heilbrigðan og traustan rekstur félagsins. Vátryggingaeftirlitið getur einnig gripið til ráðstafana fari hluthafi þannig með hlut sinn að það teljist skaða félagið. Þessar reglur eru samhljóða reglum í gerðum EES-samningsins og er að finna í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Í frumvarpinu er kveðið á um félagsform vátryggingafélaga og m.a. að félög sem stofnuð eru með sérlögum skuli vera á hlutafélagsformi, gagnkvæmu formi eða öðru lögmæltu félagsformi sem er nýmæli. Samkvæmt gerðum EES-samningsins verða félög sem starfa samkvæmt sérlögum að starfa við sömu rekstrarskilyrði og á jafnréttisgrundvelli við önnur vátryggingafélög.

Heimildir vátryggingafélaga til að reka hliðarstarfsemi af ýmsu tagi er tengist vátryggingastarfsemi eru samkvæmt frumvarpinu auknar frá því sem verið hefur. Vátryggingafélög mega samkvæmt því eiga meiri hluta eða hafa yfirráð í félagi sem rekur hlið-

arstarfsemi sem hingað til hefur verið óheimilt, og reka ýmiss konar umsýslu sem er í eðlilegum tengslum við vátryggingastarfsemi. Einnig er gert ráð fyrir að þau geti stundað fjármálastarfsemi í sérstökum félögum, þar á meðal rekið banka. Þetta er í samræmi við þróunina víða annars staðar og styrkir samkeppnisaðstöðu íslenskra vátryggingafélaga á markaðnum. Einkum er samkeppni víða mikil milli lánastofnana og fjárfestingarfélaga annars vegar og vátryggingafélaga hins vegar um sparifé þegar líftryggingar og ýmis sparnaðar- og fjárfestingarform eru annars vegar.

Nýmæli er að ítarleg ákvæði eru sett um það hvernig staðið skuli að stofnun vátryggingafélags. Felld eru niður skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt stofnenda og búsetu hér á landi þegar aðilar eru á Evrópsku efnahagssvæði. Þá er kveðið á um hæfisskilyrði stofnenda, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, að viðkomandi hafi óflekkað mannorð og hafi aldrei misst forræði á búi sínu. Auk þess eru gerðar kröfur til framkvæmdastjóra um menntun, starfsreynslu og starfsferil þannig að tryggt sé talið að hann geti gegnt stöðu sinni á viðhlítandi hátt. Í nokkrum atriðum eru gerðar meiri kröfur en gerðar eru í hlutafélagalögum, eins og þegar um er að ræða mat á greiðslu hlutafjár eða stofnfjár í öðru en reiðufé, um lækkun og hækkun hlutafjár og varðandi samþykktir sem ávallt skulu háðar samþykki Vátryggingaeftirlitsins. Þá eru ítarlegri ákvæði um gagnkvæm félög en áður hafa verið í lögum um vátryggingastarfsemi.

Ítarlegri ákvæði eru einnig um endurskoðun og endurskoðendur og hlutverk þeirra í vátryggingafélagi og styttur sá tími sem líða má frá því að reikningsári lýkur og þar til ársreikningur verður að liggja fyrir.

Í eldra frumvarpi var kveðið á um skyldu vátryggingafélags að hafa í þjónustu sinni tryggingastærðfræðing eða sérfræðing með sambærilega menntun, m.a. til að meta vátryggingaskuld félags en í gildandi lögum er skyldan bundin við líftryggingastarfsemi einvörðungu. Í þessu frumvarpi er fallið frá skyldunni að ráða tryggingastærðfræðing að skaðatryggingafélagi en viðhaldið kröfunni um slíkan sérfræðing í líftryggingafélagi. Hins vegar er kveðið á um skyldu stjórnar að sjá til þess að nægileg sérþekking sé fyrir hendi innan félagsins til að meta vátryggingaskuld og gera tryggingatæknilega útreikninga. Vátryggingaeftirlitið getur samkvæmt frumvarpinu krafist þess að ráðinn verði aðili með sérþekkingu á þessu sviði að skaðatryggingafélagi telji eftirlitið á skorta að félagið uppfylli skyldur sínar á þessu sviði.

Ákvæði er um hvað koma skuli fram í umsókn um starfsleyfi og hvað skuli skráð í vátryggingafélagaskrá sem áður hefur verið í reglugerð. Nýmæli í samræmi við reglur gerða EES-samningsins er að við stofnun vátryggingafélags er krafist áætlunar um rekstur og efnahag fyrstu þrjú árin er fylgja skal umsókn um starfsleyfi.

3. Fjárhagsleg skilyrði. Vátryggingaskuld.

Í frumvarpinu eru alfarið tekin upp þau skilyrði starfsleyfis sem verða að gilda alls staðar á Evrópsku efnahagssvæði um lágmarksfjárhagsstyrk vátryggingafélags. Eru kröfurnar auknar miðað við gildandi fyrirkomulag hér á landi, einkum á sviði líftrygginga. Um það bil tugur félaga (líftrygginga- og bátaábyrgðarfélög) af þeim 26 félögum samtals sem hér höfðu starfsleyfi í árslok 1993 uppfylla ekki þessi skilyrði. Þau hafa fengið aðlögunartíma til 31. desember 1994 til að uppfylla fjárhagsskilyrðin og mega ekki starfa á EES utan Íslands fyrr en þau eru uppfyllt.

Mikilvæg breyting með þriðju kynslóð Evrópulöggjafarinnar er að vátryggingafélag skal á hverjum tíma tilgreina sérstakar eignir sem samsvara vátryggingaskuldinni (óuppgerðum skuldbindingum vátryggingafélags vegna gerðra vátryggingasamninga), en í gildandi lögum eru slík ákvæði einvörðungu á sviði líftrygginga og varðandi erlend vátryggingafélög sem hér hafa útibú. Settar eru mjög ítarlegar reglur í gerðum EES-samningsins um þær tegundir eigna sem hér koma til greina, hlutdeild þeirra í vátryggingaskuldinni í heild og samsetningu með tilliti til áhættu, dreifingar og greiðsluhæfis. Í tilskipunum um þetta efni eru sett fram lágmarksskilyrði og er lagt til í frumvarpinu að nánari útfærsla þessara tæknilegu atriða verði í reglugerð. Vátryggingafélög skulu halda sérstaka skrá yfir þær eignir sem eru til jöfnunar vátryggingaskuldinni. Ekki eru á hinn bóginn settar sérstakar reglur um aðrar eignir, aðrar en almennar varúðarreglur. Markmiðið með þessum reglum er að tryggja að ávallt séu fyrir hendi eins öruggar eignir og unnt er til að mæta skuldbindingum vegna gerðra vátryggingasamninga og á hinn bóginn að aflétta að vissu marki hömlum á ávöxtun eigna sem ekki þarf til að mæta vátryggingaskuldinni. Enda þótt ekki séu settar sérstakar reglur um aðrar eignir en þær sem koma eiga á móti vátryggingaskuldinni skal einnig gæta varfærnissjónarmiða þar eð þessar eignir eiga að standa undir gjaldþoli félagsins (eigin fé).

Í gildandi lögum eru mjög ítarlegar kröfur í þessu efni á sviði líftrygginga og fyrirkomulag sem er mjög þungt í vöfum, en á sviði skaðatrygginga hafa engar slíkar reglur verið í gildi nema að því er starfsemi erlendra félaga varðar hér á landi. Telja verður að hinar nýju reglur þjóni betur þeim tilgangi að tryggja öryggi og hagsmuni vátryggingataka og vátryggðra að því er varðar ávöxtun eigna sem mæta eiga skuldbindingum vegna væntanlegra bótagreiðslna.

4. Afnám fyrirframskoðunar og staðfestingar vátryggingaskilmála og iðgjalda.

Felld eru niður ákvæði um almenna fyrirframskoðun stjórnvalda á vátryggingaskilmálum og iðgjaldatöxtum. Þó er gert ráð fyrir því að skilmálar lögboðinna vátrygginga verði lagðir fram og tæknilegur grundvöllur líf- og heilsutrygginga. Er hér um mikla breytingu að ræða frá gildandi lögum en nú er skylt að senda Vátryggingaeftirlitinu alla vátryggingaskilmála fyrir fram og getur það krafist breytinga á skilmálunum. Hliðstætt hefur gilt um iðgjöld. Í samræmi við gerðir EES-samningsins munu innlend og erlend vátryggingafélög geta boðið vátryggingar og gert vátryggingasamninga við einstaklinga og fyrirtæki hér á landi, bæði á sviði persónutrygginga og skaðatrygginga, samkvæmt eigin skilmálum sem ekki hafa komið til skoðunar hjá Vátryggingaeftirlitinu.

Erfitt er að spá um framvinduna á þessu sviði á hinum þrönga vátryggingamarkaði hérlendis þegar landamæri opnast og valmöguleikar á vátryggingum aukast mjög mikið. Löggjöf um vátryggingasamninga er ekki samræmd á Evrópsku efnahagssvæði og má búast við að margt verði í boði á markaðnum sem e.t.v. verður ekki einfalt fyrir neytandann að átta sig á, þegar boðin er þjónusta á svo flóknu sviði sem vátryggingar eru. Töluverður munur mun t.d. vera milli ríkja varðandi þá vátryggingavernd sem veitt er í ýmsum greinum vátrygginga og um upplýsingaskyldu vátryggingataka og hvaða afleiðingar vanræksla í því efni getur haft í för með sér. Iðgjöld geta orðið mismunandi af því einu að gildissvið vátrygginganna er mismunandi. Samkeppni milli félaga getur haft í för með sér að félög hafi tilhneigingu til að bjóða lakari vátryggingavernd til að geta boðið lægri iðgjöld, og að vátryggingataka verði það fyrst ljóst er til tjóns kemur og krefjast þarf bóta. Undantekningar í skilmálum kunna að vera fleiri en búist er við eða skyldur vátryggingataka ríkari og iðgjöld lág af þeim sökum.

5. Neytendamál. Upplýsingaskylda vátryggingafélaga og val á löggjöf um vátryggingasamninga.

Til að tryggja réttarstöðu vátryggingataka og vátryggðra m.a. þegar hann gerir vátryggingasamning við vátryggingafélag með aðalstöðvar í öðru ríki eru í frumvarpinu reglur um það hvaða lög um vátryggingasamninga skuli gilda um vátryggingasamning og um upplýsingaskyldu til vátryggingataka, áður en gengið er frá samningi og á samningstímanum. Einnig eru reglur um upplýsingar sem skulu koma fram í samningnum sjálfum eða fylgigögnum, svo sem um heiti og aðsetur þess félags sem ber vátryggingaáhættuna og hvaða lög gildi um samninginn. Þegar um líftryggingar er að ræða skal veita mjög ítarlegar upplýsingar um samninginn áður en frá honum er gengið, svo og á samningstímanum. Þessar reglur gilda ekki eingöngu um aðildarríki EES.

Sérstök neytendalöggjöf hefur víða verið sett er snertir vátryggingasviðið sérstaklega og upplýsinga- og kvörtunarþjónusta er víða rekin af ýmsum aðilum, og umsagnar- og úrskurðaraðilar starfa sem fjalla um ýmis ágreiningsmál. Auk þess er unnt að leita til dómstóla. Nefna má Norðurlöndin sérstaklega í þessu sambandi en hér á landi skortir mjög úrræði í þessum efnum og engin sérstök neytendalöggjöf er á þessu sviði. Eini aðilinn hér á landi sem hefur rekið sérstaka upplýsinga- og kvörtunarþjónustu á sviði vátryggingastarfsemi er Vátryggingaeftirlitið þar sem síðan 1981 hefur verið að finna hlutlausa þjónustu við þá aðila sem skipta við vátryggingafélög og hafa uppi ágreining við þau af ýmsu tagi eða leitað hafa upplýsinga um bótarétt sinn og um gildandi vátryggingar. Hafa ekki verið bein ákvæði í lögum um þennan þátt starfseminnar en hún hefur verið rekin á grundvelli almennra markmiða laganna og m.a. með tilvísun til þeirrar lagaskyldu að hafa eftirlit með vátryggingaskilmálum og iðgjöldum vátryggingafélaga. Hér er kveðið sérstaklega á um að við stofnunina skuli starfrækt neytendamáladeild og að eftirlit skuli haft með viðskiptaháttum, sölumennsku og tjónsuppgjöri vátryggingafélaga. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um starfsemi deildarinnar.

Í lögum nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, eru engar sérreglur um samninga sem gerðir eru við erlenda vátryggingaaðila. Réttarstaða vátryggingataka getur því orðið óviss, geri hann slíkan samning og ef til þess kemur að hið erlenda félag á að greiða bætur vegna tjóns eða ágreiningur kemur upp af einhverju tagi. Sérstakur kafli er því í þessu frumvarpi, og nýr miðað við eldra frumvarp, um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga, um það hvaða löggjöf gildi um samninginn, um það félag sem ber vátryggingaáhættuna o.fl. og sérstök ákvæði eru um val á þeirri löggjöf sem getur gilt um vátryggingasamninga sem gerðir eru. Ekki er síst þörf slíkra ákvæða um líftryggingar þar sem samningar eru oft gerðir til mjög langs tíma.

6. Vátryggingamiðlun.

Þá er einnig nýmæli að sérstakur kafli er í frumvarpinu um vátryggingamiðlun. Ljóst mun vera að miðlun vátrygginga muni gegna æ mikilvægara hlutverki á vátryggingamarkaði í náinni framtíð í framhaldi myndunar EES og sameiginlegs innri vátryggingamarkaðar. Neytendur muni í auknum mæli þurfa á upplýsingum og aðstoð að halda um kjör og innihald við kaup vátrygginga og við tjónsuppgjör. Er því mikilvægt að settar verði reglur um þessa starfsemi og eftirlit með henni og að kröfur verði gerðar m.a. til sérþekkingar. Lögð er áhersla á það í gerðum EES-samningsins að svo verði gert. Reglur aðildarríkjanna eru mjög mismunandi í þessum efnum. Sums staðar eru mjög vægar

kröfur gerðar og starfsemin ekki háð sérstöku starfsleyfi, annars staðar hafa verið sett sérstök lög. Hér á landi hefur miðlun a.m.k. síðari ár verið rekin í mjög litlum mæli sem sjálfstæð atvinnustarfsemi og engar reglur hafa verið til á þessu sviði.

Hér er lagt til að vátryggingamiðlun verði háð starfsleyfi ráðherra og að eftirlit með henni verði í höndum Vátryggingaeftirlitsins. Í eldra frumvarpi voru í þessum kafla einnig ákvæði um vátryggingaumboðsmenn sem starfa á vegum einstakra félaga. Þau ákvæði eru hér felld niður þar eð starfsemi umboðsmanna erlendra félaga mundi falla undir ákvæði VII. kafla um starfsemi erlendra félaga hér á landi. Um umboðsmenn innlendra félaga er óþarft að setja ákvæði í lög um vátryggingastarfsemi.

7. Stjórnsýsla og eftirlit.

Stefnumarkandi ákvæði eru í frumvarpinu um hlutverk Vátryggingaeftirlitsins sem ekki hafa verið í lögum. Nýmæli er að kveðið er sérstaklega á um að við stofnunina skuli starfrækt neytendamáladeild og að eftirlit skuli haft með viðskiptaháttum, sölumennsku og tjónsuppgjöri vátryggingafélaga.

Nýmæli er einnig að Vátryggingaeftirlitinu eru fengnar heimildir til að gera ráðstafanir gagnvart félagi, stjórnendum eða þeim sem hafa yfirráð í félaginu þegar grípa þarf í taumana vegna þess sem farið hefur úrskeiðis.

Ítarleg ákvæði eru sett um þagnarskyldu og upplýsingaskyldu eftirlitsaðila með tilliti til aukinna samskipta og upplýsingamiðlunar til eftirlitsstjórnvalda annarra ríkja.

Forstöðumaður verði ráðinn til sex ára í senn í stað ótímabundinnar ráðningar eins og í gildandi lögum og lagt er til að ábyrgð ríkissjóðs á útgjöldum eftirlitsins umfram álagðar sértekjur verði felld niður þannig að rekstur stofnunarinnar verði alfarið reistur á sértekjum. Ekki er gert ráð fyrir öðrum skipulagsbreytingum hjá Vátryggingaeftirlitinu.

Að öðru leyti en varðar líftryggingar hafa engin ákvæði verið í gildandi lögum um afskipti Vátryggingaeftirlitsins þegar grípa þarf til sérstakra ráðstafana eða eftir að starfsleyfi er afturkallað. Kveðið er á um mismunandi stig aðgerða eftir eðli og efni máls. Mælt er fyrir um afskipti Vátryggingaeftirlitsins þegar ráðstafa þarf vátryggingastofni og vátryggingaskuld til að gæta hagsmuna vátryggingataka og vátryggðra og hafa ákvæði ekki verið um það áður í lögum. Ákvæðin um, hvernig brugðist skal við þegar félag uppfyllir ekki fjárhagsskilyrði, eru í samræmi við reglur EES-samningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla er gildissvið frumvarpsins afmarkað, hugtök skilgreind og mörk við aðra starfsemi tilgreind. Skilgreint er hverjir megi reka vátryggingastarfsemi, á hvaða félagsformi vátryggingafélög megi vera og hvað átt er við með starfsstöð vátryggingafélags. Heimildir vátryggingafélaga til að reka hliðarstarfsemi sem tengist vátryggingastarfsemi, t.d. á fjármálasviði, eru rýmkaðar mjög mikið. Þá eru skilgreind ýmis ný hugtök sem koma við sögu vegna Evrópska efnahagssvæðisins og skilgreining ýmissa eldri hugtaka er víðtækari en áður hefur verið.

Um 1. gr.

Gildandi lög nr. 50/1978, um vátryggingastarfsemi, (hér skammstafað LUV), takmarka lögin við starfsemi „á viðskiptagrundvelli“. Hér er lagt til almennara orðalag að lögin gildi um vátryggingastarfsemi en ekki er til tæmandi skilgreining á því hvað í slíkri starfsemi felst. Vátryggingastarfsemi er viðskiptalegs, fjármálalegs og félagslegs eðlis til

að dreifa áhættu og er rekin hér á landi af einkafélögum og félögum og stofnunum samkvæmt sérlögum er gegna hlutverki af ýmsum toga á þessu sviði. Lögin gilda einnig um vátryggingamiðlun sem gert er ráð fyrir að gegni æ stærra hlutverki á sameiginlegum innri vátryggingamarkaði. Starfsemin er háð starfsleyfi.

Um 2. gr.

Hér er skilgreint hverjir megi reka vátryggingastarfsemi hér á landi, en það eru í fyrsta lagi hlutafélög eða gagnkvæm félög sem ráðherra vátryggingamála hér á landi veitir starfsleyfi, í öðru lagi vátryggingafélög með aðalstöðvar á EES er hafa fengið starfsleyfi í heimaríki sínu og í þriðja lagi útibú erlendra vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan EES sem ráðherra vátryggingamála hér á landi veitir starfsleyfi.

Hér eru tvær grundvallarbreytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi að starfsleyfi veitt í öðru ríki kemur til með að gilda hér á landi að uppfylltum tilteknum skilyrðum, sbr. VII. kafla, og í öðru lagi að vátryggingafélag sem hér fær starfsleyfi skuli annaðhvort vera á hlutafélagsformi eða gagnkvæmu félagsformi, sbr. 3. gr. LUV. Hér á landi hafa mörg vátryggingafélög verið stofnuð með sérlögum, jafnvel án þess að kveðið hafi verið á um atriði eins og félagsform, eignaraðild, stjórn eða hvernig fara skuli með eignir við slit. Ákvæði um þessi atriði, eitt eða fleiri, vantar í lög um bátaábyrgðarfélög, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, um Húsatryggingar Reykjavíkurborgar, um Brunabótafélag Íslands, um Viðlagatryggingu Íslands sem öll starfa samkvæmt sérlögum en heyra einnig undir lög um vátryggingastarfsemi.

Gerðir EES-samningsins gera ráð fyrir því að vátryggingafélög geti verið á öðru formi en hlutafélagsformi eða gagnkvæmu formi, en formið verður að vera lögmælt félagsform og félögin verða að starfa við sömu skilyrði og einkafélög og á jafnréttisgrundvelli á vátryggingamarkaðnum. Þau verða því að uppfylla sömu skilyrði og kveðið er á um í II. kafla um stofnun vátryggingafélaga.

Eins og í 9. gr. LUV er kveðið á um að ákvæði hlutafélagalaga gildi nema annað leiði af ákvæðum laga þessara, en hér er bætt við samsvarandi ákvæði um að lög um samvinnufélög gildi um gagnkvæm vátryggingafélög sem stofnuð eru og rekin í samvinnufélagsformi nema annað leiði af ákvæðum þessara laga.

Um 3. gr.

Lagt er til að áfram gildi að lögin taki ekki til þeirra aðila sem taldir eru í 1. mgr. 2. gr. LUV nema þeir hafi með höndum vátryggingastarfsemi. Gera verður ráð fyrir að slíka starfsemi verði að reka í sérstöku félagi eins og segir í 2. gr. Tryggingastofnun ríkisins hefur t.d. heimild samkvæmt lögum til að reka frjálsar slysatryggingar og almennar ábyrgðartryggingar en engin starfsemi af því tagi fer þar fram nú. Slík starfsemi yrði að uppfylla skilyrði laga þessara, m.a. um félagsform.

Um 4. gr.

Greinin er nýmæli og tengist tillögum um breytingar á starfssviði vátryggingafélaga, sbr. 9. og 11. gr. þar sem lagt er til að heimildir vátryggingafélaga til að reka ýmiss konar hliðarstarfsemi sem tengist vátryggingastarfsemi verði rýmkaðar verulega frá gildandi lögum. M.a. er gert ráð fyrir að þau geti rekið fjármálastarfsemi í sérstöku félagi, þar með taldir viðskiptabankar, þegar slík félög eru undir opinberu eftirliti.

Lögin eiga við um tengsl félags sem ekki er vátryggingafélag og vátryggingafélaga ef litið væri á hið fyrrnefnda sem móðurfélag ef það ræki vátryggingastarfsemi, og sama gildir þó að skilyrði laganna um félagasamstæður séu ekki uppfyllt ef veruleg innbyrðis tengsl eru á milli þeirra og skulu félögin þá tilnefna eitt þeirra sem móðurfélag. Ákvæði þessarar greinar veita víðtækar heimildir til að hafa eftirlit með vátryggingafélögum sem tengjast öðrum félögum innbyrðis vegna eignarhalds eða áhrifa.

Lagt er til að sú stofnun sem eftirlit hefur með vátryggingastarfseminni nefnist Vátryggingaeftirlitið til samræmis við vátryggingastarfsemi, vátryggingafélag o.s.frv. í stað Tryggingaeftirlits sem er núgildandi heiti samkvæmt LUV. Orðin „trygging“ eða „vátrygging“ eru ýmist notuð um starfsemi þá sem hér um ræðir en „vá-“ fyrir framan aðgreinir þessa starfsemi frá tryggingum sem notað er um ábyrgðir í bankastarfsemi, einnig oft um almannatryggingar o.fl. Einnig er hér talið þjálla að rita „vátrygginga-“ í samsetningum í stað „vátryggingar-“ og er sá ritháttur viðhafður alls staðar í frumvarpinu. Er þar um breytingu að ræða frá gildandi lögum og fyrra frumvarpi.

Um 5. gr.

Vátryggingastarfsemi er háð sérstöku starfsleyfi stjórnvalda. Almenna reglan er, sbr. 1. mgr. 22. gr. LUV, að enginn megi hafa atvinnu af því að miðla vátryggingum til vátryggingafélaga sem ekki hafa hér starfsleyfi og gildir sú meginregla áfram samkvæmt frumvarpinu. Á hinn bóginn er fellt niður ákvæði 2. mgr. 22. gr. LUV sem gerir einstaklingum og öðrum skylt að sækja um leyfi til ráherra, hyggist þeir vátryggja erlendis verðmæti sem eru eign viðkomandi. Slíkt ákvæði er í andstöðu við almenn ákvæði EES-samningsins.

Heimilt verður að miðla vátryggingum til vátryggingafélaga hvar sem er á Evrópsku efnahagssvæði enda hafi verið gætt skilyrða VII. kafla m.a. um tilkynningarskyldu vátryggingafélagsins til eftirlitsstjórnvalda heimaríkis er það hyggst veita hér þjónustu og um skyldu þess eftirlits að láta Vátryggingaeftirlitinu í té tiltekin gögn og upplýsingar.

Rétt þykir að veita heimild til undanþágu frá meginreglunni þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. 2. mgr. sem er nýmæli, svo sem þegar áhætta er af því tagi að hún fæst ekki vátryggð hjá félögum sem hér hafa starfsleyfi, eða að stærð hennar, umfang eða eðli er slíkt að æskilegt sé, eða jafnvel nauðsyn beri til, að fá fleiri aðila til að taka þátt í að bera vátryggingaáhættuna. Nefna má t.d. virkjanaframkvæmdir og náttúruhamfarir í því sambandi.

Um 6. gr.

Í þessari grein er starfsstöð vátryggingafélags hér á landi skilgreind. Um er að ræða aðalstöðvar vátryggingafélags þar sem félagið er skráð samkvæmt samþykktum, hér á landi íslensk félög sem hér fá starfsleyfi, útibú eða aðsetur erlends félags hér á landi með aðalstöðvar á EES, eða útibú frá vátryggingafélagi sem hefur aðalstöðvar utan EES.

Það er mikil breyting frá gildandi lögum að fast aðsetur hvers konar hér á landi er talið jafngilda útibúi, þ.e. skilyrði er fyrst og fremst að tiltekinn fulltrúi félags með aðalstöðvar á EES sé skráður hér á landi og fjárhagslegt eftirlit er alfarið á hendi eftirlitsstjórnvalda heimaríkis.

Eftirlit með útibúum frá ríkjum utan EES er aftur á móti með hliðstæðum hætti og áður, þ.e. í höndum Vátryggingaeftirlitsins.

Um 7. gr.

Hér eru ýmis hugtök skilgreind. Skilgreiningin á móðurfélagi og dótturfélagi eru nýmæli og mun víðtækari en í LUV. Nýmæli er einnig skilgreiningin á yfirráðum og virkum eignarhlut og eru þær í samræmi við lagareglur í gerðum sem gilda á Evrópsku efnahagssvæði. Einnig eru skilgreiningar sem sérstaklega eru tilkomnar vegna myndunar eins sameiginlegs efnahagssvæðis. „Heimaríki“ er það ríki þar sem aðalstöðvar vátryggingafélags eru og starfsleyfi er gefið út, „gistiríki“ ríkið þar sem vátryggingafélag starfar annars staðar en á heimaslóðum, annaðhvort með því að setja á stofn útibú eða aðsetur sem því samsvarar, eða með því að veita þjónustu án starfsstöðvar.

Það sem hér er nefnt „reglulegur markaður“ er fjármálamarkaður sem er viðurkenndur af opinberum eftirlitsaðilum, hér á landi Verðbréfaþing Íslands.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt er, m.a. vegna laga um vátryggingasamninga sem ekki eru samræmd á Evrópsku efnahagssvæði, að skilgreina hvar vátryggingaáhætta telst staðsett. Það getur ráðið því hvaða lög gilda um þann vátryggingasamning sem gerður er við vátryggingafélag. Hér er eingöngu átt við frumtryggingar, þ.e. ákvæðið á ekki við um samninga sem vátryggingafélög gera sín í milli til að dreifa áhættu sinni, þ.e. endurtryggingar sem eru annars eðlis og lúta öðrum lögmálum en samningar milli vátryggingafélaga og vátryggingataka. Hvorki lög nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, né LUV skilgreina nákvæmlega hvað vátrygging eða vátryggingaáhætta er. Ekki er heldur að finna skilgreiningu í gerðum EES-samningsins en þær reglur virðast engu að síður byggja á þeirri afmörkun sem til þessa hefur verið lögð til grundvallar í íslenskum rétti varðandi vátryggingasamninga og vátryggingastarfsemi.

„Ríkið þar sem vátryggingaáhætta er“ hefur mismunandi merkingu eftir því um hvaða vátryggingagrein er að ræða og í þessari grein er merking þessa nánar skilgreind.

Orðasambandið „ríkið þar sem skuldbindingin komst á“ er eingöngu notað um líftryggingar og gildir bæði við samningsgerð um val á löggjöf og um það hvaða lög skuli gilda ef ekkert er umsamið. Með líftryggingum er hér einnig átt við aðrar persónutryggingar, einkum slysa- og sjúkratryggingar sem boðnar eru sem viðbótarvernd og eru hluti samningsins. Í þessu sambandi er litið á aðstæður vátryggingatakans, en ekki vátryggingafélagsins eða hins vátryggða þegar hann er annar en vátryggingataki.

Þegar vátryggingatakinn er einstaklingur er það búseta hans eða aðsetur að jafnaði þegar samningur kemst á sem lagt er til grundvallar um þau lög sem gilda. Þegar vátryggingataki er lögaðili er ríkið, þar sem starfsemin er, ákvarðandi um löggjöfina. T.d. ef þýskt fyrirtæki með útibú hér á landi kaupir vátryggingu fyrir starfsmenn sína í útibúinu, er skuldbindingin talin hafa komist á hér á landi, hvort sem vátryggingasamningurinn er gerður beint við þýska móðurfyrirtækið eða útibúið. Þar eð starfsmenn fyrirtækja eru að jafnaði búsettir þar sem starfsemin er, gildir yfirleitt sama regla í hóptryggingum og í einstaklingstryggingum um það „hvar skuldbindingin komst á“.

Orðasambandið „ríkið þar sem vátryggingaáhættan er“ á við um aðrar vátryggingar en líftryggingar. Skilgreiningin kemur m.a. til álita þegar ekkert hefur verið samið um í þessum efnum og velja þarf löggjöf. Merkingin fer eftir tegund áhættu hverju sinni. T.d. er vátryggingaáhættan talin hér á landi þótt ökutæki sem er skráð hér á landi aki í Þýskalandi og ökutækið sé vátryggt á Ítalíu hjá útibúi fransks vátryggingafélags.

Um 9. gr.

Eins og í LUV, sbr. 4. gr., er grundvallarskilyrði að vátryggingafélag reki ekki starfsemi sem er óskyld vátryggingastarfsemi og er nýmæli að reynt er að skilgreina hvenær starfsemi telst óskyld starfsemi, sbr. 2. mgr. Á hinn bóginn er talið rétt að rýmka möguleika vátryggingafélaga til að reka hliðarstarfsemi sem tengist hinni hefðbundnu vátryggingastarfsemi, og til að ávaxta fjármuni sína þegar það er liður í eðlilegri starfsemi á þessu sviði. Er það í samræmi við þróun sem víða hefur átt sér stað á undanförnum árum. Er hér lagt til að vátryggingafélög megi eiga meiri hluta í fyrirtæki sem rekur fjármálastarfsemi, þar á meðal viðskiptabanka að því tilskildu að fyrirtækið sé háð opinberu eftirliti svo sem hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands eða sambærilegri stofnun.

Skv. 4. mgr. er vátryggingafélögum alfarið bannað að taka á sig ábyrgðir sem ekki eru vátryggingar og er fellt niður ákvæði 4. mgr. 4. gr. LUV þar sem slíkt er heimilt „í sambandi við eðlilegan rekstur félags". Í breytingunni felst að vátryggingafélag verður alfarið að reka slíka starfsemi sem vátryggingastarfsemi í formi greiðslu- eða efndavátrygginga sem eru sérstakir greinaflokkar vátrygginga.

Um 10. gr.

Skilyrði er, eins og í núgildandi lögum, sbr. 4. gr. LUV, að líftryggingar skuli reka í sérstöku félagi. Þó er eins og áður talið eðlilegt að reka megi sjúkra- og slysatryggingar með líftryggingum. Endurtryggingar líftrygginga má reka með annarri vátryggingastarfsemi. Sömu aðgreiningar er krafist í gerðum samkvæmt EES-samningnum.

Um 11. gr.

Hér er líkt og í 4. gr. LUV skilgreint hvers konar hliðarstarfsemi telst heimil vátryggingastarfsemi en 5. tölul. er nýmæli þar sem um verulega rýmkun á starfssviði vátryggingafélaga er að ræða. Það er háð mati hverju sinni hvað teljist umsýsla í „beinu framhaldi af og í eðlilegum tengslum við vátryggingastarfsemi". Starfsemi skv. 5. tölul. er ávallt háð sérstöku leyfi Vátryggingaeftirlits og er undir eftirliti þess, og getur eftirlitið gert kröfu um að starfsemin verði rekin í sérstöku félagi.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða ákvæði í elstu lögunum um vátryggingarstarfsemi, nr. 26/1973, en ákvæðið var fellt niður við endurskoðun laganna 1978. Ástæða þykir til að vekja ákvæði þetta til lífs í ljósi rýmkunar á starfssviði vátryggingafélaga og með tilkomu Evrópsks efnahagssvæðis í huga, þar sem heimildir erlendra félaga til starfsemi hér á landi verða auknar og m.a. eftirlit með skilmálum og iðgjöldum sem í boði verður á markaðnum er að miklu leyti fellt niður. Ákvæðið er stefnumarkandi og lögð er áhersla á það meginhlutverk vátryggingafélaga að reka starfsemi sína með hag vátryggingataka og vátryggðra fyrir augum.

Um 13. gr.

Í 23. gr. LUV er að finna hliðstætt ákvæði og í 1. mgr. Í 2. mgr. er gerð krafa um að félagsform skuli koma fram í heiti vátryggingafélags og bæði skráð og innborgað hlutafé í öllum tilkynningum frá félaginu til almennings.

Um II. kafla.

Ítarleg ákvæði eru sett um stofnun vátryggingafélags. Felld eru niður skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt stofnenda og um búsetuskilyrði ríkisborgara á EES en sett hæfisskilyrði um stjórnendur og framkvæmdastjóra. Sérstakar reglur eru settar um það ef greiða á hlutafé eða stofnfé í öðru en reiðufé og að samþykktir félags skuli háðar samþykki Vátryggingaeftirlitsins. Ákvæði er um hvað koma skuli fram í umsókn um starfsleyfi og hvað skuli skráð í vátryggingafélagaskrá. Krafist er áætlunar um rekstur og efnahag fyrstu þrjú árin er fylgja skal umsókn um starfsleyfi.

Um 14. gr.

Þessi grein er efnislega að miklu leyti samhljóða 3. gr. hlutafélagalaga (HFL) en á hér við um öll félagsform vátryggingafélaga. Hér er gerð krafa um að stofnendur skuli vera þrír hið fæsta, en til þessa hefur þess verið krafist að stofnendur vátryggingafélags væru minnst fimm. Samkvæmt HFL skulu þeir vera tveir hið fæsta.

Felld hefur verið niður krafan um íslenskan ríkisborgararétt stofnenda en gerð krafa um búsetu hér á landi. Ríkisborgarar og lögaðilar á Evrópska efnahagssvæðinu eru þó undanþegnir kröfunni um búsetu og getur ráðherra einnig veitt aðilum frá þriðju ríkjum sömu undanþágu. Nýmæli er að krafist er óflekkaðs mannorðs og viðkomandi hafi aldrei verið sviptur forræði á búi. Hliðstæð ákvæði hafa verið lögfest hér á landi á fjármálasviði í tengslum við EES-samninginn.

Um 15. gr.

Engin ákvæði eru í LUV eða reglugerðum samkvæmt þeim um það sem koma eigi fram í stofnsamningi vátryggingafélags. Í 4. og 5. gr. HFL eru ákvæði þessa efnis. Þykir rétt að hliðstæð ákvæði séu í lögum er þá gilda um öll félagsform vátryggingafélaga.

Nýmæli er að koma verður fram í stofnsamningi ef stofnað er til félagsins með það fyrir augum að yfirtaka vátryggingastofna, sbr. 3. mgr., og komi þá fram hvort samningsdrög liggi fyrir og hvort Vátryggingaeftirlitið hafi fjallað um málið.

Um 16. gr.

Skv. 6. gr. LUV teljast eingöngu greiðslur í peningum til innborgaðs hlutafjár, en engin hliðstæð ákvæði eru um greiðslur stofnfjár. Hér er lagt til að féð megi að fenginni heimild Vátryggingaeftirlitsins greiða með öðrum hætti en í reiðufé, en þá liggi fyrir matsgerð um verðmæti þess sem greitt er með. Sama gildir um aðra fjármuni sem lagðir eru fram samkvæmt nánari reglum og sem ekki eru ætlaðir til greiðslu hluta.

Um 17. gr.

Ekki eru í LUV eða reglugerðum samkvæmt þeim ákvæði um það hvað skuli koma fram í samþykktum vátryggingafélags, nema í 13. gr. laganna um félagsslit í gagnkvæmum félögum. Í 6. gr. HFL eru ákvæði þessa efnis og þykir rétt að mæla svo fyrir um öll félagsform vátryggingafélaga. Ákvæðin eru hliðstæð ákvæðum HFL nema ávallt skal getið í samþykktum hvernig ráðstafa skuli hagnaði og mæta skuli halla, svo og hvernig fara skuli með eignir félags við félagsslit. Þá eru nokkur sérákvæði varðandi gagnkvæm félög.

Um 18. gr.

Efnislega hliðstæð 9. gr. HFL.

Um 19. gr.

Ákvæði 1. mgr. er að finna í LUV. Samkvæmt 2. mgr. sem er nýmæli er heimilað að skrá megi félagsmenn með það fyrir augum að stofna gagnkvæmt vátryggingafélag þó að félagið hafi ekki verið skráð, að því tilskildu að ekki sé stofnað til vátryggingasamninga eða ábyrgða eða iðgjöld innheimt.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 12. gr. HFL nema bætt er við sérákvæðum um gagnkvæm vátryggingafélög sem eigi hafa verið áður í lögum um vátryggingastarfsemi.

Um 21. gr.

Í þessari grein er kveðið á um umsókn um starfsleyfi og gögn sem henni eiga að fylgja. Nýmæli er að kveðið er á um að Vátryggingaeftirlitið skuli staðfesta samþykktir vátryggingafélags. Einnig er nýmæli að tilkynna skal um þá aðila sem eiga virkan eignarhlut í vátryggingafélagi, sbr. 39. gr.

Ákvæðið um tilkynningu til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings er efnislega hliðstætt ákvæðum HFL en hér er kveðið á um að hlutafé eða stofnfé skuli að fullu greitt áður en unnt er að skrá félag sem vátryggingafélag.

Nýmæli er í samræmi við gerðir EES-samningsins að einungis skal gera kröfu um skil sýnishorna vátryggingaskilmála lögboðinna vátrygginga. Eftirlit með öðrum skilmálum er þó ekki fellt alveg niður, sbr. 53. gr., en ekki verður heimilt að krefjast skilmálanna fyrir fram né kerfisbundinnar skoðunar þeirra. Þá er heldur ekki heimilt að krefjast kerfisbundið upplýsinga um iðgjaldagrundvöll fyrir fram nema í líftryggingum og heilsutryggingum sem reknar eru samkvæmt sérstökum tæknilegum grundvelli.

Um 22. gr.

Hér er upptalning greinaflokka vátrygginga í skaðatryggingum sem starfsleyfi skal bundið við. Skráin er sú sama og lögð er til grundvallar í gerðum EES-samningsins og er að ýmsu leyti frábrugðin þeirri flokkun sem til þessa hefur verið miðað við hér á landi. Þar er að finna vátryggingagreinar sem ekki eru til hér á landi, eins og t.d. járnbrautatryggingar. Mikilvægt er að samræma þessa flokkun á öllu EES enda starfsleyfi stjórnvalda við hana miðuð. Ef íslenskt félag hygðist reka slíka grein í einhverju aðildarríki yrði starfsleyfi fyrir henni gefið út hér á landi. Ekki verður nauðsynlegt að fylgja þessari flokkun í sambandi við skýrslugerð eða tölulega greiningu á afkomu greinaflokka eða vátryggingagreina.

Um 23. gr.

Hér er upptalning greinaflokka í líf- og heilsutryggingum sem starfsleyfi er bundið við, sbr. samsvarandi 22. gr. um skaðatryggingar. Hér eru ekki taldar allar greinar sem 1. tilskipun 79/267/EBE um líftryggingar gerir ráð fyrir að leyfi sé veitt fyrir, en þær rúmast innan 5. tölul. þessarar greinar svo framarlega sem um líftryggingu er að ræða, þ.e. að í greininni felist áhætta sem tengd er ævilengd og dánarlíkum.

Um 24. gr.

Nýmæli er í samræmi við gerðir samkvæmt EES-samningnum að áætlun um fyrirhugaða starfsemi skal lögð fram með umsókn um starfsleyfi. M.a. skal áætla stöðu vátryggingafélags fyrstu þrjú bókhaldsárin og gera grein fyrir því hvernig félag hyggst mæta kostnaði og skuldbindingum sínum. Þegar um er að ræða greiðsluvátryggingar sem eru sérstaklega áhættusamur greinaflokkur skulu settar sérreglur um þær reglur sem eiga að gilda um óuppgerðar skuldbindingar og sérstakan útjöfnunarsjóð í samræmi við gerðir EES-samningsins.

Um 25. gr.

Í LUV er ekki fjallað um meðferð umsóknar um starfsleyfi að öðru leyti en því að í 34. gr. er kveðið á um að eftirlitið skuli kanna hvort félag sem sækir um starfsleyfi fullnægi skilyrðum laga og reglugerða um vátryggingastarfsemi. Í 5. gr. nefndra laga segir að félag megi ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur fengið starfsleyfi og í 14. og 34. gr. að ráðherra veiti leyfi.

Hér er lagt til almennt ákvæði um að Vátryggingaeftirlitið skuli leggja mat á umsókn félags um starfsleyfi og hefur eftirlitið sex mánuði, eftir að öll gögn hafa borist, til að ljúka umsögn sinni. Sá frestur er í samræmi við gerðir EES-samningsins.

Lagt er til að ráðherra veiti starfsleyfi eins og í núgildandi LUV, en jafnframt að meðmæli Vátryggingaeftirlits skuli liggja fyrir. Einnig er þess krafist líkt og í gerðum EES-samnings að það skuli stutt rökum og tilkynnt umsækjanda skriflega mæli eftirlitið gegn umsókninni.

Sérstaklega er kveðið á um skilyrði sem skulu uppfyllt þegar sótt er um starfsleyfi í líftryggingum en líftryggingafélög taka á sig skuldbindingar til mjög langs tíma. Kveðið er sérstaklega á um að grundvöllur líftrygginga skuli vera sanngjarn í garð hinna líftryggðu, m.a. að því er varðar ágóðahlutdeild. Hinir líftryggðu og rétthafar njóti hagnaðar af afrakstri líftrygginganna. Jafnframt skal þess gætt að grundvöllur líftrygginganna sé traustur þannig að iðgjöldin séu nægileg til að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar.

Nýmæli er að synja má um starfsleyfi telji Vátryggingaeftirlitið á skorta hæfi eða reynslu stjórnar eða framkvæmdastjóra til að reka félagið með traustum og heilbrigðum hætti og sama gildir teljist eigendur virkra eignarhluta ekki geta tryggt á viðhlítandi hátt heilbrigðan og traustan rekstur.

Starfsleyfi gefið út hér á landi veitir að öllu jöfnu aðgang að hinu Evrópska efnahagssvæði að uppfylltum tilteknum formskilyrðum, sbr. VII. kafla. Það er þó ekki sjálfgefið þegar í hlut eiga aðilar utan hins Evrópska efnahagssvæðis sem stofna dótturfélög hér á landi eða eignast t.d. virkan hlut í vátryggingafélagi hér á landi. Aðildarríkin geta sett reglur heima fyrir er takmarka aðgang slíkra félaga að vátryggingamarkaðnum, t.d. ef aðgangur að mörkuðum er ekki gagnkvæmur. Vátryggingaeftirlitið getur tekið sér lengri frest til að fjalla um slíkar umsóknir til þess að unnt sé að hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld aðildarríkja og kanna hugsanleg skilyrði starfsleyfis.

Um 26. gr.

Ráðherra veitir starfsleyfi séu öll skilyrði uppfyllt og Vátryggingaeftirlitið mælir með umsókninni. Leyfið tekur til þeirra greinaflokka vátrygginga eða vátryggingagreina innan þeirra sem félagið má reka.

Um 27. gr.

Hafi félag þegar fengið starfsleyfi en hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga eða nýja vátryggingagrein eða hyggist breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum er lagt til að Vátryggingaeftirlitið veiti leyfi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að breytingar á samþykktum vátryggingafélags öðlist ekki gildi fyrr en Vátryggingaeftirlitið hefur staðfest þær.

Um 28. gr.

Ákvæði um skráningu í vátryggingafélagaskrá eru nú í reglugerð nr. 463/1981. Hér er lagt til að þessi og önnur atriði um vátryggingafélagaskrá verði í lögum í samræmi við þá stefnumörkun í þessu frumvarpi að vísa ekki til reglugerða þegar ekki er þörf nánari útfærslu tæknilegra eða annarra atriða.

Gert er ráð fyrir að allir sem heimild hafa til að reka vátryggingastarfsemi hér á landi verði skráðir í vátryggingafélagaskrá, einnig félög sem hér reka starfsemi án starfsstöðvar.

Um III. kafla.

Í III. kafla er að finna reglur sem eiga að gilda á EES um gjaldþol, lágmarksgjaldþol og lágmarksfjárhæðir í vátryggingafélagi. Reglur eru settar um þær tegundir eigna og samsetningu þeirra sem mæta eiga vátryggingaskuldinni í öllum greinum vátrygginga og að vátryggingafélög skulu halda sérstaka skrá yfir þessar eignir. Um aðrar eignir eru ekki settar sérreglur.

Tilkynningarskylda er til Vátryggingaeftirlitsins hvenær sem einstaklingur eða lögaðili hyggst eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi eða hyggst breyta eignarhlut sínu innan vissra marka og getur eftirlitið synjað beiðni um að eignast hlut og ógilt ákvarðanir, telji eftirlitið viðkomandi ekki hæfan til að fara með þennan hlut með tilliti til þess að tryggja heilbrigðan og traustan rekstur félags. Vátryggingaeftirlitið getur einnig gripið til ráðstafana fari hluthafi þannig með hlut sinn að það teljist skaða félagið.

Kveðið er á um að tryggingastærðfræðingur eða aðili með hliðstæða sérþekkingu starfi fyrir líftryggingafélag.

Um 29. gr.

Hér er skilgreint hvaða efnahagsliði skuli telja til gjaldþols vátryggingafélags. Hliðstæð ákvæði er að finna í reglugerð nr. 482/1981 en þær eru í allmörgum atriðum samhljóða ákvæðum í gerðum EES-samningsins. Í þriðju kynslóð tilskipana EB eru þó mun ítarlegri ákvæði en áður hafa verið um þetta efni enda mikilvægt að samræma reglur um mat á gjaldþoli vátryggingafélaga á EES. Fullnægjandi gjaldþol er undirstaða og skilyrði trausts og heilbrigðs rekstrar vátryggingafélags.

Gjaldþol félags er eigið fé þess þegar frá hafa verið dregnar óefnislegar eignir og eignaliðir hafa verið afskrifaðir eða færðir niður nægilega til öryggis og þegar tekið hefur verið tillit til dulinna varasjóða og hinar duldu eignir teljast vera af varanlegum toga. Gjaldþol vátryggingafélags þarf því ekki að vera hið sama og bókfært eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi.

Í greininni er talið upp hvaða liði megi almennt telja til gjaldþols en þörf er nánari útfærslu sem lagt er til að verði í reglugerð. Nýmæli er að gert er ráð fyrir að telja megi forgangshlutafé og víkjandi lán, skuldabréf án tiltekins lánstíma og önnur bréf, en að nánar skuli skilgreina skilyrði þess að telja megi þetta til gjaldþols.

Um 30. gr.

Gjaldþol vátryggingafélaga skal á hverjum tíma nema tilteknu lágmarki sem reiknað er út eftir ákveðnum reglum með tilliti til þeirrar starfsemi sem rekin er og áhættunnar sem í henni felst. Skilyrði í vátryggingarekstri er að vátryggingafélag ráði ávallt yfir nægu fé til að geta örugglega staðið við skuldbindingar sínar og mætt þeirri áhættu sem í starfseminni felst. Í þessari grein eru reglur settar um skaðatryggingafélög, þ.e. vátryggingafélög sem reka aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi.

Hér er gert ráð fyrir því að hinar mikilvægu grundvallarreglur um útreikning lágmarksgjaldþols verði teknar upp í lög en verði ekki í reglugerð eins og nú (reglugerð nr. 482/1981). Reglurnar eru samhljóða reglum gerða EES-samningsins og eru kröfur um gjaldþol auknar að því er varðar endurtryggingaþáttinn. Endurtrygging umfram 50% áhættunnar hefur ekki áhrif til lækkunar á kröfum um gjaldþol, en samkvæmt núgildandi reglum er samsvarandi hlutfall 65%. Á hinn bóginn er dregið hlutfallslega úr gjaldþolskröfum eftir að iðgjaldamagn eða meðaltjónsfjárhæð hefur náð tilteknu marki hjá vátryggingafélagi.

Um 31. gr.

Í þessari grein eru sérreglur um útreikning lágmarksgjaldþols líftryggingafélaga í samræmi við reglur í gerðum EES-samningsins. Reglur um líftryggingafélög samkvæmt reglugerð nr. 482/1981 miðast eingöngu við félög sem reka áhættulíftryggingar enda hafa ekki aðrar líftryggingar verið á boðstólum hér á landi að neinu ráði. Þær reglur sem hér er lagt til að gildi miðast við söfnunarlíftryggingar og aðrar greinar líftrygginga sem kunna að verða í boði á íslenskum vátryggingamarkaði í framtíðinni og gera miklu meiri kröfur um gjaldþol en áður hafa verið gerðar til líftryggingafélaga hér á landi.

Um 32. gr.

Gjaldþol vátryggingafélags skal á hverjum tíma minnst nema fjárhæð sem hærri er tveggja fjárhæða, þ.e. lágmarksgjaldþoli skv. 30. eða 31. gr. eða þeirri lágmarksfjárhæð sem skilgreind er í 33. gr. Gera skal ráðstafanir uppfylli félagið ekki framangreind fjárhagsleg skilyrði eins og nánar er útfært í XI. kafla.

Í 2. mgr. er skilgreint hvenær fjárhagsstaða félags telst það alvarleg að skjótra aðgerða sé þörf til að rétta við fjárhaginn, sbr. 33. gr.

Um 33. gr.

Hér eru skilgreindar þær lágmarksfjárhæðir sem getið er í athugasemdum við 32. gr. Fjárhæðirnar eru samhljóða samsvarandi ákvæðum í gerðum EES-samningsins. Lágmarksfjárhæðir eru mismunandi eftir tegund vátrygginga. Sem dæmi má nefna að sé reiknað út samkvæmt reglum 31. gr. að lágmarksgjaldþol líftryggingafélags verði að vera minnst 1,5 millj. ecu (nú um 120 milljónir ísl. kr.), þarf að grípa til skjótra ráðstafana fari gjaldþol niður fyrir 800 þús. ecu skv. 1. tölul. 1. mgr. þar eð það er hærra en þriðjungur lágmarksgjaldþols (500 þús. ecu). Ef félag með sama lágmarksgjaldþol, 1,5 millj. ecu, rekur ábyrgðartryggingar eru viðmiðunarmörkin aftur á móti þriðjungur lágmarksgjaldþols, eða 500 þús. ecu, þar eð það er hærra en lágmarkið 400 þús. ecu skv. 2. tölul. 1. mgr.

Þriðjungur lágmarksgjaldþols eða lágmarksfjárhæðir samkvæmt þessari grein, hvort sem hærra er, eru þau mörk gjaldþols sem skilgreind eru sem hættumörk í starfsemi vátryggingafélags, þ.e. skerðist gjaldþol að þeim mörkum er talin slík hætta á ferðum að grípa verður til skjótra aðgerða til að rétta við hag félagsins. Það telst sem sé undir öllum kringumstæðum alvarleg staða vátryggingafélags ef gjaldþol verður lægra en lágmarksfjárhæðirnar skv. 1. mgr.

Í gagnkvæmum félögum má taka tillit til ábyrgðar félagsmanna og má lækka lágmarksfjárhæðirnar um allt að fjórðung.

Um 34. gr.

Nýmæli samkvæmt þriðju kynslóð tilskipana EB er að þess er krafist að á móti vátryggingaskuldinni, þ.e. óuppgerðum vátryggingaskuldbindingum, skuli ávallt vera til staðar hjá félaginu skrá yfir eignir af tiltekinni tegund og samsetningu sem að fjárhæð samsvara henni. Þetta á bæði við um líftryggingar og aðrar vátryggingar og er hér gert ráð fyrir að reglurnar gildi bæði um frum- og endurtryggingar. Á hinn bóginn eru ekki settar sérstakar reglur um aðrar eignir félags sem ekki þarf til að mæta vátryggingaskuldinni.

Mjög strangar reglur eru í gildi í þessu efni varðandi líftryggingar skv. 30. og 31. gr. LUV en engar um aðrar greinar vátrygginga, nema um erlend félög. Samkvæmt frumvarpinu, og í samræmi við gerðir EES-samningsins, eru felldar niður kröfur um að tilgreina ákveðnar eignir á móti líftryggingaskuldinni og um áritun sérstakra verðbréfa og annarra eigna sem henni samsvarar. Telja má það kerfi sem í gildi hefur verið þungt í vöfum og að það þjóni ekki þeim tilgangi sem því var ætlað.

Annars vegar eru því reglur um ávöxtun líftryggingaskuldarinnar í líftryggingafélögum rýmkaðar frá því sem nú er, en hins vegar eru settar sérstakar reglur um vátryggingaskuld annarra greina sem engar reglur hafa gilt um til þessa. Reglurnar eru settar með hag vátryggingataka og vátryggðra fyrir augum. Haldgóðar reglur um ávöxtun, tegund, samsetningu og dreifingu eigna sem eru til jöfnunar vátryggingaskuldinni eiga að stuðla að því að til staðar sé í vátryggingafélagi öruggar eignir til að mæta bótakröfum vátryggðra. Setja verður í reglugerð nánari ákvæði um þetta efni en í greininni eru meginlínur gefnar um hvað í þeim skuli felast.

Um 35. gr.

Hér er kveðið á um að eignir til jöfnunar vátryggingaskuld vegna áhættu sem er í aðildarríki EES skuli ávaxta innan þess svæðis nema sérstaklega sé veitt undanþága frá því. Almenn regla er einnig að vátryggingaskuldin sé að sem mestum hluta ávöxtuð í eignum í sömu gjaldmiðlum til að draga úr gengisáhættu. Þessi regla er rýmkuð í þriðju kynslóð tilskipana og er hér gert ráð fyrir að allt að 20% vátryggingaskuldar í tilteknum gjaldmiðli megi ávaxta í einhverjum öðrum gjaldmiðli.

Ekki eru settar sérstakar reglur um ávöxtun annarra eigna en þeirra sem þarf til að mæta vátryggingaskuldinni en gæta verður varfærni í þeim efnum og öryggis þannig að þær eignir sem eru á móti eiginfjárliðum (gjaldþoli) geti staðið að baki gjaldþoli félagsins.

Um 36. gr.

Hér er sú kvöð lögð á stjórn vátryggingafélags að sjá almennt til þess að sérþekkingu sé að finna innan félagsins til að meta vátryggingaskuldina og til að gera aðra nauðsynlega tryggingatæknilega útreikninga. Ekki er gengið eins langt og í eldra frumvarpi að gera kröfu um að tryggingastærðfræðing skuli almennt ráða til a.m.k. stærri vátryggingafélaga sem reka aðrar greinar en líftryggingar. Samkvæmt þessari grein þarf sérfræðiþekkingin að vera til staðar en ekki er nánar kveðið á um með hvaða hætti skyldunni verði fullnægt.

Ástæðan fyrir því hve mikil áhersla er lögð á mat vátryggingaskuldarinnar er hið mikla vægi sem hún hefur í öllum rekstri vátryggingafélags enda langstærsti liðurinn skuldamegin í efnahagsreikningi. Það getur því haft mjög alvarlegar afleiðingar þegar vátryggingaskuldin er vanmetin.

Um 37. gr.

Líftryggingafélag skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings eða sérfræðings með sambærilega menntun eins og verið hefur samkvæmt gildandi LUV. Í 2. mgr. er hlutverk hans skilgreint í aðalatriðum en honum ber m.a. að reikna út líftryggingaskuldina og fylgjast með því að farið sé eftir reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar.

Á hinn bóginn er fellt niður ákvæði um að tryggingastærðfræðingur beri ábyrgð á að félagið sem hann starfar fyrir fari að tilkynntum reiknigrundvelli líftrygginga o.s.frv., sbr. 26. gr. LUV. Gömul hefð er fyrir svo víðtækri ábyrgð tryggingastærðfræðings í líftryggingafélagi, einkum á Norðurlöndum, en tímabært þykir að fella niður sérstakar kröfur til þeirra í þessu efni í lögum, umfram þá ábyrgð sem felst í störfum þeirra eins og annarra, t.d. endurskoðenda.

Nýmæli er að lagt er til að tryggingastærðfræðingurinn þurfi ekki sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra eins og nú, en að viðurkenning Vátryggingaeftirlitsins þurfi að koma til.

Samkvæmt 3. mgr. getur tryggingastærðfræðingur félags krafist hvers konar gagna frá félaginu sem hann þarf á að halda til að geta gegnt starfi sínu, sbr. núgildandi ákvæði 26. gr. LUV. Nýmæli er að hann hefur samkvæmt frumvarpinu að jafnaði rétt til að sitja stjórnarfundi og m.a. að láta skrá álit sitt í gerðabók félagsins sé hann ekki sammála ákvörðun stjórnar.

Nýmæli er einnig skv. 4. mgr., líkt og gildir um endurskoðendur vátryggingafélaga, að Vátryggingaeftirlitið getur krafið tryggingastærðfræðing um upplýsingar um félagið á starfssviði hans en tryggingastærðfræðingurinn hefur tilkynningarskyldu til eftirlitsins komist hann að því að félag það sem hann starfar fyrir fari ekki að settum reglum.

Um 38. gr.

Samkvæmt þessari grein skal vátryggingafélag halda sérstaka skrá yfir þær eignir sem ætlað er að mæta vátryggingaskuld þess, sbr. 34. gr. og það skal sjá til þess að nýjar eignir verði skráðar þegar breytingar verða á samsetningu eigna. Senda skal Vátryggingaeftirlitinu afrit skrárinnar með ársuppgjöri, eða á öðrum tíma, t.d. ef Vátryggingaeftirlitið telur ástæðu til að kanna þennan þátt sérstaklega. Þetta fyrirkomulag kemur í stað núgildandi fyrirkomulags varðandi líftryggingafélögin en er nýmæli varðandi aðrar vátryggingagreinar sem innlend félög reka.

Um 39. gr.

Greinin hefur að geyma eitt þeirra nýmæla sem þriðja kynslóð tilskipana EB hefur í för með sér en samkvæmt því er eftirlit með eignaraðild að vátryggingafélögum hert mjög. Ákvæðin í þessari og 40. gr. eru samhljóða reglum samkvæmt gerðum EES-samningsins og hafa samsvarandi reglur þegar verið settar í lög um viðskiptabanka og sparisjóði hér á landi frá 1. júlí 1993 (lög nr. 43/1993). Skylt er að tilkynna fyrir fram til Vátryggingaeftirlits þegar aðili hyggst beint eða óbeint eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi, þ.e. 10% eða meira. Sama gildir fari eignarhlutur hverju sinni yfir 20, 33 eða 50%. Vátryggingaeftirlitið fær heimildir til að synja um slík kaup á eignarhlut telji eftirlitið viðkomandi ekki hæfan til að fara með þann hlut svo að heilbrigður og traustur rekstur félagsins sé tryggður. Hliðstæð tilkynningarskylda ríkir þegar eignarhlutur á að lækka undir framangreind mörk.

Vátryggingafélag skal þegar í stað tilkynna Vátryggingaeftirlitinu öðlist félagið vitneskju um eigendaskipti hlutabréfa sem hafa í för með sér eignarhluti yfir eða undir þeim mörkum sem tilgreind eru í greininni. Einnig skal skrá yfir þá sem eiga virkan eignarhlut send eftirlitinu reglulega.

Um 40. gr.

Þessi grein er nýmæli, sbr. 39. gr. Vátryggingaeftirlitið hefur heimildir til að grípa í taumana fari aðili þannig með virkan eignarhlut sinn að það skaði félagið og eftirlitið getur ákveðið að slíkum eignarhlut fylgi ekki atkvæðisréttur. Hliðstæð ákvæði eru í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, í samræmi við reglur í gerðum EES-samningsins. Gert er ráð fyrir að í stað þess að fella niður atkvæðisréttinn verði mögulegt að gera kröfu um ráðstafanir af hálfu félags eða hlutaðeigandi aðila þannig að það sem úrskeiðis hefur farið verði lagfært.

Vátryggingaeftirlitið getur gripið til hliðstæðra ráðstafana ef látið er hjá líða að tilkynna fyrirfram um virkan eignarhlut og breytingar á honum, sbr. 39. gr. Felli Vátryggingaeftirlitið úr gildi atkvæðisrétt eignarhluta en samþykki síðar kaupin kemst atkvæðisréttur á aftur. Hlutir sem eftirlitið hefur ákveðið að ekki fylgi atkvæðisréttur skulu ekki teknir með á hluthafafundum þegar reiknað er atkvæðamagn á fundinum.

Um 41. gr.

Í 3. og 4. mgr. eru settar reglur um hækkun og lækkun hlutafjár eða stofnfjár sem ekki eru í núgildandi LUV. Lækkun fjárins skal ávallt háð samþykki Vátryggingaeftirlitsins, einnig ef greiða á hækkunina með skuldajöfnuði eða á annan hátt en í reiðufé. Í greininni eru einnig ákvæði um stofnfjárhluti í gagnkvæmu félagi sem ekki er að finna í núgildandi LUV.

Um 42. gr.

Greinin er í aðalatriðum efnislega hliðstæð 11. gr. LUV. Þó er lágmarksfjárhæð ábyrgðar vátryggingataka ekki tilgreind í frumvarpinu, en gert ráð fyrir að alfarið verði kveðið á um ábyrgðina í samþykktum gagnkvæms vátryggingafélags. Einnig er sú breyting að ekki má undanþiggja vátryggingafélag sem endurtryggir í gagnkvæmu félagi ábyrgð, ef endurtryggingaiðgjöld nema meira en 10% heildariðgjalda félagsins. Hlutfallið er nú 20%. Tryggingaeftirlitið getur þó veitt undanþágu í þessu efni.

Þá er fellt niður ákvæði um að ákvæði sérlaga um að ábyrgð vátryggingataka samkvæmt slíkum lögum skuli gilda. Er gert ráð fyrir að ekki verði hér eftir settar aðrar reglur en hér greinir um ábyrgð vátryggingataka í gagnkvæmu vátryggingafélagi en að sjálfsögðu gilda ákvæði sem nú eru í öðrum lögum um slíka ábyrgð. Þau vátryggingafélög sem nú hafa starfsleyfi, og hér koma við sögu, eru bátaábyrgðarfélög (lög nr. 18/1976, með síðari breytingum) og Brunabótafélag Íslands (lög nr. 9/1955).

Um IV. kafla.

Í IV. kafla eru ítarlegri ákvæði um stjórn, endurskoðun og reikningsskil en í gildandi lögum. Sett eru hæfisskilyrði um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Endurskoðandi má ekki starfa í þágu félags að öðru en endurskoðun. Gerð er krafa um að ársreikningur liggi fyrir innan fjögurra mánaða frá lokum reikningsárs í stað sex mánaða nú. Vátryggingaeftirlitið skal setja reglur um þau gögn sem fylgja eiga ársreikningi um starfsemina í stað upptalningar á eigna- og skuldaliðum eins og í gildandi lögum. Félög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi og starfa erlendis skulu senda Vátryggingaeftirlitinu upplýsingar m.a. um iðgjaldamagn og einnig skal aflað hliðstæðra gagna frá eftirlitsaðilum heimaríkja þeirra erlendu félaga sem hér starfa.

Um 43. gr.

Eins og í núgildandi lögum er lagt til að stjórn vátryggingafélags skipi þrír menn hið fæsta. Hins vegar er lagt til að fellt verði niður ákvæði 3. mgr. 6. gr. LUV um að a.m.k. einn stjórnarmanna vátryggingahlutafélags skuli valinn sérstaklega með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingataka og hinna vátryggðu reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingastarfsemi. Ekki hefur að ráði reynt á ákvæði þetta í framkvæmd og lítt verið leitað til þeirra stjórnarmanna sem þannig hafa verið valdir um úrlausnir mála. Þó hefur komið fyrir að bent hafi verið á þennan sérstaka fulltrúa vátryggingataka þegar kvartanir hafa beinst gegn tilteknum félögum. Neytendaþjónusta Vátryggingaeftirlitsins hefur starfað með formlegum hætti síðan 1981 og er hlutverk hennar m.a. að gegna hliðstæðu hlutverki. Auk þess er neytendaþjónusta í boði á vegum fleiri aðila á vátryggingasviði. Verður að telja slíkt form heppilegra en það fyrirkomulag sem hér er nú í gildi.

Ákvæði 2. mgr. um hæfisskilyrði framkvæmdastjóra eru nýmæli.

Ákvæði 3. mgr. er einnig nýmæli í lögum um vátryggingastarfsemi en er hliðstætt ákvæðum 2. mgr. 71. gr. HFL en hér ber Vátryggingaeftirlitinu að boða til aðalfundar í vátryggingafélagi.

Þá er ákvæði 4.–6. mgr. nýmæli. Þar er kveðið á um tilkynningarskyldu stjórnar til Vátryggingaeftirlitsins við tilteknar aðstæður, þ.e. þegar stjórnendur öðlast vitneskju um málefni sem geta haft úrslitaþýðingu um starfsemi félagsins þegar stjórnendur hafa sérstakra fjárhagslegra hagsmuna að gæta vegna þátttöku í umboðs- eða miðlunarstarfsemi vátrygginga og þegar samstæða vátryggingafélaga er mynduð og félag mun öðlast yfirráð í öðru félagi.

Um 44. gr.

Í LUV eru ákvæði um efni þessarar greinar, sbr. 17. og 39. gr. Eru hér ítarlegri ákvæði um gerð ársreiknings og um innihald hans. Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji nánari ákvæði um form og innihald ársreiknings með reglugerð en um það er sérstök tilskipun hjá EB sem gilda mun á Evrópska efnahagssvæðinu (tilskipun 91/674/EBE).

Önnur breyting samkvæmt frumvarpinu er að Vátryggingaeftirlitið skal setja félagi hæfilegan frest þegar krafa er gerð um að ársreikningur sem ekki er í samræmi við lög, reglugerðir eða samþykktir félags skuli tekinn fyrir á ný á aðalfundi.

Nýmæli er að kveða á um að ársreikningur skuli liggja frammi til afhendingar á afgreiðslustað vátryggingafélags. Ekkert er því til fyrirstöðu að hóflegt gjald verði tekið fyrir afhendingu ársreikningsins.

Ákvæði þessarar greinar eru hliðstæð ákvæðum laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 45. gr.

Í 17. gr. LUV er að finna ákvæði um sama efni að nokkru leyti en hér er að finna ítarlegri ákvæði. Tekið er fram að löggiltur endurskoðandi skuli vera sameiginlegur fyrir félagasamstæðu í heild og að Vátryggingaeftirlitið geti krafist þess að vátryggingafélög og hin sérstöku félög sem mega reka hliðarstarfsemi skv. 11. gr. hafi sama löggilta endurskoðanda. Samsvarandi ákvæði er í 80. gr. HFL, en á hér við um öll félagsform vátryggingafélaga.

Samkvæmt 90. gr. HFL eiga endurskoðendur hlutafélags rétt á að sitja hluthafafundi. Hér er lagt til að þetta gildi um félagsfundi almennt í vátryggingafélagi, óháð félagsformi. Þá er lagt til að endurskoðendum verði skylt að mæta á aðalfundi, æski stjórn eða atkvæðisbær maður þess.

Nýmæli er að kveða á um að endurskoðandi megi m.a. ekki starfa í þágu vátryggingafélags að öðru en endurskoðun og ákvæðin um fjárhagsleg tengsl hans og maka hans við félagið. Samsvarandi ákvæði eru í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 46. gr.

Greinin fjallar m.a. um skyldur endurskoðenda við endurskoðun vátryggingafélaga en ákvæði um það efni er ekki að finna í núgildandi LUV. Samsvarandi ákvæði eru í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega hliðstætt samsvarandi ákvæði í 39. gr. LUV en á hér við um endurskoðendur félags yfirleitt en ekki einvörðungu um löggilta endurskoðendur vátryggingafélags.

Í 3. mgr. er nýmæli, en þar er kveðið á um á hvaða formi ársreikningur félags skuli vera og um orðalag þegar félag eða félagasamstæða birtir reikning sinn opinberlega.

Um 47. gr.

Hér er sá tími styttur, miðað við núgildandi LUV, sem má líða frá lokum reikningsárs þar til halda skal aðalfund og Vátryggingaeftirlitinu á að hafa borist ársreikningur vátryggingafélags. Nú er oft komið fram á mitt ár árið eftir, þegar reikningsskil síðasta reikningsárs liggja fyrir sem telja verður of langt nú á tímum. Bókhalds- og tölvutækni á að geta ráðið við það verkefni að ljúka ársuppgjöri fyrr en verið hefur. Æskilegt er einnig að samræma sem mest uppgjör fjármálastofnana almennt að þessu leyti en samsvarandi ákvæði er í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Vegna séreðlis vátryggingastarfseminnar, m.a. vegna hins tímafreka mats vátryggingaskuldar, er hér lagt til að ársreikningur skuli liggja fyrir innan fjögurra mánaða frá lokum reikningsárs í stað þriggja samkvæmt lögum nr. 43/1993. Ársreikningurinn skal sendur innan 10 daga frá undirritun á aðalfundi.

Helstu frávik frá gildandi LUV eru að ekki er gert ráð fyrir ítarlegri upptalningu í lögum á þeim gögnum sem fylgja eiga ársreikningi til Vátryggingaeftirlitsins og eðlilegt talið að um það verði settar nánari reglur enda hefur Vátryggingaeftirlitið ríkar heimildir til að afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að framfylgja eftirliti með starfseminni.

Um 48. gr.

Greinin er nýmæli en gert er ráð fyrir að vátryggingafélög sem hér hafa fengið starfsleyfi skuli veita Vátryggingaeftirlitinu tilteknar upplýsingar um starfsemi sína í öðrum ríkjum. Í gerðum EES-samningsins er gert ráð fyrir hliðstæðri upplýsingaskyldu í aðildarríkjunum og mun Vátryggingaeftirlitið afla frá eftirlitsstjórnvöldum heimaríkja samsvarandi upplýsinga um starfsemi erlendra félaga hér á landi sem hafa aðalstöðvar á EES.

Um 49. gr.

Efnislega hliðstæð ákvæðum í 8. og 12. gr. LUV og 107. gr. HFL. Hér er tekið tillit til sérstöðu vátryggingafélaga sem felst m.a. í kröfum um að gjaldþolsskilyrðum sé fullnægt og vátryggingaskuld félags hafi verið metin með nægilegu öryggi áður en til arðsúthlutunar má koma.

Um V. kafla.

Kveðið er á um hlutverk Vátryggingaeftirlitsins. Við stofnunina skal starfrækt neytendamáladeild og eftirlit skal haft með viðskiptaháttum, sölumennsku og tjónsuppgjöri vátryggingafélaga. Ábyrgð ríkissjóðs á útgjöldum eftirlitsins umfram álagðar sértekjur verði felld niður og rekstur stofnunarinnar verði alfarið reistur á sértekjum.

Sett eru ákvæði um þagnarskyldu og upplýsingaskyldu eftirlitsaðila. Felld eru niður ákvæði um almenna fyrirframskoðun vátryggingaskilmála og iðgjaldataxta. Skilmálar lögboðinna vátrygginga skulu lagðir fram í upphafi, svo og tæknilegur grundvöllur líf- og heilsutrygginga.

Um 50. gr.

Lagt er til að stofnunin sem eftirlit hefur með starfsemi vátryggingafélaga heiti „Vátryggingaeftirlitið“ í stað „Tryggingaeftirlitið“ til samræmis við vátryggingafélög, vátryggingastarfsemi o.fl., sbr. athugasemd við 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru hliðstæð gildandi ákvæðum LUV, sbr. 38., 45. og 47. gr., nema hér er gert ráð fyrir að forstöðumaður verði skipaður til sex ára í senn í stað ótímabundinnar skipunar eins og nú. Að öðru leyti er í þessu frumvarpi ekki gert ráð fyrir breytingum á núgildandi skipulagi stofnunarinnar.

Um 51. gr.

Nýmæli er að Vátryggingaeftirlitinu verði heimilað að veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar á því sviði er lögin ná til sé það liður í samstarfi ríkja um eftirlit með vátryggingastarfsemi og það sé nauðsynlegt til að framfylgja lögmæltu eftirliti. Þagnarskylda í hlutaðeigandi landi er ávallt skilyrði. Sama gildir um upplýsingar sem Vátryggingaeftirlitið kann að fá frá öðrum eftirlitsaðilum. Samkvæmt EES-samningnum, og þegar myndað hefur verið eitt efnahagssvæði með eftirliti heimaríkis, verður nauðsynlegt að auka mjög samstarf milli eftirlitsaðila í aðildarríkjunum og upplýsingamiðlun milli

þeirra mun eiga sér stað í auknum mæli og meiri samræming eftirlitsreglna verður nauðsynleg.

Einnig eru ákvæði um upplýsingaskipti milli þeirra sem eftirlit hafa með vátryggingastarfsemi og ýmissa annarra aðila og stofnana og um þagnarskyldu í þeim tilvikum. Ákvæði þessarar greinar eru mun ítarlegri en samsvarandi ákvæði í eldra frumvarpi í samræmi við gerðir EES-samningsins.

Um 52. gr.

Hér er kveðið á um hvernig standa skuli straum af kostnaði við rekstur Vátryggingaeftirlitsins. Er stefnan óbreytt samkvæmt frumvarpinu, líkt og í nálægum löndum, að litið er svo á að starfsemi eftirlitsins sé fyrst og fremst í þágu vátryggingataka og því rétt að kostnaður við starfsemi eftirlitsins sé borinn af þeim og greiddur af vátryggingafélögum og vátryggingamiðlurum.

Gerðar eru fjórar efnislegar breytingar á tilhögun gjaldtökunnar. Í fyrsta lagi er ábyrgð ríkissjóðs á greiðslum til að standa straum af kostnaði við rekstur Vátryggingaeftirlitsins felld niður en hámark gjalds sem leggja má á vátryggingafélögin hækkað um þriðjung í staðinn til að auka svigrúm vegna óvæntra útgjalda og t.d. vegna verðlagsbreytinga. Á hinn bóginn er álagning vegna endurtrygginga lækkuð um þriðjung, en í raun er lagt tvisvar á innlend endurtryggingaiðgjöld með núgildandi fyrirkomulagi. Álagning á endurtryggingaiðgjöld eru óverulegur hluti eftirlitsgjalds og hefur sú lækkun því lítil áhrif á heildartekjur eftirlitsins. Álagning eftirlitsgjalds til bráðabirgða verði þó, eins og nú, leiðrétt þegar á yfirstandandi ári eftir að ársreikningar félaganna hafa borist.

Í öðru lagi verður gjaldið ekki lagt á erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar á EES sem hér starfa. Þau greiða gjald til síns eftirlitsaðila, þ.e. eftirlit heimaríkis.

Í þriðja lagi verður gjaldið ávallt reiknað endanlega út á grundvelli reikningsskila stofnunarinnar frá Ríkisbókhaldi og í fjórða lagi verður heimilt að innheimta gjald hjá einstökum félögum vegna sérstakra athugana sem gera þarf hjá þeim og óeðlilegt þykir að leggja á öll félögin. Sama gildir um vátryggingamiðlara en gert er ráð fyrir að ráðherra setji sérstakar reglur um álagningu gjalds á slíka starfsemi.

Lagt er til að fyrirkomulag álagningar og innheimtu eftirlitsgjaldsins verði annars í aðalatriðum óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 46. gr. LUV, sbr. lög nr. 56/1982.

Gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi aðilar eigi greiðan aðgang að kostnaðaráætlunum Vátryggingaeftirlitsins og upplýsingum um það sem að baki þeim liggur.

Um 53. gr.

Hér er eftirlitssvið Vátryggingaeftirlitsins skilgreint og kveðið á um eftirlit með þeim vátryggingafélögum sem hér hafa fengið starfsleyfi sem m.a. nær til allrar vátryggingastarfsemi þeirra á hinu Evrópska efnahagssvæði. Á hinn bóginn munu eftirlitsstjórnvöld heimaríkja erlendra vátryggingafélaga með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði sem hér vilja reka vátryggingastarfsemi hafa í meginatriðum eftirlit með starfsemi þeirra hér á landi. Einkum mun það eiga við um eftirlit með hinni fjárhagslegu hlið starfseminnar.

Eins og í LUV, sbr. 39. og 42. gr., eru samkvæmt frumvarpinu engar takmarkanir á heimildum Vátryggingaeftirlitsins til að gera þær kannanir sem eftirlitið telur ástæðu til hverju sinni á hinum ýmsu þáttum starfsemi þeirra félaga sem hér hafa fengið starfsleyfi, og það á rétt á að fá öll þau gögn og upplýsingar sem það telur þörf á til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Samkvæmt frumvarpinu ná þessar heimildir nú einnig til

leyfilegrar hliðarstarfsemi félaganna skv. 11. gr. að því leyti sem nauðsyn krefur, svo og til starfsemi vátryggingamiðlara.

2. mgr. á við um eftirlit með starfsemi erlendra félaga hér á landi sem hafa aðalstöðvar á EES. Kveðið er á um heimildir til ráðstafana gagnvart stjórnendum félags o.fl. til að tryggja nauðsynlegar úrbætur á því sem úrskeiðis hefur farið til að gæta hagsmuna hinna vátryggðu til að tryggja að farið sé að lögum hér á landi og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Ákvæði þetta er í samræmi við almenn ákvæði í gerðum EES-samningsins. Um sérstakar aðgerðir gegn slíku félagi er varða t.d. fjárhagsleg atriði skal Vátryggingaeftirlitið hafa samband við eftirlit heimaríkis, sbr. VII. kafla.

Útibú erlendra félaga með aðalstöðvar utan EES sem hér fá starfsleyfi falla að öllu leyti undir 1. mgr. þessarar greinar.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvað gera skuli ef vátryggingafélag lætur ekki í té gögn skv. 1. mgr. eða ráðstafanir sem krafist er í framhaldi kannana eru ekki gerðar innan tilskilins frests. Þá ber Vátryggingaeftirlitinu að tilkynna það ráðherra og gera tillögu um hvað gera skuli. Í 43. gr. LUV er mjög almennt ákvæði um það hvenær eftirlitið skuli grípa til ráðstafana og tilkynna ráðherra um mál, allt frá athugasemdum við skilmála og til þess er félag er ekki gjaldhæft, og þar er ekki kveðið á um fresti. Í þessu frumvarpi er skilgreint nánar hvenær beri að vísa málum til ráðherra og með hvaða hætti, og hvenær tillögur skuli lagðar fyrir hann um frekari ráðstafanir, sbr. XI. kafla. Mál af þessu tagi eru mjög viðkvæm og mikilvægt að vel sé að þeim staðið, nægra upplýsinga og gagna sé aflað og að framhaldið fari eftir eðli þess og mikilvægi og eftir því hverjar afleiðingarnar kunna að verða hverju sinni. Því er, sbr. síðasta málsl. 3. mgr., gert ráð fyrir í tilvikum sem hér um ræðir, að félagið verði upplýst um stöðu máls áður en tilkynning til ráðherra er send þannig að því gefist lokakostur á að koma að frekari gögnum eða að gera umbeðnar úrbætur.

Um 54. gr.

Í þessari grein er fjallað um þau mikilvægu verkefni Vátryggingaeftirlitsins að kanna gjaldþol og greiðsluþol vátryggingafélaga sem hér hafa fengið starfsleyfi. Hliðstæð ákvæði eru í LUV, sbr. 39. og 41. gr. og reglugerð nr. 482/1981, en hér er málsmeðferð gerð einfaldari og skýrari. Lagt er til að regla 3. mgr. 41. gr. LUV falli niður. Eftirlitið skuli því aðeins tilkynna félagi um niðurstöður könnunar, hafi það athugasemdir fram að færa. Ekki virðist þörf á að kveða sérstaklega á um það í lögum að félagi skuli almennt gefinn kostur á að koma að athugasemdum eða skýringum þar eð slíkt á að leiða af eðlilegu verklagi í eftirlitsstarfi. Hins vegar getur staða félags verið þannig að grípa þurfi til ráðstafana þegar í stað í samræmi við ákvæði XI. kafla og Vátryggingaeftirlitið verður í slíkum tilvikum að geta tekið ákvarðanir án tafar.

Þá eru ákvæði um skyldur eftirlitsins varðandi mat á vátryggingaskuldinni og að tilteknar eignir séu til staðar til að mæta henni. Það er eitt af nýmælunum í frumvarpi þessu að ítarlegar reglur skulu settar um þær eignir sem til staðar verða að vera á móti vátryggingaskuldinni, sbr. 34. og 35. gr.

Um 55. gr.

Eftirlit með viðskiptaháttum, sölustarfsemi og tjónsuppgjöri og starfræksla kvörtunar- og upplýsingaþjónustu hefur verið á verkefnaskrá Vátryggingaeftirlitsins frá upphafi enda talin rúmast innan ramma LUV þótt ákvæði þar að lútandi séu misítarleg eða vanti jafnvel alveg. Starfsemin hefur og verið reist á almennri stefnumörkun og markmiðum laga um vátryggingastarfsemi. Ákvæði þessarar greinar eru almenn og ná því til allrar vátryggingastarfsemi sem hér er í boði, þ.e. ákvæðin ná einnig til starfsemi erlendra félaga aðildarríkja hér á landi en það eftirlit mun í mörgum tilvikum eiga sér stað í samráði við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis hlutaðeigandi félags.

Ítarleg ákvæði eru í LUV um eftirlit með vátryggingaskilmálum og iðgjöldum vátryggingafélaga, sbr. 40. gr. LUV. Senda skal alla fyrirhugaða skilmála og breytingar á þeim fyrir fram til eftirlitsins til skoðunar og getur eftirlitið krafist þess að ákvæði sem það samþykkir ekki verði numin brott. Sama gildir samkvæmt lögunum um iðgjöld. Samkvæmt 1. og 2. mgr. frumvarpsins eru ákvæðin um fyrir fram kerfisbundið eftirlit með skilmálum og iðgjöldum felld niður í samræmi við fyrirmæli samkvæmt gerðum EES-samningsins. Þó má gera kröfu um að lagðir verði fram skilmálar lögboðinna vátrygginga svo og tæknilegur grundvöllur líf- og heilsutrygginga. Áfram verður í verkahring Vátryggingaeftirlitsins samkvæmt frumvarpinu að fylgjast eftir föngum með því að skilmálar og iðgjöld sem í boði eru samræmist lögum og reglum hér á landi.

Engin bein ákvæði eru um starfsrækslu kvörtunar- og upplýsingaþjónustu í LUV. Hér er lagt til að lögfest verði að neytendamáladeild skuli starfa við Vátryggingaeftirlitið og að um hana verði sett almenn ákvæði með reglugerð. Eftirlitið hefur eftir föngum sinnt kvörtunarþjónustu frá upphafi (1974) en frá 1981 hefur verið um formlega auglýsta þjónustu að ræða. Telja má slíka starfsemi mikilvægan lið í eftirliti með vátryggingaskilmálum og iðgjöldum, sölustarfsemi, tjónsuppgjöri og viðskiptaháttum vátryggingafélaga. Hún veitir eftirlitsaðila mikilvæga vitneskju um hvar skórinn helst kreppir í þessum efnum og hvaða atriði það eru sem eftirlitinu ber að fylgja eftir með sérstökum könnunum og öðrum ráðstöfunum. Neytendaþjónustan hefur um árabil mætt þörf sem óumdeilanlega hefur verið fyrir hendi á þessu sviði. Búast má við að þörf fyrir starfsemi af þessu tagi verði ekki minni í framtíðinni þegar slakað hefur verið á eftirliti með vátryggingaskilmálum og iðgjöldum sem í boði eru á markaðnum.

Starfræksla neytendamáladeildar kemur ekki í veg fyrir að þörf geti verið fyrir neytendaþjónustu á þessu sviði á vegum fleiri aðila eins og tíðkast í nálægum löndum, svo sem á vegum vátryggingafélaga og neytendasamtaka.

Um VI. kafla.

VI. kafli fjallar um vátryggingasamninga í frumtryggingum og er nýmæli nánast í heild sinni. Settar eru reglur um það hvaða löggjöf skuli gilda um vátryggingasamning sem gerður er við vátryggingafélag og um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga til vátryggingataka áður en gengið er frá samningi og á samningstímanum, einnig um upplýsingar sem skulu koma fram í samningnum sjálfum eða fylgigögnum.

Um 56. gr.

Skylt er að upplýsa um það áður en vátryggingasamningur er gerður hvaða löggjöf sé lögð til grundvallar samningnum, þ.e. löggjöf hvaða ríkis, þegar val er ekki frjálst, og hvaða löggjöf félagið hyggst leggja til að gildi þegar frjálst er að semja um löggjöf. Einnig skal upplýst um hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar- og

ágreiningsmála í tengslum við gerða vátryggingasamninga. Lagareglur vantar almennt hér á landi á neytendasviði og er ákvæði þessarar greinar mikilvægt við þær nýju aðstæður sem myndast á EES með fjölbreyttum valmöguleikum almennings um vátryggingar, skilmála og iðgjöld en um leið eykst þörfin fyrir neytendavernd. Vátryggingafélögum, fulltrúum þeirra og vátryggingamiðlurum er samkvæmt ákvæðinu skylt að veita upplýsingar um þessi atriði áður en samningur er gerður.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ávallt komi fram í samningnum eða í fylgigögnum hvaða löggjöf gildi um hann.

Um 57. gr.

Hér er kveðið á um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga, jafnt innlendra sem erlendra, sem hér reka vátryggingastarfsemi eða veita þjónustu, um heiti og aðsetur þess vátryggingafélags sem býður vátryggingu og ber vátryggingaskuldbindinguna, svo og um aðalstöðvar félagsins ef þær eru aðrar. Upplýsingar um þetta skulu látnar í té áður en vátryggingataki er skuldbundinn samkvæmt vátryggingasamningi. Mikilvægt er að fram komi í gögnum til almennings sem erlent vátryggingafélag sendir frá sér vegna starfsemi hér á landi hvar aðalstöðvar þess eru erlendis og hvar það félag er sem ber vátryggingaáhættuna og það er mikilvægt að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en gengið er frá vátryggingasamningum.

Öll bindandi tilboð skulu einnig hafa að geyma þessar upplýsingar. Þessar upplýsingar skulu einnig koma fram á bréfum og tilkynningum til almennings en víkja má frá því skilyrði þegar vátrygging telst til stóráhættu, sbr. 2. mgr. 8. gr., en ekki er talin jafnmikil ástæða til að vernda vátryggingataka í atvinnurekstri eins og hinn almenna vátryggingataka.

Í 3. mgr. er kveðið á um jafnan rétt vátryggingafélaga erlendra sem innlendra til að auglýsa starfsemi sína hér á landi enda sé fylgt lögum og reglum sem hér gilda. Áður en auglýst er skal félagið hafa tilkynnt eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis um að það hyggist starfa hér á landi, annaðhvort í útibúi eða með því að veita þjónustu án starfsstöðvar.

Um 58. gr.

Hér er að finna ákvæði um það hvaða skilmálar vátryggingafélaga og upplýsingar um iðgjöld skuli láta Vátryggingaeftirlitinu í té áður en boðið er vátryggingatökum, og er þá átt við starfsemi sem fer fram hér á landi. Eins og fram kemur í 55. gr. er fyrirframskoðun Vátryggingaeftirlitsins á skilmálum og iðgjöldum felld niður þegar félag hefur aðalstöðvar á EES. Staðan er hins vegar sú gagnvart félögum utan hins Evrópska efnahagssvæðis sem hér sækja um starfsleyfi að þau skulu láta alla skilmála og iðgjaldagrundvöll í té fyrir fram þegar sótt er um starfsleyfi. Hins vegar er ekki skylt að tilkynna um breytingar á þeim.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu umboðsmanna og sölumanna að upplýsa viðskiptavini um skilmála og iðgjöld áður en gengið er frá vátryggingasamningi og vátryggingafélagi er gert skylt að sjá til þess að starfsemi sölumanna þeirra fari fram með hagsmuni vátryggingataka og vátryggðra fyrir augum. Þau skulu einnig sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur eru ákveðnar.

Sölumenn skulu bera og framvísa skilríkjum við störf sín. Í 23. gr. LUV eru ákvæði um að sölumenn skuli bera skilríki en hér er gengið lengra og kveðið á um skyldu til að framvísa þeim.

Um 59. gr.

Hér er gerð krafa um að skilmálar frumtrygginga annarra en líftrygginga skuli vera á íslensku eða öðru máli sem gerir vátryggingataka kleift að gera sér grein fyrir aðalatriðum þess vátryggingasamnings sem í boði er. Þegar um er að ræða stóráhættu skv. 8. gr. eru ekki gerðar sömu kröfur þar eð ætla má að aðilar sem kaupa vernd gegn stóráhættu geti sjálfir metið þá vernd sem í boði er og skilmála og kjör.

Um 60. gr.

Hér er að finna ítarleg ákvæði í samræmi við gerðir EES-samningsins um upplýsingaskyldu gagnvart þeim sem kaupir líftryggingu hjá líftryggingafélagi, bæði áður en samningur kemst á og á samningstímanum. Ástæða er talin til að vernda líftryggingataka öðrum fremur í þessu tilliti vegna séreðlis líftrygginga og þeirra miklu hagsmuna og skuldbindinga sem í því felast að gera samning um líftryggingu og þar sem samningstími getur oft verið mjög langur. Gerð er krafa um að upplýsingarnar skuli vera skriflegar og á íslensku. Líftryggingataki getur óskað þess að þær séu á öðru máli en ekki er skylt að verða við þeirri ósk. Um heilsutryggingu samkvæmt tæknilegum grundvelli gilda hliðstæðar reglur.

Líftryggingataki hefur 30 daga frest til að segja líftryggingunni upp, sbr. 4. mgr. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 2. tilskipunar um líftryggingar. Getur hann á þeim tíma sagt samningnum upp og losnað undan öllum frekari skyldum sem af honum leiðir. Tekið er fram að eingöngu er átt við einstaklingslíftryggingar.

Hafi gildur samningur verið gerður er um uppsögn að ræða og því verður að gera ráð fyrir að vátryggingataki verði að greiða iðgjald fyrir þann tíma sem samningur hans hefur verið í gildi fyrir þá vátryggingaáhættu sem í samningnum felst, en að allar skyldur sem hann hefði að öðru leyti haft samkvæmt samningnum falli niður. Enda þótt EES-samningurinn sé kveikjan að þessu ákvæði er það ekki einskorðað við aðildarríki þess og gildir það einnig um samninga við líftryggingafélög sem eru utan EES. Ákvæðið gildir einnig um innlend líftryggingafélög og viðskipti þeirra við innlenda jafnt sem erlenda vátryggingataka sem hér hafa aðsetur að jafnaði.

Um 61. gr.

Vátryggingasamningalög hafa ekki verið samræmd á Evrópsku efnahagssvæði og mismunandi löggjöf getur því gilt um samning um vátryggingu eftir því hvar vátrygging er keypt. Í gerðum EES-samningsins (2. líf- og skaðatryggingatilskipun) er að finna reglur um val á löggjöf og eru þær teknar upp í þessari grein.

Hér á landi hefur einu ákvæðin um þetta efni í lögum verið að finna í LUV þar sem kveðið er á um að erlend vátryggingafélög, sem hér fá leyfi til að reka aðalumboð, skuli lúta íslenskum réttarreglum. Réttarstaða er því mjög óviss nema settar verði reglur samhliða þeim miklu breytingum sem verða með tilkomu EES. Hér er sú stefna mörkuð að þær reglur sem settar verði gildi bæði um aðildarríki EES og þriðju ríki.

Þær kvaðir eru lagðar á um val á löggjöf að ófrávíkjanlegum réttarreglum hér á landi skal ávallt beitt og þegar vátrygging er lögboðin hér á landi skuli réttarreglur hér ávallt gilda.

Semja má um löggjöf þegar ákvæðin eru frávíkjanleg og má ákveða að lög annars ríkis skuli gilda. Ef t.d. er gerður hefur verið vátryggingasamningur um að ensk lög gildi, þegar um vátryggingaskyldu er að ræða samkvæmt íslenskum lögum, t.d. í ábyrgðartryggingu ökutækja, skulu íslenskir dómstólar beita íslenskum ófrávíkjanlegum reglum en að öðru leyti enskum rétti.

Í 1. mgr. er kveðið á um að tilvísun til löggjafar ríkis vísi ekki til réttarreglna þess ríkis þegar um val á löggjöf um vátryggingasamninga er að ræða.

2. mgr. á við um ríki þar sem fleiri en eitt réttarkerfi gilda. Í ríki geta verið fleiri sjálfstjórnarsvæði eða svæðisbundnar einingar, sbr. t.d. Þýskaland. Hér er kveðið á um að dómstólar hér á landi eiga ekki aðeins að beita ákvæðum laganna til að ákveða ríkið þar sem viðeigandi rétt er að finna, heldur einnig að taka afstöðu til þess á hvaða svæði er að finna þann rétt sem á að gilda. Samsvarandi ákvæði er einnig í 2. líf- og skaðatryggingatilskipun.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ófrávíkjanlegum reglum íslenskra laga skuli beitt óháð því hvaða löggjöf skuli gilda að öðru leyti. Um lögmæltar vátryggingar gilda allar ófrávíkjanlegar lagareglur þess ríkis sem leggur á vátryggingaskylduna.

Í 5. mgr. er því slegið föstu að lögin eru ekki tæmandi um þessar reglur. Því má beita ólögfestum lagareglum svo framarlega sem þær stríða ekki gegn ákvæðum laganna.

Um 62. gr.

Þessi grein á við um líftryggingar einvörðungu. Hugtakið „líftrygging“ er ekki skilgreint nákvæmlega í frumvarpinu. Gengið skal út frá skilgreiningunni í 1. líftryggingatilskipun Samkvæmt tilskipuninni skal líta á tilteknar vátryggingar gegn líkamstjóni, vegna óvinnufærni, vegna örorku af völdum slyss, dánartryggingu vegna slyss o.fl. eins og líftryggingar þegar þær eru teknar með líftryggingu. Ákvæði þessarar greinar er að finna í 2. líftryggingatilskipun.

Í 1. mgr. segir að lög þess ríkis þar sem skuldbinding komst á gildi. Ákvæðið er tvíþætt. Annars vegar er gefið til kynna um hvaða lög megi semja, hins vegar hvaða lög gildi þegar ekkert er um samið.

Í 2. mgr. segir að þegar einstaklingur er ríkisborgari í öðru ríki en hann býr í að jafnaði megi einnig beita lögum þess ríkis þar sem hann er ríkisborgari. Tilskipunin opnar möguleika einstakra ríkja að auka enn frekar samningsfrelsið þegar lög þeirra gilda samkvæmt aðalreglunni. Ekki er lagt til að sú leið verði farin að heimila að lög annars ríkis gildi um skuldbindingu sem komst á hér á landi. Í flestum tilvikum eru það fyrst og fremst íslensk lög sem líftryggingataki hér á landi þekkir og sú vernd sem hann hefur samkvæmt íslenskum lögum á einnig að vera fyrir hendi þótt hann velji erlent líftryggingafélag. Ákvarðandi um það hvar talið er að skuldbindingin hafi komist á er hvar líftryggingatakinn býr að jafnaði. Þetta á við um einstaklingsbundnar vátryggingar en þá er samningsaðstaða aðila yfirleitt ójöfn. Nauðsynlegt er talið að vátryggður njóti þeirrar verndar sem felst í þeirri ófrávíkjanlegu reglu að beita skuli lagareglum sem gilda hér á landi þegar líftryggingin komst á hér á landi.

Þegar líftryggingataki er lögaðili er líftryggður annar en líftryggingataki, t.d. þegar atvinnurekandi tekur hóptryggingu vegna starfsmanna sinna. Skuldbindingin er þá talin hafa komist á þar sem sú starfsemi fer fram sem samningurinn á við um. Reglan í 2. mgr. getur einnig átt við þegar atvinnurekandi líftryggir einstaklinga með ríkisborgararétt annars staðar. Ef t.d. hollenskt fyrirtæki á Íslandi hyggst vátryggja hollenska starfsmenn sína er ekki endilega víst að beita eigi reglu 1. mgr. um að íslensk lög gildi um samninginn

eða að það sé talið æskilegt frá sjónarmiði hinna vátryggðu, vátryggingataka eða vátryggingafélags. Í 2. líftryggingatilskipun eru engin sérákvæði um þau tilvik þegar hinn líftryggði býr, eða er ríkisborgari, í öðru landi en því sem sú starfsemi fer fram sem samningurinn á við um. Annað dæmi um að ákvæði 1. mgr. sé of þröngt er þegar útgerðarfélag óskar eftir því að vátryggja erlenda áhöfn skips síns. Hinir vátryggðu hafa e.t.v. engin tengsl við Ísland.

Í 3. mgr. er veitt heimild fyrir aðila að semja um lög þess lands þar sem hinn líftryggði býr eða er ríkisborgari.

Í 4. mgr. er kveðið á um það tilvik þegar skuldbindingin komst á annars staðar en á Íslandi. Ef lög þess ríkis heimila það geta lög þess gilt um samninginn. Dæmi um þetta er t.d. þegar Dani, að jafnaði búsettur í Danmörku, kaupir líftryggingu hjá íslensku líftryggingafélagi. Skuldbindingin komst því á í Danmörku og heimili dönsk lög það geta þau gilt um samninginn. Einnig mætti semja um önnur lög en dönsk, heimili hin dönsku lög það.

Um 63. gr.

Þessi grein á við um aðrar vátryggingar en líftryggingar. Hún er reist á samsvarandi ákvæðum í 2. skaðatryggingatilskipun. Þau atriði sem hér skipta fyrst og fremst máli eru: Ríkið þar sem vátryggingaáhættan er, ríkið þar sem vátryggingataki býr og ríkið þar sem tjón geta átt sér stað. Í vissum tegundum vátrygginga er möguleiki á að velja aðra löggjöf en þá sem leiðir af almennu ákvæðunum í tilskipuninni. Reglur um þetta er að finna í 5. mgr.

Meginreglan er sú að þegar það fer saman, aðildarríkið þar sem vátryggingataki býr að jafnaði eða hefur aðsetur og aðildarríkið þar sem vátryggingaáhættan er, eins og nánar er skilgreint í 8. gr., skal beita lögum þess ríkis. Aðilar mega þó semja um annað ef það er heimilt lögum samkvæmt í ríkjunum. Þegar það fer ekki saman, mega aðilar velja hvort ríkið sem er þegar ákveða skal löggjöfina. Þegar áhætta er stóráhætta geta aðilar ávallt samið. Ýmis fleiri afbrigði eru talin í greininni.

1. mgr. á við um tilvik þegar vátryggingatakinn býr (hefur að jafnaði aðsetur) þar sem vátryggingaáhættan er. Þetta er algengasta tilvikið þegar um fjöláhættuvátryggingar er að ræða, þ.e. hús, innbú, ökutæki o.s.frv. er vátryggt, eða þegar t.d. keypt er ferðatrygging í venjulegum sumarleyfisferðum. Sama gildir þegar fyrirtæki með aðalstöðvar hér á landi vátryggir íslenska hagsmuni sína, eignir o.s.frv.

2. mgr. á við þegar vátryggingaáhættan er í öðru landi en þar sem vátryggingatakinn býr. Unnt á að vera að velja á milli löggjafar beggja ríkja.

3. mgr. er hliðstæð 2. mgr. nema hér er um að ræða atvinnustarfsemi og vátryggingasamning sem nær til fleiri en einnar tegundar áhættu í a.m.k. tveimur ríkjum en þá má velja um löggjöf hlutaðeigandi ríkja auk löggjafar þess ríkis þar sem vátryggingataki býr.

4. mgr. er hliðstæð 4. mgr. 62. gr. en á hér við um aðrar vátryggingar en líftryggingar.

5. mgr. takmarkast við tjón sem eingöngu geta átt sér stað í öðru ríki en því þar sem vátryggingaáhættan er. Dæmi um slíkt er þegar Íslendingur leigir íbúð á Spáni og á þar innbú. Innbúið telst að jafnaði vátryggingaáhætta hér á landi skv. 8. gr. en þar eð tjón á innbúinu verða eingöngu á Spáni má velja lög Spánar um vátryggingasamninginn.

Í 6. mgr. er kveðið á um að þegar áhætta telst stóráhætta hafi aðilar frjálst val um löggjöf. Eins og í líftryggingum eru hér þau varfærnissjónarmið uppi að takmarka möguleika á vali á löggjöf annarra ríkja þegar um er að ræða hinn almenna neytanda og minni fyrirtæki en heimila frjálsara val þegar um er að ræða atvinnurekstur í stærri stíl þar sem oft á tíðum má telja að aðilar geti metið þá vernd sem í boði er og að almennt sé þörfin fyrir neytendavernd þá minni.

Ef ekki er um neitt samið, sbr. 7. mgr., skal miða við lög þess lands sem best eru talin eiga við. Hér skipta sömu atriði meginmáli og þegar kveðið er á um hvenær valfrelsi um löggjöf ríkir, þ.e. hvar vátryggingaáhættan er, búseta vátryggingataka, hvar ríkisborgararétturinn er og ríkið þar sem tjón geta orðið. Ekki skiptir heldur máli í þessu tilviki hvar vátryggingafélagið hefur aðsetur. Venjulega yrði það ríkið þar sem vátryggingaáhættan er staðsett sem teldist eiga best við.

Við flóknari aðstæður má reikna með því að mismunandi réttarreglur geti átt við um sama vátryggingasamning. Aðalreglan verður væntanlega að dómstóll meti aðstæður í heild og komist að niðurstöðu um löggjöf sem málið í heild sinni á við um. Í 8. mgr. er opnuð sú leið að sem undantekningu megi beita réttarreglum fleiri en eins ríks á mismunandi hluta samnings. Þetta á þó eingöngu við um tilvik þar sem unnt er að aðgreina skýrt hluta samningsins hvern frá öðrum og þegar lög annars ríkis eiga betur við en um aðra hluta samningsins.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla er fjallað annars vegar um vátryggingafélög með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði sem hyggjast starfa hér á landi og hins vegar félög með aðalstöðvar utan þess. Ákvæði um hin fyrrnefndu eru samræmd ákvæðum EES-samningsins að því er varðar heimildir til að reka útibú eða til að veita hér þjónustu án starfsstöðvar. Tilgreind eru þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt og þau gögn sem láta þarf í té, bæði Vátryggingaeftirlitinu og eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis. Um vátryggingafélög með aðalstöðvar utan EES gilda í mörgum atriðum efnislega hliðstæð ákvæði og í gildandi lögum en þau eru ítarlegri m.a. varðandi eftirlit og heimildir til afskipta þegar eitthvað fer úrskeiðis og þegar vátryggingastofni er ráðstafað. Einnig eru ákvæði um geymslufé hér á landi.

Um 64. gr.

Hér er kveðið á um skilyrði þess að vátryggingafélag með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði megi setja á stofn útibú hér á landi, sbr. skilgreiningu á útibúi og aðsetri sem telst jafngilda útibúi í 6. gr. Gerðir EES-samningsins kveða á um að þegar vátryggingafélag með aðalstöðvar á EES hyggst setja á stofn útibú í aðildarríki skal það tilkynna það eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis, þ.e. þar sem félagið hefur aðalstöðvar og starfsleyfi hefur verið gefið út. Hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld eiga að senda eftirliti gistiríkis þau gögn sem kveðið er á um í þessari grein. Vátryggingaeftirlitið þarf því að fá nefnd gögn í hendur þegar félag í aðildarríki hyggst setja útibú á laggirnar hér á landi.

Ávallt er skilyrði að félagið hafi fast aðsetur hér á landi þar sem unnt er að ná sambandi við fulltrúa félagsins og afla gagna um starfsemina. Fulltrúinn skal hafa heimild til að skuldbinda félagið hér á landi og að koma fram fyrir hönd þess í málefnum er það varðar. Ekki mun þó heimilt að skylda hann til búsetu hér á landi.

Útibúið má hefja starfsemi þegar Vátryggingaeftirlitið hefur fengið tilskilin gögn í hendur um starfsemina og hefur tilkynnt félaginu þar um, svo og þegar eftirlitið hefur tilkynnt eftirliti heimaríkis um hugsanleg almenn skilyrði sem hér gilda og félagið verður að lúta, t.d. varðandi löggjöf á neytendasviði eða á öðrum sviðum sem kunna að hafa áhrif á þá starfsemi sem félagið hyggst reka hér.

Samkvæmt gerðum EES-samningsins á þessu sviði skulu eftirlitsstjórnvöld hlutaðeigandi aðildarríkis senda umrædd gögn til Vátryggingaeftirlitsins innan þriggja mánaða frá því að beiðni félagsins liggur fyrir og eftirlitið hér á landi hefur aðra tvo til að fjalla um málið. Það er eftirlit heimaríkis sem hefur með höndum að ákveða hvort félagið fær heimild til að setja útibúið á stofn hér á landi og skilyrði þess eru fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis og að félagið hafi starfsleyfi heima fyrir í þeim greinaflokkum vátrygginga sem það hyggst reka. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að Vátryggingaeftirlitið geti komið á framfæri athugasemdum vegna starfseminnar, ef einhverjar eru, um öll atriði er máli skipta í þessu sambandi. Fer það þá eftir eðli máls hverju sinni og viðbrögðum aðila til hvaða ráðstafana yrði gripið.

Allar breytingar varðandi þau atriði sem tilkynnt eru skal senda Vátryggingaeftirlitinu a.m.k. með mánaðar fyrirvara en eftirlitið skal árlega afla vottorðs um að gjaldþol félagsins sé fullnægjandi.

Um 65. gr.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði opnar leið fyrir vátryggingafélög sem hafa starfsleyfi í einhverju aðildarríki að bjóða vátryggingar í öðru aðildarríki án sérstakrar starfsstöðvar þar og gildir það í öllum greinum vátrygginga. Skilyrði þessa eru tilgreind í þessari grein. Eftirlitsstjórnvöld heimaríkis skulu senda Vátryggingaeftirlitinu m.a. staðfestingu þess að félagið uppfylli tilskildar kröfur um gjaldþol vegna starfsemi þess í heild og að það hafi starfsleyfi í þeim greinum sem það hyggst veita þjónustu í. Félaginu er skylt að hafa hér á landi sérstakan fulltrúa til að annast tjónsuppgjör sé um að ræða þjónustu í lögmæltum ökutækjatryggingum og félagið skal þá vera aðili að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. Einnig skulu skilmálar lögboðinna vátrygginga látnir í té, svo og tæknilegur grundvöllur líf- og heilsutrygginga þegar um þær greinar er að ræða.

Eftirlit heimaríkis hefur í þessu tilviki einn mánuð til að senda Vátryggingaeftirlitinu tilskilin gögn og það er einfaldlega gert ráð fyrir því að þegar Vátryggingaeftirlitið hefur fengið gögnin í hendur megi félagið án frekari formsskilyrða veita þjónustu.

Samsvarandi grein í eldra frumvarpi tók einvörðungu til starfsemi í greinum er teljast til stóráhættu og þegar líftryggingar eru teknar að eigin frumkvæði líftryggingataka en nú er ekki gerður greinarmunur í þessum efnum.

Um 66. gr.

Eftirlitsstjórnvöld heimaríkis bera ábyrgð á eftirliti með starfsemi vátryggingafélaga á Evrópsku efnahagssvæði sem þau hafa veitt starfsleyfi og fjárhagslegri hlið starfseminnar sérstaklega og þau verða að geta gert þær kannanir í öðrum aðildarríkjum sem nauðsynlegar eru til að framfylgja þessu eftirliti. Eftirlit aðildarríkis útibús eða þar sem þjónusta er veitt (eftirlit gistiríkis) hefur heimild til að taka þátt í þessum könnunum samkvæmt þessari grein frumvarpsins og er það í samræmi við reglur samkvæmt gerðum EES-samningsins. Vátryggingaeftirlitið á því rétt á að taka þátt í slíkum könnunum vegna starfsemi erlendra félaga hér á landi en það er ekki gert ráð fyrir að það geri slíkar kannanir að eigin frumkvæði án samráðs eða þátttöku eftirlitsstjórnvalda heimaríkis. Það get-

ur þó haft frumkvæði um að slíkar kannanir fari fram og eftirlit heimaríkis getur falið því að framkvæma þær.

Um 67. gr.

Hér er m.a. tilgreint hvað gera skuli uppfylli vátryggingafélag, sem hér rekur útibú, ekki sett skilyrði um vátryggingaskuldina eða um gjaldþol. Eftirlitsstjórnvöld heimaríkis skulu þá grípa í taumana og hlutaðeigandi félag skal gera áætlun um að tilskildum skilyrðum verði fullnægt. Í neyðartilvikum geta eftirlitsstjórnvöld heimaríkis bannað félaginu ráðstöfun eigna hér á landi. Gert er ráð fyrir því að Vátryggingaeftirlitið geti einnig gripið til ýmissa ráðstafana að beiðni eftirlitsstjórnvalda heimaríkis þegar hagsmunir vátryggingataka og vátryggðra eru í húfi. Einnig verður að gera ráð fyrir neyðartilvikum þar sem Vátryggingaeftirlitið verður að grípa til ráðstafana þó að viðbrögð eftirlitsstjórnvalda heimaríkis við tilkynningum eftirlitsins liggi ekki fyrir, sbr. 3. mgr.

Um 68. gr.

Eftirlitsstjórnvöld heimaríkis hafa hönd í bagga um flutning vátryggingastofns vegna starfsemi útibús eða vegna þjónustu sem veitt hefur verið hér á landi án starfsstöðvar. Meginreglan er að eftirlitsstjórnvöld heimaríkis félags sem tekur við stofninum skal staðfesta að gjaldþol þess félags sé fullnægjandi að teknu tilliti til hins nýja stofns. Samráð skal ávallt haft við Vátryggingaeftirlitið og samþykki þess fyrir flutningi stofnsins verður að liggja fyrir þegar vátryggingaáhættan sem flutt er er hér á landi. Auglýsa skal í Lögbirtingablaði og tilkynna vátryggingatökum eftir reglum sem gilda hér á landi þegar vátryggingaáhættan er hér á landi.

Þegar félagið sem tekur við stofninum er ekki staðsett í heimaríki sínu, þ.e. ekki er um aðalstöðvar þess að ræða, þarf einnig að hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld þess ríkis um flutninginn.

Um 69. gr.

Hér er lögð sú skylda á Vátryggingaeftirlitið að sjá til þess að ekki sé stofnað til nýrra vátryggingasamninga þegar eftirlitsstjórnvöld heimaríkis hafa afturkallað starfsleyfi félags sem hér rekur útibú eða veitir þjónustu án starfsstöðvar og að hafa samstarf við þau stjórnvöld til að tryggja eftir fremsta megni hagsmuni vátryggingataka og vátryggðra. Hér verður að gera ráð fyrir frumkvæði Vátryggingaeftirlitsins til ráðstafana í neyðartilvikum og þegar þörf krefur og ekki verður við komið að ná til eftirlitsstjórnvalda heimaríkis í tæka tíð.

Um 70. gr.

Hér er fjallað um tilkynningarskyldu til vátryggingafélagaskrár vegna starfsemi útibús eða félags sem hér veitir þjónustu án starfsstöðvar.

Einnig er kveðið á um að Vátryggingaeftirlitið geti krafist þess að öll gögn sem því ber vegna starfsemi erlendra vátryggingafélaga hér á landi skuli vera á íslensku. Í mörgum tilvikum mundi nægja að þau væru á ensku eða á Norðurlandamáli og þýðingar yrði væntanlega ekki krafist nema nauðsyn bæri til til að spara óþarfa vinnu og útgjöld.

Um 71. gr.

Um erlend félög með aðalstöðvar utan Evrópsks efnahagssvæðis gilda samkvæmt frumvarpinu hliðstæðar reglur og í gildi eru samkvæmt núgildandi LUV, þ.e. hér verður að vera föst starfsstöð og fulltrúi með aðsetur og búsetu hér á landi og varnarþing. Fulltrúinn er hér nefndur aðalumboðsmaður eins og í núgildandi LUV.

Gert er að skilyrði starfsleyfis hér á landi að íslensk vátryggingafélög njóti ekki lakari réttar í heimalandi félagsins en hið erlenda félag hér. Það hefur væntanlega í för með sér að eftirlitsstjórnvöldum hér á landi yrði skylt að kanna hjá eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis, hvort sambærilegt félag gæti fengið starfsleyfi þar og með hvaða skilyrðum, áður en afstaða yrði tekin til starfsleyfisveitingar.

Um 72. gr.

Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar utan Evrópsks efnahagssvæðis lúta í nokkrum atriðum öðrum reglum og skilyrðum en félög innan EES. Krafist er geymslufjár af þessum félögum eins og nánar segir í 2. mgr. og þau skulu meta og ávaxta vátryggingaskuldina eftir þeim reglum sem gilda hér á landi. Einnig er gert ráð fyrir að hið erlenda félag skili með umsókn sýnishornum allra vátryggingaskilmála og iðgjaldagrundvallar sem það hyggst nota hér á landi en sú skylda er felld niður þegar félög á EES eiga í hlut nema þegar um lögboðnar vátryggingar er að ræða og tæknilegan grundvöll líf- og heilsutrygginga.

Í EES-samningnum eru sérstök ákvæði um samráð við önnur aðildarríki um veitingu starfsleyfis til félaga sem hafa staðfestu utan EES og sérreglur gilda um aðild þeirra að svæðinu öllu, einkum þegar um er að ræða dótturfélög móðurfélaga sem lúta lögum þriðju ríkja. Slík samráð milli eftirlitsstjórnvalda eru nauðsynleg þar eð starfsleyfi, veitt í einu aðildarríki, skapar aðstöðu til starfsemi annars staðar á svæðinu, með stofnun félaga, útibúa eða með því að veita þjónustu án starfsstöðvar. Aðildarríki geta sett sérreglur heima hjá sér um aðgang félaga með aðalstöðvar utan EES sem nauðsynlegt er að kanna áður en starfsleyfi er veitt.

Um 73. gr.

Hér er kveðið á um skil á gögnum til Vátryggingaeftirlitsins um starfsemina hér á landi og um skil á ársreikningi hins erlenda félags sem skal sendur eftirlitinu. Nýmæli er að kveðið er á um skyldu aðalumboðsmanns félagsins að skýra eftirlitinu frá því ef eftirlitsstjórnvöld heima fyrir gera athugasemd við starfsemi þess eða meiri háttar breytingar verði á högum þess, sbr. 2. mgr.

Um 74. gr.

Vátryggingaeftirlitið setur félaginu tiltekinn frest til úrbóta brjóti félagið lög og reglugerðir um vátryggingastarfsemi eða vanræki skyldur sínar og hefur eftirlitið mjög víðtækar heimildir til afskipta geri félagið ekki nauðsynlegar úrbætur innan þess frests og sé talið að hagsmunum vátryggingataka og vátryggðra sé stefnt í hættu ef ekkert verði að gert.

Nýmæli samkvæmt frumvarpinu er að Vátryggingaeftirlitið getur útnefnt nýjan aðalumboðsmann félagsins til að ljúka viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar hér og heimilað honum að ráðstafa eignum félagsins.

Um 75. gr.

Hliðstæð almenn ákvæði eru í XI. kafla. Vátryggingaeftirlitinu ber að taka ákvörðun um ráðstöfun vátryggingastofns hins erlenda félags sé þannig komið málum að starfsleyfi hefur verið afturkallað. Skal ákveðið hvort þess skuli freistað að yfirfæra stofninn til eins eða fleiri félaga hér á landi eða skuldbindingum skuli lokið á annan hátt. Þegar um líftryggingar er að ræða getur Vátryggingaeftirlitið sett líftryggingastofn undir sérstaka stjórn. Þá getur eftirlitið takmarkað og jafnvel bannað félaginu yfirráð yfir eignum sínum og fjármunum hér á landi.

Um 76. gr.

Gert er ráð fyrir að hið erlenda félag verði ekki máð úr vátryggingafélagaskrá fyrr en viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar er að fullu lokið og tekur Vátryggingaeftirlitið ákvörðun um hvenær það getur átt sér stað.

Ekki er unnt að leysa geymslufé sem félagið hefur lagt fram fyrr en félagið hefur fært sönnur á að staðið hafi verið við allar skuldbindingar eða nægilega há trygging hafi að mati Vátryggingaeftirlitsins verið lögð fram.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla eru ákvæði um vátryggingafélög sem hér hafa fengið starfsleyfi en vilja stofna útibú eða veita þjónustu án starfsstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði og um skilyrði sem þarf að uppfylla. Vátryggingaeftirlitið ber ábyrgð á eftirliti með starfsemi þessara félaga á EES. Kveðið er á um þau gögn sem Vátryggingaeftirlitið verður að fá í hendur og um tilkynningarskyldu þess til hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvalda. Einnig ber að tilkynna eftirlitinu fyrir fram, óski félag sem hér hefur fengið starfsleyfi eftir því að starfa í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og skila þeim gögnum sem eftirlitið óskar eftir. Þegar útibú frá félögum utan EES eiga í hlut gilda sérreglur m.a. um samráð við eftirlitsstjórnvöld aðildarríkja áður en þau fá starfsleyfi og þar með aðgang að Evrópsku efnahagssvæði.

Um 77. gr.

Vátryggingafélög og útibú sem hafa fengið starfsleyfi hér á landi, geta starfað í aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis á grundvelli þess starfsleyfis. Starfsleyfið veitir þó ekki sjálfkrafa þann rétt. Hér eru mál skoðuð frá þeirri hlið er vátryggingafélag sem starfar á Íslandi og hefur fengið starfsleyfi hér óskar eftir að stofna útibú í öðru aðildarríki hins Evrópska efnahagssvæðis og rakin eru skilyrði sem þarf að uppfylla. Í 6. gr. kom fram að skipulag útibús getur verið með ýmsu móti og nægir fast aðsetur í einhverri mynd með fulltrúa sem hefur fast aðsetur í aðildarríkinu. Ekki eru gefin út sérstök starfsleyfi og þegar tilskilin gögn hafa verið send hlutaðeigandi efirlitsstjórnvöldum ásamt vottorði um að skilyrði um gjaldþol séu uppfyllt má útibúið hefja starfsemi. Eftirlitsstjórnvöld hlutaðeigandi aðildarríkis hafa tækifæri innan tveggja mánaða til að senda Vátryggingaeftirlitinu tilkynningu og athugasemdir ef einhverjar eru. Þó er gert ráð fyrir því að það sé á valdi heimaríkis, þ.e. í þessu tilviki Vátryggingaeftirlitsins að heimila starfsemina í útibúinu. Í tilkynningu eftirlits aðildarríkis útibúsins gæti t.d. verið að finna upplýsingar um sérstök almenn skilyrði og lagafyrirmæli er gilda og skulu uppfyllt í aðildarríkinu á öðrum sviðum, t.d. á neytendasviði.

Um 78. gr.

Í þessari grein er fjallað um það þegar vátryggingafélag sem hér hefur fengið starfsleyfi hyggst veita þjónustu í öðru aðildarríki EES án þess að setja þar á stofn starfsstöð, og eru rakin þau skilyrði sem þarf að uppfylla. Hliðstæð gögn og í 65. gr. þurfa að liggja fyrir um starfsemina að upplýsingum er tengjast vátryggingaútibúi frátöldum. Upplýsingarnar skal Vátryggingaeftirlitið senda eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis og félagið getur hafið starfsemi þegar því hefur borist tilkynning frá Vátryggingaeftirlitinu um að gögnin hafi verið send og móttekin. Ekki er gert ráð fyrir sérstöku áliti frá eftirliti gistiríkis um fyrirhugaða starfsemi. Þó ber að taka til greina og umfjöllunar hugsanlegar athugasemdir eftirlits gistiríkis sem fram kunna að koma vegna fyrirhugaðrar starfsemi.

Um 79. gr.

Hafi vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, hug á að hefja starfsemi í ríki utan EES skal það einnig tilkynnt Vátryggingaeftirlitinu og ákveður eftirlitið hvaða gögnum skuli skilað um fyrirhugaða starfsemi eins og segir í 1. mgr. Það fer að sjálfsögðu eftir gildandi lögum og reglum hlutaðeigandi ríkis hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt og um leyfisveitingar til slíkrar starfsemi.

Í 2. mgr. er aftur á móti vikið að útibúum sem vátryggingafélög með aðalstöðvar utan EES kunna að fá leyfi til að reka hér á landi en starfsleyfi hér á landi getur veitt þeim aðgang að Evrópsku efnahagssvæði. Ákvæði 77. og 78. gr. gilda einnig hér en auk þess eru í EES-samningnum sérstök ákvæði um samráð milli hlutaðeigandi ríkja þegar slík mál koma upp og um samræmda stefnu í meðferð mála af þessu tagi, einkum og sér í lagi þegar vátryggingafélög, þ.e. móðurfélög í þriðju ríkjum sækja um leyfi fyrir dótturfélög að fá að starfa í aðildarríki EES. Aðildarríki, þar sem félag frá þriðja ríki hyggst stofna útibú eða veita þjónustu, getur m.a. neitað slíku félagi um að fá að starfa innan lögsögu sinnar, jafnvel þótt annað aðildarríki hafi veitt starfsleyfi innan sinnar lögsögu, ef einhverjar hindranir eða takmarkanir eru í gildi gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki eða ríkjum varðandi heimildir til vátryggingastarfsemi í þriðja ríkinu.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla eru ákvæði um vátryggingamiðlun sem ekki hafa áður verið í lögum hér á landi. Þessi starfsemi er skilgreind og settar eru reglur um hlutverk miðlara, skilyrði starfseminnar og eftirlit með henni, svo og um skráningu.

Um 80. gr.

Hér er vátryggingamiðlun skilgreind sem sjálfstæð atvinnustarfsemi. Greint er á milli vátryggingamiðlara sem starfa algerlega óháðir einstökum félögum og gæta hlutleysis gangvart þeim og miðlara sem miðla til tiltekinna vátryggingafélaga sem þeir hafa tengsl við er geta verið af ýmsum toga. Í báðum tilvikum skulu miðlarar veita faglega ráðgjöf og aðstoð við að koma á vátryggingasamningi eða við framkvæmd ákvæða slíks samnings.

Þó að miðlari hafi tengsl við einstök félög starfar hann sjálfstætt og ekki á þeirra vegum. Er því ekki um starfsstöð vátryggingafélags að ræða eins og skilgreint er í 6. gr. Félag getur því veitt þjónustu án starfsstöðvar hér á landi en haft tengsl við sjálfstæðan vátryggingamiðlara sem hér hefur starfsleyfi.

Það er mikilvægt að neytandinn, sem leitar eftir þjónustu miðlara, geti gert sér grein fyrir því frá byrjun hvort miðlari veitir þjónustu sem tengist tilteknum vátryggingafélögum og vátryggingum sem þau bjóða eða veitir ráðgjöf og aðstoð sem óháður miðlari.

Um 81. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skilyrði leyfis til vátryggingamiðlunar og um eftirlit með henni. Sett eru hæfisskilyrði og þess krafist að miðlarinn búi yfir nauðsynlegri þekkingu og hafi engin fjárhagsleg tengsl önnur en að fá þóknun við að koma á vátryggingasamningi. Hér á landi er nú enga skipulega sérmenntun eða þjálfun að fá á þessu sviði og er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur þar um, svo og um starfsábyrgðartryggingu.

Um 82. gr.

Í þessari grein eru starfssvið og starfsreglur vátryggingamiðlara skilgreind. Skilyrði þóknunar til óháðs miðlara er að vátryggingasamningur hafi komist á. Um þóknun eða aðrar greiðslur til miðlara skv. 2. tölul. 80. gr. fer samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigandi félög.

Miðlari skal svo fljótt sem auðið er koma fjármunum sem hann tekur við og eru í vörslu hans í hendur réttra aðila. Hann skal að öllu leyti halda fjármunum þessum aðgreindum frá eigin fjármunum. Þá er hann skyldugur að upplýsa viðskiptavini um þá þóknun er hann fær frá vátryggingafélagi vegna viðskiptanna ef þess er óskað.

Miðlarinn er einnig skyldugur að veita Vátryggingaeftirlitinu upplýsingar um þá samninga sem hann á aðild að og er það ákvæði í samræmi við gerðir EES-samningsins.

Um 83. gr.

Auk hlutverks síns að aðstoða við að koma á vátryggingasamningi ber vátryggingamiðlara einnig að veita ráðgjöf og leiðbeiningar, svo sem við endurnýjun samnings og leiðbeiningar þegar tjón ber að höndum, hafi hann miðlað vátryggingunni.

Hér er fellt niður ákvæði sem var í eldra frumvarpi um sérstaka tilhögun þegar líftryggingataki óskaði aðstoðar miðlara að eigin frumkvæði. Sérstök skilyrði af því tagi falla niður með opnun sameiginlegs vátryggingamarkaðar á Evrópsku efnahagssvæði. Önnur breyting er að vísað er til ákvæða VI. kafla þar sem er að finna ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga til vátryggingataka áður en gengið er frá samningi. Þessi skylda færist yfir á miðlara þegar þeir ganga frá vátryggingasamningi.

Um 84. gr.

Hér er gerð sú krafa að í öllu sem frá vátryggingamiðlurum fer til almennings skuli koma fram að þeir séu skráðir og hvernig tengslum þeirra við vátryggingafélög sé háttað, þ.e. hvort þeir starfa sem óháðir miðlarar eða ekki, sbr. 80. gr.

Þá er kveðið á um þá skyldu að senda Vátryggingaeftirlitinu undirritaðan ársreikning, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda. Vátryggingaeftirlitinu ber að hafa eftirlit með því að vátryggingamiðlarinn starfi sjálfstætt, og skal miðlarinn gera grein fyrir því hversu dreifð viðskiptin eru á einstök vátryggingafélög. Þetta ákvæði er samhljóða ákvæði í gerðum EES-samningsins.

Um 85. gr.

Halda skal sérstaka skrá hjá Vátryggingaeftirlitinu yfir vátryggingamiðlanir sem skráðar eru og yfir þá starfsmenn sem heimild hafa til að bera heitið vátryggingamiðlari.

Þeir sem skráðir hafa verið greiða gjald til Vátryggingaeftirlitsins vegna eftirlits með starfseminni og setur ráðherra reglur þar um.

Séu skilyrði leyfis til starfseminnar ekki lengur uppfyllt skal fella viðkomandi miðlara af skrá. Þó er gert ráð fyrir að veita megi viðvörun og frest telji Vátryggingaeftirlitið það fullnægjandi, eðli máls samkvæmt.

Vátryggingaeftirlitinu ber einnig að fylgjast með því að starfsemi af þessu tagi sé ekki rekin hér á landi án leyfis og gera kröfur um að slíkri starfsemi verði hætt og að fylgja eftir slíkum kröfum.

Um X. kafla.

X. kafli fjallar um yfirfærslu stofna vátryggingafélaga sem hér hafa fengið starfsleyfi og um samruna félaga. Einnig er fjallað um yfirfærslu stofna til félaga á EES. Hugtök eru samræmd reglum í gerðum EES-samningsins. Drög að samrunaáætlun skulu fylgja umsókn til eftirlitsins og nánar er kveðið á um hvað þar skal koma fram og hvaða gögn skuli að öðru leyti fylgja.

Um 86. gr.

Greinin er í aðalatriðum hliðstæð 20. gr. LUV en nokkuð ítarlegri. Tekið er fram að drög að samningi um flutning vátryggingastofns skuli liggja fyrir þegar sótt er um leyfi og að drögin skuli fylgja umsókninni. Sú kvöð er lögð á eftirlitið að taka án tafar afstöðu til þess hvort ástæða sé til að synja strax um færslu stofnsins. Þá er tekið fram að athugasemdir vátryggingataka og vátryggðra skuli vera skriflegar og að frestur til að skila þeim skuli eigi vera skemmri en einn mánuður. Einnig er kveðið á um að samtímis auglýsingu í Lögbirtingablaði skuli hlutaðeigandi félag auglýsa um fyrirhugaða færslu þar sem vakin er athygli á auglýsingu eftirlitsins.

Lagt er til að Vátryggingaeftirlitið veiti leyfi til yfirfærslu stofna, sbr. 3. mgr. Samkvæmt 20. gr. LUV veitir ráðherra leyfi að fengnum meðmælum eftirlitsins.

Vátryggingaeftirlitinu ber að gæta þess að réttarstaða vátryggingataka og vátryggðra verði eigi lakari eftir flutning stofns en áður. Vátryggingasamningar halda sjálfkrafa gildi sínu og vátryggingatakar eru ekki sjálfkrafa lausir frá samningum sínum við flutning stofnsins. Nýmæli er að heimild er til að segja upp samningi skriflega innan eins mánaðar frá flutningsdegi, sbr. 4. mgr.

Um 87. gr.

Greinin er ný miðað við eldra frumvarp. Vátryggingaeftirlitið mun einnig hafa hönd í bagga þegar vátryggingafélag sem hér hefur fengið starfsleyfi hyggst flytja stofn til annars félags á Evrópsku efnahagssvæði. Bæði getur verið um að ræða stofn hérlendra félaga á Íslandi eða í öðru aðildarríki EES og stofn útibúa erlendra félaga utan EES sem hér hafa starfsleyfi. Eftirlit heimaríkis þess félags sem tekur við stofninum skal áður en yfirfærslan á sér stað staðfesta að gjaldþolskröfur séu uppfylltar eftir flutninginn. Ríkið þar sem vátryggingaáhættan er sem flytja á verður ávallt að samþykkja yfirfærsluna. Eftirlit heimaríkja vátryggingafélaga á EES munu á hinn bóginn fjalla um yfirfærslu stofna vegna starfsemi þeirra hér á landi en ávallt þarf samþykki Vátryggingaeftirlitsins að koma til þegar vátryggingaáhættan er hér á landi.

Um 88. gr.

Sbr. 21. gr. LUV. Orðalagi og hugtökum er breytt í það horf sem er að finna í tilskipunum félagaréttar EB um hlutafélög sem verða hluti EES-samningsins. Gilda hér hliðstæð ákvæði um öll félagsform vátryggingafélaga.

Í þessari grein er fjallað um samruna af tvennum toga. Annars vegar er átt við „samruna með yfirtöku“ þegar félag yfirtekur allar eignir eins eða fleiri félaga sem slitið er án þess að skiptameðferð komi til og án stofnunar nýs félags, hins vegar „samruna með stofnun nýs félags“ þegar hið sama og áður segir á sér stað, nema nýtt félag er stofnað sem yfirtekur allar eignir og skuldir. Á þessu er ekki ýkja mikill munur frá sjónarmiði laga um vátryggingastarfsemi og skilyrði er ávallt að leyfi til yfirfærslu stofna liggi fyrir skv. 86. gr.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig, eftir því sem við getur átt, um félög sem reka hliðarstarfsemi sem vátryggingafélögum er heimilt að reka í sérfélögum, sbr. 11. gr.

Nýmæli er að kveða á um að heimila megi samruna þó að einhver þeirra félaga sem hlut eiga að máli gangist undir skiptameðferð, sbr. 3. mgr. Skilyrði er þá ávallt að ekki hafi verið hafist handa við að úthluta eignum til eigenda í þeim félögum.

Um 89. gr.

Greinin er nýmæli. Tilgreind eru helstu atriðin sem koma eiga fram í samrunasamningi svo sem skiptihlutföll bréfa og greiðslur fyrir hluti, réttindi til arðs og hlunninda og um breytingar sem verða á réttindum eigenda við samrunann. Einnig er gerð krafa um að lögð verði fram reikningsuppgjör, svo og nýjar samþykktir eða breytingar á þeim. Skort hefur ákvæði um þessi atriði varðandi vátryggingafélög en í hlutafélagalögum og í gerðum EB sem eru hluti EES-samningsins eru samsvarandi ákvæði.

Hér er lagt til að Vátryggingaeftirlitið veiti leyfi til samruna eins og til yfirfærslu stofna.

Um XI. kafla.

XI. kafli er að miklu leyti nýmæli. Ákvæði kaflans eiga við um starfsemi vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi, en í VII. kafla eru ákvæði um starfsemi vátryggingafélaga með staðfestu á EES sem hér reka annaðhvort útibú eða veita þjónustu án starfsstöðvar þar sem eftirlit hlutaðeigandi aðildarríkja koma við sögu.

Sérstök ákvæði eru um afskipti Vátryggingaeftirlitsins eftir að starfsleyfi er afturkallað eða þegar grípa þarf til sérstakra ráðstafana. Kveðið er á um mismunandi stig aðgerða eftir eðli máls. Í frumvarpinu er mælt fyrir um afskipti Vátryggingaeftirlitsins við ráðstöfun vátryggingastofns og vátryggingaskuldar til að gæta hagsmuna vátryggingataka og vátryggðra. Ákvæðin um hvernig brugðist skal við þegar félag uppfyllir ekki fjárhagskröfur eru í samræmi við reglur í gerðum EES-samningsins.

Um 90. gr.

Í 43. gr. LUV er almennt ákvæði um ráðstafanir sem grípa skal til gagnvart vátryggingafélögum við ýmsar aðstæður. Þær eru fólgnar í því að eftirlitið skal tilkynna ráðherra um málið og gera tillögur til úrbóta. Ráðherra skal setja félaginu „hæfilegan“ frest til að bæta úr því sem úrskeiðis hefur farið. Nauðsynlegt er að skýrari reglur séu um málsmeðferð í slíkum tilvikum og í þessu frumvarpi er lagt til að nánar verði kveðið á um til hvaða ráðstafana sé gripið eftir eðli máls hverju sinni og eftir því hve mál eru talin alvarleg og aðkallandi.

Í 1. og 2. mgr. eru ákvæði um hvernig bregðast skuli við, uppfylli vátryggingafélag ekki tilskildar lágmarkskröfur um gjaldþol samkvæmt ársuppgjöri eða á öðrum tíma. Félagið skal þegar í stað leggja fyrir Vátryggingaeftirlitið áætlun um hvernig það hyggst ná tilskildu marki, og ef gjaldþol er minna en þriðjungur þess sem tilskilið er, eða lægra en tilskildar lágmarksfjárhæðir, hvort sem hærra er, skal gerð neyðaráætlun sem miðar að því að rétta við hag félagsins innan tiltekins frests sem eftirlitið setur. Vátryggingaeftirlitið leggur mat á hvort það telur ráðstafanirnar fullnægjandi. Nýmæli er að skv. 4. mgr. hefur Vátryggingaeftirlitið heimildir til að takmarka eða jafnvel banna ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum þegar það er liður í nauðsynlegum aðgerðum til að koma fjárhag félags á réttan kjöl.

Einnig skal gripið til hliðstæðra ráðstafana sé vátryggingaskuld félags vanmetin eða fjárhagsstaða þess hafi versnað af öðrum ástæðum þannig að félagið uppfyllir ekki tilskildar gjaldþolskröfur. Þetta á einungis við ef félagið hefur fengið starfsleyfi hér á landi. Starfi félag hér á grundvelli starfsleyfis heimaríkis á Evrópsku efnahagssvæði eru það eftirlitsstjórnvöld þess aðildarríkis sem grípa til ráðstafana og getur Vátryggingaeftirlitið þá tekið þátt í slíkum aðgerðum. Vanmat vátryggingaskuldar getur haft afgerandi áhrif á fjárhagsstöðu vátryggingafélags vegna hins mikla vægis hennar í rekstri og efnahag og vegna vandkvæða sem geta verið fyrir hendi á því að meta hana réttilega.

Um 91. gr.

Í þessari grein er fjallað um ráðstafanir sem gripið skal til þegar vátryggingafélag sinnir ekki tilmælum Vátryggingaeftirlits í ýmsum nánar skilgreindum tilvikum, öðrum en þeim er varða gjaldþol og skal eftirlitið þá setja félaginu tiltekinn frest. Eftirlitið skal þó áður hafa ítrekað tilmæli sín og veita má frekari fresti ef búast má við að mál séu komin vel á veg og úrbóta að vænta innan skamms. Málalok geta engu að síður orðið þau að eftirlitið leggi til við ráðherra að starfsleyfi verði afturkallað. Ákvæði af þessu tagi hefur vantað í lög um vátryggingastarfsemi.

Breyting frá eldra frumvarpi er að ekki er gert ráð fyrir að félagi sé settur frestur, sinni það ekki tilmælum um að breyta vátryggingaskilmálum eða iðgjöldum. Einnig að unnt er að afturkalla starfsleyfi sé það ekki nýtt innan árs eða starfsemi hafi legið niðri í minnst sex mánuði en við það er miðað að félagið starfi í þeim greinum sem það hefur fengið starfsleyfi til að reka. Samsvarandi reglur eru í gerðum EES-samningsins.

Um 92. gr.

Hér er kveðið á um það mikilvæga atriði, hvenær Vátryggingaeftirlitið skuli skilyrðislaust leggja til við ráðherra að starfsleyfi verði afturkallað, en það er þegar ekki hefur tekist að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta við fjárhaginn innan þess frests sem settur hefur verið eða þegar félagið uppfyllir ekki skilyrði starfsleyfis eða vanrækir gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi þannig að hagsmunum vátryggingataka og vátryggðra sé stefnt í hættu. Ekkert sambærilegt ákvæði er í LUV en í 2. mgr. 43. gr. segir að ráðherra geti afturkallað starfsleyfi séu nauðsynlegar úrbætur ekki gerðar innan tilskilins frests.

2. og 3. mgr. eru í samræmi við ákvæði í gerðum EES-samningsins.

Um 93. gr.

Í 2. mgr. 43. gr. LUV er kveðið á um skipun skilastjórnar, afturkalli ráðherra starfsleyfi. Hér er hliðstætt ákvæði í 1. mgr. en það er nýmæli að Vátryggingaeftirlitinu er jafnframt fengið það hlutverk að ákveða meðferð og ráðstöfun vátryggingastofnsins, sbr. 2. mgr., en um það hafa engin ákvæði verið í lögum. Eftirlitið skal hafa samráð við skilastjórn í þeim efnum.

Þá er einnig nýmæli að þegar ákveðið er að beiðast gjaldþrotaskipta, en ákvörðun um það skal tekin í samráði við Vátryggingaeftirlitið, getur Vátryggingaeftirlitið takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum, telji eftirlitið líkur á að hagsmunum vátryggingataka og vátryggðra sé annars stefnt í hættu. Vátryggingaeftirlitið getur einnig við slíkar aðstæður gert kröfu um að félag verði tekið til gjaldþrotaskipta. Það getur einnig ákveðið að líftryggingastofn skuli sæta sérstakri meðferð.

Um 94. gr.

Sbr. 31. og 32. gr. LUV. Hér er lagt til það nýmæli að Vátryggingaeftirlitið í stað skilastjórnar taki í sína vörslu eignir sem eiga að mæta líftryggingaskuldinni, ákveði eftirlitið að líftryggingastofninn skuli sæta sérstakri meðferð. Einnig er nýmæli að greiða skal út áfallnar og tilkynntar líftryggingakröfur eftir gildandi reglum og að greiða má út líftryggingakröfur sem falla til útborgunar síðar ef eftirlitið telur það forsvaranlegt með tilliti til eigna sem fyrir hendi eru til að mæta líftryggingaskuldinni. Meðferð stofnsins er að öðru leyti í aðalatriðum í samræmi við gildandi reglur samkvæmt LUV. Auglýsing í Lögbirtingablaði mundi aðeins eiga við þegar um er að ræða líftryggingaskuldbindingar hér á landi.

Um 95. gr.

Greinin er um gjaldþrotaskipti á búi líftryggingafélags og er efnislega samhljóða 2. mgr. 31. gr. LUV, en einnig er kveðið á um rétt Vátryggingaeftirlitsins til að krefjast allra gagna frá þrotabúinu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri og ráðstöfun stofnsins í samræmi við sérstaka meðferð hans skv. 94. gr.

Um 96. gr.

Greinin er nýmæli. Með sama hætti og þegar skilastjórn er skipuð í vátryggingafélagi skal Vátryggingaeftirlitið, þegar beiðst er gjaldþrotaskipta, gegna því hlutverki í samráði við skiptastjóra að meta hvort hagsmuna vátryggingataka og vátryggðra sé best gætt með því að yfirfæra vátryggingastofna til annarra vátryggingafélaga hér á landi. Skal Vátryggingaeftirlitið meta framkomin tilboð og leggja fram tillögur til samkomulags um flutning stofnsins, svo og tilkynna helstu efnisatriði í Lögbirtingablaði, telji það tilboðin hagkvæm fyrir hina vátryggðu. Auglýsingin á, eins og í 94. gr., aðeins við um vátryggingaáhættu sem er hér.

Um 97. gr.

Þessi grein er einnig nýmæli. Gert er ráð fyrir að þegar frjáls slit vátryggingafélags eru fyrirhuguð skuli Vátryggingaeftirlitið hafa hönd í bagga með uppgjöri vátryggingaskuldbindinga og er félaginu gert að leggja fyrir eftirlitið greinargerð um skuldbindingarnar og hvernig þeim skuli lokið. Þrátt fyrir frjáls slit hefur Vátryggingaeftirlitið heimild til að ákveða að stofnar verði fluttir til annarra félaga og þegar um líftryggingar er að

ræða að sá stofn skuli sæta sérstakri meðferð sé það mat eftirlitsins að með þessu móti verði hagsmunum hinna vátryggðu best borgið.

Um XII. kafla.

Í XII. KAFLA er gert ráð fyrir að lög þessi taki gildi 1. apríl 1994 en að ákvæði um eignir sem koma eiga á móti vátryggingaskuldinni skuli gilda frá 1. júlí 1994.

Um 98.–100. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í bráðabirgðaákvæði kemur fram að sérákvæði er í EES-samningnum fyrir Ísland varðandi minni líf- og skaðatryggingafélög en hafa fengið aðlögunartíma til 1. janúar 1995 til að uppfylla gjaldþolsskilyrði samkvæmt þessum lögum.

Þar eð gildandi lög nr. 50/1978 eru felld niður ásamt reglugerðum sem settar hafa verið er nauðsynlegt að kveða á um framkvæmd ársuppgjörs og um reikningsskil vátryggingafélaga fyrir árið 1994 og skal þá miðað við gildandi fyrirkomulag. Á hinn bóginn munu ákvæði nýrra laga gilda um fjárhagsleg skilyrði starfseminnar og er vátryggingafélögum sem hér hafa starfsleyfi gert að senda Vátryggingaeftirlitinu útreikning gjaldþols og lágmarksgjaldþols samkvæmt hinum nýju reglum.

Starfsleyfi eru veitt samkvæmt nýrri flokkun vátryggingagreina og er nauðsynlegt að kveða á um að vátryggingafélög sem hafa starfsleyfi við gildistöku laganna sendi skrá yfir greinaflokka og vátryggingagreinar sem þau reka í samræmi við hina nýju flokkun og er gert ráð fyrir að þau sendi Vátryggingaeftirlitinu tilkynningu þess efnis innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna. Einnig ber þeim innan sömu tímamarka að skila útreikningi gjaldþols og lágmarksgjaldþols, svo og skrá yfir þá sem eiga virkan eignarhlut og hve mikill hann er.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi.

Frumvarpið er endurskoðun á núverandi löggjöf um vátryggingastarfsemi og eru ákvæði þess mun ítarlegari en gildandi löggjöf í samræmi við löggjöf Norðurlanda. Einnig hefur verið tekið tillit til nauðsynlegarar aðlögunar vegna samnings um EES.

Samkvæmt frumvarpinu verður hlutverk tryggingaeftirlits víðtækara en áður og samstarf þess við erlendar eftirlitsstofnanir aukið. Þá er starfsemi vátryggingafélaga rýmkuð og kveðið er á um stofnun sérstakrar neytendamáladeildar og að eftirlit skuli vera með viðskiptaháttum, sölumennsku og tjónsuppgjöri vátryggingafélaga. Ákvæði sem gilda eiga á Evrópsku efnahagssvæði um gjaldþol og eftirlit eru tekin upp.

Erfitt er að segja til um hver heildaráhrif frumvarpsins verða á iðgjöld tryggingafélaga vegna þess að þar vegast á auknar kröfur og meira svigrúm til fjármálastarfsemi og samkeppni. Rekstrarkostnaður vegna tryggingaeftirlits mun aukast vegna aukinna krafna og er hann borinn uppi af iðgjöldum tryggingafélaganna. Hækkun iðgjalda vegna rekstrs eftirlitsins verður þó óveruleg. Líkur eru á að iðgjöld lækki vegna aukinnar samkeppni þegar litið er til lengri tíma.

Kveðið er á um að eftirlitsgjöld standi undir kostnaði af starfsemi Tryggingaeftirlitsins eins og verið hefur, en nýmæli er að felld er niður ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu kostnaðar umfram álagt gjald. Í raun hefur ekki reynt á gildandi ákvæði hin síðari ár og eftirlitsgjöld staðið undir kostnaði við rekstur. Lagt er til í frumvarpinu að hámark eftirlitsgjalds verði hækkað vegna þessa til að mæta óvæntum sveiflum í útgjöldum. Einnig er veitt heimild til að innheimta gjald vegna miðlunar- og umboðsstarfsemi.

Frumvarpið mun því ekki hafa bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs þar sem hugsanleg aukning á umfangi mun verða greidd af þjónustugjöldum. Stofnunin mun eftir sem áður vera hluti af ríkisstarfseminni og eftirlit með fjármálum hennar mun verða óbreytt. Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins um vátryggingastarfsemi nái ekki yfir slysatryggingar Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við gildandi lög.

664. Frumvarp til laga [69. mál]

um dýravernd.

(Eftir 2. umr., 2. mars.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til allra dýra, en þó einkum til þeirra sem eru í vörslu eða umsjón manna.

Um meðferð og aðbúnað einstakra búfjártegunda skal jafnframt fara að fyrirmælum laga og reglugerða þar að lútandi.

II. KAFLI
Meðferð dýra, vistarverur og umhirða.

2. gr.

Skylt er að fara vel með öll dýr. Óheimilt er að hrekkja dýr eða meiða. Forðast skal að ofbjóða kröftum þeirra og þoli.

3. gr.

Eigendum eða umráðamönnum dýra ber að sjá þeim fyrir viðunandi vistarverum og fullnægjandi fóðri, drykk og umhirðu.

Tryggja skal dýrum eðlilegt frelsi til hreyfingar samkvæmt viðurkenndri reynslu og þekkingu. Koma skal í veg fyrir hávaða þar sem dýr eru höfð í vörslu.

Eigendur og umráðamenn dýra skulu fylgjast með heilsu þeirra og gera viðhlítandi ráðstafanir til að koma megi í veg fyrir vanlíðan dýranna. Sérstakt eftirlit skal haft með dýrum sem haldin eru á tæknivæddum stórbúum, sbr. 7. gr. laga nr. 46/1991, um búfjárhald, og sérákvæði í reglugerðum um einstakar búfjártegundir.

4. gr.

Að vetri til, þegar búfé er haldið til beitar eða látið liggja við opið, skal sjá til þess að á staðnum sé húsaskjól eða annað öruggt og hentugt skjól í öllum veðrum. Einnig skal vera þar nægilegt fóður og vatn og litið skal eftir búfénu reglulega en daglega eða oftar ef nauðsyn krefur að mati forðagæslumanns, ráðunautar eða dýralæknis. Heimilt er sveitarstjórn, að fengnum tillögum dýraverndarráðs eða héraðsdýralæknis, að banna dýrahald á tilteknum stöðum að vetri til séu fyrrgreind skilyrði ekki uppfyllt.

5. gr.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð, í samráði við landbúnaðarráðherra, nánari fyrirmæli um vistarverur og aðbúnað dýra. Þar skal m.a. setja skilyrði fyrir eða bann við innilokun dýra í búrum eða þröngum stíum og tjóðrun þeirra til langframa.

Þegar búfé á í hlut skal einnig fara að reglum settum samkvæmt lögum um búfjárhald.

6. gr.

Einungis má nota í keppni dýr sem eru heilbrigð og vel þjálfuð. Óheimilt er að nota hormón, deyfilyf eða hliðstæð efni til að hafa áhrif á afkastagetu dýra í keppni.

7. gr.

Eyrnamarka skal dýr sem yngst og á þann hátt að valdi sem minnstum sársauka. Óheimilt er að eyrnamarka fullvaxið dýr án deyfingar.

8. gr.

Ökumenn skulu sýna dýrum á vegum fyllstu tillitssemi. Verði dýr fyrir ökutæki ber stjórnanda þess skylda til að ganga úr skugga um hversu alvarlegt slysið er og gera viðhlítandi ráðstafanir, þar á meðal þær sem greindar eru í 9. gr., eftir því sem við á.

9. gr.

Verði maður var við að dýr sé sjúkt, lemstrað eða bjargarlaust að öðru leyti ber honum að veita því umönnun eftir föngum. Gera skal lögreglu eða dýralækni viðvart eins fljótt og unnt er. Náist ekki til þeirra og ætla má að sjúkdómur dýrs eða meiðsl séu banvæn er heimilt að deyða dýrið og tilkynna það síðan til lögreglu.

10. gr.

Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu eigendur eða umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Lögreglan getur tekið slík dýr í vörslu sína. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað. Hafi dýrsins ekki verið vitjað innan einnar viku skal því ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, það selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað.

Þegar búfé á í hlut skal fara að lögum um búfjárhald, reglum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og lögum um varnir gegn smitandi búfjársjúkdómum.

11. gr.

Við flutning á dýrum skal þess gætt að útbúnaður farartækis sé góður og við hæfi hverju sinni og að gott eftirlit sé með dýrunum meðan á flutningi stendur.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum að höfðu samráði við yfirdýralækni.

III. KAFLI
Dýrahald í atvinnuskyni, annað en í landbúnaði.

12. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf leyfi lögreglustjóra til að setja á stofn dýragarða, halda dýrasýningar og efna til dýrahappdrættis.

Leyfi umhverfisráðherra þarf til að handsama villt dýr fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal að leyfi megi binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að tryggja góða meðferð dýranna, svo sem aðbúnað þeirra, umhirðu, viðhlítandi vistarverur og eftirlit með starfseminni. Undanþegnar eru sýningar samkvæmt búfjárræktarlögum.

IV. KAFLI
Aðgerðir á dýrum og aflífun.

13. gr.

Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó minni háttar aðgerðir og lyfjameðferð í samráði við dýralækni.

Dýralæknum einum er heimilt að gelda dýr með þeim undantekningum sem settar verða í reglugerð.

Þegar aðgerð á dýrum er sársaukafull skal ávallt nota deyfilyf eða svæfa dýrið.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli sem takmarka aðgerðir á dýrum sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna.

14. gr.

Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og eftir því sem unnt er án þess að önnur dýr verði þess vör.

Dýr skulu ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram. Umhverfisráðherra er, að höfðu samráði við yfirdýralækni, heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að aflífun dýra við slátrun.

V. KAFLI
Dýraveiðar.

15. gr.

Ávallt skal staðið að veiðum þannig að það valdi dýrunum sem minnstum sársauka. Skylt er veiðimönnum að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa dýr sem þeir hafa veitt áverka.

Við dýraveiðar skal að auki fara að fyrirmælum gildandi laga um vernd, friðun og veiðar dýra.

VI. KAFLI
Tilraunir á dýrum.

16. gr.

Óheimilt er að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið.

Umhverfisráðherra skipar tilraunadýranefnd til fjögurra ára í senn. Einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann hafa lokið háskólanámi og hafa þekkingu og reynslu á sviði dýratilrauna og einn fulltrúi er skipaður af Rannsóknastofnun í siðfræði. Auk þeirra á yfirdýralæknir sæti í nefndinni og er hann formaður hennar.

Gæta skal þess við tilraunir eða aðgerðir á dýrum að þær baki þeim ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er.

Tilraunadýranefnd skal tryggja að þeir sem nota dýr í tilraunaskyni hafi hlotið þjálfun og menntun í meðferð tilraunadýra.

Einungis má nota lifandi dýr í þessum tilgangi ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri.

Umhverfisráðherra setur í samráði við tilraunadýranefnd reglugerð þar sem kveðið er á um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum.

VII. KAFLI
Skipan dýraverndarmála.

17. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða dýravernd.

Dýraverndarráð, skipað af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn, hefur með höndum eftirlit með framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti fimm menn. Einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, einn af Dýralæknafélagi Íslands og einn af Sambandi dýraverndarfélaga Íslands. Umhverfisráðherra skipar einn mann í ráðið án tilnefningar og er hann jafnframt formaður. Varamenn skuli skipaðir með sama hætti.

Ávallt skal leita umsagna dýraverndarráðs við setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla um dýravernd og við leyfisveitingar á grundvelli laga þessara. Þá ber ráðinu að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu og vera honum til ráðuneytis að öðru leyti. Dýraverndarráð skal láta héraðsdýralæknum, lögreglu, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni er varða dýravernd sé þess óskað. Ráðið skal auk þess vinna að því að skilningur og þekking almennings á dýravernd verði aukin.

Kostnaður við starfsemi dýraverndarráðs greiðist úr ríkissjóði.

VIII. KAFLI
Eftirlit með framkvæmd laganna og viðurlög.

18. gr.

Lögreglu ber að hafa eftirlit með aðstæðum og aðbúnaði dýra samkvæmt lögum þessum. Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum ber þeim er verða þess varir að tilkynna það lögreglu í viðkomandi umdæmi, héraðsdýralækni eða dýraverndarráði.

Að kröfu héraðsdýralæknis eða fulltrúa dýraverndarráðs er lögreglu skylt að fara í fylgd annars hvors þeirra eða beggja á hvern þann stað innan umdæmis þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði, sbr. þó 4. mgr.

Sé um minni háttar brot að ræða skal lögreglustjóri, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu dýraverndarráðs eða héraðsdýralæknis, leggja fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi eða umsjónarmaður ekki skipast við tilmæli skal lögreglustjóri fyrirskipa úrbætur á hans kostnað eða beita þeim úrræðum sem mælt er fyrir um í 4. mgr.

Leiki grunur á að um sé að ræða alvarlegt brot gegn dýraverndarlögum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, getur lögregla fyrirvaralaust tekið dýr úr vörslu eiganda eða umsjónarmanns. Í þessu skyni er lögreglu rétt að fara inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi dýrunum heilsutjóni. Lögreglu ber að tilkynna lögreglustjóra þessar aðgerðir þegar í stað og skal hann í framhaldi af því, að fenginni tillögu dýraverndarráðs og umsögn héraðsdýralæknis, ákveða hvort dýrin skuli vera áfram í vörslu lögreglu þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr. Á meðan dýrin eru í vörslu lögreglu er sveitarstjórn skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýrin á kostnað eiganda eða umsjónarmanns. Sé sveitarstjórn það af einhverjum ástæðum ókleift og telji nauðsynlegt að láta bjóða dýrin upp, selja þau til lífs eða slátrunar eða láta aflífa þau að öðrum kosti skal eiganda eða umsjónarmanni dýranna þegar tilkynnt um þau áform og honum gefinn kostur á, sé það mögulegt, að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu á kostnaði við geymslu, fóður og umhirðu fyrir dýrin uns dómur fellur, sbr. 6. mgr.

Telji lögreglustjóri nauðsynlegt til að stöðva eða fyrirbyggja illa meðferð á dýrum getur hann fyrirvaralaust og til bráðabirgða svipt eiganda eða umsjónarmann heimild til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr., enda hafi dýraverndarráð eða héraðsdýralæknir gert tillögu um það. Bráðabirgðaleyfissvipting gildir þótt eigandi eða umsjónarmaður flytji dýrin í annað stjórnsýsluumdæmi.

Nú vill eigandi eða umsjónarmaður dýra ekki hlíta þeim aðgerðum eða ákvörðunum, sem fyrir er mælt í 4. og 5. mgr., og getur hann þá borið ágreiningsefnið undir dómara, hvort sem er sérstaklega eða í opinberu máli sem höfðað kann að vera á hendur honum. Slíkt frestar þó ekki aðgerðum eða framkvæmd ákvarðana skv. 4. og 5. mgr.

Lögreglustjórar úrskurða hvort eigandi eða umsjónarmaður dýra skuli bera útgjöld skv. 2. og 4. mgr. og hve há þau skuli vera. Þeir úrskurðir eru aðfararhæfir.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum eða varðhaldi. Ef brot er stórfellt eða ítrekað getur það varðað fangelsi allt að tveimur árum.

Hlutdeild í brotum og tilraun til brota á lögum þessum er refsiverð.

20. gr.

Hafi maður gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, má svipta hann með dómi heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting getur lotið að dýrum almennt eða einstökum tegundum og staðið tiltekið tímabil eða ævi-

langt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákæruvaldið getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í opinberu máli hvort sem krafist er refsingar á hendur sakborningi eða ekki. Sá sem sviptur er heimild samkvæmt þessari málsgrein og skeytir ekki dómi um heimildarsviptingu skal sæta sektum.

21. gr.

Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna er skylt að sjá til þess að þau börn, sem þau hafa forráð fyrir, hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Brjóti barn, yngra en 16 ára, gegn lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna skal þeim refsað fyrir brotið ef sannað er að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir það.

22. gr.

Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

IX. KAFLI

Gildistaka og stjórnvaldsfyrirmæli.

23. gr.

Umhverfisráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum enda séu þær í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli um dýravernd, sem sett hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við lög þessi uns ný stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið sett.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 21/1957, um dýravernd, ásamt síðari breytingum.

665. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Á fund nefndarinnar um þetta mál komu þeir Atli Freyr Guðmundsson skrifstofustjóri og Páll Ásgrímsson lögfræðingur frá viðskiptaráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Neytendasamtökunum og Verslunarráði Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru eftirfarandi:

1. Í 1. mgr. 6. gr. samkeppnislaga segir að allir sem sæti eiga í samkeppnisráði skuli vera óháðir þeim fyrirtækjum og samtökum sem lögin taka til. Í því frumvarpi sem hér um ræðir hefur þetta skilyrði hins vegar verið tekið út. Nefndin leggur til að slík almenn hæfisskilyrði verði látin ná til formanns og varaformanns ráðsins en ekki annarra ráðsmanna og jafnframt að þessi skilyrði séu skýrara orðuð en í gildandi lögum. Því er lagt til að talað verði um að þeir hafi ekki „beinna og verulegra hagsmuna“ að gæta í stað þess að þeir skuli „vera óháðir“. Ástæða þessara breytinga er

að margir þeir sem hafa hvað mesta þekkingu og reynslu á þessu sviði eru útilokaðir frá setu í ráðinu eins og málum er nú háttað. Hins vegar þykir nauðsynlegt, þar sem samkeppnisráð fer með þýðingarmikið vald, hefur víðtækt valdsvið og tekur iðulega ákvarðanir þar sem reynir á mat, að setja í lögin markviss almenn hæfisskilyrði varðandi formann og varaformann. Í lokamálslið 1. gr. frumvarpsins kemur fram að samkeppnisráð setji sér reglur um málsmeðferð. Nefndin vill taka það fram að þar sem þegar hafa tekið gildi ný stjórnsýslulög sem geyma almennar málsmeðferðarreglur er engin ástæða til að setja slíkt ákvæði í samkeppnislög nema ætlunin sé að þær reglur verði strangari en reglur stjórnsýslulaganna.

2. Lagt er til að inn í 9. gr. laganna verði settur fjögurra vikna kærufrestur á ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar. Eins og samkeppnislögin voru afgreidd á síðasta þingi gildir nú hinn almenni þriggja mánaða frestur stjórnsýslulaganna. Hraði viðskiptalífsins er hins vegar orðinn mjög mikill og nauðsyn á að þessi mál séu leidd til lykta sem fyrst. Því þykir nefndarmönnum nauðsynlegt að stytta frestinn niður í fjórar vikur. Þá er lagt til að talað verði um „kærufrest“ í stað „áfrýjunarfrests“ í samræmi við viðurkennda hugtakanotkun í stjórnsýslurétti og að síðasti málsliður 1. mgr. 9. gr. verði felldur brott. Eftir sem áður mun meginreglan vera sú á grundvelli stjórnsýslulaganna að kæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar en áfrýjunarnefndinni er samt heimilt að fresta slíkum réttaráhrifum meðan kæra er til meðferðar á grundvelli 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga enda getur slík undanþága verið nauðsynleg í vissum tilvikum.
3. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði 2. mgr. 23. gr. samkeppnislaga verði breytt þannig að þýðingarskyldan nái einungis til þeirra sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi. Samningar milli lögaðila verða þannig undanskildir þýðingarskyldunni. EFTA-skrifstofan í Brussel telur, í áliti sem hún sendi frá sér um þetta mál, að hin afdráttarlausa þýðingarskylda sem nú er í lögunum feli í sér dulda mismunun á grundvelli þjóðernis og sé ekki í samræmi við hina almennu meðalhófsreglu.
4. Loks er lagt til að þær sérstöku hæfisreglur, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 50. gr. laganna, verði felldar brott þar sem þær eru vægari en þær hæfisreglur sem mælt er fyrir um í II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og víkja því fyrir þeim samkvæmt gagnályktun frá 2. mgr. 2. gr. stjórnsýslulaganna.

Alþingi, 2. mars 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Ingi Björn Albertsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

666. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til l. um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:
   Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins og skal þess gætt að þeir hafi ekki beinna og verulegra hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi sem lögin taka til. Samkeppnisráð setur sér reglur um málsmeðferð.
2. Á eftir 1. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:
   a. (2. gr.)
      1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:
      Ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Skrifleg kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála skal liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti.
   b. (3. gr.)
      2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:
      Almennir skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi, skulu vera á íslensku.
   c. (4. gr.)
      2. mgr. 50. gr. laganna fellur brott.

667. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið á nokkrum fundum og fékk til sín frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands þá Guðjón A. Kristjánsson og Benedikt Valsson, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Kristján Ragnarsson frá LÍÚ, Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Þórð Friðjónsson og Ásgeir Daníelsson frá Þjóðhagsstofnun, Bjarna Braga Jónsson og Ólaf Örn Klemensson frá Seðlabanka Íslands, Svein Hannesson og Þorstein M. Jónsson frá Samtökum iðnaðarins, Árna Benediktsson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Pétur Bjarnason frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Þórarin V. Þórarinsson og Hannes G. Sigurðsson frá VSÍ.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá ASÍ, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Íslenskum sjávarafurðum hf., Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda hf., Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, VSÍ og Þjóðhagsstofnun.

Meiri hlutinn telur að ekki sé þörf á sérstökum Verðjöfnunarsjóði, sérstaklega eftir að meginhlutinn af innstæðum hans voru greiddar út á síðasta ári. Meiri hlutinn flytur þó eina breytingartillögu við frumvarpið sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Þar er lagt til að 10 m.kr. af því sem eftir er í sjóðnum renni til Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda svo að félagið geti hrint af stað markaðsátaki með það fyrir augum að styrkja markaðshlutdeild íslenskrar kaldsjávarrækju erlendis.

Alþingi, 2. mars 1994.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Árni R. Árnason. Gunnlaugur Stefánsson.

Vilhjálmur Egilsson. Guðmundur Hallvarðsson.

668. Breytingartillaga [260. mál]

við frv. til l. um afnám laga nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (MB, ÁRÁ, GunnS, VE, GHall).

Við 2. gr. Síðasti málsliður greinarinnar orðist svo: Aðrar eignir sjóðsins skulu renna til reksturs Hafrannsóknastofnunarinnar utan 10 m.kr. sem skulu renna til Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.

669. Breytingartillögur [69. mál]

við frv. til l. um dýravernd.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 13. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Dýralæknum einum er heimilt að gelda dýr en yfirdýralæknir getur þó í undantekningartilvikum veitt þjálfuðum mönnum leyfi til geldinga.
2. Við 5. mgr. 16. gr.:
   a. Í stað orðanna „þessum tilgangi“ komi: tilraunum.
   b. Málsgreinin verði 2. mgr. greinarinnar.

670. Tillaga til þingsályktunar [451. mál]

um náttúrufræðikennslu og sveitadvöl nemenda í 4.–6. bekk grunnskóla.

Flm.: Auður Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra í samvinnu við landbúnaðarráðherra að leita leiða til að efla náttúrufræðifræðslu í 4.–6. bekk grunnskólans í tengslum við íslenskan landbúnað. Skipaður verði starfshópur er í eigi sæti, auk fulltrúa ráðherra, fulltrúar bændasamtakanna og náttúruverndarsamtaka. Starfshópurinn geri tillögur um nám tengt dvöl í sveit. Jafnframt verði athugað sérstaklega hvort hægt sé að tengja þetta verkefni ferðaþjónustubæjum og nota sem lið í atvinnuátaki í dreifbýli. Gera skal ráð fyrir fimm ára reynslutíma.

Greinargerð.

Allt fram á seinni hluta þessarar aldar hafa flestir landsmenn verið á einhvern hátt tengdir sveitinni, annaðhvort fæddir þar og uppaldir eða með búsetu og fjölskyldutengslum. Nú er hins vegar þannig komið að áhrifa þéttbýlisins gætir sífellt meira og meira, þannig að fjöldi barna, unglinga og jafnvel fullorðinna er án nokkurra tengsla við sveitir landsins. Sífellt færri börn fara til sumardvalar og er það af sem áður var þegar börn flykktust á hverju vori til hinna ýmsu starfa sveitarinnar. Þar komust börn í snertingu við landið, náttúru þess, söguna og störfin. Sú reynsla, sem þannig fékkst, var þeim síðan gott veganesti, bæði við nám í skólum að vetri og síðan þegar að fullorðinsárum kom. Í dag hafa þær kynslóðir sem vaxa úr grasi ekki þessa sömu möguleika á tengslum við sveitirnar og því þarf að miða náttúrufræði- og jafnvel Íslandssögukennslu við þá staðreynd. Því miður er það að koma æ oftar í ljós að þessari fræðslu er víða mjög ábótavant og almennt er viðurkennt að kennslu í náttúru- og umhverfisfræðum þarf að auka því að tengsl barna og unglinga við landið, náttúru þess og sögu eru hverfandi. Staðreyndin er sú að þekking á náttúru landsins, störfum fólksins til sveita og sjávar, sögu og menningu er undirstaða skilnings á ferli náttúrunnar og jafnframt umgengni við landið.

Á árunum 1991–1992 var gerð tilraun með sveitadvöl 9–11 ára barna að tilstuðlan Landverndar, Stéttarsambands bænda með þátttöku landbúnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Kennarasambands Íslands. Börnin dvöldust í 10–15 manna hópum ásamt kennara sínum 7–10 daga á sveitaheimilum og tóku þátt í almennum sveitastörfum. Alls voru þetta um 100 börn af suðvesturhorni landsins. Á sumum bæjanna var sauðburður í hámarki, annars staðar var landgræðsla, skógrækt og ýmis önnur vorverk. Heimafólkið tók þátt í fræðslunni sem leiðbeinendur og fékk greitt sérstaklega fyrir það því að eitt af markmiðunum var að börnin kynntust störfum fólksins. Lögð var áhersla á sögu staðanna, þjóðsögur og annan fróðleik um viðkomandi sveit.

Það er samdóma álit þeirra er tóku þátt í þessu að vel hafi tekist til. Þetta sé ein virkasta leiðin til að efla skilning barna á landinu, náttúru þess og störfum fólksins og stefna beri að því að gera slíka dvöl að föstum lið í skólastarfinu a.m.k. einu sinni til tvisvar á skólaferli hvers barns.

Í nágrannalöndum okkar er almennt viðurkennt að náttúrufræðikennsla fari fram sem mest utan skólastofunnar og þar eru ferðalög ýmist til dagsdvalar eða til lengri tíma mikilvægur þáttur í skólastarfinu og skipulögð sem hluti þess. Víða hafa risið svokallaðir „lejrskoler“ sem ýmist eru reknir af sveitarfélögum eða ríki eða eru jafnvel í einkaeign, en markmið þeirra er að stunda náttúrufræðifræðslu.

Hér á landi eru slíkir skólar eða staðir ekki til aðrir en Alviðra í Ölfushreppi í eigu Árnessýslu og Landverndar. Þar hefur á undanförnum árum verið að byggjast upp fræðslusetur í náttúru- og umhverfisfræðum. Þar er nú starfandi einn starfsmaður og aðsóknin er mikil. Í Reykjaskóla í Hrútafirði hafa verið í nokkur ár reknar skólabúðir á vegum menntamálaráðuneytis við miklar vinsældir. Þessi tillaga til þingsályktunar gerir hins vegar ráð fyrir að starfsemin verði meira í tengslum við bændur og heimafólk í sveitunum þar sem áhersla er lögð á sveitaheimilið.

Markmið dvalarinnar.

Markmið dvalarinnar eru að gefa börnum kost á aukinni fræðslu um landið, náttúru þess, söguna, atvinnuhætti og líf fólksins, byggja upp og örva áhuga þeirra þannig að bætt undirstaða skili árangri í námi innan skólans og enn fremur að venja þau við dvöl úti í náttúrunni:

— að skynja og upplifa sjálf sig sem hluta af landinu,
— skynja líf og störf fólksins sem býr í sveitinni,
— takast á við mismunandi veður (klæðnaður, störf háð veðri, skýin, sólin, vindar, úrkoma, áttir),
— skynja hljóðin í náttúrunni og atferli dýranna (fuglar, önnur dýr, lækir, fossar o.fl.),
— skynja lyktina,
— skynja landslagið (mótun landsins, áhrif mannsins),
— skynja gróðurinn sem er að vakna til lífsins að vorlagi (mólendi, mýrar, votlendi, melar, örfoka land, gróið land, skógur),
— hlusta á talað mál (myndmiðlar ekki aðgengilegir),
— hlusta á frásagnir og sögur er tengjast landinu,
— vinna saman í leik og störfum,
— skynja gildi heilbrigðs lífernis í mat, starfi og leik.

Gert er ráð fyrir að leik og störfum verði fléttað saman. Börnin fengju öll mismunandi verkefni við sitt hæfi. Verkefnið yrði háð aðstæðum á hverjum stað. Það væri um að ræða „aðstoð“ við landgræðslu, skógrækt, matjurtaræktun, hreinsun, auk ýmissa sveitastarfa. Auk þess fengju þau fræðslu í ýmsum þáttum náttúrufræði, landafræði (staðhættir), sögu og íslensku. Áhersla yrði lögð á heilbrigða útiveru og hreyfingu. Sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi verkefni: Örnefni, veðurfar, fuglaskoðun, plöntur/gróður, gróðurlendi, fjöruna, sögu (þjóðsögur), áhrif mannsins á landið, svo sem framræslu, ræktun, vegagerð, byggingar og umgengni við landið.

Því má má ekki gleyma að þeir möguleikar, sem felast í þessari sveitadvöl barnanna, eru ekki síður hagstæðir bændum og þeirra fólki. Þarna skapast möguleikar á tímabundinni atvinnu og þar með aukatekjum, bæði hjá ferðaþjónustubændum sem og öðrum með hefðbundinn búskap sem þá gæti tengst þessari starfsemi á einhvern hátt. Síðast en ekki síst stuðlar þetta að víðari skilningi og þekkingu á högum fólksins bæði í þéttbýli sem í dreifbýli að ógleymdri aukinni virðingu fyrir landinu, gæðum þess, sögu og menningu.

Enn fremur er lagt til að reynt verði að tengja þetta sem lið í atvinnuátaki í dreifbýli.

Til að byrja með er rétt að um verði að ræða fyrirkomulag til t.d. fimm ára sem síðan verði endurskoðað með hliðsjón af þeirri reynslu sem fæst á þeim tíma. Jafnframt verði athugað sérstaklega hvernig hægt væri að tengja þetta við sérstakt atvinnuátak í sveitunum.

671. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna frá landbúnaðarráðuneytinu Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Guðmund Sigþórsson skrifstofustjóra og Jón Höskuldsson deildarstjóra, frá utanríkisráðuneytinu Pétur G. Thorsteinsson sendifulltrúa og Stefán Jóhannesson sendiráðsritara, frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu Þorkel Helgason ráðuneytisstjóra, Pál Ásgrímsson lögfræðing og Baldur Pétursson deildarstjóra og frá fjármálaráðuneytinu Indriða H. Þorlákssson skrifstofustjóra. Einnig komu á fund nefndarinnar dr. Magnús K. Hannesson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Sigurgeir A. Jónsson ríkistollstjóri, Karl Garðarsson, yfirmaður rekstrardeildar hjá embætti ríkistollstjóra, Jón Helgason, formaður Búnaðarfélags Íslands, Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, Gísli Karlsson, formaður Framleiðsluráðs landbúnaðarins, og frá Neytendasamtökunum Jóhannes Gunnarsson formaður og Sigríður Árnadóttir lögfræðingur. Nefndinni bárust umsagnir frá Neytendasamtökunum, Búnaðarfélagi Íslands, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Samtökum iðnaðarins og Íslenskri verslun. Þá studdist nefndin einnig í vinnu sinni við minnisblöð og greinargerðir sem henni bárust frá landbúnaðarráðuneytinu, dr. Magnúsi K. Hannessyni, Sveini Snorrasyni hrl., Tryggva Gunnarssyni hrl. og Gunnlaugi Claessen ríkislögmanni og naut við athugun sína á frumvarpinu sérstakrar aðstoðar hinna þriggja síðastnefndu.

Ekki náðist samstaða við afgreiðslu frumvarpsins frá nefndinni en 1. minni hluti mælir með samþykkt þess með breytingum sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

Eins og tekið er fram í athugasemdum með frumvarpinu er það flutt í tilefni af dómi Hæstaréttar frá 20. janúar sl. í málinu Hagkaup hf. gegn landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra. Í frumvarpinu er lagt til að gerð verði breyting á 52. gr. búvörulaganna varðandi heimild til innflutnings landbúnaðarvara þannig að bannað verði að flytja til landsins nema með leyfi landbúnaðarráðherra vörur sem tilgreindar eru samkvæmt tollskrárnúmerum í viðauka með frumvarpinu.

Við athugun á málinu taldi 1. minni hluti rétt með hliðsjón af ákvæðum núgildandi GATT-samnings að taka fram í greininni að tilefni takmarkana á innflutningi landbúnaðarvara eru þær aðgerðir sem beitt er hér á landi við stjórn á framleiðslu og sölu landbúnaðarvara. Ekki er hins vegar um að ræða efnislegar breytingar á frumvarpinu að þessu leyti. Fyrsti minni hluti telur nauðsynlegt að skýra ákveðin atriði frumvarpsins og núgildandi 52. gr. búvörulaganna nánar. Um efni breytingartillagna, sem þeir þingmenn

er mynda 1. minni hluta og fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni, Gísli S. Einarsson, leggja til að gerðar verði á 52. gr., vísast til skýringa við einstakar breytingartillögur síðar í nefndaráliti þessu.

Sú breyting, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði á 52. gr. búvörulaganna frá því viðhorfi sem uppi var á Alþingi við setningu laga nr. 126/1993 í desember sl. varðandi heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum, yrði til að þrengja verðjöfnunargjaldaheimild landbúnaðarráðherra. Samkvæmt því takmarkaðist heimild ráðherra við þær vörur sem leyfi hans þyrfti til innflutnings á, þ.e. vörur á þeim lista sem vísað er til í 52. gr. búvörulaga, og vörur sem falla undir 53. gr. búvörulaganna. Þá hefur einnig komið fram sú skoðun að núgildandi verðjöfnunargjaldaheimild 72. gr. búvörulaganna sé þrengri og takmarkist eingöngu við þær vörur sem landbúnaðarráðherra heimilar að fluttar séu til landsins í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Það var markmið setningar laga nr. 126/1993 í desember sl. að fela landbúnaðarráðherra að fara alfarið með álagningu verðjöfnunargjalda á innfluttar landbúnaðarvörur. Fyrsti minni hluti telur því nauðsynlegt vegna ákvæða fyrirliggjandi frumvarps að gera breytingar á 72. gr. búvörulaganna þannig að tryggt verði að markmiði því, sem að var stefnt í desember sl., verði náð. Breytingartillögur 1. minni hluta og Gísla S. Einarssonar fela ekki í sér efnislega breytingu á því forræði landbúnaðarráðherra á verðjöfnunargjöldum á innfluttar landbúnaðarvörur sem á var byggt við breytingu á búvörulögunum í desember sl. en textinn gerður ótvíræður að því er varðar forræðið. Samhliða hefur 1. minni hluti talið nauðsynlegt að leggja til ákveðnar breytingar á efni greinarinnar í samræmi við ábendingar sem nefndin hefur fengið um lögfræðileg atriði. Miða þessar breytingar að því að treysta framkvæmd þessara mála og girða fyrir deilur um grundvöll hennar.

Hér á eftir fara skýringar á einstökum breytingartillögum 1. minni hluta og Gísla S. Einarssonar:

1. Lagt er til að upphafsorðum 1. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að fram komi að tilefni og nauðsyn þeirra innflutningstakmarkana, sem þar er mælt fyrir um, eru þær aðgerðir við stjórn á framleiðslu og sölu landbúnaðarvara sem lög veita heimild til og beitt er af hálfu stjórnvalda.

Fyrsti minni hluti vísar í þessu sambandi til c-liðar 2. mgr. 11. gr. núgildandi GATT-samnings, sbr. auglýsingu nr. 8/1968, en þar er sérstaklega tekið fram að meginreglan um bann við innflutningshöftum taki ekki til:

„Innflutningshafta á landbúnaðar- eða sjávarafurðum, hvernig sem innfluttar eru, enda séu þau nauðsynleg til framkvæmdar opinberum aðgerðum, sem hafa það markmið:

i) að takmarka magn tilsvarandi innlendrar framleiðslu, sem leyft er að selja eða framleiða, eða ef ekki er um að ræða verulega innlenda framleiðslu á tilsvarandi vöru, þá á innlendri framleiðslu, sem hin innflutta vara getur beint komið í staðinn fyrir, eða

ii) að losna við tímabundna offramleiðslu á tilsvarandi innlendri framleiðslu, eða ef engin veruleg innlend framleiðsla er á tilsvarandi vöru, þá á innlendri framleiðslu, sem hin innflutta vara getur beint komið í staðinn fyrir, með því að offramleiðslan er fengin til ráðstöfunar ákveðnum hópum innlendra neytenda ókeypis eða við verði, sem er lægra en gildandi markaðsverð, eða

iii) að takmarka magn, sem leyft er að framleiða af vörum úr dýraríkinu, enda sé varan í framleiðslu að öllu eða mestu leyti háð hinni innfluttu vöru og innlend framleiðsla af þeirri vöru tiltölulega lítil."

Með framangreindri tillögu um breytt orðalag er ekki verið að víkja efnislega frá frumvarpi ríkisstjórnarinnar eða þeim sjónarmiðum, sem búið hafa að baki fyrri lagasetningu og framkvæmd þessara mála, heldur verið að orða lagaregluna með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem Ísland hefur tekið á sig með núgildandi GATT-samningi.

Þá er lagt til að gerð verði sú breyting á 1. mgr. að í reglugerðarheimild ráðherra komi skýrt fram að hann geti ákveðið í reglugerð að innflutningur hinna leyfisbundnu vara skuli tímabundið vera frjáls. Við athugun nefndarinnar á frumvarpinu komu fram ábendingar um að ekki væri ótvírætt að ráðherra gæti samkvæmt því veitt slík almenn innflutningsleyfi með reglugerð í stað þess að þurfa að veita leyfi hverju sinni við innflutning.

Lagt er til að bætt verði við greinina nýrri málsgrein, 2. mgr., þar sem tekin eru af tvímæli um að viðaukar við lögin hafi lagagildi. Í frumvarpinu er farin sú leið að telja upp með tilteknum tollskrárnúmerum í viðauka þær vörur sem háðar eru innflutningsleyfi landbúnaðarráðherra. Fjármálaráðherra er í tollalögum, 143. gr. laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, veitt heimild til að gera breytingar á tollskrárnúmerum. Með því móti er hægt að fjölga undirflokkum tollskrár. Hér er lagt til að tekið verði fram í frumvarpinu að ef gerðar eru breytingar á flokkun vara í þeim tollskrárnúmerum, sem falla undir innflutningsbann 1. mgr. 52. gr. og verðjöfnunargjaldaheimild 72. gr., skuli þær heimildir einnig taka til vara í þeim undirflokkum sem þannig verða til. Ljóst er hins vegar að aðeins í þeim tilvikum þegar innflutningur vara í tollskrárnúmeri hefur verið háður leyfi landbúnaðarráðherra fellur vara í hinum nýja undirflokki einnig undir innflutningsbannið og er tilvísuninni eftir því sem við á ætlað að afmarka það. Sú regla að láta takmarkanir og heimild til álagningar gjalda einnig taka til nýrra undirflokka er í samræmi við lokaákvæði 3. mgr. 143. gr. tollalaga.

Í núgildandi 52. gr. búvörulaga segir að áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skuli aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Þá er tekið fram að innflutningur landbúnaðarvara skuli því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni. Eins og grein þessi hefur verið skýrð, sbr. hæstaréttardóm frá 20. janúar 1994, felur hún ekki í sér sjálfstætt bann við innflutningi, heldur umsagnarrétt Framleiðsluráðs og bann við innflutningi í þeim tilvikum þegar leyfi þarf til innflutnings landbúnaðarvara samkvæmt öðrum lögum og innlend framleiðsla fullnægir neysluþörfinni. Í ljósi þess að landbúnaðarráðherra er í frumvarpinu fengið vald til að leyfa innflutning á ákveðnum landbúnaðarvörum og að þar er m.a. horft til þess að unnt verði að framkvæma skuldbindingar Íslands samkvæmt fríverslunar- og milliríkjasamningum er lagt til að Framleiðsluráð fari framvegis aðeins með umsagnarrétt í þessu efni varðandi innflutning. Það verður síðan hlutverk landbúnaðarráðherra að beita þessari heimild innan þess ramma sem fríverslunar- og milliríkjasamningar og ákvæði gildandi búvörusamnings um innflutning landbúnaðarvara setja. Ákvæði um umsagnarrétt um útflutning landbúnaðarvara er fellt niður.

2. Í 53. gr. búvörulaga er heimild til innflutnings á þeim vörum, sem sú grein tekur til, háð því að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn. Ísland hefur samkvæmt fríverslunar- og milliríkjasamningum skuldbundið sig til að heimila tiltekinn innflutning vara sem falla undir 53. gr. búvörulaga óháð innlendri framleiðslu. Nauðsynlegt er því að landbúnaðarráðherra geti, þrátt fyrir þau skilyrði sem 53. gr. setur, heimilað innflutning í samræmi við fríverslunar- og milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Er breyting á 4. mgr. 53. gr. í samræmi við efni 1. mgr. 72. gr. búvörulaga, enda ekki lengur þörf á fyrirvara núgildandi 4. mgr. 53. gr. vegna þeirra breytinga sem lagt er til að gerðar verði á 52. gr. búvörulaga.

3. Eins og tekið er fram fyrr í nefndarálitinu miða breytingar á 72. gr. búvörulaganna að því að gera nauðsynlegar breytingar samhliða breyttum lagaákvæðum um innflutning landbúnaðarvara. Væru ákvæði 72. gr. látin standa óbreytt takmarkaðist verðjöfnunarheimild landbúnaðarráðherra við þær vörur sem hann heimilar innflutning á, þ.e. vörur samkvæmt viðauka með 52. gr. og 53. gr. búvörulaga. Sú niðurstaða er ekki í samræmi við það sem miðað var við er lög nr. 126/1993 voru sett í desember sl. Var við það miðað að landbúnaðarráðherra fengi með þeim lögum vald til að leggja verðjöfnunargjöld á allar innfluttar landbúnaðarvörur. Deilan um hvort lög nr. 126/1993 hafi átt að ná til Úrúgvæ-samnings GATT hefur ekki snúist um þetta atriði, heldur hvort ákvæði laganna um ákvörðun um fjárhæð gjaldanna hafi einnig átt að ná til þeirra sérstöku heimilda sem veittar verða með hinum væntanlega GATT-samningi vegna umreiknings innflutningstakmarkana yfir í heimildir til álagningar gjalda á innfluttar landbúnaðarvörur. Hvað sem líður ummælum í greinargerðum, nefndarálitum og í þingræðum við afgreiðslu þeirra laga er ljóst að texti laga nr. 126/1993 takmarkar ekki heimild landbúnaðarráðherra að þessu leyti. Þar segir aðeins að ráðherra sé heimilt að leggja á verðjöfnunargjöld til að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara í samræmi við 3. mgr. Í 3. mgr. 72. gr. segir að ráðherra ákveði upphæð gjaldanna og það er verkefni hinnar sérstöku nefndar þriggja ráðuneyta að gæta þess að samanlögð álagning innflutningsgjalda sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda.

Breytingartillögum, sem 1. minni hluti stendur að, er ætlað að færa ákvæði 72. gr. að þeim skilningi sem á var byggt í desember sl. varðandi valdheimildir landbúnaðarráðherra til álagningar verðjöfnunargjalda og afmarka þær heimildir annars vegar að því er varðar vörusvið og hins vegar hámarksfjárhæð gjaldaheimildarinnar. Bæði þessi atriði verða þó jafnan í framkvæmd að vera innan þeirra marka sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða samkvæmt fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

Í 1. mgr. er landbúnaðarráðherra með sama hætti og í núgildandi 2. mgr. 72. gr. veitt heimild til að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara. Lagt er til að þessi heimild takmarkist við þær vörur sem tilgreindar eru í viðaukum I og II, enda séu þær vörur framleiddar hér á landi. Miðað er við að hugtakið „landbúnaðarvörur . . . og jafnframt eru framleiddar hér á landi“ taki til einstakra vöruflokka sem felldir eru undir viðkomandi tollskrárnúmer, t.d. osta, en ekki þurfi að vera um að ræða sömu merkjavöru eða afbrigði af vöru, t.d. tiltekna ostategund.

Við val á vörum, sem taldar eru upp í viðaukunum, hefur verið fylgt því sjónarmiði að um sé að ræða samkeppnisvörur íslensks landbúnaðar hvort sem viðkomandi landbúnaðarhráefni er framleitt hér á landi eða ekki. Er þá byggt á mati á því í hvaða tilvikum íslenskur landbúnaður þarfnist samkeppnisjöfnunar af því tagi sem verðjöfnunargjöld geta veitt.

Þá er einnig haft í huga að það verði á valdi landbúnaðarráðherra að leggja verðjöfnunargjöld á öll landbúnaðarhráefni í vörunni, en þeirri heimild verði ekki skipt milli landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra eins og annars væri kostur á grundvelli 120. gr. A í tollalögum. Heimild landbúnaðarráðherra til að leggja verðjöfnunargjöld á þær landbúnaðarvörur, sem tilgreindar eru í viðaukunum, takmarkast því ekki af því að hráefni í unna og/eða samsetta vöru sé framleitt hér á landi. Sé vara unnin og/eða samsett takmarkast heimildin til verðjöfnunar við þátt landbúnaðarhráefna, innlendra og erlendra, í verði vörunnar.

Í núgildandi 72. gr. er sagt að leggja skuli verðjöfnunargjöldin á við innflutning. Réttara þykir að taka fram að gjöldin skuli innheimt við tollafgreiðslu og að þau renni í ríkissjóð, enda koma endurgreiðslur skv. 73. gr. búvörulaga úr ríkissjóði því ekki er um að ræða sjálfstæðan sjóð. Í samræmi við 8. mgr. er, að því marki sem ekki eru fyrirmæli um í ákvæðinu, lagt til að hinar almennu reglur um innheimtu tolla og aðflutningsgjalda gildi um verðjöfnunargjaldið.

Við athugun nefndarinnar hafa komið fram ábendingar um að nauðsynlegt sé að hafa í ákvæði um innheimtu verðjöfnunargjalda reglu sem segi til um hámark gjaldaheimildarinnar til að fullnægt sé ákvæðum stjórnarskrár um skattlagningarheimildir. Lagt er til að hámark verðjöfnunargjalda afmarkist af mismun á hinu innlenda verði og skilgreindu heimsmarkaðsverði viðkomandi hráefnis.

Þegar sleppir hinum sérstaklega skilgreindu viðmiðunarverðum samkvæmt samningsbundnum skuldbindingum Íslands í fríverslunarsamningum, þ.e. liðum 2.1 til og með 2.3, miðast hið erlenda viðmiðunarverð við nánar skilgreint heimsmarkaðsverð. Meginreglan í því efni er að miða við birt verð annaðhvort af hálfu Evrópusambandsins eða fríverslunarsamtaka. Fyrir liggur að Evrópusambandið safnar og birtir upplýsingar um heimsmarkaðsverð á öllum algengustu landbúnaðarhráefnum. Þannig má sem dæmi nefna að í norskum lögum um verðjöfnun á landbúnaðarhráefnum er miðað við heimsmarkaðsverð án sérstakrar skilgreiningar, en í reglugerð er tekið fram að miða skuli heimsmarkaðsverð við það verð, sem birt er af hálfu Evrópusambandsins sem skráð CIF-verð, með þeim fyrirvara að það verð teljist gefa rétta mynd af raunverulegu markaðsástandi. Þó að almennt séu líkur á að finna megi í birtum upplýsingum Evrópusambandsins skráð heimsmarkaðsverð á þeim landbúnaðarhráefnum sem kunna að koma til verðjöfnunar hér á landi er ekki útilokað að eðlilegt þyki að miða við aðra birta verðskráningu í einhverjum tilvikum. Rétt þykir því að leggja það í vald ráðherra að ákveða í reglugerð við hvaða birtar upplýsingar skuli miða.

Þó að það sé meginreglan að miða skuli við birt heimsmarkaðsverð er talið nauðsynlegt að hafa í frumvarpinu heimild fyrir ráðherra til að bregðast við ef í ljós kemur að framleiðendur vöru eiga kost á að kaupa hráefni á lægra verði en notað er sem birt viðmiðunarverð. Það er ekki ætlunin að þessi regla veiti færi á að bregðast við einstökum sendingum, heldur verði þarna að vera um að ræða verð á hráefni sem framleiðendur eiga almennt kost á að fá hráefnið keypt á í einhvern tíma og er miðað við að unnt hafi verið að kaupa hráefnið á þessu verði í þrjá mánuði eða fyrir liggi að svo verði næstu þrjá mánuði. Tilefnið er þá að sú skráning, sem fer fram af hálfu Evrópusambandsins eða frí-

verslunarsamtaka, mælir ekki rétt verð af einhverjum ástæðum. Í þessum undantekningartilvikum er ráðherra heimilað að miða tímabundið við það raunverulega verð sem framleiðendur eiga kost á að kaupa hráefnið á. Sama gildir ef viðmiðunarverð er ekki birt á einhverju hráefni. Það skal enn ítrekað að þetta er frávik frá meginreglunni og þessari heimild á því aðeins að beita í undantekningartilvikum og þegar brýna nauðsyn ber til.

Hámark þeirra verðjöfnunargjalda, sem landbúnaðarráðherra er heimilt að leggja á hinar tilgreindu innfluttu landbúnaðarvörur, miðast eins og áður sagði við mismun á innlendu verði og skilgreindu heimsmarkaðsverði. Með væntanlegum Úrúgvæ-samningi GATT mun Ísland fá heimild til að umreikna innflutningstakmarkanir yfir í gjöld á innfluttar landbúnaðarvörur og er ljóst að þær heimildir munu veita möguleika á því að leggja á innflutta vöru hærri gjöld en svara til þess mismunar sem hámark verðjöfnunargjalds má nema.

Verðjöfnunargjaldaheimild landbúnaðarráðherra er almenn heimild og tekur til hinna tilgreindu vara í viðaukum I og II. Með sama hætti og núgildandi verðjöfunargjaldaheimild ráðherra tekur til innflutnings landbúnaðarvara, hvort sem hann fer fram á grundvelli fríverslunar- og milliríkjasamninga eða frjálsra viðskipta, tekur verðjöfnunargjaldaheimildin til innflutnings landbúnaðarvara sem lýtur reglum núverandi GATT-samnings. Taki hinn nýi Úrúgvæ-samningur gildi að því er Ísland varðar á næsta ári mun verðjöfnunargjaldaheimild landbúnaðarráðherra með sama hætti taka til innflutnings hinna tilgreindu landbúnaðarvara sem falla undir þann samning, innan þeirra marka sem hámark verðjöfnunargjalda segir til um. Álagning verðjöfnunargjalda á innfluttar landbúnaðarvörur er því ótvírætt á forræði landbúnaðarráðherra og er hluti af því verkefni ráðherra að fara með mál er varða innflutning landbúnaðarvara og samspil hans við innlenda framleiðslu og samningsskuldbindingar gagnvart íslenskum bændum.

Á þessu stigi hafa ekki af hálfu Alþingis verið teknar ákvarðanir um hvort og þá hvenær Ísland gerist aðili að hinum nýja Úrúgvæ-samningi GATT. Verði það niðurstaða Alþingis að samþykkja slíka aðild verður samtímis að taka afstöðu til þess í innlendri löggjöf hvernig þeim heimildum sem samningurinn veitir og skyldum sem hann leggur á Ísland verður komið fyrir. Fyrsti minni hluti leggur áherslu á að landbúnaðarnefnd fylgist grannt með því að svo verði gert. Að því marki sem samningurinn veitir rýmri heimildir til álagningar gjalda vegna umreiknings innflutningstakmarkana en hin almenna regla um verðjöfnun miðað við heimsmarkaðsverð á hverjum tíma segir til um á Alþingi þann kost að ákveða með breytingu á tollalögum að leggja ákveðna tolla á innfluttar landbúnaðarvörur eða rýmka hámark verðjöfnunargjaldaheimildar landbúnaðarráðherra frá því sem gert er í þessum breytingartillögum.

Sú leið að beita hvort tveggja í senn tollum og verðjöfnunargjöldum til að nýta hinar sérstöku álagningarheimildir Úrúgvæ-samningsins hefur ýmsa kosti umfram það að velja aðra leiðina eingöngu. Þessum sérstöku heimildum (tollaígildum) er ætlað að veita innlendri framleiðslu, sem notið hefur innflutningstakmarkana, aðlögunartíma. Æskilegt er því að geta beitt slíkum heimildum miðað við breytilegar aðstæður frá einum tíma til annars og í ljósi verðþróunar og markaðsaðstæðna. Fjárhæð tolla er ákveðin af Alþingi hverju sinni með breytingu á tollalögum og við breytingar á tollum þarf að fylgja sömu reglum. Álagning tolla hefur hins vegar þann kost að þá tekur Alþingi sjálft ákvörðun um fjárhæðina en framselur ekki slíkt vald í hendur ráðherra. Með því að fara þá leið að nýta hluta af hinum sérstöku álagningarheimildum GATT-samningsins með álagningu tolla en að öðru leyti með heimild til álagningar verðjöfnunargjalda er framsal á skattlagningarvaldi Alþingis takmarkað. Í þessum tillögum er vald ráðherra takmarkað við það

sem nefna má hefðbundna verðjöfnun vegna mismunar á hráefnisverði eins og það er hverju sinni, annars vegar innan lands og hins vegar samkvæmt skilgreindu heimsmarkaðsverði.

Verðjöfnun á landbúnaðarhráefnum hefur verið við lýði í ýmsum nágrannalöndum okkar, svo sem Noregi og Svíþjóð, auk þess sem áþekku kerfi hefur verið beitt innan Evrópusambandsins. Fram hefur komið af hálfu starfsmanna ráðuneytanna að enn liggja ekki fyrir ákvarðanir af hálfu þessara ríkja hvort og þá í hvaða mæli ríkin gera breytingar á álagningu verðjöfnunargjalda í tilefni af ákvæðum væntanlegs Úrúgvæ-samnings GATT um umreikning innflutningstakmarkana. Er eðlilegt að fylgst verði með þróun þeirra mála af hálfu Íslands.

Það verður eins og áður sagði viðfangsefni Alþingis samhliða umfjöllun um Úrúgvæ-samning GATT að meta þörfina á því að beita tollum samhliða verðjöfnunargjaldaheimildunum. Að gerðum slíkum breytingum á tollum lægi fyrir með hvaða hætti kostur verður á að beita verðjöfnunargjaldaheimild landbúnaðarráðherra samhliða tollum allt að því hámarki gjalda sem GATT-samningurinn heimilar á hverjum tíma, en hin sérstöku útreiknuðu gjaldahámörk eiga að fara lækkandi í áföngum.

Það er mikilvægt atriði vegna ákvæða fríverslunar- og milliríkjasamninga að þess sé jafnan gætt að birta þau viðmiðunarverð sem notuð eru við álagningu verðjöfnunargjalda. Með því eiga framleiðendur og aðrir, sem hagsmuna hafa að gæta, kost á því að sannreyna þann grundvöll sem útreikningur gjaldanna er byggður á og eiga fyrir fram að hafa vitneskju um hvernig sá grunnur er lagður. Sérstök regla er því í 4. mgr. um slíka birtingu.

Eins og í gildandi 72. gr. er miðað við að ráðherra ákveði álagningu verðjöfnunargjalda með reglugerð og áfram er gert ráð fyrir að ráðherra hafi sér til ráðuneytis við ákvörðun gjaldanna nefnd þriggja manna. Eru ákvæðin um þá nefnd óbreytt að öðru leyti en því að ekki var talin ástæða til að endurtaka þann texta sem hefur verið fluttur í 6. mgr. og er nú hluti af lögmæltum skilyrðum fyrir álagningu verðjöfnunargjalda.

Ákvæði 72. gr., eins og lagt er til að þeim verði breytt með þessum tillögum, kveða á um á hvaða vörur landbúnaðarráðherra má leggja verðjöfnunargjöld og hvert megi vera hámark gjaldsins. Sá lagarammi breytir því ekki að Ísland kann að hafa skuldbundið sig með fríverslunar- og milliríkjasamningum til að leggja verðjöfnunargjöld á eftir sérstökum reglum og að samanlögð innflutningsgjöld megi ekki fara yfir tiltekið hámark. Séu slík samningsákvæði fyrir hendi ber ráðherra að virða þau og því til áréttingar er tekið fram í 6. mgr. að álagning verðjöfnunargjalds skuli vera í samræmi við þá skilmála sem kveðið er á um í fríverslunar- og milliríkjasamningum og takmarkist hverju sinni af því að verðjöfnunargjöld að viðbættum innflutningsgjöldum séu innan þeirra marka sem skilgreind eru í þeim samningum sem Ísland er aðili að.

Í 8. mgr. er kveðið á um tengsl reglna um verðjöfnunargjöld við reglur tollalaga, en eðlilegt og nauðsynlegt er að þeim sé beitt þegar beinum ákvæðum í greininni og reglugerðum eða fyrirmælum samkvæmt henni sleppir. Er ákvæði þetta í samræmi við t.d. 2. mgr. 33. gr. búvörulaga og þá almennu reglu sem kemur fram í 149. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Með lögum nr. 18/1993, um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, o.fl., frá apríl 1993 var bætt við tollalögin nýju ákvæði, 120 gr. A, þar sem fjármálaráðherra var veitt heimild til að leggja verðjöfnunargjald á innfluttar vörur sem unnar eru úr hráefnum úr landbúnaði samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í bókum 3 við EES-samninginn,

svo og öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum og bókunum við þá. Jafnframt var ráðherra veitt heimild til að leggja slík gjöld á vörur sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum EES-samnings eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og skal þá miðað við mismun á verði hliðstæðrar vöru á heimsmarkaði og verði hinnar innlendu vöru eftir því sem við á hverju sinni.

Samkvæmt heimildum í lögum nr. 18/1993 og 126/1993 fara landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra að hluta til með heimild til að leggja verðjöfnunargjöld á sömu vörur. Nauðsynlegt er því að draga þarna skýra línu í lögum og er lagt til að tekið verði af skarið um að heimild landbúnaðarráðherra samkvæmt þessari grein komi í stað heimildar fjármálaráðherra skv. 120. gr. A í tollalögum að því er varðar þær vörur sem greinin tekur til, þ.e. vörur sem tilgreindar eru í viðaukum I og II. Ekki er um það að ræða að landbúnaðarráðherra fari með valdheimildir fjármálaráðherra skv. 120. gr. A í tollalögum, heldur leggur hann verðjöfnunargjöldin á í þessu tilviki samkvæmt þeim efnisreglum sem fram koma í 72. gr. búvörulaga. Heimild landbúnaðarráðherra gengur því framar heimild fjármálaráðherra að þessu leyti.

4. Breytingin í c-lið 2. tölul. (ný 4. gr. frumvarpsins) felur í sér að tilvísun til málsgreinar er breytt vegna breytinga á 72. gr.

5. Eins og komið verður að í athugasemdum við b-lið 3. tölul. breytingartillagnanna er lagt til að bætt verði nýjum viðauka við frumvarpið og því er sá viðauki, sem fylgdi frumvarpinu, nefndur viðauki I en nýr viðauki nefndur viðauki II. Þá hafa vörur í nokkrum tilvikum verið færðar úr viðauka I yfir í viðauka II og skilgreiningar á vörum í viðauka I verið þrengdar.

6. Að lokum er lagt til í b-lið 3. tölul. breytingartillagnanna að tekinn verði upp í frumvarpið nýr viðauki, viðauki II, en þar er að finna meginhluta þeirra garð- og gróðurhúsaafurða sem innflutningstakmarkanir eru á skv. 3. gr. reglugerðar nr. 401/1993, sbr. 53. gr. búvörulaga. Því til viðbótar eru einnig vörur sem innihalda kjöt í minna mæli en 20% af þunga vörunnar og vörur sem eru ríkar af öðrum landbúnaðarhráefnum sem nú er verðjafnað fyrir samkvæmt ákvæðum í fríverslunarsamningum.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan og gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Eins og áður hefur komið fram stendur Gísli S. Einarsson að þeim breytingartillögum en ekki að nefndarálitinu.

Alþingi, 1. mars 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Einar K. Guðfinnsson.

672. Breytingartillögur [341. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá Agli Jónssyni, Gísla S. Einarssyni, Árna M. Mathiesen og Einari K. Guðfinnssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   52. gr. laganna orðast svo:

   Vegna aðgerða við stjórn á framleiðslu og sölu landbúnaðarvara er innflutningur óheimill á þeim vörum sem tilgreindar eru í viðauka I með lögum þessum og flokkast í þar til greind tollskrárnúmer nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra. Ráðherra getur í reglugerð, sem hann setur um nánari framkvæmd leyfisveitinga, ákveðið að innflutningur þessara vara skuli tímabundið vera frjáls.

   Viðaukar með lögum þessum skulu hafa lagagildi. Verði gerðar breytingar á flokkun vara í tollskrárnúmerum samkvæmt þeim skulu ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og 72. gr. laga þessara einnig taka til vara í þeim undirflokkum sem þannig verða til eftir því sem við á.

   Áður en ákvarðanir eru teknar um innflutning samkvæmt þessari grein skal leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

2. Á eftir 1. gr. komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:

   a. (2. gr.)

   4. mgr. 53. gr. laganna orðast svo:

   Ráðherra getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar heimilað innflutning á þeim vörum, sem greinin tekur til, í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

   b. (3. gr.)

   72. gr. laganna orðast svo:

   Landbúnaðarráðherra er heimilt, til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í viðauka I og II með lögum þessum og jafnframt eru framleiddar hér á landi. Verðjöfnun á unnum og/eða samsettum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra.

   Verðjöfnunargjöld samkvæmt þessari grein skulu innheimt við tollafgreiðslu og renna í ríkissjóð.

   Fjárhæð verðjöfnunargjalds má að hámarki vera mismunur annars vegar á innlendu verði hráefnis sem ákveðið er skv. 1. tölul. og hins vegar erlendu viðmiðunarverði sem ákveðið er skv. 2. tölul.:

1. Innlent verð skal ákveðið í eftirfarandi röð:
   1.1. Umsamið innlent viðmiðunarverð í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og bókunum við þá og tekur til hlutaðeigandi innflutnings.
   1.2. Samkvæmt IV. kafla laga þessara ef verð er ákveðið og birt í samræmi við þær reglur.
   1.3. Í samræmi við reglur 6. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald.
2. Erlent viðmiðunarverð skal ákveðið þannig eftir því sem við á um hlutaðeigandi innflutning:
   2.1. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar samkvæmt verðjöfnunarákvæðum í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.
   2.2. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar samkvæmt bókun 2 við samning milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.
   2.3. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar í verðjöfnunarákvæðum í öðrum fríverslunarsamningum en skv. 2.1 og 2.2 sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.
   2.4. Viðmiðunarverð sem birt er sem heimsmarkaðsverð einstakra landbúnaðarhráefna af hálfu Evrópusambandsins eða fríverslunarsamtaka, og skal ráðherra ákveða nánar í reglugerð við hvaða verð miðað er á hverri hráefnistegund. Komi í ljós að framleiðendur vöru eigi kost á að kaupa hráefni á lægra verði en birtu viðmiðunarverði samkvæmt framangreindu í að minnsta kosti þrjá mánuði er ráðherra heimilt að ákveða tímabundið að miða við það verð sem sérstaklega ákvarðað viðmiðunarverð. Sé viðmiðunarverð ekki birt með framangreindum hætti skal viðmiðunarverð ákvarðað í samræmi við það verð sem framleiðendur eiga kost á að kaupa hráefni á.

Landbúnaðarráðherra skal jafnan við ákvörðun verðjöfnunargjalds birta í reglugerð það innlenda og erlenda viðmiðunarverð sem notað er við ákvörðun gjaldsins.

Jafnan skal miða við verð á sama sölustigi nema annað leiði af ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga. Verðjöfnunargjöld má leggja á sem krónutölu á magneiningu eða sem hlutfallslegt gjald.

Ráðherra ákveður álagningu gjalda samkvæmt þessari grein í reglugerð. Álagning verðjöfnunargjalds skal vera í samræmi við þá skilmála sem kveðið er á um í fríverslunar- og milliríkjasamningum og takmarkast hverju sinni af því að verðjöfunargjald að viðbættum innflutningsgjöldum sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Við ákvörðun verðjöfnunargjalda skal ráðherra hafa sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna. Skal einn skipaður án tilnefningar, annar af fjármálaráðherra og hinn þriðji af viðskiptaráðherra. Nefndin skal afla upplýsinga um verð sem álagning gjaldanna miðist við en jafnframt tryggja nauðsynlegt samráð milli ráðuneyta þannig að þess sé gætt að samanlögð álagning innflutningsgjalda sé innan þeirra marka sem greinir í 6. mgr. Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd verðjöfnunargjalda, refsingar og aðra framkvæmd varðandi verðjöfnunargjöld skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Heimild landbúnaðarráðherra samkvæmt þessari grein skal koma í stað heimildar fjármálaráðherra skv. 120. gr. A í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, að því er varðar þær vörur sem grein þessi tekur til.

c. (4. gr.)

Í stað „3. mgr.“ í 2. mgr. 73. gr. laganna kemur: 7. mgr.

3. Í stað viðauka með frumvarpinu komi tveir nýir viðaukar svohljóðandi:

a. (VIÐAUKI I)

0201		**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt:**
	0201.1000	– Skrokkar og hálfir skrokkar
	0201.2000	– Sneitt á annan hátt, með beini
	0201.3000	– Beinlaust
0202		**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst:**
	0202.1000	– Skrokkar og hálfir skrokkar
	0202.2000	– Sneitt á annan hátt, með beini
	0202.3000	– Beinlaust
0203		**Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**
		– Nýtt eða kælt:
	0203.1100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar
	0203.1200	– – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini
	0203.1900	– – Annað
		– Fryst:
	0203.2100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar
	0203.2200	– – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini
	0203.2900	– – Annað
0204		**Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**
	0204.1000	– Lambaskrokkar, heilir og hálfir, nýir eða kældir
		– Annað kindakjöt, nýtt eða kælt:
	0204.2100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar
	0204.2200	– – Sneitt á annan hátt, með beini
	0204.2300	– – Beinlaust
	0204.3000	– Lambaskrokkar, heilir og hálfir, frystir
		– Annað kindakjöt, fryst:
	0204.4100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar
		– – Sneitt á annan hátt, með beini:
	0204.4201	– – – Svið (sviðahausar)
	0204.4209	– – – Annað
	0204.4300	– – Beinlaust
	0204.5000	– Geitakjöt
0205	0205.0000	**Kjöt af hrossum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst**

0206		**Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst:**
	0206.1000	– Af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt
		– Af dýrum af nautgripakyni, fryst:
	0206.2100	– – Tunga
	0206.2200	– – Lifur
	0206.2900	– – Annað
	0206.3000	– Af svínum, nýtt eða kælt
		– Af svínum, fryst:
	0206.4100	– – Lifur
	0206.4900	– – Annað
	0206.8000	– Annað, nýtt eða kælt
	0206.9000	– Annað, fryst
0207		**Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst:**
	0207.1000	– Alifuglar ekki skornir í hluta, nýir eða kældir
		– Alifuglar ekki skornir í hluta, frystir:
	0207.2100	– – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus
	0207.2200	– – Kalkúnar
	0207.2300	– – Endur, gæsir og perluhænsni
		– Sneiðar og hlutar af alifuglum (einnig lifur), nýtt eða kælt:
	0207.3100	– – Fitulifur gæsa og anda
	0207.3900	– – Annað
		– Sneiðar og hlutar af alifuglum annað en lifur, fryst:
	0207.4100	– – Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus
	0207.4200	– – Af kalkúnum
	0207.4300	– – Af öndum, gæsum eða perluhænsnum
	0207.5000	– Alifuglalifur, fryst
0208		**Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:**
	0208.1000	– Af kanínum eða hérum
	0208.9003	– – Rjúpur, frystar
	0208.9005	– – Selkjöt, fryst
	0208.9006	– – Hreindýrakjöt, fryst
Úr	0208.9009	– – Annars, þó ekki hvalkjöt og hvalafurðir
0209	0209.0000	**Svínafita án magurs kjöts og alifuglafita (óbrædd), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt**
0210		**Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:**
		– Svínakjöt:
	0210.1100	– – Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini
	0210.1200	– – Slög og sneiðar af þeim
	0210.1900	– – Annað

	0210.2000	– Kjöt af dýrum af nautgripakyni
		– Annað, þar með talið ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:
	0210.9001	– – Alifuglalifur, þurrkuð eða reykt
	0210.9002	– – Kindakjöt, saltað
	0210.9003	– – Kindakjöt, reykt (hangikjöt)
Úr	0210.9009	– – Annars, þó ekki hvalkjöt og hvalafurðir
0401		**Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**
	0401.1000	– Með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1% miðað við þyngd
	0401.2000	– Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd
	0401.3000	– Með fituinnihaldi sem er meira en 6% miðað við þyngd
0402		**Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**
	0402.1000	– Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1,5% miðað við þyngd
		– Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er meira en 1,5% miðað við þyngd:
	0402.2100	– – Án viðbætts sykurs eða annars sætiefnis
	0402.2900	– – Annað
		– Annað:
	0402.9100	– – Án viðbætts sykurs eða annars sætiefnis
	0402.9900	– – Annars
0403		**Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefír og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:**
		– Jógúrt:
	0403.1001	– – Kakaóblandað
	0403.1002	– – Blandað með ávöxtum eða hnetum
	0403.1003	– – Drykkjarjógúrt
	0403.1004	– – Bragðbætt, ót.a.
	0403.1009	– – Annað
		– Annað:
	0403.9001	– – Kakaóblandað
	0403.9002	– – Blandað með ávöxtum eða hnetum
	0403.9003	– – Drykkjarvara
	0403.9004	– – Bragðbætt, ót.a.
	0403.9009	– – Annars

0404		**Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrlegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.:**
	0404.1000	– Mysa og umbreytt mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
	0404.9000	– Annað
0405	0405.0000	**Smjör og önnur fita og olía fengið úr mjólk**
0406		**Ostur og ystingur:**
	0406.1000	– Nýr ostur (óþroskaður eða ógerjaður), einnig mysuostur og ystingur
	0406.2000	– Hvers konar rifinn eða mulinn ostur
	0406.3000	– Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn
	0406.4000	– Gráðostur
	0406.9000	– Annar ostur
0407	0407.0000	**Fuglsegg, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin**
0408		**Fuglsegg, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**
		– Eggjarauða:
	0408.1100	– – Þurrkuð
	0408.1900	– – Önnur
		– Annað:
	0408.9100	– – Þurrkað
	0408.9900	– – Annars
0410	0410.0000	**Ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.**
0602		**Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:**
		– Annað:
Úr	0602.9900	– – Tré og runnar, ót.a.
0604		**Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa, og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**
	0604.9101	– – – Jólatré, án rótar; jólatrésgreinar
1601		**Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum:**
	1601.0001	– Blóðmör og lifrarpylsa
	1601.0009	– Annað

1602		**Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum:**
	1602.1000	– Jafnblönduð matvæli
	1602.2000	– Úr dýralifur
		– Úr alifuglum í nr. 0105:
	1602.3100	– – Úr kalkún
	1602.3900	– – Annað
		– Úr svínum:
	1602.4100	– – Læri og lærissneiðar
	1602.4200	– – Bógur og bógsneiðar
	1602.4900	– – Annað, þar með taldar blöndur
	1602.5000	– Úr nautgripum
	1602.9000	– Annars, þar með talin framleiðsla úr hvers konar dýrablóði
1902		**Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:**
		– Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
	1902.2002	– – Með fyllingu sem inniheldur að magni til meira en 20% miðað við þunga af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því
2103		**Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:**
		– Annað:
Úr	2103.9009	– – Annars, sem inniheldur að magni til meira en 20% kjöt miðað við þunga
2104		**Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli:**
		– Súpur og seyði og framleiðsla í það:
Úr	2104.1004	– – Aðrar súpur sem innihalda að magni til meira en 20% kjöt
Úr	2104.1009	– – Annað sem inniheldur að magni til meira en 20% kjöt
		– Jafnblönduð samsett matvæli:
	2104.2001	– – Sem innihalda að magni til meira en 20% kjöt eða kjötúrgang miðað við þunga
2105		**Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi:**
Úr	2105.0001	– Sem inniheldur kakaó, úr mjólkurafurðum
Úr	2105.0009	– Annar, úr mjólkurafurðum
2106		**Matvæli, ót.a.:**
	2106.9049	– – Framleiðsla að meginstofni úr feiti og vatni sem inniheldur meira en 15% af smjöri eða annarri mjólkurfitu miðað við þyngd

b. (VIÐAUKI II)

0601		**Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoríuplöntur og síkoríurætur, þó ekki síkoríurætur í nr. 1212:**
		– Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í vexti eða blóma; síkoríuplöntur og síkoríurætur:
	0601.2002	– – Pottaplöntur
	0601.2009	– – Annað
0602		**Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:**
	0602.1000	– Græðlingar og gróðurkvistir, án róta
	0602.2000	– Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt, sem bera æta ávexti eða hnetur
	0602.3000	– Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar
	0602.4000	– Rósir, einnig ágræddar
		– Annað:
	0602.9100	– – Sveppaþræðir (Mycelíum)
	0602.9900	– – Annars
0603		**Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**
		– Nýtt:
		– – Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk, og paradísarfuglablóm:
	0603.1001	– – – Innflutt á tímabilinu 1. desember til 30. apríl
	0603.1002	– – – Innflutningur á öðrum tíma
	0603.1009	– – Annars
	0603.9000	– Annað
0604		**Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa, og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**
		– Annað:
		– – Nýtt:
	0604.9109	– – – Annað
	0604.9900	– – Annars
0701		**Kartöflur, nýjar eða kældar:**
	0701.1000	– Útsæði
	0701.9000	– Aðrar
0702		**Tómatar, nýir eða kældir:**
	0702.0001	– Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars
	0702.0002	– Innflutningur á öðrum tíma

0703		**Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:**
	0703.9000	– Blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir
0704		**Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:**
	0704.1000	– Blómkál og hnappað spergilkál
	0704.2000	– Rósakál
	0704.9000	– Annað
0705		**Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:**
		– Salat:
		– – Salat, kálhausar (head lettuce):
	0705.1101	– – – Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars
	0705.1102	– – – Innflutningur á öðrum tíma
	0705.1900	– – Annað
0706		**Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:**
	0706.1000	– Gulrætur og næpur
	0706.9000	– Annað
0707		**Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:**
	0707.0001	– Innfluttar á tímabilinu 1. nóvember til 1. mars
	0707.0009	– Innfluttar á öðrum tíma
0709		**Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:**
	0709.4000	– Selja, önnur en seljurót
		– Sveppir og tröfflur:
	0709.5100	– – Sveppir
	0709.5200	– – Tröfflur
		– Aldin Capsicumættarinnar eða Pimentaættarinnar:
	0709.6001	– – Allrahanda (pimento)
		– – Paprika:
	0709.6002	– – – Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars
	0709.6003	– – – Innflutningur á öðrum tíma
	0709.6009	– – Önnur
	0709.9009	– – Annars
0710		**Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar:**
	0710.1000	– Kartöflur
		– Aðrar matjurtir:
		– – Paprika:
	0710.8001	– – – Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars
	0710.8002	– – – Innflutningur á öðrum tíma
	0710.8009	– – Annars
	0710.9000	– Matjurtablöndur

0711		**Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis:**
	0711.4000	– Gúrkur og reitagúrkur
		– Aðrar matjurtir; matjurtablöndur:
	0711.9001	– – Kartöflur
	0711.9009	– – Annað
0712		**Þurrkaðar matjurtir, heilar, skornar, sneiddar, muldar eða steyttar í duft, en ekki frekar unnar:**
	0712.1000	– Kartöflur, einnig skornar eða sneiddar en ekki frekar unnar
	0712.3000	– Sveppir og tröfflur
		– Aðrar matjurtir; matjurtablöndur:
	0712.9009	– – Annars
1501		**Hreinsuð svínafeiti (Lard); önnur svína- og alifuglafeiti, brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin:**
		– Beinafeiti og úrgangsefnafeiti:
	1501.0011	– – Til matvælaframleiðslu
	1501.0019	– – Annars
		– Önnur:
	1501.0021	– – Til matvælaframleiðslu
	1501.0029	– – Annars
1502		**Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum, hrá eða brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin:**
		– Beinafeiti og úrgangsefnafeiti:
	1502.0011	– – Til matvælaframleiðslu
	1502.0019	– – Annars
		– Annað:
	1502.0021	– – Til matvælaframleiðslu
	1502.0029	– – Annars
1503		**Svínafeitisterín, svínaolía, tólgarsterín, oleóolía og tólgarolía, ekki gert að fleyti, eða unnið á annan hátt:**
	1503.0001	– Til matvælaframleiðslu
	1503.0009	– Annars
1506		**Önnur dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:**
	1506.0001	– Dýraolíur og efnisþættir þeirra
	1506.0009	– Annað

1517		**Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516:**
		– Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki:
		– – Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga:
	1517.1011	– – – Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna
	1517.1019	– – – Annars
		– Annað:
	1517.9002	– – Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjókurfitu miðað við þunga
1901		**Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaóduft eða inniheldur kakaó sem að magni til er innan við 50% miðað við þunga, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakaóduft eða innihalda kakaóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þunga, ót.a.:**
		– – Sem innihalda samanlagt 3% eða meira af nýmjólkurdufti, undanrennudufti, eggjum, mjókurfitu (svo sem smjöri), osti eða kjöti:
	1901.2023	– – – Blöndur og deig, með kjötinnihaldi til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítsur (pizza), í nr. 1905.9051
	1901.2024	– – – Blöndur og deig, með öðru innihaldi en kjöti, til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítsur (pizza) í nr. 1905.9059
1902		**Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:**
		– Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
Úr	1902.2009	– – Önnur, sem inniheldur kjöt
Úr	1902.3000	– Önnur pasta sem inniheldur kjöt
Úr	1902.4000	– Couscous sem inniheldur kjöt
1904		**Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt:**
Úr	1904.9000	– Annað sem inniheldur kjöt
1905		**Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur:**
		– – Bökur, þ.m.t. pítsur (pizza):
	1905.9051	– – – Sem innihalda kjöt
	1905.9059	– – – Aðrar

2001		**Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru:**
	2001.9003	– – Kartöflur og vörur úr þeim, ót.a.
2004		**Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar:**
		– Kartöflur:
	2004.1001	– – Fín- eða grófmalaðar eða flögur
	2004.1009	– – Aðrar
		– Aðrar matjurtir og matjurtablöndur:
	2004.9009	– – Annars
2005		**Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar:**
		–Kartöflur:
	2005.2001	– – Fín- eða grófmalaðar eða flögur
	2005.2002	– – Nasl, svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h.
	2005.2009	– – Aðrar
2103		**Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:**
		– Annað:
	2103.9009	– – Annars
2104		**Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli:**
		– Súpur og seyði og framleiðsla í það:
	2104.1004	– – Aðrar súpur
	2104.1009	– – Annað
		– Jafnblönduð samsett matvæli:
	2104.2001	– – Sem innihalda kjöt eða kjötúrgang
2106		**Matvæli, ót.a.:**
		– – Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:
Úr	2106.9029	– – – Önnur sem innihalda að einhverju leyti smjör, aðra fitu, olíu eða eggjahvítu úr mjólk
Úr	2106.9059	– – Annað sem inniheldur að einhverju leyti smjör, aðra fitu, olíu eða eggjahvítu úr mjólk

2202	**Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009:**
	– Annað:
2202.9001	– – Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða
2202.9009	– – Annars

673. Breytingartillaga [378. mál]

við till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Jóni Kristjánssyni og Jóhanni Ársælssyni.

A-liður 3. tölul. orðist svo:

Tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga verði lagðar fyrir Alþingi sem fyrst. Tillögur um flutning tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga fylgi verkefnaflutningi. Tillögurnar séu unnar í samráði við samtök sveitarfélaga og fulltrúa þingflokka.

674. Breytingartillaga [378. mál]

við till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Einarsdóttur.

Við a-lið 4. tölul. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Í því skyni verði ráðinn í öllum landshlutum sérstakur atvinnuráðgjafi fyrir konur.

675. Frumvarp til fjáraukalaga [452. mál]

fyrir árið 1993, sbr. lög nr. 115/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1993 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1993 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1993, sbr. lög nr. 115/1993:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		1 615 000
Gjöld		-2 799 527
Gjöld umfram tekjur		**-4 414 527**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		-101 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	-533 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	432 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		25 000
Viðskiptareikningar		-574 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-5 064 527**
Afborganir af teknum lánum		300 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-5 364 527**
Lántökur		-3 966 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**1 398 527**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1993, sbr. 2. gr. laga nr. 115/1993, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

		Þús.kr.	Þús.kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	45 063	
01	Forsætisráðuneyti	45 893	
02	Menntamálaráðuneyti	735 884	
03	Utanríkisráðuneyti	93 926	
04	Landbúnaðarráðuneyti	215 931	
05	Sjávarútvegsráðuneyti	61 417	
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	237 584	
07	Félagsmálaráðuneyti	-21 812	
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	642 604	
09	Fjármálaráðuneyti	717 711	
10	Samgönguráðuneyti	9 457	
11	Iðnaðarráðuneyti	-14 706	
12	Viðskiptaráðuneyti	11 525	
13	Hagstofa Íslands	9 817	
14	Umhverfisráðuneyti	9 233	
	Samtals öll ráðuneyti		2 799 527

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00	**Æðsta stjórn ríkisins**		
301	Ríkisstjórn	447	
401	Hæstiréttur	666	
520	Opinberar heimsóknir	1 662	
	Óhafnar fjárveitingar	-47.838	
	Samtals ráðuneyti		-45.063
01	**Forsætisráðuneyti**		
901	Húsameistari ríkisins	10 803	
	Óhafnar fjárveitingar	-56.696	
	Samtals ráðuneyti		-45.893
02	**Menntamálaráðuneyti**		
201	Háskóli Íslands	7 149	
203	Raunvísindastofnun Háskólans	4 474	
206	Orðabók Háskólans	2 253	
208	Örnefnastofnun	58	
232	Rannsóknaráð ríkisins	97	
276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	9	

302 Menntaskólinn á Akureyri	1 605	
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	499	
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	6 424	
305 Menntaskólinn við Sund	767	
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	12 013	
352 Flensborgarskóli, fjölbraut	1 506	
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	1 833	
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	3 645	
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1 923	
422 Námsgagnastofnun	177	
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	73	
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	377	
518 Fiskvinnsluskólinn	1 342	
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	500	
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	373	
562 Leiklistarskóli Íslands	582	
571 Sjómannaskólahúsið	2 309	
601 Héraðsskólinn Reykholti	3 445	
603 Héraðsskólinn Reykjanesi	1	
604 Héraðsskólinn Reykjum	1 114	
605 Alþýðuskólinn Eiðum	2 712	
710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	128	
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	210	
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	176	
718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	390	
755 Dalbrautarskóli	87	
798 Einholtsskóli	965	
884 Jöfnun á námskostnaði	4 813	
903 Þjóðskjalasafn Íslands	229	
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	93	
908 Kvikmyndasafn Íslands	1	
972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	10 830	
973 Þjóðleikhús	2 107	
980 Listskreytingasjóður	188	
983 Ýmis fræðistörf	6 738	
984 Norræn samvinna	20	
Óhafnar fjárveitingar	-820.119	
Samtals ráðuneyti		-735.884

03 Utanríkisráðuneyti

102 Varnarmálaskrifstofa	3 761	
103 Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar	2 086	
201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	5 461	
302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	9	
303 Sendiráð Íslands í London	3 919	
305 Sendiráð Íslands í Ósló	2 540	

306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evróputáðinu, OECD og UNESCO	2 577	
309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	6 267	
310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	1 272	
391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	6 075	
	Óhafnar fjárveitingar	-127.893	
	Samtals ráðuneyti		-93.926
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	216	
231	Skógrækt ríkisins	1 617	
239	Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni	104	
246	Veiðimálastofnun	385	
501	Bændaskólinn á Hvanneyri	228	
502	Bændaskólinn á Hólum	94	
	Óhafnar fjárveitingar	-218.575	
	Samtals ráðuneyti		-215.931
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		
202	Hafrannsóknastofnun	2 128	
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	300	
901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	12	
	Óhafnar fjárveitingar	-63.857	
	Samtals ráðuneyti		-61.417
06	**Dóms og kirkjumálaráðuneyti**		
101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3	
103	Lagasafn	738	
211	Héraðsdómur Reykjavíkur	94	
213	Héraðsdómur Vestfjarða	296	
214	Héraðsdómur Norðurlands vestra	148	
231	Málskostnaður í opinberum málum	6 687	
232	Opinber réttaraðstoð	1 679	
290	Dómsmál, ýmis kostnaður	5 908	
411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	3 030	
412	Sýslumaðurinn á Akranesi	16 085	
416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	4	
419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	241	
420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	526	
426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	2 004	
429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	501	
431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	48	
432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	698	
434	Sýslumaðurinn í Keflavík	1 912	

701 Biskup Íslands	837	
712 Prestssetur	911	
721 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	1 590	
Óhafnar fjárveitingar	-281.524	
Samtals ráðuneyti		-237.584

07 Félagsmálaráðuneyti

272 Byggingarsjóður verkamanna	47	
719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	32	
983 Ábyrgðasjóður launa v/gjaldþrota	314 511	
Óhafnar fjárveitingar	-292.778	
Samtals ráðuneyti		21.812

08 Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti

277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	7 000
323 Tryggingaeftirlitið	3 479
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	550
326 Sjónstöð Íslands	66
356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki	1
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2 000
367 Sjúkrahúsið Keflavík	4 400
371 Ríkisspítalar	13 050
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	490
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	434
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	292
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	770
532 Heilsugæslustöðin Ísafirði	1
533 Heilsugæslustöðin Þingeyri	899
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	562
555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri	360
556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	504
557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	543
561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	640
562 Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	1
565 Heilsugæslustöðin Eskifirði	397
566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	598
567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	2 739
568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	576
571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	454
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	272
575 Heilsugæslustöðin Hellu	985
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	529
578 Heilsugæslustöðin Hveragerði	288
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	763
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	648
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ	849

584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	610	
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1 207	
Óhafnar fjárveitingar	-689.561	
Samtals ráðuneyti		-642.604
09 Fjármálaráðuneyti		
104 Ríkisfjárhirsla	194	
202 Skattstofan í Reykjavík	1 987	
205 Skattstofa Norðurlands vestra	777	
206 Skattstofa Norðurlands eystra	277	
208 Skattstofa Suðurlands	462	
209 Skattstofa Vestmannaeyja	652	
251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	85 198	
381 Uppbætur á lífeyri	38 801	
402 Fasteignamat ríkisins	1	
989 Launa- og verðlagsmál	23 186	
Óhafnar fjárveitingar	-869.246	
Samtals ráðuneyti		-717.711
10 Samgönguráðuneyti		
101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	1 555	
332 Vitastofnun Íslands	241	
333 Hafnamál	354	
341 Siglingamálastofnun ríkisins	2 139	
471 Flugmálastjórn	3 879	
651 Ferðamálaráð	1 499	
Óhafnar fjárveitingar	-19.124	
Samtals ráðuneyti		-9.457
11 Iðnaðarráðuneyti		
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	211	
298 Kostnaður v/samninga við ÍSAL	2 980	
301 Orkustofnun	333	
302 Rafmagnseftirlit ríkisins	4 787	
371 Orkusjóður	484	
399 Ýmis orkumál	25 548	
Óhafnar fjárveitingar	-19.637	
Samtals ráðuneyti		14.706
12 Viðskiptaráðuneyti		
Óhafnar fjárveitingar	-11.525	
Samtals ráðuneyti		-11.525

13	**Hagstofa Íslands**		
	Óhafnar fjárveitingar	-9.817	
	Samtals ráðuneyti		-9.817
14	**Umhverfisráðuneyti**		
210	Veiðistjóri	5 545	
401	Náttúrufræðistofnun Íslands	449	
410	Veðurstofa Íslands	2 082	
	Óhafnar fjárveitingar	-17.309	
	Samtals ráðuneyti		-9.233

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1993 umfram þær heimildir sem veittar voru af Alþingi í fjárlögum 1993 og lögum nr. 115/1993, fjáraukalögum fyrir árið 1993.

Frumvarp að fjáraukalögum var lagt fram á Alþingi í október 1993 og með því fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1993 og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram heimildir fjárlaga. Þá var hinn 23. febrúar síðastliðinn lögð fyrir Alþingi *Skýrsla um ríkisfjármál árið 1993*, þar sem afkoma ríkissjóðs eftir endanlegt greiðsluuppgjör ríkisbókhalds er skýrð með samanburði við áform samkvæmt fjárlögum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluheimildir á árinu 1993 sem Alþingi hefur samþykkt í samanburði við útkomu ársins:

Afkoma ríkissjóðs 1993

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1993 m.kr.	Fjáraukalög 115/1993 m.kr.	Heimildir alls 1993 m.kr.	Reikningur 1993 m.kr.	Mismunur fjárveitinga og reiknings m.kr.
Tekjur	104.771	-3.166	101.605	103.220	1.615
Gjöld	111.015	4.647	115.662	112.863	-2.799
Rekstrarafkoma	**-6.244**	**-7.813**	**-14.057**	**-9.643**	**4.414**
Lánveitingar, nettó	-2.695	990	-1.705	-1.055	650
Hrein lánsfjárþörf	**8.939**	**6.823**	**15.762**	**10.698**	**-5.064**
Afborganir af teknum lánum	6.410	-210	6.200	5.900	-300
Heildarlánsfjárþörf	**15.349**	**6.613**	**21.962**	**16.598**	**-5.364**
Lántökur alls	15.400	6.600	22.000	18.034	-3.966
Greiðslujöfnuður	**51**	**-13**	**38**	**1.436**	**1.398**

Ónýttar fjárheimildir í árslok 1993 námu alls 3.558 m.kr. en greiðslur umfram heimildir námu 759 m.kr. Endanleg útgjöld ríkissjóðs reyndust þannig vera 2.799 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga og fjáraukalaga. Í þessu frumvarpi er sótt um greiðsluheimildir vegna fyrrnefndra 759 m.kr. umframgreiðslna en á móti er lagt til að felldar verði niður ónýttar fjárheimildir samtals að fjárhæð 1.414 m.kr. Gert er ráð fyrir að í frumvarpi til fjáraukalaga 1994 verði sótt um flutning óhafinna heimilda til ársins 1994 sem nemur 2.151 m.kr. og skerðingu á framlögum í fjárlögum 1994 sem nemur 227 m.kr. vegna umframgreiðslna á árinu 1993. Sundurliðun þessara fjárhæða er að finna í fylgiskjali með frumvarpi þessu. Í fyrrnefndri skýrslu um ríkisfjármál árið 1993 er vikið að höfuðatriðunum í niðurstöðum greiðsluuppgjörs um tekjur, gjöld og lánahreyfingar ríkissjóðs, og er vísað til þess rits um nánari upplýsingar.

Skýringar við 3. grein frumvarpsins

00 Æðsta stjórn ríkisins

Greiðslur til æðstu stjórnar ríkisins urðu 45 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 2,8 m.kr., en óhafnar fjárveitingar eru 47,8 m.kr. Þar af er 28,4 m.kr. vegna stofnkostnaðar á Bessastöðum og 10 m.kr. rekstrarafgangur hjá ríkisendurskoðun.

Lagt er til að allar óhafnar fjárveitingar og umframgreiðslur flytjist milli ára.

01 Forsætisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 45,9 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 10,8 m.kr., en óhafnar fjárveitingar eru 56,7 m.kr. Greiðsluafgangur aðalskrifstofu er 53,6 m.kr. þar sem fjárveitingar til viðhalds á ráðherrabústaðnum voru ekki nýttar að fullu.

Lagt er til að allar óhafnar fjárveitingar og umframgreiðslur flytjist milli ára.

02 Menntamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 735,9 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 94,7 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 830,5 m.kr. Þar vega þyngst viðhalds- og stofnkostnaðarliðir, eða samtals 546,2 m.kr. Þar af má nefna 289,2 m.kr. vegna framhaldsskóla og 82,3 m.kr. vegna Þjóðarbókhlöðu. Óhafnar rekstrarfjárveitingar eru alls 212,3 m.kr vegna 57 stofnana. Þar af eru 67,7 m.kr. vegna framhaldsskóla og 65,9 m.kr. vegna grunnskóla. Óhafnar tilfærslur eru 77,7 m.kr. og þar af eru framlög til lista 34,4 m.kr. innan heimilda. Umframgreiðslur í árslok 1993 eru mestar hjá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti, eða 12 m.kr., og hafa lækkað úr 31,4 m.kr. frá því árinu á undan. Umframgreiðslur hjá Íslenska dansflokknum eru 10,8 m.kr. og hjá Háskóla Íslands nema þær 7,1 m.kr. en voru 49,5 m.kr. í árslok 1992. Aðrar umframgreiðslur eru mun lægri.

Lagt er til að allar óhafnar fjárveitingar og umframgreiðslur flytjist milli ára.

03 Utanríkisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 93,9 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 34 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 127,9 m.kr. og þar af eru 3,3 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Greiðsluafgangur er mestur hjá Alþjóðastofnunum eða 57,9 m.kr. Þá er afgangur hjá aðalskrifstofu 27,6 m.kr og 21,1 m.kr. á ýmsum utanríkismálum. Umframgreiðslur eru mestar hjá Fastanefnd Íslands hjá S.Þ., eða 6,3 m.kr. og hjá þróunarmálum og alþjóðlegum hjálparstofnunum, eða 6,1 m.kr.

Lagt er til að hluti af greiðsluafgangi Alþjóðastofnana, alls 32,9 m.kr., falli niður þar sem ýmis verkefni komu ekki til framkvæmda. Þar má nefna þróunarsjóð EES o.fl. Þá er lagt til að greiðsluafgangur sendiráða flytjist milli ára, en færist í einu lagi á fjárlagaliðinn, Sendiráð almennt. Þar sem gengisþróun hefur mismikil áhrif á útgjöld einstakra sendiráða, þá er talið eðlilegt að yfirfærslan sé sameiginleg fyrir þennan málefnaflokk.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 215,9 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 2,6 m.kr. Óhafnar fjárveitingar eru 218,6 m.kr. og er þar einkum um rekstrartilfærslur að ræða, en þær eru 161,2 m.kr. Mestur afgangur er á greiðslum vegna mjólkurframleiðslu, eða 96,8 m.kr. Þá er afgangur á sérstökum greiðslum í landbúnaði 54 m.kr. og 28,9 m.kr. hjá Sauðfjárveikivörnum. Umframgreiðslur dreifast á 6 stofnanir. Mest 1,6 m.kr. hjá Skógrækt ríkisins.

Lagt er til að óhafnar fjárveitingar að fjárhæð 107,2 m.kr. færist ekki yfir til ársins 1994. Hér er um að ræða hluta af afgangi greiðslna vegna mjólkurframleiðslu, eða 46,8 m.kr., auk sauðfjárveikivarna, 28,9 m.kr., Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins, 21,9 m.kr. og greiðslna vegna sauðfjárframleiðslu, 9,5 m.kr. Allir þessir liðir flokkast sem tilfærslur, þar sem greiðslur eru lögbundnar og afgangur skýrist ekki af rekstrarhagræðingu.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 61,4 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 2,4 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 63,9 m.kr. Þar af er stofnkostnaður 22,4 m.kr. Stærsti afgangurinn er á liðnum sjávarútvegsmálum, ýmis starfsemi, eða 32,6 m.kr. Þá er 12,4 m.kr. afgangur hjá Fiskifélaginu og 11,4 m.kr. hjá Fiskistofu. Þessar afgangsheimildir skýrast að hluta til af því að aukafjárveitingar voru ekki nýttar fyrr en á þessu ári.

Lagt er til að allar óhafnar fjárveitingar og umframgreiðslur flytjist á milli ára.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 237,6 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 43,9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 281,5 m.kr. Þar af eru 118 m.kr. vegna stofnkostnaðar og vegur þar þyngst húsnæði dómsmálastofnana, eða 50,3 m.kr. Afgangur vegna rekstrar nema 141,1 m.kr. og dreifast á 36 fjárlagaliði. Greiðsluafgangur er hæstur hjá embætti Lögreglustjórans í Reykjavík, eða 22,3 m.kr. og hjá Landhelgisgæslunni, 21,1 m.kr. Aðrar óhafnar fjárveitingar til rekstrar eru lægri. Umframgjöld dreifast á 21 stofnun og eru hæstar hjá embætti sýslumanns á Akranesi, eða 16,1 m.kr. og vegna málskostnaðar í opinberum málum, 6,7 m.kr. Önnur umframgjöld eru mun lægri.

Lagt er til að felldar verði niður afgangur vegna kosninga, 3,6 m.kr. og hluti af afgang Ríkissaksóknara, eða 1,8 m.kr. Í báðum tilfellum er um að ræða aukafjárveitingar sem ekki þurfti að nýta að fullu. Þá er lagt til að felldar verði niður umframgreiðslur að fjárhæð 10,9 m.kr., þar af 6,7 m.kr. vegna málskostnaðar í opinberum málum.

07 Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 21,8 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 316,3 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 294,5 m.kr. Ónotaðar heimildir vegna stofnkostnaðar nema 86,1 m.kr., þar af eru 79,4 m.kr. hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra. Afgangsheimildir vegna rekstrar eru mestar hjá málefnum fatlaðra, eða 81,6 m.kr. og hjá Brunamálastofnun 23,9 m.kr. Umframgreiðslur skýrast nær alfarið af breytingu á bókhaldi greiðslna til Ábyrgðasjóðs launa, þannig að greiðslurnar eru færðar á gjaldahlið en ekki færðar til lækkunar á tekjum eins og áður. Greiðslur til sjóðsins nema 314,5 m.kr.

Lagt er til að afgangur að fjárhæð 59,5 m.kr. færist ekki milli ára, þar sem hann er tilkominn ýmist vegna þess að áætluð starfsemi fór ekki af stað á árinu, eða tengist ekki almennri hagræðingu í rekstri. Þá er lagt til að umframgreiðslur vegna Ábyrgðasjóðs launa verði felldar niður.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 642,6 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 47,4 m.kr. en óhafnar heimildir eru 690 m.kr. Þar af eru 9,3 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Ónotaðar heimildir vegna rekstrar eru alls 82,9 m.kr. og koma fram á 28 fjárlagaliðum. Hæstur er afgangurinn 27 m.kr. hjá St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, þar sem aukafjárveiting til spítalans var ekki greidd fyrr en á árinu 1994. Aðrar óhafnar fjárveitingar vegna rekstrar eru mun lægri, mest á fjárlagalið vegna rekstrarhagræðingar, eða 14 m.kr. Greiðsluafgangur rekstrartilfærslna er 584,9 og munar þar mest um greiðslur til Atvinnuleysistryggingarsjóðs sem urðu 449 m.kr. innan heimilda. Þá voru greiðslur vegna lífeyris-, sjúkra- og slysatryggingar 115,3 m.kr. innan heimilda. Umframgreiðslur urðu 47,4 m.kr. og dreifast á 31 stofnun. Hæst er frávikið 13,1 m.kr. hjá Ríkisspítölum og 7 m.kr. vegna atvinnuleysisbóta opinberra starfsmanna, en önnur frávik vega minna.

Lagt er til að greiðsluafgangur lögbundinna tilfærsluliða, að fjárhæð 564,3 m.kr., færist ekki milli ára. Þar af eru 449 m.kr. hjá Atvinnuleysistryggingarsjóði. Þá er lagt til að fella niður 7 m.kr. umframgreiðslur vegna atvinnuleysisbóta opinberra starfsmanna og 3,5 m.kr. vegna Tryggingaeftirlits ríkisins.

09 Fjármálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 717,7 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 151,5 m.kr. en óhafnar heimildir eru 869,2 m.kr. Þar af eru 495,9 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Rekstrarafgangur nemur 77,4 m.kr. á 13 fjárlagaliðum. Þar af eru 18,5 m.kr. vegna Tollstjórans í Reykjavík og 16,8 m.kr. á ýmsum verkefnum ráðuneytisins. Greiðsluafgangur vaxtagjalda er 268,1 m.kr. Umframgjöld skiptast á 11 fjárlagaliði. Mestu munar um kostnað vegna innheimtu opinberra gjalda. Þar eru umframgjöld 40 m.kr. hjá ýmsum innheimtumönnum og 39,9 m.kr. hjá Gjaldheimtunni í Reykjavík. Þá nema umframgreiðslur uppbóta á lífeyri 38,8 m.kr. og 23,2 m.kr. á launabótalið þar sem launahækkanir reyndust umfram áætlun fjáraukalaga.

Lagt er til að greiðsluafgangur að fjárhæð 617,9 m.kr. falli niður. Fjárhæðin sundurliðast þannig að 268,1 m.kr. er vegna vaxtagreiðslna, 209,4 m.kr. vegna heimildarákvæða í 6. grein fjárlaga, 133,4 m.kr. vegna ríkisábyrgða og 7 m.kr. er afgangur af kostnaði við framkvæmd EES-samninga. Þá er lagt til að umframgreiðslur að fjárhæð 147,2 m.kr. falli niður. Um er að ræða ýmsa bundna liði s.s. innheimtukostnað 85,2 m.kr., uppbætur á lífeyri 38,8 m.kr. og launa- og verðlagsmál 23,2 m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 9,5 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 9,7 m.kr. og þar af er stofnkostnaður 4,3 m.kr. Óhafnar heimildir eru 19,1 m.kr. Þar vegur þyngst afgangur á ýmsum verkefnum ráðuneytisins, eða 18 m.kr. Umframgjöld eru mest hjá Flugmálastjórn, eða 3,9 m.kr.

Lagt er til að allar óhafnar fjárveitingar og umframgreiðslur flytjist milli ára.

11 Iðnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 14,7 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 34,3 m.kr. en óhafnar heimildir eru 19,6 m.kr. Afgangurinn er mestur á framlögum til iðju og iðnaðar, eða 13,6 m.kr. Umframgreiðslur eru mestar á niðurgreiðslu á rafhitun, eða 25,5 m.kr. og hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, eða 4,8 m.kr.

Lagt er til að umframgreiðslur vegna samninga við ÍSAL að fjárhæð 3 m.kr. og vegna niðurgreiðslu á rafhitun að fjárhæð 25,5 m.kr. falli niður. Aðrar umframgreiðslur og óhafnar fjárveitingar flytjist milli ára.

12 Viðskiptaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 11,5 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Allir fjárlagaliðir ráðuneytisins eru innan fjárlaga og aukafjárveitingar voru ekki veittar. Mestur er afgangurinn hjá aðalskrifstofu, eða 5,6 m.kr. og á ýmsum verkefnum ráðuneytisins, eða 3,8 m.kr.

Lagt er til að allar óhafnar fjárveitingar flytjist milli ára.

13 Hagstofa Íslands

Greiðslur ráðuneytisins urðu 9,8 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Bæði aðalskrifstofa og Þjóðskrá eru innan fjárlaga.

Lagt er til að óhafnar fjárveitingar flytjist milli ára.

14 Umhverfisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 9,2 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 8,1 m.kr. en óhafnar heimildir eru 17,3 m.kr. Þar af eru

1,5 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Greiðsluafgangur er mestur hjá Skipulagsstjóra ríkisins, eða 7,8 m.kr. og hjá Náttúruverndarráði, eða 7,1 m.kr. Umframgreiðslur eru mestar hjá Veiðistjóra, eða 5,5 m.kr. og hjá Veðurstofu Íslands, eða 2,1 m.kr.

Lagt er til að 7,8 m.kr. afgangur Skipulagsstjóra falli niður, þar sem hann skýrist af því að endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga reyndust lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þá er lagt til að 5,5 m.kr. umframgreiðslur Veiðistjóra falli niður þar sem hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði sveitarfélaga við eyðingu refa og minka reyndist hærri en áætlað var.

Yfirfærsla heimilda og gjalda frá 1993 til 1994

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna fjárhagslega ábyrgð stofnana ríkisins er gert ráð fyrir að fjárheimildir til rekstrar verði færðar á milli ára miðað við greiðslustöðu í árslok, með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár. Áður voru geymdar fjárveitingar nær eingöngu miðaðar við óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds. Það hefur sýnt sig að þessi flutningur á greiðsluheimildum yfir áramót hvetur til aukins aðhalds og sparnaðar í rekstri, þar sem stofnanir hafa möguleika á að haga rekstri sínum með sveigjanlegri hætti en áður hefur verið.

Umframgjöld, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar 1993

Greiðslugrunnur	Gjöld umfram fjárlög og fjáraukalög 1993 þús. kr.	Óhafnar fjárveitingar þús. kr.	Rekstur fluttur afgangur þús. kr.	Rekstur flutt umframgjöld þús.kr.	Stofnkostn. og viðhald flutt staða þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	2.774	47.838	14.467	2.774	33.371
01 Forsætisráðuneyti	10.803	56.698	20.058	10.803	36.640
02 Menntamálaráðuneyti	94.657	830.544	290.687	100.965	546.168
03 Utanríkisráðuneyti	33.966	127.894	75.104	15.296	3.288
04 Landbúnaðarráðuneyti	2.645	218.574	111.378	2.645	-
05 Sjávarútvegsráðuneyti	2.440	63.859	41.479	300	20.253
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	43.940	281.529	140.316	33.068	135.810
07 Félagsmálaráðuneyti	316.275	294.467	147.123	-	86.111
08 Heilbrigðis- og tryggingam.ráðun	47.417	690.020	103.443	34.446	19.744
09 Fjármálaráðuneyti	151.534	869.248	95.616	4.348	155.728
10 Samgönguráðuneyti	9.665	19.125	19.125	5.674	-4.305
11 Iðnaðarráðuneyti	34.343	19.637	19.637	5.331	-484
12 Viðskiptaráðuneyti	-	11.527	11.527	-	-
13 Hagstofa Íslands	-	9.817	9.817	-	-
14 Umhverfisráðuneyti	8.076	17.306	950	10.401	16.450
Samtals	**758.535**	**3.558.083**	**1.100.727**	**226.051**	**1.048.774**

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs eru greiðslur alls 2.799 m.kr. lægri en heimildir að meðtöldum ónotuðum fjárveitingum frá fyrra ári. Fyrirhugað er að flytja 1.101 m.kr. vegna rekstrar og tilfærslna til næsta árs, en á móti verði rekstrar- og tilfærsluheimildir lækkaðar um 226 m.kr. vegna umframgreiðslna s.l. árs. Yfirfærðar ónotaðar heimildir til stofnkostnaðar og viðhalds verða 1.049 m.kr.

Gerð er nánari grein fyrir flutningi óhafinna fjárveitinga og umframgreiðslna til ársins 1994 í fylgiskjali.

B-hluti

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjárstreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1993 kemur í ljós að tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða urðu um 573 m.kr. lægri en ætlað var í fjárlögum að viðbættum lögum nr. 115/1993. Þá urðu skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð um 138 m.kr. undir áætlunum. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum og lögum nr. 115/1993 svo og greiðsluuppgjöri 1993.

Greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1993

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1993 m.kr.	Lög nr. 115 1993 m.kr.	Reikningur 1993 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða .	5.519	1.184	6.130	573
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	7.833	-	7.695	-138

Ellefu fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Frávik á greiðsluskilum þeirra til A-hluta frá áætlun koma fram í eftirfarandi yfirliti:

Greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1993

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1993 m.kr.	Lög nr. 115 1993 m.kr.	Reikningur 1993 m.kr.	Mismunur m.kr.
22 201 Happdrætti Háskóla Íslands	60	-	48	-12
22 202 Lyfjabúð Háskóla Íslands	5	-	-	-5
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	460	-	600	140
23 121 Sala varnarliðseigna	29	-	19	-10
24 221 Áburðarverksmiðja ríkisins	33	-	33	-
28 311 Ríkisspítalar, þvottahús	6	-	-	-6
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6.350	-	6.150	-200
29 102 Lyfjaverslun ríkisins	25	-	25	-
30 101 Póst- og símamálastofnunin	820	-	820	-
31 231 Sementsverksmiðja ríkisins	15	-	-	-15
31 321 Rafmagnsveitur ríksins	30	-	-	-30
Samtals	**7.833**	**-**	**7.695**	**-138**

Frávik milli fjárlaga að viðbættum lögum nr. 115/1993 og endanlegs uppgjörs, hvað varðar tilfærslur frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta, urðu eins og sýnt er í töflunni á næstu síðu.

Eins og sést á yfirlitinu urðu frávik mest hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, eða 449 m.kr., og 125 m.kr. hjá Lánasýslu ríkisins. Önnur frávik eru minni.

Tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1993

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1993 þús. kr.	Lög nr. 115 1993 þús. kr.	Reikningur 1993 þús. kr.	Mismunur þús. kr.
Menntamálaráðuneyti				
22 233 Rannsóknasjóður	115.000	45.675	183.225	-22.550
22 975 Vísindasjóður	25.000	-	25.000	-
22 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atv.veganna	60.000	3.128	63.137	-9
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.760.000	-58.182	1.698.913	2.905
22 973 Þjóðleikhúsið	300.000	-	305.007	-5.007
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	102.000	-	101.997	3
Samtals	**2.362.000**	**-9.379**	**2.377.279**	**-24.658**
Landbúnaðarráðuneyti				
24 245 Laxeldisstöðin Kollafirði	30.000	-	29.928	72
24 281 Jarðasjóður og Jarðeigir ríkisins	115.000	9.195	102.288	21.907
Samtals	**145.000**	**9.195**	**132.216**	**21.979**
Sjávarútvegsráðuneyti				
25 272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging	25.000	-	25.000	-
Samtals	**25.000**	**-**	**25.000**	**-**
Dómsmálaráðuneyti				
26 731 Kristnisjóður	18.300	-54	18.000	246
26 732 Kirkjubyggingarsjóður	1.000	1.000	2.000	-
Samtals	**19.300**	**946**	**20.000**	**246**
Félagsmálaráðuneyti				
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	925.000	232	925.279	-47
Samtals	**925.000**	**232**	**925.279**	**-47**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
28 273 Atvinnuleysistryggingasjóður	1.464.000	1.150.000	2.165.000	449.000
28 378 Læknishéraðasjóður	2.500	-	66	2.434
Samtals	**1.466.500**	**1.150.000**	**2.165.066**	**451.434**
Fjármálaráðuneyti				
29 402 Fasteignamat ríkisins	44.000	33.348	77.849	-501
29 971 Lánasýsla ríkisins, vegna ríkisábyrgðasjóðs	320.000	-	195.139	124.861
Samtals	**364.000**	**33.348**	**272.988**	**124.360**
Samgönguráðuneyti				
30 332 Hafnabótasjóður	90.000	-	90.000	-
30 471 Alþjóðaflugþjónustan	57.700	-	57.700	-
Samtals	**147.700**	**-**	**147.700**	**-**
Iðnaðarráðuneyti				
31 371 Orkusjóður	64.200	-484	64.200	-484
Samtals	**64.200**	**-484**	**64.200**	**-484**
Tilfærslur til B-hluta alls	**5.518.700**	**1.183.858**	**6.129.728**	**572.830**

Fylgiskjal 1

Yfirfærðar heimildir og umframgjöld 1993 – 1994

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
00	**Æðsta stjórn**	**14.467**	**2.774**	**33.371**	**45.064**
	Embætti forseta Íslands	*65*	-	-	*65*
101	Embætti forseta Íslands	65	-	-	65
	Alþingi og stofnanir þess	*14.402*	-	*5.000*	*19.402*
201	Alþingi	4.442	-	5.000	9.442
620	Ríkisendurskoðun	9.960	-	-	9.960
	Ríkisstjórn	-	*447*	-	*-447*
301	Ríkisstjórn	-	447	-	-447
	Annað	-	*2.327*	*28.371*	*26.044*
401	Hæstiréttur	-	665	-	-665
510	Bessastaðir	-	-	28.371	28.371
520	Opinberar heimsóknir	-	1.662	-	-1.662
01	**Forsætisráðuneyti**	**20.058**	**10.803**	**36.640**	**45.895**
	Ráðuneyti	*19.908*	-	*33.646*	*53.554*
101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	19.908	-	33.646	53.554
	Annað	*150*	*10.803*	*2.994*	*-7.659*
102	Þjóðhagsstofnun	150	-	-	150
901	Húsameistari ríkisins	-	10.803	-	-10.803
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-	-	2.994	2.994
02	**Menntamálaráðuneyti**	**290.687**	**100.965**	**546.168**	**735.890**
	Ráðuneyti	*12.907*	-	-	*12.907*
101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	12.907	-	-	12.907
	Háskólar og rannsóknir	*23.157*	*23.874*	*60.627*	*59.910*
201	Háskóli Íslands	-	7.149	-	-7.149
202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-	4.080	16.209	12.129
203	Raunvísindastofnun Háskólans	-	4.473	-	-4.473
204	Stofnun Sigurðar Nordals	595	-	-	595
205	Stofnun Arna Magnússonar á Íslandi	-	4.634	15.000	10.366
206	Orðabók Háskólans	-	2.252	-	-2.252
208	Ornefnastofnun	-	59	-	-59
210	Háskólinn á Akureyri	6.706	-	7.000	13.706
211	Tækniskóli Íslands	8.243	-	1.584	9.827
221	Kennaraháskóli Íslands	2.040	-	14.986	17.026
223	Rannsóknastofnun uppeldismála	-	1.130	5.848	4.718
232	Rannsóknaráð ríkisins	-	97	-	-97
234	Vísindaráð	1.059	-	-	1.059
299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	4.514	-	-	4.514
	Framhaldsskólar	*87.777*	*35.341*	*277.660*	*330.096*
301	Menntaskólinn í Reykjavík	9.285	-	-	9.285
302	Menntaskólinn á Akureyri	-	1.605	-	-1.605
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	-	498	-	-498
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	-	6.424	-	-6.424
305	Menntaskólinn við Sund	-	767	-	-767
306	Framhaldsskóli Vestfjarða	949	-	-	949
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	2.178	-	-	2.178
308	Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	2.568	-	-	2.568
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	2.605	-	-	2.605
318	Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	-	-	277.683	277.683
319	Framhaldsskólar, almennt	19.144	-	-	19.144
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-	12.014	-	-12.014
351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	3.434	-	-	3.434
352	Flensborgarskóli, fjölbraut	-	1.506	-	-1.506
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	8.757	-	-	8.757
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	-	1.833	-	-1.833
355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	5.299	-	-	5.299
356	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	2.186	-	-	2.186

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	7.101	-	-	7.101
358	Verkmenntaskóli Austurlands	3.192	-	-	3.192
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-	3.645	-	-3.645
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-	1.923	-	-1.923
361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	330	-	-	330
362	Framhaldsskólinn á Húsavík	1.018	-	-	1.018
363	Framhaldsskólinn á Laugum	1.605	-	-	1.605
506	Vélskóli Íslands	335	-	-	335
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	-	377	-	-377
514	Iðnskólinn í Reykjavík	5.137	-	-	5.137
516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	2.653	-	-	2.653
517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	3.015	-	-	3.015
518	Fiskvinnsluskólinn	-	2.786	1.444	-1.342
523	Fósturskóli Íslands	137	-	2.000	2.137
524	Þroskaþjálfaskóli Íslands	4.316	-	-	4.316
531	Íþróttakennaraskóli Íslands	219	-	-	219
541	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	500	-	-	500
551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-	500	-	-500
561	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	1.664	-	-2.038	-374
562	Leiklistarskóli Íslands	-	582	-	-582
571	Sjómannaskólahúsið	-	881	-1.429	-2.310
581	Verslunarskóli Íslands	150	-	-	150
	Héraðsskólar	*175*	*7.269*	-	*-7.094*
601	Héraðsskólinn Reykholti	-	3.444	-	-3.444
604	Héraðsskólinn Reykjum	-	1.113	-	-1.113
605	Alþýðuskólinn Eiðum	-	2.712	-	-2.712
606	Héraðsskólinn Skógum	175	-	-	175
	Grunnskólar og sérskólar	*91.884*	*1.956*	*8.202*	*98.130*
222	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	1.051	-	-	1.051
700	Grunnskólar, Reykjavík	3.361	-	-	3.361
701	Grunnskólar, Reykjanesi	830	-	-	830
703	Grunnskólar, Vesturlandi	11.077	-	-	11.077
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	153	-	-	153
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	3.623	-	-	3.623
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	17.420	-	-	17.420
707	Grunnskólar, Austurlandi	4.944	-	-	4.944
708	Grunnskólar, Suðurlandi	5.779	-	-	5.779
710	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	-	128	-	-128
711	Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	-	210	-	-210
713	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	194	-	-	194
714	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	273	-	-	273
715	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	-	176	-	-176
716	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	776	-	-	776
717	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	93	-	-	93
718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	-	390	-	-390
719	Fræðsluskrifstofur, almennt	-	-	400	400
720	Grunnskólar, almennt	21.760	-	2.231	23.991
750	Skólar fyrir fatlaða	7.418	-	5.581	12.999
752	Oskjuhlíðarskóli	1.775	-	-	1.775
754	Safamýrarskóli	2.264	-	-	2.264
755	Dalbrautarskóli	-	87	-	-87
756	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	6.251	-	-	6.251
798	Einholtsskóli	-	965	-	-965
799	Heyrnleysingjaskólinn	2.842	-	-10	2.832
	Önnur fræðslumál	*6.860*	*5.063*	-	*1.797*
422	Námsgagnastofnun	-	177	-	-177
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-	73	-	-73
440	Fullorðinsfræðsla	6.860	-	-	6.860

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
884	Jöfnun á námskostnaði	-	4.813	-	-4.813
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	*5.905*	-	-	*5.905*
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.905	-	-	5.905
	Söfn, listastofnanir o.fl.	*5.607*	*20.703*	*170.980*	*155.884*
901	Landsbókasafn Íslands	-	-	2.555	2.555
902	Þjóðminjasafn Íslands	-	-	63.973	63.973
903	Þjóðskjalasafn Íslands	-	6.932	6.703	-229
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	-	93	-	-93
906	Listasafn Einars Jónssonar	-	-	1.022	1.022
907	Listasafn Íslands	-	741	8.783	8.042
909	Blindrabókasafn Íslands	2.863	-	1.100	3.963
919	Söfn, ýmis framlög	2.744	-	-	2.744
972	Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	-	10.830	-	-10.830
973	Þjóðleikhús	-	2.107	-	-2.107
974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	-	-	4.500	4.500
977	Þjóðarbókhlaða	-	-	82.344	82.344
	Ýmis framlög	*56.415*	*6.759*	*28.699*	*78.355*
804	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	969	-	-	969
980	Listskreytingasjóður	-	-	-188	-188
981	Kvikmyndasjóður	3.038	-	-	3.038
982	Listir, framlög	34.351	-	-	34.351
983	Ýmis fræðistörf	-	6.738	-	-6.738
984	Norræn samvinna	-	21	-	-21
985	Alþjóðleg samskipti	12.600	-	-	12.600
988	Æskulýðsmál	1.482	-	-	1.482
989	Ýmis íþróttamál	765	-	-	765
997	Uppgjör við sveitarfélög	-	-	25.666	25.666
999	Ýmislegt	3.210	-	3.221	6.431
03	**Utanríkisráðuneyti**	**75.104**	**15.296**	**3.288**	**63.096**
	Ráðuneyti	*26.007*	*3.761*	*1.616*	*23.862*
101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	26.007	-	1.616	27.623
102	Varnarmálaskrifstofa	-	3.761	-	-3.761
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-	*5.461*	-	*-5.461*
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-	5.461	-	-5.461
	Sendiráð og fastanefndir	*3.030*	-	*1.672*	*4.702*
320	Sendiráð, almennt	3.030	-	1.672	4.702
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	*46.067*	*6.074*	-	*39.993*
391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	-	6.074	-	-6.074
399	Ýmis utanríkismál	21.067	-	-	21.067
401	Alþjóðastofnanir	25.000	-	-	25.000
04	**Landbúnaðarráðuneyti**	**111.378**	**2.645**	**-**	**108.733**
	Ráðuneyti	*1.439*	-	-	*1.439*
101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1.439	-	-	1.439
	Búnaðarmál	*5.672*	*601*	-	*5.071*
202	Hagþjónusta landbúnaðarins	111	-	-	111
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-	216	-	-216
245	Laxeldisstöðin í Kollafirði	72	-	-	72
246	Veiðimálastofnun	-	385	-	-385
247	Yfirdýralæknir	5.103	-	-	5.103
299	Búnaðarmál, ýmis verkefni	386	-	-	386
	Skógrækt og landgræðsla	*219*	*1.722*	-	*-1.503*
231	Skógrækt ríkisins	-	1.618	-	-1.618
235	Landgræðsla ríkisins	219	-	-	219
239	Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni	-	104	-	-104
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	*104.000*	-	-	*104.000*
410	Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	50.000	-	-	50.000

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
430	Sérstakar greiðslur í landbúnaði	54.000	-	-	54.000
	Búnaðarskólar	*48*	*322*	-	*-274*
501	Bændaskólinn á Hvanneyri	-	228	-	-228
502	Bændaskólinn á Hólum	-	94	-	-94
503	Garðyrkjuskóli ríkisins	48	-	-	48
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**	**41.479**	**300**	**20.253**	**61.432**
	Ráðuneyti	*6.245*	-	*988*	*7.233*
101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	6.245	-	988	7.233
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	*12.520*	*300*	*9.265*	*21.485*
201	Fiskifélag Íslands	12.431	-	-	12.431
202	Hafrannsóknastofnun	-	-	-2.127	-2.127
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-	300	-	-300
204	Fiskistofa	-	-	11.392	11.392
216	Ríkismat sjávarafurða	89	-	-	89
	Annað	*22.714*	-	*10.000*	*32.714*
221	Verðlagsráð sjávarútvegsins	88	-	-	88
299	Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	22.626	-	10.000	32.626
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**140.316**	**33.068**	**135.810**	**243.058**
	Ráðuneyti	*5.810*	*738*	-	*5.072*
102	Stjórnartíðindi	2.464	-	-	2.464
103	Lagasafn	-	738	-	-738
190	Ýmis kostnaður ráðuneytis	3.346	-	-	3.346
	Dómsmál	*8.152*	*6.446*	*50.266*	*51.972*
201	Hæstiréttur	3.674	-	-	3.674
211	Héraðsdómur Reykjavíkur	-	94	-	-94
213	Héraðsdómur Vestfjarða	-	296	-	-296
214	Héraðsdómur Norðurlands vestra	-	148	-	-148
215	Héraðsdómur Norðurlands eystra	1.322	-	-	1.322
216	Héraðsdómur Austurlands	34	-	-	34
217	Héraðsdómur Suðurlands	716	-	-	716
218	Héraðsdómur Reykjaness	421	-	-	421
290	Dómsmál, ýmis kostnaður	-	5.908	-	-5.908
291	Húsnæði og búnaður dómstóla	1.985	-	50.266	52.251
	Löggæslustofnanir og öryggismál	*65.050*	-	*10.785*	*75.835*
301	Ríkissaksóknari	1.603	-	-	1.603
302	Rannsóknarlögregla ríkisins	3.849	-	-	3.849
305	Lögregluskóli ríkisins	364	-	-	364
311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	22.266	-	2.400	24.666
321	Almannavarnir ríkisins	13	-	-	13
331	Umferðarráð	8.461	-	-	8.461
341	Afengis- og fíkniefnamál	2.618	-	-	2.618
390	Ýmis löggæslukostnaður	4.742	-	-	4.742
391	Húsnæði löggæslustofnana	-	-	6.910	6.910
395	Landhelgisgæsla Íslands	21.134	-	1.475	22.609
	Sýslumenn	*40.712*	*25.047*	*22.775*	*38.440*
411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	-	3.031	-	-3.031
412	Sýslumaðurinn á Akranesi	-	16.085	-	-16.085
413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	827	-	-	827
417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	660	-	-	660
418	Sýslumaðurinn á Ísafirði	1.108	-	-	1.108
419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	-	241	-	-241
420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	-	525	-	-525
421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	149	-	-	149
422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	343	-	-	343
423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	60	-	-	60
424	Sýslumaðurinn á Akureyri	9.856	-	-	9.856
425	Sýslumaðurinn á Húsavík	200	-	-	200

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	-	2.004	-	-2.004
429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	-	501	-	-501
430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	626	-	-	626
431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	-	49	-	-49
432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	-	698	-	-698
433	Sýslumaðurinn á Selfossi	1.610	-	-	1.610
434	Sýslumaðurinn í Keflavík	-	1.913	-	-1.913
436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	7.226	-	-	7.226
437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	1.761	-	-	1.761
490	Ymis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	16.286	-	-	16.286
491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	-	-	22.775	22.775
	Fangelsismál	*8.717*	-	*51.984*	*60.701*
501	Fangelsismálastofnun ríkisins	1.081	-	-	1.081
512	Fangelsið Litla-Hrauni	3.937	-	1.370	5.307
590	Fangamál, ýmis kostnaður	3.699	-	-	3.699
591	Fangelsisbyggingar	-	-	50.614	50.614
	Kirkjumál	*11.875*	*837*	-	*11.038*
701	Biskup Islands	-	837	-	-837
711	Prestaköll og prófastsdæmi	7.583	-	-	7.583
731	Kristnisjóður	246	-	-	246
790	Kirkjumál, ýmis kostnaður	4.046	-	-	4.046
07	**Félagsmálaráðuneyti**	**147.123**	**-**	**86.111**	**233.234**
	Ráðuneyti	*13.252*	-	-	*13.252*
101	Féiagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	13.252	-	-	13.252
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	*4.344*	-	*3.033*	*7.377*
302	Ríkissáttasemjari	4.000	-	-	4.000
953	Jafnréttisráð	344	-	-	344
954	Vinnueftirlit ríkisins	-	-	3.033	3.033
	Málefni barna og ungmenna	*7.807*	-	-	*7.807*
400	Málefni barna og ungmenna	3.029	-	-	3.029
410	Heimili fyrir börn og unglinga	4.778	-	-	4.778
	Málefni fatlaðra	*83.921*	-	*83.078*	*166.999*
700	Málefni fatlaðra	52.390	-	-	52.390
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	7.791	-	-	7.791
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	6.386	-	-	6.386
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	3.645	-	-	3.645
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	1.376	-	-	1.376
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	2.628	-	-	2.628
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	2.673	-	-	2.673
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	1.701	-	-	1.701
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	771	-	3.700	4.471
710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	830	-	-	830
711	Styrktarfélag vangefinna	1.091	-	-	1.091
720	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	316	-	-	316
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2.323	-	-	2.323
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	79.378	79.378
	Annað	*37.799*	-	-	*37.799*
981	Vinnumál	19.445	-	-	19.445
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	18.354	-	-	18.354
08	**Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.**	**103.443**	**34.446**	**19.744**	**88.741**
	Ráðuneyti	*2.905*	-	-	2.905
101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	2.905	-	-	2.905
	Tryggingamál	-	*462*	-	*-462*
271	Tryggingastofnun ríkisins	-	462	-	-462
	Sjúkrastofnanir	*31.437*	*17.450*	*-2.090*	*11.897*
358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	-	-	-2.000	-2.000

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
367	Sjúkrahúsið Keflavík	-	4.400	-	-4.400
370	Sjúkrahús í Reykjavík	3.035	-	400	3.435
371	Ríkisspítalar	-	13.050	-	-13.050
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	-490	-490
385	Framkvæmdasjóður aldraða	1.402	-	-	1.402
400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	27.000	-	-	27.000
	Heilsugæsla	*20.001*	*15.484*	*21.834*	*26.351*
500	Heilsugæslustöðvar, almennt	2.609	-	20.994	23.603
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	8.440	-	840	9.280
511	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra	494	-	-	494
512	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra	350	-	-	350
513	Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	100	-	-	100
514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	238	-	-	238
521	Heilsugæslustöðin Akranesi	27	-	-	27
522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	17	-	-	17
523	Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	650	-	-	650
524	Heilsugæslustöðin Olafsvík	1.392	-	-	1.392
525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	-	292	-	-292
526	Heilsugæslustöðin Búðardal	-	771	-	-771
533	Heilsugæslustöðin Þingeyri	-	899	-	-899
541	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	662	-	-	662
544	Heilsugæslustöðin Siglufirði	116	-	-	116
551	Heilsugæslustöðin Olafsfirði	600	-	-	600
552	Heilsugæslustöðin Dalvík	-	561	-	-561
553	Heilsugæslustöðin Akureyri	3.631	-	-	3.631
555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	-	360	-	-360
556	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	-	504	-	-504
557	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	-	543	-	-543
561	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	-	640	-	-640
564	Heilsugæslustöðin Neskaupstað	500	-	-	500
565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	-	397	-	-397
566	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	-	598	-	-598
567	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	-	2.738	-	-2.738
568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	-	576	-	-576
571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	-	454	-	-454
572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	-	272	-	-272
574	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	175	-	-	175
575	Heilsugæslustöðin Hellu	-	985	-	-985
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	-	529	-	-529
578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	-	287	-	-287
579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	-	763	-	-763
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-	649	-	-649
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	-	849	-	-849
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	-	610	-	-610
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-	1.207	-	-1.207
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	*7.491*	*615*	-	*6.876*
301	Landlæknir	3.608	-	-	3.608
315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	25	-	-	25
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-	550	-	-550
325	Hollustuvernd ríkisins	3.586	-	-	3.586
326	Sjónstöð Íslands	-	65	-	-65
327	Geislavarnir ríkisins	272	-	-	272
	Annað	*27.659*	*435*	-	*27.224*
340	Málefni fatlaðra	11.982	-	-	11.982
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	-	435	-	-435
396	Lyfjanefnd	635	-	-	635
399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	11.131	-	-	11.131
601	Ljósmæðraskóli Íslands	1.153	-	-	1.153

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
621	Afengisvarnir og bindindismál	2.758	-	-	2.758
	Rekstrarhagræðing	*13.950*	-	-	*13.950*
950	Rekstrarhagræðing	13.950	-	-	13.950
09	**Fjármálaráðuneyti**	**95.616**	**4.348**	**155.728**	**246.996**
	Ráðuneyti	*13.764*	*194*	*1.478*	*15.048*
101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	9.709	-	200	9.909
103	Ríkisbókhald	-	-	378	378
104	Ríkisfjárhirsla	-	194	-	-194
105	Ríkislögmaður	4.055	-	900	4.955
	Skatta- og tollamál	*46.350*	*4.154*	*4.087*	*46.283*
200	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	167	-	-	167
201	Ríkisskattstjóri	1.692	-	2.787	4.479
202	Skattstofan í Reykjavík	-	1.986	-	-1.986
203	Skattstofa Vesturlands	911	-	-	911
205	Skattstofa Norðurlands vestra	-	777	-	-777
206	Skattstofa Norðurlands eystra	-	277	-	-277
207	Skattstofa Austurlands	1.250	-	-	1.250
208	Skattstofa Suðurlands	-	462	-	-462
209	Skattstofa Vestmannaeyja	-	652	-	-652
211	Skattstofa Reykjaness	3.023	-	-	3.023
212	Skattamál, ýmis útgjöld	14.407	-	-	14.407
214	Yfirskattanefnd	1.110	-	1.100	2.210
261	Ríkistollstjóri	5.460	-	200	5.660
262	Tollstjórinn í Reykjavík	18.497	-	-	18.497
	Annað	*35.335*	-	*150.163*	*185.498*
901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	315	-	-	315
981	Ymsar fasteignir ríkissjóðs	-	-	120.626	120.626
995	Skýrsluvélakostnaður	-	-	26.113	26.113
999	Ymislegt	35.020	-	3.424	38.444
10	**Samgönguráðuneyti**	**19.125**	**5.674**	**-4.305**	**9.146**
	Ráðuneyti	*18.002*	*1.554*	-	*16.448*
101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	-	1.554	-	-1.554
190	Ýmis kostnaður ráðuneytis	18.002	-	-	18.002
	Siglingamál	*1.123*	*241*	*-2.493*	*-1.611*
331	Vita- og hafnamálaskrifstofan	66	-	-	66
332	Vitastofnun Islands	-	241	-	-241
333	Hafnamál	-	-	-354	-354
341	Siglingamálastofnun ríkisins	-	-	-2.139	-2.139
342	Rannsóknanefnd sjóslysa	1.057	-	-	1.057
	Flugmál	-	*3.879*	-	*-3.879*
471	Flugmálastjórn	-	3.879	-	-3.879
	Ferðamál	-	-	*-1.812*	*-1.812*
651	Ferðamálaráð	-	-	-1.812	-1.812
11	**Iðnaðarráðuneyti**	**19.637**	**5.331**	**-484**	**13.822**
	Ráðuneyti	*1.217*	-	-	*1.217*
101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	920	-	-	920
102	Einkaleyfastofan	297	-	-	297
	Iðnaðarmál	*18.420*	*211*	-	*18.209*
201	Iðntæknistofnun Islands	440	-	-	440
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-	211	-	-211
240	Iðnaðarrannsóknir	4.349	-	-	4.349
299	Iðja og iðnaður, framlög	13.631	-	-	13.631
	Orkumál	-	*5.120*	*-484*	*-5.604*
301	Orkustofnun	-	333	-	-333
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	-	4.787	-	-4.787
371	Orkusjóður	-	-	-484	-484

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Stofnkost. og viðhald	Samtals
12	**Viðskiptaráðuneyti**	**11.527**	**-**	**-**	**11.527**
	Ráðuneyti	*5.577*	-	-	*5.577*
101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.577	-	-	5.577
	Viðskiptamál	*5.950*	-	-	*5.950*
301	Löggildingarstofan	401	-	-	401
902	Verðlagsstofnun	1.187	-	-	1.187
903	Skráning hlutafélaga	582	-	-	582
999	Ymis verkefni	3.780	-	-	3.780
13	**Hagstofa Islands**	**9.817**	**-**	**-**	**9.817**
	Hagstofa Íslands	*9.817*	-	-	*9.817*
101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	3.441	-	-	3.441
102	Þjóðskráin	6.376	-	-	6.376
14	**Umhverfisráðuneyti**	**950**	**10.401**	**16.450**	**6.999**
	Ráðuneyti	-	-	*1.450*	*1.450*
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	-	-	112	112
190	Ymis verkefni	-	-	1.338	1.338
	Náttúruvernd	-	*7.871*	*15.000*	*7.129*
201	Náttúruverndarráð	-	7.871	15.000	7.129
	Skipulagsmál	*950*	-	-	*950*
310	Landmælingar Íslands	950	-	-	950
	Rannsóknir o.fl.	-	*2.530*	-	*-2.530*
401	Náttúrufræðistofnun Islands	-	448	-	-448
410	Veðurstofa Islands	-	2.082	-	-2.082
	SAMTALS OLL RAÐUNEYTI	***1.100.727***	***226.051***	***1.048.774***	***1.923.450***

676. Breytingartillögur [193. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá minni hluta samgöngunefndar (JÁ, JVK, StG, GÁ).

1. Við 2. gr.
   a. Orðin „og skipaður til fjögurra ára í senn“ í 4. málsl. falli brott.
   b. Orðið „Tvo“ í upphafi 5. málsl. falli brott.
2. Við 8. gr. 2. málsl. falli brott.
3. Við 11. gr.
   a. 6. tölul. falli brott.
   b. Síðari málsgrein orðist svo:
      Eigi annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðis skal gera samkomulag milli viðkomandi aðila og hafnarsjóðs um innheimtu gjalda. Skal í því samkomulagi miða við að eigandi mannvirkisins fái eðlilegan hlut gjaldanna til sín miðað við umfang og mat mannvirkja. Náist ekki samkomulag milli aðila skal ráðherra skera úr deilunni.
4. Við 12. gr. 4.–6. mgr. falli brott.
5. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþáttöku ríkissjóðs í hafnargerðum:
   1. Ríkissjóður greiðir 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
   2. Ríkissjóður greiðir 90% stofnkostnaðar við dýpkun aðalsiglingarleiðar að höfn samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.
   3. Ríkissjóður greiðir allt að 75% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
      hafnargarða (öldubrjóta),
      bryggju- og viðlegukanta,
      dýpkanir,
      uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði innan marka sem ákveðin eru af ráðuneytinu,
      siglingamerki,
      mengunar- og slysavarnir,
      vatns-, raf- og holræsalagnir um hafnarmannvirkin.
   4. Ríkissjóður greiðir allt að 40% af stofnkostnaði við eftirtaldar framkvæmdir:
      upptökumannvirki fyrir skip,
      hafnarvogir,
      hafnsögubáta,
      fasta krana til löndunar úr smábátum.

677. Breytingartillögur [193. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (PJ, ÁJ, PBald, StB, EgJ).

1. Við 11. gr.
   a. E-liður 1. tölul. falli brott.
   b. Við 2. tölulið bætist: Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.
   c. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður svohljóðandi:
      8. Gjöld af ferjum og flóabátum.
2. Við 12. gr. Lokamálsgrein greinarinnar orðist svo:
   Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu, þar á meðal hversu oft það getur lagst á sömu vörusendingu og ákveða hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.
3. Við 24. gr. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður svohljóðandi:
   7. Tollaðstaða fyrir farþegaferjur er halda uppi reglulegum áætlanasiglingum til landsins.
4. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessara laga.

678. Lög [120. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 125.

679. Lög [69. mál]

um dýravernd.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 664 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó minni háttar aðgerðir og lyfjameðferð í samráði við dýralækni.

Dýralæknum einum er heimilt að gelda dýr en yfirdýralæknir getur þó í undantekningartilvikum veitt þjálfuðum mönnum leyfi til geldinga.

Þegar aðgerð á dýrum er sársaukafull skal ávallt nota deyfilyf eða svæfa dýrið.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli sem takmarka aðgerðir á dýrum sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna.

16. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið.

Einungis má nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri.

Umhverfisráðherra skipar tilraunadýranefnd til fjögurra ára í senn. Einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann hafa lokið háskólanámi og hafa þekkingu og reynslu á sviði dýratilrauna og einn fulltrúi er skipaður af Rannsóknastofnun í siðfræði. Auk þeirra á yfirdýralæknir sæti í nefndinni og er hann formaður hennar.

Gæta skal þess við tilraunir eða aðgerðir á dýrum að þær baki þeim ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er.

Tilraunadýranefnd skal tryggja að þeir sem nota dýr í tilraunaskyni hafi hlotið þjálfun og menntun í meðferð tilraunadýra.

Umhverfisráðherra setur í samráði við tilraunadýranefnd reglugerð þar sem kveðið er á um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum.

680. Lög [302. mál]

um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 490.

681. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Á fundi nefndarinnar komu til viðræðna um frumvarpið frá fjármálaráðuneytinu Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður ráðherra, og Jón Ragnar Blöndal deildarstjóri, frá Ríkisendurskoðun Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi og Ingi K. Magnússon skrifstofustjóri, Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, Sigríður Kristinsdóttir, formaður SFR, Páll Halldórsson formaður og Birgir Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri BHMR, Jóhanna Jóhannsdóttir og Thelma Guðmundsdóttir sem fulltrúar starfsmanna í BSRB, Bessi Gíslason og Örn Guðmundsson sem fulltrúar lyfjafræðinga hjá Lyfjaverslun ríkisins, Hjör-

leifur Þórarinsson, formaður Stéttarfélags íslenskra lyfjafræðinga, Guðjón Pedersen frá Almannavörnum ríkisins, Sigurbjörn Sveinsson, formaður Félags íslenskra heimilislækna, Rannveig Gunnarsdóttir, yfirlyfjafræðingur Landspítalans, og Þór Sigþórsson, forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins.

Eftirtaldir aðilar sendu inn umsagnir vegna frumvarpsins: BHMR, BSRB, SFR, SÍL, Samband íslenskra sveitarfélaga, Verslunarráð Íslands, starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins í BSRB og lyfjafræðingar hjá Lyfjaverslun ríkisins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að heimildir fjármálaráðherra til sölu hlutabréfa ríkissjóðs í félaginu verði takmarkaðar þannig að eftir að búið er að selja helming þeirra hlutabréfa þurfi að leita heimildar Alþingis fyrir frekari sölu.
2. Þá er lagt til að hið nýja hlutafélag taki til starfa 1. maí 1994 og að réttaráhrif þeirra breytinga eða niðurfellingar á lögum, sem mælt er fyrir um í 5. gr., miðist einnig við það tímamark.
3. Loks er lagt til að inn í frumvarpið verði tekið ákvæði til bráðabirgða þar sem sú skylda er lögð á ráðherra að leggja fyrir Alþingi skýrslu um hvernig birgðahald fyrir Almannavarnir ríkisins, sem Lyfjaverslun ríkisins annaðist, verði háttað eftir að hlutafélagið hefur verið stofnað. Þetta er gert til að tryggja að Alþingi geti metið sjálfstætt hvort það öryggishlutverk verði ekki í traustum horfum eftir sem áður.

Alþingi, 2. mars 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson, frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson. með fyrirvara.
Ingi Björn Albertsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Guðjón Guðmundsson.

682. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. Í stað 1. málsl. 2. mgr. komi: Fjármálaráðherra er heimilt að selja allt að helming hlutabréfa ríkissjóðs í félaginu. Að öðru leyti skal leita heimildar Alþingis til sölu.
2. Við 5. gr. Í stað „1. janúar 1994“ í 1., 2. og 3. mgr. komi: 1. maí 1994.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

   Ráðherra skal leggja fyrir Alþingi skýrslu um hvernig birgðahald fyrir Almannavarnir ríkisins, sem Lyfjaverslun ríkisins annaðist, verði háttað eftir stofnun hlutafélags skv. 1. gr. þannig að fullnægjandi öryggissjónarmiða sé gætt.

683. Fyrirspurn [453. mál]

til landbúnaðarráðherra um sölu jarða til ríkisins samkvæmt búvörusamningi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað hafa margir bændur, sem selt hafa frá sér framleiðslurétt í framhaldi af gerð núverandi búvörusamnings, óskað eftir því að ríkið keypti af þeim jarðirnar?
2. Hefur ríkið orðið við öllum slíkum óskum?
3. Hefur jarðasjóður fengið til þessara verkefna þá fjármuni sem gert var ráð fyrir samkvæmt viðauka við búvörusamning?

Skriflegt svar óskast.

684. Fyrirspurn [454. mál]

til félagsmálaráðherra um samgöngur í sameinuðum sveitarfélögum.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa við fyrirheit sín um bættar samgöngur í sameinuðum sveitarfélögum?

685. Fyrirspurn [455. mál]

til viðskiptaráðherra um útlánatöp ríkisbankanna.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

1. Hvernig skiptast útlánatöp ríkisbankanna eftir atvinnugreinum?
2. Hve stór hluti útlánatapanna er vegna einstaklinga?

Skriflegt svar óskast.

686. Frumvarp til laga [456. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986, með áorðnum breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í stað „10. gr. lögheimilislaga, nr. 35/1960“ í 2. mgr. kemur: 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990.
b. Orðin „miðað við 1. desember næstan“ í 3. mgr. falla brott.
c. 4. mgr. orðast svo:

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann er skráður með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag í maí í almennum sveitarstjórnarkosningum, hvort sem þær fara fram í maí eða júní, sbr. 1. mgr. 13. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Sveitarstjórnir skulu gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té.
b. 3. mgr. fellur brott.

3. gr.

Í stað „skv. reglum 15. gr.“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: samkvæmt reglum 19. gr.

4. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:

Þegar almennar sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar fjórar vikur eru til kjördags.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um alþingiskosningar árið 1991 og skipta máli við sveitarstjórnarkosningar. Þær breytingar, sem bregðast þarf við, eru tvíþættar. Annars vegar var ákvæðum um kjörskrá breytt þannig að í stað þess að miða skráningu manna á kjörskrá við lögheimili á tilteknum tíma er miðað við

skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár. Við þetta skapast misræmi milli kjörskrárákvæða alþingiskosningalaga og sveitarstjórnarlaga. Hins vegar var framboðsfrestur styttur úr fjórum vikum í tvær. Vegna tengsla sveitarstjórnarlaga og alþingiskosningalaga hefur síðari breytingin það í för með sér verði ekkert að gert að framboðsfrestur við sveitarstjórnarkosningar verður tvær vikur. Skráning manna á kjörskrá miðast við sama frest og er það óraunhæft.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fyrrnefndum kosningarréttarákvæðum sveitarstjórnarlaga verði breytt til samræmis við ákvæði alþingiskosningalaga. Er það ótvírætt til bóta að sömu ákvæði gildi í þessum tvennum lögum þannig að sveitarstjórnir þurfi ekki að beita einum reglum við alþingiskosningar og forsetakjör og öðrum við sveitarstjórnarkosningar. Þá er það mjög til einföldunar að hætta að tengja kosningarrétt manna við lögheimili þeirra og binda hann þess í stað við *skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár*. Eftir fyrri tilhögun varð oft ágreiningur um hvar lögheimili manna skyldi í raun og veru talið standa. Ýmis álitamál risu af þessu tilefni og leiddu til vandkvæða við kjörskrárgerð og til fjölda kjörskrárkæra og dóma. Tenging kosningarréttarins við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár veldur því að litið er fram hjá álitamálum um lögheimilisfesti. Þess í stað er skráning manna á íbúaskrá látin ráða, en með því eru bæði einstaklingarnir sjálfir og sveitarstjórnir gerðar ábyrgar fyrir því að menn standa á kjörskrá í réttu sveitarfélagi. Í alþingiskosningunum 1991 kom glöggt fram hvílíkt hagræði var að þessum ákvæðum, kjörskrárgerðin varð mun öruggari og einfaldari en áður og kjörskrárkærum og dómum fækkaði til mikilla muna. Þess má fastlega vænta að slíkur málarekstur hverfi nær alveg þegar festa hefur skapast um framkvæmd þessa ákvæðis.

Þá skal á það bent að í reynd sýnist ekki unnt að kjósa til sveitarstjórna að óbreyttum ákvæðum um tímamörk fyrir kjörskrárgerð. Samkvæmt 12. gr. sveitarstjórnarlaga gilda ákvæði alþingiskosningalaga um framlagningu kjörskráa, kærur og framboðsfrest í sveitarstjórnarkosningum. Þegar sveitarstjórnarlögin voru sett kváðu alþingiskosningalög á um að framboðsfrestur rynni út fjórum vikum fyrir kjördag. Með breytingu alþingiskosningalaga árið 1991 var framboðsfrestur styttur í tvær vikur. Allir kærufrestir miðast við þessi tímamörk. Ef kosið yrði til sveitarstjórna samkvæmt gildandi lögum hefði þetta því í för með sér að miða ætti kjörskrá við lögheimili manna tveimur vikum fyrir kjördag. Ætla verður að við svo skamman frest færi frágangur kjörskráa úr böndum. Ekki ynnist tími til að gera kjörskrárstofna og kjörskrár svo að viðunandi væri. Enginn tími yrði til að láta kjörskrár liggja frammi en samkvæmt alþingiskosningalögum skal leggja kjörskrár fram almenningi til sýnis eigi síðar en 24 dögum fyrir kjördag. Ekki yrði unnt að koma við kjörskrárkærum nema með dómi því kærufrestur rynni út þann sama dag og skráning manna á kjörskrá miðast við.

Félagsmálanefnd telur að tímamörk fyrir kjörskrá, sem ákveðin voru sjö vikur í alþingiskosningalögum, séu óþarflega rúm og óhætt sé að færa þau nær kjördegi. Er því lagt til að skráning manna á kjörskrá miðist við skráð lögheimili fimm vikum fyrir kjördag.

Sem fyrr segir var framboðsfrestur til kosninga til Alþingis styttur úr fjórum vikum í tvær árið 1991. Tilgangurinn var sá að nægur tími gæfist til undirbúnings framboða þótt kjósa þyrfti til Alþingis með skömmum fyrirvara. Þetta á ekki við um sveitarstjórnarkosningar sem haldnar eru með reglubundnum hætti fjórða hvert ár. Kjördagur er jafnan þekktur og því nægur tími til undirbúnings framboða. Því þykir skynsamlegt að halda ákvæðum um framboðsfrest við sveitarstjórnarkosningar óbreyttum.

Aðrar breytingar, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, leiðir ýmist af megintillögunni eða fela í sér minni háttar leiðréttingar á gildandi lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginbreyting samkvæmt þessu frumvarpi kemur fram í nýju orðalagi 4. mgr. 19. gr. Gildandi ákvæði þessarar málsgreinar segir að hver maður eigi kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar framboðsfrestur rennur út í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórnarkosningar fara fram í maí. Hér er lagt til að þess í stað verði kveðið á um að maður eigi kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann er skráður með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag í maí í almennum sveitarstjórnarkosningum, hvort sem þær fara fram í maí eða júní.

Sem fyrr segir eru breytingarnar hér tvær, í stað lögheimilis er miðað við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá og í stað þess að miða við þann dag þegar framboðsfrestur rennur út er miðað við þann dag þegar fimm vikur eru til kjördags. Auk þeirra röksemda, sem raktar eru í almennum athugasemdum hér að framan, má nefna að kjörskrárgerð við alþingiskosningarnar 1991 og við atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga 1993 og 1994 hefur gengið svo vel að unnt þykir að færa tímamörk kjörskrárinnar tveimur vikum nær kjördegi en kveðið er á um í alþingiskosningalögum.

Að fenginni reynslu er gert ráð fyrir að staðið verði að kjörskrárgerð með eftirfarandi hætti:

1. Skömmu áður en tímamörk samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 19. gr. renna upp sendir Hagstofan öllum sveitarstjórnum áminningu um að þau standi henni skil á öllum innkomnum flutningstilkynningum eigi síðar en þann dag. Tilkynningum, sem berast seint, þ.e. allt fram á viðmiðunardaginn, má koma til Hagstofunnar með símbréfi.
2. Hagstofan „frystir“ íbúaskrá við lok viðmiðunardagsins og útbýr á grundvelli hennar kjörskrárstofna og sendir sveitarstjórnum svo fljótt sem verða má. Ætla má að vinna Hagstofunnar í þessu sambandi taki 2–3 daga þannig að kjörskrárstofnar eigi að hafa borist sveitarstjórnum innan viku frá viðmiðunardegi.
3. Þar sem kjörskrá miðast við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár og kjörskrárstofnar Hagstofunnar eru miðaðir við sama tíma og ræður skráningu manna á kjörskrá eiga sveitarfélögin ekki að þurfa að gera meiri háttar leiðréttingar á kjörskrárstofnum áður en kjörskrá er lögð fram eins og áður hefur verið. Sveitarstjórnir geta því lagt kjörskrár sínar fram mjög fljótlega eftir að þeim hafa borist kjörskrárstofnar frá Hagstofunni.
4. Hafi sveitarstjórnir vanrækt að koma flutningstilkynningum til Hagstofunnar eða þær misfarist verða viðkomandi einstaklingar teknir á kjörskrá með leiðréttingum eða kærum en með dómi ef kærufrestur er runninn út. Flutningar innan lands, sem verða eftir viðmiðunardaginn, koma ekki til álita í þessu sambandi, þ.e. breyta ekki skráningu manna á kjörskrá.
5. Íslendingar, sem hafa verið búsettir erlendis en flytjast til landsins eftir að kjörskrárstofn hefur verið gerður, eiga kosningarrétt skv. 19. gr. í því sveitarfélagi þangað sem þeir flytjast. Þeir verða teknir á kjörskrá með kæru eða dómi eftir því hvenær þeir komu til landsins.

Í tengslum við breytingu á 4. mgr. 19. gr. skal þess að lokum getið að ekki er búist við að hún breyti gildandi ákvæðum um það hvaða kjörskrá gildi sé kosningu frestað til júnímánaðar samkvæmt heimild í 1. mgr. 13. gr. laganna. Samkvæmt gildandi lögum skal miða allar kjörskrár við lögheimili manna þann dag er framboðsfrestur rennur út í þeim sveitarfélögum þar sem kosið er í maí. Á sama hátt skal samkvæmt tillögum í þessu frumvarpi miða kosningarrétt og kjörskrár við þann dag þegar fimm vikur eru til kjördags í almennum sveitarstjórnarkosningum í maí, hvort sem kosningin fer fram í maí eða júní. Með öðrum orðum er fimm vikna tímabilið reiknað frá meginkjördeginum í maí og það breytist ekki þótt kosningum sé frestað til júnímánaðar. Þetta er óhjákvæmilegt því að annars gæti maður, sem flyttist úr sveitarfélagi þar sem kosið er í maí til sveitarfélags þar sem kosið er í júní, kosið á báðum stöðum. Ef þessu væri öfugt farið gæti það gerst að viðkomandi nyti alls ekki kosningarréttar.

Aðrar breytingar við 19. gr. eru minni háttar. Í a-lið 1. gr. er tekin upp tilvísun til gildandi lögheimilislaga í stað fyrri lögheimilislaga án þess að um efnisbreytingu sé að ræða. Í b-lið 1. gr. er lagt til að í stað þess að miða kosningarrétt norrænna ríkisborgara, annarra en Íslendinga, við þriggja ára samfellda lögheimilisfesti hér á landi miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag verði þetta þriggja ára tímabil reiknað frá kjördegi. Í gildandi ákvæði felast leifar frá þeim tíma er íbúaskrá þjóðskrár var í meginatriðum gerð einu sinni á ári og þá miðuð við 1. desember. Íbúaskráin hefur nú undanfarin átta ár verið færð í sífellu frá degi til dags og því er ástæðulaust að miða þessi réttindi við íbúaskrá 1. desember.

Um 2. gr.

Í a-lið er lagt til að tekið verði upp sama orðalag og er í lögum um alþingiskosningar. Efnislega eru ákvæði sveitarstjórnarlaga á sömu lund en ákvæði alþingiskosningalaga eru gleggri.

Í b-lið er lagt til að 3. mgr. 21. gr. falli niður, en hún lýtur að því hvernig fara skuli með tilkynningar um lögheimilisskipti sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin. Það leiðir af 1. gr. frumvarpsins um að kosningarréttur skuli tengjast skráðu lögheimili samkvæmt íbúaskrá í stað gildandi tengingar við lögheimilisfesti að ákvæði 3. mgr. 21. gr. á ekki við lengur.

Um 3. gr.

Tillagan felur í sér leiðréttingu á mistökum við frágang gildandi laga. Líklegt þykir að hér hafi menn haft í huga tilvísun til 15. gr. alþingiskosningalaga í stað sams konar ákvæða í 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að framboðsfrestur í sveitarstjórnarkosningum verði áfram fjórar vikur þótt hann hafi verið styttur í tvær vikur í alþingiskosningum. Um þetta efni vísast til þeirra röksemda sem fram koma í almennum athugasemdum hér að framan. Sveitarstjórnarlög kveða ekki sérstaklega á um framboðsfrest heldur ræðst hann af alþingiskosningalögum. Því er lagt til að sérstakt ákvæði um framboðsfrest verði tekið upp í 1.

mgr. 27. gr. Sú grein fjallar um framboðslista. Orðalag þessarar málsgreinar er samsvarandi 1. mgr. 26. gr. alþingiskosningalaga.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi og ákvæðum þeirra verði beitt við þær sveitarstjórnarkosningar sem fram eiga að fara vorið 1994.

687. Tillaga til þingsályktunar [457. mál]

um eflingu menntunar í framhaldsskólum á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar.

Flm.: Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Vilhjálmur Egilsson, Matthías Bjarnason, Guðmundur Hallvarðsson, Tómas Ingi Olrich, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að efla menntun í framhaldsskólum á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar með stofnun námsbrauta og þróun námsefnis er njóti forgangs við framkvæmd nýrrar menntastefnu.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur á vegum menntamálaráðherra starfað nefnd um mótun menntastefnu. Um þessar mundir eru drög hennar að frumvarpi til laga um framhaldsskóla til umfjöllunar hjá samtökum skólastarfsgreina og annarra aðila að skólastarfi. Nefndin heldur áfram störfum og mun í lokaskýrslu gera grein fyrir þeirri stefnu sem frumvarpið og væntanlegt frumvarp til laga um grunnskóla byggja á. Af því sem fram hefur komið er ljóst að nefndin vinnur mikið verk sem leggur grundvöll að nýjum starfsháttum og áherslum í skólastarfi með ákvæðum um framkvæmd þess eftir markmiðum menntunar, aukin tengsl skóla og atvinnulífs og eflingu starfsnáms og verkmenntunar.

Flutningsmenn taka heilshugar undir þessi sjónarmið. Efling starfsnáms og verkmenntunar, aukin tengsl skóla og atvinnulífs, samspil skólanáms og vinnustaðaþjálfunar munu kynna námsmönnum og uppvaxandi æskufólki atvinnulífið og gera þeim það sjáanlegt ásamt því að árétta mikilvægi námsins og hversu raunhæft það er fyrir lífsstarfið sem fram undan er. Af efnahagslegum árangri þeirra þjóða, sem lagt hafa meiri áherslu á starfsnám og tengsl skóla og atvinnulífs en aðrar þjóðir, má ályktа að það leiði til árangursríkara náms og skólastarfs í þágu atvinnumöguleika námsmanna og efnahagslegrar afkomu þjóðarinnar allrar. Hér skapast færi á að auka veg og virðingu menntunar sem gefur þekkingu og þjálfun til starfa í mikilvægasta atvinnuvegi okkar, sjávarútvegi, og við nýtingu auðlinda okkar í hafinu. Því leggja flutningsmenn það til að menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar njóti sérstaks forgangs í þeirri endurmótun námsframboðs og skólastarfs sem hafin verður með nýrri löggjöf um framhaldsskóla og hrint í framkvæmd á grundvelli hennar. Nám, sem býðst á þessum sviðum, fái sem fyrst sess sem mikilvægi þessara starfa hæfir, t.d. með hæfnisprófun að tilteknum námsáföngum loknum, t.d. er samsvari framhaldsskólaprófi með þetta sérsvið eða að loknu námi réttindi sem bera megi saman við réttindi iðnmenntaðra. Í boði verði samfellt nám og þjálfun er leiði til viðurkenndrar kunnáttu við almenn framleiðslustörf og meira nám og þjálfun veiti þekkingu til að taka nokkra ábyrgð og vinna flóknari störf, svo sem stjórn fram-

leiðsluvéla og tækja. Þá veiti fullt nám og starfsþjálfun réttindi til framleiðslueftirlits, verkstjórnar og annarra ámóta ábyrgðarstarfa. Einnig bjóðist samfellt framhaldsnám er leiði til stúdentsprófs á sviði þessara námsgreina og aðgengi að háskólanámi er veiti enn meiri þekkingu og réttindi.

Um árabil hefur afkoma þjóðarbúsins versnað og lífskjör þjóðarinnar í heild rýrnað, í efnahagslífinu hefur ríkt stöðnun og samdráttur í sjávarútvegi. Hefur þessa gætt í nær öllum mælikvörðum á afkomu þjóðarbúsins allt frá 1986 eða 1987 og eru orsakir nokkrar. Af þeim er varða okkur sem fiskveiðiþjóð eru tvær helstar. Önnur er verðlækkun afurða á mörkuðum helstu viðskiptalanda okkar sem rekja má til mikils framboðs bolfiskafurða frá Barentshafi og minnkandi eftirspurnar sökum versnandi efnahagsástands og lakari afkomu. Þorskbresturinn við Nýfundnaland hefur ekki fært okkur aukna hlutdeild á mörkuðum vestan hafs, m.a. vegna framboðs ódýrari fisktegunda í stað hinna dýrari sem okkar afurðir teljast til. Hin er versnandi afkoma þorskstofnsins á Íslandsmiðum sem er helsti og verðmætasti nytjastofn okkar í hafinu. Hefur það leitt til minnkandi umsvifa í sjávarútvegi, einkum bolfiskveiðum og vinnslu.

Eftir því sem liðið hefur á þetta stöðnunar- og samdráttarskeið hefur athyglin ekki aðeins beinst að þessum og öðrum ytri skilyrðum sem breyst hafa til hins verra fyrir lífskjör okkar, heldur enn fremur að því hvernig við getum bætt hag okkar við ríkjandi aðstæður, t.d. með aukinni hagkvæmni í starfsemi, en víða í sjávarútvegi hefur farið fram raunverulegt stórátak til hagræðingar á síðustu árum. Síðast en ekki síst hafa augu okkar opnast fyrir aukinni og bættri nýtingu auðlindarinnar í hafinu til aukinnar verðmætasköpunar, annars vegar með veiðum og nýtingu áður ónýttra tegunda og hins vegar með aukinni vinnslu sjávarfangs og fullvinnslu afurðanna, allt upp í framleiðslu tilbúinna rétta.

Tilkoma Evrópska efnahagssvæðisins, EES, hefur m.a. átt mikinn þátt í nokkurri vakningu hvað snertir fullvinnslu og framleiðslu tilbúinna matvæla. Með því batnar aðgangur okkar að mörkuðum Vestur-Evrópu og við fáum á skömmum tíma miklar umbætur í viðskiptakjörum. Það gerir okkur kleift að auka útflutning þangað — til okkar langstærsta og besta markaðar, bæði fullunninnar vöru og þjónustu á ýmsum sviðum. Ávinningur sjávarútvegs verður mikill vegna breyttra tolla á fullunnum afurðum og tilbúnum réttum.

Þrátt fyrir þetta höfum við þokast hægt áleiðis og erum í raun enn lítt búnir til að færa okkur þessa möguleika í nyt, a.m.k. á það við um stóran hluta sjávarútvegsins. Enn erum við að stærstum hluta útflytjendur hráefnis í geymsluhæfu ástandi, og flest fiskvinnslufyrirtæki okkar stunda í raun aðeins frumvinnslu — verkun hráefnisins í geymsluhæft ástand. Fullvinnslan fer fram erlendis — atvinnan er flutt út. Þar um má nefna:

— Við flytjum út óunninn, ísaðan eða kældan „ferskan“ fisk, ýmist í gámum eða fiskiskipum sem sigla með aflann. Oft er jafnvel keypt til viðbótar á innlendum fiskmörkuðum. Rakið hefur verið að þessi fiskur fer að mestum hluta ekki til neyslu, sem þó hefur verið haldið fram, heldur til vinnslu. Einnig hefur verið rakið að þessi fiskur fer ekki í hæsta gæðaflokk, sem þó hefur verið staðhæft, heldur í annan og jafnvel þriðja flokk. Hann er því slæmur vitnisburður um kunnáttu okkar í meðferð, frágangi og kælingu afla og um gæði íslensks sjávarfangs sem hráefnis — en hefði orðið fyrsta flokks hráefni hér heima því að sá tími, sem fer í flutninga, skiptir sköpum um ferskleika aflans.

— Við flytjum út heilfrystan fisk, frystar flaka- og marningsblokkir, tunnusaltaða síld og hrogn, blautverkaðan saltfisk og annan grófunninn fisk frá vinnsluskipum og vinnslustöðvum, ekki neysluvörur heldur hráefni fyrir fullvinnsluverksmiðjur, selt úr landi án fullvinnslu hér heima. Sumt er meira að segja hráefni fyrir erlendar verksmiðjur í eigu Íslendinga, einkum íslenskra sölusamtaka, t.d. í Bandaríkjunum, Bretlandi og Frakklandi. Dæmi eru þess að íslenskar fullvinnsluverksmiðjur hafa staðið frammi fyrir hráefnisskorti á sama tíma og hráefnið er flutt út.

Efla þarf fullvinnslu sjávarafla. Hún mun einnig vinna úr afurðum heilfrystiskipa, saltfisksskipa og annarra grófvinnsluskipa, en þær eru hráefni fullvinnslustöðva. Enn fremur úr grófunnum afurðum landvinnslu sem einnig eru hráefni fullvinnslustöðva, svo sem blautverkuðum saltfiski, saltsíld og salthrognum í tunnum, frystum flaka- og marningsblokkum.

Sem fiskveiðiþjóð hafa Íslendingar mikla reynslu af fiskvinnslu og því um leið staðgóða þekkingu á matvælaframleiðslu. Á síðustu áratugum hefur fleygt fram þekkingu okkar sem nær lengra en til vinnslu afla yfir í hráefni, lengra en til að gera hráefni geymsluhæft. Þótt enn séum við framleiðendur hráefna höfum við samt orðið mikla þekkingu á mörkuðum, kröfum og neysluvenjum sem getur nýst okkur við að taka skrefið yfir til matvælaiðnaðar, framleiðslu sjávarrétta, tilbúinna fyrir neytendur. Þeir sem hafa á síðari árum haft stjórn eða ábyrgð á meðferð fiskafla og fiskafurða og hlotið tilskilin réttindi þekkja gjörla og hafa unnið eftir ströngum gæðakröfum sem hafa orðið fyrirmynd að gæðakerfum annarra þjóða, svo sem í Bandaríkjunum og Kanada.

Flestir landsmenn hafa einhvern tíma unnið við fiskveiðar eða fiskvinnslu. Margar fjölskyldur hafa átt allt sitt undir afkomu sjávarútvegs og skynja vel hve mikilvægt er að sjávarafli verði vel nýttur og þannig sköpuð sem mest verðmæti. Nú stefnir hins vegar í það sökum minnkandi atvinnu að ungt fólk alist upp án þess nokkru sinni að komast í beina snertingu við sjósókn eða fiskvinnslu. Þá gætir þess nú af vaxandi þunga að störf við sjávarútveg, bæði veiðar og vinnslu, og þó almenn störf séu, fá einungis þeir sem hafa þjálfun. Verður því mikilvægt að uppvaxandi fólki bjóðist slík kynni af atvinnugreinum og störfum meðan það stundar almennt nám. Ekki síður er mikilvægt að nemendum bjóðist nám til undirbúnings fyrir störf við svo stóran atvinnuveg. Það getur jafnframt orðið undirbúningur frekara náms til réttinda í sérhæfðum störfum fyrir hann. Með slíku námsframboði má styrkja mjög ímynd sjávarútvegs og annarra starfsgreina sem honum tengjast vegna þjónustu og annarra viðskipta við hann. Það mun styðja þann skilning, sem fer vaxandi, að fiskveiðar, fiskvinnsla og framleiðsla matvæla og tilbúinna neysluréttа úr sjávarfangi er atvinnuvegur sem beitir nýjustu aðferðum og tækni, viðhefur ströngustu hreinlætiskröfur og kappkostar að framleiða einungis fyrsta flokks vörur fyrir kröfuharða kaupendur.

Gott nám til undirbúnings lífsstarfi við sjávarútveg, við sjósókn og fiskveiðar ellegar við fiskvinnslu og framleiðslu fullgerðra matvæla og tilbúinna rétta úr sjávarfangi er okkur nauðsyn. Námsefni þarf að vera nokkuð fjölbreytt til að þjóna þörfum nemenda og atvinnuvegarins:

Um fiskveiðar: Sjómennska, skipstjórn, vélstjórn, útgerð; fisktegundir og mið við Ísland, grunnmið, djúpmið, úthafsmið, fjarlæg mið, veiðar ýmissa tegunda, á ýmsum veiðislóðum og árstímum; veiðarfæri, notkun þeirra og viðgerðir; meðferð og geymsla afla, vinnsla afla í skipum; vélar og búnaður fiskiskipa; fjárfestingar, fjármögnun og rekstur fiskiskipa; aðföng, þjónusta og viðgerðir; sala afla, fiskmarkaðir og útflutningur; almenn verkþjálfun fyrir fiskveiðastörf.

Um fiskvinnslu og fiskiðnað: Meðferð og geymslu hráefnis, frumvinnsla ýmissa tegunda hráefnis og vöru (reyking, söltun, heilfrysting, söltun í tunnur og þess háttar, skreiðarverkun o.fl.); hreinlætis- og gæðaeftirlit; gæðastjórnun; framleiðsla eða fullvinnsla (fiskiðnaður) úr frumvinnsluhráefnum (heilfrystum fiski, tunnusaltaðri síld og hrognum, blautverkuðum saltfiski, reyktum fiski), um vinnslu- og verkunaraðferðir allt til neytendavöru og tilbúinna sjávarrétta, matvælagerð; vélar, tækjakostur og annar búnaður vinnslustöðva; fjárfesting, fjármögnun og rekstur vinnslustöðva; aðföng, þjónusta og viðgerðir; hráefniskaup, fiskmarkaðir; sala afurða, innanlandsmarkaður og útflutningur; almenn verkþjálfun fyrir fiskvinnslu- og fiskiðnaðarstörf.

Almennt: Nýjasta tækni, fjarskiptatækni, tölvutækni og notkun tölvustýringa í framleiðsluferlum; umbúða- og flutningatækni; viðskipti við aðrar atvinnugreinar; afkomuútreikningar, verðlagning, fjárfestingar og fjármögnun; verkstjórn og verkaskipti, stjórnun og áætlanagerð; nýir möguleikar og nýjungar; kynni af rannsókna- og þróunarstarfi; kynni af markaðsmálum, innkaupa- og neysluvenjur og staða sjávarafurða gagnvart samkeppnismatvælum á helstu markaðssvæðum okkar; eldi sjávarfiska, t.d. áframeldi undirmálsfisks, eldi annarra sjávardýra og vatnafiska og staða fiskeldis í heildarframboði fiskmetis og sjávarfangs; um stjórnkerfi fiskveiða; um fiskveiðiútgerð sem ekki er stunduð á starfssvæði skólans en stunduð annars staðar; um stofnun og uppbyggingu fyrirtækja; um beitingu framleiðsluaðferða í sjávarútvegi við aðra matvælagerð.

Flutningsmenn telja eðlilegt að stefna að uppbyggingu námsbrauta á þessu starfssviði við framhaldsskóla í hverjum landshluta. Hinir ýmsu framhaldsskólar eru misjafnlega stórir, starfrækja misjafnan fjölda námsbrauta og áfanga sem ræðst af aðsókn. Þeir eru misjafnlega vel búnir til að hefja starf nýrra námsbrauta og verður að meta aðstöðu hvers og eins við frekari undirbúning og framkvæmd. Eftirtaldir framhaldsskólar, sem allir starfrækja námsbrautir en ekki bekkjakerfi og eru staðsettir þar sem sjávarútvegur er mikilvægastur í atvinnulífi og ráðandi um afkomu, eru að mati flutningsmanna vel til þess fallnir að gegna þessu hlutverki:

— Fjölbrautaskóli Suðurnesja í Keflavík starfar á atvinnusvæði yfir 15 þúsund íbúa þar sem fiskveiðar og fiskvinnsla eru mikilvægustu atvinnugreinarnar. Við hann hafa um árabil verið starfræktar vélstjórnar- og veiðarfærabrautir er veita tiltekin réttindi til starfa og framhaldsnáms. Mætti miða við að þær verði hluti af kerfi nýrra námsbrauta í sjávarútvegsfræðum og að nýjar brautir veiti sambærileg réttindi hver á sínu sviði, til starfs og til framhaldsnáms. Skólinn hefur lagt drög að námsbraut í fiskiðn og getur orðið frumherji í þróun námsbrauta og námsefnis á þessu sviði.
— Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi er öflugasti framhaldsskóli í landshluta sem byggir mjög á sjávarútvegi og getur átt mikla möguleika á fjölbreytni í nýtingu sjávarfangs af grunnslóð og djúpslóð.
— Menntaskólinn á Ísafirði starfrækir námsbrautir í landshluta sem er viðkvæmur fyrir röskun á atvinnulífi og búsetu. Þar er eingöngu byggt á sjávarútvegi sem enn er háður viðgangi tiltölulega fárra fiskstofna. Því er mikilvægt að efla nám þar á þessu sviði er gæti leitt til aukinnar fjölbreytni í veiðum og vinnslu. Næstu byggingarframkvæmdir við skólann skapa honum nýja aðstöðu til verkmenntunar og henta vel nýjum námsbrautum.

— Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki starfar í landshluta sem leggur aukna áherslu á sjávarútveg til að tryggja atvinnu og afkomu íbúanna. Hún kallar á námsframboð og skólastarfsemi á því sviði. Byggingarframkvæmdir, sem nú eru að hefjast við skólann, munu skapa honum færi á að rýma nokkurt húsnæði í verkmenntahúsi hans sem kemur að gagni við nýjar námsbrautir.
— Verkmenntaskólinn á Akureyri nýtur nábýlis við Háskólann á Akureyri sem gegnir stærstu hlutverki í námsframboði á háskólastigi í sjávarútvegsfræðum og hefur þróað námsefni fyrir þau. Verkmenntaskólinn starfar þegar á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar með námsbraut í fiskiðn og skipstjórnarnámi og getur orðið frumherji í þróun námsbrauta og námsefnis á þessu sviði.
— Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, í Nesjum, virðist vel staðsettur vegna nágrennis við Höfn í Hornafirði, umsvifamikinn og vaxandi útgerðarstað með fjölbreyttar veiðar og vinnslu.
— Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum starfar í miklu nábýli við sjávarútveg í samfélagi er hefur litla aðra möguleika til atvinnu og tekjuöflunar. Þar eru stundaðar fjölbreyttar veiðar og margháttuð nýting sjávarfangs, allt frá frumverkun til fullvinnslu. Hugsanlegt er að sameina hann og Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum og stofna þannig námsbraut á sviði sjávarútvegs sem þegar verður traust í sessi og grundvöllur að fleiri áföngum eða brautum er henni tengjast.
— Á höfuðborgarsvæðinu starfa þegar sérskólar í sjávarútvegsnámi. Eðlilegt er að þeir fari áfram með sérnám á efstu stigum, t.d. fyrir hin meiri vélstjórnar- og skipstjórnarréttindi. Þá hafi þeir forustu um þróun námsefnis, hver á sínu sérsviði, hafi samstarf við rannsóknastofnanir atvinnuveganna, fylgist með nýjungum sem fram koma og veiti þeim brautargengi inn í námsefni og kynni þær atvinnulífinu. Ásamt sérskólunum virðist henta að einn hinna almennu framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu komi á fót námsbrautum á þessu sviði, samsvarandi þeim sem starfræktar verða í öðrum landshlutum. Ástæða virðist til að huga að sameiningu Fiskvinnsluskólans við Flensborgarskólann sem þá hefji starf slíkra námsbrauta.

688. Tillaga til þingsályktunar [458. mál]

um varðveislu tónlistararfs í Þjóðbókasafni Íslands.

Flm.: Þuríður Pálsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Geir H. Haarde, Auður Sveinsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Petrína Baldursdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd tónlistar- og safnamanna sem setji fram tillögur um það hvernig best verði staðið að varðveislu tónlistarefnis í Þjóðbókasafni Íslands. Jafnframt setji nefndin fram tillögur um hvað til þurfi til að sá menningararfur nýtist sem best komandi kynslóðum í sérstakri tónlistardeild innan safnsins.

Greinargerð.

Senn líður að því að merkum áfanga í sögu bókasafna hér á landi verði náð. Innan skamms munu Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn flytja alla sína starfsemi og jafnframt allan safnkost sinn í nýja byggingu sem lengi hefur verið í smíðum. Sú bygging hefur fram til þessa verið þekkt undir nafninu Þjóðarbókhlaða. Í Þjóðarbókhlöðunni verður til húsa og undir einu þaki langstærsta og merkasta bókasafn hér á landi sem hingað til hefur verið í tveimur stofnunum og varðveitt á mörgum geymslustöðum víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu vegna húsnæðisörðugleika.

Hér á Alþingi verður bráðlega lagt fram frumvarp til laga um þessa nýju stofnun og mun að því stefnt að það verði samþykkt sem lög fyrir þinglok í vor. Efni frumvarpsins og fyrirhuguð starfsemi safnsins hefur verið kynnt í fylgiriti með Fréttabréfi Háskóla Íslands Íslands, 6. tölublaði 15. árgangs. Í því riti ber hin nýja stofnun nafnið **Þjóðbókasafn Íslands** — bókasafn Háskóla Íslands.

Samkvæmt lýsingu í áðurnefndu riti Háskólans verður Þjóðbókasafninu ætlað mikið og víðtækt hlutverk:

„Safnið er í senn þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Það er til komið við sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns.

Safnið er rannsóknarbókasafn sem sinnir jöfnum höndum hlutverki þjóðbókasafns og háskólabókasafns og heldur uppi ávirkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs."

Hlutverki safnsins er síðan nánar lýst í 19 tölusettum liðum.

Í hinu nýja safni verður varðveittur margvíslegur safnkostur, handrit á skinni og pappír sem spanna alla ritöld Íslendinga, allar prentaðar bækur frá upphafi prentlistar hér á landi á 16. öld, tímarit, hljóðrit, nýsigögn af ýmsu tagi (filmur, örfilmur o.fl.) svo og tölvugögn. Þessi safnkostur er til kominn með þrennum hætti: Skylduskilum (gildandi lög um skylduskil eru nr. 43/1977), kaupum og gjöfum.

Þjónusta Þjóðbókasafns verður einnig margþætt. Safnið gegnir skyldum þjóðbókasafns og háskólabókasafns, meðal annars með söfnun, varðveislu, útlánum og millisafnalánum.

Það sem athygli vekur í því sem fram hefur komið um fyrirhugað hlutverk og þjónustu Þjóðbókasafnsins samkvæmt frumvarpinu er hversu lítil áhersla er lögð á hlutverk slíkrar stofnunar á sviði menningarmála og listalífs. Í aðalgrein um hlutverk safnsins er verksvið þess skilgreint á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Þar er ekki minnst á tónlist né aðrar listgreinar eða menningarmál.

Í þessu nýja safni verða varðveitt ómetanleg gögn um íslenska menningar- og listasögu, ekki síst tónlistar. Þar verða á einum stað:

1. Tónlistarhandrit sem ná til allrar sögu þeirrar listgreinar hér á landi, frá skinnhandritum með kirkjusöng miðalda, þau elstu frá um 1100, og fram til tónsmíða íslenskra tónskálda á 20. öld. Í handritadeild Landsbókasafns eru nú þegar varðveitt handritasöfn margra helstu og þekktustu tónskálda Íslendinga allt frá dögum Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.

2. Allar prentaðar bækur, þar á meðal nótnabækur íslenskar frá sálmabók Guðbrands Þorlákssonar 1589 og messusöngsbók hans („grallarans") frá 1594 og fram til nótnabóka sem gefnar hafa verið út með íslenskri tónlist fyrir söngraddir og hljóðfæraleik á okkar dögum.

3. Öll tímarit sem um íslenska tónlist fjalla og hafa að geyma efni sem varðar tónlist hér á landi fyrr og síðar.

4. Öll hljóðrit (hljómplötur, segulbönd, snældur og geisladiskar) sem gefin hafa verið út frá því að skylduskil á slíkum safnkosti komu til sögunnar með lögum árið 1977, jafnframt mjög mikið safn eldri hljóðrita allt frá því að útgáfa á hljómplötum með íslenskri tónlist hófst. Stórt safn verðmætra hljóðrita er þó enn þá utan stofnunarinnar og bíður flokkunar og fullkominnar varðveislu.

5. Í Landsbókasafni og Háskólabókasafni er til umtalsverður safnkostur með heildarútgáfum þekktustu tónskálda sögunnar, meðal annars verkum eftir Johann Sebastian Bach, Wolfgang Amadeus Mozart og Ludwig van Beethoven.

Það má öllum ljóst vera að þessi fjölþætti og stórmerki safnkostur, þar sem varðveittar eru allar helstu heimildir um íslenska tónlistarsögu frá upphafi ritaldar og til okkar daga, auk erlendrar tónlistar, mun ekki nýtast eins og hann á skilið nema til komi sú aðstaða og þjónusta sem nauðsynleg er. Til að svo geti orðið er óhjákvæmilegt að í Þjóðbókasafni verði *sérstök tónlistardeild með þeim búnaði, tækjakosti og aðstöðu sem til þess þarf að tónlistarefni safnsins nýtist sem best.* Notendur þessa efnis verða á ókomnum tímum innlendir og erlendir fræðimenn, tónlistarfólk, nemendur í skólum landsins, ekki síst tónlistarskólum, og allur almenningur sem áhuga hefur á tónlist. Tónlistarefni Þjóðbókasafnsins munu þessir notendur þurfa til rannsókna, vísindastarfsemi á sviði tónlistar, útgáfu, tónlistariðkunar í söng og hljóðfæraleik og síðast en ekki síst til ánægju og gleði.

Tilgangur flutningsmanna þessarar tillögu er sá að menntamálaráðherra, fyrir hönd íslenskra stjórnvalda, skipi nefnd með hæfustu fulltrúum úr röðum íslenskra tónlistarmanna og þess fagfólks sem vinnur að málefnum safna hér á landi. Þeirri nefnd verði falið að setja fram tillögur um hvernig sá dýrmæti þjóðarauður á sviði tónlistar, sem áður var lýst, verði best varðveittur. Jafnframt setji nefndin fram tillögur sínar um þá aðstöðu sem til þarf að Íslendingar geti nýtt sér þennan menningarsögulega þjóðararf með myndarlegum hætti þegar Þjóðbókasafnið nýja tekur til starfa síðar á þessu ári í þeirri glæsilegu byggingu sem svo lengi hefur verið beðið eftir.

689. Frumvarp til laga [459. mál]

um sjóvarnir.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Geir H. Haarde, Guðjón Guðmundsson, Egill Jónsson.

1. gr.

Vinna skal að vörnum gegn sjávarflóðum og að heftingu landbrots og hindra önnur spjöll á landi af völdum ágangs sjávar svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Hafnamálastofnun fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um fyrir hönd samgönguráðherra.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar matsnefnd um sjóvarnir. Skal hún starfa á vegum Hafnamálastofnunar og vera ráðherra og Hafnamálastofnun til ráðuneytis. Matsnefnd sjóvarna fjallar um áætlanir um sjóvarnir og metur styrki til þeirra. Matsnefnd er skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara. Samgönguráðherra skipar nefndina eftir tilnefningum. Einn er tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af umhverfisráðherra og samgönguráðherra skipar einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður matsnefndar. Hafnamálastjóri situr fundi nefndarinnar og er henni til ráðuneytis.

3. gr.

Matsnefndin skal fjalla um hættu á sjávarflóðum og landbrot af völdum ágangs sjávar og um álitsgerðir um allar nauðsynlegar varnarframkvæmdir. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við sjóvarnir og allur kostnaður sem fylgir aðgerðum. Í álitsgerð skal einnig lagt mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð.

Álitsgerð skal senda viðkomandi sveitarstjórn og landeigendum til umsagnar. Á grundvelli álitsgerða skal síðan semja fjögurra ára áætlun um sjóvarnir og leggja fyrir Alþingi til samþykktar.

4. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins skal sjá um tæknilegan undirbúning framkvæmda eða fela hann verkfræðilegum ráðgjöfum. Áður en til framkvæmda kemur skal liggja fyrir áætlun um varnir gegn ágangi sjávar sem felur í sér fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina. Hafnamálastofnun skal sjá um, eftir því sem við verður komið, að afla sér sérhæfðra starfsmanna á þessu sviði svo og standa fyrir þeim rannsóknum sem talið er þurfa.

5. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að ⅞ hlutum kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir samkvæmt því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni að fenginni tillögu matsnefndar.

Landeigendur og sveitarfélög, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu, greiða minnst ⅛ hluta og skiptist kostnaður á milli landeigenda að tiltölu við stærð þess lands og strandlengju sem verja á. Hafnamálastofnun skal gera tillögur um skiptingu kostnaðar milli landeigenda og leggja fram til afgreiðslu viðkomandi sveitarstjórna. Verði ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar á milli landeigenda sker matsnefnd úr.

Áður en framkvæmdir hefjast við sjóvarnir skal liggja fyrir skipting kostnaðar milli landeigenda nema samkomulag verði um annað.

Tillögur matsnefndar um framlög ríkissjóðs til einstakra verka skal leggja fyrir fjárlaganefnd Alþingis til staðfestingar.

6. gr.

Þurfi með sjóvörnum að stöðva landbrot, sem stofnar opinberum mannvirkjum, svo sem vitum eða vegum, í hættu, greiðir ríkissjóður allan kostnað þótt í landi einstaklinga eða félaga sé.

7. gr.

Áður en til framkvæmda kemur skal kynna framkvæmdaáform fyrir landeigendum og viðkomandi sveitarstjórnum og gefa tiltekinn frest til að veita umsögn eða gera athugasemdir.

8. gr.

Nú telur matsnefnd að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir vegna yfirvofandi skemmda á landi eða mannvirkjum við ströndina sem þar hafa verið reist í samræmi við skipulag, sbr. 10. gr., og skal það þá heimilt, enda komi samþykki samgönguráðuneytis til. Framlög til slíkra framkvæmda skulu njóta forgangs við afgreiðslu fjárlaga næsta árs.

9. gr.

Hafnamálastofnun sér um undirbúning, gerð áætlana, hönnun og umsjón framkvæmda við sjóvarnir í samræmi við fjárveitingar á fjárlögum hverju sinni. Um undirbúning allan og framkvæmdir skal fara að lögum um opinberar framkvæmdir.

Hafnamálastofnun sér um greiðslur á hlut ríkissjóðs í hverju verki fyrir hönnun, eftirlit og framkvæmdir að því marki sem fjárlög heimila. Viðkomandi sveitarfélag er ábyrgt fyrir framlagi sveitarsjóðs og landeigenda. Það sér um innheimtu á hlut landeigenda í kostnaði við hvert verk og greiðir Hafnamálastofnun. Kostnaðarhluta landeigenda fylgir lögveð í viðkomandi landareign og þeim mannvirkjum sem á henni standa. Hafnamálastofnun hefur með höndum uppgjör við verktaka.

10. gr.

Áður en framkvæmdir við sjóvarnir eru samþykktar skal liggja fyrir staðfesting umhverfisráðuneytis á því að um skipulagt svæði sé að ræða og að mannvirki sem verja á hafi verið reist með leyfi hlutaðeigandi yfirvalda eða að um sé að ræða landsvæði sem að mati skipulagsstjóra ríkisins, að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar ríkisins, þurfi að verja. Í aðalskipulagi skal lagt mat á þörf fyrir sjóvarnir.

11. gr.

Samgönguráðherra hefur yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Skal ráðherra setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

Greinargerð.

Megintilgangur.

Með frumvarpi þessu vilja flutningsmenn að sett verði löggjöf svo að koma megi fastara skipulagi á framkvæmdir við sjóvarnir og þátt ríkisins í þeim. Á fjárlögum hvers árs undanfarna áratugi hefur verið fjárveiting til sjóvarna á ýmsum stöðum á landinu. Framkvæmdin hefur verið þannig að fjárlaganefnd (áður fjárveitinganefnd) hefur gert tillögur um fjárveitingar til einstakra staða að fengnum tillögum frá Hafnamálastofnun ríkisins. Sveitarfélög hafa áður sent skriflegar óskir til Hafnamálastofnunar og í einstöku tilvikum aðrir aðilar.

Ekki hafa verið í gildi nein lög um sjóvarnir en þrátt fyrir það hefur myndast nokkur hefð um vinnubrögð. Í langflestum tilvikum hafa sjóvarnir verið fjármagnaðar að öllu leyti með fjárveitingum ríkissjóðs þótt einstaka dæmi séu um framlög sveitarfélaga eða landeigenda. Hér er átt við kostnaðinn við sjálfa aðalvörnina, en mörg dæmi eru um að sveitarfélög hafi séð um uppgræðslu innan eða ofan við grjótvörnina. Sjóvarnir hafa verið unnar undir tæknilegu og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins. Helstu vandkvæðin hafa e.t.v. verið að samræma aðgerðir á hinum ýmsu stöðum á landinu þar sem óskað hefur verið eftir sjóvörnum. Hafnamálastofnun hefur brugðist við óskum um framkvæmdir með því að flokka viðkomandi verk í forgangsröð og að meta hvað er í húfi og þau verðmæti sem á að verja og hefur stofnunin látið semja skýrslur um nokkra hluta strandlengjunnar.

Sjóvarnir eru samheiti fyrir annars vegar *landbrot* af völdum ágangs sjávar og hins vegar *flóðavarnir* gegn sjávarflóðum. Landbrot er eins og orðið segir eyðing lands af völdum sjávar hvort sem um er að ræða brot úr bökkum eða ágang á sandströnd. Sums staðar er byggð það lág að hætta er á sjávarflóðum og getur þá þurft flóðavarnir.

Stór tjón hafa orðið á síðustu árum af völdum sjávarflóða í ofviðrum beggja vegna Atlantshafsins. Vísindamenn telja að tíðni stórflóða hafi aukist, m.a. af völdum veðurfarsbreytinga, þ.e. dýpri lægða og hærri aldna og breytinga á öldustefnu. Mælst hefur aukið landbrot síðustu ár í nágrannalöndum okkar og einnig hérlendis.

Vegna kenninga um hækkun sjávarborðs af völdum hlýnandi loftlags samfara svonefndum gróðurhúsaáhrifum er nú í gangi alþjóðlegt samstarf á vegum Sameinuðu þjóðanna um reglusetningu og aðgerðir til að bregðast við þeim vanda sem því er samfara.

Það hefur vakið athygli að meiri hlutinn af landeyðingu á austurströnd Bandaríkjanna er talinn vera af mannavöldum, þ.e. stafa af mannvirkjum við ströndina, einkum af hafnargerð og varnargörðum innsiglinga, en einnig af sjóvörnum og eru tjónþolar kannski næstu nágrannar á viðkomandi strönd sem njóta ekki lengur sandburðar með hafstraumum.

Þótt þessi vandamál séu í minna mæli hérlendis er ekki hægt að loka augunum fyrir þeim. Þannig hefur sums staðar orðið vart aukins landbrots við suðurströnd landsins.

Stjórn sjóvarnamála og vinnubrögð.

Hafnamálastofnun hefur með höndum samkvæmt frumvarpinu yfirstjórn sjóvarnamála fyrir hönd samgönguráðherra og sér um tæknilegan undirbúning og tækni- og fjárhagslegt eftirlit með framkvæmdum. Á vegum Hafnamálastofnunar skal starfa matsnefnd um sjóvarnir. Matsnefndin skal fjalla um álitsgerðir um allar nauðsynlegar varnarframkvæmdir þar sem einnig skal meta hagrænt gildi sjóvarna sem óskað er eftir eða gerð er tillaga um. Síðan skal ganga frá fjögurra ára áætlun um sjóvarnir. Matsnefndin fjallar um umsóknir um sjóvarnir og gerir tillögur um framlög til einstakra framkvæmda. Nefndin getur gert tillögur um tafarlausar aðgerðir, t.d. eftir flóðatjón. Kynna skal framkvæmdaáform fyrir landeigendum og viðkomandi sveitarfélögum.

Skipting kostnaðar við sjóvarnir.

Hér er gert ráð fyrir þeirri almennu reglu að ríkissjóður greiði ⅞ kostnaðar en sveitarfélög og viðkomandi landeigendur, sem hagræði hafa af sjóvörnum fyrir landi sínu, greiði ⅛. Hér er um að ræða mikilvæga breytingu frá því sem verið hefur þar sem ríkissjóður hefur í flestum tilvikum staðið undir öllum kostnaði við sjóvarnir. Með því er sveitarstjórn eða landeigendur gerðir ábyrgir fyrir hluta framkvæmdarinnar og hafa því

meiri rétt til að hafa áhrif á undirbúning og áætlanir sem nauðsynlegar eru. Gera má ráð fyrir að sveitarsjóður muni oftast greiða hluta heimaframlags, e.t.v. helming eða 1/16 og væri það framlag fyrir heildina, og landeigendur hinn helminginn samanlagt 1/16 hluta kostnaðar. Oft eru sveitarsjóðir líka eigendur lands eða lóða við ströndina. Miðað við þær sjóvarnir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, má þá búast við að kostnaðarhluti landeigenda geti numið 10.000–100.000 kr fyrir venjulega lóð en meira fyrir stærri lóðir. Til geta verið dæmi þar sem sjóvarnir yrðu svo dýrar að kostnaðarhluti landeiganda (og sveitarfélaga) yrði miklu meiri og gæti þá þurft fyrirgreiðslu með lánum eða jafnvel eins konar byggðastyrk. Dæmi um slík viðfangsefni eru við Hornafjarðarós.

Í vissum tilvikum getur komið til greina að landeigandi eða hagsmunaaðili greiði hærra framlag, t.d. 1/8 hluta eða 50%.

Framangreint á að sjálfsögðu við framkvæmdir sem metnar yrðu styrkhæfar, en gera má ráð fyrir að sumar framkvæmdir verði ekki metnar styrkhæfar, t.d. ef í ljós kemur í hagrænu mati að framkvæmdakostnaður er miklu meiri en hagræðið af sjóvörninni.

Hugsanlegur möguleiki væri að tengja flokkun eða forgangsröðun fyrirhugaðra sjóvarna við styrkhlutfall ríkissjóðs.

Mannvirki sem verja á séu samkvæmt staðfestu skipulagi.

Með frumvarpinu eru tekin af tvímæli um að skilyrði fyrir ríkisframlagi til sjóvarna sé að mannvirki eða byggðarsvæði séu samkvæmt samþykktu skipulagi. Þar sem dæmi eru um að koma þurfi upp sjóvörnum utan samþykkts skipulags þá er einnig ákvæði um að fyrir liggi yfirlýsing skipulagsstjóra ríkisins að viðkomandi landsvæði þurfi að verja og tilskilið er að hann leiti áður umsagnar Hafnamálastofnunar ríkisins. Að lokum er ákvæði um að leggja skuli mat á þörf fyrir sjóvarnir við gerð aðalskipulags. Bera þarf saman kostnað við sjóvarnir og það hagræði sem af þeim gæti hlotist annars vegar og hins vegar þann sparnað sem leiðir af því að færa byggðarsvæði til. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að hægt er að draga úr hættu á tjóni af sjávargangi með því að skipuleggja strandbyggð þannig t.d. að hún sé í tiltekinni lágmarksfjarlægð frá sjó. Auðvitað er hugsanlegt að atvinnurekstur krefjist meiri nýtingar lands út að sjó og þá vaknar spurningin um hver á að bera kostnaðinn af því.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein skal starfa þriggja manna matsnefnd á vegum Hafnamálastofnunar sem fjalli um áætlanir um varnir gegn landbroti og um styrkumsóknir vegna þeirra. Hafnamálasjóri situr fundi nefndarinnar og er henni til ráðuneytis. Eðlilegt er að í nefndinni sitji fulltrúi sveitarfélaganna og fulltrúi umhverfisráðherra sem fer með skipulagsmálefni og staðfestir aðalskipulag.

Um 3. gr.

Hlutverk matsnefndar er að fjalla um landbrot af völdum ágangs sjávar og hættu á sjávarflóðum og fara yfir áætlanir um nauðsynlegar framkvæmdir við sjóvarnir og kostnað við þær. Leggja skal mat á hagrænt gildi sjóvarnaraðgerða og gerð tillaga um flokkun í forgangsröð. Álitsgerðir skal senda til umsagnar viðkomandi sveitarfélaga og landeigenda. Á grundvelli þeirra skal síðan semja fjögurra ára áætlun um sjóvarnir sem matsnefnd fjallar um og lögð er fyrir Alþingi til samþykktar.

Hingað til hafa umsóknir til Hafnamálastofnunar yfirleitt komið frá sveitarfélögum. Hafnamálastofnun hefur farið yfir þessar umsóknir og metið þær eins og hér er rætt um. Einnig hefur Hafnamálastofnun látið gera athuganir og áætlanir um sjóvarnir á ýmsum svæðum með tillögum um flokkun framkvæmda. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram en að matsnefnd fjalli um áætlanir sem Hafnamálastofnun vinnur eða lætur vinna og nefndin eftir atvikum biður um. Matsnefnd skal einnig fjalla um styrkumsóknir til sjóvarna og meta styrkhæfni umbeðinna framkvæmda, m.a. með tilliti til skipulagsmála, sbr. 10. gr. Nefndin gerir tillögur um framlög ríkissjóðs til einstakra verka. Hér er gert ráð fyrir verulegu frumkvæði hjá matsnefnd.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um að tæknilegur undirbúningur framkvæmda sé á vegum Hafnamálastofnunar, hvort sem stofnunin felur starfsmönnum sínum það eða verkfræðilegum ráðgjöfum. Ekki verði ráðist í framkvæmdir nema fyrir liggi áætlun um varnir og um fyrirkomulag framkvæmda og gerð sjóvarnanna. Þá eru ákvæði um að Hafnamálastofnun skuli standa fyrir rannsóknum sem taldar eru nauðsynlegar og afla sér sérhæfðra starfskrafta.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skiptingu kostnaðar. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði allt að ⅞ hluta kostnaðar en landeigendur og viðkomandi sveitarfélög minnst ⅛, nema matsnefnd geri tillögu um annað. Gera má ráð fyrir að „heimaframlög“ komi að hluta beint frá sveitarsjóði og að hluta frá viðkomandi landeigendum. Ekki er kveðið á um skiptinguna á milli þessara aðila, sveitarsjóðs annars vegar og allra viðkomandi landeigenda hins vegar, en gera má ráð fyrir að sveitarstjórn geri tillögur um það.

Kostnaður skiptist milli viðkomandi landeigenda sem land eiga að sjó og fyrirhugðuðum sjóvörnum að tiltölu við stærð lands og strandlengd hvers landeiganda og gerir Hafnamálastofnun tillögur um þessa skiptingu sem lögð er fram til afgreiðslu hjá viðkomandi sveitarstjórn. Skipting kostnaðar milli landeigenda innbyrðis og hlutur sveitarsjóðs skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast nema samkomulag verði um annað.

Matsnefnd gerir tillögur um framlög ríkisins, annars vegar fjárhæð og hins vegar hlutfallsskiptingu kostnaðar milli ríkisins og „heimaaðila“, þ.e. sveitarsjóðs og allra viðkomandi landeigenda samtals.

Um 6. gr.

Hér er átt við að landeigandi, þar sem t.d. er viti eða vegur liggur um strönd, verður ekki gerður ábyrgur fyrir að kosta sjóvörn fyrir viðkomandi mannvirki ef hætta er á að landbrot vegna ágangs sjávar ógni umræddu opinberu mannvirki. Það er þá ríkissjóðs eða viðkomandi ríkisstofnunar að standa straum af kostnaði.

Um 7. gr.

Í þessari grein er ákvæði um að kynna viðkomandi aðilum, sveitarstjórnum og landeigendum, framkvæmdaáform áður en til framkvæmda kemur og veita þeim tiltekinn frest til að gefa umsögn eða gera athugasemdir.

Þetta þarf að gerast með hæfilegum fyrirvara og auk framkvæmda er hugsanlegt að skipting kostnaðar milli landeigenda (sbr. 5. gr.) komi einnig til umræðu.

Um 8. gr.

Þessi grein á við t.d. þegar orðið hefur tjón vegna sjávarflóðs og aðgerðir þola enga bið og getur þá matsnefnd haft forgöngu um að ráðist sé í varnaraðgerðir.

Um 9. gr.

Fyrri hluti greinarinnar, um hlutverk Hafnamálastofnunar við framkvæmd fjárlagaliðar sjóvarna, þarfnast ekki skýringa.

Seinni hluti greinarinnar fjallar um fjármögnun framkvæmda og skal Hafnamálastofnun sjá um greiðslur á hlut ríkissjóðs til allra þátta sem tengjast framkvæmd. Sveitarsjóður ber hins vegar ábyrgð á greiðslu síns kostnaðarhlutar og hluta landeigenda til Hafnamálastofnunar. Kostnaðarhluta landeigenda fylgir lögveð í viðkomandi landareign og þeim mannvirkjum sem á henni standa.

Um 10. gr.

Áður en framkvæmdir við sjóvarnir eru samþykktar skal liggja fyrir staðfesting umhverfisráðuneytis á því að um skipulagt svæði sé að ræða og að viðkomandi mannvirki sem á að verja hafi verið reist með leyfi hlutaðeigandi yfirvalda. Sé landsvæðið sem verja á ekki innan staðfests/samþykkts skipulags skal liggja fyrir yfirlýsing skipulagsstjóra ríkisins að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar ríkisins um að nauðsynlegt sé að verja þetta land.

Þá er tekið fram í greininni að í aðalskipulagi skuli leggja mat á þörf fyrir sjóvarnir. Hér er að sjálfsögðu um matsatriði að ræða þar sem kostnaður og hagræði kemur við sögu. Sem dæmi má nefna að ef hægt er með viðunandi hætti að komast hjá kostnaðarsömum sjóvörnum með því að hnika til byggð þá getur verið skynsamlegt að ná málamiðlun í aðalskipulagi.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Skrá yfir þá 42 staði sem fengið hafa fjárveitingu til sjóvarnargarða undanfarin 19 ár (1976–1994).

Vík	Rannsóknir (1993–94)
Vestmannaeyjar	Eiðið
Stokkseyri	
Eyrarbakki	
Ölfushreppur/Þorlákshöfn	
Ölfushreppur/Selvogur	M.a. Strandarkirkja
Grindavík	
Hafnir	
Sandgerði	
Gerðahreppur	Garðskagi og Garðskagaviti
Njarðvík	
Vogar/Vatnsleysuströnd	
Hafnarfjörður	Aðallega Hvaleyrargrandi og Hvaleyrarhöfði
Bessastaðahreppur	
Seltjarnarnes	
Kjalarnes	Saurbær (forn kirkjugarður)
Innri-Akraneshreppur	
Akranes	Stórverk: Ægisbrautargarður eftir flóðatjónið 1984 og nú Jaðarsbakkar
Rif	
Ólafsvík	
Búðardalur	
Patreksfjörður	
Flateyri	Norðurkambur eyrarinnar
Suðureyri	Sjávarflóð af völdum snjóflóða á Norðureyri
Bolungarvík	
Ísafjörður	Bæði Ísafjörður og Hnífsdalur
V-Húnavatnssýsla/Reykir	Byggðasafnið (fyrst 1994)
Blönduós	
Skagaströnd	
Sauðárkrókur	
Siglufjörður	
Dalvík	
Hrísey	
Árskógshreppur	
Hjalteyri (Arnarneshreppur)	
Svalbarðsstrandarhreppur	(Fyrst 1994)
Húsavík	
Þórshöfn	
Bakkafjörður	
Borgarfjarðarhreppur	(Fyrst 1994)
Fáskrúðsfjörður	Smávegis vörn utan á Mjóeyri (viti)
Höfn	Aðallega Suðurfjörutangi

Fylgiskjal II.

Lausleg athugun á kostnaði landeigenda.

Miðað er við ⅛ hluta heimaframlag og að helmingur af því komi frá sveitarsjóði sem framlag fyrir heildina. Sveitarsjóður er einnig oftast eigandi lóða við ströndina.

1. **Stokkseyri:** Voldugur sjóvarnargarður frá 1990–91: Frá kirkjugarði og austur undir sumarbústaði, 760 m.
   Fjöldi lóða: um 22.
   Framkvæmdakostnaður: 28,7 m.kr. á verðlagi í janúar 1994.
   28.700 x 0,0625 x (1/22) = 81.500 kr. á lóð.
2. **Eyrarbakki:** Voldugur sjóvarnargarður frá vesturenda frystihúss og austur fyrir barnaskólalóð, 1.000 m.
   Fjöldi lóða: um 30.
   Framkvæmdakostnaður: 33,1 m.kr. á verðlagi í janúar 1994.
   33.100 x 0,0625 x (1/30) = 69.000 kr. á lóð.
3. **Ódýrari vörn:** 5–10 m^3/m x 30 m x 1.000 kr./m^3 = 150–300.000 kr. á lóð.
   150–300.000 x 0,0625 = 9.375 – 18.750 kr. á lóð.

Niðurstaða: Samkvæmt þessu gæti landeigendahlutinn að meðaltali numið 10.000–100.000 kr. á lóð.

Þetta gildir fyrir einbýlishús og að eigendur baklóða taki ekki þátt í kostnaði.

Fylgiskjal III.



Bakkavörn við Baugsstaði í Stokkseyrarhreppi



Flóðavörn vestan til á Eyrarbakka

A = ÖLDUVÖRN (2-6 TONN)

B = FLÓÐAVÖRN (0,5-2 TONN)

C = SPRENGDUR KJARNI

D = GRÓÐURLAG

690. Svar [350. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver urðu áhrif laga um breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og laga um tekjustofna sveitarfélaga á afkomu sveitarfélaga (hagnaður eða tap) miðað við að eldri lagaákvæði hefðu gilt óbreytt:

a. hreppa með færra en 300 íbúa,
b. hreppa með yfir 300 íbúa,
c. sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,
d. annarra sveitarfélaga

árin 1990, 1991, 1992 og 1993?

Með lögum um verkaskipti ríkis og sveitarfélaga og nýjum tekjustofnalögum frá ársbyrjun 1990 var ákveðið að jafna aðstöðu sveitarfélaganna til tekjuöflunar sem dró úr mismunun á skattheimtu þeirra milli landshluta og atvinnurekstrar. Jafnframt gekk að hluta til baka skerðing lögbundinna framlaga í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er hafði varað frá árinu 1984 og nam á því tímabili rúmlega 2.000 millj. kr. Það var eitt af markmiðum lagabreytinganna að bæta fjárhagsstöðu meðalstórra og lítilla sveitarfélaga og það gekk eftir, sbr. meðfylgjandi yfirlit yfir breytingar á tekjum og rekstrarafkomu sveitarfélagana milli áranna 1989 og 1990.

Breyting á tekjum og rekstrarafkomu sveitarfélaganna milli áranna 1989 og 1990 sýnir raunveruleg áhrif lagabreytinganna á fjárhag sveitarfélaganna og þau áhrif er einungis hægt að mæla með samanburði milli þessara ára. Breytingar á tekjum og rekstrarafkomu sveitarfélaganna milli áranna 1990/1991/1992 ráðast af öðru. Tölur um tekjur og rekstrarafkomu sveitarfélaganna á árinu 1993 liggja ekki fyrir.

Hækkun tekna sveitarfélaga milli ára.

	1989/1990 %	1990/1991 %	1991/1992 %
Hreppar undir 300 íbúum	20,0	13,6	2,4
Hreppar yfir 300 íbúum	25,3	8,7	2,6
Kaupstaðir á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík	1,3	10,8	7,3
Allir kaupstaðir nema Reykjavík	6,3	8,7	6,3
Reykjavík	5,5	7,2	8,1
Öll sveitarfélög	8,5	6,8	6,4
Hækkun á framfærsluvísitölu	14,9	6,9	3,8

Breyting á rekstrarafkomu sveitarfélaga milli ára.

	1989/1990 %	1990/1991 %	1991/1992 %
Hreppar undir 300 íbúum	97,0	26,8	-10,5
Hreppar yfir 300 íbúum	112,7	7,0	-12,9
Kaupstaðir á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík	12,5	-13,6	31,1
Allir kaupstaðir nema Reykjavík	59,7	-11,3	9,3
Reykjavík	20,6	3,8	-20,8
Öll sveitarfélög	65,1	-6,2	-8,5
Hækkun á framfærsluvísitölu	14,9	6,9	3,8

Upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

ÁRIÐ 1989 Pr. íbúa	Kaupstaðir	Hreppar yfir 300 íb.	Hreppar undir 300 íb.	Samtals sveitarfél.	ÁRIÐ 1990 Pr. íbúa Kaupstaðir	Breyt. í %	Hreppar yfir 300 íb.	Breyt. í %	Hreppar undir 300 íb.	Breyt. í %	Samtals sveitarfél.	Breyt. í %
útsvar	48.606	45.508	37.563	47.848	54059	11,2%	53975	18,6%	40770	8,5%	53.589	12,0%
aðstöðugjald	14.654	10.550	5.982	13.890	17115	16,8%	13954	32,3%	6831	14,2%	16.537	19,1%
fasteignask	12.950	9.492	7.514	12.382	14935	15,3%	12431	31,0%	14148	88,3%	14.734	19,0%
a-skattar	2.611	1.619	242	2.416	970	-62,9%	1186	-26,7%	109	-55,0%	955	-60,5%
jöfnunarsj.	4.614	6.549	6.131	4.870	1788	-61,2%	11667	78,2%	8832	44,1%	2.720	-44,2%
a-tekjur	3.736	1.753	2.025	3.467	3795	1,6%	1370	-21,9%	675	-66,7%	3.517	1,4%
rek.tekjur samt.	87.171	75.471	59.457	84.873	92662	6,3%	94583	25,3%	71365	20,0%	92.051	8,5%
yfirstjórn	4.557	9.416	7.101	5.149	5198	14,1%	12628	34,1%	9344	31,6%	5.859	13,8%
fél.hjálp	22.544	11.630	8.495	20.878	17286	-23,3%	5881	-49,4%	2205	-74,0%	15.967	-23,5%
heilbr.mál	2.966	4.236	3.751	3.126	729	-75,4%	1143	-73,0%	1216	-67,6%	775	-75,2%
fræðslumál	10.473	11.664	14.337	10.749	12128	15,8%	15622	33,9%	19836	38,4%	12.640	17,6%
menningarmál	2.389	1.817	1.153	2.282	2968	24,2%	1936	6,5%	1430	24,1%	2.843	24,6%
æskulýðsmál	3.749	2.340	383	3.471	5420	44,6%	2930	25,2%	399	4,2%	5.071	46,1%
brunamál	1.188	1.451	1.162	1.213	1042	-12,3%	1284	-11,5%	1302	12,1%	1.068	-12,0%
hreinlætismál	3.379	2.966	677	3.228	3324	-1,6%	2899	-2,3%	1063	57,1%	3.216	-0,4%
skipul.+byggmál	1.727	1.543	675	1.666	2024	17,2%	1456	-5,6%	887	31,4%	1.944	16,7%
götur,holr,umfmál	9.254	3.497	2.754	8.412	6951	-24,9%	4269	22,1%	3179	15,4%	6.633	-21,1%
alm.garðar	1.982	642	159	1.773	2779	40,2%	1085	69,0%	147	-7,5%	2.570	44,9%
önnur gjöld	2.066	5.105	5.292	2.502	1467	-29,0%	6503	27,4%	4074	-23,0%	1.908	-23,8%
rek.gjöld:	66.275	56.308	45.937	64.449	61316	-7,5%	57636	2,4%	45082	-1,9%	60.493	-6,1%
fjárm.tekjur	5.106	6.409	5.103	5.237	3916	-23,3%	4322	-32,6%	4074	-20,2%	3.949	-24,6%
fjárm.gjöld	8.420	11.679	4.683	8.597	7177	-14,8%	11712	0,3%	2898	-38,1%	7.342	-14,6%
rek.tekjur umfr gjöld	17.582	13.894	13.940	17.064	28085	59,7%	29557	112,7%	27459	97,0%	28.165	65,1%
framkv.fjárfest.	26.734	22.061	11.002	25.627	30747	15,0%	21556	-2,3%	7976	-27,5%	29.313	14,4%

kr. pr.íbúa	árið 1989 Reykjavík	Aðrir kaupst á höfuðb.sv.	árið 1990 Reykjavík	Breyting frá f.ári	árið 1990 Aðrir kaupst. á höfuðb.sv.	Breyting frá f.ári
útsvar	49.107	48.823	52.226	6,4%	52.465	7,5%
aðstöðugjald	19.605	8.330	23.110	17,9%	8.525	2,3%
fasteignask.	14.673	11.967	16.719	13,9%	12.292	2,7%
a-skattar	0	1.728	0	0,0%	2.797	61,9%
jöfnunarsj.	4.436	3.993	594	-86,6%	139	-96,5%
a-tekjur	0	1.131	0	0,0%	754	-33,3%
rek.tekjur samt.	**87.821**	**75.972**	**92.649**	**5,5%**	**76.972**	**1,3%**
yfirstjórn	3.412	4.777	3.721	9,1%	5.478	14,7%
fél.hjálp	28.684	17.319	22.650	-21,0%	13.260	-23,4%
heilbr.mál	2.895	1.856	541	-81,3%	705	-62,0%
fræðslumál	9.637	10.798	11.235	16,6%	12.834	18,9%
menningarmál	2.699	1.669	3.560	31,9%	1.977	18,5%
æskulýðsmál	3.299	4.354	5.313	61,0%	5.593	28,5%
brunamál	558	1.704	533	-4,5%	1.693	-0,6%
hreinlætismál	2.926	3.465	3.092	5,7%	3.067	-11,5%
skipul.+bygg.mál	1.463	1.413	1.582	8,1%	2.344	65,9%
götur,holr,umfmál	7.165	5.363	8.472	18,2%	4.733	-11,7%
alm.garðar	1.975	1.707	3.121	58,0%	2.101	23,1%
önnur gjöld	-4.873	2.196	-6.480	33,0%	2.167	-1,3%
rek.gjöld samt.	**59.840**	**56.621**	**57.340**	**-4,2%**	**55.952**	**-1,2%**
fjárm. tekjur	4.695	5.819	3.988	-15,1%	4.313	-25,9%
fjárm. gjöld	2.833	10.906	3.317	17,1%	9.282	-14,9%
rek.tekjur umfr.gjöld	**29.843**	**14.264**	**35.980**	**20,6%**	**16.051**	12,5%
framkv. fjárfesting.	**37.716**	20.460	**36.560**	**-3,1%**	**33.282**	62,7%

kr. pr.íbúa	árið 1991 Kaupst.á höfuðbsv. án Rvíkur	Breyting frá fyrra ári	árið 1992 Kaupst. á höfuðb.sv. án Rvíkur	Breyting frá fyrra ári
útsvar	57.041	8,7%	61.444	7,7%
aðstöðugjald	9.540	11,9%	11.333	18,8%
fasteignask.	15.479	25,9%	13.574	-12,3%
a-skattar	2.494	-10,8%	3.418	37,0%
jöfnunarsj.	162	16,3%	1.663	926,5%
a-tekjur	562	-25,4%	55	-90,2%
rek.tekjur samt.	**85.278**	**10,8%**	**91.487**	**7,3%**
yfirstjórn	6.009	9,7%	6.318	5,1%
fél.hjálp	14.760	11,3%	14.314	-3,0%
heilbr.mál	381	-46,0%	282	-26,0%
fræðslumál	13.779	7,4%	14.480	5,1%
menningarmál	2.358	19,2%	2.248	-4,7%
æskulýðsmál	6.453	15,4%	6.471	0,3%
brunamál	1.844	8,9%	1.947	5,6%
hreinlætismál	2.449	-20,1%	3.247	32,6%
skipul.+bygg.mál	2.608	11,2%	2.807	7,6%
görur,holr,umfmál	4.573	-3,4%	4.643	1,5%
alm.garðar	2.327	10,7%	3.001	29,0%
önnur gjöld	4.391	102,7%	4.595	4,6%
rek.gjöld samt.	**61.932**	**10,7%**	**64.353**	**3,9%**
fjárm. tekjur	5.876	36,2%	3.325	-43,4%
fjárm. gjöld	15.349	65,4%	12.273	-20,0%
rek.tekjur umfr.gjöld	**13.873**	**-13,6%**	**18.186**	**31,1%**
framkv. fjárfesting.	**19.591**	**-41,1%**	**27.589**	**40,8%**

Tekjur og gjöld kaupstaða árið 1991.

	REYKJAVÍK 1)				AÐRIR KAUPSTAÐIR			
	Samtals 1991	Breyt. frá f. ári	Kr. pr. íb.	Hlutf. af h-tekjum	Samtals 1991	Breyt. frá f. ári	Kr. pr. íb.	Hlutf. af h-tekjum
Íbúafjöldi:	99.623				118.046			
Rekstrartekjur:								
Útsvar	5.656.590.304	11,0%	56.780	58,4%	7.034.101.392	8,0%	59.588	63,7%
Aðstöðugjald	2.164.007.045	-4,0%	21.722	22,3%	1.508.538.326	6,7%	12.779	13,7%
Fasteignaskattur	1.811.579.955	11,1%	18.184	18,7%	1.837.853.570	17,7%	15.569	16,6%
Aðrir skattar	0	0,0%	0	0,0%	231.664.324	13,6%	1.962	2,1%
Jöfnunarsj./Landsútsvar	61.813.888	6,7%	620	0,6%	366.751.424	14,5%	3.107	3,3%
Aðrar tekjur	0	0,0%	0	0,0%	65.093.295	-54,8%	551	0,6%
Rekstrartekjur samtals	**9.693.991.192**	**7,2%**	**97.307**	**100,0%**	**11.044.002.330**	**8,7%**	**93.557**	**100,0%**
Rekstrargjöld:								
Yfirstjórn	304.913.449	-16,0%	3.061	3,1%	873.140.846	15,3%	7.397	7,9%
Almannatr./Fél.hjálp.	2.351.698.188	6,4%	23.606	24,3%	1.663.119.702	12,3%	14.089	15,1%
Heilbrigðismál	34.983.966	-33,7%	351	0,4%	49.761.464	-50,6%	422	0,5%
Fræðslumál	1.263.955.402	15,3%	12.687	13,0%	1.715.696.550	14,4%	14.534	15,5%
Menningarmál	424.957.781	22,3%	4.266	4,4%	358.612.755	25,0%	3.038	3,2%
Æskulýðs- og íþr.mál	671.020.202	29,4%	6.736	6,9%	790.222.086	24,5%	6.694	7,2%
Brunamál og alm.varnir	136.576.230	162,5%	1.371	1,4%	207.836.644	19,4%	1.761	1,9%
Hreinlætismál	429.235.624	42,3%	4.309	4,4%	381.208.880	-8,5%	3.229	3,5%
Skipulags og bygg.mál	244.820.555	58,6%	2.457	2,5%	283.505.689	6,9%	2.402	2,6%
Götur, holr, og umferðarm.	515.955.523	-46,8%	5.179	5,3%	542.836.746	6,1%	4.599	4,9%
Alm.garðar og útivist	344.468.859	13,1%	3.458	3,6%	368.981.927	27,2%	3.126	3,3%
Útgjöld til atvinnuvega	0	0,0%	0	0,0%	66.503.179	40,9%	563	0,6%
Vatnsveita	-194.842.296	100,9%	-1.956	-2,0%	-234.447.923	-11,2%	-1.986	-2,1%
Önnur gjöld	-500.537.397	-6,5%	-5.024	-5,2%	581.878.193	13,2%	4.929	5,3%
Rekstrargjöld samtals	**6.027.206.086**	**5,0%**	**60.500**	**62,2%**	**7.648.856.738**	**13,9%**	**64.796**	**69,3%**
Fjármunatekjur	365.709.207	-6,0%	3.671	3,8%	439.780.847	3,0%	3.726	4,0%
(Fjármagnsgjöld)	536.376.924	65,8%	5.384	5,5%	963.593.435	5,8%	8.163	8,7%
Áf. verðb. og gengism.	0	0,0%	0	0,0%	-520.579.525	67,6%	-4.410	-4,7%
Rekstr.tekjur umfr. rek.gj.	**3.496.117.389**	**3,8%**	**35.093**	**36,1%**	**2.350.753.479**	**-11,3%**	**19.914**	**21,3%**
Reiknuð áhrif verðlbr.	0	0,0%	0	0,0%	315.312.647	-3,7%	2.671	2,9%
Framkv. og fjárfest.	4.928.692.453	44,0%	49.473	50,8%	2.591.409.429	-16,1%	21.953	23,5%

1) Árið 1991 breytti Reykjavíkurborg uppsetningu á ársreikningum sínum til samræmis við bókhaldslykil sveitarfélaga. Í samanburði ársreiknings '91 við ársreikning '90 er búið að taka tillit til þess misræmis sem óhjákvæmilega hlýst af slíkum breytingum.

Tekjur og gjöld hreppa árið 1991.

	STÆRRI HREPPAR 1)				SMÆRRI HREPPAR 1)			
	Samtals 1991	Breyt. frá f. ári	Kr. pr. íb.	Hlutf. af h-tekjum	Samtals 1991	Breyt. frá f. ári	Kr. pr. íb.	Hlutf. af h-tekjum
Íbúafjöldi:	26.454				15.454			
Rekstrartekjur:								
Útsvar	1.515.761.656	7,0%	57.298	56,2%	732.312.056	12,9%	47.387	57,1%
Aðstöðugjald	394.302.672	5,2%	14.905	14,6%	148.584.045	30,4%	9.615	11,6%
Fasteignaskattur	369.105.414	13,6%	13.953	13,7%	241.411.048	12,6%	15.621	18,8%
Aðrir skattar	36.661.987	36,7%	1.386	1,4%	3.608.751	120,1%	234	0,3%
Jöfnunarsj./Landsútsvar	374.811.425	21,6%	14.168	13,9%	152.398.774	9,7%	9.861	11,9%
Aðrar tekjur	5.137.332	-82,0%	194	0,2%	4.492.435	-64,1%	291	0,4%
Rekstrartekjur samtals	**2.695.780.487**	**8,7%**	**101.904**	**100,0%**	**1.282.807.109**	**13,6%**	**83.008**	**100,0%**
Rekstrargjöld:								
Yfirstjórn	358.698.609	11,2%	13.559	13,3%	172.876.405	21,0%	11.187	13,5%
Almannatr./Fél.hjálp.	188.655.523	15,5%	7.131	7,0%	46.180.750	27,1%	2.988	3,6%
Heilbrigðismál	16.351.241	-48,8%	618	0,6%	18.718.841	-2,5%	1.211	1,5%
Fræðslumál	490.003.152	19,0%	18.523	18,2%	341.133.450	6,2%	22.074	26,6%
Menningarmál	62.908.764	16,8%	2.378	2,3%	28.474.734	27,8%	1.843	2,2%
Æskulýðs- og íþr.mál	104.948.403	40,4%	3.967	3,9%	12.100.275	40,7%	783	0,9%
Brunamál og alm.varnir	42.149.101	21,0%	1.593	1,6%	24.411.331	17,6%	1.580	1,9%
Hreinlætismál	68.714.705	-4,0%	2.598	2,5%	24.054.904	34,5%	1.557	1,9%
Skipulags og bygg.mál	40.312.701	2,7%	1.524	1,5%	17.889.798	22,4%	1.158	1,4%
Götur, holr, og umferðarm.	78.681.986	-25,8%	2.974	2,9%	20.625.438	-54,6%	1.335	1,6%
Alm.garðar og útivist	43.305.708	69,1%	1.637	1,6%	3.136.556	-3,0%	203	0,2%
Útgjöld til atvinnuvega	36.948.949	-2,7%	1.397	1,4%	36.712.804	11,8%	2.376	2,9%
Vatnsveita	-39.208.061	25,2%	-1.482	-1,5%	-381.265	-78,9%	-25	0,0%
Önnur gjöld	173.475.833	7,6%	6.558	6,4%	41.803.570	21,7%	2.705	3,3%
Rekstrargjöld samtals	**1.665.946.615**	**10,8%**	**62.975**	**61,8%**	**787.737.592**	**9,7%**	**50.973**	**61,4%**
Fjármunatekjur	118.968.830		4.497	4,4%	77.838.143		5.037	6,1%
(Fjármagnsgjöld)	209.484.667		7.919	7,8%	45.361.651		2.935	3,5%
Áf. verðb. og gengism.	-90.943.391		-3.438	-3,4%	297.092		19	0,0%
Rekstr.tekjur umfr. rek.gj.	848.374.644	7,0%	32.070	31,5%	527.843.101	26,8%	34.156	41,1%
Reiknuð áhrif verðlbr.	44.126.155	-26,4%	1.668	1,6%	2.790.610	-245,6%	181	0,2%
Framkv. og fjárfest.	648.598.331	-3,9%	24.518	24,1%	453.948.811	190,9%	29.374	35,4%

1) Stærri hreppar: Hreppar með 300 íbúa og yfir. Smærri hreppar: Hreppar með minna en 300 íbúa.
Samtals fjárhæð úr ársreikningum hreppanna er uppfærð fjárhæð úr innsendum ársreikningum m.v. íbúafjölda.
Stærri hreppar með samtals 23.539 íbúa sendu ársreikninga til Sambands ísl. sveitarfélaga en
smærri hreppar með samtals 10.451 íbúa sendu inn ársreikninga.

Upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga 1992.
(Rekstraryfirlit, í þús. kr.)

A L L T L A N D I Ð S A M T A L S

	Samtals 1992	Breyt. frá f. ári	Kr. pr. íb.	Hlutf. af h-tekjum
Íbúafjöldi:	262.193	1,0%		
Rekstrartekjur:				
Útsvar	15.680.419	5,0%	59.805	59,6%
Aðstöðugjald	4.755.094	12,8%	18.136	18,1%
Fasteignaskattur	4.361.619	2,4%	16.635	16,6%
Aðrir skattar	443.044	62,9%	1.690	1,7%
Jöfnunarsj./Landsútsvar	1.044.258	9,3%	3.983	4,0%
Aðrar tekjur	6.062	-91,9%	23	0,0%
Rekstrartekjur samtals	**26.290.497**	**6,4%**	**100.272**	**100,0%**
Rekstrargjöld:				
Yfirstjórn	1.779.870	4,1%	6.788	6,8%
Almannatr./Fél.hjálp.	4.692.806	10,4%	17.898	17,8%
Heilbrigðismál	93.021	-22,4%	355	0,4%
Fræðslumál	4.206.627	10,4%	16.044	16,0%
Menningarmál	958.645	9,6%	3.656	3,6%
Æskulýðs- og íþr.mál	1.726.368	9,4%	6.584	6,6%
Brunamál og alm.varnir	457.747	11,4%	1.746	1,7%
Hreinlætismál	995.206	10,2%	3.796	3,8%
Skipulags og bygg.mál	678.685	15,7%	2.588	2,6%
Götur, holr, og umferðarm.	1.581.104	36,5%	6.030	6,0%
Alm.garðar og útivist	947.949	24,7%	3.615	3,6%
Útgjöld til atvinnuvega	187.991	34,1%	717	0,7%
Vatnsveita	-548.662	17,0%	-2.093	-2,1%
Önnur gjöld	434.985	46,6%	1.659	1,7%
Rekstrargjöld samtals	**18.192.341**	**12,8%**	**69.385**	**69,2%**
Fjármunatekjur	765.499	-23,6%	2.920	2,9%
(Fjármagnsgjöld)	1.632.186	-7,0%	6.225	6,2%
Áf. verðb. og gengism.	-361.395	-40,9%	-1.378	-1,4%
Reiknuð áhrif verðlbr.	67.155	-81,5%	256	0,3%
Rekstr.tekjur umfr. rek.gj.	**6.937.229**	**-8,5%**	**26.458**	**26,4%**
Framkv. og fjárfest.	9.340.007	8,3%	35.623	35,5%

Upplýsingar úr ársreikningum kaupstaða 1992.
(Rekstraryfirlit, í þús. kr.)

	REYKJAVÍK				AÐRIR KAUPSTAÐIR			
	Samtals 1992	Breyt. frá f. ári	Kr. pr. íb.	Hlutf. af h-tekjum	Samtals 1992	Breyt. frá f. ári	Kr. pr. íb.	Hlutf. af h-tekjum
Íbúafjöldi:	100.850	1,2%			119.517	1,2%		
Rekstrartekjur:								
Útsvar	5.996.053	6,0%	59.455	57,2%	7.424.848	5,6%	62.124	63,3%
Aðstöðugjald	2.452.801	13,3%	24.321	23,4%	1.734.872	15,0%	14.516	14,8%
Fasteignaskattur	1.964.000	8,4%	19.474	18,7%	1.752.870	-4,6%	14.666	14,9%
Aðrir skattar	0	0,0%	0	0,0%	399.562	72,5%	3.343	3,4%
Jöfnunarsj./Landsútsvar	62.947	1,8%	624	0,6%	419.249	14,3%	3.508	3,6%
Aðrar tekjur	0	0,0%	0	0,0%	2.886	-95,6%	24	0,0%
Rekstrartekjur samtals	**10.475.800**	**8,1%**	**103.875**	**100,0%**	**11.734.287**	**6,3%**	**98.181**	**100,0%**
Rekstrargjöld:								
Yfirstjórn	320.718	5,2%	3.180	3,1%	911.341	4,4%	7.625	7,8%
Almannatr./Fél.hjálp.	2.624.701	11,6%	26.026	25,1%	1.772.012	6,5%	14.826	15,1%
Heilbrigðismál	35.748	2,2%	354	0,3%	35.341	-29,0%	296	0,3%
Fræðslumál	1.463.559	15,8%	14.512	14,0%	1.816.122	5,9%	15.196	15,5%
Menningarmál	496.164	16,8%	4.920	4,7%	361.143	0,7%	3.022	3,1%
Æskulýðs- og íþr.mál	755.822	12,6%	7.495	7,2%	848.221	7,3%	7.097	7,2%
Brunamál og alm.varnir	146.265	7,1%	1.450	1,4%	230.081	10,7%	1.925	2,0%
Hreinlætismál	472.347	10,0%	4.684	4,5%	411.946	8,1%	3.447	3,5%
Skipulags og bygg.mál	284.451	16,2%	2.821	2,7%	326.905	15,3%	2.735	2,8%
Götur, holr, og umferðarm.	833.243	61,5%	8.262	8,0%	592.111	9,1%	4.954	5,0%
Alm.garðar og útivist	459.322	33,3%	4.555	4,4%	418.859	13,5%	3.505	3,6%
Útgjöld til atvinnuvega	0	0,0%	0	0,0%	113.972	71,4%	954	1,0%
Vatnsveita	-107.442	-44,9%	-1.065	-1,0%	-396.424	69,1%	-3.317	-3,4%
Önnur gjöld	-343.129	-31,4%	-3.402	-3,3%	605.372	4,0%	5.065	5,2%
Rekstrargjöld samtals	**7.441.769**	**23,5%**	**73.790**	**71,0%**	**8.047.000**	**5,2%**	**67.329**	**68,6%**
Fjármunatekjur	262.115	-28,3%	2.599	2,5%	367.418	-16,5%	3.074	3,1%
(Fjármagnsgjöld)	526.751	-1,8%	5.223	5,0%	876.619	-9,0%	7.335	7,5%
Áf. verðb. og gengism.	0	0,0%	0	0,0%	-323.339	-37,9%	-2.705	-2,8%
Reiknuð áhrif verðlbr.	0	0,0%	0	0,0%	60.486	-80,8%	506	0,5%
Rekstr.tekjur umfr. rek.gj.	**2.769.395**	**-20,8%**	**27.461**	**26,4%**	**2.915.234**	**9,3%**	**24.392**	**24,8%**
Framkv. og fjárfest.	4.586.605	-6,9%	45.479	43,8%	3.466.483	33,8%	29.004	29,5%

Upplýsingar úr ársreikningum hreppa 1992.
(Rekstraryfirlit, í þús. kr.)

	STÆRRI HREPPAR 1)				SMÆRRI HREPPAR 1)			
	Samtals 1992	Breyt. frá f. ári	Kr. pr. íb.	Hlutf. af h-tekjum	Samtals 1992	Breyt. frá f. ári	Kr. pr. íb.	Hlutf. af h-tekjum
Íbúafjöldi:	26.769	1,2%			15.057	-2,6%		
Rekstrartekjur:								
Útsvar	1.555.287	2,6%	58.100	56,2%	704.231	-3,8%	46.771	53,6%
Aðstöðugjald	407.198	3,3%	15.212	14,7%	160.224	7,8%	10.641	12,2%
Fasteignaskattur	382.444	3,6%	14.287	13,8%	262.306	8,7%	17.421	20,0%
Aðrir skattar	40.624	10,8%	1.518	1,5%	2.858	-20,8%	190	0,2%
Jöfnunarsj./Landsútsvar	378.301	0,9%	14.132	13,7%	183.761	20,6%	12.204	14,0%
Aðrar tekjur	2.776	-46,0%	104	0,1%	400	-91,1%	27	0,0%
Rekstrartekjur samtals	**2.766.629**	**2,6%**	**103.352**	**100,0%**	**1.313.780**	**2,4%**	**87.254**	**100,0%**
Rekstrargjöld:								
Yfirstjórn	376.528	5,0%	14.066	13,6%	171.282	-0,9%	11.376	13,0%
Almannatr./Fél.hjálp.	230.824	22,4%	8.623	8,3%	65.268	41,3%	4.335	5,0%
Heilbrigðismál	10.943	-33,1%	409	0,4%	10.989	-41,3%	730	0,8%
Fræðslumál	526.303	7,4%	19.661	19,0%	400.644	17,4%	26.608	30,5%
Menningarmál	63.819	1,4%	2.384	2,3%	37.519	31,8%	2.492	2,9%
Æskulýðs- og íþr.mál	109.244	4,1%	4.081	3,9%	13.080	8,1%	869	1,0%
Brunamál og alm.varnir	47.304	12,2%	1.767	1,7%	34.097	39,7%	2.265	2,6%
Hreinlætismál	74.763	8,8%	2.793	2,7%	36.150	50,3%	2.401	2,8%
Skipulags og bygg.mál	44.117	9,4%	1.648	1,6%	23.212	29,7%	1.542	1,8%
Götur, holr, og umferðarm.	129.174	64,2%	4.826	4,7%	26.575	28,8%	1.765	2,0%
Alm.garðar og útivist	63.427	46,5%	2.369	2,3%	6.341	102,2%	421	0,5%
Útgjöld til atvinnuvega	39.336	6,5%	1.469	1,4%	34.683	-5,5%	2.303	2,6%
Vatnsveita	-45.327	15,6%	-1.693	-1,6%	532	-239,4%	35	0,0%
Önnur gjöld	185.529	6,9%	6.931	6,7%	-12.787	-130,6%	-849	-1,0%
Rekstrargjöld samtals	**1.855.986**	**11,4%**	**69.333**	**67,1%**	**847.586**	**7,6%**	**56.292**	**64,5%**
Fjármunatekjur	85.406	-28,2%	3.190	3,1%	50.560	-35,0%	3.358	3,8%
(Fjármagnsgjöld)	194.684	-7,1%	7.273	7,0%	34.132	-24,8%	2.267	2,6%
Áf. verðb. og gengism.	-31.788	-65,0%	-1.188	-1,1%	-6.268	-2209,6%	-416	-0,5%
Reiknuð áhrif verðlbr.	8.023	-81,8%	300	0,3%	-1.355	-148,5%	-90	-0,1%
Rekstr.tekjur umfr. rek.gj.	**777.600**	**-12,9%**	**29.049**	**28,1%**	**475.000**	**-10,5%**	**31.547**	**36,2%**
Framkv. og fjárfest.	919.609	41,8%	34.353	33,2%	367.310	-19,1%	24.395	28,0%

1) Stærri hreppar: Hreppar með 300 íbúa og fleiri. Smærri hreppar: Hreppar með minna en 300 íbúa.
Samtals fjárhæð úr ársreikningum hreppanna er uppfærð fjárhæð úr innsendum ársreikningum m.v. íbúafjölda.
Stærri hreppar með samtals 25.506 íbúa sendu ársreikninga til Sambands ísl. sveitarfélaga en
smærri hreppar með samtals 13.525 íbúa sendu inn ársreikninga.

691. Frumvarp til laga [460. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Annisius, Matthias Constantin, verkamaður á Húsavík, f. 3. desember 1951 í Þýskalandi.
2. Caamic, Erlinda D., verkakona í Reykjavík, f. 3. desember 1944 á Filippseyjum.
3. Fatalla, Corazon Surban, verkakona í Reykjavík, f. 19. maí 1954 á Filippseyjum.
4. Hans Alan Tómasson, verkamaður í Kópavogi, f. 13. september 1975 í Reykjavík.
5. Hanson, Bert, forstjóri í Reykjavík, f. 11. nóvember 1930 í Tékkóslóvakíu.
6. Hrafnhildur Valdimarsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 12. febrúar 1931 í Reykjavík.
7. Lemarquis, Gérard Roger, háskólakennari í Reykjavík, f. 8. janúar 1948 í Frakklandi.
8. Ludvigsen, Peter Mogens, sjómaður í Hafnarfirði, f. 19. ágúst 1948 í Danmörku.
9. Miller, Jóhannes, barn í Hafnarfirði, f. 22. febrúar 1982 í Reykjavík.
10. Mikael Nikulásson, nemi í Reykjavík, f. 20. nóvember 1974 í Reykjavík.
11. Nueva, Margie Mostar, verkakona í Reykjavík, f. 7. nóvember 1952 á Filippseyjum.
12. Rabasca, Kristofer Erik, auglýsingateiknari í Reykjavík, f. 8. desember 1968 í Bandaríkjunum.
13. Tate, Beverley Sue, kennari í Reykjavík, f. 17. desember 1946 í Bandaríkjunum.
14. Vosk, Theodore, eftirlaunamaður í Garðabæ, f. 23. janúar 1913 í Bandaríkjunum.
15. Zak, Irena Puhar, filmutæknir í Mosfellsbæ, f. 5. desember 1967 í Slóveníu.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefnd Alþingis.

Frumvarp þetta er annað frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á yfirstandandi 117. löggjafarþingi. Hið fyrra var borið fram á haustþingi og var samþykkt í desember.

692. Frumvarp til laga [461. mál]

um breyting á lögum um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Lögmannafélags Íslands skal tilkynna dómsmálaráðherra ef félagsmaður missir eitthvert hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings. Skal ráðherra afturkalla málflutningsleyfið meðan svo er ástatt.

Dómsmálaráðherra er heimilt að afturkalla málflutningsleyfi um stundarsakir eða ótímabundið eftir því hversu miklar sakir eru ef stjórn Lögmannafélags Íslands leggur til að félagsmaður verði sviptur leyfi vegna tiltekinna óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu. Sama gildir ef lögmaður brýtur gegn samþykktum félagsins eða reglum um fjárvörslureikninga og sinnir ekki áskorun félagsstjórnarinnar um úrbætur.

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að afturkalla málflutningsleyfi í allt að tvö ár ef lögmaður hefur þrisvar sætt réttarfarssektum.

Dómsmálaráðherra skal leita umsagnar stjórnar Lögmannafélags Íslands áður en málflutningsleyfi er veitt að nýju.

Nú hefur leyfi lögmanns til málflutnings verið afturkallað og getur hann þá borið afturköllunina undir dómstóla með venjulegum hætti að stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisins.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Lögmenn skulu hafa með sér félag er nefnist Lögmannafélag Íslands. Stjórn þess kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnvöldum í málum er lögmenn varða. Samþykktir félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra til staðfestingar.

Lögmannafélag Íslands skal í samþykktum sínum setja reglur um skyldu félagsmanna til þess að kaupa starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Í samþykktunum skal kveðið á um lágmark vátryggingafjárhæðar og hámark eigin áhættu vátryggingataka. Undanskildir vátryggingaskyldunni eru lögmenn sem starfa hjá opinberum aðilum, lánastofnunum og vátryggingafélögum að því er varðar lögmannsstörf í þágu þessara aðila. Stjórn Lögmannafélagsins er heimilt að undanþiggja einstaka lögmenn tryggingarskyldunni enda hafi þeir ekki opna starfstofu. Stjórn Lögmannafélagsins úrskurðar um skyldu einstakra félagsmanna til vátryggingakaupa.

Lögmanni er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við fyrir hönd umbjóðanda síns aðgreindum frá eigin fé. Skulu þeir varðveittir á sérstökum reikningi, vörslufjárreikningi. Lögmannafélag Íslands skal setja reglur um vörslufjárreikninga og eru þær háðar staðfestingu ráðherra.

Ráðherra getur lagt fyrir félagið að gera breytingar á reglum skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar innan tiltekins frests telji hann þær ekki veita viðskiptamönnum lögmanna nægilega vernd. Komi félagið ekki fram með breytingar á reglunum sem ráðherra telur unnt að staðfesta er honum heimilt að setja reglugerð um þessi atriði.

3. gr.

8. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. kemur: Stjórn Lögmannafélags Íslands ber að hafa eftirlit með því að félagsmenn fari að lögum og samþykktum félagsins í starfa sínum og ræki skyldur sínar af trúmennsku og samviskusemi. Lögmanni er skylt að veita stjórn félagsins eða trúnaðarmanni hennar allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að stjórnin geti metið hvort fylgt sé reglum um starfsábyrgðartryggingu og vörslufjárreikninga, þar með talið aðgang að bókhaldi og bankareikningum. Sýni félagsmaður stjórninni ekki fram á að hann fylgi þessum reglum þrátt fyrir kröfu stjórnarinnar þar um getur hún gert tillögu til ráðherra um að málflutningsleyfi hans verði afturkallað.

b. 4. mgr. fellur brott.

4. gr.

2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

2. er lögráða og hefur haft forræði á fé sínu undanfarin tvö ár.

5. gr.

2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

2. er lögráða og hefur haft forræði á fé sínu undanfarin tvö ár.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglur um skyldu lögmanna til þess að kaupa starfsábyrgðartryggingu og varðveita fé umbjóðenda sinna á sérstökum vörslufjárreikningi skv. 2. og 3. mgr. 2. gr. laga þessara skulu eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1995. Hafi Lögmannafélag Íslands ekki sett reglur þar að lútandi fyrir 1. nóvember 1994 skal dómsmálaráðherra eigi síðar en 1. desember 1994 setja slíkar reglur, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í árslok 1992 fór stjórn Lögmannafélags Íslands þess á leit við dómsmálaráðherra að hann skipaði nefnd til að gera tillögur um breytingar á lögum um málflytjendur. Ráðherra varð við þessari umleitun og skipaði nefnd þriggja manna til að semja frumvarp til breytinga á lögunum. Nefndina skipuðu Anna Guðrún Björnsdóttir deildarstjóri, Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður og Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður sem var formaður nefndarinnar. Hefur nefndin samið það frumvarp sem hér er lagt til að verði samþykkt sem lög.

Lög um málflytjendur eru nokkuð komin til ára sinna og hefur í raun lítt verið breytt frá upphafi. Eftir því sem árin hafa liðið hefur orðið brýnna tilefni til að huga að endurskoðun laganna. Tvisvar hafa verið samin frumvörp til nýrra laga um málflytjendur sem ekki hafa þó náð fram að ganga. Þá hefur tjón viðskiptamanna lögmanna vegna gjaldþrota nokkurra lögmanna á síðustu árum gefið sérstakt tilefni til að huga að endurskoðun laganna.

Við þá endurskoðun sem nú hefur farið fram kom hvort tveggja til greina að semja frumvarp til nýrra heildarlaga um málflytjendur eða frumvarp til breytinga á þeim ákvæðum laganna þar sem þörfin til úrbóta er brýnust. Nefnd dómsmálaráðherra valdi síðari kostinn. Að athuguðu máli þótti rétt að gera ekki að þessu sinni tillögur um breytingar á ýmsum grundvallaratriðum sem mjög skiptar skoðanir eru um, svo sem einkarétti lögmanna til málflutningsstarfa, skylduaðild lögmanna að Lögmannafélagi Íslands o.fl. Var talið að tillögur þar að lútandi gætu tafið fyrir að brýnni endurbætur næðu fram að ganga. Í frumvarpinu eru því fyrst og fremst gerðar tillögur um breytingar sem snúa að öryggi viðskiptamanna lögmanna, þ.e. ákvæði um vörslu á fé viðskiptamanna á sérstökum reikningum og um skyldu lögmanna til að kaupa starfsábyrgðartryggingar, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Í 2. efnismgr. 1. gr. er lagt til að ráðherra hafi heimild til að afturkalla málflutningsleyfi ef lögmaður fylgir ekki reglum um þessi atriði. Þessu tengd eru ákvæði 4. og 5. gr. frumvarpsins sem fela í sér að það er gert að almennu skilyrði fyrir veitingu málflutningsréttinda að viðkomandi hafi haft forræði á fé sínu undanfarin tvö ár en slík tímaskilyrði eru ekki í gildandi lögum. Þetta felur m.a. í sér að lögmaður sem missir málflutningsréttindi vegna þess að bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta getur ekki öðlast réttindin að nýju fyrr en í fyrsta lagi eftir að liðin eru tvö ár frá lokum skipta. Gert er ráð fyrir að sérstaka ákvörðun ráðherra þurfi til endurveitingar málflutningsréttinda og að hann skuli taka slíka ákvörðun að fenginni umsögn stjórnar Lögmannafélags Íslands, sbr. 4. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins. Þá hefur nefndin talið brýnt í ljósi skuldbindinga Íslands samkvæmt milliríkjasamningum að leggja til niðurfellingu á 4. mgr. 8. gr. laganna sem felur í sér að stjórn Lögmannafélags Íslands hefur dómsvald um tiltekin atriði sem varða félagsmenn.

Í frumvarpinu er orðið lögmaður notað sem samheiti yfir héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að missi lögmaður eitthvert hinna almennu skilyrða til að hafa leyfi til málflutnings skuli dómsmálaráðherra hlutast til um að afturkalla leyfið meðan svo standa sakir. Í ákvæðinu er kveðið skýrar á um skyldur ráðherra í þessum efnum en í núgildandi 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. Vegna eftirlitshlutverks síns með störfum lögmanna skal stjórn Lögmannafélags Íslands gera ráðuneytinu viðvart um slík atvik og er það nýmæli.

Í 2. mgr. er lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. Þessar breytingar varða sviptingu réttinda og tengjast efnislega tillögum til breytinga á 7. gr. gildandi laga varðandi vörslufjárreikninga og vátryggingaskyldu lögmanna, sbr. 2. gr. þessa frumvarps. Þá er lagt til að stjórn Lögmannafélagsins þurfi ekki að vera einróma í þeirri afstöðu sinni að leggja til leyfissviptingu eins og segir í gildandi lögum.

Í 3. mgr. er lögð til breyting þeirrar efnisreglu, sem nú er í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, á þá leið að ráðherra hafi einungis heimild til að afturkalla málflutningsleyfi tímabundið ef ástæða afturköllunarinnar er að lögmaður hefur sætt réttarfarssektum. Enn fremur er lagt til að fellt verði brott ákvæði í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga um að ráðherra þurfi að leita álits þess eða þeirra dómstóla sem hafa lagt réttarfarssekt á lögmann áður en málflutningsleyfi hans er afturkallað. Vekja má athygli á að komi til álita að grípa til úrræða samkvæmt þessari málsgrein verður meðferð málsins að fara eftir reglum stjórnsýslulaga. Sama á við um mál skv. 1. og 2. mgr.

Samkvæmt 4. mgr. er gert ráð fyrir að lögmaður öðlist ekki sjálfkrafa málflutningsleyfi aftur þótt hann uppfylli að nýju almenn skilyrði skv. 9. gr. eða 14. gr. laganna eða ef ástæður skv. 2. eða 3. mgr. þykja ekki lengur gera leyfissviptingu nauðsynlega heldur þurfi sérstaka ákvörðun ráðherra til endurveitingar leyfis. Áður en slík endurveiting getur átt sér stað ber ráðherra að leita umsagnar stjórnar Lögmannafélags Íslands. Ekki er þörf á sérstakri ákvörðun ráðherra um endurveitingu ef lögmaður hefur verið sviptur leyfi tímabundið og sá tími er liðinn.

5. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 7. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er tekið upp nýmæli um skyldu lögmanna til þess að hafa starfsábyrgðartryggingu. Vátryggingin á að tryggja viðskiptamanni lögmanns bætur ef hann verður fyrir tjóni sem lögmaðurinn ber skaðabótaábyrgð á vegna lögmannsstarfa sinna. Vátryggingin á að veita viðskiptamanninum vernd af hvaða ástæðu sem skaðabótaskylda lögmannsins stofnast ef það skilyrði er uppfyllt að ábyrgðin hafi stofnast vegna lögmannsstarfa. Ekki skiptir máli gagnvart viðskiptamanninum hvort skaðabótaskyldan stofnast vegna ásetnings eða gáleysis.

Lagt er fyrir Lögmannafélag Íslands að setja reglur í samþykktum sínum um skyldu félagsmanna til að kaupa starfsábyrgðartryggingar. Þessi háttur er á hafður vegna þess að æskilegt þykir að nýta sérþekkingu félagsmanna til þess að móta skynsamlegar reglur í þessu efni. Ráðherra hefur vald til þess að grípa inn í telji hann reglurnar ekki fullnægjandi vegna hagsmuna viðskiptamanna lögmanna, sbr. 4. mgr. þessarar greinar. Í 2. málsl. 2. mgr. er tilgreint að í samþykktunum skuli kveðið á um lágmark vátryggingafjárhæðar og hámark eigin áhættu. Gengið er út frá því að félagið setji sjálft reglur um önnur atriði starfsábyrgðartryggingarinnar sem nauðsynleg eru að mati félagsins. Vátryggingin og skilmálar hennar eru lögum samkvæmt háð eftirliti Tryggingaeftirlitsins.

Ekki þykir þörf á að leggja vátryggingaskyldu á alla félagsmenn. Þess vegna eru í 3. málsl. 2. mgr. undanskildir lögmenn sem starfa fyrir tiltekna vinnuveitendur, auk þess sem stjórn Lögmannafélagsins er í 4. málsl. veitt heimild til að undanskilja fleiri séu til þess gildar ástæður og viðkomandi hefur ekki opnað starfstofu. Með starfstofu er í frumvarpi þessu átt við starfsemi þar sem hefðbundin lögmannsstörf eru að minnsta kosti nokkur hluti þeirrar starfsemi sem þar er rekin. Í 5. málsl. 2. mgr. er lagt til að stjórn Lögmannafélagsins úrskurði um ágreiningsmál sem upp kunna að koma varðandi undanþáguákvæðið í 3. málsl. sömu málsgreinar.

Tilvísun 1. málsl. 2. mgr. til félagsmanna og starfsmanna þeirra ber að skýra rúmt þannig að hún nái ekki bara til eiginlegra starfsmanna heldur einnig til sjálfstæðra verktaka sem kynnu að starfa í skjóli lögmannsréttinda félagsmanns.

Þar sem rætt er um störf þeirra félagsmanna sem hafa opna starfstofu er átt við þau störf sem teljast til hefðbundinna lögmannsstarfa, hvort sem einkaréttur lögmanna nær til þeirra eða ekki.

Í 3. mgr. er lagt til að lögmönnum verði gert skylt að aðgreina peninga viðskiptamanna sinna frá eigin fjármunum. Enn fremur að fé viðskiptamanna skuli varðveitt á sérstökum bankareikningum, einum eða fleirum. Þannig á að vera unnt að staðreyna að innstæða á bankareikningi samsvari öllum þeim fjármunum sem lögmaður varðveitir fyrir hönd umbjóðenda sinna. Inneign viðskiptamanns á vörslufjárreikningi stæði utan skipta við gjaldþrotaskipti á búi lögmanns, sbr. 1. mgr. 109. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991.

4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í a-lið eru ákvæði um eftirlitsskyldu stjórnar Lögmannafélagsins. Í 1. málsl. er fjallað um hið almenna eftirlitshlutverk sem í gildandi lögum er að finna í upphafi 8. gr. Í 2. málsl. eru sérstök ákvæði um eftirlitshlutverk stjórnarinnar varðandi þau nýmæli sem lögð eru til í frumvarpi þessu og sérstök úrræði sem stjórn félagsins er veitt ef út af þeim er brugðið. Þar sem fjallað er um trúnaðarmann stjórnar félagsins er hafður í huga sérstakur trúnaðarendurskoðandi.

Í 4. mgr. 8. gr. gildandi laga segir að úrskurðir stjórnar Lögmannafélagsins samkvæmt greininni sæti kæru til Hæstaréttar. Samkvæmt gildandi lögum fer stjórnin þannig með dómsvald í þeim málum sem fjallað er um í 1. og 3. mgr. 8. gr. Hefur þetta fyrirkomulag sætt vaxandi gagnrýni á síðari árum. Hefur meðal annars verið á það bent að ekki sé hafið yfir vafa hvort þessi skipan samrýmist fyllilega ákvæðum 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Með niðurfellingu 4. mgr. 8. gr., sbr. b-lið þessarar greinar frumvarpsins, er stjórn Lögmannafélagsins þar með svipt dómsvaldi á fyrsta dómstigi í þessum málum. Eftir það væri heimilt að bera úrskurði stjórnarinnar skv. 8. gr. laganna undir dómstóla eftir almennum reglum.

Um 4. og 5. gr.

Gerð er tillaga um þá breytingu á 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. að það verði almennt skilyrði fyrir veitingu málflutningsleyfis að viðkomandi aðili hafi haft forræði á fé sínu undanfarin tvö ár. Ef bú lögmanns væri tekið til gjaldþrotaskipta gæti hann fyrst öðlast málflutningsleyfi að nýju að tveimur árum liðnum frá lokum skipta. Endurveiting leyfis yrði þá heimil dómsmálaráðherra að fenginni umsögn stjórnar Lögmannafélagsins, sbr. 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi nema að því leyti að í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að reglur um skyldu lögmanna til þess að kaupa starfsábyrgðartryggingu og varðveita fé umbjóðenda sinna á sérstökum vörslufjárreikningi skv. 2. og 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1995. Þykir sýnt að lögmenn þurfi nokkurn undirbúningstíma til að hrinda þessum nýmælum í framkvæmd og til þess að móta reglur um þessi atriði. Af bókhaldslegum ástæðum er gildistími þessara reglna miðaður við áramót.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um beyting á lögum um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir þeim breytingum á lögum um málflytjendur að þeim verði gert skylt að kaupa starfsábyrgðartryggingu og að þeir verði að geyma fjármuni skjólstæðinga á sérstökum vörslureikningum, aðskilda frá eigin fjármunum. Stjórn Lögmannafélags Íslands er lögð rík eftirlitsskylda á herðar til framfylgdar þessum og öðrum skyldum lögmanna.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarps þessa hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

693. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá samgönguráðherra.

4. tölul. 1. mgr. 33. gr. orðist svo: Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga eða sameiningu sveitarfélaga umfram það sem segir í 3. tölul.

694. Tillaga til þingsályktunar [462. mál]

um breytingu á merkingum þilfarsfiskiskipa.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að breyta reglugerð um merkingu skipa, nr. 550/1982, N-hluta, lið 2.3, en þar segir að þilfarsfiskiskip skuli vera merkt með skipaskrárnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum. Í fyrsta lagi verði sú breyting gerð á að í stað skipaskrárnúmera komi kallmerki skipsins og í öðru lagi verði hæð merkingarstafa á þilfarsskipum breytt með eftirfarandi hætti:

1. Ef skipslengd er á bilinu 15–20 m skal hæð stafa vera 50 cm.
2. Ef skipslengd er á bilinu 20–45 m skal hæð stafa vera 75 cm.
3. Ef skipslengd er 45 m eða lengri skal hæð stafa vera 100 cm.

Stafirnir verði settir á sérstök merkingarspjöld, svartir á lit á ljósum bakgrunni sem gefur endurskin.

Greinargerð.

Reglur um merkingu skipa í núverandi mynd hafa verið í gildi í rúm 11 ár. Þar er gerð krafa um að stærri skip séu auðkennd með umdæmisstöfum og tölum á bóg beggja megin ásamt nafni. Auk þess skulu þilfarsfiskiskip merkt með skipaskrárnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum skipsins.

Tveir helstu gallar núgildandi reglugerðar hvað varðar þilfarsfiskiskip eru að stærð stafa, sem mælt er fyrir um í 4. kafla hennar, er of lítil og að notast er við skipaskrárnúmer í stað kallmerkis. Sá merkingarháttur að merkja með skipaskrárnúmeri er séríslenskt fyrirbæri sem ekki þekkist erlendis. Hins vegar eru kallmerki skipa alþjóðlegt kerfi sem fletta má upp í, í alþjóðlegum skipaskráningarbókum. Með þeirri breytingu, sem orðið hefur á sókn íslenskra fiskiskipa, fjær landi og til fjarlægra miða, hlýtur sú krafa að koma fram frá erlendum aðilum sem sinna eftirliti á hafinu að íslensk fiskiskip verði merkt á þann hátt sem samræmist alþjóðlegum merkingum fiskiskipa. Hvað varðar stærð stafa hlýtur það að teljast ákveðinn öryggisþáttur að hafa slíkar merkingar afgerandi þannig að þær séu nokkuð auðlesnar, t.d. frá þyrlum, og þannig sé auðvelt að þekkja skipið þegar neyðarástand skapast. Staðsetning merkingarskilta á skipi yrði að taka mið af því hversu vel skiltin sæjust bæði frá sjó og úr lofti og því eðlilegt að efri brún spjalds hallaði um tíu gráður til að auðvelda aflestur úr flugvél.

Í núgildandi reglugerð um merkingu íslenskra fiskiskipa eru ákvæði þess efnis að ef skip eru minni en 30 brt (undir 20 m að lengd) skal hæð stafa vera 25 cm en á skipum stærri en 30 brt (yfir 20 m að lengd) skal hæð stafa vera 45 cm. Þar sem íslensk fiskiskip undir 30 brt hafa ekki kallmerki yrði sú skráningarskylda sem nú gildir að vera áfram við lýði fyrir hin smærri fiskiskip, enda ætti slíkt ekki að koma að sök, a.m.k. ekki vegna sóknar á fjarlæg mið.

Ætla má að einhvern aðlögunartíma þurfi fyrir útgerðir og siglingamálastofnun, sem og tilkynningarskyldu íslenskra skipa, ef og þegar þessi breyting nær fram að ganga, en þó ætti að vera óþarft að hafa hann meiri en eitt ár.

695. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá samgöngunefnd.

4. tölul. 1. mgr. 33. gr. orðist svo: Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki umfram það sem segir í 3. tölul. til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga og vegna hafnaframkvæmda þar sem sveitarfélög eru sameinuð, enda sé um tvær eða fleiri hafnir að ræða í hinu nýja sveitarfélagi.

696. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Inngangur.

Samkomulag hefur orðið hjá fjórum fulltrúum stjórnarflokkanna um þær breytingartillögur á frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem koma fram á þskj. 672. Ástæða þykir til að gera nánari grein fyrir þeim breytingum í sérstöku áliti, enda er sumt sem kemur fram í nefndaráliti 1. minni hluta ekki í samræmi við efni frumvarpsins.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og frumvarp ríkisstjórnarinnar bar með sér var það flutt í kjölfar dóms Hæstaréttar 20. janúar sl. í Hagkaupsmálinu svokallaða. Dómurinn staðfesti það sem utanríkisráðherra hefur haldið fram að búvörulögin feli ekki í sér sjálfstæða heimild til þess að banna innflutning. Þetta þýðir að innflutningur á landbúnaðarvörum hefur í raun verið frjáls að mestu frá því haustið 1992 þegar innflutnings- og gjaldeyrislöggjöfinni var breytt.

Samkomulag stjórnarflokkanna.

Samkomulag varð milli stjórnarflokkanna um að tryggja óbreytt ástand í innflutningi landbúnaðarvara til bráðabirgða fram að gildistöku nýs GATT-samnings sem tekur væntanlega gildi á næsta ári. Með breytingu á búvörulögunum í desember sl. hafði áður náðst samkomulag um að landbúnaðarráðherra væri heimilt að leggja verðjöfnunargjöld á innflutning landbúnaðarvara í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Jafnframt skyldi nefnd fulltrúa fimm ráðuneyta gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um breytingar á innflutningslöggjöfinni í samræmi við skuldbindingar GATT. Þetta er orðað svo í frumvarpi ríkisstjórnarinnar:

„Gildistaka Úrúgvæsamnings GATT leiðir m.a. til kerfisbreytinga í innflutningsmálum landbúnaðarins. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa nefnd með fulltrúum fimm ráðuneyta til að endurskoða í heild ákvæði innflutningslöggjafar í því skyni að tryggja að hún verði í samræmi við skuldbindingar GATT."

Landbúnaðarráðherra útskýrði þetta svo þegar hann kynnti frumvarpið:

„Við erum að tala um það að GATT-samningar gangi í gildi um næstu áramót, kannski á miðju næsta ári. Undirbúningur þeirrar löggjafar er auðvitað hafinn. Við erum þess vegna ekki með þessum lögum að skapa ástand sem á að vara til langs tíma heldur erum við að tala um skamman tíma."

Þessi orð landbúnaðarráðherra eru í samræmi við það sem hann sagði í desember sl. þegar hann kynnti búvörulagabreytinguna sem var gerð þá. Hann sagði m.a.:

„Þar eð ekki liggur endanlega fyrir hvaða lagabreytingar eru nauðsynlegar til að geta uppfyllt þær skuldbindingar sem felast í væntanlegum GATT-samningi var ákveðið að frekari endurskoðun á innflutningsákvæðum búvörulaganna eigi sér stað á árinu 1994 með hliðsjón af þeim samningi.

...

Það má vera að háttvirtir þingmenn kunni að gagnrýna að frumvarpið skuli ekki taka á þeim atriðum sem lúta að væntanlegum GATT-samningi. Skýringin er auðvitað sú að þeir samningar í einstökum atriðum liggja ekki endanlega fyrir enda þurfa þeir meiri undirbúning en svo að unnt hafi verið að setja saman fullnægjandi lagagreinar um þau efni fyrir jólin."

Síðar sagði hann við sama tækifæri:

„Það hefur verið mjög áberandi í þeim umræðum sem hér hafa farið fram að GATT hefur verið dregið inn í þær. Það kemur alveg skýrt fram í greinargerð með frumvarpinu og líka í framsöguræðu minni að þessu frumvarpi er ekki ætlað að taka til þeirra samninga heldur verður unnið að samningu nýs lagafrumvarps með fyllri ákvæðum og heimildum jafnóðum og það skýrist hvernig GATT-samningarnir munu vera í einstökum atriðum. Auðvitað hlýtur slíkt frumvarp að vera afgreitt samtímis GATT-samningunum á Alþingi."

Forsendur frumvarps ríkisstjórnarinnar.

Það frumvarp, sem ríkisstjórnin lagði fram, er byggt á framangreindum forsendum, þ.e. óbreyttu innflutningsbanni, verðjöfnunargjöldum í samræmi við milliríkjasamninga og skipun nefndar til þess að endurskoða innflutningslöggjöfina vegna nýrra GATT-samninga.

Breytingar formanns landbúnaðarnefndar.

Þær breytingar, sem formaður nefndarinnar, lagði upphaflega til gengu þvert á samkomulag stjórnarflokkanna. Þar má nefna sem dæmi að reynt var að miða gjaldaheimildir landbúnaðarráðherra við aðstæður eftir gildistöku GATT-Úrúgvæsamningsins sem á eftir að útfæra nánar; gjaldaheimildir skyldu miðast við GATT-hámarkstolla, þ.e. að lagðir skyldu á tollar auk verðjöfnunar; sett var inn í drögin ákvæði um 50% „jöfnunarálag"; reynt var að skilgreina hugtakið landbúnaðarvörur rúmt þótt samkomulag hafi orðið um að notast við upptalningu á tollskrárnúmerum. Loks var bætt inn nýjum hugtökum eins og „tilsvarandi vörum" sem einnig útvíkkuðu heimildir landbúnaðarráðherra til gjaldtöku af öllum hugsanlegum vörum sem gætu komið í stað landbúnaðarvara þótt þær innihéldu engin landbúnaðarhráefni.

Það eru að sjálfsögðu ekki eðlileg vinnubrögð hjá stjórnarþingmanni að leggja til breytingar á stjórnarfrumvarpi án þess að eiga samráð við þá aðila sem hlut eiga að máli. Því síður er eðlilegt að gera slíkar breytingartillögur án þess að tryggja að þær séu í samræmi við það samkomulag sem stjórnarflokkarnir gerðu sín á milli og að skoða þá fjölmörgu milliríkjasamninga sem málið varðaði.

Alþýðuflokkurinn lýsti sig hins vegar strax reiðubúinn að gera tæknilegar breytingar á frumvarpinu svo framarlega sem efni þess væri ekki breytt. Enda hefur hann ætíð verið reiðubúinn að standa við samkomulag sem hann hefur gert.

Sérfræðingavinna hefst.

Eftir að tillögur formanns nefndarinnar voru lagðar fram fóru sérfræðingar fjármálaráðuneytisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins yfir þær og í kjölfarið voru gerðar fjölmargar leiðréttingar. Kjartan Jóhannsson, sendiherra Íslands í Genf, var kallaður heim og sýndi hann fram á að þær væru í ósamræmi við GATT og

milliríkjasamninga Íslands. Hann gerði m.a. skýran greinarmun á verðjöfnunargjöldum annars vegar sem eru lögð á iðnaðarvörur til þess að jafna samkeppnisstöðu með tilliti til mismunandi verðs á landbúnaðarhráefnum og tollum hins vegar sem eru lagðir á almennan innflutning og má beita til þess að vernda innlenda framleiðslu.

Breytingar gerðar.

Hér skulu nefndar nokkrar þær breytingar sem voru gerðar á upphaflegum breytingartillögum formanns landbúnaðarnefndar eftir útskýringar sérfræðinganna:

1. Hugtakið „tilsvarandi vörur" var fellt niður.
2. Skilgreining á hugtakinu „landbúnaðarvörur" var felld niður.
3. Verðjöfnun á unnum vörum var látin miðast við hráefnisþáttinn.
4. Tekið var fram að verðjöfnunargjöld skyldu eingöngu lögð á vegna hráefna sem eru framleidd á Íslandi.
5. 50% jöfnunarálag var fellt niður.
6. Gjaldaheimildir upp að GATT-bindingum voru felldar niður og komið var í veg fyrir gjaldaálagningu upp fyrir innanlandsverð.
7. Viðaukanum var skipt í tvennt í samræmi við upphaflega tillögu Alþýðuflokksins og fjöldi vöruflokka var strikaður út.
8. Hugtakið „heimsmarkaðsverð" var skilgreint.
9. Landbúnaðarráðherra var gert skylt að birta viðmiðunarverð.
10. Kveðið var á um að álagning verðjöfnunargjalda skyldi vera í samræmi við skilmála milliríkjasamninga.

Sjá nánar upphaflegar breytingartillögur formanns landbúnaðarnefndar í fylgiskjali.

Niðurstaða.

Niðurstaðan í máli þessu er sú að upprunalegt samkomulag stjórnarflokkanna stendur óbreytt. Landbúnaðarráðherra er heimilt að stöðva innflutning landbúnaðarvara, sem hefur ekki verið leyfður hingað til, fram að gildistöku nýs GATT-samnings að svo miklu leyti sem milliríkjasamningar leyfa. Honum er heimilt að leggja verðjöfnunargjöld á þær vörur ef til innflutnings kemur fram að þeim tíma. Honum er einnig heimilt að leggja verðjöfnunargjöld á innflutning samkvæmt fríverslunarsamningum að svo miklu leyti sem þær vörur eru tilgreindar í viðaukum með frumvarpinu.

Mat á áhrifum frumvarpsins á vöruverð.

Þegar reynt er að meta áhrif frumvarpsins á vöruverð er rétt að gera greinarmun á því hvort verðjöfnunargjöld eru lögð á hreinar landbúnaðarvörur eða unnar/samsettar vörur.

Hreinar landbúnaðarvörur eru t.d. óunnið kjöt, mjólk, smjör og nýtt grænmeti. Frumvarpið heimilar að leggja gjöld á þessar vörur sem nemur mismuninum á heimsmarkaðsverði og innanlandsverði. Samkvæmt *núgildandi* GATT-samningi eru engin hámarksgjöld á framangreindum vörum þannig að þau geta verið mörg hundruð prósent, jafnvel mörg þúsund prósent, ef munurinn er nægilega mikill á milli heimsmarkaðsverðs og innanlandsverðs og heimildum er að fullu beitt. Með tilkomu *hins nýja GATT-samnings*, sem tekur gildi eftir áramót, er sett hámark á þessa tolla. Í prósentum talið geta þeir mest orðið 397% á kindakjöti, 538% á svínakjöti, 467% á kjúklingum, 586% á mjólk, 674% á smjöri, 445% á kartöflum, 240% á tómötum, 377% á gulrótum og 719% á selleríi, svo að dæmi séu tekin. Ef miðað er við krónutölu á kíló gætu þessar prósentutölur orðið enn hærri. Það er til marks um hversu ótæpilegar þessar hámarkstollaheimildir eru að hæstu

rauntollar á matvöru í núgildandi tollskrá eru 30%. Verður að vona að svo rúmar skattlagningarheimildir til handa ráðherra fái samrýmst þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar sem við eiga.

Ef fluttar eru inn unnar vörur eða samsettar vörur má leggja á þær verðjöfnunargjöld í hlutfalli við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra. Upphæð gjaldanna takmarkast við muninn á lægsta verði innan EES-svæðisins og innanlandsverði ef um er að ræða vörur sem falla undir bókun 3 við EES-samninginn. Sú bókun tekur væntanlega gildi um mitt þetta ár. Ef hinar unnu vörur falla ekki undir bókun 3 má hins vegar verðjafna allt niður í heimsmarkaðsverð viðkomandi hráefnis sem er jafnan lægra en lægsta EES-verð.

Af framangreindum dæmum sést að frumvarp þetta veitir landbúnaðarráðherra allverulegar heimildir til gjaldtöku á innfluttar landbúnaðarvörur og vörur unnar úr þeim. Nauðsynlegt er að marka stefnu á næstu vikum og mánuðum um *hvernig þessar heimildir verða nýttar*, enda er það sjálfsögð krafa af hálfu framleiðenda landbúnaðarvara að stjórnvöld kynni það með fyrirvara hvernig þessum málum verði háttað.

Framtíðarskipan eftir gildistöku nýs GATT-samnings.

Nefnd fimm ráðuneyta mun gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um útfærslu á ýmsum álitamálum sem koma upp við framkvæmd GATT-samningsins. Nefndin mun endurskoða innflutningslöggjöfina í heild, m.a. ákvæði búvörulaga og tollalaga. Í því sambandi verður m.a. að hafa í huga þau markmið GATT-samningsins að innflutningsgjöld verði að vera sýnileg, fastákveðin og fyrirsjáanleg.

Þau álitaefni eru bæði mörg og flókin sem verður að taka afstöðu til áður en innflutningur getur hafist samkvæmt þeim samningi, m.a. útdeilingar tollkvóta á grundvelli svokallaðs lágmarksmarkaðsaðgangs, óbreytts markaðsaðgangs o.fl. Þessi atriði munu hljóta nánari umfjöllun þegar GATT-Úrúgvæsamningurinn verður lagður fyrir Alþingi. Samningurinn hefur enn ekki verið undirritaður og er margt enn óljóst varðandi það hvernig hann verður framkvæmdur.

Nánar um efni frumvarpsins.

Skal nú farið nokkrum orðum um hvað felst í frumvarpinu eins og það lítur út miðað við breytingartillögur fjögurra fulltrúa stjórnarflokkanna. Neðangreindar athugasemdir byggjast að verulegu leyti á skýringum sérfræðinga fjármálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og utanríkisráðuneytis.

Breytingarnar, sem fjórir fulltrúar stjórnarflokkanna hafa orðið sammála um, miða að því að gera greinarmun á tveimur tegundum landbúnaðarvara, annars vegar svokölluðum bannlistavörum, í viðauka I, og hins vegar vörum sem ekki eru háðar innflutningsleyfum en heimilt er að verðjafna fyrir, í viðauka II.

Um 52. gr. Samkvæmt núgildandi 1. mgr. 72. gr. þarf ekki að leita álits Framleiðsluráðs landbúnaðarins varðandi innflutning samkvæmt milliríkjasamningum. Telja verður að nýtt orðalag 52. gr. breyti þessu ekki vegna heimildar landbúnaðarráðherra til þess að ákveða að innflutningur skuli tímabundið vera frjáls. Landbúnaðarráðherra gæti uppfyllt samningsskuldbindingar Íslands með því að ákveða í reglugerð að innflutningur samkvæmt fríverslunarsamningum skuli vera frjáls og þannig ekki háður umsögn Framleiðsluráðsins.

Um 4. mgr. 53. gr. Þetta ákvæði leiðir til hliðstæðrar niðurstöðu og að framan, þ.e. ekki þurfi meðmæli nefndar skv. 53. gr. til þess að uppfylla skuldbindingar milliríkjasamninga.

Tekið skal fram að þótt í orðalagi 52. og 53. gr. búvörulaga felist að landbúnaðarráðherra geti leyft innflutning á þar til greindum vörum verður að líta svo á að honum sé það skylt ef um er að ræða vörur sem heyra undir fríverslunarsamninga. Ákvæði 6. gr. tollalaga hafa verið skilin á sama veg. Þar segir að ráðherra sé heimilt að láta koma til framkvæmda ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum. Litið hefur verið svo á að honum sé skylt að fella niður tolla og að öðru leyti fara eftir milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Um 72. gr. Skýrt er tekið fram að heimild landbúnaðarráðherra til álagningar verðjöfnunargjalda er bundin við vörur í viðauka I og II. Heimildin takmarkast við að jafna megi samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara með tilliti til verðs á hráefnum sem þýðir að verðjöfnunargjöldin ættu ekki að leiða til þess að innflutningur verði dýrari en innlendar vörur.

Varðandi t.d. grænmeti gæti landbúnaðarráðherra lagt gjöld yfir sumarið á innflutta tómata sem mundu jafna verð þeirra og innanlandsverð, að teknu tilliti til 30% tolls sem nú er á grænmeti. Verðjöfnunargjöldin mættu ekki hækka verð tómatanna upp fyrir innanlandsverðið.

Heimildir landbúnaðarráðherra til þess að leggja á verðjöfnunargjöld ná ekki til allra vara í viðaukum I og II heldur eingöngu þeirra sem *jafnframt eru framleiddar hér á landi*. Þessa niðurstöðu leiðir einnig af hugtakinu „verðjöfnunargjöld“, en í því felst að jafna megi verðmun á innfluttum vörum sem jafnframt eru framleiddar innan lands. Ekki er því heimilt að beita verðjöfnunargjöldum á vörur sem eru ekki framleiddar hér á landi, t.d. erlendar grænmetistegundir. Ekki væri heldur eðlilegt að beita verðjöfnunargjöldum á grænmetistegundir sem hér eru framleiddar á þeim árstímum sem þær eru ekki á markaðnum. Ef um unnar eða samsettar vörur er að ræða mætti ekki beita verðjöfnunargjöldum á hráefni sem eru ekki framleidd hér á landi, t.d. jurtaolíur í smjörlíki.

Þær heimildir til handa landbúnaðarráðherra til álagningar verðjöfnunargjalda á unnar landbúnaðarvörur, sem falla undir fríverslunarsamninga og útfærðar eru í breytingartillögum fjögurra fulltrúa stjórnarflokkanna við frumvarp þetta, höfðu áður verið veittar fjármálaráðherra með breytingu á tollalögum, sbr. lög nr. 18/1993, þ.e. í 120. gr. A. Þessar sömu heimildir fjármálaráðherra eru nú felldar niður með því ákvæði sem verður 9. mgr. 72. gr. búvörulaga. Flokka má þetta undir lagalega snyrtimennsku. Á sama hátt hefði verið snyrtilegra að fella niður heimild landbúnaðarráðherra til þess að leggja jöfnunargjald á innfluttar kartöflur og vörur unnar úr þeim skv. d-lið 30. gr. búvörulaga vegna þess að með frumvarpinu yrði sú heimild orðin tvöföld. Væntanlega verður þessu atriði kippt í liðinn við næstu breytingu á búvörulögum.

Athugasemdir við nefndarálit 1. minni hluta.

Ástæða þykir til að gera nokkrar athugasemdir við álit 1. minni hluta þar sem ýmislegt sem þar kemur fram er ýmist byggt á misskilningi eða er ekki í samræmi við efni frumvarpsins. Við slíkar aðstæður er álitið til þess fallið að ala á réttaróvissu og gæti orðið hvati að óþarfa málshöfðunum.

Þrenging heimilda landbúnaðarráðherra.

Í nefndaráliti 1. minni hluta segir:

„Sú breyting, sem frumvarpið [ríkisstjórnarinnar] gerir ráð fyrir að verði á 52. gr. búvörulaganna frá því viðhorfi sem uppi var á Alþingi við setningu laga nr. 126/1993 í desember sl. varðandi heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum, yrði til að þrengja verðjöfnunargjaldaheimild landbúnaðarráðherra."

Hér er um misskilning að ræða. Við setningu laga nr. 126/1993 var gengið út frá því að landbúnaðarráðherra gæti lagt verðjöfnunargjöld á landbúnaðarvörur sem fluttar yrðu inn í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum. Ekki stóð til að hann legði á nein önnur gjöld vegna þess að ekki stóð til að opna fyrir innflutning á landbúnaðarvörum sem hafði ekki mátt flytja inn. Enda var 52. gr. búvörulaga ekki breytt, en hún kveður á um að innflutningur landbúnaðarvara skuli því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni innan lands.

Þær landbúnaðarvörur, sem mátti ekki flytja inn, voru skilgreindar í auglýsingu viðskiptaráðherra um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, nr. 313/1990, sem byggðist á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þessi sami vörulisti skilgreindi jafnframt hvaða vörur landbúnaðarráðherra mætti leggja á verðjöfnunargjöld ef til innflutnings hefði komið fyrir gildistöku nýja GATT-samningsins, þ.e. landbúnaðarráðherra hefði getað lagt verðjöfnunargjöld á þessar bannlistavörur og vörur sem fluttar voru inn samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamninga en engar aðrar.

Aldrei stóð til að veita landbúnaðarráðherra heimild til að leggja gjöld á allar landbúnaðarvörur og vörur unnar úr þeim, enda hefði slík ákvörðun kallað á mun meiri umfjöllun, skoðun á því hvort svo víðtækar skattlagningarheimildir stæðust stjórnarskrá, áhrif á vöruverð í landinu o.s.frv. Þess vegna er ekki rétt sem segir í áliti 1. minni hluta að það hafi verið „markmið setningar laga nr. 126/1993 í desember sl. að fela landbúnaðarráðherra að fara alfarið með álagningu verðjöfnunargjalda á innfluttar landbúnaðarvörur." Það er heldur ekki rétt að frumvarp ríkisstjórnarinnar hafi þrengt verðjöfnunargjaldaheimildir landbúnaðarráðherra. Mikil vinna var lögð í að tryggja að í viðaukanum við lögin yrðu allar þær vörur sem landbúnaðarráðherra mundi hugsanlega vilja leggja verðjöfnunargjöld á. Landbúnaðarráðherra hefur reyndar viðurkennt að listinn sé tæmandi.

Við þetta má bæta að stjórnarflokkarnir gerðu með sér pólitískt samkomulag sl. haust, þegar gengið var frá GATT-tilboði Íslands í landbúnaðarmálum, um að engin innflutningsgjöld yrðu lögð á innfluttar landbúnaðarvörur sem voru þá í frjálsum innflutningi.

Loks verður að hafa í huga í þessu sambandi að í nýja GATT-samningnum eru ákvæði sem er ætlað að tryggja óbreyttan markaðsaðgang („current access") miðað við tímabilið 1986–1988. Í þeim tilfellum þegar GATT-hámarkstollarnir hafa verið hækkaðir við það að innflutningstakmarkanir hafa verið umreiknaðar í tolla verður að heimila innflutning á sama magni og var á viðmiðunarárunum og á sömu kjörum og þá. T.d. ef flutt voru inn að meðaltali 10 tonn árlega af tómötum með 30% tolli á viðmiðunarárunum mættu innflutningsgjöld ekki fara upp fyrir það á fyrstu 10 tonnunum sem flutt eru inn árlega eftir gildistöku nýja GATT-samningsins.

Í nefndaráliti 1. minni hluta segir enn fremur að breytingartillögur hans feli „ekki í sér efnislega breytingu á því forræði landbúnaðarráðherra á verðjöfnunargjöldum á innfluttar landbúnaðarvörur sem á var byggt við breytingu á búvörulögunum í desember sl." Þetta er einnig rangt með vísan til þess sem að framan segir. Einnig skal bent á að bætt hefur verið vörum í viðauka II sem hafa verið í frjálsum innflutningi hingað til og ekki falla undir fríverslunarsamninga.

Heimilar GATT innflutningsbann?

Nefndarálit 1. minni hluta vísar til c-liðar 2. mgr. 11. gr. GATT sem heimilar innflutningstakmarkanir í vissum tilvikum. Orðalag greinarinnar er fremur torskilið, en hugsunin er í stuttu máli þessi:

Í fyrsta lagi er ekki heimilt að takmarka innflutning nema einnig séu takmarkanir á innlendri framleiðslu. Þessi regla er nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir notkun magnkvóta í venjulegum verndartilgangi. Í öðru lagi verður innlenda framleiðslan að vera takmörkuð að svipuðu marki og innflutningurinn. Þetta skilyrði, sem tengist fyrra skilyrðinu, er nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir að lönd beiti innflutningstakmörkunum til þess að auka innlenda framleiðslu með því að skera niður innflutning. Loks verður að tilkynna með opinberum hætti hvaða innflutningur verður leyfður og það ríki sem beitir takmörkuninni verður að eiga samráð við önnur aðildarríki sem kvarta yfir því að takmörkunin uppfylli ekki þau skilyrði sem lýst er að framan. (The Geneva Charter for an International Trade Organization, Dep't of State Pub. No. 2950, bls. 6 (1947).)

Þetta þýðir að núgildandi GATT-samningur setur ströng skilyrði fyrir því að beita megi innflutningstakmörkunum á landbúnaðarvörur. Ísland var undanþegið þessari samningsskuldbindingu með ákvæði í bókun um aðild sína að GATT (svokölluðu „afaákvæði" eða „grandfather clause"). Þar segir að Ísland skuli beita II. hluta samningsins (þar á meðal framangreindri 11. gr.) að svo miklu leyti sem hann er ekki í ósamræmi við lagaákvæði í gildi við dagsetningu bókunarinnar (þ.e. 30. júní 1967). Á þeim tíma var innflutningur á flestum landbúnaðarvörum bannaður með reglugerð nr. 3/1967, sbr. lög nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála.

Framangreind undanþága féll niður 23. nóvember 1992 með gildistöku laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992. Þau felldu úr gildi lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 63/1979, sem komu í stað fyrrnefndra laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Ekki er heimilt samkvæmt GATT að endurvekja innflutningstakmarkanir sem hafa verið felldar niður.

Samkvæmt þessu er eingöngu heimilt samkvæmt núgildandi GATT-samningi að takmarka innflutning á landbúnaðarvörum sem eru háðar framleiðslustýringu, þ.e. hrárri mjólk og kindakjöti. Ekki er heimilt að takmarka innflutning á öðrum mjólkurvörum en mjólk eða öðru kjöti en kindakjöti. Fjölmargir GATT-úrskurðir hafa fallið sem skýra þetta nánar. Nægir að nefnda deilu Bandaríkjanna við Kanada varðandi innflutningstakmarkanir á ís og jógúrt. GATT-panelúrskurður féll í málinu í október 1989. Málið snerist um það að Kanada beitti innflutningstakmörkunum á jógúrt og ís. Kanada bar m.a. fyrir sig að takmarkanirnar réttlættust af 2. mgr. 11. gr. GATT vegna þess að framleiðslustýring væri á mjólk. Kanada hélt því fram að innflutningur á ís og jógúrt drægi úr neyslu á innlendum ís og jógúrt. Þar með skapaðist hætta á offramleiðslu á mjólk sem torveldaði framleiðslustýringu hennar. Kanada taldi að jógúrt og ís væri í raun mjólk í öðru formi. Framleiðslustýring á mjólk feli þar með í sér einnig framleiðslustýringu á jógúrt og ís. Þessu hafnaði GATT-panellinn sem taldi að jógúrt og ís væru hvorki tilsvarandi vörur eða

vörur sem geti beint komið í staðinn fyrir kanadíska mjólk í skilningi 11. gr. GATT. Innflutningstakmarkanir Kanada á ís og jógúrt voru því taldar samningsbrot.

Framangreindur úrskurður hefur beina þýðingu fyrir aðstæður hér á landi. Hann staðfestir það að landbúnaðarráðherra væri óheimilt að takmarka innflutning á öðrum landbúnaðarvörum en mjólk og kindakjöti. Annað væri brot á núverandi skuldbindingum GATT.

Alþýðuflokkurinn hefði kosið að fara aðra leið að sama marki sem ekki bryti í bága við núgildandi GATT-samning. Sú leið er fær að hækka tolla hæfilega mikið til bráðabirgða á þeim vörum sem hafa verið bannaðar hingað til fram að gildistöku nýja GATT-samningsins. Flestar þessar vörur eru ekki háðar GATT-hámarkstollum. Ekki náðist hins vegar samkomulag um að beita þessari aðferð heldur varð niðurstaðan að stöðva innflutninginn til bráðabirgða með leyfisveitingarvaldi til handa landbúnaðarráðherra.

Alþýðuflokkurinn benti á að þessi aðferð skapaði í raun fleiri vandamál en hún leysti. Taka má sem dæmi kjúklingasendinguna sem nú stendur á hafnarbakkanum í Reykjavík. Kanadamenn hafa spurst fyrir um þetta mál á fundi í Genf nýlega þegar viðskiptastefna Íslands gagnvart GATT-samningnum var í fyrsta sinn til skoðunar. Íslensk stjórnvöld fullyrtu að sendingin yrði afgreidd þegar viðeigandi heilbrigðisvottorð hefðu verið lögð fram. Þau héldu því ekki fram að innflutningsbann væri fyrir hendi, enda hefur það verið afnumið. Spyrja má hvernig Kanadamenn bregðist við ef landbúnaðarráðherra beitir þeim heimildum sem hann fær með því frumvarpi sem nú er lagt fram til þess að stöðva þennan innflutning. Lítil von er til þess að Kanadamenn láti þetta mál gleymast, enda hafa þeir nú sent viðskiptafulltrúa sinn í Ósló til Íslands til þess að spyrjast fyrir um gang málsins.

Ísland flutti út sjávarafurðir fyrir 150 millj. kr. til Kanada árið 1992, landbúnaðarvörur fyrir 9 millj. kr. og iðnaðarvörur fyrir 140 millj. kr. Kanada er okkar tuttugasti mikilvægasti útflutningsmarkaður þannig að það gæti reynst dýrkeypt ef ekki verður staðið við GATT-samninginn í þessu tilfelli. Það er ekki síður mikilvægt að stilla gjaldtöku í hóf á útflutningsvörum Kanada til Íslands eins og frönskum kartöflum, sem nú eru 90%, ef það getur orðið til þess að auðvelda útflutning á verðmætri vöru eins og á tölvuvogum frá fyrirtækinu Marel. Sem kunnugt er hafði landbúnaðarráðherra notað heimildir í 30. gr. búvörulaga sem heimilar gjaldtöku á kartöflur upp að 200% til þess að leggja 120% gjald m.a. á franskar kartöflur. Gjaldtaka þessi var í andstöðu við núverandi GATT-samningsskuldbindingar og voru því lækkaðar í 90% eftir kvörtun frá Kanada. Þetta dæmi sýnir hversu varhugavert það er að atvinnuvegaráðuneytin sjálf fari með innflutningsgjöld á vörur sem falla undir þeirra svið. Enginn skyldi dæma í eigin sök.

Tekið skal fram að það heyrir til undantekningartilfella að landbúnaðarráðuneytin fari með verðjöfnunargjaldaheimildir í nágrannalöndunum. Að vísu er það svo í Noregi og Svíþjóð, en í Sviss er það utanríkisviðskiptaráðuneytið. Í flestum öðrum löndum eru það fjármálaráðuneytin, m.a. í Austurríki, Finnlandi og, fram til þessa, á Íslandi.

Það að færa atvinnuvegaráðuneytunum innflutningsgjaldaheimildir býður tvöfaldri hættu heim, að hagsmunum í utanríkisviðskiptum verði stefnt í hættu og að hagsmunir neytenda verði fyrir borð bornir. Mun skynsamlegra er að slíkar heimildir séu á annarri hendi, t.d. hjá því ráðuneyti sem fer með útflutningsmál. Þannig væri best tryggt að haftasjónarmiðum verði haldið í skefjum og að útflutningshagsmunir verði settir öðrum framar, enda er aukinn útflutningur eina vonin til þess að bæta lífskjör á Íslandi á næstu árum.

Takmörkun á innflutningsvaldi Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Með breytingartillögum fjögurra fulltrúa stjórnarflokkanna er lagt til að vald Framleiðsluráðs landbúnaðarins til þess að stöðva matvælainnflutning til landsins á vörum, sem innlend framleiðsla fullnægir eftirspurn á, skuli afnumið (vald Framleiðsluráðs er bundið því skilyrði að önnur lög en búvörulög banni innflutning á landbúnaðarvörum, sbr. dóminn í Hagkaupsmálinu sem áður er nefndur). Í staðinn fái Framleiðsluráð umsagnarrétt um innflutning tilgreindra landbúnaðarvara. Sérstök ástæða er til þess að fagna þessari niðurstöðu því að hún er í samræmi við þá stefnu sem Bjarni Benediktsson barðist fyrir í þessu máli árið 1956. Í frumvarpi til laga nr. 40/1956 stóð að leita þyrfti „samþykkis" Framleiðsluráðs fyrir innflutningi landbúnaðarvara. Því var breytt í meðförum þingsins í að leita skyldi „álits og tillagna Framleiðsluráðs". Um þetta sagði Bjarni Benediktsson, þáverandi dómsmálaráðherra, m.a.:

„En í ljós kom, að það synjunarvald á innflutningi og útflutningi allra landbúnaðarafurða, einnig annarra en grænmetisafurða, sem í frumvarpsgreininni er fengið þeirri stofnun, sem hér um ræðir, er algerlega nýtt. Slík heimild hefur ekki áður verið í lögum, og ég og nokkrir fleiri þingmenn deildarinnar vorum ákveðnir í því, að ef þessu ákvæði fengist ekki breytt, þá mundum við ekki treysta okkur til þess að fylgja frumvarpinu. Nú hefur málum svo skipast, að landbúnaðarnefnd með þessa vitneskju í huga hefur orðið sammála um að færa greinina í það horf, sem ég tel aðgengilegt, að Framleiðsluráð hafi hér umsagnarrétt. Það er mjög eðlilegt, að fulltrúar bændanna eigi rétt á því að láta uppi sitt álit um þetta. *Hitt gat ekki komið til mála, að fela þeim úrslitaákvörðunarvaldið í svo víðtæku málefni.*"

Eins og kunnugt er urðu sjónarmið Bjarna Benediktssonar undir árið 1985 þegar núverandi ákvæði um vald Framleiðsluráðs landbúnaðarins var sett í búvörulög.

Umfang gjaldaheimilda landbúnaðarráðherra.

Í nefndaráliti 1. minni hluta er ítrekað að við samþykkt búvörulagabreytingarinnar í desember sl. hafi verið gengið út frá því að landbúnaðarráðherra fengi vald til að leggja verðjöfnunargjöld á allar landbúnaðarvörur. Jafnframt segir að ekkert hámark hafi verið sett á þessar skattlagningarheimildir. Þetta er rangt með vísan til þess sem fyrr segir um þetta mál. Með nefndarálitinu er gefið í skyn að greinargerðir, nefndarálit og þingræður skipti nánast ekki máli varðandi túlkun laga nr. 126/1993 og eru það nýstárlegar lögfræðikenningar. Orðrétt segir: „Var við það miðað að landbúnaðarráðherra fengi með þeim lögum vald til að leggja verðjöfnunargjöld á allar innfluttar landbúnaðarvörur. Deilan um hvort lög nr. 126/1993 hafi átt að ná til Úrúgvæsamnings GATT hefur ekki snúist um þetta atriði, heldur hvort ákvæði laganna um ákvörðun um fjárhæð gjaldanna hafi einnig átt að ná til þeirra sérstöku heimilda sem veittar verða með hinum væntanlega GATT-samningi vegna umreiknings innflutningstakmarkana yfir í heimildir til álagningar gjalda á innfluttar landbúnaðarvörur. Hvað sem líður ummælum í greinargerðum, nefndarálitum og í þingræðum við afgreiðslu þeirra laga er ljóst að texti laga nr. 126/1993 takmarkar ekki heimild landbúnaðarráðherra að þessu leyti." Þessi fullyrðing stenst ekki. Gjaldaheimildir landbúnaðarráðherra eru skýrt afmarkaðar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Alþingi hefur samþykkt alla þessa samninga. Ekki stóð til að beita verðjöfnunarheimildum fram að gildistöku GATT varðandi aðrar landbúnaðarvörur, en ef á

það hefði reynt takmörkuðust gjöldin við „verðjöfnunargjöld til að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara í samræmi við 3. mgr. 72. gr.“. Skattlagningarheimildir ber ætíð að túlka þröngt. Í þessu orðalagi felst að ekki er heimilt að leggja gjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem mundi gera þær dýrari en innlendar.

Ef fullum gjaldaheimildum væri beitt samkvæmt nýja GATT-samningnum væri einmitt hætta á því að innlenda framleiðslan nyti verndar vegna þess að nýju GATT-hámarkstollarnir taka mið af 6–9 ára gömlu verði, þ.e. þegar innflutningsverndin var meiri en hún er nú.

Tilsvarandi vörur.

Í nefndaráliti 1. minni hluta segir:

„Við val á vörum, sem taldar eru upp í viðaukunum, hefur verið fylgt því sjónarmiði að um sé að ræða samkeppnisvörur íslensks landbúnaðar hvort sem viðkomandi landbúnaðarhráefni er framleitt hér á landi eða ekki. Er þá byggt á mati á því í hvaða tilvikum íslenskur landbúnaður þarfnist samkeppnisjöfnunar af því tagi sem verðjöfnunargjöld geta veitt.“

Framangreind lýsing er í senn röng og villandi. Hún er röng vegna þess að vörurnar, sem eru í viðaukum I og II, miðast ekki sérstaklega við samkeppnisvörur íslensks landbúnaðar. Þar eru fyrst og fremst bannlistavörur, þ.e. vörur sem bannaður var innflutningur á, og vissar unnar/samsettar vörur sem fríverslunarsamningar heimila að lögð verði verðjöfnunargjöld á, fyrst og fremst vörur sem innihalda kjöt, egg, ost, mjólkurduft, mjólkurfitu eða kartöflur. Þetta eru hráefnin sem hingað til hefur verið verðjafnað fyrir og koma fram í bókun 3 við EES-samninginn. Ekki hefur staðið til að fjölga þeim hráefnistegundum sem verðjafnað hefur verið fyrir hingað til. Annað væri brot á pólitísku samkomulagi stjórnarflokkanna sem áður er lýst.

Framangreind lýsing 1. minni hluta er enn fremur villandi vegna þess að samkvæmt frumvarpinu er eingöngu hægt að verðjafna fyrir landbúnaðarhráefni sem *jafnframt eru framleidd hér á landi*. Skýrt er tekið fram í 1. mgr. 72. gr. að þetta sé eitt skilyrði verðjöfnunar. Þar að auki væri ekki um verðjöfnun að ræða nema viðkomandi hráefni væri framleitt hér á landi heldur *verndartolla* á samkeppnisvörur. Aldrei hefur staðið til að veita slíkar heimildir.

Undirverð.

Í tölul. 2.4 í 3. mgr. 72. gr. segir að komi í ljós að framleiðendur vöru eigi kost á að kaupa hráefni á lægra verði en birtu viðmiðunarverði í að minnsta kosti þrjá mánuði sé ráðherra heimilt að ákveða tímabundið að miða við það verð. Þetta ákvæði verður ekki túlkað öðruvísi en svo að ef innflutningur á sér stað á lægra verði en heimsmarkaðsverði megi ekki breyta viðmiðunarverðinu til samræmis fyrr en eftir þrjá mánuði, að því tilskildu að innflutningurinn haldi áfram undir skráðu heimsmarkaðsverði. Ekki er nægilegt, eins og kemur fram í áliti 1. minni hluta, að talið sé fyrirsjáanlegt að innflutningur haldi áfram á undirverði í þrjá mánuði og megi þess vegna breyta viðmiðunarverði strax.

Heimildir eftir gildistöku nýs GATT-samnings.

Formaður landbúnaðarnefndar telur að heimildir til álagningar verðjöfnunargjalda eigi að haldast eftir gildistöku GATT-Úrúgvæsamningsins. Með öllu er óvíst að þetta gangi upp. Upplýsingar liggja ekki fyrir um það að hve miklu leyti megi beita breytilegum gjöldum eftir gildistöku nýs GATT-samnings. Svo virðist sem heimilt verði að beita verðjöfnunargjöldum á unnar vörur sem innihalda landbúnaðarhráefni innan fríverslunarsamninga, en ekki liggur fyrir hvort beita megi breytilegum gjöldum á hreinar landbúnaðarvörur almennt eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Að þessu leyti er óheppilegt að ekki náðist samkomulag um að gera skýran greinarmun þar á milli eins og eðlilegt hefði verið, þ.e. annars vegar á eiginlegum verðjöfnunargjöldum sem leggjast á framleiðsluvörur sem innihalda landbúnaðarhráefni og hins vegar á breytilegum tollum sem leggjast á hreinar landbúnaðarvörur. Ástæðan er sú að heldur óheppilegt orðalag var notað í lagabreytingunni sem var gerð á búvörulögum sl. desember og var talið rétt að halda því.

Ekki liggur heldur ljóst fyrir hvort þær rúmu gjaldaheimildir, sem landbúnaðarráðherra er fengið með frumvarpi þessu, standist ákvæði stjórnarskrárinnar, *einkum ef þeim er beitt eftir gildistöku hins nýja GATT-samnings*. Ekki er ólíklegt að heimildin til álagningar verðjöfnunargjalda á landbúnaðarhráefni í unnum/samsettum vörum sé innan leyfilegra marka, enda oftast um tiltölulega litlar fjárhæðir að ræða, t.d. þau gjöld sem leggjast á 10% kjötinnihald í pítsum. Þegar beita á þessum sömu verðjöfnunargjöldum á hreinar landbúnaðarvörur gegnir hins vegar öðru máli. Ef gjöldin eru tiltölulega lág, t.d. innan hæstu marka samkvæmt núgildandi tollskrá, sem eru 30% á matvæli, gæti það verið í lagi. En verðjöfnunargjaldaheimildir frumvarpsins hlaupa á mörgum hundruðum prósenta og geta farið yfir 1.000%. Spurning er hvort svo rúmt framsal á skattlagningarvaldi standist stjórnarskrána.

Væntanlega mun ekki á þetta reyna þar sem þessi skipan er ætluð til bráðabirgða og nefnd skipuð fulltrúum fimm ráðuneyta mun hafa það verkefni hvernig málum verði tryggilega fyrir komið eftir gildistöku GATT-Úrúgvæsamningsins á næsta ári.

Benda má á eftirfarandi hæstaréttardóma í þessu sambandi:

Í svokölluðu kjarnfóðurgjaldsmáli (Hrd. 1985:1544) var deilt um lögmæti álagningar innflutningsgjalds af erlendu kjarnfóðri og reyndi þar m.a. á 40. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.“ Í dóminum segir m.a.:

„Kjarnfóðurgjald þetta verður að teljast skattur í skilningi 40. gr. stjórnarskrárinnar. Með því að ákveða skattlagningarprósentuna svo háa sem raun er á, allt að 200% af innkaupsverði vörunnar, en heimila jafnframt endurgreiðslu gjaldsins að hluta „eftir reglum sem Framleiðsluráð ákveður“ var skattlagningarvaldið í reynd hjá Framleiðsluráði. Slíkt framsal skattlagningarvalds Alþingis til óæðra stjórnvalds, sem þar að auki er skipað með þeim hætti, sem lýst er í héraðsdómi [fulltrúum Stéttarsambands bænda], brýtur í bága við 40 gr. stjórnarskrárinnar.“

Í svokölluðum búnaðarmálasjóðsdómi (Hrd. 1986:1361) var deilt um lögmæti álagningar búnaðarmálasjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 34/1948. Gjaldið var ákveðið ½% með reglugerð. Í dóminum segir m.a.:

„Við lokafrágang frumvarpsins hefur ákvæðið um skattaprósentuna sjálfa fallið niður. Geta lögin í þeirri mynd ekki verið grundvöllur heimtu gjalds þess í búnaðarmálasjóð sem krafist er lögtaks fyrir í máli þessu.“

Loks má nefna dóm Hæstaréttar í svokölluðu þungaskattsmáli (Hrd. 1986:462). Deilt var um hvort framsal til ráðherra á skattlagningarvaldi bryti í bága við 40. gr. stjórnarskrárinnar. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.:

„Ákvæði reglugerðanna um gjaldstiga „kílómetragjaldsins" eru af stefnda talin hafa stoð í 7. gr. laga nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, 3. gr. Í lagagrein þessari er ráðherra veitt heimild til að ákveða með reglugerð, að ökumæla skuli setja í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en bensín og greiða skuli sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt mælum þessum í stað árlegs þungaskatts. Ekki er að finna í lögunum ákvæði er takmarki heimild ráðherra til ákvörðunar á gjaldastigunum eða breytinga á þeim. Fallast ber á það með áfrýjanda að jafnvíðtækt framsal löggjafans á skattlagningarvaldi og hér um ræðir brjóti í bága við 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944 og skatttakan því eigi gild að lögum."

Hugsanlega má lesa út úr þessum dómum að þegar skattlagningarvald er framselt til ráðherra verði að tilgreina hámark, t.d. í prósentum. Jafnvel þótt ákveðin prósenta sé tilgreind geta verið takmörk fyrir því hversu há hún megi vera, t.d. getur verið álitamál hvort 1.000% yrði talið of hátt.

Í því frumvarpi, sem nú liggur fyrir, er hámark verðjöfnunargjaldanna skilgreint sem mismunur á tilteknu innanlandsverði og erlendu viðmiðunarverði. Að vísu er reynt að afmarka skattlagningarheimildina með því að skilgreina þetta verð en á hitt ber að líta að það verð getur verið mismunandi fyrir sömu vörutegund. Í annan stað er m.a. miðað við verð skv. IV. kafla búvörulaga. Það verð er ákveðið af verðlagsnefnd búvara, sem er skipuð sex mönnum, og fimmmannanefnd sem ákveður heildsöluverð búvara. Sú spurning vaknar hvort skattlagningarvaldið sé þar með í raun framselt þessum nefndum og gæti það verið brot á stjórnarskránni, sbr. áðurgreinda dóma.

Samantekt.

Þau atriði, sem ekki verður fallist á í nefndaráliti 1. minni hluta, eru í meginatriðum eftirfarandi:

1. Frumvarp ríkisstjórnarinnar þrengdi ekki heimildir landbúnaðarráðherra til álagningar verðjöfnunargjalda frá því sem var ákveðið með búvörulagabreytingunni í desember sl. Þvert á móti voru þær heimildir heldur auknar.
2. Aldrei hefur staðið til að veita landbúnaðarráðherra heimild til að leggja gjöld á allar landbúnaðarvörur og vörur unnar úr þeim.
3. Ekki er rétt að breytingartillögur fjögurra fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna feli ekki í sér efnislega breytingu á því forræði landbúnaðarráðherra á verðjöfnunargjöldum á innfluttum landbúnaðarvörum sem var byggt á við breytingu á búvörulögunum sl. desember. Þær eru nokkuð útvíkkaðar miðað við þau lög, en þrengdar miðað við skilning formanns landbúnaðarnefndar.
4. Það er á misskilningi byggt að núgildandi GATT-samningur heimili innflutningstakmarkanir á öðrum vörum en hrámjólk og kindakjöti.
5. Það er rangt að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar hafi ekki falist hámark á verðjöfnunargjaldaheimildum landbúnaðarráðherra.
6. Álit 1. minni hluta er villandi að svo miklu leyti sem gefið er í skyn að með frumvarpinu sé veitt heimild til að leggja gjöld á landbúnaðarvörur eða landbúnaðarhráefni sem ekki er framleitt hér á landi.

7. Það er rangt að frumvarpið heimili að miða verðjöfnunargjöld við innflutningsverð sem eru undir skráðu heimsmarkaðsverði áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því að slíkur innflutningur fyrst átti sér stað.
8. Það er með öllu óvíst hvort verðjöfnunargjaldaheimildir frumvarpsins standist nýja GATT-samninginn.

Lokaorð.

Telja verður miður að á sama tíma og önnur lönd eru að færa sig frá miðstýringu í landbúnaði, sem Evrópusambandið er mikið gagnrýnt fyrir og gengur í berhögg við anda nýja GATT-samningsins, er verið að taka upp á Íslandi hliðstætt kerfi og Evrópusambandið notar. Einnig verður að harma með hvaða hætti þessi ákvörðun er tekin. Heppilegra hefði verið að taka ákvörðun um skipan þessara mála í kjölfar ítarlegrar þjóðfélagsumræðu og að vandlega athuguðu máli, í samráði við alla hagmunaaðila. Það kerfi sem nú er verið að boða er bæði flókið og dýrt í rekstri. Það hlýtur að kalla á mikla yfirbyggingu og fjölgun starfsmanna í landbúnaðarráðuneytinu.

Alþingi, 4. mars 1994.

Gísli S. Einarsson.

Fylgiskjal.

Upphafleg breytingartillaga EgJ við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   52. gr. orðist svo:
   Innflutningur á þeim vörum, sem tilgreindar eru í viðauka með lögum þessum og flokkast í þar til greind tollskrárnúmer, er óheimill nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra. Ráðherra getur í reglugerð, sem hann setur um nánari framkvæmd leyfisveitinga, ákveðið að innflutningur þessara vara skuli tímabundið vera frjáls.
   Viðauki með lögum þessum skal hafa lagagildi. Verði gerðar breytingar á flokkun vara í tollskrárnúmerum samkvæmt honum skal innflutningur á vörum í þeim undirflokkum, sem þannig verða til, einnig vera háður leyfi landbúnaðarráðherra.
   Áður en ákvarðanir eru teknar um innflutning samkvæmt þessari grein skal leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
2. Við frumvarpið bætist ný grein, 2. gr., svohljóðandi, en 2. gr. þess verði 4. gr.:
   4. mgr. 53. gr. orðist svo:
   Ráðherra getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar heimilað innflutning á þeim vörum, sem greinin tekur til, í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

3. Við frumvarpið bætist ný grein, 3. gr., svohljóðandi:
   72. gr. orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra er heimilt til að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur, enda séu þær vörur eða tilsvarandi vörur framleiddar hér á landi. Verðjöfnun á unnum samsettum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra. Með landbúnaðarvörum í grein þessari er átt við (ath. nánar).
   Verðjöfnunargjöld samkvæmt þessari grein skulu innheimt af tollverði við tollafgreiðslu og renna í ríkissjóð.
   Fjárhæð verðjöfnunargjalds má að hámarki vera mismunur annars vegar á innlendu verði vörunnar, sem ákveðið er samkvæmt IV. kafla laga þessara, en annars í samræmi við reglur 6. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjöld, og hins vegar heimsmarkaðsverði viðkomandi vöru sem lagt er til grundvallar við framkvæmd þeirra fríverslunar- og milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að, en taki samningar þessir ekki til hinnar innfluttu vöru skal hið erlenda viðmiðunarverð ákveðið eftir hliðstæðum reglum og gilda samkvæmt áðurgreindum fríverslunar- og milliríkjasamningum. Jafnan skal miða við verð vöru á sama sölustigi. Verðjöfnunargjöld má leggja á sem krónutölu á magneiningu eða sem hlutfallslegt gjald.
   Landbúnaðarráðherra er heimilt í samræmi við milliríkja- eða fríverslunarsamninga, sem Ísland er aðili að, að leggja á innfluttar landbúnaðarvörur og unnar vörur, sem innihald á landbúnaðarhráefni, sérstakt verðjöfnunarálag umfram þá heimild, sem leiðir af 3. mgr., og mega þau vera allt að 50% ofan á gjöld skv. 3. mgr.
   Ráðherra ákveður álagningu gjalda samkvæmt þessari grein í reglugerð. Við ákvörðun verðjöfnunargjalda skal ráðherra hafa sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna. Skal einn skipaður án tilnefningar, annar af fjármálaráðherra og hinn þriðji af viðskiptaráðherra. Nefndin skal afla upplýsinga um verð sem álagning gjaldanna miðist við en jafnframt tryggja nauðsynlegt samráð milli ráðuneyta þannig að þess sé gætt að samanlögð álagning innflutningsgjalda sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda.
   Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum um ákvörðun tollverðs, vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd verðjöfnunargjalda, refsingar og aðra framkvæmd varðandi verðjöfnunargjöld skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum.
   Heimild landbúnaðarráðherra samkvæmt þessari grein skal koma í stað heimildar fjármálaráðherra skv. 120. gr. A í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, að því er varðar þær vörur sem grein þessi tekur til.

Kostur A:

1. mgr. 72. gr. orðist svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt til að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur, enda séu þær vörur eða tilsvarandi vörur framleiddar hér á landi. Verðjöfnun á unnum samsettum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra. Með landbúnaðarvörum í grein þessari er átt við vörur sem falla undir kafla 1–2, 4, 6–7, 15–16, 19 til og með 21 og 23 auk undirliðar 2002.90 úr kafla 22 í tollskrá.

Kostur B:

1. mgr. 72. gr. orðist svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt til að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara að leggja verðjöfnunargjöld á:

a) Vörur, sem hann heimilar innflutning á samkvæmt ákvæðum þessara laga.
b) Innfluttar unnar, samsettar vörur, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi og innihalda hráefni úr landbúnaðarvörum sem leyfi landbúnaðarráðherra þarf til að flytja inn skv. 52. og 53. gr. laga þessara. Ákvæði þetta tekur einnig til tilsvarandi vara og hráefna. Verðjöfnun á unnum samsettum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra.

697. Fyrirspurn [463. mál]

til samgönguráðherra um jöfnun á símkostnaði.

Frá Karen Erlu Erlingsdóttur.

Eru áform uppi um að jafna til fullnustu símkostnað landsmanna í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar verða á símanúmerakerfinu um mitt ár 1995?

698. Fyrirspurn [464. mál]

til fjármálaráðherra um leiðréttingu á virðisaukaskatti.

Frá Karen Erlu Erlingsdóttur.

Hvenær og með hvaða hætti hyggst ráðherra nýta sér heimild í lögum nr. 122/1993 til að leiðrétta innskatt vegna fjárfestingar á árunum 1990–1992 í fasteignum og búnaði í gistirými sem notað er til skattskyldrar starfsemi eftir 1. janúar 1994?

699. Fyrirspurn [465. mál]

til samgönguráðherra um aukna vetrarþjónustu í snjómokstri.

Frá Karen Erlu Erlingsdóttur.

Eru uppi áform um að auka vetrarþjónustu í snjómokstri með það fyrir augum að opið verði alla daga vikunnar milli byggðarlaga?

700. Svar [423. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ólafs Þ. Þórðarsonar um skilgreiningu á heimili manna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig skilgreinir dómsmálaráðuneytið hugtakið „heimili manns“:

a. þegar um lóð með einbýlishúsi og bílskúr er að ræða,

b. þegar um fjölbýlishús er að ræða,

c. þegar um ábúð á jörð er að ræða?

Hér mun átt við hugtakið heimili eins og það kemur fyrir í 66. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit né kyrrsetja bréf eða önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild.“

Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir baksviði þessa ákvæðis.

Grundvallarviðhorf stjórnarskrárgjafans kemur fram í 1. málsl. 66. gr. stjórnarskrárinnar, en síðari málsliður hefur raunhæfari þýðingu því að þar eru reistar skorður við því með hvaða hætti framkvæmdarvaldið megi raska friðhelginni.

Almenna reglan er sú að sérstaka lagaheimild þurfi til húsleitar, eins og er t.d. að finna í tollalögum, lögum um virðisaukaskatt, o.fl. eða þá að dómsúrskurð þurfi til húsleitar þegar um rannsókn sakamála er að ræða. Frá reglunni um dómsúrskurð eru þó þýðingarmiklar undantekningar.

Verður því lýst nánar hér á eftir hvaða heimildir er að finna í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, til húsleitar. Er þar fyrst til að taka 89. gr. en þar segir að heimilt sé að leita í húsum sakbornings, geymslustöðum, hirslum, skipum og öðrum farartækjum í því skyni að handtaka hann, rannsaka ummerki brots eða hafa uppi á munum eða gögnum sem hald skal leggja á.

Þá má leita hjá öðrum mönnum en sökuðum þegar brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn. Einnig ef gildar ástæður eru til að ætla að sakborningur haldi sig þar eða þar sé að finna muni eða gögn sem hald skal leggja á.

Samkvæmt 90. gr. sömu laga skal leit ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana. Rannsóknari má þó leita án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Leita má án úrskurðar að manni sem handtaka skal ef honum er veitt eftirför eða hætta er á að hann komi sér undan ef beðið er dómsúrskurðar.

Samkvæmt 91. gr. sömu laga má leita ef þörf þykir í húsakynnum þar sem lausungarlýður og brotamenn venja komur sínar þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 89. og 90. gr.

Í 2. mgr. 94. gr. sömu laga segir að húsráðanda eða umráðamanni staðar þar sem leit fer fram skal kynnt heimild til húsleitar og veittur kostur á að vera viðstaddur húsleit ef unnt er en ef hann er fjarri skulu heimilismenn til kvaddir. Þeim má víkja brott af leitarstað trufli þeir eða hindri leitina.

Í 3. mgr. sömu greinar segir að við leit skuli gæta þeirrar varfærni og hlífðar sem samræmist markmiði hennar. Ekki skal gera húsleit að næturþeli nema mjög brýn nauðsyn sé á og sakarefni stórfellt.

Þá segir í 96. gr. sömu laga að haldast skuli sérákvæði í lögum um húsleit og líkamsleit, svo og um líkamsrannsóknir.

Spurning getur verið hvað átt sé við með orðinu húsleit. Ef það væri skilið í samræmi við upphaf 66. gr. stjórnarskrárinnar mundi það einungis eiga við leit í íbúðarhúsum. Samt hefur greinin ekki verið skilin og túlkuð á þann veg. Manni getur verið jafnmikill bagi að leit sem fram fer í skrifstofu hans, verslunarhúsnæði, verkstæði, fjáhúsum, verkfærageymslum, bílskúr og öðrum slíkum húsakynnum eins og að leit sem fer fram í húsnæði því sem hann býr í. Þess vegna er talið að húsleit taki til alls þessa. Sama máli gegnir um skip, bifreiðar svo og flugvélar. Almennt er beiðst sérstakrar heimildar í dómsúrskurði ef leita þarf í lokuðum hirslum, hvort heldur er innan húss eða utan húss.

Að lokinni þessari almennu greinargerð um húsleit og heimild til hennar þykir rétt að svara þeim spurningum sem í fyrirspurninni felast. Rétt er þó að taka fram að þar sem um tvo skýringarkosti er að ræða skal jafnan velja þann kost sem minnst skerðir friðhelgi heimilisins.

a. Almennt er talið að hugtakið heimili í 66. gr. stjórnarskrárinnar taki til allra vistarvera og rýmis í einbýlishúsi svo og bílskúrs er því fylgir.
b. Þegar um fjölbýlishús er að ræða tekur hugtakið til íbúðar manns og einskakra herbergja sem henni fylgja þótt þau séu annars staðar í húsinu, t.d. stök íbúðarherbergi eða geymslur í kjallara eða risi, svo og sameiginlegs rýmis, t.d. þvottahúss, kyndiklefa, hjólageymslu, svo og ganga ef því er að skipta.
c. Ábúandi á jörð telst umráðamaður jarðar, sem hann hefur fengið ábúð á, og nýtur hann fullrar friðhelgi á þeirri jörð sem eigandi væri.

Almennt verður líka að telja að ekki sé gert ráð fyrir að úrlausnar dómara sé þörf til leitar utan húss, jafnvel þótt á lóðum eða landareign manna sé.

701. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá 3. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Þriðji minni hluti landbúnaðarnefndar leggur áherslu á að það er algjörlega óviðunandi fyrir íslenskan landbúnað að búa við það óvissuástand varðandi framtíð sína sem nú ríkir. Allt frá síðasta vori hafa staðið yfir stöðugar deilur innan ríkisstjórnarinnar um innflutningsmál búvara. Þær hafa meira að segja gengið svo langt að einstakir ráðherrar hafa hvatt fyrirtæki til þess að fara í mál við ríkisstjórnina til þess að hnekkja ákvörðunum

annarra ráðherra. Hjá öllu þessu hefði verið hægt að komast ef breytingartillaga landbúnaðarnefndar frá því í fyrravor hefði verið samþykkt (sjá fskj. I og II). En ljóst var að fyrir henni var mikill meiri hluti á Alþingi. Forsætisráðherra kaus hins vegar að slíta þingi áður en kom til atkvæðagreiðslu um málið.

Það var síðan ekki fyrr en tveimur dögum fyrir jólaleyfi þingmanna sem ríkisstjórnin lagði fram frumvarp til breytinga á búvörulögunum til þess að taka á innflutningsmálunum. Það frumvarp byggði á málamiðlun stjórnarflokkanna þess efnis að það tæki eingöngu á innflutningsheimildum vegna EES og annarra viðskiptasamninga sem Íslendingar hafa gert fram að þessu. Ákvæði um það hvernig við beittum tollaígildum samkvæmt GATT ættu hins vegar að bíða og var það mál sett í nefnd fimm ráðuneyta sem áttu að starfa undir forustu forsætisráðuneytisins. Þetta samkomulag fæst staðfest með því að lesa ræður landbúnaðar- og utanríkisráðherra við umræður um málið (sjá fskj. III). Við meðferð málsins mátti ekki breyta stafkrók frá frumvarpinu og var það keyrt í gegn óbreytt, enda kom í ljós að eftir að búið var að samþykkja lögin mátti túlka þau út og suður og meira að segja óljóst að þau stæðust stjórnarskrána. Þar var einnig lögfest að ríkisstjórnin skyldi ræða saman um málið og mun það vera afar fátítt í íslenskri löggjöf.

Það kom síðan í ljós með dómi Hæstaréttar í „skinkumálinu" að löggjöfin frá því í desember hélt ekki. Þá hófst enn á ný deila milli stjórnarflokkanna um málið. Á endanum var þó lagt fram frumvarp sem þá þegar var ljóst að þarfnaðist mikilla breytinga. Þær breytingar voru tvíþættar, annars vegar tæknilegar þar sem ljóst var að margt í frumvarpinu orkaði tvímælis hvað það snerti, m.a. spurningin um það hvort viðaukar við lagafrumvarp hafi sjálfstætt lagagildi. Landbúnaðarnefnd kallaði því til liðs við sig þrjá virta lögfræðinga. Þeim var falið að gera nauðsynlegar tæknilegar breytingar á frumvarpinu auk þess að setja inn í lagatextann ákvæði sem tryggðu að hægt væri að framfylgja ákvæðum GATT-samkomulagsins eftir þeim lögum sem samþykkt yrðu.

Lögfræðingarnir lögðu fyrir nefndina drög að breytingartillögum og nefndaráliti þar sem greinilega kemur fram að ætlunin var að breytingarnar tækju einnig til GATT (fskj. IV). Þessar tillögur voru síðan unnar frekar og á þeirri útfærslu byggir breytingartillaga 3. minni hluta. Þar var eins og áður segir kveðið enn fastar á um að þessi breyting á lögum gæti staðist eftir að Úrúgvælota GATT kæmi til framkvæmda.

Það er skemmst frá því að segja að Alþýðuflokkurinn taldi samþykkt málsins í þessu formi stjórnarslitamál. Sjálfstæðisflokkurinn varð því að bakka og galt þar samkomulagsins frá því í desember þar sem stjórnarflokkarnir sömdu um að úrlausn GATT-málsins yrði látin bíða og að áfram ríkti sú óvissa varðandi það mál sem verið hefur. Enda eru stjórnarflokkarnir nú þegar farnir að túlka málið á mismunandi hátt.

Þriðji minni hluti getur því ekki stutt þær breytingartillögur sem formaður nefndarinnar kynnti sem endanlegar í vinnu málsins. Þar eru öll ákvæði sem varða GATT tekin út og auk þess er heimild landbúnaðarráðherra til verðjöfnunar samkvæmt viðaukunum gerð óljósari og býður það upp á stöðugan ágreining um málið.

Þriðji minni hluti leggur áherslu á að samkvæmt þeirri tillögu, sem hann leggur fram, er ekki verið að leggja til nýjar og auknar álögur á innflutning sem nú þegar á sér stað. Hann bendir í því sambandi á að innlendar búvörur hafa lækkað í verði á síðustu árum langt umfram verðlagsþróun. Þriðji minni hluti leggur áherslu á að hér er fyrst og fremst verið að búa til stjórntæki fyrir landbúnaðinn til þess að vinna eftir á miklum breytingatímum. Ríkisstjórnin hefur sýnt að hún er algjörlega ófær um að taka á þessu máli og er það til stórtjóns fyrir íslenskan landbúnað og um leið íslenskt þjóðfélag.

Þriðji minni hluti leggur fram sem sínar tillögur nr. tvö sem lögfræðilegir ráðunautar nefndarinnar sömdu. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar lýstu því yfir þegar þær komu fram að þeir gætu eftir atvikum sætt sig við frumvarpið að þessum breytingum gerðum. Þær eru að vísu nokkuð langt frá þeim almennu heimildum til handa landbúnaðarráðherra til að leggja á verðjöfnunargjöld sem lagðar voru til á síðasta vori. Þriðji minni hluti telur engu að síður að frumvarpið í þessari mynd gæti verið málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða og stuðlað að sátt um að búa landbúnaðinum viðunandi starfsskilyrði við þær miklu breytingar sem eru fram undan.

Þriðji minni hluti er samþykkur og mun styðja 1. og 2. breytingartillögu 1. minni hluta en 1. breytingartillagan felst í því að lagt er til að forræði landbúnaðarráðherra yfir innflutningi sé orðað á almennan hátt þannig að greinin geti staðið óbreytt eftir þær miklu breytingar sem verða með gildistöku Úrúgvælotu GATT viðræðnanna. Jafnframt styður 3. minni hluti tillögur 1. minni hluta um viðauka I og II við frumvarpið.

Þriðji minni hluti leggur fram breytingartillögu við 72. gr. laganna (ný grein í frumvarpinu) þar sem gerð er tilraun til þess að skilgreina hvaða vörur landbúnaðarráðherra getur lagt á jöfnunargjöld til viðbótar þeim sem getið er í viðauka I í 52. gr. Það er gert með viðauka II við 72. gr. Með þessu er gerð tilraun til þess að lista endanlega upp hvaða vörur teljast landbúnaðarvörur samkvæmt frumvarpi þessu. Þá er einnig lögð til sú breyting við greinina að getið er um hvaða viðmiðanir á að nota við verðjöfnun, bæði innlendar og erlendar. Þar eru meðal annars nefnd þau viðmiðunarverð sem notuð voru við umreikning innflutningstakmarkana samkvæmt ákvæðum hins almennna samkomulags um tolla og viðskipti (GATT) og bókunum og viðaukum við það. Þar með eru tekin af öll tvímæli um það að eftir þessa breytingu er hægt að beita tollígildum samkvæmt GATT eftir þessum lögum.

Þá leggur 3. minni hluti til að úr 72. gr. sé fellt ákvæði um hvernig samstarfsnefnd um álagningu jöfnunargjalda eigi að vinna og ákvæði um málsmeðferð í ríkisstjórn ef nefndin nær ekki samkomulagi. Þriðji minni hluti telur hins vegar eðlilegt að til staðar sé samstarfsnefnd landbúnaðar-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta um málið og að hún sé ráðherra til ráðuneytis enda skerðir það ekkert forræði landbúnaðarráðherra yfir málinu.

Alþingi, 9. mars 1994.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Kristín Ástgeirsdóttir.

Guðni Ágústsson.

Nefndarálitinu fylgdu fjögur fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum, eins og það var lagt fram sem 504. mál 116. löggjafarþings. Um það vísast til þskj. 856 á bls. 4705–4706 í A-deild Alþt. 1992–93. Á fskj. II var prentuð breytingartillaga við sama frumvarp frá meiri hluta landbúnaðarnefndar og vísast um hana til þskj. 1125 á bls. 5692 í A-deild Alþt. 1992–93.

Á fskj. III var birt framsöguræða landbúnaðarráðherra um stjórnarfrumvarp um framleiðslu og sölu á búvörum, 298. mál 116. löggjafarþings, og vísast um hana í d. 3151–3153 í B-deild Alþt. 1993. Einnig var birt í því fylgiskjali ræða utanríkisráðherra við 2. umræðu um sama mál og vísast um hana í d. 3438–3441 í B-deild Alþt. 1993.

Á fskj. IV var birt „upphafleg breytingartillaga Egils Jónssonar við frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum“ í landbúnaðarnefnd. Þetta skjal var einnig birt í nefndaráliti 2. minni hluta landbúnaðarnefndar og vísast um hana til þskj. 696.

702. Breytingartillaga [341. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá 3. minni hluta landbúnaðarnefndar (JGS, SJS, KÁ, GÁ).

Við bætist ný grein, svohljóðandi:

72. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt, til að þess jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í viðauka I og II með lögum þessum. Verðjöfnun á unnum og/eða samsettum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra.

Verðjöfnunargjöld samkvæmt þessari grein skulu innheimt við tollafgreiðslu og renna í ríkissjóð.

Fjárhæð verðjöfnunargjalds má að hámarki vera mismunur annars vegar á innlendu verði hráefnis sem ákveðið er skv. 1. tölul. og hins vegar erlendu viðmiðunarverði sem ákveðið er skv. 2. tölul.:

1. Innlent verð skal ákveðið í eftirfarandi röð:
   1.1. Umsamið innlent viðmiðunarverð í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og bókunum við þá og tekur til hlutaðeigandi innflutnings.
   1.2. Samkvæmt IV. kafla laga þessara ef verð er ákveðið og birt í samræmi við þær reglur.
   1.3. Í samræmi við reglur 6. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald.
2. Erlent viðmiðunarverð skal ákveðið þannig eftir því sem við á um hlutaðeigandi innflutning:
   2.1. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar samkvæmt verðjöfnunarákvæðum í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.
   2.2. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar samkvæmt bókun 2 við samning milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.
   2.3. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar í verðjöfnunarákvæðum í öðrum fríverslunarsamningum en skv. 2.1 og 2.2 sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.
   2.4. Útreikningsverð sem lagt var til grundvallar við umreikning innflutningstakmarkana samkvæmt ákvæðum hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (GATT) og bókunum og viðbótum við það.

2.5. Heimsmarkaðsverð sem ákvarðað er á grundvelli birtra upplýsinga frá fríverslunarsamtökum og efnahagsbandalögum eða því verði sem framleiðendur vöru eiga kost á að kaupa hráefni á.

Landbúnaðarráðherra skal jafnan við ákvörðun verðjöfnunargjalds birta í reglugerð það innlenda og erlenda viðmiðunarverð sem notað er við ákvörðun gjaldsins.

Jafnan skal miða við verð á sama sölustigi nema annað leiði af ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga. Verðjöfnunargjöld má leggja á sem krónutölu á magneiningu eða sem hlutfallslegt gjald.

Ráðherra ákveður álagningu gjalda samkvæmt þessari grein í reglugerð. Álagning verðjöfnunargjalds skal vera í samræmi við þá skilmála sem kveðið er á um í fríverslunar- og milliríkjasamningum og takmarkast hverju sinni af því að verðjöfnunargjald að viðbættum innflutningsgjöldum sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Við ákvörðun verðjöfnunargjalda skal ráðherra hafa sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna. Skal einn skipaður án tilnefningar, annar af fjármálaráðherra og hinn þriðji af viðskiptaráðherra.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd verðjöfnunargjalda, refsingar og aðra framkvæmd varðandi verðjöfnunargjöld skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Heimild landbúnaðarráðherra samkvæmt þessari grein skal koma í stað heimildar fjármálaráðherra skv. 120. gr. A í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, að því er varðar þær vörur sem grein þessi tekur til.

703. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá 4. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Fyrir landbúnaðarnefnd hefur legið frumvarp frá ríkisstjórninni um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Yfirlýst markmið með þessu frumvarpi hefur verið að koma innflutningsmálum landbúnaðarins í það horf að ekki komi til nýr dómur Hæstaréttar eins og sá er féll í máli Hagkaupa hf. gegn landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra. Þar sem flestum nefndarmönnum leist ekki of vel á tillögur ríkisstjórnarinnar eftir atburði síðustu mánaða beitti formaður landbúnaðarnefndar sér fyrir að mál þetta yrði skoðað ofan í kjölinn. Til þess að færa hugmyndir í lagabúning naut landbúnaðarnefnd aðstoðar lögfræðinganna Gunnlaugs Claessens ríkislögmanns og hæstaréttarlögmannanna Tryggva Gunnarssonar og Sveins Snorrasonar. Þeir kynntu síðan fyrir nefndinni drög að breytingartillögum sem miðuðu að eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að færa fulla heimild til landbúnaðarráðherra til að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem væru framleiddar hér á landi eða vörur tilsvarandi þeim til þess að jafna samkeppnisaðstöðu innlendra og innfluttra landbúnaðarvara.

Í öðru lagi að landbúnaðarráðherra væri heimilt að leggja á verðjöfnunargjöld að því marki sem fríverslunar- og milliríkjasamningar heimila.

Eftir að fyrstu drög voru kynnt og þar til að þau fengu á sig endanlegan búning hafa orðið breytingar á þeim sem víkja frá upphaflegu markmiði sem gerir það að verkum að ekki er unnt að fallast á frumvarpið ásamt þeim breytingartillögum sem liggja fyrir af hálfu annarra fulltrúa stjórnarflokkanna.

Í fyrsta lagi er landbúnaðarráðherra ekki gert mögulegt að jafna samkeppnisstöðu landbúnaðarins að þeim mörkum sem leyft verður samkvæmt framlögðu tilboði Íslands í GATT-Úrúgvæ samningunum.

Í öðru lagi er þrengt að því á hvaða landbúnaðarvörur landbúnaðarráðherra er heimilt að leggja verðjöfnunargjöld með því að binda það við upptalningu vara eftir tollalista. Enn fremur er sú heimild skert með því að takmarka álagningu á verðjöfnunargjöldum við að varan skuli jafnframt vera framleidd hér á landi. Þessi ákvæði kalla á endalausan ágreining því að möguleikar til að jafna samkeppnisstöðu íslenskra bænda eru undir því komnir hvernig skilgreina ber hvað heitið „landbúnaðarvara“ felur í sér. Markmið þessarar lagasetningar var að eyða öllum vafa um framkvæmd laganna en hér eru á ný sett inn vafaatriði sem hafa munu grundvallarþýðingu og halda deilunum áfram. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika að fyrir 4. minni hluta vakir ekki að fara eigi að leggja ný gjöld á matvöru sem flutt hefur verið inn. Hins vegar þarf að tryggja að gætt sé fyllstu sjúkdómavarna og að milljarðaniðurgreiddar landbúnaðarvörur frá EB flæði ekki hömlulaust inn í landið. Á þessum erfiðu tímum eigum við ekki að flytja vinnuna út úr landinu.

Í þriðja lagi er sett inn ákvæði um hvernig erlent viðmiðunarverð skuli fundið sem eru eingöngu til þess fallin að fjarlægja framkvæmdina frá því að landbúnaðinum verði tryggð samkeppnisjöfnun. Inn eru sett ákvæði um að miða skuli við birt heimsmarkaðsverð af Evrópusambandinu eða fríverslunarsamtökum. Til að unnt sé að taka mið af öðru verði, þar sem verð er lægra, þarf sá kostur að vera fyrir hendi í þrjá mánuði eða lengur. Þetta gerir það að verkum að landbúnaðurinn stendur berskjaldaður fyrir tilfallandi undirboðum vegna offramleiðslu sem standa í skamman tíma en eru mjög algeng einkum fyrir ferskar vörur með lítið geymsluþol. Hér er því enn m.a. vegið að garðyrkjunni í landinu.

Þau þrjú atriði, sem talin hafa verið upp, gera það óaðgengilegt að samþykkja umræddar breytingartillögur.

Að lokum ítrekar 4. minni hluti þá sérstöðu sína að vera á móti EES og hrópa ekki húrra fyrir GATT.

En ef til vill getum við Íslendingar lifað með þessu hvorttveggja. Alger forsenda þess er þó sú að af Íslands hálfu sé á hverjum tíma farið með samningsmálin með þeim hætti að munað sé eftir því **hvað íslenskt er.** Hingað til hefur þess ekki verið gætt og það hefur komið fram hjá undirrituðum áður að hann treystir ekki núverandi utanríkisráðherra til að fara með þessi mál. Til staðfestu þessum orðum og sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti er grein sem undirritaður skrifaði í Morgunblaðið 13. nóvember sl. undir heitinu: „Innflutningsárátta utanríkisráðherra". Enn fremur er í fylgiskjali vitnað til minnispunkta garðyrkjubænda nú í mars um EES og GATT.

Alþingi, 9. mars 1994.

Eggert Haukdal.

Fylgiskjal I.

Úr minnispunktum um EES og GATT frá stjórn garðyrkjubænda.
(Mars 1994.)

EES

2. Birgðasöfnun.

Hvernig er hægt að tryggja að vörur sem fluttar eru inn samkvæmt „Cohesion-lista" séu ekki til sölu hér lengi eftir að innflutningur hefur verið bannaður samkvæmt listanum? Nellikur er t.d. hægt að geyma í nokkrar vikur.

3. Upprunavottorð.

Ef verðmæti einstakrar sendingar er undir 500.000 kr. þá er hún undanþegin því að upprunavottorð fylgi.

4. Magntakmarkanir.

Möguleikar á magntakmörkunum í lok opnunartímabila falla niður á vörum „Cohesion-listans" með tilkomu GATT.

GATT

3. Verðjöfnunargjöld eftir árstímum.

Nauðsynlegt er að safna saman magntölum um innlenda framleiðslu og innflutning eftir árstímum þannig að unnt sé að meta hvort mæla skuli með breytilegum verðjöfnunargjöldum eftir árstímum. Breytileiki í verði garðyrkjuafurða er mikill bæði hérlendis og erlendis eftir árstíma.

Vandamál er hvernig unnt er að láta eitt tolla- eða verðjöfnunartímabil taka við af öðru í GATT þar sem sumt grænmeti og blóm geymast vikum og mánuðum saman og hvernig er þá hægt að stjórna því að ekki verði safnað upp birgðum áður en næsta tímabil hefst?

4. Undirboð erlendis.

Hafi landbúnaðarvara fengist á lægra verði erlendis en birt viðmiðunarverð í a.m.k. þrjá mánuði er heimilt að miða tímabundið við það verð sem sérstaklega ákvarðað viðmiðunarverð. Þrír mánuðir eru heilt uppskerutímabil í garðyrkju og svo lágt verð erlendis í svo langan tíma án nauðsynlegra jöfnunargjalda getur haft miklar afleiðingar á markaði hér.

Nefndarálitinu fylgdu tvö fylgiskjöl.

Á fskj. II var birt grein eftir Eggert Haukdal, „Innflutningsárátta utanríkisráðherra". Um greinina vísast til Morgunblaðsins frá 17. nóvember 1993.

704. Fyrirspurn [466. mál]

til menntamálaráðherra um Safnahúsið.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hver er fyrirhuguð nýting Safnahússins við Hverfisgötu eftir að Þjóðarbókhlaðan hefur verið tekin í notkun?

705. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Um nokkurt skeið hefur verið uppi ágreiningur um uppsetningu fjárlaga og fjáraukalaga. Hefur sá ágreiningur verið milli fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar og einnig milli einstakra þingmanna. Fjárlagafrumvörp hafa verið lögð fram á greiðslugrunni en ekki rekstrargrunni. Við gerð fjáraukalaga hefur síðan verið tilhneiging til að taka inn ýmsar skuldbindingar sem ekki eru komnar til greiðslu en þó ekki allar. Af því leiðir að verið er að blanda saman tveimur aðferðum, þ.e. greiðslugrunni sem á að sýna inngreiðslur og útgreiðslur úr ríkissjóði og rekstrargrunni sem til viðbótar greiðslum sýnir einnig ýmsar skuldbindingar ríkisins.

Við afgreiðslu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sem var þriðja frumvarp sinnar tegundar það ár og til þess gert að stemma af lokatölur fjárlaga, var tekinn inn nýr liður í 3. gr., Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, 1.458.283 þús. kr. Hækkaði við það gjaldahlið frumvarpsins sem þessu nam. Í nefndaráliti fjárlaganefndar með frumvarpinu segir um það:

„Tillaga þessi á rætur að rekja til laga nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, en samkvæmt þeim var Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins lagður niður. Í ákvæðum til bráðabirgða í lögunum er kveðið á um að ríkissjóður skuli taka við skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Meðal skulda, sem ríkissjóður yfirtók, var yfirdráttur á hlaupareikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 1.458.283 þús. kr. Þann 1. nóvember 1990 undirritaði þáverandi fjármálaráðherra skuldabréf til handa Seðlabanka Íslands að sömu fjárhæð til greiðslu á skuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá bankanum."

Þar var því verið að taka inn í fjáraukalagafrumvarp skuldbindingar ríkissjóðs í formi undirritaðs skuldabréfs. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar gerðu athugasemd við þessa málsmeðferð í nefndinni og í umræðum en stóðu þó að sameiginlegu nefndaráliti með fyrirvara. Ekki var ágreiningur um að upphæðin hlyti að koma inn í ríkisreikning en setja þyrfti skýrari reglur áður en hægt væri að taka einstakar skuldbindingar inn í fjáraukalög.

Hér er verið að afgreiða annað fjáraukalagafrumvarpið fyrir árið 1991. Fyrra frumvarpið var samþykkt með lögum nr. 75/1991. Þar var einnig gerð breyting á 3. gr. til hækkunar um 700 millj. kr. vegna skuldbindingar í fasteignakaupum. Í nefndaráliti fjárlaganefndar segir þar um afstöðu minni hlutans:

„Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni telja álitamál hvort á að færa skuldbindingar ríkissjóðs vegna fasteignakaupa sérstaklega með þeim hætti sem hér er lagt til, enda eru þessi uppgjörsmál ríkissjóðs í nánari athugun og hafa þeir því um það sérstakan fyrirvara."

Nú ber svo við að við afgreiðslu þessa síðara fjáraukalagafrumvarps fellst meiri hluti nefndarinnar ekki á röksemdir Ríkisendurskoðunar fyrir því að taka inn skuldbindingar sem orðið hafa til með sama hætti og þær sem hér er vísað til, þ.e. með undirritun skuldabréfa fyrir hönd ríkissjóðs. Hér er um að ræða eftirfarandi atriði:

1. Lántökur Hafnabótasjóðs til framkvæmda við Sandgerðishöfn, 275 millj. kr.
2. Yfirtaka lána Byggðastofnunar, 1,2 milljarðar kr.
3. Niðurfelling lána Hitaveitu og Rafveitu Seyðisfjarðar, 100 millj. kr.

Undirritaðir nefndarmenn telja að hér gæti misræmis í uppsetningu fjáraukalaga þar sem ýmist er verið að taka inn skuldbindingar ríkissjóðs eða ekki og virðist faglegt mat ekki ráða þar för.

Óumdeildar og skýrar reglur verða að gilda um uppsetningu fjárlaga og fjáraukalaga. Ríkisreikningsnefnd hefur ekki enn skilað tillögum um breytingar á gerð fjárlaga og ríkisreiknings þrátt fyrir mikið starf.

Samkvæmt framansögðu kýs minni hlutinn að sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar hlýtur að taka ábyrgð á misvísandi vinnubrögðum sínum.

Alþingi, 10. mars 1994.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, frsm. Guðmundur Bjarnason. Jón Kristjánsson.

Guðrún Helgadóttir. Margrét Frímannsdóttir.

706. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992, sbr. lög nr. 118/1992.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp þetta er annað fjáraukalagafrumvarpið fyrir árið 1992 sem lagt er fyrir Alþingi til samþykktar á umframgreiðslum úr ríkissjóði frá heimildum fjárlaga 1992. Alþingi samþykkti fyrri fjáraukalög í desember 1992, lög nr. 118/1992, sem fólu í sér auknar greiðsluheimildir. Þar var gert ráð fyrir að halli fjárlaga 1992 yrði alls 10,058 milljarðar kr. Með þessu frumvarpi er sótt um endanlegar greiðsluheimildir ríkissjóðs á árinu 1992.

Það kemur í ljós í þessu frumvarpi að það frumvarp til fjáraukalaga 1992, sem samþykkt var í desember 1992, er talsvert langt frá raunveruleikanum. Þannig eru greiðslur nú tæpum 2,5 milljörðum kr. lægri en lög nr. 118/1992 gerðu ráð fyrir og tekjur, sem höfðu verið lækkaðar um 2,4 milljarða kr. með þeim sömu lögum, eru nú hækkaðar um 400 millj. kr. Rekstrarhalli ríkissjóðs var því aukinn með fyrri fjáraukalögum 1992 um tæpa 6 milljarða kr. en er nú lækkaður aftur um tæpa 3 milljarða kr. Er það vægast sagt lítt traustvekjandi að svo miklu geti munað á fjáraukalögum sem samþykkt eru í desember 1992 og raunverulegu uppgjöri nokkrum dögum síðar.

Minni hlutinn telur að með þessu frumvarpi sé það staðfest að ríkisstjórnin hefur engan veginn náð þeim markmiðum sem hún setti sér við gerð fjárlaga 1992. Halli ríkissjóðs árið 1992 tvöfaldast frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Minni hlutinn vísar til nefndarálits síns með fyrra fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 1992 á þskj. 407 á 116. löggjafarþingi því til staðfestingar.

Enn er uppi sama staða og var um afgreiðslu fjáraukalaga 1991, þ.e. hvernig færa skuli skuldbindingar ríkissjóðs fyrir árið 1992. Ríkisreikningsnefnd, sem hefur á síðustu missirum verið að endurskoða lög um ríkisbókhald og gerð fjárlaga, hefur ekki enn skilað áliti þegar þetta er ritað.

Samkvæmt framansögðu mun minni hlutinn sitja hjá við lokaafgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 10. mars 1994.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, frsm. Guðmundur Bjarnason. Guðrún Helgadóttir.

Margrét Frímannsdóttir. Jón Kristjánsson.

707. Lög [456. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 686.

708. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992, sbr. lög nr. 118/1992.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1992 til athugunar. Frumvarp þetta er annað fjáraukalagafrumvarpið sem lagt er fyrir Alþingi til samþykktar á umframgreiðslum úr ríkissjóði frá heimildum fjárlaga 1992. Alþingi samþykkti í desembermánuði 1992 fjáraukalög, nr. 118/1992, en þau fólu í sér auknar greiðsluheimildir frá fjárlögum 1992 um tæpa 3 milljarða króna. Með frumvarpi þessu er sótt um heimildir til endanlegs greiðsluuppgjörs A-hluta ríkissjóðs á árinu 1992.

Í fjáraukalögum fyrir árið 1993 er heimild til að flytja milli ára fjárveitingar til viðhalds- og stofnkostnaðar og enn fremur í nokkrum tilvikum rekstrargjöld vegna aðhalds og sparnaðar í rekstri á árinu 1992.

Í frumvarpinu kemur fram að greiðslur úr ríkissjóði séu nettó 2.491 millj. kr. lægri en heimildir gerðu ráð fyrir. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 1.330 millj. kr. en á móti eru greiðsluheimildir lækkaðar um 3.821 millj. kr.

Við afgreiðslu nefndarinnar á frumvarpinu gerðu fulltrúar fjármálaráðuneytisins grein fyrir einstökum viðbótargreiðsluheimildum sem óskað var eftir frekari skýringum á. Þá kallaði nefndin til fulltrúa Ríkisendurskoðunar sem gerði grein fyrir athugasemdum stofnunarinnar sem fram koma m.a. í skýrslu hennar um framkvæmd fjárlaga árið 1992.

Að lokinni athugun fjárlaganefndar á frumvarpinu og að teknu tilliti til þeirra skýringa, sem hún hefur fengið frá fjármálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun, leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. mars 1994.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Árni M. Mathiesen.	Gunnlaugur Stefánsson.	Árni Johnsen.

709. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar og kallað til viðræðna við sig fulltrúa Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis og fengið skýringar og svör þeirra um einstök atriði.

Meiri hluti nefndarinnar telur að fullnægjandi skýringar hafi fengist á öllum efnisatriðum frumvarpsins og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 10. mars 1994.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnlaugur Stefánsson.	Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.

710. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Markús Sigurbjörnsson prófessor, Hrafn Bragason, forseta Hæstaréttar, Valtý Sigurðsson, formann Dómarafélags Íslands, og Magnús Thoroddsen, formann laganefndar Lögmannafélags Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá héraðsdómi Reykjavíkur, héraðsdómi Norðurlands vestra, ríkissaksóknara, héraðsdómi Suðurlands, Hæstarétti Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, héraðsdómi Reykjaness, Sýslumannafélagi Íslands og Eiríki Tómassyni hrl.

Frumvarp þetta er afgreitt frá nefndinni samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Þessi þrjú frumvörp eru afrakstur heildarendurskoðunar á réttarfarsreglum um áfrýjun héraðsdóma til Hæstaréttar og meðferð áfrýjunarmála.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Með fyrri breytingartillögunni er lagt til að við 2. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein til breytinga á 3. mgr. 3. gr. laganna. Nú starfar Hæstiréttur að öðru jöfnu í tveimur deildum og flytjast dómararnir reglulega á milli þeirra. Þannig flyst einn dómari í senn úr hvorri deild í hina á tveggja mánaða fresti og eru þær því ekki skipaðar sömu mönnum nema um skamman tíma. Breytingin felur í sér að lögbundið verði að þeir hæstaréttardómarar, sem eru elstir að starfsaldri við réttinn, skuli ávallt skipa fimm eða sjö manna dóm en varadómarar verði þá ekki kvaddir til nema í undantekningartilvikum. Mikilvægt þykir að sömu dómarar dæmi í meiri háttar málum, þar með talið málum sem hafa verulegt fordæmisgildi. Markmið breytingarinnar er, auk þess að verða til aukinnar réttareiningar og til að auka fordæmisfestu dóma Hæstaréttar frá því sem nú er, að hamla gegn aukinni hættu á misræmi í dómum réttarins sem gæti ella orðið vegna fjölgunar dómara annars vegar og rýmkaðra heimilda til kvaðningar varadómara hins vegar. Þannig munu sömu dómarar að jafnaði dæma í meiri háttar málum og reglulegir dómarar, yngri að starfsaldri við Hæstarétt, koma í þeirra stað verði um

forföll eða vanhæfi að ræða. Hins vegar mundu varadómarar aldrei vera kvaddir til í slíkum málum vegna tímabundins álags heldur aðeins ef brýna nauðsyn ber til vegna forfalla eða vanhæfis reglulegra dómara. Með síðari breytingartillögunni er lagt til að gildistökuákvæði frumvarpsins breytist og þarfnast sú breyting ekki skýringa við.

Alþingi, 9. mars 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Þuríður Bernódusdóttir.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ingi Björn Albertsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

711. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Formsmálsgreinin orðist svo: 2.–3. mgr. 3. gr. laganna verða svohljóðandi:
   b. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo:
      Dómurinn ákveður hve margir dómarar skipa dóm í hverju máli. Þegar fimm eða sjö dómarar skipa dóm í máli skulu eiga þar sæti þeir sem eru elstir að starfsaldri við Hæstarétt, en dómari skv. 4. gr. verður þá ekki kvaddur til setu í dómi nema tölu dómara verði ekki náð í máli vegna forfalla eða vanhæfis reglulegra dómara.
2. Við 4. gr. Í stað „1. janúar“ komi: 1. júlí.

712. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til. l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Markús Sigurbjörnsson prófessor, Hrafn Bragason, forseta Hæstaréttar, Valtý Sigurðsson, formann Dómarafélags Íslands, og Magnús Thoroddsen, formann laganefndar Lögmannafélags Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá héraðsdómi Norðurlands vestra, héraðsdómi Suðurlands, héraðsdómi Reykjavíkur, héraðsdómi Reykjaness, ríkissaksóknara, Lögmannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands.

Eftir að hafa rætt frumvarpið eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 23. gr. Í stað „1. janúar“ komi: 1. júlí.

Alþingi, 9. mars 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Þuríður Bernódusdóttir.	Björn Bjarnason.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ingi Björn Albertsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ey. Kon. Jónsson.

713. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og afgreitt það samhliða frumvörpum til breytinga á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, og lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, enda byggjast tillögur þessara þriggja frumvarpa á sameiginlegum grunni og hafa að markmiði að koma nýrri heildarskipan á áfrýjun dómsmála. Á fund nefndarinnar komu Markús Sigurbjörnsson prófessor, Hrafn Bragason, forseti Hæstaréttar, Valtýr Sigurðsson, formaður Dómarafélags Íslands, og Magnús Thoroddsen, formaður laganefndar Lögmannafélags Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá héraðsdómi Norðurlands vestra, héraðsdómi Suðurlands, ríkissaksóknara, héraðsdómi Reykjavíkur, héraðsdómi Vestfjarða, Hæstarétti, Lögmannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, héraðsdómi Reykjaness, Sýslumannafélagi Íslands og Eiríki Tómassyni hrl.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

1. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný 4. gr. þess efnis að í 2. mgr. 125. gr. laganna verði veitt heimild til að setja í reglugerð ákvæði um starfshætti gjafsóknarnefndar, þar á meðal viðmiðunarákvæði fyrir gjafsóknarnefnd um efnahag umsækjenda um gjafsókn. Ákvæði a-liðar 1. mgr. 126. gr. laganna, sem lýtur að efnahag umsækjanda, er annað af tveimur viðbótarskilyrðum laganna fyrir veitingu gjafsóknar. Ákvæðið kom í stað 2. tölul. 1. mgr. 172. gr. laga nr. 85/1936 þar sem sett var það skilyrði fyrir veitingu gjafsóknar að umsækjandi væri svo illa staður fjárhagslega að hann mætti ekki vera án þess fjár sem til málarekstursins færi. Ákvæði a-liðar 1. mgr. 126. gr. veitir nánari leiðbeiningar en áður um það við hvað mat á efnahag umsækjanda má styðjast. Þó eru hvorki í lögunum eða í reglugerð samkvæmt þeim sett frekari viðmiðunarmörk um efnahag umsækjanda, svo sem um ákveðin tekju- eða eignarmörk. Nefndin vísar til álits umboðsmanns Alþingis frá 25. nóvember 1993 (mál nr. 753/1993). Í álitinu bendir umboðsmaður á að ekki verði séð af greinargerð með frumvarpi til núgildandi einkamálalaga að um efnisbreytingu sé að ræða

frá ákvæðum 172. gr. laga nr. 85/1936, en í greinargerð segi að breytingar byggist á sama grunni og ákvæði í frumvarpi til laga um opinbera réttaraðstoð sem lagt var fram á 113. löggjafarþingi en var ekki afgreitt. Samkvæmt því frumvarpi var gert ráð fyrir að sett yrði reglugerð til viðmiðunar um tekju- og eignarmörk til leiðbeiningar fyrir gjafsóknarnefnd. Rök séu til að taka slíkt heimildarákvæði í núgildandi lög um meðferð einkamála þar sem það yrði umsækjendum um gjafsókn til leiðbeiningar, en lagaheimild skorti til að setja í reglugerð skýrari viðmiðunarmörk um fjárhag umsækjanda sem skilyrði fyrir veitingu gjafsóknar. Sú breyting, sem nefndin leggur til, á að ná til þeirra vankanta sem umboðsmaður bendir á í fyrrgreindu áliti.

2. Lögð er til breyting á áfrýjunarfjárhæð 5. gr. frumvarpsins. Frumvarpið felur í sér verulega hækkun á áfrýjunarfjárhæð og gerir frumvarpið óbreytt ráð fyrir að máli, er varði fjárkröfu, verði ekki áfrýjað nema fjárhæðin nemi minnst 500 þús. kr. í stað 150 þús. kr. í gildandi lögum. Tilgangurinn með hækkun áfrýjunarfjárhæðar er fyrst og fremst að fækka málum sem koma til dómsmeðferðar í Hæstarétti. Nefndin tekur undir þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að hækka áfrýjunarfjárhæðina, enda vegur það að réttaröryggi og réttarvernd borgaranna að biðtími eftir dómum Hæstaréttar geti skipt árum. Ekki ætti að valda umtalsverðri skerðingu á réttaröryggi þótt hækkun verði á áfrýjunarfjárhæð þar sem heimildir til undantekninga í 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins, nái krafa ekki tilskildu lágmarki, eru nokkuð rúmar. Hins vegar þykir rétt að fara varlegar í sakirnar en gert er ráð fyrir í frumvarpinu enda má engu að síður ná því markmiði að létta verulega álagi af Hæstarétti. Er því lagt til að áfrýjunarfjárhæðin lækki í 300 þús. kr. Bent skal á að þessi breytingartillaga snertir einnig frumvarp það sem áður er nefnt, um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, sbr. 10. gr. þess frumvarps, þar sem fram kemur kemur að áfellisdómi verði aðeins áfrýjað með leyfi Hæstaréttar ef ákærða er þar hvorki ákveðin frelsissvipting né sekt eða eignarupptaka sem er hærri en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum.

   Þá er lögð til orðalagsbreyting á c-lið 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins í því skyni að herða á þeim skilningi að heimilt sé að veita undanþágu frá áfrýjunarfjárhæð sé ekki víst að héraðsdómur verði staðfestur. Að óbreyttu hefði mátt skilja orð ákvæðisins þannig að í því fælist ábending um að dóminum mundi verða breytt, en miðað við þann skilning hefðu getað vaknað spurningar á síðari stigum máls um vanhæfi þeirra dómara sem leyft hefðu áfrýjun.
3. Lagt er til að orðið „stuttlega“ í 7. gr. frumvarpsins falli brott. Er þar aðeins um áherslumun að ræða því til ítrekunar að eðlilegt sé að í tilkynningu um synjun áfrýjunarleyfis komi a.m.k. fram meginröksemdir fyrir synjuninni.
4. Lagðar eru til breytingar á 8. gr., 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 3. mgr. 11. gr., 2. mgr. 16. gr. og 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins og varða þær breytingar allar þau atriði sem fram skulu koma í áfrýjunarstefnu annars vegar og greinargerð hins vegar. Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að áfrýjunarstefna verði mun ítarlegri en nú er boðið í 1. mgr. 155. gr. laganna. Rökin fyrir þeim breytingum eru einkum að með því yrði lagður traustari grunnur að meðferð málsins fyrir Hæstarétti og báðum málsaðilum og dóminum yrði ljóst frá fyrstu stigum til hvers áfrýjað væri og um hvað deilan snerist en einnig að reglur um efni áfrýjunarstefnu færist í það horf að þær svari eftir því sem unnt er til reglna um stefnu á héraðsdómsstigi í 1. mgr. 80. gr. laganna. Frumvarpið gerir hins vegar ekki ráð fyrir að áfrýjandi leggi fram greinargerð auk áfrýjunarstefnu. Lagðar eru til breytingar á þessu fyrirkomulagi sem

byggjast á þeim athugasemdum að með tilliti til áfrýjunarfrests geti verið fullíþyngjandi fyrir lögmenn að þurfa að semja efnismiklar áfrýjunarstefnur. Eru þá einkum höfð í huga tilvik þar sem ákvörðun um áfrýjun er ekki tekin fyrr en mjög skömmu áður en áfrýjunarfrestur er liðinn. Breytingarnar felast í grundvallaratriðum í að áfrýjunarstefna verði efnisminni en frumvarpið gerir ráð fyrir en áfrýjandi leggi í staðinn einnig fram greinargerð til nánari skýringa. Þannig komi fram í greinargerð í hverju skyni sé áfrýjað og kröfur áfrýjanda fyrir Hæstarétti og hvort einnig sé áfrýjað til að fá hnekkt tilteknum úrskurði eða ákvörðun héraðsdómara, málsástæður sem áfrýjandi ber fyrir sig fyrir Hæstarétti, tilvísun til helstu réttarreglna sem áfrýjandi byggir málatilbúnað sinn á fyrir Hæstarétti og gögn sem áfrýjandi leggur fram í réttinum eða telur sig þurfa að afla eftir þann tíma, en þetta eru allt atriði sem frumvarpið óbreytt gerir ráð fyrir að komi fram í áfrýjunarstefnu.

5. Lögð er til sú breyting við 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. að stefndi fái minnst fjórar vikur til að skila greinargerð eftir að mál er þingfest en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lágmarksfrestur sé tvær vikur. Tveggja vikna frestur þykir vera fullknappur tími fyrir lögmann stefnda, t.d. ef fresturinn kemur inn í jól eða páska eða á tíma mikils vinnuálags lögmanns.
6. Breytingin á 1. mgr. 13. gr. felur í sér að Hæstiréttur geti heimilað aðila að leggja fram ný gögn eftir lok frests til gagnaöflunar hafi aðilinn ekki getað aflað þeirra fyrr eða atvik breyst svo að máli skiptir eftir þann tíma. Að óbreyttu þykir ákvæðið of fortakslaust þar sem segir að dómurinn geti beint því síðar til aðila að hann megi afla frekari gagna. Er hér um að ræða nauðsynlega viðbót við greinina sem miðar við að lögmaður geti óskað eftir að fá að afla gagna. Getur til þess komið t.d. þegar málsaðili fellur frá og sýna þarf fram á hver komi í hans stað.
7. Lögð er til sú breyting á 24. gr. frumvarpsins að lögin taki gildi 1. júlí 1994.

Alþingi, 9. mars 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Þuríður Bernódusdóttir.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Ingi Björn Albertsson.	Ey. Kon. Jónsson.

714. Breytingartillögur [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Við 2. mgr. 125. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur í reglugerð um starfshætti gjafsóknarnefndar, þar á meðal um viðmiðunarmörk í mati hennar á skilyrðum fyrir gjafsókn skv. a-lið 1. mgr. 126. gr.

2. Við 5. gr.
   a. Í stað „500.000“ í 1. mgr. komi: 300.000.
   b. C-liður 4. mgr. orðist svo: ekki er útilokað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi.
3. Við 7. gr. Orðið „stuttlega“ í síðari málslið 5. mgr. falli brott.
4. Við 8. gr.
   a. D-liður 1. mgr. orðist svo: í hverju skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir.
   b. E–g liður 1. mgr. falli brott.
5. Við 9. gr.
   a. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: svo og greinargerð af sinni hálfu.
   b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:
      2. Í greinargerð áfrýjanda skal koma fram:
      a. Í hverju skyni sé áfrýjað og hvers áfrýjandi krefjist nákvæmlega fyrir Hæstarétti, svo og hvort einnig sé áfrýjað til að fá hnekkt tilteknum úrskurði eða ákvörðun héraðsdómara.
      b. Málsástæður sem áfrýjandi ber fyrir sig fyrir Hæstarétti. Lýsing þeirra skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála á hverju áfrýjun sé byggð, en eftir atvikum getur áfrýjandi vísað um þær til tiltekinna skjala málsins. Felli áfrýjandi sig ekki við lýsingu annarra atvika í héraðsdómi skal hann á sama hátt greina frá hvernig hann telji þeim réttilega lýst.
      c. Tilvísun til helstu réttarreglna sem áfrýjandi byggir málatilbúnað sinn á fyrir Hæstarétti.
      d. Gögn sem áfrýjandi leggur þegar fram fyrir Hæstarétti, svo og gögn sem hann telur sig þurfa að afla eftir þann tíma.
6. Við 10. gr. Í stað orðanna „áfrýjunarstefnu og málsgögn“ í 1. mgr. komi: áfrýjunarstefnu, greinargerð eða málsgögn.
7. Við 11. gr.
   a. Í stað „tvær“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: fjórar.
   b. Í stað „áfrýjunarstefnu“ í lok 2. málsl. 3. mgr. komi: greinargerð.
8. Við 13. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Hæstiréttur getur þó heimilað aðila að leggja fram ný gögn eftir lok gagnaöflunar ef ekki var unnt að afla þeirra fyrr eða atvik hafa breyst svo að máli skiptir eftir þann tíma.
9. Við 16. gr. Í stað orðanna „áfrýjunarstefnu eða greinargerð stefnda“ í 2. mgr. komi: greinargerð aðilans.
10. 3. mgr. 23. gr. orðist svo:
    Hafi mál verið þingfest fyrir Hæstarétti fyrir gildistöku þessara laga en greinargerð áfrýjanda ekki verið lögð fram þar fyrir dómi eða ágrip dómsgerða verið afhent skal Hæstiréttur setja áfrýjanda frest til að afhenda greinargerð og málsgögn eftir ákvæðum 156. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.
11. Við 24. gr. Í stað „1. janúar“ komi: 1. júlí.

715. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um mannréttindasáttmála Evrópu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Markús Sigurbjörnsson prófessor, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja Ögmund Jónasson formann og Svanhildi Halldórsdóttur fræðslufulltrúa og frá Alþýðusambandi Íslands Bryndísi Hlöðversdóttur lögfræðing. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Amnesty International, ríkissaksóknara og Dómarafélagi Íslands.

Mannréttindasáttmáli Evrópu var fullgiltur af Íslands hálfu 19. júní 1953 og hafa átta viðaukar við samninginn jafnframt verið fullgiltir. Ísland heyrir nú til þess minni hluta aðildarríkja hans þar sem ákvæði hans teljast ekki hluti af landsrétti heldur eingöngu skuldbinding ríkisins að þjóðarétti. Með því að sáttmálinn hefur ekki verið lögfestur hér á landi hafa áhrif hans aðallega komið fram með þrennu móti. Í fyrsta lagi hefur reynt nokkuð á áhrif sáttmálans í málum fyrir íslenskum dómstólum þar sem úrlausn hefur verið háð reglum landsréttar sem kunna að vera í andstöðu við ákvæði sáttmálans. Í öðru lagi hafa kærumál á hendur íslenska ríkinu út af brotum á sáttmálanum komið til úrlausnar fyrir mannréttindanefnd og mannréttindadómstóli Evrópu, en þar hefur orðið að taka afstöðu til þess hvort íslenskur landsréttur samrýmist ákvæðum sáttmálans um tiltekin atriði. Í þriðja lagi hefur gætt áhrifa mannréttindasáttmálans við lagasetningu hér á landi og eru þess dæmi að lögum hafi verið breytt í því skyni að þau samrýmdust ákvæðum hans.

Með lögfestingu þessa frumvarps munu ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu verða að almennum lögum hér á landi. Fjölmargar röksemdir hafa verið settar fram sem styðja lögfestinguna. Ein meginröksemdin fyrir lögfestingu er sú að þá getur einstaklingur borið ákvæði sáttmálans fyrir sig sem beina réttarreglu fyrir dómi eða stjórnvöldum hér á landi en ekki aðeins, svo sem nú er, sem leiðbeiningargagn við lögskýringar. Einnig má nefna þá röksemd að réttindi einstaklinga fái aukna vernd og réttaröryggi aukist, m.a. vegna þess að í sumum greinum sáttmálans er að finna ítarlegri ákvæði en í íslenskum lögum um einstaka þætti mannréttinda og hefur tjáningarfrelsið verið nefnt sem dæmi. Eftir lögfestingu geta einstaklingar fengið dómsúrlausn hér á landi um ýmis þau kæruefni sem ella hefðu þurft að fara fyrir stofnanir í Strassborg. Ef úrlausn fæst samt ekki hér á landi hafa einstaklingar á sama hátt rétt til að kæra til mannréttindanefndarinnar. Loks má nefna að lögfestingin mun vekja almenning og þá sem starfa að rekstri mála og við úrlausn þeirra fyrir dómstólum og í stjórnsýslu, svo og þá sem vinna að undirbúningi að lagasetningu, til frekari vitundar um mannréttindi og nauðsynlega virðingu fyrir mannréttindum.

Í umfjöllun nefndarinnar fór hún m.a. yfir efnisgreinar sáttmálans. Fyrrnefndir fulltrúar ASÍ og BSRB komu á fund nefndarinnar til viðræðna um 11. gr. sáttmálans sem verndar rétt einstaklinga til að stofna og ganga í félög en jafnframt að umdeildu marki rétt einstaklinga til að standa utan félaga. Í máli þeirra kom fram að þau fyrir sitt leyti mæltu með lögfestingu sáttmálans, enda teldu þau engin ákvæði laga eða kjarasamninga, sem starfsemi samtakanna byggðist á, stangast á við ákvæði 11. gr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin á 1. gr. er tæknilegs eðlis og felur í sér að samningurinn og viðaukar hann verði aðeins lögfestir á íslensku. Hin enska og franska gerð sáttmálans er birt í frumvarpinu og eru sem slíkar eðlileg skýringargögn, en þykja í sjálfu sér ekki eiga erindi í Stjórnartíðindi og lagasafn. Nefndin vill þó leggja áherslu á að opinber tungumál sáttmálans eru enska og franska og enda þótt breytingartillagan feli í sér að aðeins íslenski textinn verði lögtekinn geta enski og franski textinn verið mikilvægir, m.a. til túlkunar á vafatilvikum um merkingu orða sáttmálans. Mikilvægt er að sérfræðingar og allur almenningur eigi greiðan aðgang að sáttmálanum á frummálum hans, jafnt sem íslensku, og leggur nefndin því áherslu á að í sérprentunum á sáttmálanum verði enski og franski textinn einnig birtir.

Alþingi, 9. mars 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Þuríður Bernódusdóttir.
Björn Bjarnason.	Kristinn H. Gunnarsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Ingi Björn Albertsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

716. Frumvarp til laga [467. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 1. tölul. og orðist svo:

1. Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til viðurkenndra lífeyrissjóða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 115. löggjafarþingi af þingkonum Kvennalistans og er nú endurflutt óbreytt.

Árið 1987 var tekin upp staðgreiðsla skatta. Frá þeirri lagabreytingu hafa landsmenn búið við tvísköttun á lífeyrissjóðsgjöld. Framlag launþega í lífeyrissjóði er skattlagt þegar hann myndar réttindi sín með inngreiðslum og lífeyrisgreiðslur til hans eru einnig skattlagðar þegar launastarfi lýkur.

Þetta fyrirkomulag hefur í för með sér mikið óréttlæti. Álagning tekjuskatts bæði við myndun sjóðsins og úttekt úr honum er óeðlileg. Fólk leggur fyrir í lífeyrissjóði til þess að búa í haginn fyrir elliárin. Einstaklingur getur hins vegar lagt fyrir sparifé eða keypt ríkisskuldabréf og myndað þannig eigin lífeyrissjóð eins og segir í auglýsingu frá ríkissjóði. Tekjuskattur er greiddur við myndun eigin sparnaðar en ekki þegar peningarnir eru teknir út. Að þessu leyti er ólík skattaleg meðferð á frjálsum sparnaði og skyldusparnaði í lífeyrissjóði. Í þessu frumvarpi er lagt til að tekjuskattur verði aðeins greiddur einu sinni af sömu tekjunum.

Ástæður þess að fremur er valið að hafa skattfrelsi við myndun sjóðsins en úttekt úr honum eru nokkrar:

a. Ekki munu allir þeir sem greiða í lífeyrissjóð fá greiðslur úr honum. Hluti þeirra sem greiða í lífeyrissjóði lifa það ekki að njóta lífeyrisgreiðslna, jafnvel ekki heldur erfingjar þeirra. Enn aðrir fá aðeins lítinn hluta.

b. Verða lífeyrissjóðirnir til eftir nokkra áratugi? Nokkur ótti er meðal fólks um það að eftir nokkra áratugi muni einhverjir lífeyrissjóðanna ekki hafa bolmagn til að standa undir skuldbindingum sínum. Allir vona að svo verði ekki, en fari svo munu aðeins þeir sem fá greiðslur úr sjóðunum greiða skatt af þeim. Hinir, sem mynduðu sjóðinn en fengu lítið eða ekkert, þyrftu a.m.k. ekki að greiða skatt af framlaginu ef þetta frumvarp verður samþykkt.

c. Betri nýting persónuafsláttar á efri árum vegna nokkru lægri tekna. Þorri fólks hefur lægri tekjur á eftirlaunum en það hafði í fullu starfi eða það mundi hafa í sams konar starfi nú. Það eru því meiri líkur til þess að nýting persónuafsláttar á lífeyrisgreiðslur verði betri hjá eftirlaunaþeganum en þegar launþegi er að afla tekna til að skapa framlag sitt í sjóðinn.

d. Hvetja þarf fólk til að mynda lífeyrissjóði. Langtímasparnaður og fyrirhyggja varðandi afkomu fólks eftir starfslok eru nauðsynleg ef hægt á að vera að lifa mannsæmandi lífi. Hvetja þarf til fyrirhyggju með skattfrelsi við myndun slíkra varasjóða. Það er full ástæða til að hvetja til að jafnvel enn stærri hluti verði lagður fyrir en nú er gert. Skattfrelsi er hluti af slíkri hvatningu. Það er ljóst að ríkissjóður mun ekki geta staðið undir mannsæmandi eftirlaunagreiðslum til fólks ef lífeyrissjóðirnir bregðast.

e. Skattfrelsi á lífeyrisgreiðslur við útborgun getur falið í sér mismunun. Einstaklingar fá greiðslur úr mismunandi sterkum lífeyrissjóðum og framlag vinnuveitenda er mishátt. Ef lög væru þannig að allar lífeyrissjóðsgreiðslur til eftirlaunaþega væru skattfrjálsar hefði það í för með sér mikla mismunun því að endurgreiðslur eru mjög mismunandi. Allar tilraunir til að hafa skattfrelsið innan skynsamlegra marka kalla á mjög flóknar reglur. Einfaldasta leiðin og sú réttlátasta er því að hafa skattfrelsi við myndun sjóðsins.

Mikil umræða hefur verið um þessi mál í þjóðfélaginu. Á 113. löggjafarþingi var samþykkt ályktun að frumkvæði Guðmundar H. Garðarssonar svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu."

Nýlega var lögð fram tillaga til þingsályktunar um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum og er hún nú til umfjöllunar í þingnefnd. Flutningsmenn voru þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að sú leið, sem hér er lögð til, sé einföld og sú réttlátasta sem kostur er á.

717. Beiðni um skýrslu [468. mál]

frá sjávarútvegsráðherra um sölu ríkisins á SR-mjöli.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni, Guðrúnu Helgadóttur, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Guðna Ágústssyni, Jóhanni Ársælssyni, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Finni Ingólfssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að sjávarútvegsráðherra gefi Alþingi skýrslu um sölu ríkisins á SR-mjöli. Fram hafa komið opinberlega alvarlegar ásakanir um að ekki hafi verið staðið með eðlilegum hætti að framkvæmd útboðs á hlutabréfum ríkisins í SR-mjöli og að söluverð hafi verið of lágt. Því er nauðsynlegt að sjávarútvegsráðherra gefi Alþingi ítarlega skýrslu um þessi atriði þar sem slíkum ásökunum er svarað, enda er hér um að ræða háar fjárhæðir auk þess sem meðferð almannafjár verður að vera með þeim hætti að ekki gefi tilefni til ásakana um misfærslu.

Óskað er eftir að eftirfarandi upplýsingar komi fram í skýrslunni:

1. Hvers vegna var þeim aðila, sem bauðst til þess að annast söluna með minnstum tilkostnaði fyrir hið opinbera, ekki falið það verk?
2. Telur ráðherra að VÍB hafi verið hæft til þess að annast verðmat og umsjón með sölu á hlutabréfum ríkisins í SR-mjöli eftir að í ljós var komið að meiri hluti eigenda VÍB hafði lýst áhuga sínum á að kaupa hlutabréfin?
3. Hve mörg tilboð bárust í SR-mjöl og frá hverjum?
4. Hvers vegna voru tilboðin ekki opnuð að viðstöddum öllum tilboðsgjöfum? Telur ráðherrann að sú ráðstöfun sé í samræmi við þær reglur og hefðir sem um framkvæmd útboða gilda?
5. Á hvaða grundvelli byggist það verð sem eignirnar voru seldar á? Er það rétt að hagnaður fyrirtækisins á síðasta ári hafi verið nálægt 300 millj. kr.? Fór fram eitthvert arðsemismat sem nær yfir lengra tímabil?
6. Er það rétt að ríkið verði vegna sölunnar af allt að 200 millj. kr. skatttekjum vegna þess að mat á eigin fé fyrirtækisins var hækkað við söluna með þeim afleiðingum að afskriftagrundvöllur þess hækkar þannig að hinir nýju eigendur fái a.m.k. 200 millj. kr. skattafslátt á þeim tíma sem tekur að afskrifa eignir fyrirtækisins?
7. Hvers vegna var formgildu tilboði hafnað án þess að kanna hvort við það yrði staðið og þess í stað gengið til samninga við aðila sem ekkert tilboð höfðu gert heldur einungis lýst yfir áhuga sínum á því að eignast SR-mjöl?

718. Breytingartillaga [102. mál]

við frv. til l. um mannréttindasáttmála Evrópu.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Orðin „á íslensku, ensku og frönsku“ í lok 2. mgr. falli brott.

719. Svar [448. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Auðar Sveinsdóttur um umhverfisstefnu og landkynningu.

1. *Á hvaða hátt hyggst samgönguráðuneytið og ferðamálaráð standa að og framfylgja stefnu og markmiðum ráðsins í umhverfismálum er samþykkt voru á síðasta ári?*

Árin 1992–1993 var unnið að stefnumótun ferðamálaráðs í umhverfismálum. Stefnumörkunin var samþykkt í ráðinu 15. apríl 1993. Verkefna- og framkvæmdaáætlun um hvernig á að framfylgja þeirri stefnu verður tekin fyrir á fundi ferðamálaráðs 8. apríl 1994. Nýtt ferðamálaráð var skipað 1. október sl. og hefur ráðið ekki áður fjallað um stefnumörkunina.

Samgönguráðherra hefur hins vegar óskað eftir tilnefningum í sjö manna verkefnastjórn vegna verkefna í umhverfismálum á ferðamannastöðum. Þá hefur ráðherra tryggt fjármagn til ráðningar starfsmanns vegna verkefnisins í eitt ár á skrifstofu ráðsins á Akureyri. Starfsmaðurinn hóf störf 1. mars sl. og eru laun hans m.a. greidd af Landgræðslu ríkisins. Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn vinni í nánu samstarfi við sveitarfélög og aðstoði þau við að nýta fjárframlög úr Atvinnuleysistryggingasjóði til úrbóta á ferðamannastöðum. Þá mun hann sinna ýmsum verkefnum vegna umhverfismála á skrifstofu ráðsins í samræmi við ákvarðanir áðurnefndrar verkefnastjórnar svo og í samræmi við væntanlega verkefna- og framkvæmdaáætlun ferðamálaráðs í umhverfismálum.

2. *Hvað veldur því að lagt var niður starf umhverfismálafulltrúa hjá ferðamálaráði í byrjun þessa árs?*

Sumarið 1990 var verkefnaráðinn starfsmaður á skrifstofu ráðsins til að sinna ýmsum umhverfisverkefnum. Ferðamálaráð samþykkti við gerð fjárhagsáætlunar ráðsins fyrir árin 1991, 1992 og 1993 að nýta hluta af ráðstöfunarfé sínu til að verkefnaráða starfsmann til umhverfisverkefna. Starfsmaðurinn lauk á þessu tímabili úttekt á ferðamannastöðum í öllum landsfjórðungum og skilaði skýrslu um ástand og tillögum til úrbóta. Starfsmaðurinn var ráðinn til eins árs í senn. Ekki var um stöðugildi hjá stofnuninni að ræða. Ráðningarsamningur starfsmannsins, sem gerður var í ársbyrjun 1993 til eins árs, rann því út 31. desember 1993. Við gerð fjárhagsáætlunar ráðsins fyrir árið 1994 var ekki gert ráð fyrir fjármagni af ráðstöfunarfé ráðsins til að ráða starfskraft til þessa sérverkefnis, en eins og kemur fram í svari við fyrsta lið fyrirspurnarinnar hefur nú verið verkefnaráðinn starfsmaður frá 1. mars 1994 til að sinna umhverfismálum á breiðari grunni og með víðtækari aðild en áður var.

3. *Hve miklu fjármagni verður varið til umhverfisbóta á ferðamannastöðum á árinu 1994?*

Erfitt er að svara þessari spurningu svo vel sé. Fjölmargir aðilar veita fé til úrbóta á ferðamannastöðum auk ferðamálaráðs, svo sem sveitarfélög, vegagerð, Náttúruverndarráð, skógræktin, Landgræðslan, pokasjóður Landverndar, fjallasjóður, umhverfisráðuneyti, ýmis áhugamannafélög, fyrirtæki og einstaklingar. Samkvæmt fjárhagsáætlun ferðamálaráðs eru 4.500.000 kr. áætlaðar til úrbóta á ferðamannastöðum. Eins og fram kemur í svari við fyrsta lið fyrirspurnarinnar hefur nú tekist samstarf við Landgræðslu ríkisins með það að markmiði að auka fjármagn og hafa samvinnu um verkefni. Með verk-

efnastjórn umhverfismála á ferðamannastöðum er einnig tryggð aðild fleiri að málinu. Stefnt er að því að auka fjármagnið m.a. með nýtingu fjár úr Atvinnuleysistryggingasjóði til úrbóta á ferðamannastöðum. Leitast verður við að fara hliðstæða leið og farin hefur verið í landkynningarmálum, en þar hefur á örfáum árum tekist að tvöfalda fjármagn til verkefna sem ráðið sinnir að miklu leyti í samvinnu við aðra. Þetta viðbótarfjármagn kemur frá sveitarfélögum, hagsmunaaðilum og fyrirtækjum.

4. *Hve miklum fjármunum er áætlað að ferðamálaráð verji til landkynningar á árinu 1994?*

Á fundi ferðamálaráðs 7. janúar sl. var samþykkt að verja til landkynningar og upplýsingamála:

	Millj. kr.
Upplýsinga- og landkynningarskrifstofur í Frankfurt, New York og Tókíó	33,2
Ráðstefnuskrifstofa Íslands	9,0
Þátttaka í ferðasýningum	5,0
Erlendir bæklingar	5,5
Til landkynningarverkefna aðalskrifstofu	3,0
Til sérverkefna á Bretlandi	4,0

5. *Hve miklum fjármunum er áætlað að verja í tilefni „árs fjölskyldunnar“ og til að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land á árinu 1994?*

Sérstakt átak er í gangi á vegum samgönguráðuneytisins, Olíufélagsins og Mjólkursamsölunnar sem eru kostunaraðilar verkefnisins.

Áætlað er að kostunaraðilar muni leggja ferðaátaki þessu til 15 millj. kr. með virðisaukaskatti. Áætlað er að samgönguráðuneytið muni leggja átakinu um 5–6 millj. kr. með beinum fjárframlögum og óbeinum hætti. Þar af leggur ríkisstjórnin til 2 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir að sveitarfélög muni leggja til á bilinu 3–4 millj. kr. en nokkur óvissa ríkir enn um þann lið. Að auki gefa ýmsir aðilar og fyrirtæki vinnu eða þjónustu til átaksins, meðal annars mun ÁTVR leggja átakinu til auglýsingar á plastpoka svo dæmi sé tekið.

720. Svar [202. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sveins Þórs Elinbergssonar um endurskoðun orkuöflunar- og orkudreifingarkerfa landsmanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir úttekt og endurmati á orkuöflunar- og orkudreifingarkerfum landsmanna, hvað snertir skipulag, eignarhald og rekstrarfyrirkomulag þessara fyrirtækja með sérstöku tilliti til þess ójafnaðar er ríkir í húshitunarkostnaði eftir búsetu í landinu?

Iðnaðarráðuneytið hefur á undanförnum árum aðstoðað við, stuðlað að og beitt sér fyrir ýmsum athugunum á skipan orkuvinnslu, orkuflutnings og orkudreifingar í landinu. Með þessum athugunum hefur verið leitað leiða til þess að hagræða í rekstri orkufyrirtækja og skapa þannig forsendur til að lækka orkuverð. Slíkar athuganir hafa meðal annars stuðlað að:

1. Stofnun byggðasamlags um raf- og hitaveitur á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri.
2. Kaupum Rafmagnsveitna ríkisins á Hitaveitu Hafnar, Hitaveitu Seyðisfjarðar, Hitaveitu Siglufjarðar, Rafveitu Siglufjarðar og Skeiðsfossvirkjun.
3. Kaupum Orkubús Vestfjarða á Hitaveitu Suðureyrar.
4. Sameiningu raf- og hitaveitna í eigu sama eða sömu sveitarfélaga.

Með þesum hætti hefur orðið umtalsverð hagræðing í rekstri sem hefur stuðlað að lækkun orkuverðs.

Auk þess sem að ofan er talið hefur Reykjavíkurborg keypt Hitaveitu Bessastaðahrepps og Hitaveitu Kjalarneshrepps samtímis sem veitusvæði Hitaveitu Reykjavíkur hefur verið stækkað þannig að það nái til þessara byggðarlaga.

Í febrúar á síðastliðnu ári skipaði iðnaðarráðherra að höfðu samráði við fjármálaráðherra nefnd til þess að gera úttekt á fjárhagsstöðu fjögurra hitaveitna og gera á þeim grundvelli tillögur um leiðir til þess að lækka kostnað við húshitun á veitusvæði þeirra í ljósi þess markmiðs að lækka húshitunarkostnað þar á landinu sem hann er hæstur. Í framhaldi af starfi nefndarinnar hefur verið gert samkomulag milli ríkissjóðs og Akureyrarbæjar sem leitt hefur til rúmlega 5% lækkunar á gjaldskrá Hita- og vatnsveitu Akureyrar fyrir heitt vatn. Þá hefur nefndin leitað leiða með forráðamönnum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til að hagræða í orkumálum í héraði með það fyrir augum að lækka megi orkuverð á svæðinu. Einkum hefur verið rætt um stofnun Orkubús Borgarfjarðarhéraðs í samræmi við samkomulag eignaraðila Hitaveitunnar og ríkissjóðs frá því í júlí 1987. Þess er vænst að niðurstaða fáist í því máli á næstu vikum.

Í júní á sl. ári var gert samkomulag milli iðnaðarráðuneytisins og bæjarstjórnar Akureyrar um að kanna stofnun hlutafélags sem yfirtaki eignir og skuldir Rafmagnsveitna ríkisins, Rafveitu Akureyrar og eignarhlut Akureyrarbæjar í Landsvirkjun en með þeim hætti er talið að ná megi fram umtalsverðri hagræðingu í rekstri orkukerfisins.

Til þess að stuðla að jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar hefur auk þess sem að framan greinir rafmagn til hitunar íbúðarhúsnæðis verið lækkað með niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Þær nema nú um 37.800 kr. á ári fyrir flesta notendur. Landsvirkjun hefur veitt afslátt sem nemur um 9.000 kr. á ári. Ríkissjóður hefur einnig yfirtekið hluta af skuldum raf- og hitaveitna. Loks fá notendur á svæðum þar sem orkuverð er hlutfallslega hátt hluta af virðisaukaskatti, sem lagður er á húshitun, endurgreiddan.

Vatnsaflsvirkjanir, flutningslínur og rafveitur hér á landi eru eingöngu í eigu ríkis og/eða eins eða fleiri sveitarfélaga. Flestar hitaveitur eru í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga og ríkið á einungis í undantekningartilvikum í þessum veitum. Þetta er í samræmi við orkulög sem veita sveitarfélögum forgang þegar einkaleyfi til að starfrækja raf- og hitaveitur eru veitt. Nýti sveitarfélög ekki rétt til að stofna rafveitur hafa Rafmagnsveitur ríkisins forgangsrétt til þess að reka héraðsrafveitur og hljóta til þess einkaleyfi. Eðlilega ráða eigendur þessara veitna — sveitarfélögin — mestu um skipan orkumála hver á sínu veitusvæði. Æskilegt er að uppspretta hugmynda um bætt skipulag sé hjá eigendum því einhliða ákvarðanir stjórnvalda um breytingar eru ekki líklegar til að skila árangri. Ríkið á hins vegar að móta leikreglurnar og tryggja rétt notenda meðal annars hvað

varðar gæði þjónustu. Ríkið á einnig að stuðla áfram að því að þeir möguleikar til hagræðingar sem hafa skapast, meðal annars með samtengingu orkukerfa, verði nýttir.

Á næstu vikum verður hafin endurskoðun þeirra kafla orkulaganna sem fjallar um orkuvinnslu, orkuflutning og orkudreifingu. Við þá endurskoðun þarf að taka afstöðu til margra grundvallarspurninga. Meðal þeirra eru:

1. Á forræði í orkumálum að vera áfram í höndum Alþingis, iðnaðarráðuneytis og sveitarfélaga?
2. Eiga orkufyrirtæki að vera áfram í eigu sveitarfélaga og ríkis eða á að gefa einstaklingum og félögum kost á að eiga hlut í orkufyrirtækjum?
3. Á að ákveða skiptingu orkuveitusvæða með einhverjum hætti í lögum? Á t.d. að skilyrða einkaleyfi við að sameina megi litlar orkuveitur þeim stærri þegar það er talið geta leitt til aukinnar hagkvæmni?
4. Á að skilgreina lágmarksstærð orkuveitna sem lögin taka til, t.d. við fjölda íbúa eða notenda, orkusölu o.s.frv.?
5. Á að skilgreina lágmarksþjónustustig? Til dæmis kveða á um að veitan haldi ávallt uppi neyðarvakt og um upplýsingaskyldu hennar gagnvart notendum.
6. Á að kveða á um að settar skuli reglur/staðlar um gæði orkunnar?
7. Á að setja reglur um þær forsendur sem byggja skuli á við ákvörðun orkuverðs?
8. Á að færa staðfestingu á gjaldskrám frá iðnaðarráðuneyti til opinberrar eftirlitsstofnunar?
9. Á að kveða skýrar á um eftirlit með starfsemi orkufyrirtækjanna?

721. Svar [339. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur um aðgerðir til að sporna við vaxandi atvinnuleysi.

1. *Í hvaða verkefni verður farið á næstu vikum og mánuðum á vegum ríkissjóðs og stofnana ríkisins sem sérstaklega er ætlað að draga úr atvinnuleysi? Verður staða byggðarlaga þar sem skerðing veiðiheimilda er aðalorsök minnkandi atvinnu skoðuð sérstaklega? Hve mikið fjármagn er áætlað til þessara verkefna, sundurliðað eftir ráðuneytum og verkefnum?*

Í tengslum við gerð kjarasamninga sl. sumar ákvað ríkisstjórnin að veita 1 milljarði kr. til atvinnuskapandi verkefna og lauk flestum þeirra á síðasta ári. Þeim verkefnum, sem ekki var lokið, verður fram haldið á þessu ári og önnur munu hefjast á næstu vikum og mánuðum. Í fylgiskjali getur að líta yfirlit yfir þessi verkefni.

Á vegum Atvinnuleysistryggingasjóðs eru til ráðstöfunar 1.200 millj. kr. til atvinnuskapandi verkefna á þessu ári og byggist úthlutun á umsóknum frá sveitarfélögum líkt og sl. ár.

Skerðing veiðiheimilda bolfisktegunda undanfarin ár hefur að jafnaði komið verst niður á byggðarlögum á Vestfjörðum þar sem heimildir til veiða á þorski vega þyngst í samsetningu heildaraflaheimilda, en þó hafa einstök byggðarlög í öðrum landshlutum einnig orðið fyrir mikilli skerðingu. Líkur benda til að í byggðarlögum víða á Vestfjörðum muni aflaheimildir klárast fyrir lok yfirstandandi fiskveiðiárs og dæmi eru um að þorskveiði-

heimildir séu þegar á þrotum. Af því tilefni hefur Byggðastofnun unnið að athugun og tillögugerð fyrir ráðuneytið í samvinnu við fjögur önnur ráðuneyti. Tillögurnar hafa verið ræddar í ríkisstjórn og kynntar, en málið er ekki endanlega afgreitt af hálfu ríkisstjórnar.

Vísað er til fylgiskjals varðandi ráðstöfun sérstakrar 1.000 millj. kr. fjárveitingar ríkisstjórnarinnar til atvinnuskapandi verkefna. Of snemmt er að tilgreina þau verkefni sem Atvinnuleysistryggingasjóður mun styrkja.

2. *Hve mikið fjármagn fer til nýrrar atvinnusköpunar? Hvað getur þar verið um mörg ársverk að ræða?*

Vísað er til svars við 1. spurningu hér að framan um það fjármagn sem ákveðið var að ráðstafa til nýrrar atvinnusköpunar í tengslum við gerð kjarasamninga síðasta sumar. Þá er í fjárlögum gert ráð fyrir 900 millj. kr. sem ætlaðar eru til framkvæmda í vegamálum umfram það sem segir í vegáætlun. Að auki má nefna að umtalsverðir fjármunir renna til sjóða og rannsóknastofnana sem styrkja nýjungar í atvinnulegu tilliti. Líkt og fram kemur í svari við 3. spurningu er um fjölmarga aðila að ræða og auk þeirra sem þar eru nefndir mætti nefna Byggðastofnun sem styrkir verkefni beint og tekur þátt í rekstri iðn- og atvinnuþróunarfélaga um land allt, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, beina styrki ráðuneyta o.fl. Líkt og áður segir er gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður ráðstafi 1.200 millj. kr. til átaksverkefna á árinu.

Ekki hefur verið áætlaður fjöldi nýrra ársverka vegna framangreinds. Vonir standa til að það fjármagn, sem veitt verður úr Atvinnuleysistryggingasjóði nægi til að greiða fyrir allt að 2.400 ársverkum.

3. *Hve mikið fjármagn fer til rannsókna- og þróunarstarfa á þessu ári? Hve mikið hefur farið til rannsókna í þágu atvinnuveganna sl. 10 ár? Hvaða tilraunaverkefni njóta forgangs í formi styrkja? Hve háar fjárhæðir er um að ræða? Upplýsingar séu á föstu verðlagi 1993.*

Framlög ráðuneyta til stofnana og verkefna sem fela í sér rannsóknir og þróunarstarf munu samkvæmt fjárlögum ársins 1994 nema um 5,8 milljörðum kr. Er þar gert ráð fyrir nokkurri lækkun sértekna stofnananna frá fyrra ári, en á hinn bóginn er auknu fé varið til sjóða þar sem vísindamenn og stofnanir keppa um fjármagn til verkefna. Fé til þessara sjóða hefur nær tvöfaldast frá árinu 1992, en þeir eru m.a. Rannsóknasjóður Rannsóknaráðs, Vísindasjóður, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, Rannsóknanámssjóður og Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnulífsins. Framlög til þessara sjóða nema 453 millj. kr. á árinu sem er að líða. Að auki má nefna að verulegt rannsóknastarf fer fram innan stofnana sem almennt eru ekki skilgreindar sem rannsóknastofnanir, auk þess sem ráðuneytin veita fé til ákveðinna rannsóknarverkefna.

Rannsóknaráð ríkisins hefur áætlað að varið hafi verið um 26 milljörðum kr. til rannsókna í þágu atvinnuveganna á tímabilinu 1983–1992, en þar af hafi atvinnuvegirnir lagt til um 6,5 milljarða kr. Á sama tíma er áætlað að til viðbótar hafi verið varið um 9 milljörðum kr. til grunnrannsókna, en hluti þeirra hefur nýst atvinnuvegunum með beinum hætti.

Ekki er einhlítt hvaða verkefni njóta forgangs, enda eðli rannsóknastarfsemi fjölbreytilegt. Rannsóknasjóður Rannsóknaráðs er stærstur þeirra sjóða sem veita styrki á grundvelli umsókna og við forgangsmat verkefna er einkum litið til þess efnahagslega ávinnings sem verkefni eru talin geta leitt til, gildis þekkingaröflunar fyrir nýsköpun og

samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, frumkvæðis og eigin framlaga umsækjenda og gildis verkefna í erlendu samstarfi.

Styrkfjárhæðir eru breytilegar eftir verkefnum en meðalstyrkur Rannsóknaráðs á árinu 1993 nam 1,7 millj. kr. og voru hæstu styrkir að fjárhæð um 5 millj. kr.

4. *Hvernig hyggst ríkisstjórnin koma á fót lánasjóði þar sem veitt séu áhættulán til nýrra atvinnugreina?*

Rætt er um nauðsyn þess að auka framboð á áhættufé í skýrslu nefndar sem starfaði á vegum iðnaðarráðuneytis og fjallaði um stuðning stjórnvalda við nýsköpun í atvinnulífi, en nefndin gerir tillögu um að samkomulag verði gert við lífeyrissjóði og samtök atvinnulífsins um stofnun (eflingu) sjóðs er sinni áhættufjármögnun. Í þessu sambandi er rétt að minna á að í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar í nóvember 1992 kom fram að lífeyrissjóðir hyggjast verja a.m.k. 5% af árlegu ráðstöfunarfé sínu á árunum 1993 og 1994 til hlutabréfakaupa. Þróunarfélag Íslands hf., sem er félag í eigu lífeyrissjóðanna, banka, sjóða, fyrirtækja og einstaklinga, sérhæfir sig í að leggja fram áhættufé til atvinnurekstrar og enn fremur má benda á að hluta af lánum Byggðastofnunar má flokka sem nokkurs konar áhættulán, enda eru teknar ákvarðanir um framlög í afskriftasjóð samhliða lánveitingum teljist þær áhættusamar.

5. *Stendur ekki til að hætta við áform um einkavæðingu ríkisfyrirtækja þar sem greinilegt er að fækkun starfa fylgir í kjölfarið?*

Af spurningunni má ráða að fyrirspyrjandi gengur út frá því sem gefnu að störfum fækki hjá þeim ríkisfyrirtækjum sem seld eru. Þetta er misskilningur. Hið rétta er að hjá þeim ríkisfyrirtækjum, sem seld hafa verið á sl. tveimur árum, hefur starfsmönnum fjölgað. Áform ríkisstjórnarinnar um sölu ríkisfyrirtækja standa óhögguð.

6. *Á hvern hátt verður sérstaklega brugðist við því að atvinnuleysi er mun meira meðal kvenna en karla?*

Ýmsar þær aðgerðir, sem gripið hefur verið til, hafa beinst að því að skapa atvinnutækifæri fyrir konur fremur en fyrir karla. Þannig veitti félagsmálaráðuneyti t.d. sérstakt 60 millj. kr. framlag til atvinnusköpunar fyrir konur og 20 millj. kr. runnu til reksturs átaksverkefnis til eflingar handverksiðnaði sem að starfa einkum konur.

7. *Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á lögum um atvinnuleysistryggingar til að beita þeim meira til atvinnuaukningar? Verður bótaréttur rýmkaður, t.d. fyrir námsmenn?*

Gerð er grein fyrir breyttum reglum er gilda við úthlutun til atvinnuskapandi verkefna úr Atvinnuleysistryggingasjóði í svari við 10. spurningu.

Starfshópi á vegum félagsmálaráðherra hefur verið falið að kanna sérstaklega réttindi atvinnulausra með tilliti til bótakerfis almannatrygginga og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga. Er starfshópnum falið að kanna leiðir er tryggi betur framfærsluöryggi þeirra sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi og einnig að athuga hvort hægt sé að gera bótakerfi hins opinbera markvissara, þannig að það nýtist betur þeim sem verst standa. Engin ákvörðun hefur verið tekin um rýmkun bótaréttar fyrir námsmenn eða aðra hópa.

8. *Hvernig verður stuðlað að því að íslensk fyrirtæki hafi jafna möguleika og erlend fyrirtæki til að bjóða í verk á vegum ríkisins? Er hugsanlegt að breyta reglum íslenskum fyrirtækjum í vil?*

Að jafnaði eru íslensk fyrirtæki í mun betri aðstöðu til að bjóða í verk á vegum ríkisins en erlend vegna nálægðar, sérhæfingar og þekkingar á markaði. Engar reglur eru til sem ívilna sérstaklega íslenskum fyrirtækjum við útboð. Samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði skal bjóða út öll vörukaup umfram fjárhæðarmörkin 16,4 millj. kr. og allar verklegar framkvæmdir umfram fjárhæðarmörkin 410 millj. kr. á hinu Evrópska efnahagssvæði. Til þessa hefur verið litið svo á að íslensk fyrirtæki hafi fremur ávinning en skaða af þessu fyrirkomulagi vegna þeirrar verndar sem áður er minnst á og vegna þess að hér hefur skapast hefð fyrir virkri samkeppni fyrirtækja á grundvelli útboða. Fjölmörg innlend fyrirtæki fylgjast með útboðsauglýsingum á vegum annarra ríkja á hinu sameiginlega markaðssvæði og standa vonir til þess að slíkt muni leiða til aukins útflutnings og verktöku erlendis er fram í sækir.

9. *Hafa stjórnvöld í hyggju að beita sér fyrir styttingu vinnutíma án kjaraskerðingar í því skyni að skapa fleiri störf?*

Stjórnvöld hafa ekki í hyggju að beita sér fyrir styttingu vinnutíma að svo stöddu með lögum, enda bendir reynsla annarra ríkja ekki til að slíkar aðgerðir séu vænlegar til að draga úr atvinnuleysi. Stytting vinnutíma án kjaraskerðingar gerir vinnuaflsnotkun dýrari og hlýtur því í flestum tilvikum að leiða til versnandi samkeppnisstöðu atvinnulífs og fyrirtækja sem aftur kann að þýða að störf tapist. Eðlilegast er að tekið sé á styttingu vinnutíma í samningum aðila vinnumarkaðarins án atbeina ríkisvaldsins. Til fróðleiks skal vísað til álits nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði haustið 1987 til þess að gera tillögur um leiðir til að stytta vinnutímann á Íslandi.

10. *Hvaða vinnumarkaðsaðgerðir eru fyrirhugaðar? Verður komið á verkþjálfunarnámskeiðum fyrir ungt fólk? Verður þeim sem orðnir eru 60 ára og eldri boðinn sá valkostur að minnka við sig vinnu án launaskerðingar?*

Áðurnefndum starfshópi á vegum félagsmálaráðuneytisins, sem hefur réttindamál atvinnulausra til skoðunar, var einnig falið að huga að aðgerðum til aðstoðar atvinnulausum, einkum ófaglærðum, ungu fólki og þeim sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi. Kemur þar einkum til greina að bjóða störf við verkefni sem styrkt eru af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Félagsmálaráðuneytið hefur gefið út reglur um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu 1994. Meðal nýjunga þar má nefna að heimilt er að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga sem ætluð eru námsmönnum, einkum þeim sem lokið hafa námi. Sama gildir um sérstök verkefni fyrir þá sem eru með skerta starfsorku. Þó skal tekið fram að styrkveitingar ná einungis til þeirra sem hafa einhvern bótarétt. Önnur nýjung er að heimilt er að styrkja atvinnulausa einstaklinga til að hefja atvinnustarfsemi með þeim hætti að þeir haldi atvinnuleysisbótum í sex mánuði, enda sé starfsemin ekki í beinni samkeppni við annan atvinnurekstur. Aðrar breytingar á reglunum eiga að stuðla að því að eftirsóknarverðara sé fyrir sveitarfélög að fá fyrirgreiðslu úr sjóðnum og í því markmiði hækka greiðslur vegna nýrra atvinnutækifæra miðað við sl. ár.

Veittir hafa verið styrkir til verkþjálfunarnámskeiða úr starfsmenntunarsjóði félagsmálaráðuneytisins.

Til viðbótar því sem áður er getið vegna styttingar vinnutíma gildir hér sú röksemd að slík aðgerð mundi veikja stöðu umræddra aldurhóps gagnvart öðrum aldurshópum á vinnumarkaði.

Fylgiskjal.

Sundurliðun á 1 milljarði kr. til atvinnuskapandi verkefna — fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðarframkvæmda.
(Í millj. kr.)

Ráðu-neyti	Fjárlaga-liður	Heiti stofnunar	Fjár-heimild	Greitt á árinu 1993	Ógreitt	Staða verkefna sem ekki er lokið á árinu 1993
		Æðsta stjórn ríkisins				
00	201	Alþingi	5,0	0,0	5,0	Viðhaldsvinna hefst í vor.
00	510	Bessastaðir	42,5	42,5	0,0	
		Ráðuneyti alls	**47,5**	**42,5**	**5,0**	
		Forsætisráðuneyti				
01	101	Aðalskrifstofa	10,0	2,0	8,0	Verið er að vinna verkið nú (viðhaldsvinna).
01	101	Aðalskrifstofa, heimilis- og listiðnaður	20,0	20,0	0,0	
01	902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	5,0	5,0	0,0	
		Ráðuneyti alls	**35,0**	**27,0**	**8,0**	
		Menntamálaráðuneyti				
02	205	Stofnun Árna Magnússonar	15,0	0,0	15,0	Fjárhæðin er skilyrt jafnháu framlagi frá Háskólanum. Óvíst er hvenær framkvæmdir hefjast.
02	210	Háskólinn á Akureyri	7,0	0,0	7,0	Framkvæmdir hefjast í vor
02	221	Kennaraháskóli Íslands	9,0	3,0	6,0	Framkvæmdir hefjast í vor
02	221	Kennaraháskóli Íslands, Varmalandi	9,0	0,0	9,0	Framkvæmdir hefjast í vor
02	223	Rannsóknarstofnun uppeldismála	8,0	2,2	5,8	Verið er að vinna verkið nú.
02	318	Menntaskólinn á Laugarvatni	10,0	10,0	0,0	
02	318	Menntaskólinn á Laugarvatni, íþróttasv.	30,0	19,8	10,2	Verið er að vinna verkið nú.
02	318	Menntaskólinn við Hamrahlíð	5,0	4,2	0,8	Framkvæmdum er að ljúka.
02	318	Framhaldsskóli Vestfjarða	10,0	0,0	10,0	Vinnan er að fara af stað nú.
02	318	Menntaskólinn á Egilsstöðum	6,0	0,0	6,0	Framkvæmdir hefjast í vor
02	318	Menntaskólinn í Kópavogi	4,0	0,0	4,0	Framkvæmdir hefjast í vor
02	318	Framhaldsskólinn í Grafarvogi	42,5	6,4	36,1	Óvíst er hvenær framkvæmdir hefjast að fullu.
02	318	Flensborgarskóli	5,0	0,0	5,0	Framkvæmdir hefjast í vor
02	318	Fjölbrautarskólinn í Breiðholti	5,0	0,0	5,0	Framkvæmdir hefjast í vor
02	318	Fjölbrautarskóli Suðurnesja	2,0	2,0	0,0	
02	318	Fjölbrautarskóli Vesturlands	1,0	1,0	0,0	
02	318	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	8,0	8,0	0,0	
02	318	Fjölbrautarskólinn Sauðárkróki	1,0	0,6	0,4	Verið er að vinna verkið nú.
02	318	Iðnskólinn í Reykjavík	5,0	5,0	0,0	

Ráðu-neyti	Fjárlaga-liður	Heiti stofnunar	Fjár-heimild	Greitt á árinu 1993	Ógreitt	Staða verkefna sem ekki er lokið á árinu 1993
02	318	Framhaldsskólar, aðrir	40,5	40,5	0,0	
02	907	Listasafn Íslands, Landshöfðingjahúsið	10,0	2,0	8,0	Er í biðstöðu.
02	909	Blindrabókasafn Íslands	7,5	7,5	0,0	
02	973	Þjóðleikhúsið	17,0	17,0	0,0	
02	974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	4,5	4,5	0,0	
02	977	Þjóðarbókhlaða	140,0	140,0	0,0	
02	979	Húsafriðunarsjóður	10,5	10,5	0,0	
02	999	Gamli stýrimannaskólinn v/ Öldugötu	4,0	0,8	3,2	Er í biðstöðu. Ágreiningur er við húsfriðunarnefnd um framhaldið.
	Ráðuneyti alls		**416,5**	**285,0**	**131,5**	
	Landbúnaðarráðuneyti					
04	501	Bændaskólinn á Hvanneyri	5,0	5,0	0,0	
	Ráðuneyti alls		**5,0**	**5,0**	**0,0**	
	Sjávarútvegsráðuneyti					
05	299	Matvælarannsóknir í sjávarútvegi	10,0	0,0	10,0	Verið er að vinna að undirbúningi málsins.
	Ráðuneyti alls		**10,0**	**0,0**	**10,0**	
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti					
06	291	Hæstaréttarhús, Rvík.	25,0	0,0	25,0	
06	391	Húsnæði löggæslustofnana	4,0	4,0	0,0	
06	491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	12,0	12,0	0,0	
06	591	Fangelsisbyggingar	24,0	6,9	17,1	
	Ráðuneyti alls		**65,0**	**22,9**	**42,1**	
	Félagsmálaráðuneyti					
07	795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	32,0	32,0	0,0	
07	981	Atvinnumál kvenna	60,0	49,5	10,5	
	Ráðuneyti alls		**92,0**	**81,5**	**10,5**	
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti					
08	358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2,0	2,0	0,0	

Ráðu-neyti	Fjárlaga-liður	Heiti stofnunar	Fjár-heimild	Greitt á árinu 1993	Ógreitt	Staða verkefna sem ekki er lokið á árinu 1993
08	370	Sjúkrahús í Reykjavík	40,0	40,0	0,0	
08	381	Sjúkrahúsið í Keflavík	3,5	3,5	0,0	
08	381	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	4,0	4,0	0,0	
08	381	Sólvangur, Hafnarfirði	4,5	4,5	0,0	
08	381	Víðines, Kjalarnesi	3,5	3,5	0,0	
08	381	Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	2,0	2,0	0,0	
08	381	Hrafnista, Rvík.	1,5	1,5	0,0	
08	381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	10,0	10,0	0,0	
08	500	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	1,2	1,2	0,0	
08	500	Heilsugæslustöðin Hellu	2,8	2,8	0,0	
	Ráðuneyti alls		**75,0**	**75,0**	**0,0**	
	Fjármálaráðuneyti					
09	981	Arnarhvoll, viðhald	1,5	1,5	0,0	
09	981	Stjórnarráðshúsnæði	13,5	0,0	13,5	Óvíst er hvenær fjárveitingin verður nýtt.
09	981	Stjórnarráðshúsnæði, flutningur ráðuney	35,0	0,0	35,0	Óvíst er hvenær fjárveitingin verður nýtt.
09	981	Tollhús, Rvík.	50,0	50,0	0,0	
09	981	Sölvhólsgata 7, Rvík.	32,0	22,0	10,0	Verið er að vinna verkið nú.
09	981	Sölvhóll, Rvík.	5,0	5,0	0,0	
09	981	Listaskóli, Rvík.	15,0	15,0	0,0	
09	981	Fasteignir á Akureyri	11,0	0,0	11,0	Framkvæmdir hefjast næsta vor.
09	981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	21,0	2,5	18,5	Úthlutun er ekki að fullu lokið. Óvíst hvenær framkvæmdir hefjast.
	Ráðuneyti alls		**184,0**	**96,0**	**88,0**	
	Samgönguráðuneyti					
10	333	Höfnin, Ólafsfirði	30,0	30,0	0,0	
10	333	Höfnin, Grindavík	30,0	30,0	0,0	
10	333	Höfnin, Reyðarfirði	7,0	7,0	0,0	
10	333	Höfnin, Sauðárkróki	12,0	12,0	0,0	
10	333	Höfnin, Vogum	1,0	1,0	0,0	
10	333	Sjóvarnargarður, Höfn í Hornafj.	15,0	0,0	15,0	Framkvæmdir hefjast næsta vor.
	Ráðuneyti alls		**95,0**	**80,0**	**15,0**	

Ráðu-neyti-	Fjárlaga-liður	Heiti stofnunar	Fjár-heimild	Greitt á árinu 1993	Ógreitt		Staða verkefna sem ekki er lokið á árinu 1993						
	Iðnaðarráðuneyti												
11	299	Þróun tæknibúnaðar fyrir fiskvinnslu	5,0	1,3	3,7		Verið er að vinna verkið nú.						
	Ráðuneyti alls		**5,0**	**1,3**	3,7								
	Umhverfisráðuneyti												
14	201	Náttúruverndarráð, þjóðgarðar	15,0	2,5	12,5		Framkvæmdir hefjast að fullu í vor.						
	Ráðuneyti alls		**15,0**	**2,5**	12,5								
	Öll ráðuneyti samtals		**1.045,0**	**718,7**	326,3								

722. Svar [396. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um viðhald og endurnýjun skólamannvirkja á Laugarvatni.

1. *Hversu mikið fjármagn er til ráðstöfunar til byggingarframkvæmda, viðhalds og endurnýjunar á húsnæði menntaskólans og héraðsskólans á Laugarvatni á þessu ári? Hve stór hluti þess er geymd fjárveiting frá árinu 1993?*

Heildarfjárveiting til framkvæmda á Laugarvatni á árinu 1994 er um 100 millj. kr., þar af um 80 millj. kr. vegna íþróttavallar, þ.e. 30 millj. kr. sem veittar voru í fjáraukalögum 1993 og 50 millj. kr. í fjárlögum 1994.

Til framkvæmda og viðhalds húsnæðis menntaskólans eru til ráðstöfunar 18 millj. kr. á þessu ári og eru það eftirstöðvar frá fyrra ári, auk þess sem tekjur af hótelhaldi renna einnig til viðhalds.

2. *Hvaða einstaka verkþætti á að bjóða út? Hvenær hefjast framkvæmdir og hvaða verkþáttum á að ljúka fyrir upphaf næsta skólaárs? Hver er áætlaður kostnaður þessara verkþátta, skipt niður á viðfangsefni?*

Stærri verkþættir verða boðnir út í samræmi við útboðsstefnu ríkisins frá 1993. Skipting heildarframkvæmda á einstaka verkþætti er hins vegar ekki að fullu ljós á þessu stigi málsins og því of snemmt að fullyrða um það hvernig að verki verður staðið.

Þegar hefur verið boðin út endurnýjun á þaki aðalbyggingar menntaskólans. Framkvæmdir hefjast að loknum útboðsfresti og vali á verktaka. Verklok eiga að verða áður en skólahald hefst næsta haust.

Áætlaðan kostnað er ekki unnt að gefa upp fyrr en við opnun tilboða 15. mars nk. Áformað er að vinna að viðhaldsverkefnum skólans að svo miklu leyti sem fjárveitingar endast.

Til viðbótar verða herbergi í heimavist nr. 4 endurnýjuð og er áætlaður kostnaður rúmlega 4 millj. kr. Fjármögnun verður með tekjum af hótelhaldi á þessu ári.

3. *Hver er forgangsröð ráðuneytis á eftirfarandi verkefnum:*
   a. *byggingu álmu ofan á viðbyggingu skólahúss menntaskólans,*
   b. *viðgerðum á múrskemmdum á skólahúsi menntaskólans,*
   c. *viðgerðum á leka í mötuneytisálmu menntaskólans,*
   d. *viðgerðum á steypuskemmdum á húsi héraðsskólans og sambyggðum íþróttasal og sundlaug,*
   e. *frekari viðgerðum á héraðsskólahúsinu, svo sem þaki og gluggum,*
   f. *stækkun heimavistarhúsnæðis,*
   g. *endurnýjun heimavistar héraðsskólans í Mörk,*
   h. *stækkun kennsluhúsnæðis,*
   i. *vinnuaðstöðu kennara við menntaskólann og héraðsskólann,*
   j. *byggingu starfsmannaíbúða,*
   k. *húsnæði fyrir bókasafn skólanna,*
   l. *breytingu og endurnýjun á innviðum héraðsskólans?*

Menntamálaráðherra hefur sett á fót samstarfshóp um framkvæmdir við skólana á Laugarvatni. Eitt af meginverkefnum þessa hóps verður að ákveða forgangsröð verkefna og vinna með hönnuðum að skipulagningu og áætlunum um nýtingu mannvirkja. Í þessum starfshópi eru, auk skólameistara menntaskólans og íþróttakennaraskólans, fulltrúar menntamálaráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins.

Á undanförnum árum hefur verið unnið á vegum ráðuneytisins að því að kanna á hvern hátt nýta megi sem best núverandi húsakost á Laugarvatni og mun það án efa flýta fyrir starfshópnum að komast að niðurstöðu.

Í þessu sambandi hafa verið gerð drög að áætlun um viðgerðir og endurbyggingu húsakosts á Laugarvatni. Ráðuneytið stefnir að því að unnið verði að uppbyggingu skólahúsnæðis á Laugarvatni og að fjárveitingar nægi til að ljúka framkvæmdum á næstu 4–5 árum.

Fylgiskjal.

Menntaskólinn á Laugarvatni.
Yfirlit um fjármagn og framkvæmdir (viðhald) árin 1992 og 1993.
(4. mars 1994).

	Kr.	Kr.
Fjármagn til viðhaldsverkefna og framkvæmda:		
Tekjur:		
Fjárveiting 1992		25.000.000
Fjárveiting 1993		25.000.000
Hóteltekjur 1992 og 1993		10.882.439
Samtals		**60.882.439**
Ráðstöfun fjármagns:		
1. Framkvæmdir á vegum Framkvæmdasýslunnar:		
Endurnýjuð þök á heimavistum (2 x 6 millj. kr.)	12.000.000	
Hurðir í heimavistum, endurnýjaðar	3.500.000	
Gluggar í hús menntaskólans, endurnýjaðir, suðurhlið	2.200.000	
Endurnýjun og nýr búnaður heimavistarherbergja	5.000.000	
Ýmsar viðgerðir, umsjón o.fl.	2.900.000	**25.600.000**
2. Önnur verkefni:		
Endurnýjun ellefu manna heimavistar, ásamt nýjum búnaði (Hlíð)	4.500.000	
Viðhald héraðsskólahúss	900.000	
Viðhald kennarabústaða	950.000	
Markarkjallari o.fl., viðhaldsverk	1.224.000	**7.574.000**
3. Ýmis viðhaldsverkefni, þar með talin húsgögn og gólfdúkur í matsal, hreingerning o.fl.		**4.200.000**
4. Hönnun og umsjón		**5.600.000**
5. Eftirstöðvar 1. janúar 1994		17.908.439
Samtals		**60.882.439**

723. Tillaga til þingsályktunar [469. mál]

um flugmálaáætlun árin 1994–1997.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar skv. I. kafla laga nr. 31/1987 að árin 1994–1997 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1994	1995	1996	1997
1.1. Markaðar tekjur:				
*1. Flugvallagjald	360	360	360	360
*2. Eldsneytisgjald	35	35	35	35
3. Lendingargjöld	55	55	55	55
4. Loftferðaeftirlitsgjöld	24	24	24	24
5. Leigugjöld	15	15	15	15
6. Aðrar tekjur	107	107	107	107
	596	596	596	596
1.2. Önnur framlög:				
1. ICAO-tekjur	340	340	340	340
2. Framlag úr ríkissjóði	532	532	532	532
Samtals	**1.468**	**1.468**	**1.468**	**1.468**

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1994	1995	1996	1997
2.1. Rekstur:				
1. Allar deildir	702	702	702	702
2. Alþjóðaflugþjónustan	371	371	371	371
	1.073	1.073	1.073	1.073
2.2. Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	44	25	100	30
2. Bundið slitlag	52	73	77	124
3. Byggingar	76	77	32	24
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	12	10	10	0
5. Snjóhreinsibúnaður	10	50	52	39
6. Aðflugsbúnaður	18	19	0	0
7. Veðurmælibúnaður	15	0	12	0
8. Ljósabúnaður	6	0	0	0
9. Ýmis búnaður	0	0	19	26
	233	254	302	243
2.3. Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	0	0	10	50
2. Bundið slitlag	49	54	0	0
3. Byggingar	16	13	0	6
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	10	20
6. Aðflugsbúnaður	0	0	0	0
7. Veðurmælibúnaður	0	0	0	0
8. Ljósabúnaður	1	4	0	0
9. Ýmis búnaður	0	0	0	10
	66	71	20	86
2.4. Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	0	5	20	0
2. Bundið slitlag	0	0	0	0
3. Byggingar	1	0	0	0
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	5
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	0	0
6. Aðflugsbúnaður	0	0	0	0
7. Veðurmælibúnaður	0	0	0	0
8. Ljósabúnaður	4	0	0	0
9. Ýmis búnaður	1	0	0	8
	6	5	20	13
2.5. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:				
1. Óskipt	5	5	10	10
2.6. Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður:				
1. Flugstjórnarmiðstöð og annað	55	10	10	10
2. Aðflutningsbúnaður á Vestfjörðum	22	0	0	0
3. GPS-leiðréttingarst. og athuganir	0	22	5	5
	77	32	15	15
2.7. Til leiðréttinga og brýnna verkefna:	0	20	20	20
2.8. Stjórnunarkostnaður:	8	8	8	8
Samtals	**1.468**	**1.468**	**1.468**	**1.468**

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1. Áætlunarflugvellir I.
Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Húsavík, Hornafjörður og Sauðárkrókur.

3.2. Áætlunarflugvellir II.
Patreksfjörður, Bíldudalur, Siglufjörður, Vopnafjörður, Grímsey, Norðfjörður, Flateyri, Þingeyri og Þórshöfn.

3.3. Áætlunarflugvellir III.
Mývatn, Hólmavík, Raufarhöfn, Gjögur, Kópasker, Breiðdalsvík og Borgarfjörður eystri.

3.4. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.
A. Þjónustuvellir: Bakkafjörður, Bakki, Blönduós, Borgarnes, Djúpivogur, Flúðir, Grundarfjörður, Hella, Ingjaldssandur, Melgerðismelar, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes, Rif, Sandskeið, Selfoss, Stóri-Kroppur, Stykkishólmur og Vík.
B. Lendingarstaðir: Arngerðareyri, Álftaver, Búðardalur, Bæir, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Húsafell, Hveravellir, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Nýidalur, Skálavatn, Skógasandur, Sprengisandur, Tálknafjörður og Þórsmörk.

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

Staður/verkefni	1994	1995	1996	1997
4.1. Reykjavík				
1. Girðing	5			
2. Öryggissvæði			20	
3. Aðflugshallasendir		12		
4. Endurnýjun slitlags			8	100
5. Skýjahæðar- og skyggnismælir	6			
6. Vindmælar	3			
7. Ýmis búnaður			5	5
	14	12	33	105
4.2. Akureyri				
1. Stækkun flugstöðvar	20	10		
2. Endurbætur eldri hluta flugstöðvar		25		
3. Stækkun flugvélahlaðs				20
4. Breikkun malbiks			25	
5. Nýtt malbiksyfirlag			20	10
6. Bílastæði og lóð			15	
7. Veðurmælitæki			12	
8. Endurbætur á aðflugi	2			
9. Ýmis búnaður			3	3
	22	35	75	33

Staður/verkefni	1994	1995	1996	1997
4.3. Vestmannaeyjar				
1. Flugstöð, athuganir	2			
2. Tækjageymsla	20			
3. Sandgeymsla				5
4. Slökkvibúnaður	2			
5. Snjóblásari				12
6. Vörubifreið/snjótönn			15	
7. Flutningur á DME	2			
8. Ýmis búnaður			3	3
	26	0	18	20
4.4. Egilsstaðir				
1. Ný flugbraut	19			
2. Flugstöð	22	30		
3. Aðflugshallasendir	12			
4. Snjósópur	10			
5. Snjóblásari		10	7	
6. Vörubifreið/snjótönn		15		
7. Slökkvibúnaður			10	
8. Bílastæði og lóð			15	
9. Stækkun tækjageymslu		6	4	13
10. Skýjahæðar- og skyggnismælir	6			
11. Ýmis búnaður			2	3
	69	61	38	16
4.5. Ísafjörður				
1. Ný tækjageymsla	5	6	1	1
2. Snjóblásari			10	7
3. Vörubifreið/snjótönn		15		
4. Endurbætur á flugstöð			12	
5. Yfirborðslokun klæðningar				14
6. Akbrautir og hlöð			15	
7. Bílastæði og lóð				10
8. Ýmis búnaður			3	3
	5	21	41	35
4.6. Hornafjörður				
1. Lenging flugbrautar	20			
2. Breikkun bundins slitlags			14	
3. Snjósópur			10	
4. Slökkvibifreið	10			
5. Aðflugsbúnaður		7		
6. Flugbrautarljós, endurnýjun	6			
7. Sandgeymsla				5
8. Ýmis búnaður			3	3
	36	7	27	8
4.7. Húsavík				
1. Bundið slitlag	52	18		
2. Öryggissvæði			15	
3. Tækjageymsla			15	
4. Snjósópur		10		
5. Snjóblásari				10
6. Bílastæði og lóð		10	5	
7. Ýmis búnaður				3
	52	38	35	13

Staður/verkefni	1994	1995	1996	1997
4.8. Sauðárkrókur				
1. Bundið slitlag		55	10	
2. Öryggissvæði			15	
3. Tækjageymsla	7			
4. Snjósópur			10	
5. Snjóblásari				10
6. Slökkvibifreið		10		
7. Bílastæði og lóð		15		
8. Endurbætur aðflugs	2			
9. Ýmis búnaður				3
	9	80	35	13
4.9. Patreksfjörður				
1. Bundið slitlag		40	10	
2. Öryggissvæði				35
3. Tækjageymsla, innréttingar				6
4. Snjósópur			10	
5. Ýmis búnaður				4
	0	40	20	45
4.10. Bíldudalur				
1. Flugstöð	2			
2. Tækjageymsla	1			
3. Bundið slitlag	16	14		
4. Lenging flugbrautar				15
5. Snjósópur				10
6. Ýmis búnaður				3
	19	14	0	28
4.11. Grímsey				
1. Ný flugstöð	3	3		
2. Flugbrautarljós á lengingu		4		
3. Aðflugshallaljós, færsla	1			
	4	7	0	0
4.12. Siglufjörður				
1. Bundið slitlag	33			
2. Snjóblásari				10
	33	0	0	10
4.13. Þórshöfn				
1. Farþegaskýli	7	10		
2. Tækjageymsla	3			
3. Ýmis búnaður				3
	10	10	0	3
4.14. Hólmavík				
1. Tækjageymsla	1			
2. Ýmis búnaður				5
	1	0	0	5

Staður/verkefni	1994	1995	1996	1997
4.15. Gjögur				
1. Öryggissvæði			10	
2. Flugbrautarljós á lengingu	4			
3. Slökkvibifreið				5
4. Ýmis búnaður				3
	4	0	10	8
4.16. Mývatn				
1. Lenging flugbrautar		5	10	
2. Ýmis búnaður	1			
	1	5	10	0
4.17. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Óskipt	5	5	10	10
4.18. Flugumferðar- og leiðsögubúnaður				
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	55	10	10	10
2. Aðflugsb. á Vestfjörðum	22			
3. GPS-leiðréttingarst. og ath.		22	5	5
	77	32	15	15
4.19. Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0	20	20	20
4.20. Stjórnunarkostnaður	8	8	8	8
Samtals	**395**	**395**	**395**	**395**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga þessi til þingsályktunar um flugmálaáætlun árin 1994–1997 var samþykkt af flugráði 4. febrúar 1994.

Allar fjárhæðir í tillögunni eru miðaðar við janúarverðlag 1994.

Aðeins er gert ráð fyrir útgjöldum til framkvæmda í flugmálum samkvæmt mörkuðum tekjustofnum, þ.e. flugvallagjaldi og eldsneytisgjaldi.

Að öðru leyti vísast til skýrslunnar „Endurskoðuð flugmálaáætlun 1994–1999“ sem er fylgirit með þingskjali þessu.

1. kafli Inngangur

Í byrjun árs 1984 skipaði Matthías Bjarnason samgönguráðherra nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum, og var verkefni nefndarinnar að gera tillögu um markvissa uppbyggingu íslenskra flugvalla. Nefndin lauk störfum í október 1986 og skilaði mjög ítarlegri skýrslu þar sem gerð var tillaga um 10 ára framkvæmdaáætlun til að ljúka uppbyggingu flugvallanna. Þá voru einnig gerðar tillögur um tekjuöflun til þessa verkefnis.

Samgönguráðherra lagði síðan fram á Alþingi frumvarp til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum sem var samþykkt af Alþingi fyrri hluta árs 1987. Fyrsta þingsályktunin um fjögurra ára flugmálaáætlun var síðan samþykkt fyrir árin 1988-1991, en hún var byggð á 10 ára áætlun flugmálanefndar.

Önnur þingsályktunin um framkvæmdir í flugmálum var síðan samþykkt árið 1991. Þótt hún næði gildi til fjögurra ára var ákveðið, að fjárveitingar til einstakra verkefna yrðu aðeins tilgreindar fyrir fyrstu tvö árin, þ.e. 1992 og 93 þar sem verulegar breytingar hefðu orðið á forsendum flugmálaáætlunar.

Unnið hefur verið markvisst eftir 10 ára áætlun flugmálanefndar frá upphafi og allt fram að þessu. Framkvæmdatíminn hefur hins vegar lengst verulega, þar sem tekjur til að standa undir framkvæmdum flugmálaáætlunar hafa orðið minni en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun.

1.1. Breyttar forsendur

Ljóst er, að forsendur fyrir uppbyggingu einstakra flugvalla hafa breyst mjög mikið frá árinu 1986. Með bættum vegasamgöngum hefur skapast aukin samkeppni milli áætlunarflugsins og einkabílsins og þá einkum til þeirra byggðarlaga sem eru tiltölulega nálægt Reykjavíkursvæðinu. Má þar m.a. nefna Stykkishólm Blönduós og Rif.

Einnig hafa endurbætur á vegum innan einstakra landsvæða haft það í för með sér að áætlunarflugi hefur verið hætt eins og t.d. til Ólafsfjarðar með tilkomu jarðgangna. Einnig er búist við að áætlunarflug til Flateyrar muni leggjast af þegar jarðgöng á norðanverðum Vestfjörðum verða tekin í notkun.

1.2. Tímabil endurskoðaðrar flugmálaáætlunar

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að tímabilið verði sex ár þ.e. frá 1994 - 1999 en að fjögurra ára þingsályktunartillaga fyrir árin 1994 - 1997 verði lögð fram á Alþingi í ársbyrjun 1994.

Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 náði tímabilið yfir tíu ár. Þar sem forsendur breytast svo hratt sem raun ber vitni er mjög hæpið að gera áætlun um uppbyggingu flugvalla á

Íslandi til lengri tíma en sex ára, enda hafa mörg dæmi frá undanförnum árum sýnt það. Samkvæmt lögum nr. 31/1987 skal flugmálaáætlun hins vegar endurskoðuð á tveggja ára fresti.

1.3. Þróun áætlunarflugs eftir landssvæðum

Mjög miklar breytingar hafa átt sér stað í þróun áætlunarflugs til hinna einstöku landssvæða á undanförnum árum og helstu áhrifavaldar verið þessir: bætt þjóðvegakerfi, íbúafækkun í einstaka byggðum, betri samgöngur á landi innan einstaka landssvæða t.d. með jarðgangnagerð, tíðara flugi til stærri áfangastaða, vaxandi samkeppni milli flugrekenda og hagstæðari fargjöld.

Á mynd 1.3.1 má sjá hlutfallslega skiptingu flugflutninga í innanlandsflugi árið 1992 eftir landssvæðum. Eins og þar kemur fram fara um 45% flutninganna um Reykjavíkurflugvöll. Ef gert er ráð fyrir gagnkvæmni í flutningum, fara því um 90% allra flugflutninga í innanlandsflugi um þennan flugvöll. Mikilvægi Reykjavíkurflugvallar í flugsamgöngukerfi landsins og nauðsyn þess að hann sé vel búinn er því augljós. Norðurland, (Akureyri, Húsavík og Grímsey), kemur næst með 21% af flutningunum, en Vestfirðir, Austurland og Suðurland (Vestmannaeyjar) eru hvert um sig með 10% af flutningunum. Norðurland vestra er með 3% og Norð-austurland með um 1% af heildarflutningunum. Flugflutningar um flugvelli á Vesturlandi eru hins vegar innan við 1%.

Mynd 1.3.1. Skipting flugflutninga eftir landssvæðum



1.3.1. Vesturland

Á undanförnum árum hefur verið flogið áætlunarflug til þriggja áfangastaða á Vesturlandi þ.e. Stykkishólms, Grundarfjarðar og Rifs. Vegna bættra vega og nálægðar við höfuðborgarsvæðið hefur áætlunarflug lagst af til Stykkishólms og Grundarfjarðar. Jafnframt var áætlunarflugi til Rifs hætt í árslok 1993 og óvíst hvort einhver flugrekandi hafi áhuga á að taka það upp á ný.

Ljóst er, að flugvellirnir á Rifi og í Stykkishólmi munu áfram þjóna leigu- og sjúkraflugi. Í þessum tillögum er þó ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu flugvallanna á Snæfellsnesi, enda hafa verulegar endurbætur verið gerðar á þeim á undanförnum árum. Lagt er til að aðrir flugvellir og lendingarstaðir í Vesturlandsumdæmi verði skoðaðir sérstaklega hverju sinni við skiptingu fjárveitinga til þessa flokks flugvalla.

1.3.2. Vestfirðir

Hvað flugsamgöngur varðar má skipta Vestfjörðum í þrjú svæði þ.e. suður-svæði, sunnan Dýrafjarðar, norður-svæði norðan Arnarfjarðar og austur-svæði sem er Hólmavík og Strandir. Til Vestfjarða hefur verið haldið uppi áætlunarflugi frá Reykjavík til átta áfangastaða undanfarin ár auk áætlunarflugs milli Akureyrar og Ísafjarðar.

Áætlunarflug til Suðureyrar lagðist niður árið 1991 og eru því áfangastaðirnir í dag sjö. Búast má við að áætlunarflugi til Flateyrar verði hætt þegar jarðgöngin milli Skutulsfjarðar og Önundarfjarðar verða tekin í notkun. Á norður-svæðið verði þá hugsanlega flogið jöfnum höndum áætlunarflug til Ísafjarðar og Þingeyrar og lent á þeim flugvelli sem betur hentar hverju sinni vegna veðurskilyrða. Uppbygging Þingeyrarflugvallar hefur staðið í stað undanfarin ár vegna athugunar á því hvort rétt sé að byggja nýjan flugvöll á Sveinseyri, sem stendur utar í Dýrafirði.

Á suður-svæðinu er haldið uppi áætlunarflugi til Patreksfjarðar og Bíldudals. Með bættum vegasamgöngum innan þessa svæðis má gera ráð fyrir að í framtíðinni verði flogið jöfnum höndum til þessara áfangastaða og þá lent á þeim stað, þar sem veðurskilyrði eru hagstæðust hverju sinni.

Gera verður ráð fyrir að flug til Hólmavíkur og Gjögurs eigi sér framtíð, og þá sérstaklega til Gjögurs vegna einangrunar byggðarinnar. Flug til Gjögurs hefur verið samtengt flugi til Hólmavíkur og er líklegt að svo verði áfram þótt vegurinn milli Hrútafjarðar og Hólmavíkur batni með ári hverju og veiti flugi til Hólmavíkur aukna samkeppni.

Þessi áætlun gerir því ráð fyrir áframhaldandi rekstri sex áætlunarflugvalla í Vestfjarðarumdæmi, þ.e. á Patreksfirði, Bíldudal, Þingeyri, Ísafirði, Gjögri og Hólmavík.

1.3.3. Norðurland-vestra

Á undanförnum árum hefur verið áætlunarflug til þriggja áfangastaða á svæðinu þ.e. Blönduóss, Sauðárkróks og Siglufjarðar. Áætlunarflugi til Blönduóss var hætt á árinu 1992 vegna minnkandi flutninga en gera má ráð fyrir að Blönduóssflugvöllur gegni áfram

þjónustuhlutverki fyrir leigu- og sjúkraflug næstu ár. Þrátt fyrir stórbættar vegasamgöngur virðist áætlunarflug til Sauðárkróks enn halda velli að minnsta kosti hafa flutningar um flugvöllinn ekki dregist saman. Farþegaflutningar til Siglufjarðar hafa verið nokkuð sveiflukenndir á undanförnum árum en gera verður ráð fyrir að beint flug milli Reykjavíkur og Siglufjarðar haldist áfram enn um sinn. Áætlunarflugi milli Akureyrar og Siglufjarðar hefur hins vegar verið hætt. Hugsanlega mundu farþegar til og frá Siglufirði nýta sér aukna ferðatíðni um Sauðárkróksflugvöll í framtíðinni með betri vegi milli Siglufjarðar og Sauðárkróks.

Í þessari áætlun að verður haldið áfram uppbyggingu flugvallanna á Sauðárkróki og Siglufirði með áætlunarflug í huga.

1.3.4. Norðurland

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að ekki verði breytingar á áætlunarflugi til Akureyrar, Húsavíkur og Grímseyjar á næstu árum og þar af leiðandi er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu þessara flugvalla.

Yfir sumarmánuðina hefur verið haldið uppi beinu flugi milli Reykjavíkur og Mývatns. Ef þróun þess flugs verður viðvarandi þarf að huga að endurbótum flugvallarins við Reykjahlíð.

1.3.5. Norð-austurland

Hér er um að ræða svæðið milli Öxarfjarðar og Vopnafjarðar en á þessu tiltölulega litla og fámenna svæði er stundað áætlunarflug til fjögurra áfangastaða þ.e. frá Akureyri til Kópaskers, Raufarhafnar, Þórshafnar og Vopnafjarðar og frá Egilsstöðum til Vopnafjarðar.

Með bættu þjóðvegakerfi innan svæðisins vaknar sú spurning hvort þörf sé fyrir alla þessa flugvelli eða hvort fullnægjandi sé að einn eða tveir áætlunarflugvellir þjóni þessu svæði í framtíðinni. Gert er ráð fyrir að ljúka gerð nýja flugvallarins við Þórshöfn en hægja verulega á uppbyggingu annarra flugvalla á svæðinu enda hafa töluverðar endurbætur verið gerðar á þeim á undanförnum árum.

1.3.6. Austurland

Á Austurlandi er þungamiðja farþegaflugs um Egilsstaði og mun svo væntanlega verða um ókomna framtíð, enda margir þéttbýlisstaðir á Austurlandi sem sækja þjónustu áætlunarflugsins til Egilsstaða.

Hornafjarðarflugvöllur gegnir einnig mikilvægu hlutverki fyrir Suð-austurlandið m.a. vegna vaxandi ferðaþjónustu.

Töluverðar sveiflur hafa verið í farþegaflutningum milli Reykjavíkur og Norðfjarðar á undanförnum árum og því erfitt að spá fram í tímann um þróun farþegaflugs til

Norðfjarðar. Hugsanlega mun samtengt flug milli Reykjavíkur, Egilsstaða og Norðfjarðar renna styrkari stoðum undir áætlunarflug til Norðfjarðar í framtíðinni.

Flogið er frá Egilsstöðum til Breiðdalsvíkur og eru flutningar á þessari leið afar takmarkaðir. Áætlunarflug til Bakkafjarðar lagðist hins vegar af á árinu 1993. Í þessum tillögum er því aðallega lögð áhersla á uppbyggingu flugvallanna á Egilsstöðum og Hornafirði.

1.3.7. Suðurland

Vestmannaeyjaflugvöllur er eini áætlunarflugvöllurinn á Suðurlandi og mun svo væntanlega verða enn um sinn. Farþegaflutningar um flugvöllinn hafa aukist verulega á undanförnum árum og er hann nú orðinn þriðji stærsti innanlandsflugvöllurinn hvað varðar heildarflutning. Því er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu Vestmannaeyjaflugvallar í þessari áætlun.

2. kafli Flugumferð og flutningar

2.1. Farþegar um íslenska áætlunarflugvelli

Farþegaþróun um íslenska áætlunarflugvelli á síðustu árum hefur verið misjöfn eftir landssvæðum. Þannig hefur orðið mikil fækkun á litlum áætlunarflugvöllum eins og á Rifi, Breiðdalsvík og á Bakkafirði, en mikil fjölgun á hinum stærri áætlunarflugvöllum eins og á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Hornafirði og í Vestmannaeyjum.

Á árunum frá 1987 til 1991 var fjöldi farþega um íslenska áætlunarflugvelli á bilinu frá 645 þús. upp í 700 þúsund eins og sjá má á mynd 2.1.1 [1]. Árið 1992, sem var metár, komst farþegafjöldinn upp í 735 þúsund.

[1] Hver farþegi er talinn bæði við brottför og komu.

Mynd 2.1.1. Farþegaflutningar



	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	684.287	646.790	669.083	696.999	679.617	735.268

Ýmsar skýringar má gefa á farþegaþróuninni um íslenska áætlunarflugvelli. Þar sem fjölgunin í farþegaflutningi hefur verið hvað mest hafa flugfélögin boðið flugfarþegum vegna meiri samkeppni innbyrðis og við einkabílinn, hagstæð fargjöld í ríkari mæli en áður. Þannig hefur tekist að fjölga farþegum í innanlandsflugi þrátt fyrir samdrátt í flugflutningum á stuttum flugleiðum. Á árinu 1992 endurnýjuðu Flugleiðir hf. flugflota sinn. Það, ásamt hagstæðari fargjöldum, hefur valdið því, að flugið er enn vænlegur ferðakostur fyrir hinn almenna farþega, sérstaklega á lengri leiðum. Þá hefur erlendum ferðamönnum í innanlandsflugi fjölgað.

Á hinn bóginn hafa litlir flugvellir eins og Stykkishólmur, Blönduós, Ólafsfjörður, Rif og Bakkafjörður lagst af sem áætlunarflugvellir, þar sem farþegum um þessa flugvelli hefur stöðugt farið fækkandi og ekki var talið arðbært af flugrekendum að stunda áætlunarflug til þessara staða. Sennilegasta skýringin á þessari þróun er sú að með bættum vegum hefur aksturstími til Reykjavíkur eða næsta safnflugvallar styst verulega. Ásamt með aukinni bílaeign hefur það leitt til þess, að farþegar telja ekki lengur hagkvæmt að nota áætlunarflug á þessum leiðum.

2.2. *Flughreyfingar um íslenska áætlunarflugvelli*

Fjöldi flughreyfinga, þ.e. flugtaka og lendinga, er einn mælikvarði á þróun flugumferðar um viðkomandi flugvöll flughreyfingar eru ekki einungis tilkomnar vegna áætlunarflugs heldur ná til alls flugs sem um flugvöllinn fer eins og leiguflugs sjúkraflugs, einkaflugs og annars óreglubundins flugs. Áætlunarflugvellirnir gegna þannig alhliða þjónustuhlutverki.

Á árunum 1987 til 1990 var fjöldi flughreyfinga á íslenskum áætlunarflugvöllum á bilinu 170 til 180 þúsund talsins, eins og sjá má af mynd 2.2.1. Á næstu tveim árum varð hins vegar nokkur fækkun á flughreyfingum.

Skýringuna á þessari þróun má m.a. rekja til þess að einkaflug hefur dregist verulega saman á meðan áætlunarflug, leiguflug og sjúkraflug hefur staðið nokkurn veginn í stað. Er það líklega vegna núverandi efnahagsástands í þjóðfélaginu, en einnig hafa verið lagðar auknar álögur á einkaflugið t.d. virðisaukaskattur. Jafnframt má gera ráð fyrir, að stærð flugvélanna í innanlandsflugflotanum hafi hér einhver áhrif.

Mynd 2.2.1. Flughreyfingar



	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Hreyfingar	173.367	173.141	171.739	181.214	154.593	148.274

2.3. Vöru- og póstflutningar

Á s.l. árum hafa vöru- og póstflutningar um íslenska áætlunarflugvelli dregist verulega saman. Árið 1987 voru þessir flutningar tæplega 10.000 tonn en árið 1992 um 6.500 tonn.eins og sjá má á mynd 2.3.1.

Mynd 2.3.1. Vöru- og póstflutningar



	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Tonn	9.887	9.332	8.869	8.246	7.499	6.431

Ýmsar ástæður eru fyrir þessari þróun. Má þar telja að flutningarnir hafi færst meira yfir á þjóðvegina, þar sem þessir flutningar eru ódýrari með bílum heldur en með flugi. Póstur er nú fluttur með bílum milli Reykjavíkur og Akureyrar í auknum mæli.

Búast má við, að vöru- og póstflutningar með flugi eigi enn eftir að dragast saman. Þó má gera ráð fyrir, að dýrar smávörur dagblöð og flutningur, sem koma þarf milli staða með litlum fyrirvara, verði áfram flutt flugleiðis. Nauðsynjavörur verða einnig að einhverju leyti fluttar með flugi til einangraðra byggðarlaga, eins og verið hefur. Má þar nefna staði eins og Borgarfjörð eystra og Gjögur.

2.4. Flugrekstraraðilar sem stunda áætlunarflug

Núna eru starfandi fimm flugfélög sem hafa leyfi til og stunda áætlunarflug innanlands allt árið. Þau eru Flugleiðir h/f, Íslandsflug h/f, Flugfélag Norðurlands h/f, Flugfélag Austurlands h/f.og Flugfélagið Ernir hf.

2.5. Loftför

Síðustu árin hafa flugvélar með tveimur hreyflum verið notaðar í áætlunarflugi hér innanlands. Uppbygging íslensku áætlunarflugvallanna hefur miðast við þarfir þessara flugvéla, hvað varðar flugbrautir, flughlöð og þá öryggisstaðla sem settir eru fram í alþjóðareglum (ICAO Annex 14).

Árið 1992 endurnýjuðu Flugleiðir h/f allan sinn innanlandsflugflota, sem hefur þau áhrif að þeir öryggisstaðlar, sem segja til um brunavarnir á flugvöllunum, færast upp um einn flokk skv. ICAO Annex 14.

Í eftirfarandi töflu má sjá tegundir loftfara annars vegar í áætlunarflugi og hins vegar í leigu-, póst- og sjúkraflugi.

Tafla 2.5.1. Listi yfir flugrekendur og fjölhreyfla flugvélar þeirra.

	Flugrekandi/staður	*Loftfar*	*Fjöldi*	*Sæti*	*Samtals*
Á	Flugleiðir h/f	Fokker 50	4	50	200
Æ	Reykjavík				
T					
L	Íslandsflug h/f	Dornier 228	2	19	38
U	Reykjavík	Beech 99	2	15	30
N		PA-31	1	9	9
A					
R	Flugfélag Norðurlands h/f	Piper 31	2	9	18
	Akureyri	Twin Otter	3	19	57
O		Piper 23	1	5	5
G		Fairchild SA 227	1	19	19
L	Flugfélagið Ernir h/f	Piper 23	1	5	5
E	Ísafirði	Piper 31	1	9	9
I		Twin Otter	1	19	19
G					
U	Flugfélag Austurlands h/f	Piper 31	2	9	18
F	Egilsstöðum				
L.					
	Samtals		*21*		*427*
	Flugrekandi/staður	*Loftfar*	*Fjöldi*	*Sæti*	*Samtals*
	Leiguflug Í. Ottesen h/f.	Cessna 402	2	7/8	15
	Reykjavík	Piper 23	1	5	5
L	Valur Andersen	Piper 31	1	9	9
E	Vestmannaeyjum				
I					
G	Flugstöðin h/f	Rockwell 690A	1	8	8
U	Reykjavík				
F					
L	Óðinn hf.	HP-137	1	9	9
U	Reykjavík				
G					
	Mýflug h/f	Piper 31	1	9	9
	Reykjahlíð við Mývatn				
	Garðaflug h/f	Cessna 337G	1	5	5
	Garðabæ				
	Reynir Ragnarsson	Piper 23	1	5	5
	Vík í Mýrdal				
	Samtals		*9*		*65*
	SAMTALS		*30*		*492*

3. Kafli Flokkun flugvalla

3.1. Flokkun flugvalla frá 1986

Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 er lagt til að flugvöllum verði skipt í fimm flokka, þ.e. áætlunarflugvelli I, II og III, aðra flugvelli og lendingarstaði eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Tafla 3.1.1. Flokkun flugvalla frá 1986

Áætlunarflugvellir I	Flugvellir með 1800 m flugrein og lengri
Áætlunarflugvellir II	Flugvellir með 1200 að 1800 m flugrein
Áætlunarflugvellir III	Flugvellir með 800 að 1200 m flugrein
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	Flugvellir með allt að 800 m flugrein

Nokkurs misskilnings hefur gætt um gildi þessarar flokkunar sem hefur stundum verið túlkuð sem forgangsröðun vegna framkvæmda, sem megi skilja þannig að uppbyggingu flugvalla í flokki I verði lokið fyrr en uppbygging flugvalla í flokki II og III.

Í þessum tillögum er lagt til að flokkun flugvalla verði tvíþætt. Annars vegar verði flokkað samkvæmt alþjóðlegum staðli (ICAO Annex 14) og hins vegar eftir flutningsmagni.

3.1.1. Flokkun flugvalla eftir alþjóðlegum staðli

Í ICAO Annex 14 frá júlí 1990 er eftirfarandi tafla um flokkun flugvalla:

Tafla 3.1.2. Flokkun flugvalla eftir alþjóðlegum staðli

I		*II*		
Flokkur	*Flugbrautarlengd*	*Flokkur*	*Vænghaf*	*Breidd milli aðalhjóla*
1	Styttri en 800 m	A	Styttra en 15 m	Styttri en 4,5 m
2	800 m að 1200 m	B	15 m að 24 m	4,5 m að 6 m
3	1200 m að 1800 m	C	24 m að 36 m	6 m að 9 m
4	1800 m og lengri	D	36 m að 52 m	9 m að 14 m
		E	52 m og lengra	9 m að 14 m

Samkvæmt þessu flokkast íslenskir áætlunarflugvellir á eftirfarandi hátt:

Flokkur 2B Grímsey, Siglufjörður, Vopnafjörður, Flateyri, Bíldudalur, Norðfjörður, Þórshöfn, Gjögur, Borgarfjörður eystri, Raufarhöfn, Breiðdalsvík, Kópasker, Hólmavík og Mývatn.

Flokkur 2C Þingeyri

Flokkur 3C Ísafjörður, Sauðárkrókur, Vestmannaeyjar, Húsavík, Hornafjörður og Patreksfjörður.

Flokkur 3D Reykjavík

Flokkur 4D Akureyri og Egilsstaðir

Flokkur 4E Keflavík

Eins og áður er getið hefur þessi flokkun engin áhrif á forgangsröðun framkvæmda við áframhaldandi uppbyggingu þeirra.

3.1.2. Flokkun áætlunarflugvalla eftir flutningum.

Við flokkun flugvalla eftir flutningsmagni er lagt til, að miðað sé við tonnatölu. Tonnflutningar eru samanlagur massi farþega og er hver farþegi þá reiknaður 90 kg að meðaltali með farangri og meðaltalsflutningar á árunum 1988 - 1992 lagðir til grundvallar.

Flokkur I	1000 tonn og yfir
Flokkur II	250 - 999 tonn
Flokkur III	allt að 249 tonnum

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun áætlunarflugvallanna og röðun samkvæmt flutningsmagni.

Tafla 3.1.3 Flokkun eftir flutningum

	Flugvellir	*Farþegar*		*Vörur og póstur*	*Samtals*
		Fjöldi	*Tonn*	*Tonn*	*Tonn*
	Reykjavík	299.877	26.989	3.271	30.260
	Akureyri	121.682	10.951	1.526	12.477
Flokkur	Vestmannaeyjar	71.721	6.455	244	6.699
	Egilsstaðir	48.675	4.381	679	5.060
	Ísafjörður	46.580	4.192	593	4.785
I	Húsavík	15.882	1.429	209	1.638
	Hornafjörður	14.964	1.347	230	1.577
	Sauðárkrókur	11.053	995	229	1.224
	Samtals	**630.434**	**56.739**	**6.981**	**63.720**
	Patreksfjörður	6.760	608	214	822
	Bíldudalur	4.683	421	121	542
Flokkur	Siglufjörður	4.745	427	70	497
	Vopnafjörður	3.843	346	112	458
	Grímsey	3.523	317	102	419
II	Norðfjörður	3.438	309	31	340
	Flateyri	3.005	270	68	338
	Þingeyri	2.116	190	82	272
	Þórshöfn	2.050	186	65	251
	Samtals	**34.163**	**3.074**	**865**	**3.939**
	Mývatn	2.204	198	0	198
	Hólmavík	1.251	113	40	153
Flokkur	Raufarhöfn	1.005	90	45	135
	Gjögur	758	68	20	88
	Kópasker	519	47	26	73
III	Breiðdalsvík	540	49	2	51
	Borgarfjörður	199	18	29	47
	Samtals	**6.476**	**583**	**162**	**745**
	Alls	**671.073**	**60.396**	**8.008**	**68.404**

Hlutfallslegt vægi flugvallanna í hverjum flokki er sýnt á myndum 3.1.1 til 3.1.3

Mynd 3.1.1 Flokkur I - tonn flutningar



Mynd 3.1.2. Flokkur II - tonn flutningar



Mynd 3.1.3. Flokkur III - tonn flutningar



3.1.3. Flokkun annarra flugvalla og lendingarstaða

Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 eru flugvöllum, öðrum en áætlunarflugvöllum, skipað í tvo flokka, þ.e. aðra flugvelli og lendingarstaði. Í þessari skýrslu er gert ráð fyrir, að þessir flugvellir verði allir í flokki IV, sem hafi eftirfarandi undirflokka:

A: Þjónustuflugvellir eru flugvellir sem flogið er til í verulegum mæli leigu- og sjúkraflug, t.d. þeir flugvellir þar sem sem áætlunarflugi hefur verið hætt.

B: Lendingarstaðir eru merktir lendingarstaðir með lágmarksviðhaldi. Gert er ráð fyrir í þessum tillögum að þeim verði fækkað verulega.

3.2. *Flokkun flugvalla eftir flutningsmagni og hlutverki*

Samkvæmt ofangreindu flokkast íslenskir flugvellir (aðrir en Keflavíkurflugvöllur) því á eftirfarandi hátt:

Flokkur I	
Áætlunarflugvellir:	Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Húsavík, Hornafjörður og Sauðárkrókur.
Flokkur II	
Áætlunarflugvellir:	Patreksfjörður, Bíldudalur, Siglufjörður, Vopnafjörður, Grímsey, Norðfjörður, Flateyri, Þingeyri og Þórshöfn.
Flokkur III	
Áætlunarflugvellir:	Mývatn, Hólmavík, Raufarhöfn, Gjögur, Kópasker, Breiðdalsvík og Borgarfjörður eystri.

Flokkur IV

A Þjónustuvellir: Bakkafjörður, Bakki, Blönduós, Borgarnes, Djúpivogur, Flúðir, Grundarfjörður, Hella, Ingjaldssandur, Melgerðismelar, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes, Rif, Sandskeið, Selfoss, Stóri-Kroppur, Stykkishólmur og Vík.

B Lendingastaðir: Arngerðareyri, Álftaver, Búðardalur, Bæir, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðalindir, Hrafnseyri, Húsafell, Hveravellir, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Nýidalur, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Tálknafjörður og Þórsmörk.

Gert er ráð fyrir í þessum tillögum að eftirfarandi lendingarstaðir falli út af flugmálaáætlun vegna lélegs ástands, eða vegna þess að þeir eru í eigu og umsjá annarra aðila: Auðkúluheiði, Berjanesfitjar, Bolungarvík, Breiðabólstaður, Búrfell, Dagverðará, Einholtsmelar, Forsæti, Gunnarsholt, Hrísey, Hvammstangi, Hvolsvöllur, Króksfjarðarnes, Melanes, Melgraseyri, Múlakot, Narfastaðamelar, Núpur, Sandármelar, Steinasandur, Stórholt, Suðureyri og Þórisós.

4. kafli Flugvellir og búnaður þeirra

4.1. Búnaður flugvalla

Flugvöllur er öll þau mannvirki, sem eru innan flugvallargirðingar auk aðflugsbúnaðar í nágrenni hans. Um er að ræða flugbrautir, öryggissvæði, byggingar, slökkvi- og snjóhreinsibúnað, aðflugs- og ljósabúnað og veðurmælibúnað.

4.1.1. Flugbrautir, akbrautir og hlöð

Á undanförnum sex árum hefur verið unnið að flugbrautaframkvæmdum á þrettán flugvöllum. Gerðar voru nýjar flugbrautir á Egilsstöðum, Þórshöfn, Kópaskeri, Rifi, Hólmavík, Reykjahlíð, Bakka og Borgarnesi. Ennfremur var unnið að lengingu flugvallanna í Grímsey, Vopnafirði, Gjögri, Borgarfirði eystra, Húsavík og á Breiðdalsvík.

Gerð hafa verið ný flughlöð á Sauðárkróki, Vopnafirði, Flateyri, Hólmavík, Norðfirði og Egilsstöðum. Ennfremur hafa verið stækkuð flughlöðin á Akureyri, Vestmannaeyjum, Bíldudal og í Grímsey.

Í þessari áætlun er ekki gert ráð fyrir frekari nýbyggingum flugbrauta, nema ef til vill í Dýrafirði, ef athuganir benda til þess að hagkvæmt þyki að gera nýjan flugvöll á Sveinseyri.

Lenging flugbrauta kemur einkum til álita á Hornafjarðarflugvelli, Þingeyrarflugvelli (ef flugvöllur á Sveinseyri þykir ekki fýsilegur), Bíldudalsflugvelli og Reykjahlíðarflugvelli.

Tafla 4.1.1 Flubrautir

Flugvöllur	*Stærð*	*Stærð*	*Lenging*	*Endurb.-slitlags*
Reykjavík	1749 * 45	1453 * 45		
Akureyri	1940 * 50			
Vestmannaeyjar	1210 * 45	1160 * 45		
Egilsstaðir	2000 * 48			
Ísafjörður	1400 * 45			
Húsavík	1462 * 48			X
Hornafjörður	1228 * 45		X	X
Sauðárkrókur	2012 * 50			
Patreksfjörður	1400 * 45	1100 * 30		X
Bíldudalur	881 * 30		X	
Siglufjörður	1084 * 32			X
Vopnafjörður	933 * 30			
Grímsey	1104 * 32			
Norðfjörður	1112 * 30			
Flateyri	816 * 30			
Þingeyri	980 * 42			
Þórshöfn	1020 * 31	1200 * 45		
Mývatn	807 * 30		X	
Hólmavík	900 * 30			
Raufarhöfn	1077 * 36	577 * 28		
Gjögur	927 * 30			
Kópasker	900 * 25	800 * 30		
Breiðdalsvík	813 * 25			
Borgarfjörður	932 * 30			X

Ekki er talin brýn þörf á frekari nýbyggingum eða stækkun flughlaða í þessari áætlun nema á Hornafjarðarflugvelli og breikkun akbrautar á Húsavíkurflugvelli.

4.1.2. Öryggissvæði

Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 er settur fram íslenskur staðall um flugbrautir og öryggissvæði sem er vegna íslenskra aðstæðna nokkuð frábrugðinn tilmælum í ICAO Annex 14, sérstaklega hvað varðar breidd öryggissvæða og lengd og breidd endaöryggissvæða. Eftir þessum staðli hefur verið unnið á undanförnum árum og ráðgert er að áfram verði unnið eftir þessum staðli.

Gera má ráð fyrir að í framtíðinni þurfi að aðlaga íslenska flugvelli að alþjóðlegum stöðlum, þar sem hægt er að koma því við.

Tafla 4.1.2 Öryggissvæði

Flugvöllur	Hliðar	Endar	Vantar	Ólokið	Ræktuð	90 x 90
Reykjavík	150	60			X	
Akureyri	150	60			X	
Vestmannaeyjar	80					
Egilsstaðir	300	60			X	X
Ísafjörður		60	X			
Húsavík	150	60		X		
Hornafjörður	150	60		X		
Sauðárkrókur	150	60			X	
Patreksfjörður			X			
Bíldudalur	80	60				
Siglufjörður	80	30			X	
Vopnafjörður	80	30			X	
Grímsey		60		X		
Norðfjörður	80	30				
Flateyri		30	X			
Þingeyri		30	X			
Þórshöfn	150	60			X	
Mývatn	80	60				
Hólmavík	80	60				
Raufarhöfn	80	60			X	
Gjögur		30	X			
Kópasker	80	30			X	
Breiðdalsvík	80	60			X	
Borgarfjörður	80	30			X	

Töluvert hefur áunnist í lagfæringum og gerð öryggissvæða á undanförnum árum. Við nýbyggingu flugbrauta hafa öryggissvæði undantekningalaust verið gerð um leið. Ennfremur voru gerð öryggissvæði á Akureyri, Raufarhöfn, Breiðdalsvík og Kópaskeri, þá er lokið fyrsta áfanga öryggissvæða á Húsavík, Mývatni og á Borgarfirði eystri.

Mikið er þó ógert í þessum verkefnaþætti og þá helst á þeim stöðum þar sem mjög kostnaðarsamt verður að koma þessum málum í viðunandi horf eins og á Ísafirði, Patreksfirði, Þingeyri, Gjögri, Hornafirði og Grímsey.

Við gerð öryggissvæða hefur ekki alltaf verið tekið tillit til burðargetu þeirra og má því búast við að á nokkrum flugvöllum, á þeim árstíma þegar jörð er að þiðna, gegni öryggissvæðin ekki því hlutverki sem þeim er ætlað, verði óhapp og flugvél renni út fyrir flugbrautina. Þetta er atriði sem sérstaklega þarf að hafa í huga við frekari uppbyggingu öryggissvæðanna í framtíðinni.

4.1.3. Byggingar

Mikið átak hefur verið gert í byggingu flugstöðva og farþegaskýla á undanförnum sex árum. Byggðar hafa verið nýjar flugstöðvar á Sauðárkróki, Vopnafirði, Hólmavík og Norðfirði auk þess ný farþegaskýli á Flateyri og Blönduósi sem því miður er ekki lengur nýtt fyrir áætlunarflug. Þá er

í byggingu nýtt farþegaskýli á Bíldudal og mun þeirri framkvæmd ljúka á árinu 1994. Á Egilsstöðum er í byggingu stækkun á flugstöðinni og er lokið fyrsta áfanga, en ráðgert er að ljúka þeirri framkvæmd á næstu tveim árum.

Nú er hafinn undirbúningur að stækkun flugstöðvarinnar á Akureyri sem er viðbygging til suðurs. Með auknu millilandaflugi til Akureyrar er brýn nauðsyn að stækka flugstöðina enda engin aðstaða til tollskoðunar, vopnaleitar og aðskilnaða farþega í millilandaflugi. Auk þess er flugstöðin orðin of lítil til að gegna hlutverki sínu fyrir innanlandsflugið. Vinna við þessa framkæmd er þegar hafin.

Tafla 4.1.3 Byggingar

Flugvöllur	Stærð m^2	Nýleg	Gömul	Stækkanir	Tækja-geymsla	Sand-geymsla
Reykjavík					X	X
Akureyri	850		X	X	X	X
Vestmannaeyjar	580	X			í byggingu	
Egilsstaðir	1.160		X	X	Stækkun	X
Ísafjörður	507		X	X	X (stækkun)	X
Húsavík	580	X			X (stækkun)	
Hornafjörður	480	X			X	
Sauðárkrókur	241	X			X	
Patreksfjörður	241	X			X	
Bíldudalur	120	X			Vantar	
Siglufjörður	90	X			X	
Vopnafjörður	215	X			X	
Grímsey	60		X		X	
Norðfjörður	241	X			X	
Flateyri	79	X				
Þingeyri	241	X				
Þórshöfn	40					
Hólmavík	100	X				
Raufarhöfn	60		X		X	
Gjögur	60	X			X	
Kópasker	60		X			
Breiðdalsvík	60		X			
Borgarfjörður	60	X			X	

Í þessum tillögum er ekki gert ráð fyrir frekari byggingu flugstöðva eða farþegaskýla umfram það sem nú er í framkvæmd. Þó er gert ráð fyrir sérstakri úttekt á flugstöðinni í Vestmannaeyjum til að meta þörfina á endurbótum á henni.

Á undanförnum árum hefur töluvert áunnist í að koma upp nauðsynlegum tækjageymslum á þeim flugvöllum sem búnir eru snjóhreinsitækjum. Í Reykjavík er lokið byggingu véla-, trésmíða- og rafmagnsverkstæða. Í byggingu eru nýjar tækjageymslur á Hornafirði, á Sauðárkróki, í Vestmannaeyjum, og á Gjögri. Byggð var ný sandgeymsla á Egilsstöðum auk þess sem lokið var frágangi tækjageymslu á Siglufirði. Auk þess að ljúka tækjageymslu á Sauðárkróki og í Vestmannaeyjum er nauðsynlegt að stækka tækjageymslu á Egilsstöðum og á Ísafirði. Ennfremur er brýnt að byggja litlar ca 40 - 60 m^2 tækjageymslur á Bíldudal og Hólmavík fyrir slökkvi- og björgunarbúnað og nýja ca 250 m^2 tækjageymslu á Húsavík en gamla tækjageymslan mun þá nýtast sem sandgeymsla. Einnig er nauðsynlegt að byggja sandgeymslu fyrir Vestmannaeyjar og Hornafjarðarflugvöll.

4.1.4. Slökkvi- og björgunarbúnaður

Á s.l. sex árum hefur slökkvibúnaður á Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðarflugvelli verið verulega bættur með tilkomu tveggja nýrra slökkvibíla sem settir voru á Reykjavíkur- og

Akureyrarflugvöll. Eldri slökkvibíll var fluttur frá Reykjavík til Egilsstaða. Ennfremur var á árinu 1991 gerður samningur við norskan framleiðanda um raðsmíði fimm minni slökkvibíla með fyrirvara um fjárveitingar. Fyrsti slökkvibíllinn kom til landsins í júní 1992 og var settur á Ísafjarðarflugvöll. Annar bíllinn, sem kom á s.l. ári fór, til Vestmannaeyja, en ráðgert er að hinir þrír fari til Sauðárkróks árið 1994, 1995 til Hornafjarðar og til Húsavíkur 1996. Þar með verður tilmælum í ICAO Annex 14 fullnægt er varðar stærri flugvellina að Patreksfirði og Þingeyri undanskildum. Með þessu losna nokkrir minni slökkvibílar ásamt þeim bílum sem nú þegar eru lausir, vegna þess að áætlunarflug hefur lagst af á nokkrum stöðum. Verða þeir settir á þá staði þar sem enn vantar slökkvibúnað svo sem Grímsey, Bíldudal, Hólmavík, Þórshöfn og Gjögur. Munu þá flestallir áætlunarflugvellirnir uppfylla tilmæli ICAO Annex 14 um slökkvibúnað. Þörfin fyrir frekari endurbætur á slökkvibúnaði verður endurskoðuð fyrir lok ársins 1996, þegar yfirstandandi innkaupum á slökkvibúnaði verður lokið.

Tafla 4.1.4 Slökkvi- og björgunarbúnaður

Flugvöllur	*Uppfyllir ICAO*	*Ltr. vatn*	*Ltr. froða*	*Halon kg.*	*Hand-slökkvit.*	*Björgun.-bátur*
Reykjavík	fl. 7	11.975	1.445	225		1
Akureyri	fl. 5	5.778	535	75		1
Vestmannaeyjar	fl. 3	1.858	160	75		1
Egilsstaðir	fl. 4	4.178	350	50		1
Ísafjörður	fl. 3	1.858	160	75		1
Húsavík	fl. 2	638	40	25		
Hornafjörður	fl. 2	638	40	25		
Sauðárkrókur	fl. 2	638	40	25		
Patreksfjörður	fl. 2	638	40	25		
Bíldudalur	fl. 2			25		
Siglufjörður	fl. 2	638	40	25		
Vopnafjörður	fl. 2	638	40	25		
Grímsey				30		
Norðfjörður	fl. 2	638	40	25		
Flateyri					6 kg	
Þingeyri	fl. 2	638	40	25		
Þórshöfn					12 kg	
Hólmavík					6 kg	
Raufarhöfn	fl. 2	638	40	25		
Gjögur					12 kg	
Kópasker					6 kg	
Breiðdalsvík					6 kg	
Borgarfjörður					250 kg	

Þar sem búast má við að nýja flugbrautin á Egilsstöðum verði notuð sem varaflugvöllur í millilandaflugi, verður nauðsynlegt að auka slökkvibúnað á flugvellinum með kaupum á nýjum slökkvibíl af stærri gerð.

Nauðsynlegt er að koma fyrir björgunarbúnaði, sem fyrir hendi er á stærri áætlunarflugvöllum svo sem sjúkrakössum, sjúkrabörum og teppum, á sérstaklega smíðaðar kerrur eins og gert hefur verið á Akureyrarflugvelli. Ennfremur þarf að huga að betri aðstöðu til sjósetningar björgunarbáta og koma upp bátum á þeim flugvöllum sem staðsettir eru við sjó.

4.1.5. Snjóhreinsibúnaður

Snjóhreinsitæki Flugmálastjórnar eru flest orðin mjög gömul að undanskildum snjósópum sem keyptir hafa verið nýjir á undanförnum árum ásamt snjóblásara á Akureyri.

Tafla 4.1.5 Snjóhreinsibúnaður

Flugvöllur	*Eigin tæki*	*Verk-takar*	*Vörubíll tönn*	*Snjó-blásari*	*Snjó-sópur*	*Sand-dreifari*	*Hjóla-skófla*
Reykjavík	X		3	1	2	1	X
Akureyri	X		3	2	2	1	X
Vestmannaeyjar	X		1	1	1	1	Vantar
Egilsstaðir	X		1	1		1	X
Ísafjörður	X		1	1	1	1	X
Húsavík	X		1	1		1	
Hornafjörður	X	X	1		1	1	Vantar
Sauðárkrókur	X	X		1		1	
Patreksfjörður		X					
Bíldudalur		X					
Siglufjörður	X	X		1		1	
Vopnafjörður	X	X		1			
Grímsey		X					
Norðfjörður	X	X		1		1	
Flateyri		X					
Þingeyri		X					
Þórshöfn		X					
Hólmavík		X					
Raufarhöfn	X		1	1		1	
Gjögur	X	X	1 (traktor)				
Kópasker	X	X		1			
Breiðdalsvík		X					
Borgarfjörður	X		1	1			

Huga þarf að endurnýjun snjóhreinsibúnaðar á öllum þeim flugvöllum sem hafa bundið slitlag, en á malarbrautum er áfram hægt að nýta sér þjónustu verktaka, Vegagerðarinnar eða einstaka sveitarfélaga.

Í þessari áætlun er því gert ráð fyrir verulegum endurbótum á snjóhreinsibúnaði þar sem mjög erfitt er orðið að treysta á gömul tæki í miklum snjóavetrum.

4.1.6. Aðflugs- og ljósabúnaður

Leiðsögukerfi eru flokkuð eftir því hvar á flugleiðinni þau eru notuð. Um er að ræða flug af eftirfarandi tagi:

- Leiðarflug - milli flugvalla.
- Frumaðflug - í nágrenni flugvallar
- Aðflug - að flugbraut niður í tiltekna lágmarkshæð

Aðflugi er skipt í eftirfarandi aðalflokka:

- Grunnaðflug (Non-Precision Approach)
- Nákvæmnisaðflug samkvæmt flokki I
- Nákvæmnisaðflug samkvæmt flokki II
- Nákvæmnisaðflug samkvæmt flokki III

Eftirfarandi tafla sýnir tegund og fjölda aðflugstækja við flugvelli landsins. Einnig er sýnt yfirlit um núverandi leiðsögubúnað fyrir þessi aðflug.

Tafla 4.1.6 Blindaðflugsbúnaður/aðflugsbúnaður

Flugvöllur	Miðlínu sendir	Aðflugs halla sendir	Fjarlægð aðarmæli víti	NDB	Flugbr.-ljós	Aðflugs-hallaljós	Endurnýjun
Reykjavík	2	1	1	5	X	X	LLZ-GP
Akureyri	1		2	5	X	X	
Vestmannaeyjar			1	2	X	X	
Egilsstaðir	1		1	3	X	X	NDB
Ísafjörður	1		1	3	X		
Húsavík	1		1	2	X	X	
Hornafjörður				1	X	X	
Sauðárkrókur	1	1	1	2	X	X	
Patreksfjörður				1	X	X	
Bíldudalur				1			
Siglufjörður				1			
Vopnafjörður				2	X	X	
Grímsey				1	(X)	X	NDB
Norðfjörður				1			
Flateyri				1			
Þingeyri				1			
Þórshöfn				1	X	X	
Mývatn				1			
Hólmavík				1			
Raufarhöfn				1		"X"	
Gjögur				1	X		
Kópasker				1			NDB
Breiðdalsvík							
Borgarfjörður							

Mjög ör þróun hefur átt sér stað undanfarin ár í flugleiðsögutækni. Þessi þróun mun hafa mikil áhrif á uppbyggingu aðflugskerfa við flugvelli landsins.

Á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, hefur á undanförnum árum starfað sérstök nefnd svonefnd "Future Air Navigation Systems Committee" (FANS), sem skilaði áliti í árslok 1993. Samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar er stefnt að eftirfarandi þróun:

- Gervihnattaleiðsaga mun verða tekin í notkun fyrir leiðarflug og grunnaðflug innan fimm ára. Hér er fyrst og fremst um að ræða GPS leiðsögukerfið.
- Gervihnattaleiðsaga mun leysa hefðbundin kerfi af hólmi við nákvæmnisaðflug samkvæmt flokki I á næstu 10 árum og jafnvel fyrr.

ICAO hefur fjallað ítarlega um niðurstöður FANS nefndarinnar og var hún formlega samþykkt á þingi stofnunarinnar árið 1992. Er nú mikil áhersla lögð á, að þessi tækni verði tekin í notkun um allan heim.

Vegna þessarar þróunar er gert ráð fyrir að ný aðflug með radíóvitum verði ekki tekin í notkun á sex ára áætlunartímabilinu. Þó verði lokið við endurnýjun elstu vitanna, þannig að rekstraröryggi núverandi kerfis verði fullnægjandi.

Aðflugshallasendir verður settur upp á Egilsstaðarflugvelli í samræmi við fyrri áætlanir og lokið verður við endurnýjun hluta ILS búnaðar á Reykjavíkurflugvelli. Með þessum áföngum lýkur uppsetningu ILS kerfa fyrir nákvæmnisaðflug við fjölförnustu flugvellina.

Lagt er til að hraðað verði athugunum á notkun GPS leiðsögutækni fyrir leiðarflug, grunnaðflug og nákvæmnisaðflug samkvæmt flokki I. Athuga verður sérstaklega hvort hægt sé að taka upp GPS nákvæmnisaðflug fyrir flugvelli á sunnanverðum Vestfjörðum, Vestmannaeyjum, Hornafirði og víðar.

Gera verður ráð fyrir árlegri fjárveitingu til athugana og uppsetningar tækja vegna væntanlegrar GPS-leiðsögu sem lýst er að ofan.

Uppsetning MLS aðflugsbúnaðar hefur lítið miðað áfram á alþjóðlegum vettvangi, einkum vegna mikils kostnaðar tækjabúnaðarins bæði á jörðu og í flugvélum. Samkvæmt áætlunum ICAO er ennþá gert ráð fyrir að MLS verði sett upp við alþjóðlega flugvelli fyrir árið 1998. Áætlun ICAO verður hins vegar tekin til endurskoðunar á ráðstefnu um flugleiðsögukerfi árið 1995. Til öryggis er í þessari áætlun enn gert ráð fyrir uppsetningu MLS búnaðar á Reykjavíkurflugvelli.

Eftir ítarlega umfjöllun um þróun þessara mála var eftirfarandi stefnumörkun Flugráðs og Flugmálastjórnar um blindaðflugsbúnað samþykkt 29. nóvember, 1993:

1. Árið 1985 var, að höfðu samráði við Öryggisnefnd FÍA, samþykkt eftirfarandi stefnumörkun Flugráðs og Flugmálastjórnar varðandi blindaðflugsbúnað á Íslandi: "Blindaðflugsbúnaður með tilheyrandi "monitor"-búnaði og vararafmagni verði í samræmi við ákvæði ICAO Annex 10. Radiovitar (NDB) með markvitum og/eða fjarlægðarmæli (DME) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Stefnusendir (LLZ eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Aðflugshallasendir (GS eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem æskileg eru blindaðflugsmörk undir 300 feta skýjahæð og 1,5 km flugskyggni, og réttlætanlegt getur talist"

2. Í ICAO Annex 10 er ILS tilgreint sem alþjóðlegt blindaðflugskerfi fyrir lokaaðflug og lendingu til 1. janúar 1998, en frá þeim tímamörkum taki MLS við því hlutverki. (Lokadagsetning Annex 10 fyrir notkun ILS er 1. janúar 2000, og sama gildir fyrir verndun tíðnisviðs ILS). Með hliðsjón af þeirri öru þróun, sem á undanförnum árum hefur verið í notkun gervihnattakerfa fyrir fjarskipti, flugleiðsögu og eftirlit, hefur ICAO markað þá stefnu að slík kerfi taki að mestu leyti við núverandi þjónustu jarðbundinna stöðva. Með hliðsjón af þessu hefur verið ákveðin sérstök ICAO-ráðstefna árið 1995, sem falið er að fjalla um ýmis fjarskiptamál, þ.á.m. um hugsanlega breytta alþjóðlega stefnumörkun um hlutverk ILS og MLS í þessu samhengi.

3. Á Íslandi eru nú starfrækt tvö Cat.II ILS (bæði á KEF), tvö Cat.I ILS (REK og SAK) og fimm stefnusendar (LLZ). Nauðsyn ber til að ljúka á árinu 1994 uppsetningu aðflugshallasendis á hinum nýja Egilsstaðaflugvelli, m.a. með hliðsjón af hlutverki hans sem varaflugvöllur fyrir millilandaþotur. Þá er jafnframt nauðsynlegt að endurnýja ekki síðar en á árinu 1995 núverandi aðflugshallasendi Reykjavíkurflugvallar, sem nú þegar hefur þjónað langt umfram eðlilegan endingartíma.

4. Flugmálastjórnin hefur að baki tveggja ára reynslu af notkun GPS flugleiðsögutækja hér á landi, og fyrirhugaðar eru frekari mælingar og prófanir slíks búnaðar fyrir blindaðflug að íslenskum flugvöllum. Stefnt er að því að fyrir árslok 1994 verði notkun GPS formlega viðurkennd hér á landi sem "viðbótarkerfi" fyrir ónákvæmt blindaðflug að gefnum tilteknum forsendum. Þá er jafnframt stefnt að því að á árinu 1996 verði heimiluð blindaðflug með aðstoð GPS leiðréttingar- og heilleikastöðva. Búist er við almennri notkun DGPS til blindaðflugs frá og með árinu 2000.

5. Með hliðsjón af ofangreindu telja Flugráð og Flugmálastjórn eðlilegt að bíða niðurstöðu ofangreindrar ICAO-ráðstefnu árið 1995 áður en ákvörðun verði tekin um fjárfestingu hér á landi í fleiri stefnu- og aðflugshallasendum, sem byggi á núverandi ILS tæknilýsingu, en um er getið hér að ofan.

4.1.7. Veðurmælibúnaður

Vindáttar- og stefnumælar ásamt loftþrýstingsmæli (QNH) hafa verið settir upp við alla áætlunarflugvelli. Búnaðurinn sem hefur verið settur upp byggir á gamalli tækni og nýtist vel við venjulegar aðstæður. Lagt er til að þar sem skráning gagna um vindaðstæður er mikilvæg verði búnaðurinn endurnýjaður með nútíma stafrænum búnaði sem skráir gögn og geymir þau í tiltekin

tíma. Stefnt verði að því að gögnin verði send sjálfvirkt til Veðurstofu Íslands til notkunar við veðurspár. Einnig verði gögn send frá skyggnis- og skýjahæðarmælum á flugvöllum til sömu notkunar. Lagt er til að skýjahæðarmælar verði settir upp við þá sex flugvelli sem hafa mesta umferð. Skyggnismælar verði settir upp við flugvellina í Reykjavík, Akureyri og á Egilsstöðum.

Á nokkrum áætlunarflugvöllum hafa verið settir hitaskynjarar í flugbrautir og hefur notkun þeirra veitt flugvallarvörðum mikilvægar upplýsingar um hitabreytingar á yfirborði flugbrautar og sparað þannig ótímabæran mokstur og sandburð. Lagt er til að hitaskynjarar verði settir á alla áætlunarflugvelli með bundið slitlag.

Samkvæmt tillögum flugslysanefndar eftir hið hörmulega flugslys í Ljósufjöllum á Snæfellsnesi var sett upp veðurupplýsingakerfi við áætlunarflugvelli, sem sýndir eru í töflu 4.1.7 Veðurupplýsingakerfið er tengt við tölvu Veðurstofunnar og er þeim takmörkunum háð að ekki er hægt að tengja fleiri notendur við tölvu Veðurstofunnar. Jafnframt hafa staðlar og ýmis önnur atriði breyst frá því að veðurupplýsingatölvan var sett upp. Lagt er til að tölvubúnaðurinn verði endurbættur og settur upp á fleiri flugvöllum sbr. töflu 4.1.7. Jafnframt verði sett upp miðlæg tölva hjá Flugmálastjórn, þannig að mögulegt sé að tengja saman alla áætlunarflugvellina.

Tafla 4.1.7 Veðurmælitæki

Flugvöllur	Vindmælar	Skýjahæða-og skyggnismælar	Veðuruppl.-tölva	QNH	Hitamælar	Endurnýjun
Reykjavík	1	1	2	1		Allt
Akureyri	2		1	2	3	Vindmæli
Vestmannaeyjar	5		1	1		
Egilsstaðir	1	Ljósmælir	1	1	A 1	Allt
Ísafjörður	2		1	1		
Húsavík	1			1		
Hornafjörður	3		1	1	A 1 - Hex	
Sauðárkrókur	1			1		
Patreksfjörður	1			1		
Bíldudalur	1			1		
Siglufjörður	1			1		
Vopnafjörður	1			1		
Grímsey	1			1		QNH
Norðfjörður	1			1		
Flateyri	1			1		
Þingeyri	1			1		
Þórshöfn	1			1		Allt
Hólmavík	1			1		
Raufarhöfn	1			1		
Gjögur	1			1		
Kópasker	1			1		
Breiðdalsvík	1			1		
Borgarfjörður	1			1		

A = Örtölvutækni

4.1.8. Bundið slitlag

Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 var gert ráð fyrir að framkvæmdaþátturinn "bundið slitlag" sé aftast í forgangsröðun framkvæmda. Þessari reglu hefur þó ekki verið alfarið hlítt á undanförnum árum þar sem lagt hefur verið bundið slitlag, klæðning, á Hornafirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði og þverbraut á Rifi.

Í skýrslunni var einnig gert ráð fyrir að lagt yrði malbik á Fokker-flugvellina en olíumöl á minni áætlunarflugvellina.

Á árinu 1987 fékkst heimild til að gera tilraun með klæðningu sem bundið slitlag á einum af Fokker-flugvöllunum þ.e. Hornafjarðarflugvelli. Lögð var tvöföld klæðning 25 m breið á flugbrautina, akbrautina, hlaðið og bílastæði við flugstöðina og lauk þeim framkvæmdum haustið

1987. Tilraunin tókst mjög vel og ljóst er að klæðning sem bundið slitlag dugar vel á Fokker-flugvelli og sparast þannig umtalsverðir fjármunir við þennan framkvæmdaþátt, því lagning klæðningar kostar ca 30% af kostnaði við malbik.

Tafla 4.1.8 Bundið slitlag

Flugvöllur	*Malbik*	*Klæðning*	*Endur-nýjun*	*Endar*	*Hlöð*	*Bílastæði*
Reykjavík	X		X		X	X
Akureyri	X		X		X	
Vestmannaeyjar		X			X	X
Egilsstaðir	X				X	
Ísafjörður		X			X	X
Húsavík						
Hornafjörður		X	X		X	X
Sauðárkrókur				X		
Patreksfjörður						
Bíldudalur						
Siglufjörður					X	
Vopnafjörður				X		
Grímsey						
Norðfjörður						
Flateyri				X		
Þingeyri						
Þórshöfn						
Hólmavík						
Raufarhöfn						
Gjögur						
Kópasker						
Breiðdalsvík						
Borgarfjörður						

Árið 1990 var svo ákveðið að leggja klæðningu á tvo aðra Fokker-flugvelli þ.e. Vestmannaeyjar og Ísafjörð.

Á öllum þessum stöðum hefur klæðningin reynst vel og gefur ennfremur mun betri hemlunarvirkni en malbik sem kemur sér vel á tiltölulega stuttum flugbrautum.

Lagt var malbik á nýju flugbrautina á Egilsstöðum ásamt akbrautum og hlaði. Ennfremur var lagt malbik á stækkun hlaða í Vestmannaeyjum og á Akureyri.

Í þessari áætlun er því ráðgert að klæðning verði notuð í bundið slitlag á þeim áætlunarflugvöllum sem áætlunin gerir ráð fyrir að farið verði í þennan verkefnaþátt.

Við endurbætur slitlags á Reykjavíkur- og Akureyrarflugvelli verður notað malbik.

4.2. Áætlunarflugvellir

4.2.1. Reykjavíkurflugvöllur

Reykjavíkurflugvöllur gegnir mjög mikilvægu hlutverki í innanlands flugsamgöngukerfinu þar sem um 90% allra þeirra sem fljúga í innanlandsflugi fara um flugvöllinn.

Um 300 þúsund farþegar hafa farið að meðaltali um Reykjavíkurflugvöll á undanförnum árum, en árið 1992 var metár í farþegaflutningum um flugvöllinn eða 326 þúsund farþegar. Vöru- og póstflutningar um flugvöllinn eru á undanhaldi, þar sem árið 1987 fóru tæp 4.000 tonn af vörum og pósti en 2.685 tonn árið 1992.

Mynd 4.2.1 Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	252.430	280.926	281.717	304.980	275.563	297.299	306.627	293.864	326.033

Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 var gert ráð fyrir þremum stórum sérverkefnum í eftirfarandi forgangsröð, þ.e:

- endurnýjun slitlags á flugbrautum Reykjavíkurflugvallar,
- gerð nýrrar flugbrautar á Egilsstaðaflugvelli
- byggingu nýrrar flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli.

Sú ákvörðun var síðan tekin að uppbygging Egilsstaðaflugvallar skyldi hafa forgang fram yfir endurbætur flugbrautanna í Reykjavík. Það er því ljóst, að mjög brýnt er að hefja framkvæmdir við þetta verkefni. Vegna mikilla aurbleytuvandamála á nokkrum flugvöllum á landsbyggðinni og takmarkaðs fjármagns til framkvæmda er þó gert ráð fyrir að fresta þessu brýna verkefni enn um stund. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir að hafist verði handa við endurbætur á slitlagi á flugbrautunum á Reykjavíkurflugvelli fyrr en á árinu 1997.

Samkvæmt borgarskipulagi á að færa Hringbrautina til suðurs og er ráðgert að það verði gert innan tveggja til þriggja ára. Það hefur í för með sér að skera þarf allt að 80 m af norðurenda N-S flugbrautarinnar. Reykjavíkurflugvöllur hefur gengt því hlutverki að vera varaflugvöllur í millilandaflugi í gegnum árin og er hætt við að það þjónustuhlutverk skerðist verulega við þessar breytingar nema tilkomi lenging A-V flugbrautarinnar til vesturs að Skerjafirði með göng undir flugbrautina fyrir Suðurgötuna. Áætlað er að slík framkvæmd mundi kosta ca. 800-1.000 milljónir króna. Ekki er gert ráð fyrir slíkri framkvæmd í þessum tillögum.

4.2.1.1. Flugbrautir

Ljóst er að endurbætur á flugbrautum eru mjög fjárfrekar framkvæmdir og því nauðsynlegt að nota tímann sem gefst fram að því til undirbúnings og ýmissa rannsókna á undirbyggingu flugbrautanna. Gerð hefur verið gróf áætlun um nauðsynlegar athuganir, en þær felast einkum í að kanna ítarlega eftirfarandi atriði:

i) Burðarþol

a) Neðra burðarlag, gerð þess, þykkt og sérstaklega yfir hvað fyllt hefur verið.
b) Efra burðarlag, tegund jarðvegsefnis og hvernig er því háttað

ii) Úttekt á um núverandi ástandi

Reykjavíkurflugvöllur er gamalt hernaðarmannvirki sem búið er að viðhalda yfir gegnum árin með tiltölulega litlu fjármagni. Ekki er vitað um að til sé heildstætt yfirlit um núverandi ástand flugbrautanna. Því er mjög brýnt að safna saman þeim upplýsingum sem til eru um gerð flugbrautanna og vinna skipulega úr þeim, þar með talið að:

a) kanna fyrirliggjandi gögn, svo sem þau sem til eru vegna endurbyggingar flugbrautar 02/20 fyrir nokkrum árum.

b) afla frekari gagna, svo sem plötuprófana sem gerðar voru fyrir nokkrum árum ásamt grunnvatnsmælingum.

c) vinna úr þeim upplýsingum sem finnast, teikna yfirlitsmyndir og þversnið af flugbrautunum eftir því sem að upplýsingar liggja fyrir um gerð þeirra, yfirlitsmynd um prufuholur sem teknar hafa verið, borholur á svæðinu og annað sem máli skiptir. Þessari vinnu yrði síðan lokið með skýrslu í máli og myndum um "Ástand flugbrauta á Reykjavíkurflugvelli."

iii) Hefðbundnar rannsóknir

Mælingar með fallóði.

a) þegar frost er nýfarið úr jörðu (lakasta ástand)
b) síðsumarmæling (besta ástand)

Hæðarmæling:

a) frost í hámarki (hæsta staða)
b) síðsumarmæling (lægsta staða)

Grunnvatnsmælingar:

Ekki er útilokað að grunnvatnsstaða hafi einnig áhrif á hæð flugbrautanna. Því þarf að gera grunnvatnsmælingar í borholum á svæðinu. Meta yrði af niðurstöðum ofangreindra mælinga, hvað ástæða er til að endurtaka þær oft.

iv) Frekari rannsóknir

Allar líkur eru á að afla þurfi nánari upplýsinga um undirstöðu og burðarlög flugbrautanna til að meta burðarhæfni þeirra og byggja á tillögugerð um hugsanlegar úrbætur. Ekki er unnt að gera markvissar tillögur um þær athuganir fyrr en lokið er við að safna þeim upplýsingum sem til eru.

v) Mat á umhverfisáhrifum

Umtalsverð jarðvegsskipti í flugbrautum gætu skapað breytt afrennsli í Vatnsmýrina sem hefðu áhrif á vatnsbúskap hennar. Ekki er ólíklegt að yfirvöld umhverfismála létu sig slíkar breytingar nokkru skipta. Af þeim sökum er æskilegt að afla upplýsinga um núverandi grunnvatnsstöðu á svæðinu og kanna hugsanleg árhrif flugbrautarframkvæmda.

4.2.1.2. Flugstöð

Eins og áður er getið var bygging flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli eitt af sérverkefnum flugmálaáætlunar frá 1986. Þannig var gert ráð fyrir, að sérstök fjárveiting fengist til að standa undir þessari framkvæmd. Þörfin fyrir þetta mannvirki er í raun hin sama og árið 1986 að svo

miklu leyti sem hlutverk Reykjarvíkurflugvallar í flugsamgöngukerfi landsins hefur síður en svo minnkað. Því er löngu tímabært að hrinda byggingu þessa mannvirkis í framkvæmd. Hins vegar er ljóst, að takmarkaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar munu ekki geta fjármagnað byggingu flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli um fyrirsjánlega framtíð.

4.2.1.3. Framkvæmdir

Á undanförnum árum hafa helstu framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli verið eftirfarandi: Gerð öryggissvæða við suðurenda N-S flugbrautar, framkvæmdir við nýja girðingu, viðhald á flugskýli no. 3, endurnýjun á stefnusendi og nýbygging fyrir véla- trésmíða- og rafmagnsverkstæði, auk þess var byggð ný spennistöð ásamt vararafvélum og ljósaspennum.

Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 voru brýnustu framkvæmdaverkefni á Reykjavíkurflugvelli þessi:

- Bygging nýrrar flugstöðvar, flughlaðs og akbrauta. - ólokið
- Endurnýjun malbiks á flugbrautum og hlöðum. - ólokið
- Bygging tækjageymslna og endurbætur á flugskýlum. - lokið
- Endurnýjun aðflugsbúnaðar. - lokið að hluta.

Tafla 4.2.1. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Malbik*	1.749 m	45 m	1453 m	45 m
Slitlag: *Malbik*	960 m	30 m		
Öryggisvæði	2x60 m	2x75 m	2x60 m	2x75 m
Öryggisvæði	2x60 m	2x40 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað Verkstæði*
Stærð	Vantar	ca. 300 m^2	500 m^3	1.250 m^2

Aðflugsbúnaður	2 stk LLZ, 1 stk GP, 1 stk DME, 5 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós, aðflugshallaljós, aðflugsljós á braut 20, varaafl
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælar, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	11.975 ltr vatn, 1.445 ltr froða, 225 kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	Volvo '79, MAN '85, MAN '90, Oshkosh '56, Smith snjótennur 5,4 m
Snjóblásari	Oshkosh '48, Volvo með Rolba blásara
Snjósópur	Danline '84, Danline '87 2000
Sanddreifari	Oshkosh '57
Hjólaskófla	Caterpillar 966B '63
Bremsumælir	Saab Turbo '85, Mu-meter
Annað	Ford pickup '83, sláttuvél, valtari, Zetor '78 dráttarvél

Brýnustu framkvæmdaverkefni næstu ára á Reykjavíkurflugvelli eru þessi:

- Ljúka girðingum umhverfis flugvöllinn
- Ljúka öryggissvæðum
- Fegra umhverfið
- Endurnýja hluta aðflugsbúnaðar

- Endurnýja flugbrautarljós á braut 14/32
- Ný föst eða færanleg flugbrautarljós á braut 07/25
- Endurnýja veðurmælibúnað
- Endurnýja slitlag á flugbrautum og hlöðum
- Bygging nýrrar flugstöðvar.

Tafla 4.2.2. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld	Tekjur
Laun og launatengd gjöld	kr. 62.789.000	
Önnur rekstrargjöld	" 36.427.000	
Lendingargjöld		kr. 29.018.189
Leigutekjur		" 5.442.255
Aðrar tekjur		" 5.456.674
Gjöld umfram tekjur		" **59.298.882**
Samtals	**kr. 99.216.000**	**kr. 99.216.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 1,86**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 181,88**	

4.2.2. Akureyrarflugvöllur

Farþegaflutningar um flugvöllinn hafa verið nokkuð jafnir á undanförnum árum frá 115.000 - 120.000 farþegar á ári, en vöru- og póstflutningar hafa minnkað nokkuð undanfarin ár.

Mynd 4.2.2. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	104.875	109.094	118.729	130.499	121.268	120.305	120.877	115.804	130.158

Flugvöllurinn gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í flugsamgöngukerfi landsins. Auk þess að vera með mestu farþegaflutninga frá Reykjavík þjónar hann sem safnflugvöllur fyrir Norð-Austurland. Ennfremur hefur flugvöllurinn undanfarin tvö ár gegnt mikilvægu hlutverki sem varaflugvöllur í millilandaflugi. Þá er ennfremur áætlunarflug frá Akureyri til annarra landshluta þ.e. Egilsstaða og Ísafjarðar, og einnig hefur verið boðið upp á áætlunarflug milli Akureyrar og Keflavíkur.

Síðastliðin tvö sumur hefur verið beint leiguflug með þotum frá Mið-Evrópu til Akureyrar, og ennfremur voru Flugleiðir h/f með leiguflug til Bretlandseyja. Ekki er þó ljóst hver framtíð þessa leiguflugs verður, hvort um er að ræða tímabundinn áhuga ferðamanna á þessu flugi, eða hvort það muni aukast í framtíðinni.

Samkvæmt skýrslu flugmálanefndar frá 1986 voru brýnustu framkvæmdaverkefni þessi:

- Að ljúka við öryggissvæði. - lokið
- Stækkun flugvélahlaðs. - lokið að hluta
- Endurnýjun slökkvibúnaðar. - lokið
- Endurnýjun snjóhreinsibúnaðar. - lokið
- Endurnýjun ratsjárbúnaðar. - lokið

Tafla 4.2.3. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Malbik*	1.940 m	50 m		
Öryggisvæði	2x60 m	2x75 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	1.122 m^2			

Aðflugsbúnaður	1 stk LLZ, 2 stk DME, 5 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós, aðflugshallaljós
Veðurmælibúnaður	2 stk vindmælar, 2 stk QNH
Slökkvibúnaður	5.778 ltr vatn, 535 ltr froða, 75kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	MAN '73, MAN '90 með Smith tönn 5,4 m
Snjóblásari	FWD '53, Supra 2000 '90
Snjósópur	Sicard '65, Danline 2000 '89
Sanddreifari	Oshkosh '52, Epoke p40-14 '74
Hjólaskófla	Clark C55 '85
Bremsumælir	Tapley, MU-meter
Annað	Toyota pickup '90, Lancer '92, snjósleði '74, valtari

Með breyttum áherslum frá árinu 1986 eru brýnustu framkvæmdaverkefni næstu ára þessi:

- Stækkun flugstöðvar.
- Stækkun flugvélahlaðs.
- Breikkun malbiks.
- Nýtt malbiksyfirlag.
- Bætt aðflug.
- Stækkun og frágangur bílastæða.
- Ný aðflugshallaljós.

Tafla 4.2.4. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld	Tekjur
Laun og launatengd gjöld	kr. 16.338.000	
Önnur rekstrargjöld	" 16.253.000	
Lendingargjöld		kr. 9.529.962
Leigutekjur		" 2.304.623
Aðrar tekjur		" 199.651
Gjöld umfram tekjur		" 20.556.764
Samtals	**kr. 32.591.000**	**kr. 32.591.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 1,61**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 157,94**	

4.2.3. Vestmannaeyjaflugvöllur

Á undanförnum árum hafa farþegaflutningar um flugvöllinn aukist verulega, eða frá því að vera um 50.000 árið 1985 í um 82.000 árið 1991, en vöru- og póstflutningar hafa heldur dregist saman.

Mynd 4.2.3. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	29.372	50.079	54.790	59.030	61.109	61.101	71.962	81.588	82.845

Í upphafi ársins 1990 varð sú breyting að öðrum flugrekanda var veitt 20% hlutdeild í áætlunarflugi milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Við þessa breytingu jókst samkeppni á flugleiðinni bæði hvað snertir verð og tíðni flugs. Þá hefur leiguflug aukist talsvert með tilkomu flugrekanda sem hefur sína bækistöð á Vestmannaeyjaflugvelli. Er aðallega um að ræða flug milli Vestmannaeyja og Bakka í Austur-Landeyjum, Hellu og Selfoss.

Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 var gert ráð fyrir lagningu malarslitlags vegna viðhalds flugbrautanna og var sú framkvæmd ráðgerð á árinu 1991. En þannig háttar til að í Vestmannaeyjum er einungis fáanleg hraunefni í malarslitlag, sem eru mjög létt í sér og fjúka því gjarnan í hvassviðrum. Því var horfið frá þessu, en þess í stað ákveðið að setja bundið slitlag,

klæðningu, á báðar flugbrautirnar og var það verk unnið á árinu 1991. Ennfremur var flughlaðið stækkað verulega. Þessi framkvæmd hafði það í för með sér, að endurskipuleggja varð allt verklag við snjóhreinsun á flugbrautunum, en áður höfðu þær verið hreinsaðar með fremur óhagkvæmum tækjum í eigu bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Keyptur var nýr flugbrautarsópur, en önnur tæki, þ.e. dráttarbifreið með snjótönn, snjóblásari og sanddreifari voru fengin gömul og slitin frá öðrum flugvöllum.

Samkvæmt skýrslu flugmálanefndar frá 1986 voru brýnustu framkvæmdaverkefni þessi:

- Lagning nýs malaryfirlags á flugbrautir. - óþarft
- Lagning bundins slitlags. - lokið
- Bygging tækjageymslu. - í framkvæmd
- Kaup á snjóhreinsibúnaði. - keyptur snjósópur
- Endurnýjun blindaðflugsbúnaðar. - ólokið

Tafla 4.2.5. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Klæðning*	1.210 m	45 m	1.160 m	45 m
Öryggisvæði	2 x 60 m	2 x 40 m	2 x 60 m	2 x 40 m

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	580 m^2		Vantar	

Aðflugsbúnaður	1 stk DME , 2 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós, aðflugshallaljós
Veðurmælibúnaður	5 stk vindmælar, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	1.838 ltr vatn, 160 ltr froða, 75kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	Oshkosh '56
Snjóblásari	Volvo '57 með Smith blásara '89
Snjósópur	Danline 540 '91
Sanddreifari	Epoke '74
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Fólksbifreið Toyota '88, valtari

Vegna uppbyggingar flugvallarins eru brýnustu verkefni á næstu árum þessi:

- Ljúka byggingu tækjageymslu.
- Byggja sandgeymslu.
- Nýr slökkvibúnaður.
- Endurnýja snjóhreinsibúnað að hluta til.
- Bættur aðflugsbúnaður.

Tafla 4.2.6. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld	Tekjur
Laun og launatengd gjöld	kr. 6.623.000	
Önnur rekstrargjöld	" 9.821.000	
Lendingargjöld		kr. 4.157.237
Leigutekjur		" 1.051.558
Aðrar tekjur		" 612.948
Gjöld umfram tekjur		" 10.622.257
Samtals	**kr. 16.444.000**	**kr. 16.444.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 1,39**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 128,22**	

4.2.4 Egilsstaðarflugvöllur

Farþegaflutningar um flugvöllinn hafa á undanförnum árum verið um 50.000 og nánast engin breyting á flutningum s.l. tíu ár. Vöru- og póstflutninar hafa einnig verið nokkuð jafnir eða um 650 - 670 tonn á ári.

Mynd 4.2.4. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	45.920	50.771	47.158	46.525	47.986	48.835	49.359	46.865	50.331

Árið 1987 urðu þáttaskil í sögu Egilsstaðaflugvallar en þá var ákveðið að hefja gerð nýrrar flugbrautar, en um margra ára skeið höfðu verið miklar umræður um nauðsyn þess að gera þar nýja flugbraut.

Í upphafi var ákveðið að flugbrautin yrði 2.000 m og byggð nánast að öllu leyti eftir tilmælum í ICAO-Annex 14. Framkvæmdir hófust haustið 1987 og var verkefninu skipt í fimm misstóra áfanga, sem lauk haustið 1992 með 2.000 m malbikaðri braut og all stóru flughlaði.

Samhliða þeirri ákvörðun að byggja nýja flugbraut var ákveðið að hefjast handa við að endurbæta og byggja nýja hæð ofan á gömlu flugstöðina, þar sem ljóst þótti að með tilkomu nýrrar 2.000 m malbikaðrar flugbrautar myndi Egilsstaðaflugvöllur í framtíðinni þjóna mikilvægu hlutverki sem varaflugvöllur í millilandaflugi. Þessu verkefni er ekki að fullu lokið, en lagt er til að ljúka því á árinu 1995.

Nokkur umræða hefur verið um nauðsyn þess að lengja flugbrautina í 2.400 eða 2.700 m, þannig að flugvöllurinn þjóni betur hlutverki sínu sem varaflugvöllur í millilandaflugi. Hér er lagt til, að stefnt verði að því að flugbrautin verði lengd í 2.400 m, en það verkefni verði ekki hafið fyrr en að sex árum liðnum. Egilsstaðaflugvöllur hefur tekið til sín verulegt fjármagn á undanförnum fjórum árum sem leitt hefur af sér að fresta hefur þurft mjög brýnum verkefnum við byggingu annarra flugvalla í landinu.

Í skýrslu flugmálanefndar frá árinu 1986 voru brýnustu framkvæmdaverkefni þessi:

- Ný malbikuð flugbraut í stað núverandi brautar. - lokið
- Endurbætur á flugstöð. - í framkvæmd
- Endurnýjun snjómoksturstækja. - ólokið

Tafla 4.2.7. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Malbik*	2.000 m	45 m		
Öryggisvæði	2 x 60 m	2 x 150 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	1.160 m^2	315 m^2	210 m^2	

Aðflugsbúnaður	1 stk LLZ, 1 stk DME , 3 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós, aðflugshallaljós, Leifturljós
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælar, 1 stk QNH, hæðarmælir
Slökkvibúnaður	4.178 ltr vatn, 350 ltr froða, 50kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	Oshkosh '52 með snjóplóg (gamall)
Snjóblásari	FWD '55
Snjósópur	Vantar
Sanddreifari	Epoke '79
Hjólaskófla	Clark C55 '85 með skóflum og tönn
Bremsumælir	Tapley
Annað	Volvo Lapplander '81, Valtari, vararafstöð

Brýnustu verkefni næstu ára eru eftirfarandi:

- Ljúka endurbótum og byggingu flugstöðvar.
- Endurnýja snjóhreinsibúnað.
- Auka við slökkvibúnað.
- Gerð bílastæða.
- Breytingar á tækjageymslu.
- Hluti öryggissvæða og varnargarðar
- Aðflugshallasendir.

Tafla 4.2.8. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	*Gjöld*	*Tekjur*
Laun og launatengd gjöld	kr. 7.436.000	
Önnur rekstrargjöld	" 6.374.000	
Lendingargjöld		kr. 3.689.751
Leigutekjur		" 883.954
Aðrar tekjur		" 301.783
Gjöld umfram tekjur		" **8.934.512**
Samtals	**kr. 13.810.000**	**kr. 13.810.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 1,74**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 177,52**	

4.2.5. Ísafjarðarflugvöllur

Farþegaflutningar um þennan flugvöll hafa sveiflast nokkuð á undanförnum árum. Flutningarnir náðu hámarki árið 1986 þegar rúmlega 53 þúsund farþegar fóru um flugvöllinn en á árinu 1991 voru þeir 43.500 talsins. Vöru- og póstflutningar hafa dregist nokkuð saman.

Mynd 4.2.5. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	43.359	43.834	53.450	49.485	47.924	46.942	44.507	43.506	50.019

Árið 1990 var ráðist í að setja bundið slitlag á flugbrautina (klæðningu) vegna vaxandi aurbleytuvandamála, á brautinni, en Ísafjarðarflugvöllur gegnir það mikilvægu hlutverki í samgöngukerfi Vestfjarða, að ekki þótti fært að flugvöllurinn lokaðist af þessum sökum. Árið 1991 keypti Ríkissjóður nýlegt 1300m^2 flugskýli af Flugfélaginu Erni. Flugskýlið var síðan afhent Flugmálastjórn til umráða og ráðstöfunar í ársbyrjun 1992.

Flugmálastjórn hefur nýtt hluta flugskýlisins sem tækjageymslu fyrir ýmsan búnað flugvallarins, en núverandi tækjageymsla er orðin of lítil þar sem nauðsynlegt reyndist að kaupa flugbrautarsóp með

tilkomu bundins slitlags á flugbrautinni. Flugfélagið Ernir hefur haft áfram afnot af flugskýlinu, en nauðsynlegt er að taka ákvörðun um hvaða hlutverki þetta flugskýli á að gegna í framtíðinni og um leið að leysa til frambúðar þörfina fyrir stærri tækjageymslu.

Ný slökkvibifreið var keypt á árinu 1992. Ísafjarðarflugvöllur hefur þá sérstöðu að mjög kostnaðarsamt er að byggja öryggissvæði við flugbrautina.

Í skýrslu flugmálanefndar frá árinu 1986 eru brýnustu framkvæmdaverkefni þessi:

- Endurnýjun ýmis búnaðar og mælitækja. - ólokið
- Bundið slitlag á flugbraut. - lokið

Tafla 4.2.9. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Klæðning*	1.400 m	45 m		
Öryggisvæði	2 x 60 m	Vantar		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	507 m^2	272 m^2	84 m^2	

Aðflugsbúnaður	1 stk LLZ, 1 stk DME , 3 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós
Veðurmælibúnaður	2 stk vindmælar, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	1.838 ltr vatn, 160 ltr froða, 75kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	MAN '81 Smith snjótönn '90 3,4 m
Snjóblásari	Aspring '67
Snjósópur	Danline 540 '90
Sanddreifari	Epoke '74
Hjólaskófla	Fiat Alles FR15 '84
Bremsumælir	Tapley
Annað	Fólksbifreið Toyota '88, snjósleði, valtari

Brýnustu framkvæmdaverkefni næstu ára eru eftirfarandi:

- Innréttingar og frágangur nýrrar tækjageymslu.
- Endurnýjun snjóhreinsibúnaðar.
- Breytingar og endurbætur á flugstöð.
- Yfirborðslokun klæðningar.
- Gerð öryggissvæða, þegar til lengri tíma er litið.
- Frágangur akbrauta, hlaðs og lóðar.

Tafla 4.2.10. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld	Tekjur
Laun og launatengd gjöld	kr. 7.688.000	
Önnur rekstrargjöld	" 14.612.000	
Lendingargjöld		kr. 4.208.915
Leigutekjur		" 944.994
Aðrar tekjur		" 300.167
Gjöld umfram tekjur		" **16.845.924**
Samtals	**kr. 22.300.000**	**kr. 22.300.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 3,39**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 336,80**	

4.2.6. Hornafjarðarflugvöllur

Veruleg aukning hefur orðið á farþegaflutningum um flugvöllinn á undanförnum árum. Árið 1985 fóru 12.300 farþegar um flugvöllinn en 16.500 árið 1991. Vöru- og póstflutningar hafa hins vegar dregist nokkuð saman. Skýringin á auknum farþegafjölda undanfarin ár má rekja til átaks við uppbyggingu ferðamannaþjónustu á Hornafjarðarsvæðinu.

Mynd 4.2.6. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	12.681	12.307	13.865	14.087	13.832	13.194	14.803	16.495	16.498

Á árinu 1988 var veitt sérstök fjárveiting til bundins slitlags á flugbrautina (klæðning) sem skoðaðist sem tilraunaverkefni. Það er nú ljóst, fimm árum síðar, að tilraun þessi hefur tekist mjög vel. Nokkur umræða hefur verið um nauðsyn þess að gera þverbraut á flugvellinum og hafa farið fram all nokkrar athuganir á því verkefni. Ljóst er að þverbraut með stefnu, sem skilar bestum árangri, er mjög kostnaðarsöm framkvæmd og lítt arðbær miðað við margar aðrar brýnar framkvæmdir við uppbyggingu flugvallarins. Hér er því lagt til að þverbraut hafi ekki forgang næstu árin.

Í skýrslu flugmálanefndar frá árinu 1986 voru brýnustu framkvæmdaverkefni á Hornafjarðarflugvelli eftirfarandi:

- Lagfæring öryggissvæða. - ólokið
- Uppsetning blindaðflugsbúnaðar. - ólokið
- Gerð þverbrautar. - ólokið
- Bygging tækjageymslu. - í framkvæmd
- Keyptur snjóhreinsibúnaður. - ólokið
- Bundið slitlag á flugbraut og hlað. - lokið

Tafla 4.2.11. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Klæðning*	1.228 m	45 m		
Öryggisvæði	2 x 60 m	Ófullgerð		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækja-geymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	480 m^2	210 m^2	Vantar	

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós, aðflugshallaljós, leifturljós
Veðurmælibúnaður	2 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	638 ltr vatn, 40 ltr froða, 25kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	International '63 með gamalli tönn
Snjóblásari	Vantar
Snjósópur	SMI '77
Sanddreifari	Heimasmíðaður
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Valtari

Brýnustu framkvæmdaverkefni næstu ára eru þessi:

- Lengja flugbraut í 1500 m
- Breikkun bundins slitlags og lokun yfirborðs.
- Ljúka byggingu tækjageymslu.
- Endurnýjun snjóhreinsibúnaðar.
- Bættur slökkvibúnaður.
- Bættur aðflugsbúnaður.
- Leiðarljós.
- Ný aðflugshallaljós og flugbrautarljós.
- Gerð öryggissvæða.
- Stækkun hlaðs.
- Sandgeymsla

Tafla 4.2.12. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld		Tekjur	
Laun og launatengd gjöld	kr.	4.770.000		
Önnur rekstrargjöld	"	4.921.000		
Lendingargjöld			kr.	1.696.479
Leigutekjur			"	546.882
Aðrar tekjur			"	446.163
Gjöld umfram tekjur			"	7.001.476
Samtals	**kr.**	**9.691.000**	**kr.**	**9.691.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr.**	**4,21**		
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr.**	**424,39**		

4.2.7. Húsavíkurflugvöllur

Um þennan flugvöll hafa farið 14-18.000 farþegar á undanförnum árum, viðkomufarþegar ekki meðtaldir. Vöru- og póstflutningar hafa heldur dregist saman. Árið 1989 var lokið við I áfanga við gerð öryggissvæða flugbrautarinnar, en ekki er hægt að ljúka gerð þeirra endanlega fyrr en sett hefur verið bundið slitlag á flugbrautina og endanleg hæðarsetning hennar liggur fyrir.

Mynd 4.2.7. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	13.759	16.702	18.374	18.295	16.787	16.066	17.085	15.458	14.013

Lagt er til að uppbygging Húsavíkurflugvallar miðist eingöngu við innanlandsflug þannig að flugbrautin verði 1.600 m og bundið slitlag verði klæðning. Þær lengingarframkvæmdir sem átt hafa sér stað verða nýttar til að gera fullkominn endaöryggissvæði.

Vorið 1991 var Flugfélagi Norðurlands veitt 20% hlutdeild í flutningunum milli Reykjavíkur og Húsavíkur sem hefur haft í för með sér aukna ferðatíðni.

Samkvæmt skýrslu flugmálanefndar frá 1986 voru brýnustu framkvæmdaverkefni þessi:

- Gerð öryggissvæða. - fyrsta áfanga lokið.
- Afrétting flugbrautar. - ólokið
- Stækkun hlaðs. - lokið
- Lagning bundins slitlags. - ólokið
- Stækkun tækjageymslu. - ólokið
- Endurnýjun snjóhreinsibúnaðar. - ólokið

Tafla 4.2.7.13. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	1.462 m	48 m		
Öryggisvæði	2 x 60 m	2 x 75 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	580 m^2	100 m^2	Vantar	

Aðflugsbúnaður	1 stk LLZ, 1 stk DME , 2 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós, aðflugshallaljós
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	638 ltr vatn, 40 ltr froða, 25kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	Oshkosh '52, gömul tönn
Snjóblásari	FWD '53
Snjósópur	
Sanddreifari	Epoke '82
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Valtari

Brýnustu verkefni næstu ára eru þessi:

- Endurnýjun efra burðarlags og bundið slitlag.
- Ljúka öryggissvæðum.
- Ný tækjageymsla, sú eldri notuð sem sandgeymsla.
- Endurnýjun snjóhreinsibúnaðar.
- Endurnýjun slökkvibúnaðar.
- Bættur aðflugsbúnaður.
- Frágangur lóðar og bílastæða.

Tafla 4.2.14. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld		Tekjur	
Laun og launatengd gjöld	kr.	4.259.000		
Önnur rekstrargjöld	"	4.410.000		
Lendingargjöld			kr.	1.800.940
Leigutekjur			"	324.029
Aðrar tekjur			"	177.547
Gjöld umfram tekjur			"	**6.366.484**
Samtals	**kr.**	**8.669.000**	**kr.**	**8.669.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr.**	**4,51**		
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr.**	**454,33**		

4.2.8. Alexandersflugvöllur, Sauðárkróki

Um þennan flugvöll hafa farþegaflutningar verið nokkuð jafnir á undanförnum árum, 10-11.000 farþegar á ári. Vöru- og póstflutningar eru á undanhaldi vegna bætts vegakerfis.

Mynd 4.2.8. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	8.682	11.228	10.418	10.259	10.314	11.683	12.830	10.446	9.990

Á undanförnum árum hefur verið töluverð umræða um að gera flugvöllinn, þannig að hann þjóni sem varaflugvöllur í millilandaflugi, eins og gert er ráð fyrir í skýrslu flugmálanefndar frá 1986. Eftir að sú ákvörðun var tekin, að nýja flugbrautin á Egilsstöðum yrði 2.000 m löng og með möguleikum á lengingu í 2.400 - 2.700 m hlýtur sú þörf að breytast.

Hér er því lagt til að flugvöllurinn verði byggður upp með þarfir innanlandsflugsins eingöngu í huga, þ.e. að flugbrautin verði 1.600 m löng með klæðningu sem bundið slitlag. Þeir 400 m sem eftir standa af brautinni verði gerðir að fullkomnum endaöryggissvæðum. Staðið verði að þessum

framkvæmdum þannig að ekki verði skertir möguleikar á að byggja flugvöllinn upp sem þotuflugvöll í framtíðinni ef þörf gerist.

Helstu framkvæmdir á Alexandersflugvelli á undanförnum árum eru að byggð var ný 240 m^2 flugstöð og núna er í byggingu ný tækjageymsla.

Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 voru brýnustu framkvæmdaverkefni þessi:

- Bygging flugstöðvar. - lokið
- Upphitun flugbrautar. - varla framkvæmdalegt
- Malbikun flugbrautar, akbrautar og hlaðs. - ólokið

Tafla 4.2.15. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl, malbik*	2.012 m	50 m		
Öryggisvæði	2 x 60 m	2 x 75 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	241 m^2			

Aðflugsbúnaður	1 stk LLZ, 1 stk GP, 1 stk DME, 2 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós, aðflugshallaljós
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	638 ltr vatn, 40 ltr froða, 25kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	Volvo '63 með Smith blásara '88
Snjósópur	
Sanddreifari	Epoke TMK10 '72
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Valtari

Helstu framkvæmdaverkefni næstu ára eru eftirfarandi:

- Lagning bundins slitlags, klæðning.
- Ljúka gerð öryggissvæða.
- Ljúka byggingu tækjageymslu.
- Endurnýja slökkvibúnað.
- Endurnýja og bæta snjóhreinsibúnað.
- Sandgeymsla.
- Frágangur lóðar og bílastæða.

Tafla 4.2.16. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	*Gjöld*	*Tekjur*
Laun og launatengd gjöld	kr. 2.712.000	
Önnur rekstrargjöld	" 2.593.000	
Lendingargjöld		kr. 1.643.756
Leigutekjur		" 0
Aðrar tekjur		" 271.671
Gjöld umfram tekjur		" **3.389.573**
Samtals	**kr. 5.305.000**	**kr. 5.305.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 3,15**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 339,30**	

4.2.9. Patreksfjarðarflugvöllur

Farþegaflutningar um þennan flugvöll hafa heldur verið á undanhaldi á undanförnum árum samanber að árið 1985 fóru 9.400 farþegar um flugvöllinn en tæplega 5.000 árið 1991. Á árinu 1992 fjölgaði farþegum þó í 7.172. Daglegt flug er til Bíldudals, en litlu munar í tíma að aka frá Patreksfirði til Bíldudalsflugvallar eða á flugvöllinn í Sauðlauksdal. Vöru- og póstflutningar eru á undanhaldi.

Mynd 4.2.9. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	7.264	9.410	9.149	8.556	7.969	7.493	6.182	4.983	7.172

Mjög erfiðar aðstæður eru á Patreksfjarðarflugvelli þar sem flugvöllurinn er staðsettur á sandeyri og um er að ræða mjög fínkornóttan sand sem fýkur í skafla. Landið tekur því sífelldum breytingum, en reynt hefur verið á vegum Landgræðslu ríkisins að hefta sandfok með uppgræðslu.

Einu framkvæmdir sem verið hafa á Patreksfjarðarflugvelli á undanförnum fjórum árum er, að keypt var 240 m^2 hluti úr flugskýli sem er á flugvellinum og ráðgert að nota fyrir tækjageymslu.

Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 voru brýnustu framkvæmdaverkefni eftirfarandi:

- Endurnýjun snjóhreinsibúnaðar. - ólokið
- Uppsetning ýmiss fjarskipta-, aðflugs-, og mælibúnaðar. - ólokið
- Malbikun flugbrautar, akbrautar og hlaðs. - ólokið

Tafla 4.2.17. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	1.400 m	45 m	430 m	18 m
Öryggisvæði	2 x 60 m	Vantar	Vantar	Vantar

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	241 m^2	240 m^2		

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós, aðflugshallaljós
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	638 ltr vatn, 40 ltr froða, 25kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	Snjótönn 3,5 m fyrir dráttarvél
Snjóblásari	
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Valtari

Brýnustu framkvæmdaverkefni næstu ára eru þessi:

- Gerð öryggissvæða
- Bundið slitlag á flugbraut, hlað og akbraut
- Ljúka innréttingu tækjageymslu
- Bættur snjóhreinsibúnaður
- Endurnýjun slökkvibúnaðar
- Bættur aðflugsbúnaður
- Frágangur lóðar og bílastæða.

Tafla 4.2.18. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld		Tekjur	
Laun og launatengd gjöld	kr.	2.409.000		
Önnur rekstrargjöld	"	4.182.000		
Lendingargjöld			kr.	893.672
Leigutekjur			"	256.344
Aðrar tekjur			"	24.243
Gjöld umfram tekjur			"	**5.416.741**
Samtals	**kr.**	**6.591.000**	**kr.**	**6.591.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr.**	**6,58**		
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr.**	**755,27**		

4.2.10. Bíldudalsflugvöllur

Mjög mikil aukning átti sér stað í farþegaflutningum um Bíldudalsflugvöll á árunum 1986 - 1991 en lækkaði nokkuð aftur árið 1992. Mjög mikil aukning hefur ennfremur verið í vöru- og póstflutningum.

Lokið er við endurbætur flugbrautarinnar, sem er orðin 890 m löng, en þörf er á lengingu í 1.000 m.

Verið er að byggja 120 m^2 flugstöð þar sem gamla farþegaskýlið var orðið of lítið.

Mynd 4.2.10. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	2.381	2.264	1.966	2.568	4.084	4.713	5.026	5.251	4.341

Tafla 4.2.19. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	881 m	30 m		
Öryggisvæði	2 x 30 m	2 x 40 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	60 m^2			

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	25 kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	
Annað	Valtari

Brýnustu verkefni næstu ára eru þessi:

- Ljúka byggingu flugstöðvar.
- Byggja 60 m^2 tækjageymslu fyrir slökkvibúnað.
- Snjóhreinsibúnaður.
- Leggja bundið slitlag á flugbraut og hlað.
- Flugbrautarljós.
- Frágangur lóðar og bílastæða.

Tafla 4.2.20. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	*Gjöld*	*Tekjur*
Laun og launatengd gjöld	kr. 1.791.000	
Önnur rekstrargjöld	" 2.083.000	
Lendingargjöld		kr. 403.910
Leigutekjur		" 0
Aðrar tekjur		" 0
Gjöld umfram tekjur		" **3.470.090**
Samtals	**kr. 3.874.000**	**kr. 3.874.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 6,02**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 691,67**	

4.2.11. Grímseyjarflugvöllur

Farþegaflutningar um flugvöllinn hafa verið nokkuð jafnir á undanförnum árum, frá 3.300 - 3.600 farþegar á ári, en mjög mikill samdráttur hefur verið í vöru- og póstflutningum með tilkomu nýrrar Grímseyjarferju.

Mynd 4.2.11. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	1.652	2.340	1.745	3.829	3.671	3.369	3.638	3.608	3.327

Á undanförnum árum hefur verið unnið að lengingu flugbrautarinnar og er því lokið, og er hún orðin 1.100 m löng.

Tafla 4.2.21. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	1.104 m	32 m		
Öryggisvæði	2 x 60 m	Ófullgerð		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	60 m^2	30 m^2		

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós, vantar að hluta, aðflugshallaljós
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	30kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	Horseman '77 fyrir dráttarvél
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Fólksbifreið Lada '87, Valtari

Brýnustu framkvæmdaverkefni næstu ára eru eftirfarandi:

- Flugbrautarljós á lengingu og færa aðflugshallaljós.
- Ljúka gerð öryggisvæða.
- Bættur slökkvibúnaður.
- Stækka tækjageymslu.
- Endurbætur á farþegaskýli eða nýtt skýli.

Tafla 4.2.22. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld		Tekjur	
Laun og launatengd gjöld	kr.	1.575.000		
Önnur rekstrargjöld	"	1.218.000		
Lendingargjöld			kr.	195.322
Leigutekjur			"	0
Aðrar tekjur			"	78.437
Gjöld umfram tekjur			"	**2.519.241**
Samtals	**kr.**	**2.793.000**	**kr.**	**2.793.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr.**	**7,77**		
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr.**	**757,22**		

4.2.12. Siglufjarðarflugvöllur

Farþegaflutningar um flugvöllinn hafa verið á miklu undanhaldi á undanförnum tveim árum, úr 5.600 farþegum árið 1990 í um 3.300 farþega árið 1992. Engin viðhlítandi skýring er á þessu.

Mynd 4.2.12. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	5.202	5.356	4.480	4.773	5.686	5.764	5.549	3.472	3.254

Tafla 4.2.23. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	1.084 m	32 m		
Öryggisvæði	2 x 30 m	2 x 40 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	90 m^2	120 m^2		

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	638 ltr vatn, 40 ltr froða, 25kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	Volvo '56 með Smith blásara '85
Snjósópur	
Sanddreifari	Epoke TMK10 '72
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Valtari

Brýnustu framkvæmdaverkefni næstu ár eru eftirfarandi:

- Bundið slitlag
- Endurnýjun snjóhreinsibúnaðar.

Tafla 4.2.24. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	*Gjöld*	*Tekjur*
Laun og launatengd gjöld	kr. 1.860.000	
Önnur rekstrargjöld	" 2.149.000	
Lendingargjöld		
Leigutekjur		kr. 219.457
Aðrar tekjur		" 0
Gjöld umfram tekjur		" 58.468
		" **3.731.075**
Samtals	**kr. 4.009.000**	**kr. 4.009.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 10,46**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 1.140,31**	

4.2.13. Vopnafjarðarflugvöllur

Farþegar um Vopnafjarðarflugvöll hafa verið um 3.500 - 4.200 á ári á undanförnum árum og vöru- og póstflutningar nokkuð jafnir. Þó hafa flutningarnir dregist saman á síðastliðnum þrem árum.

Mynd 4.2.13. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	3.530	3.518	4.170	4.186	4.075	4.326	3.822	3.740	3.252

Byggð hefur verið ný 215 m^2 flugstöð á flugvellinum ásamt nýju hlaði. Ennfremur var flugbrautin lengd um 70 m árið 1991 og er því orðin 940 m löng.

Tafla 4.2.25. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	933 m	30 m		
Öryggisvæði	2 x 30 m	2 x 40 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	215 m^2	150 m^2		

Aðflugsbúnaður	2 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós, aðflugshallaljós, leifturljós.
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	638 ltr vatn, 40 ltr froða, 25kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	Volvo '52 með Smith blásara '84
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Valtari, vararafstöð.

Tafla 4.2.26. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld	Tekjur
Laun og launatengd gjöld	kr. 2.041.000	
Önnur rekstrargjöld	" 1.655.000	
Lendingargjöld		kr. 323.922
Leigutekjur		" 0
Aðrar tekjur		" 65.599
Gjöld umfram tekjur		" 3.306.479
Samtals	**kr. 3.696.000**	**kr. 536.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 8,56**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 1.016,76**	

4.2.14. Flateyrarflugvöllur

Eins og áður er fjallað um verður flugvöllurinn í Holti í Önundarfirði, sem þjónað hefur á undanförnum árum einkum þéttbýlinu á Flateyri, sennilega óþarfur sem áætlunarflugvöllur með tilkomu jarðgangna milli Önundarfjarðar og Skutulsfjarðar.

Með tilkomu þessa mannvirkis verður aðeins 15 mínútna akstur frá Flateyri til Ísafjarðar.

Þar af leiðandi er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu flugvallarins í Holti.

Mynd 4.2.14. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	2.879	2.672	2.230	2.702	3.025	3.220	3.211	2.670	2.897

Tafla 4.2.27. Búnaður flugvallar

Flugbraut	Lengd	Breidd	Lengd	Breidd
Slitlag: *Möl*	816 m	30 m		
Öryggisvæði	2 x 30 m	Vantar		

Byggingar	Flugstöð	Tækjageymsla	Sandgeymsla	Annað
Stærð	79 m^2			

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	6 kg handslökkvitæki

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	Snjótönn 3,5 m fyrir dráttarvél
Snjóblásari	Horseman '77 fyrir dráttarvél
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	
Annað	Valtari

Tafla 4.2.28. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld	Tekjur
Laun og launatengd gjöld	kr. 1.897.000	
Önnur rekstrargjöld	" 2.554.000	
Lendingargjöld		kr. 325.401
Leigutekjur		" 0
Aðrar tekjur		" 32.085
Gjöld umfram tekjur		" **4.093.514**
Samtals	**kr. 4.451.000**	**kr. 4.451.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 11,41**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 1.254,91**	

4.2.15. Norðfjarðarflugvöllur

Nokkuð miklar sveiflur hafa verið á farþegaflutningum um Norðfjarðarflugvöll á undanförnum árum á bilinu 3.200 - 4.500 farþegar á ári, sem stafar af mjög erfiðum flugskilyrðum í Norðfirði. Sú breyting hefur orðið, að Flugleiðir h/f hættu flugi til Norðfjarðar og hefur Íslandsflugi h/f verið veitt áætlunarleyfið, en þeir fljúga þangað með 19 sæta Dornier í tengslum við áætlunarflug til Egilsstaða.

Lokið var byggingu nýrrar 240 m^2 flugstöðvar á árinu 1991 ásamt nýju hlaði, og á árinu 1992 var lokið við gerð öryggissvæða.

Mynd 4.2.15. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	2.467	1.856	4.264	4.443	3.830	4.134	4.230	2.031	2.964

Tafla 4.2.29. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	1.112 m	30 m		
Öryggisvæði	2 x 30 m	2 x 40 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	241 m^2			

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	Leifurljós til austurs.
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	638 ltr vatn, 40 ltr froða, 25 kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	Unimog '79 með Smith blásara TS3 '81
Snjósópur	
Sanddreifari	Epoke
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Valtari

Tafla 4.2.30. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	*Gjöld*		*Tekjur*	
Laun og launatengd gjöld	kr.	2.147.000		
Önnur rekstrargjöld	"	2.709.000		
Lendingargjöld			kr.	243.823
Leigutekjur			"	0
Aðrar tekjur			"	199.651
Gjöld umfram tekjur			"	4.412.526
Samtals	**kr.**	**4.856.000**	**kr.**	**4.856.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr.**	**15,15**		
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr.**	**1.488,71**		

4.2.16. Þingeyrarflugvöllur

Um þennan flugvöll fara um 2.500 - 2.800 farþegar á ári. Með bættu vegasambandi milli Þingeyrar og Ísafjarðar má búast við að í framtíðinni verði hlutverk Þingeyrarflugvallar í flugsamgöngukerfi Vestfjarða mikilvægara en það er núna.

Mynd 4.2.16. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	2.014	2.276	2.277	2.191	2.065	1.739	2.333	2.290	2.154

Engar framkvæmdir hafa átt sér stað á Þingeyrarflugveli á undanförnum árum vegna hugmynda um að færa flugvöllinn út á Sveinseyri, sem er utar í firðinum og gæti gefið betra aðflug. Unnið er að athugunum á þessum valkosti og hafa verið gerðar veðurmælingar sem verið er að vinna úr. Ennfremur hafa verið gerðar dýptarmælingar, þar sem flugbrautin yrði hugsanlega að hluta byggð á fyllingu út í sjó.

Tafla 4.2.31. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	980 m	42 m		
Öryggisvæði	2 x 30 m	Vantar		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	241 m^2	40 m^2		

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	638 ltr vatn, 40 ltr froða, 25 kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Valtari

Verði sú ákvörðun tekin að byggja upp núverandi flugbraut eru brýnustu framkvæmdaverkefni þessi:

- Gerð öryggissvæða.
- Bygging tækjageymslu.
- Bættur snjóhreinsibúnaður.
- Flugbrautarljós.
- Bundið slitlag.
- Bættur slökkvibúnaður.

Tafla 4.2.32. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	*Gjöld*	*Tekjur*
Laun og launatengd gjöld	kr. 1.631.000	
Önnur rekstrargjöld	" 2.115.000	
Lendingargjöld		kr. 459.865
Leigutekjur		" 256.344
Aðrar tekjur		" 9.982
Gjöld umfram tekjur		" **3.019.809**
Samtals	**kr. 3.746.000**	**kr. 3.746.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 9,10**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 973,51**	

4.2.17. Þórshafnarflugvöllur

Um Þórshafnarflugvöll hafa á undanförnum árum farið rétt innan við 2.000 farþegar á ári og hafa flutningarnir haldist nokkuð jafnir.

Mynd 4.2.17. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	1.842	1.868	2.476	2.235	2.830	1.831	1.836	1.972	1.783

Á undanförnum árum hefur verið í byggingu ný 1.200 m löng flugbraut ca. 1 km frá þéttbýlinu, sem væntanlega verður tekin í notkun í ár, en gamla flugbrautin mun verða áfram í notkun og þjóna sem þverbraut, en hún er staðsett á Sauðanesi ca. 7 km frá þéttbýlinu.

Tafla 4.2.33. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	1.020 m	31 m	1.200 m	45 m
Öryggisvæði	2 x 30 m	Ófullgerð	2 x 60 m	2 x 75 m

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	40 m^2			

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós og aðflugshallaljós á eldri braut
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	12 kg dufthandslökkvitæki

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	
Annað	Snowtrack-snjósleði '70, Valtari

Brýnustu framkvæmdaverkefni næstu ára eru þessi:

- Ljúka byggingu nýs farþegaskýlis.
- Byggja ca. 50 m^2 tækjageymslu fyrir slökkvibúnað.
- Flugbrautarljós og aðflugshallaljós.

Tafla 4.2.34. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld	Tekjur
Laun og launatengd gjöld	kr. 1.333.000	
Önnur rekstrargjöld	" 909.000	
Lendingargjöld		kr. 209.682
Leigutekjur		" 0
Aðrar tekjur		" 62.747
Gjöld umfram tekjur		" **1.969.571**
Samtals	**kr. 2.242.000**	**kr. 2.242.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 9,54**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 1.104,64**	

4.2.18. Rifsflugvöllur

Mjög mikil hætta er á að áætlunarflug til Rifsflugvallar leggist af alveg á næstunni. Farþegaflutningar hafa dottið niður úr 3.500 - 4.000 farþega pr. ár í 990 farþega á s.l. ári og er skýringin örugglega endurbættur og betri vegur milli Snæfellsnes og Reykjavíkur.

Mynd 4.2.18. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	4.462	3.676	3.639	3.603	3.288	4.353	2.594	1.479	881

Gerð hefur verið ný 800 m löng þverbraut á Rifsflugvelli með bundnu slitlagi (klæðningu).

Tafla 4.2.35. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Olíumöl, klæðning*	970 m	30 m	822 m	30 m
Öryggisvæði	2 x 30 m	2 x 40 m	2 x 30 m	2 x 40 m

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	60 m^2			

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautar- og aðflugshallaljós á lengri braut
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	630 ltr vatn, 40 ltr froða, 25 kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	
Snjósópur	Sicard '72
Sanddreifari	Epoke
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Valtari

Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu flugvallarins í þessari áætlun enda er hann sæmilega búinn ýmsum búnaði og tækjum.

Tafla 4.2.36. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	*Gjöld*	*Tekjur*
Laun og launatengd gjöld	kr. 1.397.000	
Önnur rekstrargjöld	" 1.333.000	
Lendingargjöld		kr. 91.252
Leigutekjur		" 0
Aðrar tekjur		" 32.086
Gjöld umfram tekjur		" **2.606.662**
Samtals	**kr. 2.730.000**	**kr. 2.730.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 29,26**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 2.633,00**	

4.2.19. Hólmavíkurflugvöllur

Um þennan flugvöll fara 1.300 - 2.000 farþegar á ári. Flug til Hólmavíkur er samtengt flugi til Gjögurs og má ætla að einangrun byggðarinnar í Árneshreppi hjálpi til að viðhalda flugi til Hólmavíkur í framtíðinni, þrátt fyrir stöðugar endurbætur á vegakerfinu.

Mynd 4.2.19. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	1.281	1.158	1.583	1.850	1.291	1.414	1.439	1.267	844

Byggð hefur verið ný 1.000 m flugbraut ásamt hlaði og öryggissvæðum á Hólmavík ásamt nýrri 110 m^2 flugstöð.

Tafla 4.2.37. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	900 m	30 m		
Öryggisvæði	2 x 60 m	2 x 40 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	110 m^2			

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	Enginn
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	6 kg handslökkvitæki

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	
Annað	Valtari

Brýnustu framkvæmdaverkefni á næstu árum eru þessi:

- Bygging ca. 50 m^2 tækjageymslu fyrir slökkvibúnað.
- Flugbrautarljós og aðflugshallaljós.
- Endurbætur á malarslitlagi.

Tafla 4.2.38. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld	Tekjur
Laun og launatengd gjöld	kr. 1.372.000	
Önnur rekstrargjöld	" 1.451.000	
Lendingargjöld		kr. 92.562
Leigutekjur		" 0
Aðrar tekjur		" 49.200
Gjöld umfram tekjur		" **2.681.238**
Samtals	**kr. 2.823.000**	**kr. 2.823.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	kr. 17,60	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	kr. 2.053,82	

4.2.20. Raufarhafnarflugvöllur

Um þennan flugvöll fara um og innan við 1.000 farþegar á ári. Mjög óljóst er um framtíð áætlunarflugs til Raufarhafnar þar sem með bættum vegum verður innan við klukkustundar akstur til Þórshafnar.

Mynd 4.2.20. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	1.512	1.383	1.337	1.354	1.006	1.235	1.050	874	861

Búið er að fullgera öryggisvæði og rækta.

Ekki er gert ráð fyrir neinum brýnum framkvæmdaverkefnum á þessum flugvelli á næstu árum.

Tafla 4.2.39. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	1.077 m	36 m	577 m	28 m
Öryggisvæði	2 x 60 m	2 x 40 m	2 x 30 m	2 x 40 m

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	60 m^2	150 m^2		

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	Aðflugshallaljós
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	638 ltr vatn, 40 ltr froða, 25 kg halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	Oshkosh '68 með gamalli snjótönn
Snjóblásari	Oshkosh FWD '68
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Yamaha ET 340 snjósleði '81, Valtari

Tafla 4.2.40. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	*Gjöld*	*Tekjur*
Laun og launatengd gjöld	kr. 1.573.000	
Önnur rekstrargjöld	" 1.372.000	
Lendingargjöld		kr. 86.750
Leigutekjur		" 0
Aðrar tekjur		" 44.921
Gjöld umfram tekjur		" **2.813.329**
Samtals	**kr. 2.945.000**	**kr. 2.945.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 26,07**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 3.267,52**	

4.2.21. Gjögursflugvöllur

Um flugvöllinn á Gjögri fara 700 - 800 farþegar á hverju ári og hafa flutningarnir verið nokkuð jafnir á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir að flugsamgöngur muni haldast til Gjögurs á næstu árum vegna einangrun byggðarinnar.

Mynd 4.2.21. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	856	792	545	633	706	801	765	818	699

Flugbrautin hefur verið lengd í 930 m en frekari lenging verður mjög kostnaðarsöm vegna mikilla fyllinga.

Tafla 4.2.41. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	927 m	30 m		
Öryggisvæði	2 x 30 m	Vantar		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	60 m^2	25 m^2		

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	Flugbrautarljós, vantar að hluta
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	12 kg dufthandslökkvitæki

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	Case dráttarvél með tönn 3,5 m
Snjóblásari	Horseman blásari fyrir dráttarvél
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	
Annað	Yamaha ED 340 snjósleði '87, Valtari

Brýnustu framkvæmdaverkefni á næstu árum eru eftirfarandi:

- Ljúka gerð öryggissvæða.
- Flugbrautarljós á lengingu.
- Bættur slökkvibúnaður.

Tafla 4.2.42. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld	Tekjur
Laun og launatengd gjöld	kr. 1.634.000	
Önnur rekstrargjöld	" 768.000	
Lendingargjöld		kr. 48.095
Leigutekjur		" 0
Aðrar tekjur		" 0
Gjöld umfram tekjur		" 2.353.905
Samtals	**kr. 2.402.000**	**kr. 2.402.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 29,25**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 3.367,54**	

4.2.22. Kópaskersflugvöllur

Um þennan flugvöll fara aðeins 500 - 700 farþegar á ári. Óvíst er um framtíð áætlunarflugs til Kópaskers þar sem flugið getur varla talist arðbært, og með bættum vegi til Húsavíkur eða Akureyrar má búast við að farþegum fækki.

Mynd 4.2.22. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	435	692	621	553	482	579	697	424	413

Gerð hefur verið 800 m þverbraut á flugvellinum ásamt öryggissvæðum jafnframt var lokið gerð öryggissvæða við eldri flugbraut.

Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu flugvallarins á næstu árum.

Tafla 4.2.43. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	900 m	25 m	800 m	30 m
Öryggisvæði	2 x 30 m	2 x 40 m	2 x 30 m	2 x 40 m

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	60 m^2			

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	Enginn
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	6 kg handslökkvitæki

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	Volvo '68 með gömlum snjóblásara
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	
Annað	Valtari

Tafla 4.2.44. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	*Gjöld*		*Tekjur*	
Laun og launatengd gjöld	kr.	1.238.000		
Önnur rekstrargjöld	"	934.000		
Lendingargjöld			kr.	53.445
Leigutekjur			"	0
Aðrar tekjur			"	16.399
Gjöld umfram tekjur			"	**2.102.156**
Samtals	**kr.**	**2.172.000**	**kr.**	**2.172.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr.**	**36,14**		
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr.**	**5.089,97**		

4.2.23. Breiðdalsvíkurflugvöllur

Farþegaflutningum um þennan flugvöll fer fækkandi og fóru einungis 216 farþegar um flugvöllinn á árinu 1992 og er því mjög óvíst um framtíð hans.

Flugbrautin hefur verið lengd í 813 m og lokið er gerð öryggissvæða og girðinga.

Mynd 4.2.23. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	645	596	376	766	667	574	859	384	216

Tafla 4.2.45. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	813 m	25 m		
Öryggisvæði	2 x 30 m	2 x 40 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	60 m^2			

Aðflugsbúnaður	Enginn
Ljósabúnaður	Enginn
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	6 kg handslökkvitæki

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Valtari

Ekki er ráðgerð frekari uppbygging flugvallarins í þessari áætlun.

Tafla 4.2.46. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld	Tekjur
Laun og launatengd gjöld	kr. 996.000	
Önnur rekstrargjöld	" 468.000	
Lendingargjöld		kr. 37.495
Leigutekjur		" 0
Aðrar tekjur		" 10.696
Gjöld umfram tekjur		" **1.415.809**
Samtals	**kr. 1.464.000**	**kr. 1.464.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 71,38**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 6.554,68**	

4.2.24. Borgarfjarðarflugvöllur

Um flugvöllinn fóru aðeins 130 farþegar á árinu 1992 og er það nokkur fækkun frá fyrri árum. Erfitt er að meta framtíð flugvallarins þó umtalsverðar vegabætur verði gerðar milli Borgarfjarðar og Egilstaða verður alltaf yfir erfiðan fjallveg að fara og er því byggðin nokkuð einangruð yfir vetrarmánuðina. Ennfremur er flutt töluvert af nauðsynjarvörum með flugi til Borgarfjarðar.

Mynd 4.2.24. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	327	243	262	237	189	216	268	193	130

Flugbrautin á Borgarfirði eystra var lengd árið 1990 og því orðin 930 m löng, jafnframt var unnið við gerð öryggissvæða.

Talið er að flugvöllurinn geti þjónað nokkuð vel því hlutverki sem hann gegnir í dag og því ekki ráðgerð frekari uppbygging á næstu árum.

Tafla 4.2.47. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	932 m	30 m		
Öryggisvæði	2 x 60 m	2 x 40 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	60 m^2	150 m^2		

Aðflugsbúnaður	Enginn
Ljósabúnaður	Enginn
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	250 kg duftslökkvibúnaður, 6 kg Halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	Volvo '65 með stáltæknisnjótönn
Snjóblásari	Volvo '56 með Smith blásara '84
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Valtari

Tafla 4.2.48. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	*Gjöld*	*Tekjur*
Laun og launatengd gjöld	kr. 1.002.000	
Önnur rekstrargjöld	" 1.050.000	
Lendingargjöld		kr. 59.600
Leigutekjur		" 0
Aðrar tekjur		" 16.399
Gjöld umfram tekjur		" **1.976.001**
Samtals	**kr. 2.052.000**	**kr. 2.052.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 44,85**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 15.200,00**	

4.2.25. Bakkafjarðarflugvöllur

Hér er um að ræða flugvöll sem enn er flogið áætlunarflug frá Egilstöðum, en miklar efasemdir eru um að flugið geti verið arðbært þar sem um afar litla flutninga er um að ræða. Árið 1985 fóru um flugvöllinn 203 farþegar en á árinu 1992 einungis 69 farþegar. Vöru- og póstflutningar hafa minnkað úr 12 tonnum árið 1985 í 5,6 tonn árið 1991.

Með tilliti til minnkandi flutninga er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu flugvallarins.

Mynd 4.2.25. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar	547	203	319	199	155	200	210	116	69

Tafla 4.2.49. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	787 m	24 m		
Öryggisvæði	2 x 30 m	Ófullgerð		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð	60 m^2			

Aðflugsbúnaður	Enginn
Ljósabúnaður	Enginn
Veðurmælibúnaður	1 stk vindmælir, 1 stk QNH
Slökkvibúnaður	6 kg Halon

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	Horseman blásari fyrir dráttarvél
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	Tapley
Annað	Valtari

Tafla 4.2.50. Rekstur 1992

Rekstrarkostnaður 1992	Gjöld	Tekjur
Laun og launatengd gjöld	kr. 371.000	
Önnur rekstrargjöld	" 165.000	
Lendingargjöld		kr. 22.570
Leigutekjur		" 0
Aðrar tekjur		" 0
Gjöld umfram tekjur		" 513.430
Samtals	**kr. 536.000**	**kr. 536.000**
Framlag ríkissjóðs pr flutt kg	**kr. 41,89**	
Framlag ríkissjóðs pr fluttan farþega	**kr. 7.441,00**	

4.2.26. Mývatnsflugvöllur

Á undanförnum árum hefur verið rekið flugfélag, Mýflug h/f, í Mývatnssveit sem stundað hefur útsýnisflug frá flugvellinum í Reykjahlíð einkum fyrir erlenda ferðamenn.

Á árinu 1991 var hafið áætlunarflug milli Mývatns og Reykjavíkur yfir sumarmánuðina og varð nokkur aukning á þeim flutningum s.l. ár, en um flugvöllinn fóru 2.769 farþegar á árinu 1992.

Mynd 4.2.26. Farþegaflutningar



	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Farþegar							1.318	2.524	2.769

Á undanförnum árum hafa verið gerðar umtalsverðar endurbætur á flugvellinum við Reykjahlíð og er flugbrautin orðin 800 m löng ásamt hliðar- og endaöryggissvæðum. Einnig var settur upp radíóviti við flugvöllinn.

Í athugun er hvort hægt sé að lengja flugbrautina um 100 m til norðurs, en lenging til suðurs yrði mjög kostnaðarsöm framkvæmd.

Tafla 4.2.51. Búnaður flugvallar

Flugbraut	*Lengd*	*Breidd*	*Lengd*	*Breidd*
Slitlag: *Möl*	807 m	30 m		
Öryggisvæði	2 x 30 m	2 x 30 m		

Byggingar	*Flugstöð*	*Tækjageymsla*	*Sandgeymsla*	*Annað*
Stærð				

Aðflugsbúnaður	1 stk NDB
Ljósabúnaður	Enginn
Veðurmælibúnaður	Vantar
Slökkvibúnaður	Vantar

Snjóhreinsibúnaður	
Vörubíll með tönn	
Snjóblásari	
Snjósópur	
Sanddreifari	
Hjólaskófla	
Bremsumælir	
Annað	Valtari

Brýnustu framkvæmdaverkefni næstu ára eru eftirfarandi:

- Lenging flugbrautar.
- Flugbrautarljós.

5. Kafli Framkvæmdir

5.1. Forgangsröðun framkvæmda

Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 var reynt að raða flugvöllum annars vegar og verkefnum hinsvegar í eina samræmda forgangsröð og var framkvæmdafé hvers árs skipt milli hinna ýmsu framkvæmdaliða og hinsvegar, hvaða flugvellir skyldu hafa forgang hverju sinni. Þetta fyrirkomulag reyndist erfitt í framkvæmd og er því lagt til í þessari áætlun að einungis verði haft hliðsjón af þessum þáttum.

5.1.1. Forgangsröðun verkefna

Öryggisnefnd Félag íslenskra atvinnuflugmanna, flugráð og Flugmálastjórn urðu sammála um eftirfarandi forgangsröð framkvæmda sem síðan var staðfest af flugráði á árinu 1985.

Tafla 5.1.1. Forgangsröðun verkefna

Forgangur	*Verkefni*
1	Flugbraut og hlað með fullgerðu malaryfirlagi, en stærð þeirra verði í samræmi við hönnunarákvæði ICAO Annex 14.
2	Öryggissvæði verði eftir því sem unnt er hættulaus og í samræmi við hönnunarákvæði ICAO Annex 14.
3.	Hindranir verði eftir því sem unnt er fjarlægðar eða merktar. Athafnasvæði flugvalla verði girt.
4.	Flugvallarbyggingar, þ.e. aðstaða fyrir flugumferðarþjónustu, tækjageymslu og farþegaskýli, verði byggð í áföngum.
5.	Búnaður flugumferðarþjónustu, þ.e. símasamband, VHF-fjarskipta-tæki, vindmælir, loftþrýstimælir, hitamælir og segulband, verði fyrir hendi.
6.	Slökkvi- og björgunarbúnaður verði samkvæmt ákvæðum ICAO Annex 14.
7.	Snjóhreinsibúnaður, þ.e. snjóruðningstæki, sanddreifarar og hemlunarmælar, verði fyrir hendi, eða tilsvarandi aðkeypt þjónusta.
8.	Blindaðflugsbúnaður með tilheyrandi monitorbúnaði og vara-rafmagni verði í samræmi við ákvæði ICAO Annex 10. Radíóvitar (NDB) með markvitum og/eða fjarlægðamæli (DME) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Stefnusendir (ILS eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Aðflugshallasendir (GS eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem æskileg eru blindaðflugsmörk undir 300 feta skýjahæð og 1,5 km flugskyggni og réttlætanlegt getur talist).
9.	Ljósabúnaður í samræmi við ákvæði ICAO Annex 14. PAPI- eða APAPI aðflugshallaljós, hindranaljós, flugbrautarljós og aðflugsljós í samræmi við tilsvarandi aðflug flugvallarins.
10.	Malbik eða tilsvarandi varanlegt yfirborð, á öll athafnasvæði flugvéla.

Ekki er ráðgert að breyta þessari forgangsröð í þessari áætlun að öðru leyti en því að 10. verkefnaþátturinn "bundið slitlag" fær meira vægi og gerir áætlunin ráð fyrir að lagt verði bundið

slitlag, klæðning, á sex áætlunarflugvelli. Þá hefur verið gerð sérstök bókun um 8. liðinn s.b.r. grein 4.1.6.

5.1.2. Forgangsröðun áætlunarflugvalla

Í kafla 3.1.2. er gerð tillaga að flokkun flugvalla eftir flutningum og er stuðst við meðaltalsflutninga á árunum 1988-1992.

Framkvæmdaáætlunin er því unnin með hliðsjón af þessari forgangsröðun.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu 16 áætlunarflugvalla á næstu sex árum þ.e. Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Hornafjörður, Húsavík, Sauðárkrókur, Patreksfjörður, Bíldudalur, Grímsey, Siglufjörður, Þingeyri, Þórshöfn, Hólmavík, Gjögur og Mývatn. Þeir flugvellir sem ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á næstu sex árum eru þessir: Vopnafjörður, Flateyri, Norðfjörður, Rif, Raufarhöfn, Kópasker, Breiðdalsvík, Borgarfjörður eystri og Bakkafjörður.

5.2. Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun um áframhaldandi uppbyggingu 17 áætlunarflugvalla á næstu sex árum er samtals kr. 2.003 milljónir og skiptist á eftirfarandi hátt:

Flugvöllur	*Kostnaður*
Reykjavíkurflugvöllur	kr. 399 milljónir
Akureyrarflugvöllur	" 168 milljónir
Vestmannaeyjaflugvöllur	" 67 milljónir
Egilsstaðaflugvöllur	" 194 milljónir
Ísafjarðarflugvöllur	" 107 milljónir
Hornafjarðarflugvöllur	" 113 milljónir
Húsavíkurflugvöllur	" 169 milljónir
Alexandersflugvöllur, Sauðárkróki	" 163 milljónir
Patreksfjarðarflugvöllur	" 146 milljónir
Bíldudalsflugvöllur	" 131 milljónir
Grímseyjarflugvöllur	" 54 milljónir
Siglufjarðarflugvöllur	" 43 milljónir
Þingeyrarflugvöllur	" 103 milljónir
Þórshafnarflugvöllur	" 48 milljónir
Hólmavíkurflugvöllur	" 38 milljónir
Gjögursflugvöllur	" 29 milljónir
Mývatnsflugvöllur	" 31 milljónir
Samtals	**kr. 2.003 milljón**

5.2.1. Sundurliðun kostnaðaráætlunar

Reykjavíkurflugvöllur

Tafla 5.2.2. Kostnaðaráætlun vegna Reykjavíkurflugvallar

Verkþáttur	*Stærðir*	*Áætlað eininga verð*	*Kostnaður*
Girðing			kr. 5.000.000
Öryggissvæði			" 20.000.000
Endurnýjun slitlags			" 339.000.000
Aðflugshallasendir			" 12.000.000
Ýmis búnaður			" 23.000.000
Samtals			**kr. 399.000.000**

Akureyrarflugvöllur

Tafla 5.2.3. Kostnaðaráætlun vegna Akureyrarflugvallar

Verkþáttur	*Stærðir*	*Áætlað eininga verð*	*Kostnaður*
Stækkun flugstöðvar			kr. 30.000.000
Viðhald og endurbætur á eldri hluta flugstöðvar			" 25.000.000
Stækkun flugvélahlaðs			" 20.000.000
Breikkun malbiks			" 25.000.000
Nýtt malbiksyfirlag			" 30.000.000
Stækkun og frágangur bílastæða			" 15.000.000
Endurbætur á aðflugi			" 2.000.000
Veðurmælitæki			" 12.000.000
Ýmis búnaður			" 9.000.000
Samtals			**kr. 168.000.000**

Vestmannaeyjaflugvöllur

Tafla 5.2.4. Kostnaðaráætlun vegna Vestmannaeyjaflugvallar

Verkþáttur	*Stærðir*	*Áætlað eininga verð*	*Kostnaður*
Athugun á flugstöð			kr. 2.000.000
Tækjageymsla			" 20.000.000
Sandgeymsla			" 5.000.000
Slökkvibúnaður			" 2.000.000
Snjóblásari			" 12.000.000
Vörubifreið með tönn			" 15.000.000
Flutningur á DME			" 2.000.000
Ýmis búnaður			" 9.000.000
Samtals			**kr. 67.000.000**

Egilsstaðaflugvöllur

Tafla 5.2.5. Kostnaðaráætlun vegna Egilsstaðaflugvallar

Verkþáttur	Stærðir	Áætlað eininga verð	Kostnaður
Ný flugbraut			kr. 19.000.000
Flugstöð			" 59.000.000
Snjósópur			" 10.000.000
Snjóblásari			" 17.000.000
Vörubifreið með tönn			" 15.000.000
Slökkvibúnaður			" 10.000.000
Bílastæði og lóð			" 15.000.000
Stækkun og breytingar á tækjageymslu			" 23.000.000
Aðflugshallasendir			" 12.000.000
Ýmis búnaður			" 14.000.000
Samtals			**kr. 194.000.000**

Ísafjarðarflugvöllur

Tafla 5.2.6. Kostnaðaráætlun vegna Ísafjarðarflugvallar

Verkþáttur	Stærðir	Áætlað eininga verð	Kostnaður
Tækjageymsla, stækkun			kr. 15.000.000
Snjóblásari			" 17.000.000
Vörubifreið með tönn			" 15.000.000
Breytingar og endurbætur á flugstöð			" 12.000.000
Yfirborðslokun klæðningar			" 14.000.000
Akbrautir og hlöð			" 15.000.000
Bílastæði og lóð			" 10.000.000
Ýmis búnaður			" 9.000.000
Samtals			**kr. 107.000.000**

Hornafjarðarflugvöllur

Tafla 5.2.7. Kostnaðaráætlun vegna Hornafjarðarflugvallar

Verkþáttur	Stærðir	Áætlað eininga verð	Kostnaður
Lenging flugbrautar			kr. 20.000.000
Breikkun bundins slitlags og yfirborðslokun			kr. 14.000.000
Snjósópur			" 10.000.000
Vörubifreið með tönn			" 15.000.000
Snjóblásari			" 17.000.000
Slökkvibifreið			" 10.000.000
Aðflugsbúnaður			" 7.000.000
Flugbrautarljós, endurnýjun			" 6.000.000
Sandgeymsla			" 5.000.000
Ýmis búnaður			" 9.000.000
Samtals			**kr. 113.000.000**

Húsavíkurflugvöllur

Tafla 5.2.8. Kostnaðaráætlun vegna Húsavíkurflugvallar

Verkþáttur	Stærðir	Áætlað eininga verð	Kostnaður
Bundið slitlag			kr. 70.000.000
Öryggissvæði			" 15.000.000
Tækjageymsla			" 15.000.000
Snjósópur			" 10.000.000
Snjóblásari			" 10.000.000
Vörubifreið með tönn			" 15.000.000
Slökkvibifreið			" 10.000.000
Bílastæði og lóð			" 15.000.000
Ýmis búnaður			" 9.000.000
Samtals			**kr. 169.000.000**

Alexandersflugvöllur, Sauðárkróki

Tafla 5.2.9. Kostnaðaráætlun vegna Sauðárkróksflugvallar

Verkþáttur	Stærðir	Áætlað eininga verð	Kostnaður
Bundið slitlag			kr. 65.000.000
Öryggissvæði			" 15.000.000
Tækjageymsla			" 7.000.000
Sandgeymsla			" 5.000.000
Snjósópur			" 10.000.000
Snjóblásari			" 10.000.000
Vörubifreið með tönn			" 15.000.000
Slökkvibifreið			" 10.000.000
Bílastæði og lóð			" 15.000.000
Endurbætur aðflugs			" 2.000.000
Ýmis búnaður			" 9.000.000
Samtals			**kr. 163.000.000**

Patreksfjarðarflugvöllur

Tafla 5.2.10. Kostnaðaráætlun vegna Patreksfjarðarflugvallar

Verkþáttur	Stærðir	Áætlað eininga verð	Kostnaður
Bundið slitlag			kr. 50.000.000
Öryggissvæði			" 35.000.000
Tækjageymsla, innréttingar			" 6.000.000
Snjósópur			" 10.000.000
Snjóblásari			" 10.000.000
Vörubifreið með tönn			" 15.000.000
Slökkvibifreið			" 10.000.000
Ýmis búnaður			" 10.000.000
Samtals			**kr. 146.000.000**

Bíldudalsflugvöllur

Tafla 5.2.11. Kostnaðaráætlun vegna Bíldudalsflugvallar

Verkþáttur	Stærðir	Áætlað einingaverð	Kostnaður
Flugstöð			kr. 2.000.000
Tækjageymsla fyrir slökkvibifreið			" 1.000.000
Lenging flugbrautar			" 15.000.000
Bundið slitlag			" 30.000.000
Tækjageymsla			" 10.000.000
Snjósópur			" 10.000.000
Snjóblásari			" 10.000.000
Vörubifreið með tönn			" 15.000.000
Bílastæði og lóð			" 10.000.000
Flugbrautarljós			" 14.000.000
Aðflugshallaljós			" 5.000.000
Ýmis búnaður			" 9.000.000
Samtals			**kr. 131.000.000**

Grímseyjarflugvöllur

Tafla 5.2.12. Kostnaðaráætlun vegna Grímseyjarflugvallar

Verkþáttur	Stærðir	Áætlað einingaverð	Kostnaður
Ný flugstöð			kr. 6.000.000
Flugbrautarljós á lengingu			" 4.000.000
Færsla á aðflugshallaljósum			" 1.000.000
Öryggissvæði			" 25.000.000
Slökkvibifreið			" 5.000.000
Leifturljós			" 3.000.000
Tækjageymsla			" 10.000.000
Samtals			**kr. 54.000.000**

Siglufjarðarflugvöllur

Tafla 5.2.13. Kostnaðaráætlun vegna Siglufjarðarflugvallar

Verkþáttur	Stærðir	Áætlað einingaverð	Kostnaður
Bundið slitlag			kr. 33.000.000
Snjóblásari			" 10.000.000
Samtals			**kr. 43.000.000**

Þingeyrarflugvöllur

Tafla 5.2.14. Kostnaðaráætlun vegna Þingeyrarflugvallar

Verkþáttur	Stærðir	Áætlað einingaverð	Kostnaður
Flugvöllur 1. áfangi			kr. 103.000.000
Samtals			**kr. 103.000.000**

Þórshafnarflugvöllur

Tafla 5.2.15. Kostnaðaráætlun vegna Þórshafnarflugvallar

Verkþáttur	*Stærðir*	*Áætlað eininga verð*	*Kostnaður*
Farþegaskýli			kr. 17.000.000
Tækjageymsla fyrir slökkvibúnað			" 3.000.000
Flugbrautarljós			" 14.000.000
Aðflugshallaljós			" 5.000.000
Ýmis búnaður			" 9.000.000
Samtals			**kr. 48.000.000**

Hólmavíkurflugvöllur

Tafla 5.2.16. Kostnaðaráætlun vegna Hólmavíkurflugvallar

Verkþáttur	*Stærðir*	*Áætlað eininga verð*	*Kostnaður*
Tækjageymsla			kr. 1.000.000
Flugbrautarljós			" 14.000.000
Aðflugshallaljós			" 5.000.000
Nýtt malarslitlag			" 8.000.000
Ýmis búnaður			" 10.000.000
Samtals			**kr. 38.000.000**

Gjögursflugvöllur

Tafla 5.2.17. Kostnaðaráætlun vegna Gjögursflugvallar

Verkþáttur	*Stærðir*	*Áætlað eininga verð*	*Kostnaður*
Öryggissvæði			kr. 10.000.000
Flugbrautarljós á lengingu			" 4.000.000
Slökkvibifreið			" 5.000.000
Ýmis búnaður			" 10.000.000
Samtals			**kr. 29.000.000**

Mývatnsflugvöllur

Tafla 5.2.18. Kostnaðaráætlun vegna Mývatnsflugvallar

Verkþáttur	*Stærðir*	*Áætlað eininga verð*	*Kostnaður*
Lenging flugbrautar			kr. 15.000.000
Flugbrautarljós			" 14.000.000
Ýmis búnaður			" 2.000.000
Samtals			**kr. 31.000.000**

5.3. Framkvæmdaáætlun, sundurliðun *(milljónir króna)*

Staður/verkefni	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Reykjavík						
Girðing	5					
Öryggissvæði			20			
Aðflugshallasendir		12				
Endurnýjun slitlags			8	100	100	131
Skýjahæðar/skyggnismælir	6					
Vindmælar	3					
Ýmis búnaður			5	5	2	2
Samtals	**14**	**12**	**33**	**105**	**102**	**133**
Akureyri						
Stækkun flugstöðvar	20	10				
Viðhald og endurbætur						
á eldri hluta		25				
Stækkun flugvélahlaðs				20		
Breikkun malbiks			25			
Nýtt malbiksyfirlag			20	10		
Bílastæði og lóð			15			
Veðurmælitæki			12			
Endurbætur á aðflugi	2					
Ýmis búnaður			3	3	2	1
Samtals	**22**	**35**	**75**	**33**	**2**	**1**
Vestmannaeyjar						
Flugstöð, athuganir	2					
Tækjageymsla	20					
Sandgeymsla				5		
Slökkvibúnaður	2					
Snjóblásari				12		
Vörubifreið/tönn			15			
Flutningur á DME	2					
Ýmis búnaður			3	3	2	1
Samtals	**26**	**0**	**18**	**20**	**2**	**1**
Egilsstaðir						
Ný flugbraut	19					
Flugstöð	22	30			7	
Aðflugshallasendir	12					
Snjósópur	10					
Snjóblásari		10	7			
Vörubifreið/tönn		15				
Slökkvibúnaður			10			
Bílastæði og lóð			15			
Stækkun tækjageymslu		6	4	13		
Skýjahæðar/skyggnismælir	6					
Ýmis búnaður			2	3	2	1
Samtals	**69**	**61**	**38**	**16**	**9**	**1**

Staður/verkefni	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Ísafjörður						
Ný tækjageymsla	5	6	1	1	1	1
Snjóblásari			10	7		
Vörubifreið/tönn		15				
Endurbætur á flugstöð			12			
Yfirborðslokun klæðningu				14		
Akbrautir og hlöð			15			
Bílastæði og lóð				10		
Ýmis búnaður			3	3	2	1
Samtals	**5**	**21**	**41**	**35**	**3**	**2**
Hornafjörður						
Lenging flugbrautar	20					
Breikun bundins slitlags og lokun yfirborðs			14			
Snjósópur			10			
Vörubifreið/tönn					15	
Snjóblásari					17	
Slökkvibifreið	10					
Aðflugsbúnaður		7				
Flugbrautarljós, endurnýjun	6					
Sandgeymsla				5		
Ýmis búnaður			3	3		3
Samtals	**36**	**7**	**27**	**8**	**32**	**3**
Húsavík						
Bundið slitlag	52	18				
Öryggissvæði			15			
Tækjageymsla			15			
Snjósópur		10				
Snjóblásari				10		
Vörubifreið/tönn					15	
Slökkvibifreið					10	
Bílastæði og lóð		10	5			
Ýmis búnaður				3		6
Samtals	**52**	**38**	**35**	**13**	**25**	**6**
Sauðárkrókur						
Bundið slitlag		55	10			
Öryggissvæði			15			
Tækjageymsla	7					
Sandgeymsla						5
Snjósópur			10			
Snjóblásari				10		
Vörubifreið/tönn					15	
Slökkvibifreið		10				
Bílastæði og lóð		15				
Endurbætur aðflugs	2					
Ýmis búnaður				3	3	3
Samtals	**9**	**80**	**35**	**13**	**18**	**8**

Staður/verkefni	*1994*	*1995*	*1996*	*1997*	*1998*	*1999*
Patreksfjörður						
Bundið slitlag		40	10			
Öryggissvæði				35		
Tækjageymsla, innréttingar				6		
Snjósópur			10			
Snjóblásari					3	7
Vörubifreið/tönn					15	
Slökkvibúnaður					10	
Ýmis búnaður				4		6
Samtals	**0**	**40**	**20**	**45**	**28**	**13**
Bíldudalur						
Flugstöð	2					
Tækjageymsla f. slökkvibún	1					
Lenging flugbrautar				15		
Bundið slitlag	16	14				
Tækjageymsla					10	
Snjósópur				10		
Snjóblásari						10
Vörubifreið/tönn					15	
Bílastæði og lóð					2	8
Flugbrautarljós						14
Aðflugshallaljós						5
Ýmis búnaður				3		6
Samtals	**19**	**14**	**0**	**28**	**27**	**43**
Grímsey						
Ný flugstöð	3	3				
Flugbrautarljós á lengingu		4				
Færsla á aðflugshallaljósum	1					
Öryggissvæði						25
Slökkvibifreið						5
Leifturljós						3
Tækjageymsla						10
Samtals	**4**	**7**	**0**	**0**	**0**	**43**
Siglufjörður						
Bundið slitlag	33					
Snjóblásari				10		
Samtals	**33**	**0**	**0**	**10**	**0**	**0**
Þingeyri						
Flugvöllur					88	15
Samtals	**0**	**0**	**0**	**0**	**88**	**15**
Þórshöfn						
Farþegaskýli	7	10				
Tækjageymsla f. slökkvibún	3					
Flugbrautarljós						14
Aðflugshallaljós						5
Ýmis búnaður				3	2	4
Samtals	**10**	**10**	**0**	**3**	**2**	**23**

Staður/verkefni	*1994*	*1995*	*1996*	*1997*	*1998*	*1999*
Hólmavík						
Tækjageymsla	1					
Flugbrautarljós						14
Aðflugshallaljós						5
Nýtt malarslitlag						8
Ýmis búnaður				5		5
Samtals	**1**	**0**	**0**	**5**	**0**	**32**
Gjögur						
Öryggissvæði			10			
Flugbrautarljós á lengingu	4					
Slökkvibifreið				5		
Ýmis búnaður				3	4	3
Samtals	**4**	**0**	**10**	**8**	**4**	**3**
Mývatn						
Lenging flugbrautar		5	10			
Flugbrautarljós						14
Ýmis búnaður	1					1
Samtals	**1**	**5**	**10**	**0**	**0**	**15**
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	5	5	10	10	10	10
Samtals	**5**	**5**	**10**	**10**	**10**	**10**
Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	55	10	10	10	10	10
Aðflugsbún. á Vestfjörðum	22					
GPS leiðréttingast. og ath.		22	5	5	5	5
Samtals	**77**	**32**	**15**	**15**	**15**	**15**
Til leiðréttinga og brýnna verkefna		20	20	20	20	20
Samtals	**0**	**20**	**20**	**20**	**20**	**20**
Stjórnunarkostnaður	8	8	8	8	8	8
Samtals	**8**	**8**	**8**	**8**	**8**	**8**
Alls	***395***	***395***	***395***	***395***	***395***	***395***

5.3.1. Skipting framkvæmda eftir verkefnaþáttum

Verkefni	*Milljónir kr*	*Hlutfall*
Bundið slitlag	670	28,3%
Flugbrautir, hlöð, bílastæði og lóð	289	12,2%
Öryggissvæði	120	5,1%
Flugstöðvar	151	6,4%
Tækjageymslur/sandgeymslur	128	5,4%
Slökkvibúnaður	62	2,6%
Snjóhreinsibúnaður	293	12,4%
Blindaðflugsbúnaður	101	4,3%
Ljósabúnaður	100	4,2%
Ýmis búnaður	153	6,4%
Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	105	4,4%
Aðrir flugvellir- og lendingarstaðir	50	2,1%
Til leiðréttinga- og brýnna verkefna	100	4,2%
Stjórnunarkostnaður	48	2,0%
Alls	*2.370*	*100,0%*

6. Kafli Fjármögnun framkvæmda

Flugmálaáætlun er fjármögnuð af mörkuðum tekjustofnum samkvæmt lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31 frá 1987, en þar stendur "*Í flugmálaáætlun skulu taldir allir flugvellir, nýbyggingar flugvalla og búnaður fyrir flugleiðsögu og flugumferðarstjórn á gildistíma áætlunarinnar. Enn fremur áætlaður kostnaður við viðhald flugvalla og annar kostnaður Flugmálastjórnar á sama tímabili.*"

6.1. Tekjustofnar flugmálaáætlunar

Tekjustofnar flugmálaáætlunar eru tveir, eldsneytisgjald annars vegar og flugvallagjald hins vegar.

6.1.1. Eldsneytisgjald

Eldsneytisgjald er lagt á allt þotueldsneyti og flugvélabensín sem selt er á íslenskum flugvöllum vegna innanlandsflugs og millilandaflugs, undanþegið er áætlunarflug á milli Íslands og Norður-Ameríku, eða þar sem undanþágur eru í milliríkjasamningum. Núverandi gjaldskrá, samkvæmt reglugerð nr. 477/1991, er kr. 1,60 á hvern lítra af flugvélabensíni og kr. 0,80 á hvern lítra af þotueldsneyti. Gjald þetta skal greiðast af seljanda eldsneytisins, olíufélögunum, og gera þau upp mánaðarlega við Flugmálastjórn. Það skal tekið fram að olíufélögunum er heimilt að krefjast endurgreiðslu á eldsneytisgjaldi vegna þess sem þau tapa vegna gjaldþrota.

6.1.2. Flugvallagjald

Flugvallagjald er lagt á alla sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa eða ferðast innanlands. Undanþegnir þessu gjaldi eru; skráðar áhafnir loftfara; þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra Evrópuríkja og Norður-Ameríku; þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi og þeir sem eru yngri en tveggja ára.

Samkvæmt reglugerð nr. 477/1991 er flugvallagjald nú kr. 1.250,00 í millilandaflugi, kr. 165,00 í innanlandsflugi og í flugi milli Íslands og Færeyja eða Grænlands. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald.

Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess ber ábyrgð á greiðslu flugvallagjalds, sem kemur til greiðslu eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

6.2. Þróun tekna 1988 - 1992

Í lögum um flugmálaáætlun er tekið fram í 15 gr. að eldsneytisgjald og flugvallagjald sé miðað við byggingarvísitölu í janúar 1986 og að ráðherra sé heimilt að hækka þessi gjöld allt að þeirri hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Ef grunngjaldskráin er framreiknuð með núgildandi byggingarvísitölu og borin saman við núverandi gjaldskrá kemur í ljós að gjöldin hafa dregist verulega aftur úr þeirri þróun sem orðið hefur á byggingarvísitölu. Tafla 6.2.1. sýnir þennan samaburð.

Tafla 6.2.1. Þróun gjaldskrár

	Upprunaleg gjaldskrá 1987	Núverandi gjaldskrá	Uppreiknað frá 87 m.v. bygg.vísit.	**Mismunur í krónum**	**Mismunur í %**
Flugvallargjald					
Millilanda	750,00	1.250,00	1.669,63	**419,63**	**33,57%**
Innanlands	100,00	165,00	222,62	**57,62**	**34,92%**
Elsneytisgjald					
Flugvélabensín	1,30	1,60	2,89	**1,29**	**80,88%**
Þotueldsneyti	0,65	0,80	1,45	**0,65**	**80,88%**

Eins og kemur fram í þessari töflu er flugvallagjald um 34% lægra en það ætti að vera samkvæmt þróun byggingarvísitölu og eldsneytisgjald er tæpu 81% lægra en þróun byggingarvísitölu frá 1987

6.2.1. Tekjustreymi 1988 - 1992

Ef litið er til þeirra tekna sem skiluðu sér til Flugmálastjórnar vegna flugmálaáætlunar á tímabilinu 1988-1992, er það eins og kemur fram í töflu 6.2.2. hér fyrir neðan, ef miðað er við verðlag hvers árs

Tafla 6.2.2. Tekjustreymi 1988 - 1992 á verðlagi hvers árs

Á verðlagi hvers árs	*1988*	*1989*	*1990*	*1991*	*1992*
Flugvallagjald	213.334	249.548	296.985	309.633	342.302
Eldsneytisgjald	36.081	40.066	27.056	44.828	46.037
Alls	249.415	289.614	324.041	354.461	388.339

Mynd 6.2.1. Tekjustreymi 1988 - 1992 á verðlagi hvers árs



Ef hinsvegar er miðað við verðlag 1992, framreiknað miðað við byggingarvísistölu er þróunin önnur. Tafla 6.2.3. sýnir þennan framreikning og er þá greinilegt, að tekjur vegna flugmálaáætlunar voru mestar fyrsta árið, rúmar 400 mkr. en fóru niður í 360 mkr. 1990 og hafa smá hækkað síðan. Er það að mestu leyti vegna gjaldskrárhækkana, en síðast var gjaldskráin hækkuð í nóvember 1991.

Tafla 6.2.3. Tekjustreymi 1988 - 1992 á verðlagi ársins 1992

Núvirt	1988	1989	1990	1991	1992
Flugvallagjald	344.927	330.042	329.555	318.257	342.302
Eldsneytisgjald	58.337	52.990	30.023	46.077	46.037
Alls	403.264	383.031	359.579	364.334	388.339

Mynd 6.2.2. Tekjustreymi 1988 - 1992 á verðlagi ársins 1992



Eftirtektarvert er að hlutdeild eldsneytisgjalds hefur farið minnkandi eins og kemur fram hér fyrir neðan:

	1988	1989	1990	1991	1992
Hlutdeild eldsneytisgjalds	14,47%	13,83%	8,35%	12,65%	11,85%

Þróunin árið 1993 er á sama veg, þ.e. minnkandi hlutdeild eldsneytisgjalds.

6.3. Tekjuhorfur 1994 - 1996

Þegar tekið er mið af þróun undanfarinna ára er þess ekki að vænta, að tekjur á næstu tveim til þrem árum aukist að raungildi nema að hækkun á gjaldskrá komi til. Í lögum um flugmálaáætlun, nánar tiltekið 16. grein, er ákvæði, sem hljóðar svo: *"Til greiðslu kostnaðar samkvæmt flugmálaáætlun skal auk þeirra tekna, sem aflað verður samkvæmt ákvæðum laga þessara, veita sérstakt framlag á fjárlögum."* Þessu ákvæði hefur ekki verið beitt frá upphafi flugmálaáætlunar árið 1988. Jafnframt hafa tekjustofnar flugmálaáætlunar verið nýttir til annarra verkefna en uppbyggingar flugvalla, svo sem til að greiða hluta af byggingarkostnaði nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar.

Stærsti þátturinn í tekjustofnum flugmálaáætlunar, þ.e. flugvallargjaldið, stendur í beinu hlutfalli við fjölda flugfarþega. Þó eru viðkomufarþegar á leið yfir Atlantshafið undanþegnir þessu gjaldi. Með lægð í efnahagslífi þjóðarinnar er ekki líklegt, að ferðalög Íslendinga til annarra landa muni aukast að ráði. Hins vegar er búist við verulegri aukningu erlendra ferðamanna til landsins á næstu árum.

6.4. Lokaorð

Miðað við þróunina fyrstu sex ár flugmálaáætlunar er ekki varlegt að gera ráð fyrir að tekjur á næstu fjórum árum verði hærri en 395 mkr. á ári, eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 1994. Í fjárlögum ársins 1993 var áætlað, að tekjur flugmálaáætlunar yrðu 393 mkr., en í reynd urðu þær aðeins 375 mkr.. Þannig vantaði 18 mkr. upp á, að tekjuáætlunin stæðist. Ef þessi þróun heldur áfram er auðséð, að framkvæmdir flugmálaáætlunar muni dragast saman á komandi árum og fresta verði verkefnum vegna fjárskorts nema straumur erlendra ferðamanna aukist verulega, eins og spáð er. Þá er einnig mikilvægt að hafa í huga, að á undanförnum sex árum hefur verið varið tæplega tveim milljörðum króna til uppbyggingar á flugvöllum landsins. Þessi mannvirki og búnaður fara senn að krefjast viðhalds og endurbóta, sem mun draga úr nýframkvæmdum á flugvöllum landsins, nema til komi nýir tekjustofnar til að standa straum af viðhaldi.

724. Frumvarp til laga [470. mál]

um Þjóðarbókhlöðu.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Stjórnsýsla.

1. gr.

Þjóðarbókhlaða — Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn sameinuð — er sjálfstæð háskólastofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn bókasafnsins til fjögurra ára í senn svo sem hér segir: Tvo að tilnefningu háskólaráðs, einn að tilnefningu samstarfsnefndar Rannsóknaráðs og Vísindaráðs, einn að tilnefningu Bókavarðafélags Íslands og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar einn stjórnarmanna formann og annan varaformann.

Stjórnin markar bókasafninu stefnu, hefur umsjón með gerð starfs- og fjárhagsáætlana safnsins og eftirlit með starfsemi þess.

Forstöðumaður bókasafnsins, þjóðbókavörður, situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt, svo og einn fulltrúi starfsmanna bókasafnsins.

Stjórnin heldur fundi eftir þörfum. Formanni stjórnar er skylt að boða til fundar ef þjóðbókavörður eða meiri hluti stjórnarmanna æskja þess.

Menntamálaráðherra ákveður stjórnarmönnum þóknun.

3. gr.

Forseti Íslands skipar þjóðbókavörð til sex ára í senn samkvæmt tillögu menntamálaráðherra sem aflar rökstuddrar umsagnar stjórnar bókasafnsins.

Heimilt er að endurskipa þjóðbókavörð einu sinni án þess að staðan sé auglýst að fenginni umsögn stjórnar.

Þjóðbókavörður annast daglegan rekstur og stjórn bókasafnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við. Þjóðbókavörður skal árlega semja tillögu að starfsáætlun og fjárhagsáætlun bókasafnsins og leggja fyrir stjórn þess.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar aðstoðarþjóðbókavörð til sex ára í senn að fenginni rökstuddri umsögn stjórnar bókasafnsins.

Heimilt er að endurskipa aðstoðarþjóðbókavörð einu sinni án þess að staðan sé auglýst að fenginni umsögn stjórnar. Þjóðbókavörður ræður aðra starfsmenn bókasafnsins.

5. gr.

Í reglugerð skal kveðið á um deildaskiptingu bókasafnsins, svo og um safnráð, er sé samráðsvettvangur yfirmanna bókasafnsins og forstöðumanna deilda.

II. KAFLI
Hlutverk og markmið.

6. gr.

Bókasafnið er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands.

Safnið er rannsóknabókasafn sem skal halda uppi ávirkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs.

7. gr.

Hlutverk bókasafnsins er m.a.:

1. Að viða að sér gögnum í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, skrá þau og búa í hendur notendum.
2. Að þaulsafna íslenskum gögnum, m.a. með viðtöku skylduskila, svo og að afla erlendra gagna er varða íslensk málefni.
3. Að varðveita handritasöfn þau sem stofnað hefur verið til, sbr. 2. mgr. 14. gr., vinna að frekari söfnun og rannsóknum íslenskra handrita og samsvarandi efnis á nýrri miðlum. Hið sama á við um hliðstætt erlent efni sem varðar Ísland.
4. Að tryggja sem best viðhald og varðveislu safnkostsins. Í því skyni skal m.a. starfrækja bókbandsstofu, viðgerðarstofu og myndastofu. Þá skal taka frá eitt eintak af öllu efni sem berst í skylduskilum, undanskilja það allri venjulegri notkun og geyma tryggilega.
5. Að starfrækja bókminjasafn.
6. Að gera skrár um íslenskar bækur, handrit og hljóðrit, svo og eftir atvikum margvíslegar efnisskrár.
7. Að halda uppi rannsóknum á sviði íslenskrar bókfræði og bóksögu og veita upplýsingar um íslenska bókaútgáfu.
8. Að starfrækja landsskrifstofu fyrir alþjóðabóknúmerakerfið (ISBN) og fyrir samsvarandi númerakerfi annarra safngagna, eftir því sem stjórn bókasafnsins ákveður.
9. Að gefa safngestum kost á vinnuaðstöðu og sem greiðustum aðgangi að safngögnum.
10. Að leiðbeina notendum bókasafnsins eftir föngum um heimildaöflun og halda uppi fjölþættri upplýsingaþjónustu, m.a. með því að tengjast alþjóðlegum tölvunetum og upplýsingalindum.
11. Að sinna þörfum kennslu og rannsóknastarfsemi í Háskóla Íslands.
12. Að stuðla að sínu leyti að sjálfstæði og frumkvæði háskólanema í námi.
13. Að veita bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega, stjórnsýslu og rannsókna í landinu.
14. Að starfrækja samskrá bókasafna og láta bókasöfnum í té tölvu- og skráningarþjónustu eftir því sem stjórn bókasafnsins ákveður.
15. Að stuðla að samræmingu starfshátta í íslenskum bókasöfnum, veita þeim faglega ráðgjöf og eiga við þau sem víðtækast samstarf.
16. Að vera landsmiðstöð fyrir millisafnalán.
17. Að taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknabókasafna og upplýsingamála.
18. Að stuðla að fræðslu- og menningarstarfsemi, m.a. með því að standa að fyrirlestrahaldi, sýningum og listviðburðum.

Kveðið skal nánar á um hlutverk bókasafnsins í reglugerð.

III. KAFLI
Fjárhagsmálefni o.fl.

8. gr.

Kostnaður við rekstur bókasafnsins greiðist úr ríkissjóði. Þá skal hluti af fjárveitingu til Háskóla Íslands renna árlega til bókasafnsins samkvæmt sérstöku samkomulagi milli bókasafnsins og Háskólans.

Rekstur, endurnýjun og viðhald fasteigna, búnaðar og tækja, greiðist úr ríkissjóði og er sérstakur fjárlagaliður.

9. gr.

Heimilt er að bjóða út vissa þætti í starfsemi bókasafnsins, svo sem veitingarekstur, ákveðin verkefni á vegum bókbandsstofu, viðgerðarstofu, myndastofu o.fl.

Stjórn bókasafnsins er einnig heimilt að semja við aðrar stofnanir um að annast ákveðna þjónustu sem bókasafninu er að lögum falið að rækja.

Enn fremur getur bókasafnið með samþykki menntamálaráðuneytis gert samkomulag við aðrar stofnanir um að litið sé á ritakost þeirra sem hluta af íslenskum þjóðbókakosti.

10. gr.

Bókasafninu er heimilt að taka gjald fyrir ákveðna þætti þjónustunnar, svo sem millisafnalán, tölvuleitir, sérfræðilega heimildaþjónustu, fjölföldun hvers konar og úttak tölvugagna. Gjaldskrá vegna þessarar þjónustu skal háð samþykki stjórnar bókasafnsins.

11. gr.

Heimilt er að grisja efniskost bókasafnsins og farga eða ráðstafa til annarra aðila því efni sem bókasafnið telur sig ekki lengur þurfa á að halda. Þjóðbókavörður setur reglur um slíka grisjun að fengnu samþykki stjórnar bókasafnsins.

12. gr.

Menntamálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Í reglugerð skal m.a. mælt fyrir um starfshætti bókasafnsins og starfssvið stjórnenda þess. Þá skal nánar kveðið á um form og efnistök umsagna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á reglum bókasafnsins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Bókasafnið skal taka til starfa 1. desember 1994.

Lög um Landsbókasafn Íslands, nr. 38/1969, falla úr gildi 1. desember 1994.

Hinn 1. desember 1994 breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, orðast svo: Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar kjörnir til tveggja ára í senn í skriflegri atkvæðagreiðslu á vegum Félags háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Kjörinn skal einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta árlega. Einnig eiga setu á fundum ráðsins háskólaritari, þjóðbókavörður og einn kjörinn fulltrúi starfsmanna í stjórnsýslu Háskólans.

2. Í 1. mgr. 36. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, falla niður orðin „svo sem háskólabókasafni".
3. 7. mgr. 36. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, fellur niður.
4. Í 2. mgr. 8. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, fellur niður orðið „Landsbókasafns". Í þess stað kemur: Þjóðarbókhlöðu.

Auk þess eru öll lagaákvæði sem fá ekki samrýmst lögum þessum úr gildi numin.

Ákvæði til bráðabirgða.

14. gr.

Öll störf í Landsbókasafni Íslands og Háskólabókasafni eru lögð niður frá 30. nóvember 1994.

Allar bækur, handrit og önnur gögn Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns skulu verða eign Þjóðarbókhlöðu hinn 1. desember 1994.

Ákvæði um Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn í lögum um skylduskil til safna, nr. 43/1977, skulu eiga við Þjóðarbókhlöðu frá og með 1. desember 1994.

Stofnkostnaður Þjóðarbókhlöðu greiðist úr ríkissjóði.

Strax eftir að lög þessi hafa tekið gildi skal stjórn bókasafnsins skipuð. Staða þjóðbókavarðar skal auglýst laus til umsóknar með fjögurra vikna fyrirvara svo fljótt sem því verður við komið.

Þá skulu stöður annarra starfsmanna safnsins auglýstar lausar til umsóknar við fyrstu hentugleika.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarpi því sem hér liggur fyrir er ætlað að mynda lagagrundvöll fyrir hið nýja bókasafn sem stofnað er til með sameiningu Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns í Þjóðarbókhlöðu.

Aðalatriði frumvarpsins eru þessi:

1. Bókasafnið er sjálfstæð háskólastofnun sem ætlað er að vera í senn þjóðbókasafn og háskólabókasafn. Þetta er meginatriði sem aldrei má missa sjónar á. Hversu til tekst um þetta markmið ræðst ekki eingöngu af lagabókstaf heldur miklu frekar af markvissri framkvæmd.
2. Þjóðbókavörður er æðsti yfirmaður innan bókasafnsins en safnstjórn hefur eftirlit með starfsemi þess. Leitast er við að treysta tengsl við Háskólann með því að í fimm manna stjórn sitji tveir stjórnarmenn samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Þá situr í stjórninni einn fulltrúi vísinda- og rannsóknastarfseminnar í landinu og annar fulltrúi að tilnefningu Bókavarðafélags Íslands. Starfsmenn eiga áheyrnarfulltrúa í stjórn en auk þess er gert ráð fyrir svonefndu safnráði sem yrði samráðsvettvangur yfirmanna safnsins og forstöðumanna deilda þess.
3. Ítarleg ákvæði eru um hlutverk og markmið bókasafnsins en fyrst og fremst er stefnt að því að safnið geti orðið nútímalegt bókasafn í stöðugri þróun með fjölþættri upplýsingaþjónustu fyrir Háskólann og samfélagið í heild. Í kaflanum um þetta efni er enn lögð áhersla á að hlutverk safnsins sé í meginatriðum tvíþætt en um leið að það sé ein samstæð heild.

4. Í ákvæðinu um fjármál safnsins er lögð áhersla á að rekstur safnsins sé ekki alfarið borinn uppi af beinum fjárframlögum úr ríkissjóði heldur leggi Háskólinn sinn skerf til rekstrarins en með því móti er leitast við að treysta tengsl bókasafnsins við Háskólann og undirstrika mikilvægi safnsins fyrir háskólasamfélagið. Rétt er að hafa í huga að 5.000 nemendur, um 500 fastir kennarar og sérfræðingar og um 1.000 stundakennarar verða þurftafrekustu viðskiptavinir safnsins. Þeir hafa vart tök á að fara fram á viðhlítandi þjónustu í safninu ef þeir greiða ekkert fyrir hana. Framlag Háskólans yrði í samræmi við þá stefnu að sá sem óskar tiltekinnar þjónustu verður að hafa vitund um kostnað hennar. Því er farsælast að Háskólinn beini hluta af fjárveitingu sinni til bókasafnsins og hún skoðist sem endurgjald fyrir ritakaup og þá þjónustu sem hann nýtur hjá safninu. Bein fjárveiting til reksturs Þjóðarbókhlöðu mun hins vegar standa undir öðrum ritakaupum og þjónustu safnsins við almenning. Þá skipta og nokkru máli ákvæði um heimild til töku þjónustugjalda fyrir ákveðna þætti þjónustunnar og ákvæði um heimild til að semja við utanaðkomandi aðila um að annast ýmsa þjónustu sem safninu er ætlað að rækja.
5. Um starfsmannamál er ákvæði til bráðabirgða. Um skýringar á því vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpinu en rétt er að benda á að sökum hinnar auknu og víðfeðmu starfsemi bókasafnsins samkvæmt þessu frumvarpi eru ekki líkur á að fækka megi starfsmönnum safnsins heldur hið gagnstæða.

Sameining tveggja af meginsöfnum landsins, Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns, ætti að auka hagkvæmni og skilvirkni í rekstri en ekki er síður mikilsvert að hinu nýja þjóðbókasafni er ætlað að verða framsækin nútímastofnun sem stuðla mun að framþróun og sókn í íslenskum mennta- og menningarmálum jafnframt því sem hún mun varðveita þann hluta menningararfsins sem fólginn er í rituðum heimildum.

II.

Hinn 11. september 1956 skipaði Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra fimm manna nefnd til þess að athuga „hvort fjárhagslega og skipulagslega muni eigi hagkvæmt að sameina Háskólabókasafn og Landsbókasafn að einhverju eða öllu leyti, þannig að Háskólabókasafnið yrði framvegis handbókasafn fyrir Háskólann, en Landsbókasafn tæki við öðrum hlutverkum þess". Formaður nefndarinnar var Þorkell Jóhannesson háskólarektor. Nefndarformaður lýsti þegar í upphafi „þeirri skoðun sinni, að hann teldi skipulagslega óheppilegt og fjárhagslega óhagstætt, að hér væri haldið uppi tveimur vísindalegum bókasöfnum, er hefðu, svo sem verið hefur til þessa, litla sem enga samvinnu sín á milli" og enn fremur að ekki væri „unnt að leysa bókaþörf Háskólans í heild sinni með sameiningu við Landsbókasafnið á viðunandi hátt og til frambúðar með öðru móti en því að reisa nýtt safnhús fyrir Landsbókasafnið í næsta nágrenni við háskólabygginguna. Að þessu bæri því að stefna og flýta þessu máli sem allra mest" eins og segir í áliti nefndarinnar, dags. 11. janúar 1957.

Í framhaldi af tillögum bókasafnsnefndarinnar var að forgöngu menntamálaráðherra samþykkt á Alþingi 29. maí 1957 svohljóðandi þingsályktunartillaga:

„Alþingi ályktar:

1. Að sameina beri Háskólabókasafn Landsbókasafni eins fljótt og unnt er á næstu árum, þannig að Landsbókasafn verði aðalsafn, en í Háskólabókasafni sé sá þáttur starfseminnar, sem miðast við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir kennara,

2. að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessa átt,
3. að nú þegar verði svo náið samstarf upp tekið milli Landsbókasafns og Háskólabókasafns sem við verður komið að áliti forráðamanna þeirra, og hliðsjón höfð af væntanlegri sameiningu safnanna."

Í júní 1966 skipaði menntamálaráðherra enn nefnd „til að athuga, hversu málum vísindalegra bókasafna verði skipað hér á landi til frambúðar þar á meðal um tengsl Háskólabókasafns og Landsbókasafns". Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri var formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði áliti síðla sumars 1966 og mælti eindregið með því að þingsályktun um sameiningu safnanna frá 1957 yrði fram fylgt og bókasafnshús reist í næsta nágrenni við Háskólann.

Árið 1967 var stofnaður Byggingarsjóður safnhúss með litlu byrjunarframlagi. Sjóður þessi var síðar kallaður Byggingarsjóður Þjóðarbókhlöðu.

Á 150 ára afmæli Landsbókasafns 28. ágúst 1968 skýrði Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra frá því að nýju bókasafnshúsi hefði verið ákveðinn staður á svæðinu við Birkimel nálægt Hringbraut en hinn 30. júlí 1971 samþykkti borgarráð allt að 20.000 fermetra lóð á umræddum stað.

Á afmælinu var skýrt frá því að þjóðhátíðarnefnd sú er Alþingi skipaði 1966 til að gera tillögur um það á hvern hátt Íslendingar skyldu minnast ellefu alda afmælis Íslandsbyggðar 1974 hygðist leggja til að þjóðbókasafnsbygging yrði reist sem höfuðminnisvarði þeirra merku tímamóta.

Í nýjum lögum um Landsbókasafn Íslands, sem samþykkt voru á Alþingi vorið 1969 (lögum nr. 38/1969), voru sett svofelld ákvæði er lúta að samtengingu Háskólabókasafns og Landsbókasafns (8. gr.):

„Háskóli Íslands varðveitir Háskólabókasafn í Landsbókasafni undir yfirstjórn landsbókavarðar, er ný þjóðbókhlaða skapar skilyrði til þess, jafnframt því sem stofnanir Háskólans hafa söfn í sinni vörzlu.

Öflun erlendra rita og þjónusta í háskólaþarfir skal fara fram sameiginlega í samræmi við 2. tölulið 2. gr. auk 6., 7., 12. og 14. gr. Miðist starfræksla þessi við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir innan Háskólans. Skal undirbúningur þessa fyrirkomulags þegar hafinn."

Ríkisstjórn Íslands flutti vorið 1970 svofellda tillögu til þingsályktunar:

„Alþingi ályktar, að í tilefni af ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist Þjóðarbókhlaða, er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn."

Tillagan var samþykkt 30. apríl 1970.

Hinn 15. júlí 1970 skipaði menntamálaráðherra byggingarnefnd Þjóðarbókhlöðu og var Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður formaður nefndarinnar.

Menntamálaráðherra tók fyrstu skóflustungu hinn 28. janúar 1978. Forseti Íslands lagði hornstein að byggingunni 23. september 1981.

Eftir lagningu hornsteins haustið 1981 var framkvæmdum haldið áfram en þær gengu mjög hægt vegna naumra fjárveitinga. Því var það að menntamálaráðherra gekkst á Alþingi 1986 fyrir samþykkt frumvarps til laga um þjóðarátak til byggingar Þjóðarbókhlöðu en samkvæmt því skyldi eignarskattsauka áranna 1987–1989 alfarið varið til framkvæmda við bókhlöðuna. Reyndin varð þó sú að einungis hluti fjárins gekk til þeirra.

Árið 1989 voru á Alþingi sett lög um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga og í þeim gert ráð fyrir að bókhlaðan sæti fyrir fjárveitingum úr þeim sjóði er eignarskattsaukinn nú skyldi renna í. En þar fór á sömu leið og áður, bókhlaðan fékk ekki nema hluta fjárins. Meiri hlutinn gekk samkvæmt heimild í lánsfjárlögum 1990 og 1991 til annarra framkvæmda, einkum við Þjóðleikhús og á Bessastöðum.

Á árinu 1992 urðu þau umskipti að eignarskattsaukinn var að mestu látinn ganga til Þjóðarbókhlöðu og allur árin 1993 og 1994. Þungur skriður hefur því haldist á framkvæmdum þessi ár og nú er gert ráð fyrir að þeim ljúki á yfirstandandi ári, 1994.

Í skýrslu 30. mars 1992 frá framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, er annast hefur fjárreiður bókhlöðuframkvæmdanna, er greint frá áföllnum kostnaði frá upphafi til ársloka 1991. Þar sést að til ársloka 1991 hafði á verðlagi hvers árs verið varið 503.330.000 kr. til byggingarinnar. Sú upphæð, framreiknuð til 1. apríl 1992 samkvæmt byggingarvísitölu 187,2, verður 1.079.214.000 kr. og er þess getið að vísitala hvers árs í framreikningi sé meðaltalsvísitala ársins.

Samkvæmt ríkisreikningi 1992 var á því ári varið 185.072.000 kr. til Þjóðarbókhlöðu og á árinu 1993 samkvæmt upplýsingum Ríkisbókhalds 373.600.000 kr. Eða samtals frá upphafi til ársloka 1993 1.637.886.000 kr., en að viðbættu 53 millj. kr. framlagi frá Háskóla Íslands árið 1990 vegna tölvuvæðingar, 1.690.886.000 kr.

Inni í ofangreindum tölum er m.a. kostnaður við rekstur hússins allan þann tíma sem það hefur verið í byggingu. Áætlað er að kostnaður við að ljúka bókhlöðunni, innréttingum hennar og búnaði, svo og við flutning safnanna nemi um 650 millj. kr. á verðlagi ársins 1994.

III.

Hér á undan var lýst í aðalatriðum þeirri stefnumörkun stjórnvalda að sameina bæri Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Undirbúningur nýbyggingarinnar hófst á vegum byggingarnefndar og forráðamanna safnanna um 1970 og fyrsta gerð forsagnar um hana var birt 1971.

Það varð fljótlega ljóst að þeim markmiðum, sem að var stefnt með ákvörðuninni um sameiningu safnanna, yrði ekki náð nema þau yrðu sameinuð til fulls þannig að um eina stofnun yrði að ræða sem gegndi hinu tvíþætta hlutverki að vera í senn þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands en núverandi stofnanir legðust með öllu niður. Með þessum hætti yrði um að ræða eitt heildstætt safn bæði í vitund og framkvæmd. Skipulagning starfseminnar skyldi og miðast við hagkvæmni, örugga umhirðu þjóðarverðmæta og þjónustuvilja.

Byggingin var á sínum tíma hönnuð þannig að hún svaraði sem best ofangreindum markmiðum en væri jafnframt sveigjanleg að formi þannig að tiltölulega auðvelt væri að nýta hana við breytilegar aðstæður.

Eins og kunnugt er stóð húsið árum saman óinnréttað og þegar til þess kom að ljúka innri hönnun og framkvæmdum höfðu forsendur að mörgu leyti breyst, einkum um allt það er lýtur að beitingu tækni við bókasafnsrekstur og upplýsingamiðlun. Segja má því að skrifa hafi þurft flestar forsagnir um bygginguna að nýju.

IV.

Undirbúningur þessa lagafrumvarps hefur verið með þeim hætti að menntamálaráðuneytið skipaði 23. janúar 1993 samstarfsnefnd um nýtt þjóðbókasafn og eiga sæti í henni: Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður og Ögmundur Helgason deildarstjóri, samkvæmt tillögu Landsbókasafns, Þórir Ragnarsson aðstoðarháskólabókavörður og Þorsteinn I. Sigfússon prófessor, tilnefndir af Háskólabókasafni, Stefán Stefánsson deildarstjóri og Egill Skúli Ingibergsson verkfræðingur, formaður, en ritari nefndarinnar hefur verið Einar Sigurðsson háskólabókavörður. Eitt af verkefnum nefndarinnar hefur verið „að skila áliti um einstaka efnisþætti vegna undirbúnings laga og reglugerðar um hið nýja þjóðbókasafn, eftir því sem ráðuneytið kann að mælast til við nefndina". Í framhaldi af því fól ráðuneytið nefndinni að fjalla um skilgreiningu á hlutverki og markmiði hins nýja safns og að segja fyrir um efnisatriði varðandi stjórnkerfi og fjárhagsmálefni safnsins.

Þeir Knútur Hallsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, og Páll Hreinsson lögfræðingur hafa síðan unnið að því að færa hugmyndir nefndarinnar í frumvarpsform og ganga frá öðrum þáttum frumvarpsins. Fáeinar breytingar á frumvarpsdrögunum voru gerðar í menntamálaráðuneytinu.

Höfundar frumvarpsins hafa dregið að og kynnt sér gögn um áþekkan safnrekstur erlendis. Þess eru vissulega nokkur dæmi að háskóla- eða þjóðbókasöfn gegni að einhverju eða öllu leyti tvíþættu hlutverki líkt og hér er ráðgert. Hins vegar eru vart finnanleg tilvik þar sem aðstæður eru sambærilegar eða sameiningu þjóðbókasafns og háskólabókasafns hefur borið að með líkum hætti og hér. Höfundum frumvarpsins hefur því vissulega verið nokkur vandi á höndum.

Þessu frumvarpi er að stórum hluta ætlað að vera rammalöggjöf svo að hendur væntanlegra stjórnenda og starfsmanna verði ekki rígbundnar með lögum meðan stofnunin þróast og nokkur reynsla fæst af starfsemi hennar. Á hinn bóginn hefur verið leitast við að ganga eins tryggilega og unnt er á þessu stigi frá ýmsum grundvallaratriðum eins og stjórnkerfi og fjármögnun auk ítarlegra ákvæða um hlutverk og markmið hins nýja safns.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um stöðu Þjóðarbókhlöðu í stjórnsýslukerfinu svo og innri stjórnsýslu bókasafnsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um stöðu Þjóðarbókhlöðu í stjórnsýslukerfinu en þar kemur fram að bókasafnið heyri stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra. Í ákvæðinu kemur einnig fram að um sé að ræða sjálfstæða háskólastofnun með sérstaka stjórn. Þýðing þess að lögum felst m.a. í því að ákvarðanir stjórnar bókasafnsins verða ekki bornar undir menntamálaráðherra með stjórnsýslukæru. Þá getur ráðherra ekki gefið stofnuninni bindandi fyrirmæli um úrlausn mála nema hafa til þess lagaheimild. Þar sem hér er um að ræða menningarstofnun sem gegnir vörslu- og þjónustuhlutverki en tekur sjaldnast ákvarðanir um réttindi og skyldur manna þykir eðlilegast að stjórnarfarsleg staða bókasafnsins sé með þessum hætti.

Í ákvæðinu kemur fram að bókasafnið teljist háskólastofnun. Með þessu er lögð áhersla á náin starfstengsl bókasafnsins við Háskóla Íslands en annað meginhlutverk safnsins er að vera háskólabókasafn, sbr. 6. gr. frumvarpsins, og endurspeglast það í markmiðum safnsins, sbr. t.d. 10.–12. tölul. 7. gr. frumvarpsins. Þá tilnefnir háskólaráð tvo menn í stjórn safnsins, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um skipan stjórnar bókasafnsins svo og meginstarfsskyldur stjórnar.

Í 1. mgr. er kveðið á um það að fjórir stjórnarmenn verði skipaðir af ráðherra að fenginni tilnefningu en ráðherra skipi einn mann án tilnefningar.

Varðandi samstarfsnefnd Rannsóknaráðs og Vísindaráðs skal það tekið fram að samið hefur verið frumvarp um Vísinda- og tækniráð Íslands er koma skal í stað fyrrnefndra ráða og mun það annast tilnefninguna í stjórn bókasafnsins verði frumvarpið að lögum.

Í 2. mgr. kemur fram að ráðherra skipi einn stjórnarmanna formann og annan varaformann. Í því felst að ráðherra hefur þá að öllu leyti frjálst val um það hverja af stjórnarmönnum hann skipar formann og varaformann.

Í 3. mgr. er kveðið á um meginstarfsskyldur stjórnar, þ.e. að móta stefnu og starfsemi bókasafnsins innan ramma laganna og hafa eftirlit með starfsemi þess.

Í 4. og 5. mgr. er fjallað um það hverjir geti haft frumkvæði að boðun fundar stjórnar, svo og hverjir hafi rétt til að sitja fundi stjórnar. Að öðru leyti fer um fundarboðun og málsmeðferð stjórnar samkvæmt meginreglum VIII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um skipun þjóðbókavarðar svo og starfsskyldur hans.

Gert er ráð fyrir því að þjóðbókavörður sé skipaður til sex ára í senn. Að þeim tíma liðnum er heimilt að endurskipa þjóðbókavörð einu sinni án auglýsingar að fenginni umsögn bókasafnsins. Um frekari endurskipun verður einungis að ræða að undangenginni auglýsingu.

Stjórn bókasafnsins er ætlað að láta í té rökstudda umsögn áður en ráðherra gerir tillögu um skipun þjóðbókavarðar. Í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra mæli nánar fyrir um form og efnistök umsagna stjórnar bókasafnsins svo að þær megi koma að sem bestum notum við undirbúning ákvörðunar.

Í 3. mgr. er síðan fjallað um meginstarfsskyldur þjóðbókavarðar.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um ráðningu annarra starfsmanna safnsins, þar á meðal aðstoðarþjóðbókavarðar. Gert er ráð fyrir því að í reglugerð verði kveðið á um starfssvið aðstoðarþjóðbókavarðar, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir því að sams konar reglur gildi við skipun aðstoðarþjóðbókavarðar og þjóðbókavarðar ef frá er talið að það er menntamálaráðherra sem skipar hann.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er mælt svo fyrir að deildaskipting safnsins skuli ákveðin í reglugerð. Í II. kafla eru ítarleg ákvæði um markmið og hlutverk safnsins. Þar sem fyrirsjáanlegt er að starfshættir muni breytast mikið á næstu áratugum, m.a. vegna tæknilegra framfara, þykir nauðsynlegt að hafa svigrúm til þess að ákveða deildaskiptingu og starfs-

hætti bókasafnsins í reglugerð svo að hægt verði að aðlagast breyttum aðstæðum án þess að grípa þurfi til lagabreytinga.

Í 5. gr. frumvarpsins kemur einnig fram að í reglugerð skuli kveðið á um safnráð er skipað verði yfirmönnum bókasafnsins og forstöðumönnum deilda þess. Ætlunin er að safnráð verði samráðsvettvangur þeirra sem gegna fyrrnefndum stjórnunarstöðum.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um hlutverk og markmið safnsins. Í 6. gr. kemur fram höfuðhlutverk bókasafnsins en í 7. gr. er það tíundað nánar.

Um 6. gr.

Í 6. gr. kemur fram að bókasafnið sé í senn þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Við nánari afmörkun á hlutverki safnsins ber því m.a. að líta til þeirra starfa sem þjóðbókasöfnum og háskólabókasöfnum eru almennt falin.

Það sem m.a. einkennir þjóðfélög Vesturlanda er mikill vöxtur upplýsinga, hröð þróun upplýsingatækni og hvers kyns fjarskipta, síflóknara samfélagskerfi og vaxandi mikilvægi vísindalegrar þekkingar. Það er því mikilsvert að marka hinu nýja safni þá stöðu og skapa því þá ímynd sem samræmist margþættu hlutverki þess og víðtækum skyldum í upplýsingasamfélagi komandi aldar. Bókasöfn munu í vaxandi mæli tengjast upplýsingalindum utan eigin veggja, svo sem öðrum bókasöfnum, upplýsingastofnunum og gagnasöfnum. Þau verða þannig í og með hlekkur milli hins almenna notanda og þeirra efnismiklu og flóknu upplýsingakerfa sem í boði eru. Jafnframt því sem þjóðbókasafninu er þannig ætlað framsækið og metnaðarfullt þjónustuhlutverk ber því að varðveita af kostgæfni drjúgan hluta menningararfs þjóðarinnar og vernda hann fyrir eyðandi áhrifum umhverfisins. Ákvæði frumvarpsins um hlutverk safnsins svo og þær skýringar, sem hér fara á eftir við 7. gr. frumvarpsins, ber að skoða í ljósi þessara skyldna.

Um 7. gr.

Um 1. tölul.

Tekið er tillit til þess að bókasöfn afla nú ekki einungis prentaðra rita, heldur einnig margvíslegra gagna á nýrri miðlum. Nefna má í þessu sambandi hljóðrit, örfilmur, myndrit, geisladiska og efni í tölvutæku formi af ýmsu tagi.

Gagnanna er aflað með kaupum, skylduskilum, viðtöku gjafa og ritaskiptum.

Aðilar, sem Háskólabókasafn hefur verið í ritaskiptum við, eru um 500 og skiptaaðilar Landsbókasafns eru á annað hundrað. Ritaskiptasendingar til og frá söfnunum nema þúsundum á ári. Þarna er að verulegu leyti um að ræða efni sem ekki er á almennum markaði og erfitt væri að afla eftir þeirri leið. Sumpart eru ritaskipti líka hagsmunamál fyrir þjóðir sem hafa ekki gjaldeyrisráð til að kaupa mikið af bókum. Eðlilegt er því að safnið haldi uppi þessari starfsemi í þeim mæli sem því er hagfellt eða það telur nauðsynlegt.

Landsbókasafn, og í nokkrum mæli Háskólabókasafn, hafa verið viðtökuaðilar að erlendu stjórnarprenti eða efni frá fjölþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að. Sem þjóðbókasafn mun safnið rækja þennan þátt í nokkrum mæli en gæta þess þó að ekki komi til óþarfa tvíverknaðar fái aðrar stofnanir sent sama efni. Einnig ber safninu að fylgjast með því hvað af þessu efni er fáanlegt sem örgögn eða á geisladiskum svo að rými sé ekki sóað að óþörfu.

Um 2. tölul.

Gildandi lög um skylduskil til safna eru nr. 43 frá 16. maí 1977 og þarfnast endurskoðunar, m.a. vegna nýrra miðla og breyttrar tækni við fjölföldun gagna og miðlun upplýsinga. Í lögunum er ákvæði um afhendingu á hljómplötum og annars konar tón- og talupptökum sem gefnar eru út. Hins vegar eru þar ekki ákvæði um afhendingu á neins konar efni frá ljósvakamiðlum, hvorki tón- eða talupptökum né efni á myndmiðlum. Við endurskoðun laga um skylduskil mundi væntanlega kveðið á um verkaskiptingu milli stofnana um öflun og varðveislu hins margvíslega efnis á þessu sviði.

Sem þjóðbókasafn hefur bókasafnið ríkar skyldur um söfnun á öllu prentuðu máli íslensku eða því sem íslensk málefni varðar á hvaða tungu sem er. Sé ekki kostur frumrita skulu fengnar af þeim filmur eða annars konar afrit eftir því sem auðið er.

Um 3. tölul.

Það gerist nú æ algengara að höfundar semji rit sín beint á tölvu og munu ritverk því að vissu marki verða afhent handritadeild í véllæsu formi.

Varðandi verkaskiptingu um viðtöku gagna reynir helst á samráð við Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, svo og Þjóðskjalasafn Íslands og önnur skjalasöfn. Í því efni verður fremur að treysta á samvinnu aðila en ætla sér að draga í lögum nákvæmar markalínur, sbr. þó það sem segir í 5. gr. laga um Þjóðskjalasafn frá 1985 og skýringum við hana, svo og í reglugerð um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi frá 1978, b-lið 2. gr.

Um 4. tölul.

Stefnt er að því að fela sérfróðum starfsmanni varðveislustjórn í safninu. Einungis hinn vandaðri hluti bókbands færi fram í safninu sjálfu, annað væri boðið út. Auk hefðbundinna viðgerða yrði stuðlað að hlífð rita með því að færa þau yfir á aðra miðla með ljósmyndun, skönnun eða öðrum tæknilegum aðferðum.

Um 5. tölul.

Um er að ræða rit, íslensk og erlend, sem eru mjög verðmæt eða hafa sérstakt minjagildi, svo sem vegna aldurs, ferils, afbrigða, áritunar eða markverðs bókbands. Illa fer á því að geyma slík rit með öðru efni og þeim þarf að hlífa við óþarfri og ógætilegri notkun.

Um 6. tölul.

Í tölvukerfinu Gegni er byggt upp allsherjargagnasafn. Lögð er höfuðáhersla á að skráningarfærslur hins íslenska efnis komist inn í Gegni strax við útkomu þess. Hluti þess efnis sem Gegnir hýsir er skráningarfærslur greina í íslenskum tímaritum og blöðum, svo og greina um íslensk efni eða eftir íslenska menn í erlendum tímaritum. Einnig getur verið um að ræða hvers kyns efnisskrár án tillits til lands eða tungumáls. Auk þess sem beinlínuaðgangur er að gagnasafninu eru eftir atvikum dregnir út ákveðnir hlutar þess til prentunar svo sem Íslensk bókaskrá. Færslur munu einnig verða dregnar út úr Gegni til miðlunar á öðru formi, m.a. sem tölvutæk gögn.

Um 7. tölul.

Landsbókasafn hefur um áratuga skeið gefið út bókfræðilegar eða bóksögulegar ritgerðir í Árbók sinni. Enn fremur greinar þar sem stuðst er við handritakost safnsins. Einsýnt er að sambærilegu útgáfustarfi verði haldið áfram.

Fjölmargir í þjóðfélaginu þurfa einnig á upplýsingum að halda um íslenska bókaútgáfu, bæði tölfræðilegum og af öðru tagi, svo sem opinberir aðilar, bókaútgefendur, aðilar prentiðnaðarins og fjölmiðlar.

Um 8. tölul.

Alþjóðlega bóknúmerakerfið (ISBN) hefur höfuðstöðvar í Berlín en Landsbókasafn tókst á hendur árið 1990 að starfrækja svæðisskrifstofu fyrir Ísland. Starfsmaður þessa verkefnis kynnir bóknúmerakerfið og úthlutar tölum til útgefenda. Hann fylgist með því að númerin séu rétt notuð og þau skili sér inn í gagnasafn bókasafnsins og í útgefnar skrár. Hann heldur skrá yfir útgefendur og rækir samskipti við alþjóðaskrifstofuna.

Kerfi tímaritanúmera (ISSN) hefur höfuðstöðvar í París. Ísland hefur ekki gerst formlegur aðili að kerfinu en safnið pantar númer fyrir íslensk tímarit frá París eftir því sem á reynir.

Um 9. tölul.

Rit Íslandssafns (þ.e. þjóðdeildar og handritadeildar) eru einungis til notkunar á staðnum í sérstökum lestrarsölum. Að öðru leyti er svo mikið af gögnum sem kostur er, bæði íslenskum og erlendum, haft á sjálfbeina sem kallað er og er drjúgur hluti þess efnis falur til útlána. Sérstakt vélvætt öryggiskerfi er notað til að hamla gegn því að rit séu fjarlægð í heimildarleysi.

Utan Íslandssafns er ekki um eiginlega lestrarsali að ræða heldur spildur lessæta á hinum opnu svæðum en auk þess nokkra tugi lokaðra lesherbergja sem flest eru ætluð einum notanda hvert.

Um 10. tölul.

Starfsmenn safnsins gera svokallaðar tölvuleitir fyrir notendur þegar um er að ræða gagnabanka utan safns sem selja aðgang að upplýsingunum. Gjald er þá tekið í safninu fyrir þessa þjónustu. Hins vegar er einnig til fjöldi nettengdra gagnabanka þar sem leitir eru án endurgjalds. Notendum er leiðbeint um að gera leitir í þeim sjálfir enda ætlunin að hafa allríflegt framboð af tölvum og öðrum viðeigandi búnaði á hinum almennu lessvæðum í safninu.

Um 11. tölul.

Safnið hefur sem háskólabókasafn höfuðskyldur við Háskóla Íslands. Aðrir skólar á háskólastigi svo og sérskólar hafa yfirleitt eigin bókasöfn. Að sjálfsögðu eiga slíkar menntastofnanir almennan aðgang að gagnakosti og þjónustu bókasafnsins sem þjóðbókasafns og veigamesta rannsóknabókasafns landsins.

Safnið leitast við að hafa í þjónustu sinni starfsfólk sem sérhæfir sig á ákveðnum sviðum háskólastarfsins og heldur uppi formlegu samstarfi við viðeigandi greinar, m.a. um val safngagna. Stefnt skal að því að aðalsafn svari í öllum meginatriðum þörf Háskólans fyrir bókasafnsþjónustu en það starfrækir auk þess í vissum tilvikum safndeildir í byggingum Háskólans sem miðast aðallega við handbókaþarfir kennara og sérfræðinga. Rit þar eru að jafnaði bundin notkun á staðnum.

Um 12. tölul.

Miðað er við að safnið fái með gögnum sínum og þjónustu dregið úr þörfinni á hefðbundinni kennslu í Háskólanum. Þessi ætlan er studd svo öflugri notendafræðslu sem kostur er og er þar um hvort tveggja að ræða tiltölulega stuttar frumkynningar og hins vegar framhaldsfræðslu sem tengd er ákveðnum greinum — í formi námskeiða eða sem hluti af námskeiðum. Fyrir þjónustu af þessu síðar nefnda tagi greiðir Háskólinn sérstaklega.

Um 13. tölul.

Þjónusta við þessa mikilvægu þætti fer að verulegu leyti saman við þær skyldur sem safnið hefur við Háskólann. Að öðru leyti tekur safnið mið af því hvaða bókasöfn eru til fyrir í landinu vegna einstakra atvinnugreina og rannsóknastofnana, styður við slík söfn, bætir þau upp og vísar notendum eftir atvikum til þeirra. Bókasafnið veitir jöfnum höndum þjónustu grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum.

Um 14. tölul.

Svo sem vikið er að í skýringum við 6. tölul. er byggt upp í tölvukerfinu Gegni allsherjargagnasafn. Gegnir er tölvukerfi Þjóðarbókhlöðu en auk þess eiga allmörg önnur bókasöfn fulla aðild að kerfinu, þ.e. þau beita kerfinu eftir atvikum við flestalla þætti í safnrekstrinum. Í Gegni er enn fremur haldið uppi samskrá bókasafna. Fyrir hverja bók í kerfinu nægir ein bókfræðileg færsla, jafnvel þótt eintak af bókinni sé til í mörgum söfnum. Hvert bókasafn, sem á aðild að samskránni, fær ákveðið safntákn sem birtist á skjá þegar færsla rits er kölluð fram.

Bókasafn, sem fyrst skráir rit, er í rauninni að skrá það fyrir aðildarbókasöfn sem á eftir koma. Gegnir er þannig hugsaður sem landskerfi og samnýting hans leiðir sjálfkrafa til samvinnu í skráningu, auk þess sem upplýsingagildið er ómetanlegt því að með tiltölulega einföldum búnaði er hægt að hafa samband við kerfið hvaðanæva.

Það styður einnig gildi Gegnis á landsvísu að hann hýsir sérstakt gagnasafn um greinar í íslenskum tímaritum og blöðum, svo og greinar um íslensk efni eða eftir íslenska menn í erlendum tímaritum.

Skrifstofa kerfisbókavarðar veitir upplýsingar og ráðgjöf um tölvukerfið Gegni og skyld málefni.

Um 15. tölul.

Nefndir sem sinna stöðlun og samræmingu á sviði skráningar og flokkunar og útgáfu handbóka á þeim sviðum hafa lengi verið til hér á landi. Þær störfuðu um skeið í umboði samstarfsnefndar um upplýsingamál með aðild bókafulltrúa ríkisins. Með tölvuvæðingu gagnasafna verður það æ brýnna að koma einnig upp alhliða efnisorðaskrá á íslensku. Þjóðarbókhlöðusafnið býr yfir mestri þekkingu og reynslu á þessum sviðum og á líka mestra hagsmuna að gæta vegna þess hlutverks sem því er ætlað varðandi uppbyggingu gagnasafna. Það er því æskilegt að það hafi forustu um þá samvinnu sem vera þarf um þessi samræmingar- og stöðlunarverkefni.

Bókasafnið mun einnig halda uppi sem öflugastri þjónustu við notendur varðandi heimildaleitir (tölvuleitir) í erlendum gagnasöfnum, sbr. 10. tölul. Safninu ber að hafa frumkvæði að því að taka upp og kynna nýjungar á þessu sviði jafnvel gegna um það formlegu ráðgjafarhlutverki svo sem tíðkast um hinar svokölluðu DIANE-miðstöðvar í grannlöndunum (DIANE = Direct Information Access Network for Europe). Geisladiskar (CD-ROM) bæta upp og koma að nokkru leyti í staðinn fyrir tölvuleitir og mun safnið kappkosta að gera mönnum notin af þeim sem auðveldust, m.a. með því að nettengja geisladiskastöðvarnar. Þá hlýtur safnið að hyggja að því hvenær tímabært sé að það gangist sjálft fyrir útgáfu efnis á geisladiskum, svo sem á þjóðbókaskránni og öðrum bókfræðigögnum ellegar efni sem lesið er inn í tölvutækt form með skönnun en beitingu þeirrar tækni fleygir nú fram. Einnig gæti verið um það að ræða að safnið hvetti aðra aðila til útgáfu á geisladiskum.

Um 16. tölul.

Háskólabókasafn hefur um árabil verið landsmiðstöð varðandi sendingu íslensks efnis í millisafnalán til erlendra bókasafna. Þjóðarbókhlaða hlýtur að rækja þá skyldu áfram. Þá eru og millisafnalán fjölþættari og umfangsmeiri í þessu safni en nokkru öðru hérlendis og það er betur búið að hjálpargögnum til að verða við erfiðum beiðnum. Þróun varðandi tæknilegar aðferðir við að sinna millisafnalánum og flýta afgreiðslu þeirra er ákaflega hröð og er eðlilegt að safnið gegni forustuhlutverki og hafi á hendi ráðgjöf varðandi þessi atriði.

Um 17. tölul.

Safninu ber sem þjóðbókasafni og bókasafni stærsta háskóla landsins að eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir erlendis og vera í fyrirsvari á landsvísu varðandi ákveðna þætti upplýsingamála almennt.

Um 18. tölul.

Þessu markmiði er sumpart sinnt með þeirri almennu þjónustu sem safnið veitir. Einnig gengst það fyrir samkomum eða sýningum í húsakynnum safnsins, ýmist eitt sér, í félagi við aðra eða lætur einungis aðstöðuna í té. Enn fremur getur verið um það að ræða að safnið eigi aðild að menningarviðburðum sem fara fram utan húsakynna bókasafnsins.

Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er mælt svo fyrir að kveðið skuli nánar á um hlutverk safnsins í reglugerð. Í því sambandi er rétt að minna á að gengið er út frá því að safninu beri að veita stuðning því víðtæka og vaxandi endurmenntunarstarfi sem Háskóli Íslands heldur uppi. Enn fremur ber að taka tillit til fjarkennslu sem eflaust á fyrir sér að aukast, m.a. vegna tæknilegra nýjunga í fræðslustarfinu. Er ætlunin að nánar verði kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

Um III. kafla.

Í III. kafla er fjallað um ýmis málefni er lúta að fjármálum bókasafnsins svo og heimild til setningar stjórnvaldsfyrirmæla.

Um 8. gr.

Kostnaði við rekstur bókasafnsins er skipt upp í tvo meginþætti. Annars vegar er um að ræða rekstur, endurnýjun og viðhald fasteigna, búnaðar og tækja sem skal greiddur úr ríkissjóði. Er ætlunin að þetta verði sérstakur fjárlagaliður. Hins vegar er um að ræða kostnað við rekstur bókasafnsins. Er þar ætlunin að auk beinna framlaga úr ríkissjóði renni hluti af fjárveitingu Háskóla Íslands að undanskildum sértekjum til bókasafnsins, þ.e. til ritakaupa og almennrar þjónustu. Á móti fær Háskóli Íslands almenna þjónustu frá bókasafninu sem ekki er háð gjaldskrá. Af fjárveitingum til Háskóla Íslands renna nú um 4% til Háskólabókasafns og hefur Háskóli Íslands sett sér sem markmið að hlutfallið hækki í 6% á næstu árum. Gengið er út frá því að þessar upphæðir verði til viðmiðunar í væntanlegu samkomulagi milli Háskóla Íslands og bókasafnsins.

Um 9. gr.

Til þess að stuðla að hagkvæmni í rekstri bókasafnsins er veitt sérstök heimild til þess að bjóða út vissa þætti í starfi safnsins. Þá er safninu einnig veitt heimild til þess að semja við aðrar stofnanir um að annast ákveðna þjónustu fyrir sig. Dæmi um það er nýlegt samkomulag Háskóla Íslands og Ríkisspítala um að bókasafn Landspítala annist að

hluta til bókasafnsþjónustu við vissar greinar læknadeildar gegn umsömdu framlagi af hálfu Háskólans.

Varðandi ákvæði 3. mgr. má vísa til nýlegs samkomulags bankastjórnar Seðlabanka Íslands annars vegar og Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns hins vegar með samþykki menntamálaráðuneytis um að litið sé á varðveisludeild hins vandaða bókasafns Seðlabankans sem hluta af íslenskum þjóðbókakosti. Slíkt samkomulag dregur þó í engu úr þeim skyldum sem lagðar eru á þjóðbókasafnið skv. II. kafla þessa frumvarps.

Um 10. gr.

Bókasafninu er veitt heimild til þess að taka þjónustugjöld fyrir ákveðna þætti þeirrar þjónustu sem veitt er, svo sem millisafnalán, tölvuleitir, sérfræðilega heimildaþjónustu, fjölföldun, úttak tölvugagna o.fl. Með gjaldskrá, sem háð er samþykki stjórnar safnsins, er kveðið á um fjárhæð þeirra þjónustugjalda sem greiða skal fyrir þessa þjónustu. Þar sem hér er aðeins um að ræða lagaheimild til töku þjónustugjalda skal þess gætt við ákvörðun gjaldanna að þau séu ekki hærri en sá kostnaður sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er ákvæði um grisjun efniskosts bókasafnsins en ætlunin er að þjóðbókavörður setji reglur um hana og þær hljóti samþykki stjórnar safnsins. Ákvæði þessa efnis er nauðsynlegt vegna þess meðal annars að ýmis rit bókasafnsins úreldast með tímanum.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er fjallað um heimild menntamálaráðherra til þess að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerð. Hér að framan hefur verið getið nokkurra atriða sem mælt skal fyrir um í reglugerð samkvæmt öðrum greinum frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er mælt fyrir um brottfall laga og lagaákvæða sem eru ósamrýmanleg frumvarpinu.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er lagt til að lögfest verði nokkur ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 1. mgr. skulu öll störf á Landsbókasafni Íslands og Háskólabókasafni lögð niður frá 30. nóvember 1994. Um réttindi þessara starfsmanna fer skv. 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Starfsmennirnir eiga því að öðru jöfnu rétt til þeirra staðna sem stofnaðar verða hjá hinu nýja bókasafni skv. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Ef starfsmaður fær ekki starf hjá hinu nýja safni á hann rétt á föstum launum, sem starfa hans fylgdu, í 6 mánuði frá því að hann lét af starfi ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár en í 12 mánuði eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað sambærilegri stöðu hjá hinu nýja safni, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Rétt þykir að minna hér enn á það sem tekið er fram í almennum athugasemdum hér á undan að síður en svo eru horfur á að í hinu nýja safni verði um að ræða fækkun starfa frá því sem er í söfnunum tveimur.

Þar sem innan tíðar mun þurfa að endurskoða lög nr. 43/1977, um skylduskil til safna, þykir að svo stöddu hentugast að færa til bráðabirgða hlutverk Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns samkvæmt lögunum til hins nýja bókasafns með slíku almennu ákvæði.

Þar sem mikið starf er óunnið við undirbúning að rekstri hins nýja bókasafns er nauðsynlegt að stjórn safnsins verði skipuð strax eftir að lög þessi hafa tekið gildi. Þá skal staða þjóðbókavarðar auglýst laus til umsóknar með fjögurra vikna fyrirvara sem allra fyrst eftir gildistöku laganna.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðarbókhlöðu.

Með frumvarpi þessu er verið að sameina tvö stærstu bókasöfn landsins, Háskólabókasafn og Landsbókasafn, í eitt, Þjóðarbókhlöðu. Verður hún til húsa í nýjum húsakynnum þar sem mestöllum bókakosti beggja safnanna verður fyrir komið.

Fjármögnun Þjóðarbókhlöðu verður háttað á þann veg að fjárveitingar þær sem nú ganga til Háskólabókasafns og Landsbókasafns munu renna til hinnar nýju Þjóðarbókhlöðu en til viðbótar verður að koma aukið fé þar sem einsýnt er að rekstur Þjóðarbókhlöðu mun kosta meira en rekstur bókasafnanna tveggja.

Eftirfarandi tafla er öll sett fram á meðalverðlagi 1994 í milljónum króna, þ.e. á fjárlagaverðlagi. Hún sýnir fjárveitingar þær sem sérstaklega eru til bókasafnanna tveggja í fjárlögum 1994 og til viðbótar hugmyndir samstarfsnefndar með fulltrúum beggja bókasafnanna og menntamálaráðuneytisins um æskilegar fjárveitingar til safnsins.

	Fjárveitingar 1994		Hugmyndir samstarfsnefndar*		Mismunur
	Landsbóka-safn	Háskólabóka-safn	Samtals		
Laun	35,4	32,4	67,8	101,0	33,2
Önnur gjöld	27,8	31,0	58,8	163,4	104,6
Samtals	63,2	63,4	126,6	264,4	137,8
Sértekjur	1,4	0,6	2,0	18,0	16,0
Mismunur	61,8	62,8	124,6	246,4	121,8

* Miðað við rekstur á fyrsta ári.

Fjárveiting 1994 til safnanna beggja byggir á 55 störfum og er fjárveiting til þeirra 68 m.kr. en til viðbótar eru 8 störf greidd af stofnkostnaði Þjóðarbókhlöðu, samtals 63 störf. Sá kostnaður er ekki meðtalinn í töflu þessari. Samstarfsnefndin leggur til að þessum störfum verði fjölgað í 82 á fyrsta ári og er ofangreind tafla miðuð við það. Er þá hvert nýtt starf talið kosta það sama að meðaltali og hvert starf nú. Samstarfsnefndin telur að miðað við fullan rekstur verði störfum að fjölga í 107. Fjármálaráðuneytið telur óhjákvæmilegt að nokkur fjölgun verði á starfsmönnum við það að söfnin tvö sameinast og flytja í nýtt húsnæði. Við sameininguna eykst þjónustuhlutverk safnanna og umfang hins nýja húss kallar á aukið starfslið. Telja verður ásættanlegt að starfsliði fjölgi í 82, en viðbót um frekari 25 starfsmenn eftir hugmyndum samstarfsnefndarinnar verður að bíða síðari tíma og kosta það eftir því sem fé fæst á fjárlögum. Hér fyrir utan eru störf við almennan húsrekstur (húsvörslu, ræstingu, mötuneyti). Til hans er talið að þurfa muni um 10–15 störf og er áætlað til þeirra undir öðrum rekstrargjöldum.

Til annarra gjalda er nú veitt 59 m.kr. en hafa ber í huga að Háskólinn greiðir nú hluta af reksturskostnaði Háskólabókasafns af almennum fjárveitingum sínum, þar með talið kostnað við húsnæði, síma, framlegð almennrar yfirstjórnar, auk þess sem talsverð bókakaup hafa verið kostuð af fé Háskólans; þau námu 11 m.kr. á árinu 1993. Þessi kostnaðarframlegð er ekki tekin með í ofangreindri töflu en kostnaður vegna reksturs safnhússins við Hverfisgötu er hins vegar tekinn með; til hans eru áætlaðar 8,1 m.kr. á árinu 1994. Samstarfsnefndin leggur til að fjárveiting til annarra gjalda nemi 163 m.kr. og skiptist þannig að 70 m.kr. verði veitt til aðfanga bóka og tímarita, 44 m.kr. til reksturs húsnæðis og 49 m.kr. til annarra rekstrargjalda.

Heildaraðföng bóka, tímarita og nýsigagna beggja safnanna eru talin kosta 52 m.kr. á árinu 1994 á verðlagi þess árs, en samstarfsnefndin telur að auka þurfi fjármuni til aðfanga um 18 m.kr. Mest af þeirri fjárhæð fer til tímarita- og bókakaupa erlendis. Fjármálaráðuneytið telur ásættanlegt að sú fjárhæð verði óbreytt milli ára. Að öðrum kosti eigi að ætla Háskólanum að kosta það sem á vantar í bókakaup af eigin fé.

Rekstur húsnæðis er talinn munu kosta 44 m.kr. og samanstendur af orkunotkun upp á 14 m.kr., ræstingu og gæslu, 27 m.kr., og mötuneyti, 3 m.kr. Áætlun samstarfsnefndar um rekstur húsnæðis upp á 44 m.kr. er að mati fjármálaráðuneytisins vel unnin og endurspeglar væntanlegan rekstrarkostnað á raunsæjan hátt. Er ekki gerð athugasemd við hana hér.

Önnur rekstrargjöld eru talin nema 49 m.kr. og samanstanda af kostnaði vegna millisafnalána, 2,8 m.kr., bókbands og viðgerða, 4,5 m.kr., ljósritunar, 4 m.kr., rekstri tölvukerfis, 21,4 m.kr., útgáfukostnaði, 5 m.kr., pósti og síma, 6,1 m.kr., og öðrum kostnaði, 5,5 m.kr. Mat samstarfsnefndarinnar á öðrum rekstrargjöldum upp á 49 m.kr. er nokkuð ríflegt, enda er þar gert ráð fyrir ýmsum kostnaði sem telja verður hreina viðbót við núverandi starfsemi, svo sem kostnað við útgáfu, ferðir erlendis o.fl. Að mati fjármálaráðuneytisins mætti komast af með lægri fjárhæð.

Samandregin niðurstaða fjármálaráðuneytisins er því á þann veg að launakostnaður verði 101 m.kr. á fyrsta ári og annar rekstur kosti 141 m.kr. (52 m.kr. til aðfanga, 44 m.kr. til húsnæðis og 45 m.kr. til annarra rekstrargjalda), alls 242 m.kr. Niðurstaða þessi er sett fram á fjárlagaverði 1994 og er miðuð við starfsemi á fyrsta ári sem áður getur.

Það skal áréttað að það verði matsatriði menntamálaráðuneytisins til síðari tíma hverjar viðbótarfjárveitingar það ætlar Þjóðarbókhlöðunni til aukins umfangs í starfsemi safnsins. Þá verði einnig að hafa í huga að Háskólinn verður aðalnotandi safnsins og verður því að telja eðlilegt að einhver hluti af fjármögnun á auknu umfangi þess komi af fjárveitingu Háskólans.

Með frumvarpinu voru birt tvö fylgiskjöl.

Á fskj. II var birt skýrsla samstarfsnefndar um nýtt þjóðbókasafn. Í skýrslunni er greint frá stöðu og starfsemi Landsbókasafns og Háskólabókasafns vegna sameiningar þeirra, en jafnframt fjallað um skilgreiningu á hlutverki og markmiði hins nýja safns og sagt fyrir um efnisatriði varðandi stjórnkerfi og fjárhagsmálefni þess.

Um skýrsluna vísast til bráðabirgðaútgáfu skýrslunnar á vegum samstarfsnefndarinnar í desember 1993 og til þingskjalsins (lausaskjalsins).

725. Tillaga til þingsályktunar [471. mál]

um sérstakar aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti og bæta stöðu foreldra á vinnumarkaðnum.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á fót nefnd sem móti markvissar tillögur og geri áætlanir um nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti og bæta stöðu foreldra á vinnumarkaðnum, með sérstöku tilliti til foreldra ungra barna. Tillögurnar nái jafnt til ríkiskerfisins, sveitarfélaga sem og hins almenna vinnumarkaðar. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar kvennasamtaka, ríkis og sveitarfélaga, Jafnréttisráðs og aðila hins almenna vinnumarkaðar.

Greinargerð.

Staða íslenskra kvenna hefur breyst mikið ef horft er svo sem 100 ár aftur í tímann. Þjóðfélagsbreytingar og barátta kvenna fyrir almennum mannréttindum hafa fært konum lagalegt jafnrétti á flestum sviðum. Möguleikar kvenna til að afla sér menntunar og til að sjá sér og sínum farborða hafa batnað verulega á þessari öld. Við búum þó enn við misrétti á ýmsum sviðum. Þjóðfélag okkar er mótað af aldagömlum hugsunarhætti karla og stofnana karlveldisins. Enn búum við í karlstýrðu þjóðfélagi þar sem allar helstu valdastöður eru „mannaðar“ körlum. Enn er mikið verk að vinna til að staða kvenna geti talist góð og samskipti kynjanna með viðunandi hætti.

Í rúmlega 300 ár hefur það verið ríkjandi stefna fremstu hugsuða og margra stjórnmálahreyfinga á Vesturlöndum að vinna að sem mestum jöfnuði þegnanna, sem mestri hamingju og sem mestum áhrifum hvers og eins á eigið líf og mótun samfélagsins. Lengi vel náði þessi hugmyndafræði aðeins til vel stæðra hvítra karlmanna, en smátt og smátt var látið undan kröfum þeirra sem knúðu á um aukinn rétt verkamanna, svertingja og loks kvenna.

Rótgrónar en um margt úreltar hugmyndir, sem liggja að baki kristni og kirkju, stjórnarháttum, hernaðarbrölti, stéttaskiptingu, forréttindum, hlutverkum kynjanna, svo og hugmyndir um karlmennsku og kvenleika, lifa góðu lífi í okkar hugmyndaheimi. Seint gengur að breyta þeim, enda oft miklir hagsmunir í húfi. Því er það sem kvennalistakonur hafa lagt mikla áherslu á nauðsyn hugarfarsbyltingar til að takast megi að jafna stöðu kynjanna.

Hægt er að beita margvíslegum aðgerðum til að breyta hugarfari. Það má gera með umræðum, rannsóknum, markvissum aðgerðum og eflingu réttlætiskenndar hvers og eins. Þegar kemur að veruleikanum sjálfum, hinu daglega lífi, er röðin komin að stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðarins, fjölskyldufeðrum, eiginmönnum og konum sjálfum sem vita best hvar skórinn kreppir. Það má ekki bíða lengur að grípa til aðgerða til að draga úr því óþolandi misrétti sem einkennir íslenskan vinnumarkað og bitnar fyrst og fremst á konum. Stjórnvöld eiga að beita tiltækum ráðum til að jafna stöðu þegnanna og hafa almannahag að leiðarljósi. Aðilar vinnumarkaðarins, sem hafa með samningum sínum mikil áhrif á daglegt líf fólks og aðstæður fjölskyldnanna í landinu, þar með talið stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum, eiga að semja um aukinn jöfnuð. Samtökum kvenna í landinu verður að gefast kostur á að ræða beint við fulltrúa þeirra sem geta beitt sér fyrir breytingum og hafa vald til að koma þeim á þannig að hugmyndir og kröfur kvenna komist milliliðalaust á framfæri jafnframt því sem knúið verði á um aðgerðir.

Þótt margt megi segja um nauðsyn almennrar hugarfarsbyltingar í íslensku samfélagi til hagsbóta fyrir konur og börn er misréttið mest á vinnumarkaðnum. Það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af vaxandi launamun kynjanna og „kvengervingu“ fátæktarinnar sem lýsir sér í því hve stór hópur kvenna vinnur fyrir launum sem verða að teljast við eða undir fátæktarmörkum. Þá er atvinnuleysi vaxandi í röðum kvenna og fleiri konur verða því að bráð en karlar hér á landi. Einnig ber að nefna þær aðstæður sem þjóðfélagið býður barnafjölskyldum upp á, einkum þar sem ung börn eru á heimilum.

Þrátt fyrir lög um sömu laun fyrir sömu vinnu frá árinu 1960 og margendurskoðuð lög um jafnrétti kynjanna blasir sú staðreynd við að launamunur kynjanna hér á landi er verulegur. Heildartekjur kvenna í fullu starfi eru aðeins um 60% af heildartekjum karla og hefur lítil breyting orðið þar á undanfarin ár. Skortur er á dagvistun fyrir börn, einkum í þéttbýlinu. Þar hefur hvergi nærri verið komið til móts við þarfir foreldra eða vinnumarkaðarins. Skóladagur barna er ekki í neinu samræmi við vinnutíma foreldra, þótt nú hilli loks undir átak í þeim efnum. Vinnumarkaðinn skortir átakanlega sveigjanleika, t.d. hvað varðar vinnutíma, og aðbúnaður á vinnustöðum, einkum með tilliti til heilsufars, má víða batna. Þannig mætti lengi benda á aðgerðir sem bætt geta daglegt líf, dregið úr misrétti og gert samfélagið betra.

Með þessari tillögu er lagt til að skipuð verði nefnd sem komi með markvissar tillögur um aðgerðir til að draga úr misrétti kynjanna á vinnumarkaðnum og til að bæta stöðu barnafjölskyldna. Sem dæmi um nauðsynlegar aðgerðir á vinnumarkaðnum má benda á eftirfarandi:

1. Tryggja þarf að jafnréttislögunum sé framfylgt og þau virt.
2. Grípa þarf til aðgerða til að draga úr launamisrétti. Þar er efst á blaði nýtt starfsmat sem tekur tillit til mikilvægis starfa kvenna og metur uppeldis-, umönnunar- og þjónustuþætti hefðbundinna kvennastarfa sérstaklega og hefur að markmiði að bæta kjör kvenna.
3. Skattkerfinu verði breytt þannig að tillit verði tekið til þess kostnaðar sem því fylgir að eiga og ala upp börn.
4. Áætlun verði gerð um að fullnægja þörfinni fyrir dagvistun barna.
5. Samræmi verði komið á milli skóladags barna og vinnutíma foreldra.
6. Vinnumarkaðurinn bjóði upp á sveigjanlegan vinnutíma.
7. Unnið verði að jöfnun foreldraábyrgðar utan sem innan heimilis.
8. Aðbúnaður á vinnustöðum verði bættur með tilliti til heilsufars, afkasta og vinnuanda.
9. Gripið verði til aðgerða til að breyta hugarfari karla í garð kvenna í þeim tilgangi að útrýma rótgrónum fordómum og sjálfsvitund kvenna styrkt, t.d. hvað það varðar að meta störf sín til launa.
10. Grípa þarf til aðgerða til að auka hlut kvenna í stjórnarstörfum, nefndum og ráðum, ekki síst þar sem vinnumarkaðurinn á í hlut.
11. Styrkja þarf framboð á endurmenntun og fullorðinsfræðslu.
12. Sérstökum aðgerðum verði beitt til atvinnusköpunar fyrir konur.
13. Auka þarf vitund um kynferðislega áreitni á vinnustöðum í því skyni að koma í veg fyrir slíkt.
14. Auðvelda á feðrum að taka fæðingarorlof.
15. Koma þarf í veg fyrir launaleynd og vinna að því að hækka grunnlaun þannig að ekki sé samið um ýmiss konar launauppbætur sem einkum koma körlum til góða.
16. Taka þarf á rótgrónum hugmyndum um hlutverk karla og kvenna með fræðslu, áróðri og umræðum.
17. Auka þarf rannsóknir á vinnumarkaðnum með tilliti til stöðu kynjanna.
18. Fyrirtæki og stofnanir eigi kost á ráðgjöf þegar tekið verður á hvers kyns misrétti á vinnustað.
19. Bannað verði að afla persónulegra upplýsinga um starfsmenn sem ekkert koma starfinu við, en þær eru iðulega notaðar gegn konum.

Það er von flutningsmanna að sú nefnd, sem hér er lagt til að sett verði á fót, geti ýtt undir umræður í þjóðfélaginu jafnframt því sem hún setur fram raunarhæfar tillögur sem orðið gætu til þess að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðnum. Það er löngu viðurkennt að aukinn jöfnuður skilar sér í betra samfélagi fyrir alla. Nú á ári fjölskyldunnar er kjörið tækifæri til að stíga skref sem bætt geta stöðu kvenna, en þær munu um leið bæta hag fjölskyldnanna.

726. Tillaga til þingsályktunar [472. mál]

um foreldrafræðslu.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Kristín Einarsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því á ári fjölskyldunnar 1994 að markviss foreldrafræðsla verði stóraukin í skólum landsins, í fjölmiðlum og í samvinnu við heilbrigðisráðherra á heilsugæslustöðvum. Skipaður verði vinnuhópur sem komi með tillögur um æskilegt inntak, form og umfang foreldrafræðslu á fyrrgreindum stöðum fyrir 1. nóvember 1994.

Greinargerð.

Nær samhljóða tillaga var flutt á 113. og 116. löggjafarþingi af Guðnýju Guðbjörnsdóttur en hlaut ekki afgreiðslu.

Skipan uppeldismála samkvæmt gildandi lögum er sú að foreldrar eru ábyrgir fyrir uppeldi barna sinna. Ríkinu ber þó að grípa inn í og aðstoða foreldra á tilteknum sviðum, t.d. varðandi grunnmenntun, sbr. ákvæði um skólaskyldu, og ef foreldrar eru ófærir um að sinna ábyrgð sinni eða skyldum, sbr. t.d. ákvæði laga um barnavernd. Í lýðræðisríkjum er þessi skipan mála yfirleitt talin sjálfsögð, enda litið á fjölskylduna sem einn af hornsteinum þjóðfélagsins. Þetta fyrirkomulag byggir á því að foreldrar hafi sjálfir aðstöðu til að sinna þessari ábyrgð eða hafi möguleika á uppeldisaðstoð sem þeir geta haft áhrif á og samræmist þeirra lífsviðhorfum.

Þessi skipan uppeldismála er nú miklum erfiðleikum bundin. Mikil atvinnuþátttaka beggja foreldra og sá langi vinnudagur sem hér tíðkast dregur úr möguleikum foreldra til að hafa áhrif á uppeldi barna sinna. Til að koma í veg fyrir uppeldislega vanrækslu heillar kynslóðar íslenskrar æsku er ekki aðeins nauðsynlegt að stórefla samfélagslega þjónustu á sviði uppeldis- og skólamála heldur þarf einnig að styrkja foreldrana ef núverandi skipan uppeldis á ekki að vera merkingarlaus. Löggjafinn hefur eðlilega gert ráð fyrir að foreldrar hafi áhrif á starf skóla og leikskóla, en því miður virðist samstarf foreldra og uppeldisstofnana eiga erfitt uppdráttar. Hér er lagt til að foreldrar verði styrktir til að takast á við hlutverk sitt, ekki síst barnanna vegna. Það skiptir afar miklu máli að börn fái góða aðhlynningu og örvun í uppeldinu til að þau verði heilsteyptir einstaklingar og þar gegna foreldrar, eða aðrir sem standa barninu næst tilfinningalega, lykilhlutverki. Foreldraábyrgð er því mikilvæg og í lýðræðisþjóðfélagi, sem hefur lögfest jafnrétti kynjanna, þurfa báðir foreldrar að geta sinnt henni sem best. Til að svo geti orðið þarf að styrkja foreldra í hlutverki sínu og um leið þau grundvallarmannréttindi foreldra og barna sem hér eru í húfi.

Sú leið, sem hér er mælt með, er að taka upp almenna foreldrafræðslu. Markmið hennar væri að gefa foreldrum kost á að fræðast um ýmis atriði er snerta foreldrahlutverkið og mikilvægi þess. Auk framangreindra ástæðna fyrir fræðslu af þessu tagi má benda á eftirfarandi rök:

1. Engin fræðsla um foreldrahlutverkið og barnauppeldi er í boði fyrir alla í skólakerfinu eða annars staðar í þjóðfélaginu.
2. Vísindaleg þekking á þroska og uppeldi barna hefur stóraukist á liðnum áratugum án þess að komast til foreldra almennt. Ætla má að það dragi úr öryggi foreldra í samskiptum við sérmenntað fólk á uppeldisstofnunum.
3. Þó að foreldrar hafi hingað til getað byggt á reynslu fyrri kynslóða eru aðstæður nútímaforeldra og barna, a.m.k. í þéttbýli, mjög breyttar frá því sem foreldrarnir hafa sjálfir þekkt í eigin uppeldi.
4. Þegar boðið er upp á foreldrafræðslu eða námskeið um samskipti foreldra og barna, bæði hér og í nágrannalöndunum, hefur eftirspurn af hálfu foreldra verið mikil. Því miður hefur þetta mest verið í formi einkanámskeiða sem ekki ná til allra.

Hér er mælst til að vinnuhópur komi með tillögur um foreldrafræðslu í skólum landsins, á heilsugæslustöðvum og í fjölmiðlum. Lagt er til að í vinnuhópnum verði auk sérfræðinga á sviði uppeldismála og foreldrafræðslu fulltrúar frá foreldrum eða samtökum þeirra, fjölmiðlafræðingur varðandi foreldrafræðslu í fjölmiðlum og fulltrúi frá heilbrigðisráðuneyti varðandi aukna fræðslu og ráðgjöf á heilsugæslustöðvum. Markvissar rannsóknir á áhrifum foreldrafræðslu eru til sem geta gefið vísbendingar um æskilegar aðferðir. Algengara er þó að gildi fræðslunnar er ekki rannsakað þar sem trú aðstandenda á gildi hennar hefur dugað. Æskilegt væri að gera ráð fyrir athugun á notkun og gildi þeirrar foreldrafræðslu sem lögð verður til og haga umfangi hennar í samræmi við það.

Varðandi skólakerfið ber að fagna skýrslu starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum sem menntamálaráðuneytið gaf út í desember 1990. Þar er skýrt kveðið á um að íslenska skólakerfið eigi að undirbúa bæði stúlkur og drengi undir fjölskyldulíf, m.a. með námi í fjölskyldufræðum í grunn- og framhaldsskólum. Í því felst m.a. umfjöllun um heimilisrekstur, barneignir, uppeldi og samskipti kynjanna sem allt getur tengst foreldrahlutverkinu og jafnri foreldraábyrgð. Ákvæði af þessu tagi er einnig að finna í aðalnámskrá grunnskóla og í lögum um grunnskóla, nr. 49/1991 (48. gr.). Mikilvægt er að settar verði fram nákvæmar tillögur um útfærslu foreldrafræðslu, ekki síst fyrir framhaldsskólann sem nú er öllum opinn. Foreldrafræðslu þyrfti einnig að efla í Háskóla Íslands og sem víðast símenntun og endurmenntun fólks.

Heilsugæslustöðvar og meðgöngudeildir sjúkrahúsa hafa boðið upp á mismikla fræðslu fyrir verðandi foreldra og foreldra ungbarna. Mælt er með eflingu þess starfs og að bætt verði við uppeldislegri ráðgjöf fyrir þá foreldra og börn að 16 ára aldri sem hennar óska.

Mikilvægt er að nýta sem flesta fjölmiðla við þá fræðslu sem hér er mælt með. Fræðsluþættir í útvarpi og sjónvarpi með þátttöku sérfræðinga og foreldra eru hugsanleg dæmi. Möguleg viðfangsefni eru þroskaeinkenni ákveðinna aldurshópa barna, samskipti foreldra og uppeldisstofnana, samhæfing fjölskyldulífs og starfs, málfarslegt uppeldi á heimilum, trúaruppeldi, afmörkuð uppeldisvandamál eða æskilegar uppeldisaðferðir. Slíkir þættir gætu síðan verið til útláns á myndböndum. Einnig mætti nota dagblöð og tímarit í þessum tilgangi.

Það er von flutningsmanna að þessi tillaga styrki foreldra, jafnt mæður sem feður, í sínu ábyrgðarmikla hlutverki til góðs fyrir uppvaxandi kynslóðir Íslendinga því að lengi býr að fyrstu gerð.

727. Tillaga til þingsályktunar [473. mál]

um aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á utanríkisráðherra að beita sér á alþjóðavettvangi til stuðnings íbúum Austur-Tímor í því skyni að binda enda á harðstjórn og mannréttindabrot sem þeir hafa mátt sæta um árabil af hálfu Indónesíustjórnar.

Greinargerð.

Eyjan Tímor er ein af fjölmörgum eyjum Austur-Indía. Á 16. öld skiptu Hollendingar og Portúgalir eyjunni á milli sín sem leiddi til þess að íbúar portúgalska hlutans hneigðust til kaþólskrar trúar meðan Islam varð alls ráðandi í hollensku Indíum. Árið 1974 féll einræðisstjórnin í Portúgal og í kjölfar þess fékk fjöldi nýlendna Portúgala sjálfstæði. Árið 1975 var unnið að sjálfstæði Austur-Tímor, en áður en málið var til lykta leitt tók völdin ein af skæruliðahreyfingum landsins, Fretelin, sem um nokkurt skeið hafði barist gegn nýlenduveldi Portúgala. Fretelin lýsti yfir sjálfstæði landsins og Portúgalir hörfuðu með lið sitt og embættismenn. Aðeins nokkrum dögum eftir sjálfstæðisyfirlýsinguna réðist her Indónesíu inn í austurhlutann og hertók hann. Frá þeim tíma hafa Indónesar drottnað með harðri hendi yfir Austur-Tímor og í engu sinnt ítrekuðum ályktunum Sameinuðu þjóðanna um sjálfsákvörðunarrétt íbúanna á Austur-Tímor.

Tímor er austarlega í eyjaklasanum næst Ástralíu. Í „sundinu" milli Tímor og Ástralíu eru olíulindir og er þar komin meginástæðan fyrir því hvers vegna Indónesar ágirntust Austur-Tímor.

Í Indónesíu ræður ríkjum stjórn Suharto hershöfðingja. Þrátt fyrir fjölflokkakerfi ræður flokkur forsetans lögum og lofum og verður að telja Indónesíu til verstu einræðisríkja í heimi. Samkvæmt skýrslum Amnesty International er fólk tekið af lífi án dóms og laga, pyndingar á föngum eru daglegt brauð og mörg dæmi þess að fangar hafi látið lífið vegna pyndinga, m.a. unglingar. Stjórnarandstæðingar eru hundeltir hvort sem þeir leyfa sér að gagnrýna mannréttindabrot eða teljast til hópa bókstafstrúarmanna. Menn eru m.a. dæmdir í fangelsi fyrir svokallaða niðurrifsstarfsemi, svo og móðganir við stjórn landsins og ríkjandi trúarbrögð.

Á Austur-Tímor hefur þó keyrt um þverbak því þar hefur fólk miskunnarlaust verið murkað niður. Árið 1991 réðst herinn á líkfylgd þar sem hundruð manna fylgdu fórnarlambi herstjórnarinnar til grafar. Talið er að hátt á annað hundrað manns hafi verið drepnir í það sinn. Ríkisstjórn Indónesíu neitaði því lengi vel að þessi atburður hefði átt sér stað en vitnin voru mörg, m.a. útlendingar. Hermenn Indónesíuhers stunda þá iðju að ráðast inn í þorp til að drepa alla karlmenn en skilja konur og börn eftir þótt einnig séu þekkt dæmi um fjöldamorð á börnum. Talið er að á þeim rúmu 19 árum, sem liðin eru frá innrásinni, hafi um 200 þúsund manns verið drepnir á Austur-Tímor. Þjóðin telur nú um 700 þúsund manns en ætti með réttu að vera um ein milljón. Erlendum sendinefndum hefur verið neitað um að rannsaka ástandið, m.a. fulltrúum Sameinuðu þjóðanna. Á undanförnum árum hafa þingmenn frá ýmsum löndum reynt að fá leyfi til að heimsækja Austur-Tímor með misjöfnum árangri. Sænskir þingmenn fengu að heimsækja landið 1993 og hafa flutningsmenn þessarar tillögu skýrslu Hans Göran Franck um heimsóknina undir höndum.

Mörg ríki heims telja sig eiga mikilla hagsmuna að gæta í Indónesíu. Þar eru miklar erlendar fjárfestingar og mikil viðskipti við þessa auðugu hráefna- og iðnaðarþjóð. M.a. gerðust þeir atburðir í Jakarta sl. haust að fjórir Tímorbúar flúðu inn á lóðir finnsku og sænsku sendiráðanna þar í borg til þess að biðjast hælis. Eftir mikið jaml, japl og fuður var þeim neitað um landvist og þeir sendir í gin lögreglunnar, líklega vegna þess að stjórnvöld í Svíþjóð og Finnlandi vildu ekki styggja Indónesíustjórn. Það tókst að vekja athygli fjölmiðla á máli fjórmenninganna og þar með að bjarga lífi þeirra.

Daginn sem innrásin var gerð árið 1975 var nýskipaður utanríkisráðherra Fretelinstjórnarinnar, Jose Ramos Horta, á leið til Portúgal til að semja þar um skuldaskil hinna fyrrverandi nýlenduherra. Horta er eini ráðherra hinnar fyrrverandi ríkisstjórnar sem nú er á lífi. Hann hefur stöðu sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum og hefur um árabil talað máli þjóðar sinnar án þess að það hafi borið verulegan árangur. Jose Ramos Horta tók sl. haust við mannréttindaverðlaunum Rafto-stofnunarinnar í Bergen fyrir hönd íbúa Austur-Tímor, en sú stofnun vakti m.a. fyrst athygli á baráttu Aung San Suu Kyi í Burma, en hún fékk síðar friðarverðlaun Nóbels. Þess ber að geta að landflótta Tímorbúar hafa átt skjól í Portúgal en stjórnvöldum þar rennur blóðið til skyldunnar og þar í landi starfa öflugir hópar til stuðnings Tímorbúum. Þá hefur eitt og annað verið að gerast sem vekur vonir um að heimurinn muni ekki mikið lengur horfa aðgerðalaus á framferði Indónesíustjórnar. Margt bendir til að nokkur þáttaskil hafi orðið í baráttu íbúanna á Austur-Tímor.

Foringi andspyrnuhreyfingarinnar, Xanana Gusmao, var handtekinn 1992 og dæmdur í ævilangt fangelsi eftir sýndarréttarhöld þar sem hann fékk ekki einu sinni að verja sig. Mál hans hefur vakið mikla athygli og hefur bæði Rauði krossinn og Amnesty International fylgst með líðan hans og þeirri meðferð sem hann sætir. Á hinu pólitíska sviði ber til tíðinda að Al Gore, varaforseti Bandaríkjanna, hefur sýnt örlögum íbúa Austur-Tímor áhuga og hefur hann beitt sér fyrir aðgerðum Bandaríkjastjórnar gegn stjórn Indónesíu. Hernaðarráðgjafar hafa verið kallaðir heim og á Bandaríkjaþingi er rætt um vopnasölubann á Indónesíu. Víða um heim hefur hópum, sem styðja íbúa Austur-Tímor, vaxið fiskur um hrygg og er í röðum þeirra að finna heimsþekkt fólk sem vill beita sér í þágu virðingar fyrir mannréttindum og sjálfsákvörðunarrétti þjóða.

Það er alkunna að mannréttindi eru fótum troðin í flestum ríkjum heims. Þau brot eru þó mismunandi alvarleg. Víða geisa styrjaldir, ýmist innan ríkja eða ríkja í millum. Þegar horft er á ástand heimsmála kann að virðast einkennilegt að taka upp mál smáþjóðar lengst austur í Asíu á Alþingi Íslendinga. Þar er þess að gæta að það sem gerist á einum stað hefur áhrif á öðrum. Flóttamannastraumur, sem stafar af harðstjórn og einræði einhvers staðar á jarðarkringlunni, segir víða til sín. Það kann einnig að reynast heiminum hættulegt til lengri tíma litið að láta einræðis- og harðstjórnir óáreittar hvar sem þær er að finna. Við Íslendingar erum meðal örfárra þjóða sem með nokkrum rétti getum látið rödd okkar hljóma í þágu mannréttinda á alþjóðavettvangi. Það eigum við að gera hvar sem er og hvenær sem tækifæri gefast til þess. Með þessari tillögu er þess farið á leit við utanríkisráðherra að hann beiti sér á alþjóðavettvangi í þágu íbúa Austur-Tímor ef það mætti verða til þess að vekja athygli heimsins á örlögum þessarar litlu þjóðar sem nú býr við kúgun herstjórnar og má nánast daglega horfa upp á ofbeldi, fangelsanir og morð á saklausu fólki.

728. Fyrirspurn [474. mál]

til fjármálaráðherra um kílóagjald á bíla.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hvernig hyggst fjármálaráðherra beita almennri heimild til undanþágu frá kílóagjaldi á bíla sem var sett í lög nú fyrir áramótin?

729. Tillaga til þingsályktunar [475. mál]

um setur íslenskra fræða.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík að setri íslenskra fræða. Þar verði til húsa miðstöð rannsókna í íslenskum fræðum með þeim bókakosti og aðstöðu sem slíku setri hæfir.

Greinargerð.

Í haust er stefnt að því að taka í notkun Þjóðarbókhlöðuna sem hefur verið um 20 ár í smíðum. Þá flytur Háskólabókasafnið starfsemi sína úr þrengslum gamla háskólahússins og jafnframt er fyrirhugað að sameina Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Verði af sameiningu þessara ólíku bókasafna losnar húsnæði í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Það var ætlunin er bygging Þjóðarbókhlöðunnar hófst að Þjóðskjalasafnið fengi Safnahúsið til afnota. Á löngum byggingartíma bókhlöðunnar hefur margt gerst, m.a. það að Þjóðskjalasafnið eignaðist eigið hús. Fyrri áform eru væntanlega úr sögunni og eftir að ákveða hvaða starfsemi verði í Safnahúsinu í framtíðinni.

Safnahúsið við Hverfisgötu er eitt fegursta hús Reykjavíkur. Skreytingar utan á húsinu eru tileinkaðar helstu rithöfundum og bókamönnum Íslandssögunnar auk þess sem yfir útidyrum er höggvið í stein: Landsbókasafn. Safnahúsið var hannað sem bókasafn og safnahús. Það er nú alfriðað og segja sérfræðingar í húsagerð og húsafriðun að innréttingar Landsbókasafnsins séu einstakar í sinni röð og vandfundin bókasöfn sem haldið hafa yfirbragði sínu frá upphafi. Það er því mikilvægt að m.a. lestrarsalur Landsbókasafnsins verði varðveittur og nýttur áfram til fræðistarfa, enda orðinn mikið fágæti. Það verður best gert með því að í húsinu verði áfram miðstöð fræðiiðkana með skjölum og bókum, opin öllum almenningi.

Það er tillaga flutningsmanna að Safnahúsið verði gert að setri íslenskra fræða þannig að þær stofnanir, sem fást við íslensk fræði, verði þar til húsa eftir því sem kostur er. Ekki er annað við hæfi en að þetta virðulega hús verði nýtt í þágu þeirra merku bókmennta sem Íslendingar varðveittu og skráðu einir þjóða í norðurálfu og teljast til gersema í bókmenntasögu heimsins. Í húsinu verði öflugt safn þeirra bóka, íslenskra og erlendra, sem snerta íslensk fræði og sögu, svo og safn handrita frá fyrri öldum Íslandsbyggðar. Þá má hugsa sér að nýta hluta hússins til sýninga á handritum og sögulegum gögnum eða að þar verði settar upp sýningar af ýmsu tagi á sviði íslenskra fræða og sögu.

Það má ljóst vera að fljótlega þarf að taka ákvörðun um framtíð Safnahússins. Friðun hússins setur takmörk fyrir því hvaða starfsemi getur rúmast þar innan dyra. Breytingar eru fram undan og því er mikilvægt að hefja nú þegar umræður um framtíð hússins þar sem sú stefna verði mörkuð frá upphafi að Safnahúsið þjóni áfram menningu þjóðarinnar í fortíð og nútíð.

730. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna Markús Sigurbjörnsson prófessor, Hrafn Bragason, forseta Hæstaréttar, Valtý Sigurðsson, formann Dómarafélags Íslands, og Magnús Thoroddsen, formann laganefndar Lögmannafélags Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, réttarfarsnefnd, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Hæstarétti, Neytendasamtökunum, Stéttarsambandi bænda, Lögmannafélagi Íslands og Eiríki Tómassyni hrl.

Frumvarpið er tvíþætt. Í því felst annars vegar að Alþingi staðfesti tillögu ráðherra um skipun dómara í Hæstarétt. Hins vegar er gert ráð fyrir að hæstaréttardómari geti ekki horfið tímabundið til annarra starfa í sex mánuði eða lengur eða stundað önnur dómarastörf.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að frumvarpið kallar á ítarlega skoðun, þar á meðal á stjórnskipun landsins í heild, og kann efni þess að kalla á stjórnarskrárbreytingu. Réttarfarsnefnd hefur nú til sérstakrar skoðunar lagaákvæði varðandi dómara og skipulag dómstóla og er ætlunin að nefndin semji sérstakt frumvarp að dómstólalögum. Allsherjarnefnd leggur áherslu á að í þeirri vinnu verði efnisatriði þessa frumvarps tekin til sérstakrar athugunar.

Með hliðsjón af fyrrgreindu telur nefndin að ekki sé tímabært að taka afstöðu til þessa frumvarps eins og sér en í trausti þess að efnisatriði þess verði tekin til athugunar við endurskoðun dómstólareglna leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Jón Helgason.
Björn Bjarnason.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ingi Björn Albertsson.		Ey. Kon. Jónsson.

731. Fyrirspurn [476. mál]

til landbúnaðarráðherra um aðstoð við bændur vegna harðinda á síðasta ári.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hvað miðar vinnu til að undirbúa aðstoð við bændur vegna harðinda sl. sumar samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga? Hvað reiknar ráðherra með hárri upphæð til verkefnisins og eftir hvaða reglum á úthlutunin að fara fram?

732. Frumvarp til laga [477. mál]

um Vísinda- og tækniráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI

Hlutverk og skipan Vísinda- og tækniráðs Íslands.

1. gr.

Vísinda- og tækniráð Íslands er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Hlutverk þess er að treysta stoðir íslenskrar menningar og atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun.

2. gr.

Vísinda- og tækniráð Íslands skal:

1. Vera ríkisstjórn, Alþingi og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um stefnumörkun á sviði vísinda og tækni.
2. Gera árlega tillögur um framlög úr ríkissjóði til vísinda- og tæknimála til þriggja ára.
3. Hafa náið samráð við ráðuneyti er vinna að stefnumótun og fjárlagagerð á sviði vísinda og tækni.
4. Móta úthlutunarstefnu og veita styrki úr þeim sjóðum sem eru í vörslu ráðsins. Þá má fela ráðinu úthlutun styrkja úr öðrum sjóðum og af öðru fé sem ætlað er til rannsókna og skyldra málefna.
5. Annast kynningu á rannsóknastarfsemi.
6. Annast söfnun og úrvinnslu upplýsinga um rannsóknir og þróunarstarf í landinu, svo sem um mannafla, fjármagn, viðfangsefni og árangur. Ráðið skal hafa náið samstarf við æðri menntastofnanir, rannsóknastofnanir og fyrirtæki og stuðla að samræmingu og samstarfi milli þeirra sem vinna að rannsóknum og nýsköpun.
7. Gangast fyrir mati á árangri rannsóknastarfs með reglulegum hætti og gera tillögur til úrbóta ef það telur starfsemina ófullnægjandi, skipulag eða skilyrði ófullkomin eða markverð rannsókna-, þróunar- og nýsköpunarsvið vanrækt. Rannsóknir eru ekki gerðar af Vísinda- og tækniráði Íslands.
8. Eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir erlendis og alþjóðastofnanir og fylgjast með þátttöku Íslendinga í fjölþjóðlegu vísindasamstarfi. Ráðið fylgist með og greiðir fyrir rannsóknum erlendra vísindamanna hér á landi og stuðlar að samvinnu íslenskra og erlendra vísindamanna.

9. Beita sér fyrir því í samráði við rannsóknastofnanir og atvinnulíf að gerðar séu áætlanir um rannsóknir og þróunarstarf.
10. Hafa yfirumsjón með óráðstöfuðu landsvæði og sameiginlegum byggingum og tækjum fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna skv. 59. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.
11. Skila árlega skýrslu til menntamálaráðherra um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum í landinu. Skýrslan skal lögð fyrir Alþingi, ásamt greinargerð menntamálaráðherra, til kynningar og umfjöllunar.
12. Sinna öðrum verkefnum er menntamálaráðherra felur ráðinu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar níu einstaklinga í Vísinda- og tækniráð Íslands til þriggja ára:

a. Þrjá samkvæmt tillögum skóla á háskólastigi þar sem rannsóknir eru stundaðar og stofnana á sviði þjóðlegra fræða og Vísindafélags Íslendinga.
b. Þrjá samkvæmt tillögum rannsóknastofnana atvinnuveganna og annarra rannsóknastofnana utan verksviðs menntamálaráðuneytis.
c. Þrjá sem tilnefndir eru af ríkisstjórn samkvæmt tillögu menntamálaráðherra.

Aðilar er tilnefna menn til setu í Vísinda- og tækniráði Íslands samkvæmt liðum a og b hér að ofan skulu hver tilnefna tiltekinn fjölda einstaklinga samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Menntamálaráðherra skipar þrjá úr hvorum hópi og þrjá sem tilnefndir eru af ríkisstjórn eða alls níu einstaklinga. Þá skipar menntamálaráðherra jafnmarga varamenn úr hópi þeirra sem tilnefndir eru með sama hætti.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna skipuðu, en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Ráðherra ákveður þóknun til þeirra sem sitja í Vísinda- og tækniráði.

II. KAFLI
Starfsemi Vísinda- og tækniráðs Íslands.

4. gr.

Vísinda- og tækniráð Íslands skipar fagráð til tveggja ára í senn á helstu sviðum vísinda og tækni og á öðrum athafnasviðum þjóðlífsins til þess að veita faglega ráðgjöf. Fagráð gera stefnumótandi tillögur til Vísinda- og tækniráðs Íslands um mál sem varða verksvið þeirra og meta vísindalegt og hagnýtt gildi umsókna um styrki úr sjóðum í vörslu ráðsins. Vísinda- og tækniráð ákveður þóknun til þeirra sem sitja í fagráðum.

5. gr.

Vísinda- og tækniráð Íslands ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur skrifstofu ráðsins, fjárreiður og reikningsskil fyrir ráðið og sjóði í vörslu þess. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi og hafa staðgóða þekkingu á rannsóknum, stjórnun og nýsköpun í atvinnulífi.

Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum Vísinda- og tækniráðs. Skrifstofa ráðsins veitir fagráðum og úthlutunarnefndum sjóða nauðsynlega skrifstofuþjónustu.

6. gr.

Rekstrarkostnaður Vísinda- og tækniráðs Íslands greiðist af fjárveitingu í fjárlögum.

7. gr.

Reikningar Vísinda- og tækniráðs Íslands skulu endurskoðaðir árlega af Ríkisendurskoðun.

III. KAFLI
Sjóðir í vörslu Vísinda- og tækniráðs.
1. Vísindasjóður.

8. gr.

Hlutverk Vísindasjóðs er að efla íslenskar vísindarannsóknir. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga til skilgreindra rannsóknaverkefna.

Ráðið getur veitt styrki úr Vísindasjóði til allt að þriggja ára í senn og skulu slík verkefni lúta sérstöku eftirliti ráðsins.

9. gr.

Tekjur Vísindasjóðs eru:

i. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
ii. Fjárframlag skv. 37. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.
iii. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum.
iv. Önnur framlög.

10. gr.

Vísinda- og tækniráð Íslands skipar árlega úthlutunarnefnd fimm sérfróðra einstaklinga til þess að meta umsóknir að fengnum umsögnum fagráða. Þeir skulu hafa víðtæka reynslu af vísindastarfi og hvorki eiga sæti í Vísinda- og tækniráði Íslands né fagráðum þess.

Úthlutunarnefnd leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð Vísinda- og tækniráðs getur veitt ef þurfa þykir. Úthlutunarnefnd gerir tillögur til Vísinda- og tækniráðs um styrkveitingar. Vísinda- og tækniráð ákveður þóknun til þeirra sem sitja í úthlutunarnefnd fyrir Vísindasjóð.

2. Tæknisjóður.

11. gr.

Hlutverk Tæknisjóðs er að styrkja nýsköpun í íslensku atvinnulífi með því að efla tækniþekkingu, rannsóknir og þróunarstarf. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn vísindastofnanir, fyrirtæki og einstaklinga til skilgreindra verkefna á sviðum sem Vísinda- og tækniráð Íslands leggur áherslu á.

Ráðið getur veitt styrki úr Tæknisjóði til allt að þriggja ára í senn og skulu slík verkefni lúta sérstöku eftirliti ráðsins.

12. gr.

Tekjur Tæknisjóðs eru:

i. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
ii. Tekjur af einkaleyfum eða endurgreiðslur af styrkjum til verkefna sem notið hafa stuðnings sjóðsins og leitt til arðbærrar framleiðslu.

iii. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum.
iv. Önnur framlög.

13. gr.

Vísinda- og tækniráð Íslands skipar árlega úthlutunarnefnd fimm sérfróðra einstaklinga til þess að meta umsóknir að fengnum umsögnum fagráða. Þeir skulu hafa víðtæka reynslu af rannsóknum og þróunarstarfi og þekkingu á nýsköpun í atvinnulífi. Þeir skulu hvorki eiga sæti í Vísinda- og tækniráði Íslands né fagráðum þess. Úthlutunarnefnd leitar faglegrar ráðgjafar umfram það sem fagráð Vísinda- og tækniráðs getur veitt ef þurfa þykir. Úthlutunarnefnd gerir tillögur til Vísinda- og tækniráðs um styrkveitingar. Vísinda- og tækniráð ákveður þóknun til þeirra sem sitja í úthlutunarnefnd.

3. Bygginga- og tækjasjóður.

14. gr.

Bygginga- og tækjasjóður tekur við hlutverki Byggingarsjóðs rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sbr. 61. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og 19. gr. laga nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Bygginga- og tækjasjóður er í vörslu Vísinda- og tækniráðs Íslands. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði, svo og til þess að byggja eða kaupa húsnæði vegna rannsókna- og þróunarstarfsemi. Styrkveitingar úr sjóðnum skulu háðar samþykki menntamálaráðherra.

15. gr.

Tekjur Bygginga- og tækjasjóðs eru:
i. Fjárveitingar í fjárlögum ár hvert.
ii. Einkaleyfisgjald af rekstri peningahappdrætta eða aðrar samsvarandi tekjur.
iii. Önnur framlög.

4. Aðrir sjóðir.

16. gr.

Vísinda- og tækniráð annast verkefni fyrir stjórn Rannsóknanámssjóðs, sbr. 23. gr.

Fela má Vísinda- og tækniráði Íslands vörslu annarra sjóða sem hafa hlutverki að gegna á starfssviði ráðsins.

Sameiginleg ákvæði um sjóði í vörslu Vísinda- og tækniráðs.

17. gr.

Kostnaður við vísindalegt mat á umsóknum og við störf úthlutunarnefnda skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðanna. Ráðinu er heimilt að kosta úttektir og mat á árangri og frammistöðu í vísinda- og tæknistarfi af ráðstöfunarfé Vísindasjóðs og Tæknisjóðs. Ráðinu er einnig heimilt að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í vísinda- og tæknistarfi af ráðstöfunarfé sjóðanna.

18. gr.

Niðurstöður rannsókna sem kostaðar eru með styrkjum úr Vísindasjóði og Tæknisjóði skulu birtar opinberlega og vera öllum opnar nema um annað sé samið. Heimilt er að fjalla um skilmála fyrir styrkveitingum í reglugerð.

19. gr.

Reikningar Vísindasjóðs, Tæknisjóðs, Bygginga- og tækjasjóðs og Rannsóknanámssjóðs, svo og annarra sjóða í vörslu Vísinda- og tækniráðs, skulu endurskoðaðir árlega af Ríkisendurskoðun.

20. gr.

Menntamálaráðherra setur reglur um úthlutanir úr sjóðum í vörslu ráðsins að fengnum tillögum Vísinda- og tækniráðs Íslands. Þar skal m.a. fjallað um meðhöndlun umsókna, styrkveitingar o.fl.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Eignir og skuldbindingar Vísindasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, falla til Vísindasjóðs sem mælt er fyrir um í þessum lögum. Eignir og skuldbindingar Rannsóknasjóðs, er starfað hefur samkvæmt sömu lögum, falla til Tæknisjóðs. Stofndeild Vísindasjóðs verður lögð niður og eignir stofndeildar skal setja í sjóð sem varið verður til kaupa á húsnæði fyrir Vísinda- og tækniráð Íslands og til reksturs fasteigna Vísindasjóðs.

22. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt í samráði við mennta- og rannsóknastofnanir að setja á stofn tímabundnar stöður prófessora sem sinni rannsóknum á sviðum sem eru talin sérstaklega mikilvæg. Ráðherra skal setja sérstaka reglugerð um þessar stöður.

23. gr.

Rannsóknanámssjóður hefur það hlutverk að veita styrki til rannsóknatengds framhaldsnáms. Tekjur hans eru framlag á fjárlögum ár hvert. Menntamálaráðherra setur reglur um starfsemi sjóðsins.

24. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga.

25. gr.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, svo og 2. mgr. 9. gr., 58. gr., 2. mgr. 59. gr. og 61. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðdragandi frumvarpsins.

Að frumkvæði menntamálaráðherra fór fram á árunum 1991–92 athugun á vísinda-, tækni- og nýsköpunarstefnu hér á landi. Athugunin var unnin af sérfræðinganefnd á vegum Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar, OECD. Í kjölfar skýrslu sérfræðinganefndar OECD[1] skipaði menntamálaráðherra, Ólafur G. Einarsson, nefnd til að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um vísinda- og tæknistefnu. Í nefndinni áttu sæti Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneyti, og Þórólfur Þórlindsson, prófessor við Háskóla Íslands. Skýrsla nefndarinnar var reifuð í ríkisstjórn í apríl 1993 og kynnt Alþingi í maí sama ár. Úr skýrslunni var unnin greinargerð og margt aðlagað sjónarmiðum og ábendingum sem bárust í umsögnum ráðuneyta og fjölmargra annarra aðila sem leitað var til.

Greinargerðin lá til grundvallar yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stefnu í vísindamálum sem samþykkt var af ríkisstjórninni þann 21. september 1993. Í stefnu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að efla vísinda- og tæknistarfsemi í landinu, m.a. með því að auka fjárframlög til rannsóknasjóða, bæta vinnubrögð og auka kröfur um árangur. Áhersla er lögð á að íslensk vísinda- og fræðistörf standist alþjóðlegan samanburð og reglulega verði lagt mat á þessa starfsemi. Jafnframt verði gerðar ýmsar skipulagsbreytingar á stjórn þessara mála sem miði að því að treysta samstarf stjórnvalda, vísindamanna og atvinnulífs. Í skýrslunni segir m.a.:

„Um leið og auknum fjármunum verður veitt til starfseminnar verða meiri kröfur gerðar um vinnubrögð og árangur. Áhersla verður lögð á rannsókna- og þróunarstarf sem líklegast þykir að Íslendingar geti sinnt sérstaklega vel. Í þessum tilgangi þurfa atvinnulíf, stjórnvöld og stofnanir að taka höndum saman við mótun stefnu, fjármögnun og framkvæmd í vísinda- og tæknistarfinu. Brýnt er að vel sé að verki staðið svo að íslensk vísinda- og fræðistörf standist alþjóðlegan samanburð. Mikilvægt er að niðurstöður rannsókna verði nýttar atvinnulífi til hagsbóta og til aukins skilnings á íslenskri menningu og þjóðfélagi í heimi hraðfara breytinga.“[2]

Á grundvelli stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar var vísindastefnunefnd menntamálaráðherra kölluð saman að nýju í nóvember 1993 til þess að semja frumvarp til laga um yfirstjórn vísinda- og tæknimála sem kæmu í stað laga nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Til þess að fá álit þeirra sem starfa að vísinda- og tæknimálum í landinu boðaði menntamálaráðherra til málþings um vísindastefnu ríkisstjórnarinnar þann 21. nóvember 1993. Málþingið sóttu um 100 manns og flutt voru 10 erindi sem vörðuðu lykilatriði hinnar nýju stefnu og þær áherslubreytingar sem ríkisstjórnin boðaði. Meginniðurstaða málþingsins var stuðningur við aðalatriði stefnunnar. Hjá málshefjendum kom m.a. fram almennur stuðningur við eitt vísinda- og tækniráð í stað tveggja, eflingu rannsóknasjóða, að komið yrði á fót sérstökum stöðum rannsóknaprófessora og að átak yrði gert í útgáfu fræðirita. Einnig var almennur stuðningur við þá stefnu að efla forustu og samráð innan vísindasamfélagsins um málefni er varða vísindi og tækni. Í framhaldi af málþinginu voru haldnir fundir með ýmsum sérfræðingum um einstök atriði stefnunnar og nánari útfærslu á henni.

---

[1] OECD (1993): Science, Technology and Innovation Policies: ICELAND. Paris, 1993.

[2] Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um stefnu í vísindamálum, samþykkt í ríkisstjórn 21. september 1993, bls. 1.

Á málþinginu í nóvember og á fundum síðar komu fram ýmsar ábendingar og sjónarmið sem unnið hefur verið úr. Á fundum þessum kom glöggt í ljós að stefna ríkisstjórnarinnar, eins og hún birtist í því frumvarpi sem hér er lagt fram, er vel kynnt þeim sem málið varðar mest og nýtur víðtæks stuðnings þeirra sem vinna að vísinda- og tæknimálum í landinu. Helstu álitaefnin vörðuðu úthlutun styrkja og hlutverk fagráða. Sumir vildu viðhalda fyrirkomulagi Vísindaráðs þannig að fagráðin í hinu nýja skipulagi sæju alfarið um úthlutun styrkja en aðrir lögðu áherslu á að skilja á milli mats á umsóknum og ákvarðana um styrkveitingar. Í samræmi við nýleg stjórnsýslulög og starfsaðferðir sem þróast hafa í alþjóðlegu samfélagi vísindamanna er farin sú leið í þessu frumvarpi að skilja á milli mats á verkefnum og ákvarðanatöku um styrki. Þá voru látnar í ljós áhyggjur af því að hlutur hug- og félagsvísinda yrði ekki réttur sem skyldi gagnvart öðrum vísindum í hinu nýja fyrirkomulagi en ýmsir telja að þessar greinar eigi undir högg að sækja í núverandi skipulagi. Hvað þetta varðar má segja að sameining ráðanna sé stórt skref í þá átt að tryggja að allar greinar vísinda sitji við sama borð.

Heildstæð stefnumörkun.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins verða sameinuð í eitt ráð, Vísinda- og tækniráð Íslands. Ráðinu er ætlað aukið hlutverk í því að fylgjast með framvindu í vísinda- og tæknistarfi, meta árangur rannsóknastarfs, leita leiða til þess að efla rannsóknastarfsemi í landinu og efla alþjóðlegt samstarf. Þá er ráðinu ætlað að vera ríkisstjórn, Alþingi og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um stefnumörkun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar. Með einu ráði er viðurkennd nauðsyn þess að vísinda- og tæknisamfélagið, atvinnulífið og stjórnvöld verði samstiga í þessum efnum og undirstrikuð eru tengsl grunnvísinda, hagnýtra rannsókna og nýsköpunar. Vísindasjóður og Tæknisjóður verða í vörslu nýja ráðsins og styrkja hvor á sínu sviði grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir.

Við undirbúning laganna frá 1987 var töluvert rætt um það hvort ráðin skyldu verða eitt eða tvö. Ekki náðist samkomulag um eitt ráð og ákveðið var að koma á fót Vísindaráði annars vegar til þess að fjalla um grunnrannsóknir og Rannsóknaráði ríkisins hins vegar til þess að fjalla um hagnýtar rannsóknir. Með lögunum var einnig sett á laggirnar sérstök samstarfsnefnd ráðanna. Starfsemi ráðanna hefur að ýmsu leyti tekist vel. Sérfræðinganefnd OECD benti hins vegar á ýmislegt sem betur mætti fara í yfirstjórn vísinda- og tæknimála hér á landi og var höfð hliðsjón af ábendingum sérfræðinganefndarinnar við gerð þessa frumvarps. Í áliti OECD segir að í raun sé engin samræmd stefna, hvorki í bráð né lengd, sem stýri því hvernig mannafli og fjármagn nýtist í rannsókna- og þróunarstarfi hér á landi. Nokkur ráðuneyti bera stjórnsýslulega ábyrgð á rannsóknastarfsemi. Undir menntamálaráðuneytið heyrir það starf sem fer fram við menntastofnanir og yfirstjórn þessara mála, þ.e. Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins og sjóðir sem undir ráðin heyra. Starfsemi rannsóknastofnana atvinnuveganna heyrir undir atvinnuvegaráðuneytin, umhverfisrannsóknir eru á ábyrgð umhverfisráðuneytis og á vettvangi heilbrigðisráðuneytis fara fram rannsóknir í læknis- og heilbrigðisfræðum í stofnunum sem tengjast Háskóla Íslands.

Grunnhugmyndin að baki skipulags rannsókna- og þróunarstarfsemi hérlendis er sú að hagnýtar rannsóknir séu stundaðar á vegum stofnana sem heyra undir atvinnuvegaráðuneyti, en rannsóknir sem ekki tengjast beint efnahagslegum markmiðum séu stundaðar á vegum aðila sem heyra undir menntamálaráðuneytið. Í greinargerð með samþykkt ríkisstjórnarinnar frá í september 1993 er hins vegar sýnt fram á að skýrum mörkum milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna verður ekki auðveldlega fylgt, hvorki í áhersl-

um rannsóknastofnana né í verkefnum sem ganga þvert á verksvið ráðuneyta og stofnana. Skilin á milli grunnvísinda og hagnýtra rannsókna eru oft óljós. Grunnvísindi eru undirstaða hagnýtra rannsókna og tækniþróunar en tækninýjungar leiða oft til nýrra uppgötvana í grunnvísindum. Hér á landi vinna margir vísindamenn jöfnum höndum að grunnvísindum og hagnýtingu rannsókna. Slíkum verkefnum fer fjölgandi. Nefna má umhverfisrannsóknir sem dæmi um rannsóknir sem sækja sérfræðiþekkingu jöfnum höndum til grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna, raunvísinda, tæknivísinda og félagsvísinda. Eitt ráð hefur betri yfirsýn en tvö ráð yfir þessar þverfaglegu rannsóknir og getur þar af leiðandi gætt þess að tillit sé tekið til þeirra í stefnumótun. Undir þessi sjónarmið er tekið í nýrri skýrslu umhverfisráðuneytis um eflingu umhverfisrannsókna á Norður-Atlantshafi. Í tillögum í skýrslunni kemur fram að skipulagið sem lagt er til í þessu frumvarpi er vel fallið til þess að efla umhverfisrannsóknir í landinu.

Um mörg viðfangsefni hagar þannig til að ekki er fjallað um þau af einum aðila í stjórnkerfinu. Þetta getur leitt til þess að togstreita myndist um einstaka málaflokka vísinda og tækni, en einnig er hætt við að tiltekin svið verði vanrækt vegna þess að ekki er fjallað um þau sérstaklega. Um matvælarannsóknir, fiskeldisrannsóknir eða umhverfisrannsóknir, svo dæmi séu tekin, fjallar enginn einn aðili í stjórnkerfinu, hvorki um stefnumörkun né fjárveitingar. Hætta er á að rannsókna- og þróunarsvið sem erfitt er að finna stað í starfandi stofnunum verði vanrækt og að mannafli, aðstaða og búnaður nýtist ekki sem skyldi. Samræma þarf vinnubrögð við rannsóknir og huga að verkaskiptingu milli stofnana.

Samhliða því að efla stefnumörkun innan vísinda- og tæknisamfélagsins er brýnt að tengja slíka stefnumörkun stefnu stjórnvalda í menningarmálum og efnahagsmálum. Með því móti er m.a. stuðlað að því að höfð sé hliðsjón af vísinda- og tækniþekkingu í stefnumörkum í efnahagsmálum. Komið verði á samstarfi ráðuneyta undir forustu menntamálaráðuneytisins til þess að vera stjórnvöldum til ráðgjafar við fjárlagagerð á sviði vísinda og tækni í samráði við Vísinda- og tækniráð. Samstarfshópurinn gerir árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til málaflokksins og leggur drög að fjárveitingum til þriggja ára. Þannig er tekið mið af því að vísinda- og tæknirannsóknir taka lengri tíma en fjárlagaárið. Samstarfi þessu er ætlað að tryggja að samhengi verði milli stefnumótunar um vísinda- og tæknimál og fjárveitingar frá hinu opinbera sem þýðir að hópurinn þarf að hafa náið samstarf við hið nýja Vísinda- og tækniráð, sbr. 1. tölul. 2. gr. þessa frumvarps.

Á undanförnum árum hafa Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins unnið að því að auka samvinnu um verkefni sem báðum eru ætluð samkvæmt lögum. Þannig annast Rannsóknaráð að mestum hluta upplýsingaöflun um mannafla og fjármagn sem varið er til vísinda- og tæknistarfsemi. Saman gefa ráðin út fréttabréf og sameiginlegir starfsmenn hafa verið ráðnir til þess að sinna vísindasamskiptum, einkum vegna tækifæra sem skapast á grundvelli milliríkjasamninga, svo sem EES-samningsins. Þá er í undirbúningi flutningur ráðanna í sameiginlegt húsnæði.

Breyttir starfshættir.

Á vettvangi vísinda og tækni sem annars staðar fara kröfur um hlutlæg vinnubrögð vaxandi. Þess er krafist að faglega sé staðið að undirbúningi ákvarðana og ekki komi til hagsmunaárekstra í ákvarðanatöku. Til að styðja faglega umfjöllun Vísinda- og tækniráðs verða skipuð sérstök fagráð á sviðum vísinda og tækni. Fagráðum er ætlað að gera tillögur til ráðsins um málefni þar sem Vísinda- og tækniráð óskar sérstakrar umfjöllunar og til að meta vísindalegt gildi umsókna í sjóði ráðsins. Vísinda- og tækniráð skipar einnig úthlutunarnefndir fyrir sjóði í vörslu ráðsins. Þeim er ætlað að velja milli faglega hæfra umsókna og gera tillögu um afgreiðslu umsókna með hliðsjón af stefnu ráðsins og þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru. Mikilvægt er að þeir sem sitja í Vísinda- og tækniráði taki ekki beinan þátt bæði í undirbúningi og afgreiðslu einstakra umsókna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skilið verði á milli umfjöllunar um verkefni og ákvarðana. Þannig eru hæfisreglur nýrra stjórnsýslulaga virtar í hvívetna, en einnig eru festar í sessi þær aðferðir sem þróast hafa í alþjóðlegu samfélagi vísindanna til að tryggja óvilhalla og réttmæta umfjöllun um umsóknir.

Mat og úttektir.

Úttektir og mat á frammistöðu og árangri er ört vaxandi þáttur í vísindastarfsemi erlendis. Algengar eru úttektir á stöðu, árangri og skipulagi vísindastofnana, rannsóknasviða og mat á hæfni vísindamanna. Þá er einnig reynt að meta hvernig tekist hefur að framfylgja stefnu sem mörkuð hefur verið, hvernig styrkveitingar skila sér í starfi vísindamanna og rannsóknastofnana eða hvernig önnur aðföng nýtast. Algengast er að stuðst sé við mat á greinum sem birtast í viðurkenndum vísindatímaritum en einnig er stuðst við mat vísindamanna og þeirra sem nýta sér þjónustu opinberra rannsóknastofnana og sjóða. Reglubundið mat á vísinda- og tæknistarfsemi má m.a. nota til þess að:

— stýra og forgangsraða fjárveitingum til stofnana og verkefna,
— lagfæra skipulag stofnana og breyta verklagi og viðfangsefnum,
— meta tillögur um stór rannsóknaverkefni,
— meta árangur af rannsókna- og þróunarverkefnum eftir að þeim er lokið.

Hér á landi hefur mat á vísindastarfsemi ekki verið mikið notað til að stýra fjármagni og mannafla að frátöldu mati sem tengist úthlutun styrkja úr rannsóknasjóðum. Í vísindastefnu ríkisstjórnarinnar kemur fram að samhliða því að marka ramma að fjárveitingum til rannsókna til lengri tíma sé stefnt að því að kröfur til verkefna sem kostuð eru að hluta eða öllu leyti af opinberu fé verði auknar og sjóðum verði gert að meta vísindaleg gæði og framvindu rannsókna- og þróunarverkefna. Einnig er lagt til að gerð verði ítarleg úttekt á stöðu og starfsháttum í grunnrannsóknum hér á landi.

Tilgangur með úttektum er ekki einvörðungu að nýta aðföng á sem bestan hátt heldur einnig að gera samanburð á vísinda- og tæknistarfsemi hér á landi við sambærilega starfsemi í öðrum löndum. Slíkt stöðumat er ein af forsendum þess að hægt verði að efla vísinda- og tæknistarfsemi hér á landi. Hinu nýja Vísinda- og tækniráði verður falið veigamikið hlutverk í að skipuleggja slíkar úttektir. Ráðinu er ætlað að gera áætlanir um úttektir á einstökum vísinda- og tæknisviðum auk þess að semja við innlenda og erlenda aðila um framkvæmd þeirra.

Önnur nýmæli.

Meðal annarra nýmæla sem er að finna í frumvarpinu um Vísinda- og tækniráð Íslands er ákvæði um að efla rannsóknatengt framhaldsnám og heimild til að stofna stöður rannsóknaprófessora. Hvort tveggja er lagt til í vísindastefnu ríkisstjórnarinnar frá því í september á sl. ári.

Á sl. ári beitti menntamálaráðherra sér fyrir stofnun sjóðs til að efla rannsóknatengt framhaldsnám og styrkja nemendur til meistara- eða doktorsgráðu. Hlaut sjóðurinn heitið Rannsóknanámssjóður. Í hann var veitt 8 m.kr. á síðasta ári en í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir 25 m.kr. framlagi í sjóðinn. Sjóðurinn starfar samkvæmt reglum sem menntamálaráðherra samþykkti í október á sl. ári. Samkvæmt reglum sjóðsins hafa nemendur sem skráðir eru í framhaldsnám við Háskóla Íslands forgang næstu árin. Stjórn sjóðsins skipa formaður vísindanefndar Háskóla Íslands, fulltrúar Vísindaráðs og menntamálaráðherra og er sá síðastnefndi formaður stjórnar. Vísindanefnd veitir faglega umsögn um verkefni og eru meðmæli vísindanefndar forsenda fyrir styrkveitingu. Í mati vísindanefndar er m.a. tekið mið af frammistöðu nemenda í námi, vísindalegum árangri aðalleiðbeinanda, vísindagildi fyrirhugaðs rannsóknaverkefnis og reynslu kennara við leiðbeiningu í lokaverkefnum eða rannsóknanámi.

Í þessu frumvarpi er Rannsóknanámssjóður lögfestur og gert er ráð fyrir að hið nýja Vísinda- og tækniráð fari með málefni sjóðsins í umboði stjórnar hans. Gert er ráð fyrir að reglur sjóðsins verði endurskoðaðar þegar nokkur reynsla er fengin af starfrækslu hans.

Samkvæmt frumvarpinu fær menntamálaráðherra heimild til að stofna sérstakar stöður prófessora sem einungis sinni rannsóknum. Rætt hefur verið um að stöðurnar yrðu t.d. veittar til 5–7 ára og þeim sem stöðunum gegna verði ætlað að byggja upp rannsóknir á sviðum sem talin eru sérstaklega mikilvæg. Í stöðu rannsóknaprófessors yrði aðeins ráðinn einstaklingur sem metinn hefur verið hæfur til að gegna stöðu prófessors og aflað hefur sér viðurkenningar á alþjóðlegum vettvangi fyrir rannsóknastörf sín. Að ráðningartíma liðnum þyrfti að fara fram úttekt á starfseminni og ákvörðun tekin um framhaldið. Tillögur um fræðasvið sem til álita kæmu fyrir stöðu rannsóknaprófessora ættu að berast menntamálaráðherra en hæfni umsækjenda yrði metin af sérstakri dómnefnd. Um þessi atriði og fleira þarf að fjalla í sérstakri reglugerð menntamálaráðherra um stöður rannsóknaprófessora.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um stofnun Vísinda- og tækniráðs Íslands, hlutverk þess og markmið. Áhersla er lögð á að tengja umfjöllun ráðsins við þau svið þjóðlífs sem veigamest eru, þ.e. menningu þjóðarinnar og atvinnuvegi.

Um 2. gr.

Hér eru helstu verkefni Vísinda- og tækniráðs Íslands skilgreind. Gert er ráð fyrir að ráðið verði virkt í stefnumörkun á sviði rannsókna og tækni og standi fyrir mati og úttektum á þessum vettvangi. Kveðið er á um ráðgjafarhlutverk ráðsins og um náið samstarf við þau ráðuneyti er vinna að stefnumótun og tillögum um fjárveitingar til málaflokksins. Ráðgert er að koma á samstarfi ráðuneyta til þess að auðvelda þetta samráð og til þess að undirbúa umfjöllun um vísinda- og tæknimál á vettvangi ríkisstjórnar í tengslum við gerð fjárlaga. Miðað verður við að Vísinda- og tækniráð geri þriggja ára

áætlun í senn um fjárframlög til rannsókna- og tæknistarfsemi. Þessi skipan mála er nýjung sem sett var fram í vísindastefnu ríkisstjórnarinnar.

Ráðið skal árlega skila skýrslu til ráðherra um vísinda- og tæknimál. Hún skal lögð fyrir Alþingi og liggja til grundvallar samstarfi ráðuneyta um gerð tillagna um fjárveitingar til málaflokksins í heild.

Ráðið skal móta úthlutunarstefnu og veita styrki úr sjóðum í vörslu þess. Ráðið skal annast kynningu á rannsóknastarfsemi í landinu, fylgjast með rannsókna-, þróunar- og nýsköpunarstarfi og beita sér fyrir áætlanagerð rannsóknastofnana og atvinnulífs í þeim efnum. Það skal með reglubundnum hætti gangast fyrir mati á framkvæmd rannsókna og árangri þeirra og nota niðurstöður mats í ákvörðunum sínum.

Ráðið tekur þátt í og fylgist með alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna. Það greiðir einnig fyrir rannsóknum erlendra vísindamanna hér á landi og stuðlar að samvinnu þeirra við íslenska vísindamenn. Í eldri lögum og reglugerð er gert ráð fyrir að erlendir náttúruvísindamenn þurfi leyfi til rannsókna hér á landi. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að þessum leyfisveitingum verði hætt en að almenna reglan verði sú að erlendum vísindamönnum verði heimilt að stunda rannsóknir hér á landi svo fremi þeir fari að almennum lögum og reglum m.a. um náttúrufræðirannsóknir (lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur), um náttúruvernd, innflutning vöru, um dvalarleyfi erlendra ríkisborgara hér á landi, um fornleifar o.s.frv. Menntamálaráðuneytið hyggst því fella úr gildi reglugerð nr. 107 frá 1968 um náttúrurannsóknir erlendra vísindamanna á Íslandi. Þó er eðlilegt að í reglugerð verði ákvæði um upplýsinga- og eftirlitshlutverk Vísinda- og tækniráðs.

Auk þess skal ráðið vinna að öðrum verkefnum sem menntamálaráðherra felur því.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipan Vísinda- og tækniráðs Íslands. Í ráðinu sitja níu einstaklingar skipaðir af menntamálaráðherra til þriggja ára. Við tilnefningu til setu í Vísinda- og tækniráði Íslands skal velja einstaklinga sem hafa þekkingu á vísindalegum rannsóknum, yfirsýn yfir rannsóknir í landinu, skilning á hagnýtingu þeirra og eru sérlega hæfir til þess að taka virkan þátt í mótun og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu.

Við undirbúning frumvarpsins hefur verið rætt um eftirfarandi aðferð við skipan ráðsins:

a. Þrír yrðu skipaðir samkvæmt tilnefningu skóla á háskólastigi þar sem rannsóknir eru stundaðar, svo og aðila sem nefndir eru í upptalningu í fjórða og fimmta lið þessarar málsgreinar. Eftirtaldir aðilar mundu tilnefna einstaklinga til setu í ráðinu:
   1. Sex tilnefndir af Háskóla Íslands.
   2. Einn tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands.
   3. Einn tilnefndur af Háskólanum á Akureyri.
   4. Einn tilnefndur í sameiningu af Þjóðarbókhlöðu, Þjóðskjalasafni, Stofnun Árna Magnússonar, Þjóðminjasafni og Listasafni Íslands.
   5. Einn tilnefndur af Vísindafélagi Íslendinga.

   Menntamálaráðherra leiti eftir tilnefningum samkvæmt liðum 1–5, hér að ofan. Tilnefning fulltrúa samkvæmt 4. lið yrði ákveðin á fundi menntamálaráðherra og þangað yrði kvaddur einn fulltrúi frá hverjum ofangreindra aðila.

b. Þrír yrðu skipaðir samkvæmt tilnefningu rannsóknastofnana atvinnuveganna og annarra rannsóknastofnana utan verksviðs menntamálaráðherra. Eftirtaldir aðilar mundu tilnefna samtals níu fulltrúa:
   1. Sjö tilnefndir af rannsóknastofnunum sem nefndar eru hér að neðan. Tilnefning þeirra yrði ákveðin á fundi sem menntamálaráðuneytið boðar og þangað yrði kvaddur einn fulltrúi frá hverri eftirtalinna stofnana:
      Hafrannsóknastofnuninni,
      Iðntæknistofnun Íslands,
      Náttúrufræðistofnun Íslands,
      Orkustofnun,
      Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
      Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,
      Rannsóknastofnun landbúnaðarins,
      Skógrækt ríkisins,
      Veðurstofu Íslands,
      Veiðimálastofnun.

      Til þess að sjónarmið atvinnulífs komi skýrt fram í starfi ráðsins er æskilegt að tillit verði tekið til þeirra við tilnefningar rannsóknastofnana á einstaklingum til setu í ráðinu.
   2. Einn einstaklingur tilnefndur af hvorum eftirtalinna aðila:
      læknaráði Landspítalans,
      læknaráði Borgarspítalans.

      Menntamálaráðuneytið leiti eftir tilnefningum þessum.

c. Þrír tilnefndir af ríkisstjórn samkvæmt tillögu menntamálaráðherra.

Með þeim hætti sem rakið er í liðum a og b yrðu nítján einstaklingar tilnefndir til setu í Vísinda- og tækniráði Íslands. Úr þessum hópi veldi menntamálaráðherra sex til setu í ráðinu. Þrír meðlimir ráðsins yrðu skipaðir af menntamálaráðherra skv. c-lið. Menntamálaráðherra skipi jafnmarga varamenn til setu í ráðinu með sama hætti.

Tilnefning fleiri einstaklinga en geta átt sæti í ráðinu gefur menntamálaráðherra svigrúm til þess að skipa í ráðið þannig að sem flest sjónarmið eigi þar málsvara. Skýrt er tekið fram að þeir sem taka sæti í Vísinda- og tækniráði Íslands eru ekki sérstakir fulltrúar þeirra sem hafa tilnefnt þá. Jafnframt er sú skylda lögð á menntamálaráðherra að gæta þess við val á meðlimum að jafnvægi sé á milli vísinda og tækni. Einnig skal þess gætt að sjónarmið atvinnulífs komi fram í ráðinu. Um þessa tilhögun við tilnefningar og skipan í Vísinda- og tækniráð verður fjallað í reglugerð.

Um 4. gr.

Vísinda- og tækniráði Íslands er ætlað að skipa 3–5 manna fagráð til tveggja ára á helstu sviðum vísinda og tækni og á öðrum athafnasviðum þjóðlífs til þess að veita faglega ráðgjöf og meta umsóknir um styrki. Skipan í fagráð til tveggja ára veitir möguleika til að endurnýja þau reglulega. Menntamálaráðherra setur reglugerð um störf fagráða, en Vísinda- og tækniráð Íslands setur fagráðum erindisbréf þar sem kveðið er á um starfshætti. Í reglugerð er eðlilegt að fjallað sé m.a. um þær kröfur um vísindalega hæfni og skilning á hagnýtingu vísindalegrar þekkingar við nýsköpun sem gera verður til

þeirra sem sitja í fagráði. Þau fagráð, sem vænta má að hið nýja Vísinda- og tækniráð skipi, fjalla um hug- og félagsvísindi, líf- og læknisfræði, náttúruvísindi, tækniþróun, þar með talin verkfræði, svo og önnur mikilvæg athafnasvið sem að mati ráðsins gætu orðið heilladrjúg í starfi að verkefnum fyrir ráðið.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um framkvæmdastjóra Vísinda- og tækniráðs Íslands og skrifstofu ráðsins. Skrifstofan veitir fagráðum og úthlutunarnefndum nauðsynlega skrifstofuþjónustu. Núverandi starfsfólk Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins svarar til átta stöðugilda. Auk þess starfar einn alþjóðafulltrúi hjá ráðunum fyrir sérstaka fjárveitingu frá menntamálaráðuneyti. Nokkur rekstrarhagræðing verður af því að sameina skrifstofur Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins á einum stað. Heimild til að útvega fjármagn til þess að koma ráðunum í sameiginlegt húsnæði er fyrir hendi í fjárlögum ársins 1994. Jafnframt er gert ráð fyrir að hluta stofndeildar Vísindasjóðs, sbr. lög nr. 48/1987, verði varið til kaupa á húsnæði, sbr. 21. gr., en einnig til þess að kosta rekstur fasteignar Vísindasjóðs. Vísindasjóði var ánöfnuð fasteign þessi með skilyrðum í gjafabréfi.

Um 6. gr.

Með sama hætti og nú er viðhafður um Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins verður almennur rekstrarkostnaður Vísinda- og tækniráðs greiddur með sérstakri fjárveitingu í fjárlögum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um hlutverk Vísindasjóðs. Sjóðurinn tekur við hlutverki og skuldbindingum Vísindasjóðs sem starfað hefur samkvæmt lögum nr. 48/1987 og áður samkvæmt lögum nr. 51/1957, um Vísindasjóð. Styrkir eru veittir samkvæmt umsóknum sem berast eftir auglýsingu. Vísinda- og tækniráð Íslands getur einnig kostað úttektir og árangursmat af fé sjóðsins. Ekki er gert ráð fyrir að veita fé til hefðbundins náms, svo sem meistara- og doktorsnáms en stefnt er að því að Rannsóknanámssjóður gegni því hlutverki í framtíðinni, sjá 23. gr. frumvarpsins. Menntamálaráðherra setur ákvæði um starfsemi sjóðsins í reglugerð, sbr. 20. gr. Hann setur sjóðnum einnig úthlutunarreglur að fengnum tillögum Vísinda- og tækniráðs Íslands.

Um 9. gr.

Hér er gert ráð fyrir að Vísindasjóður njóti áfram árlegrar fjárveitingar í fjárlögum og framlags frá Seðlabanka Íslands. Framlag Seðlabankans er nú aðaltekjustofn sjóðsins og af heildarráðstöfunarfé hans á þessu ári, alls 147 milljónum króna, koma 120 milljónir frá Seðlabankanum. Í undirbúningi er að styrkja þennan tekjustofn og auka þannig ráðstöfunarfé sjóðsins án þess að útgjöld ríkissjóðs aukist að sama skapi.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að Vísinda- og tækniráð skipi sérstakar úthlutunarnefndir sem fá til umfjöllunar þær umsóknir sem að mati fagráða uppfylla kröfur sem gerðar eru um styrkhæf verkefni. Skilið er á milli mats á vísindalegu gildi umsókna í sjóði í vörslu Vísinda- og tækniráðs og ákvarðana um styrkveitingar. Enn fremur er skilið á milli umfjöllunar fagráða og þess sem skrifstofa ráðsins annast í umfjöllun um umsóknir í þessa sjóði. Í þriðja lagi er val milli styrkhæfra umsókna í höndum sérstakra úthlutunarnefnda sem ráðið kemur á laggirnar.

Hjá Rannsóknasjóði Rannsóknaráðs ríkisins hefur sérstök matsnefnd metið umsóknir með utanaðkomandi aðstoð og lagt tillögu um styrkveitingar fyrir Rannsóknaráð. Skrifstofa ráðsins hefur starfað náið með matsnefnd. Hjá Vísindaráði hefur stjórn þess skipt fé milli deilda, en deildir ráðsins hafa metið umsóknir og tekið ákvarðanir um styrkveitingar. Báðar þessar aðferðir hafa þann ágalla að spurningar geta vaknað um vanhæfi til ákvarðana.

Reynt er að sameina það sem vel hefur reynst hjá sjóðunum báðum með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til. Með því er einnig leitast við að tryggja að hæfisreglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, séu virtar í hvívetna. Einnig er hér fest í sessi sú aðferð sem víða erlendis er beitt við val milli umsókna um styrki til rannsókna- og þróunarverkefna. Það verður lagt í vald fagráða og úthlutunarnefnda að skilgreina þá þjónustu sem óskað er eftir við umfjöllun um umsóknir.

Með þessu móti verður tryggt að enginn sem fjallað hefur um umsóknir á fyrri stigum taki þátt í lokaafgreiðslu þeirra. Við úthlutanir á styrkjum af almannafé til vísinda- og tæknistarfsemi er grundvallaratriði að engar ásakanir um mismunun af óviðkomandi ástæðum geti vaknað. Leitast skal við að tryggja sanngirni og jafnræði í umfjöllun umsókna sem koma til kasta Vísinda- og tækniráðs.

Verkaskiptingu í umfjöllun um umsóknir má skýra með eftirfarandi mynd:



Viðfangsefni úthlutunarnefnda er einkum að velja milli hæfra umsókna með hliðsjón af stefnu sem Vísinda- og tækniráð hefur markað og þeim fjármunum sem eru til ráðstöfunar hverju sinni. Í reglugerð er eðlilegt að gert verði ráð fyrir því að umsóknir sem fagráð mæla ekki með komi ekki til umfjöllunar hjá úthlutunarnefndum.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um hlutverk Tæknisjóðs að efla hagnýtar rannsóknir og tækniþróun. Tæknisjóður tekur við hlutverki Rannsóknasjóðs Rannsóknaráðs ríkisins sem starfað hefur samkvæmt lögum nr. 48/1987.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um starfsemi sjóðsins, sbr. 20. gr. Hann setur sjóðnum einnig úthlutunarreglur að fengnum tillögum Vísinda- og tækniráðs Íslands.

Um 12. gr.

Hér er gert ráð fyrir að tekjustofnar Tæknisjóðs verði þeir sömu og Rannsóknasjóðs Rannsóknaráðs ríkisins í núgildandi lögum, að frátöldum 2. tölul. 18. gr. laga nr. 48/1987 þar sem fjallað er um framlag af tekjum Framkvæmdasjóðs. Í lið ii er rætt um tekjur Tæknisjóðs af einkaleyfum. Hér er átt við tilvik sem svo háttar um að styrkþegi Tæknisjóðs telur ástæðu til þess að vernda niðurstöður verkefnis með einkaleyfi. Þegar svo ber undir þarf að gæta hagsmuna Tæknisjóðs vegna þátttöku í fjármögnun verkefnis sem gefur af sér tekjur í framhaldi af því að einkaleyfi er veitt. Þetta ákvæði er í samræmi við úthlutunarreglur Rannsóknaráðs ríkisins og ákvæði í samningum sem gerðir eru milli ráðsins og styrkþega Rannsóknasjóðs. Liðnum „iv: Önnur framlög“ er hér bætt við til samræmis við ákvæði 9. gr. um tekjustofna Vísindasjóðs.

Um 13. gr.

Sjá athugasemdir við 10. gr.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um Bygginga- og tækjasjóð sem tekur við hlutverki Byggingasjóðs rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna. Hlutverk sjóðsins verður einkum að veita styrki til kaupa á dýrum tækjum. Gert er ráð fyrir að allar rannsóknastofnanir hins opinbera geti sótt um styrk í sjóðinn, en hann var upphaflega einkum ætlaður rannsóknastofnunum atvinnuveganna. Verulegum hluta fjármuna sjóðsins hefur þó verið ráðstafað þannig á undanförnum árum að Háskóli Íslands og stofnanir hans hafa notið góðs af með þátttöku í samfjármögnun bygginga og tækja. Í raun er því aðeins staðfest með lögum fyrirkomulag sem verið hefur viðhaft.

Um 15. gr.

Tekjustofnar Bygginga- og tækjasjóðs verða einkaleyfisgjald af rekstri peningahappdrætta í landinu eða sambærilegar tekjur, svo og fjárveiting úr ríkissjóði. Frá stofnun hefur Byggingasjóður fengið fjárveitingu sem hefur svarað til 20% einkaleyfisgjalds sem Happdrætti Háskóla Íslands hefur greitt til ríkissjóðs. Liðnum „iii: Önnur framlög“ er hér bætt við til samræmis við ákvæði um 9. gr og 12. gr. um tekjustofna Vísindasjóðs og Tæknisjóðs.

Happdrætti Háskóla Íslands þarf eitt happdrætta í landinu að greiða einkaleyfisgjald af rekstri peningahappdrættis. Einkaleyfisgjald er ekki innheimt hjá öðrum happdrættum þar sem peningar koma í hlut þeirra sem hljóta vinning.

Um 16. gr.

Hér er kveðið á um að Vísinda- og tækniráð annist málefni Rannsóknanámssjóðs er starfar nú samkvæmt sérstökum reglum sem menntamálaráðherra hefur sett. Samkvæmt 23. gr. þessa frumvarps er þó gert ráð fyrir að sjóðurinn starfi áfram undir sérstakri stjórn og samkvæmt reglum sjóðsins uns annað verður ákveðið. Í reglum menntamálaráðherra um sjóðinn er gert ráð fyrir endurskoðun á reglunum þegar nokkur reynsla hefur fengist af starfrækslu hans. Sjóðurinn styrkir nú einungis rannsóknatengt framhaldsnám til meistara- eða doktorsgráðu við Háskóla Íslands. Fyrirhugað er að sjóðurinn geti í framtíðinni einnig styrkt framhaldsnám við aðra æðri skóla og íslenska stúdenta til framhaldsnáms við erlenda skóla.

Með þessari grein er Rannsóknanámssjóður lögfestur en honum er ætlað að sinna mikilsverðum þætti í menntun og þjálfun íslenskra vísindamanna.

Um 17. gr.

Hér er gert ráð fyrir að kostnaður við mat umsókna og úthlutun styrkja skuli greiðast af árlegu ráðstöfunarfé sjóða í vörslu ráðsins. Þessu ákvæði er ætlað að skapa aðhald í rekstri sjóðanna. Fyrir starfsemi Vísindasjóðs kemur þessi heimild í stað ákvæða í núgildandi lögum um að rekstrarkostnaður Vísindasjóðs megi greiðast af vöxtum stofndeildar sjóðsins. Í þessu frumvarpi er hins vegar gert ráð fyrir að stofndeildin verði lögð niður (21. gr.).

Um 18. gr.

Verði niðurstöðum rannsókna sem styrktar hafa verið haldið leyndum má krefjast endurgreiðslu styrks samkvæmt skilyrðum sem Vísinda- og tækniráð ákveður. Endurgreiðslum skal þó háttað þannig að ekki valdi erfiðleikum fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki. Dæmi eru um að skuld fyrirtækja vegna styrkveitinga úr Rannsóknasjóði Rannsóknaráðs ríkisins hefur valdið erfiðleikum við að afla fjármagnsfyrirgreiðslu og aukins hlutafjár.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Nauðsynlegt er að úthlutunarreglur sjóða séu skýrar og umsækjendum séu ljósar kröfur sem gerðar eru til styrkhæfra umsókna. Í reglugerð þarf að skilgreina starfshætti sjóðanna nánar. Menntamálaráðherra setur hverjum sjóði í vörslu ráðsins sérstakar úthlutunarreglur að fengnum tillögum Vísinda- og tækniráðs Íslands. Þar væri eðlilegt að fjallað yrði m.a. um sameiginlegan umsóknarfrest til sjóða, samráð um afgreiðslu umsókna eftir því sem verkefni gefa tilefni til, um veitingu styrkja til lengri tíma og önnur atriði.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um að eignir og skuldbindingar Vísindasjóðs og Rannsóknasjóðs, sem starfa samkvæmt núgildandi lögum (nr. 48/1987), falli til Vísindasjóðs og Tæknisjóðs sem mælt er fyrir í þessu frumvarpi.

Stofndeild Vísindasjóðs verður lögð niður. Eignir stofndeildar skal setja í sjóð sem verður varið til kaupa á húsnæði fyrir Vísinda- og tækniráð Íslands og til reksturs húseigna Vísindasjóðs. Í 6. gr. fjárlaga yfirstandandi árs er fjármálaráðherra heimilt að festa kaup á húsnæði fyrir Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán, sjá einnig athugasemd við 5. gr.

Um 22. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja á stofn sérstakar stöður prófessora sem einungis sinni rannsóknum. Í umræðum um þessar stöður, sem hér er mælt fyrir, hefur verið varpað fram hugmyndum um að stöðurnar verði tímabundnar í 5–7 ár og verði þeim sem stöðunum gegna ætlað að byggja upp rannsóknir á sviðum sem talin eru sérstaklega mikilvæg og áhugaverð. Í stöðu rannsóknaprófessors yrðu aðeins ráðnir einstaklingar sem metnir hafa verið hæfir til þess að gegna stöðu prófessors og aflað hafa sér viðurkenningar á alþjóðlegum vettvangi fyrir rannsóknastörf sín. Að ráðningartímanum liðnum þyrfti að fara fram úttekt á starfseminni og taka þyrfti afstöðu til framhaldsins. Vísinda- og tækniráð væri einn þeirra aðila sem fjallað gæti um eða gert tillögur um stofnun á stöðum rannsóknaprófessora. Tillögur um fræðasvið sem til álita koma fyrir stöðu rannsóknaprófessors yrðu gerðar til menntamálaráðherra en hæfni umsækjenda metin af sérstaklega skipaðri dómnefnd.

Um 23. gr.

Sjá skýringar við 16. gr.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð Íslands.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sameina Vísindaráð og Rannsóknaráð í eitt ráð, Vísinda- og tækniráð Íslands. Sjóðirnir verða þó áfram tveir, Vísindasjóður sem leggur fé til grunnvísinda og Tæknisjóður sem leggur fé til hagnýtra rannsókna en hann kemur í stað Rannsóknaráðs. Einnig verður í vörslu ráðsins Bygginga- og tækjasjóður en hann kemur í stað Byggingasjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna. Að auki mun Vísinda- og tækniráð annast verkefni fyrir stjórn Rannsóknanámssjóð en í ákvæði til bráðabirgða segir að reglur menntamálaráðuneytis um starfsemi og starfshætti sjóðsins gildi áfram þar til starfsemi sjóðsins verði endurskoðuð.

Í 22. gr. er veitt heimild til að setja á stofn tímabundnar stöður rannsóknaprófessora sem sinni rannsóknum á sviðum sem talin eru sérstaklega mikilvæg. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir að stöðurnar séu til 5–7 ára. Það er mat fjármálaráðuneytis að launakostnaður og annar rekstrarkostnaður vegna hverrar prófessorsstöðu geti numið 4–5 m.kr. á ári en heildarkostnaðarauki fer eftir því hvort og í hvaða mæli þessi heimild er nýtt.

Að öðru leyti er það mat fjármálaráðuneytis að bein áhrif frumvarpsins á útgjöld ríkissjóðs verði óveruleg. Þó skal bent á nokkur atriði er snerta kostnað án þess að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs:

1. Nefndarmenn í Vísindaráði og Rannsóknaráði eru 12 samkvæmt núgildandi lögum. Að auki skipa stjórnir deilda 21 nefndarmaður. Störf er lúta beint að úthlutun úr sjóðunum eru greidd af ráðstöfunarfé sjóðanna en önnur störf eru greidd af rekstrarfé ráðanna. Í nýju Vísinda- og tækniráði munu verða 9 nefndarmenn. Gert verður ráð fyrir fagráðum í stað deilda og verður greiðslufyrirkomulag með hliðstæðum hætti og nú er til deilda Vísindaráðs. Ekki er kveðið á um hve mörg fagráðin eigi að vera en gert er ráð fyrir 3–5 nefndarmönnum í hverju ráði. Ætla má að útgjöld vegna þóknanagreiðslna verði svipuð og nú er.
2. Rekstrarkostnaður vegna Vísindaráðs og Rannsóknaráðs er um 30,4 m.kr. í fjárlögum 1994. Með sameiningu þessara ráða dregur óverulega úr rekstrarkostnaði þar sem ráðin eru nú þegar að einhverju leyti í samrekstri. Í greinargerð frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir að starfsmönnum fækki heldur að þeim fjölgi og er þar tekið mið af hlutverki ráðsins samkvæmt þessu frumvarpi. Ef það gengur eftir verður sparnaður af sameiningu þessara ráða óverulegur.
3. Í fjárlögum 1994 er svohljóðandi heimild í 6. gr.: „Að kaupa húsnæði fyrir Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins í tengslum við samrekstur stofnananna og taka til þess nauðsynleg lán.“ Húsnæði Vísindaráðs að Bárugötu 3 var gjöf til ráðsins og samkvæmt erfðaskrá gefanda er ekki heimilt að selja húsið til annarra nota. Ætlunin er að nota húsnæðið sem íbúð fyrir erlenda vísindamenn sem koma og dveljast hér á landi á vegum eða í tengslum við Vísinda- og tækniráð. Á móti kaupverði nýs húsnæðis kemur að stofndeild Vísindasjóðs verður lögð niður og eignir hennar settar í sjóð sem verður varið til kaupa á húsnæði fyrir Vísinda- og tækniráð Íslands og til reksturs húseigna Vísindasjóðs. Eignir stofndeildarinnar nema nú um 20–30 m.kr.
4. Framlag ríkisins til Vísindasjóðs, Tæknisjóðs og Bygginga- og tækjasjóðs er skilgreint á hliðstæðan hátt og í núgildandi lögum og hefur því ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs nema með ákvörðun um hækkun framlags í fjárlögum. Ákvæði um tekjur Byggingasjóðs rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna sem fjallar um einkaleyfisgjald af Happdrætti Háskóla Íslands er breytt á þá lund að það tekur til einkaleyfisgjalds af rekstri peningahappdrætta eða annarra samsvarandi tekna.

733. Frumvarp til laga [478. mál]

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu.

Menntamálaráðherra skipar þjóðminjaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, Félag íslenskra safnamanna einn, Háskóli Íslands einn, Bandalag kennarafélaga einn og einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þjóðminjavörður og safnstjóri Þjóðminjasafns ásamt einum fulltrúa tilnefndum af föstum starfsmönnum safnsins úr þeirra röðum eiga setu á fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Hlutverk þjóðminjaráðs er að vinna að mörkun stefnu og gera langtímaáætlun um starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og þjóðminjavörsluna í heild og hafa yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Ráðið er stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands og hefur umsjón með rekstri þess. Að öðru leyti sinnir ráðið þeim verkefnum sem því eru sérstaklega falin í lögum þessum.

Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu. Hann er forstöðumaður Þjóðminjasafns Íslands og framkvæmdastjóri þjóðminjaráðs. Forseti Íslands skipar þjóðminjavörð til fimm ára í senn að tillögu menntamálaráðherra sem leita skal umsagnar þjóðminjaráðs. Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu og reynslu af stjórnunarstörfum.

Birta skal árlega starfsskýrslu þjóðminjaráðs og Þjóðminjasafns Íslands.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Þriggja manna fornleifanefnd fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna og er Þjóðminjasafni Íslands til ráðgjafar um fornleifavörslu, fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir. Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fjögurra ára í senn og skulu a.m.k. tveir nefndarmanna hafa háskólapróf í fornleifafræði sem aðalgrein. Háskóli Íslands, þjóðminjaráð og Félag íslenskra fornleifafræðinga tilnefna einn fulltrúa hver aðili. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þjóðminjavörður, eða fulltrúi hans, situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Landinu skal skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðminjaráðs.

Á hverju minjasvæði skal starfa einn minjavörður. Hlutverk minjavarða er að hafa umsjón með menningarminjum og fornleifavörslu, skráningu og eftirliti forngripa og gamalla bygginga og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar. Minjaverðir skulu að öðru jöfnu hafa sérfræðilega menntun á sviði menningarsögu eða fornleifafræði.

Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu. Aðra minjaverði ræður þjóðminjavörður til fimm ára í senn samkvæmt tillögu þjóðminjaráðs. Þeir eru starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands. Heimilt er þó að fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði samkvæmt sérstökum starfssamningi.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð þjóðminjavörslu í landinu.

Við Þjóðminjasafn Íslands skal auk þjóðminjavarðar starfa safnstjóri sem stjórnar daglegri starfsemi safnsins undir yfirumsjón þjóðminjavarðar. Safnstjóri er staðgengill þjóðminjavarðar. Menntamálaráðherra ræður safnstjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og þjóðminjaráðs. Safnstjóri skal að öðru jöfnu hafa sérfræðilega menntun í menningarsögu, góða þekkingu á rekstri safna og reynslu af stjórnunarstörfum.

Heimilt er að skipta safninu í deildir með ákvæðum í reglugerð að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Deildir safnsins geta verið sjálfstæðar rekstrareiningar, haft stöðu sérstakra safna eða stofnana.

Þjóðminjavörður ræður deildarstjóra og aðra sérfræðinga safnsins með samþykki þjóðminjaráðs. Deildarstjórar skulu ráðnir til fimm ára í senn. Skulu þeir að öðru jöfnu hafa sérfræðimenntun á starfssviði sínu. Þjóðminjavörður annast ráðningu annarra starfsmanna Þjóðminjasafns.

5. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 7. gr. og hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjaráðs.

Þau söfn, sem uppfylla skilyrði þjóðminjaráðs, geta sótt um styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar.

Byggðasöfn geta verið sjálfseignarstofnanir eða í eigu sveitarfélaga, stofnana eða félagasamtaka. Setja skal hverju byggðasafni stofnskrá þar sem m.a. skal kveðið á um stjórn safnsins, eignaraðild að því, þátttöku ríkisins í kostnaði við það og ráðningu forstöðumanns. Ríkisstyrkur til byggðasafns er háður því að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt stofnskrá þess að fenginni tillögu þjóðminjaráðs.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um byggðasöfn að fenginni tillögu þjóðminjaráðs.

6. gr.

5. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær.

7. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Ekki má nota myndir af gripum safnanna sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi viðkomandi forstöðumanna.

8. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Á hverju minjasvæði, sbr. 4. gr., skal starfa minjaráð sem skipað er forstöðumönnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um og samhæfa starfsemi safnanna.

9. gr.

Lokamálsliður 16. gr. laganna orðast svo: Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 18. gr.

10. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.

11. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess og skal Þjóðminjasafn eiga samvinnu við skipulagsyfirvöld um það.

Þjóðminjasafn ákveður í samráði við fornleifanefnd hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Auðkenna skal friðlýstar fornleifar eða minjasvæði með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Þjóðminjasafn gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort.

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.

12. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af manna völdum. Þjóðminjasafn ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gerðar til verndar fornleifunum.

13. gr.

1. málsl. 20. gr. laganna orðast svo: Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er.

14. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

15. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands fer með yfirstjórn og annast eftirlit rannsókna á fornleifum í landinu. Þegar fornleifanefnd veitir leyfi til stað- og tímabundinna rannsókna, sbr. 3. gr., skal þess gætt að stjórnandi þeirra hafi tilskilda menntun í fornleifafræði. Skal leyfi vera skriflegt hverju sinni og sá sem slíkt leyfi fær hlíta þeim reglum sem fornleifanefnd setur þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra, og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina. Rannsóknir útlendinga skulu vera undir yfirumsjón Þjóðminjasafns. Beina skal til fornleifanefndar öllum rannsóknarbeiðnum útlendinga er varða fornleifar á einhvern hátt, þar á meðal þeim sem einnig er skylt að beina til Vísindaráðs samkvæmt lögum nr. 48/1987.

16. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með grefti eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

17. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Óheimil er öðrum en starfsmönnum Þjóðminjasafns Íslands notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar við leit að forngripum í jörðu nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar.

18. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Forngripir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar forngripir finnast, sem liggja eða legið hafa í jörðu, skal finnandi tilkynna Þjóðminjasafni Íslands fundinn svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki hagga við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætta á að munir spilltust eða færu forgörðum.

Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkömum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngripi sker þjóðminjaráð úr.

19. gr.

Við 2. mgr. 35. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

20. gr.

49. gr. laganna orðast svo:

Útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðast úr húsafriðunarsjóði.

21. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn ákvæðum 17. gr., 19.–22. gr., 24. gr., 1. mgr. 26. gr., 28. gr., 30. gr., 2. mgr. 36. gr., 39. gr., 42. gr. og 44. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

22. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Ráðið skal í allar stöður minjavarða, sbr. 4. gr., fyrir árslok 1997.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þjóðminjalögum, er samþykkt voru á Alþingi vorið 1989 (lög nr. 88/1989), er kveðið á um að lögin skuli endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra. Fljótlega þótti og koma í ljós að sum ákvæði hinna nýju laga gerðu þau torveld í framkvæmd. Einkum reyndist það stjórnkerfi sem lögin gerðu ráð fyrir nokkuð þunglamalegt og valdmörk óskýr í nokkrum tilvikum.

Í febrúar 1992 fól Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra Guðmundi Magnússyni sagnfræðingi, sem nokkru síðar var settur þjóðminjavörður, að hefja endurskoðun laganna með tilliti til þess að sníða af þeim þá agnúa sem komið höfðu í ljós og styrkja og einfalda yfirstjórn Þjóðminjasafnsins, byggðasafna og minjavörslu almennt. Fyrstu tillögur þjóðminjavarðar voru kynntar menntamálaráðuneytinu haustið 1992. Það var síðan sameiginleg niðurstaða hans og menntamálaráðherra að leita eftir samstöðu innan þjóðminjaráðs um æskilegar breytingar á þjóðminjalögum. Jafnframt átti þjóðminjavörður fundi með safnmönnum og sérfræðingum um minjavörslu og ræddi þjóðminjalögin. Haustið 1993 hélt þjóðminjaráð sex vinnufundi um þjóðminjalögin og komst að sameiginlegri niðurstöðu um tillögur. Þessar tillögur voru kynntar á félagsfundi í Félagi íslenskra safnamanna og á fundi með öllum starfsmönnum Þjóðminjasafns Íslands í október 1993 og sendar menntamálaráðuneytinu skömmu síðar. Frumvarp það sem hér liggur fyrir er að verulegu leyti byggt á umræddum tillögum en þó með nokkrum frávikum.

Breytingar þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, varða einkum I. kafla laganna, um stjórn og skipulag þjóðminjavörslu, svo og II. kafla, um Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn. Breytingar á öðrum köflum eru flestar minni háttar og sumt orðalagsbreytingar sem leiðir af hinum fyrri. Þjóðminjaráð telur hins vegar æskilegt, að á næstunni verði hlutast til um frekari endurskoðun þeirra kafla laganna sem fjalla um fornminjar og húsafriðun.

Helstu atriði þeirra breytinga, sem lúta að stjórnkerfi þjóðminjavörslunnar og ætlað er að gera það skýrara og skilvirkara, eru þessi:

I. Í gildandi lögum segir að þjóðminjaráð fari „með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu í umboði menntamálaráðuneytisins". Stjórnsýsluleg merking þessa ákvæðis þykir óljós. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kveðið verði skýrt á um að yfirstjórn þjóðminjavörslunnar sé í höndum menntamálaráðherra, en hlutverk þjóðminjaráðs að öðru leyti markað efnislega svipað og í gildandi lögum. Því er eftir sem áður ætlað að fást við stefnumörkun og áætlanagerð, hafa umsjón með fjárhagsframkvæmd og vera stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands. Með hliðstæðum hætti er leitast við að taka af tvímæli um stöðu þjóðminjavarðar.

II. Afnumin er sú tvískipting á stjórn þjóðminjavörslunnar sem gildandi lög gera ráð fyrir og felst í því að fornleifanefnd „fer með yfirstjórn fornleifavörslu og fornleifarannsókna í landinu í umboði þjóðminjaráðs". Samkvæmt frumvarpinu verður hlutverk fornleifanefndar að fjalla um leyfisveitingar vegna fornleifarannsókna eins og nú. Að öðru leyti er henni ætlað að annast faglega ráðgjöf en ekki stjórnsýslu.

III. Eins og í gildandi lögum er í frumvarpinu gert ráð fyrir að landinu verði skipt í minjasvæði. Hins vegar verði ekki lengur kveðið á um að á hverju minjasvæði starfi einn minjavörður og einn fornleifavörður, heldur verði þessi hlutverk sameinuð í starfi minjavarðar.

IV. Lagt er til að deildaskipting Þjóðminjasafns Íslands verði ekki bundin í lögum, heldur heimilt að ákveða hana í reglugerð. Af þessu leiðir m.a. að felld eru brott ákvæði sem lúta að núverandi sérstöðu fornleifadeildar, svo og stöðu fornminjavarðar sem stofnað var til með lögum nr. 43/1991.

V. Þjóðminjasafn Íslands fær aukið sjálfstæði um ráðningu starfsmanna, m.a. deildarstjóra og annarra sérfræðinga.

Aðrar helstu breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru sem hér segir:

1. Skipan þjóðminjaráðs breytist á þá lund að fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga kemur í stað fulltrúa samkvæmt tilnefningu deildarstjóra Þjóðminjasafns Íslands og minjavarða. Fellt er niður ákvæði um að sá fulltrúi sem ráðherra skipar án tilnefningar skuli vera fornleifafræðingur. Hins vegar er gert ráð fyrir að sá fulltrúi verði formaður þjóðminjaráðs, en í gildandi lögum segir að ráðherra skipi formann úr hópi ráðsmanna. Mælt er fyrir um skipun varamanna. Fulltrúa fastra starfsmanna Þjóðminjasafns er ætluð seta á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti ásamt þjóðminjaverði og safnstjóra. Skipunartími þjóðminjaráðs verður fjögur ár í stað fimm.
2. Fulltrúum í fornleifanefnd fækkar úr fimm í þrjá. Verða þeir tilnefndir af Háskóla Íslands, þjóðminjaráði og Félagi íslenskra fornleifafræðinga, en ráðherra skipar formann úr hópi þeirra. Samkvæmt gildandi lögum eru tilnefningaraðilar Háskóli Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga, en janframt sitja í nefndinni ráðherraskipaður fulltrúi í þjóðminjaráði, þjóðminjavörður og fornminjavörður. Hér er lagt til að þjóðminjavörður eða staðgengill hans sitji fundi fornleifanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Mælt er fyrir um skipun varamanna í nefndina. Skipunartími styttist úr fimm í fjögur ár.

3. Gert er ráð fyrir að fela megi forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði samkvæmt sérstökum starfssamningi. Þjóðminjaráði er ætlað að gera tillögur um skiptingu landsins í minjasvæði.
4. Ákvæði, sem lúta að reglum um byggðasöfn og forsendum ríkisstyrks til þeirra, eru gerð skýrari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vísað er til almennra athugasemda hér að framan um yfirstjórn þjóðminjavörslunnar og hlutverk þjóðminjaráðs. Lagt er til að orðið verði við ósk stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um að samtökin eigi fulltrúa í þjóðminjaráði. Er það talið verða til þess að styrkja samband Þjóðminjasafns Íslands og sveitarfélaganna og greiða fyrir úrlausn ýmissa mála er varða samskipti safnsins og sveitarfélaga. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur í stað fulltrúa sem tilnefndur hefur verið af deildarstjórum Þjóðminjasafns Íslands og minjavörðum, en á það skal bent að þjóðminjavörður og safnstjóri ásamt fulltrúa fastráðinna starfsmanna Þjóðminjasafns Íslands eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Staða þjóðminjavarðar er nokkuð styrkt, miðað við gildandi lög. Óbreytt er að þjóðminjavörður er framkvæmdastjóri þjóðminjaráðs, en í greininni er jafnframt áréttað að þjóðminjavörður er forstöðumaður allrar starfsemi Þjóðminjasafns Íslands. Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðherra leiti umsagnar þjóðminjaráðs áður en hann gerir tillögu til forseta Íslands um skipun í embættið.

Um aðrar breytingar vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að breyta hlutverki og skipan fornleifanefndar auk þess sem skipunartími nefndarinnar er styttur frá því sem nú er. Fornleifanefnd verði þriggja manna fagnefnd er veiti leyfi til rannsókna og sé til ráðuneytis um fornleifavörslu o.fl. en ekki stjórnarnefnd fornleifadeildar eins og nú er, en sú framkvæmd hefur reynst ýmsum vandkvæðum bundin. Tvískipting á stjórn þjóðminjavörslunnar er því afnumin. Að þessu leyti er verksvið nefndarinnar þrengt frá því sem nú er. Til þess að treysta sérfræðilegan grundvöll nefndarinnar er miðað við það að fagfélag fornleifafræðinga, Félag íslenskra fornleifafræðinga, tilnefni einn fulltrúa, þjóðminjaráð einn og Háskóli Íslands einn. Til þess að tryggja örugga framkvæmd ákvarðana nefndarinnar er gert ráð fyrir því að þjóðminjavörður eða staðgengill hans sitji fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að minjaverðir einir fari með sama hlutverk og minjaverðir og fornleifaverðir í gildandi lögum. Minjaverðir, aðrir en borgarminjavörður, verði ráðnir til fimm ára í senn af þjóðminjaverði samkvæmt tillögum þjóðminjaráðs, en vakin er þó athygli á heimild til þess að fela forstöðumönnum byggðasafna að gegna hlutverki minjavarðar á hverju svæði samkvæmt sérstökum samningi. Er í þeim tilvikum gert ráð fyrir því að um hlutastarf verði að ræða.

Um 4. gr.

Fellt er brott ákvæði um deildaskiptingu Þjóðminjasafnsins og gert ráð fyrir því að hún verði ákveðin með reglugerð að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Er það gert til þess að auka sveigjanleika í starfsemi safnsins. Eftir sem áður hefur þjóðminjavörður fullt svigrúm til að fela starfsmönnum einstakra deilda safnsins ný, tímabundin verkefni sem falla utan eða á milli starfssviða deilda eins og þau verða skilgreind í reglugerð.

Gert er ráð fyrir að þjóðminjaráð geti heimilað sjálfstæðan rekstur ýmissa deilda eftir því sem aðstæður leyfa. Þannig gætu deildir t.d. verið sérsöfn (tækniminjasafn, sjóminjasafn), „sjálfstæð fyrirtæki“ (myndadeild, forvörslustofa) eða stofnanir (örnefnastofnun, rannsóknastofnun í fornleifafræði eða þjóðháttafræði).

Gert er ráð fyrir því að deildastjórar verði ráðnir af þjóðminjaverði með samþykki þjóðminjaráðs en ekki ráðherra eins og nú er. Ráðning deildarstjóra verði bundin við fimm ár í senn. Einnig er gert ráð fyrir að aðrir sérfræðingar verði ráðnir með sama hætti, en þjóðminjavörður sér að öðru leyti um ráðningar starfsfólks.

Um 5. gr.

Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði á 6. gr. núgildandi þjóðminjalaga, er áréttaður sá skilningur að þau byggðasöfn ein, sem uppfylla skilyrði þjóðminjaráðs og sem fengið hafa staðfestingu menntamálaráðuneytisins á stofnskrá sinni, geta sótt um og fengið ríkisstyrk til starfsemi sinnar á grundvelli 13. gr. laganna. Jafnframt er girt fyrir þá túlkun að ráðuneytinu beri að setja reglugerð um hvert safn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir einni reglugerð um starfsemi allra byggðasafna í landinu.

Um 6. gr.

Hér er um smávægilega lagfæringu að ræða þar sem fellt er brott ákvæði um birtingu starfsskýrslu Þjóðminjasafns Íslands, enda kemur nú ákvæði um það í niðurlagi 2. gr.

Um 7. gr.

Nægilegt þykir að vísa hér til forstöðumanna safna. Orðalag í gildandi lögum skapar óvissu um það hver taki ákvörðun í þessu efni, ekki síst ef um ágreining er að ræða.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir því að í minjaráð veljist forstöðumenn byggðasafna, en ekki fulltrúar stjórna byggðasafna. Er þetta talið til þess fallið að styrkja starfsemi minjaráða.

Um 9. gr.

Í ljósi 10. gr. frumvarps þessa er hér aðeins um að ræða nauðsynlega leiðréttingu á tilvísun til viðeigandi lagagreinar.

Um 10. gr.

Efnislega er hér um 1. mgr. 18. gr. gildandi laga að ræða sem rökrétt þykir að fylgi í kjölfar 16. gr. þar sem er að finna skilgreiningu á fornleifum. Síðari málsgrein núverandi 18. gr. er felld brott þar sem kveðið er á um sömu efnisatriði í 21. gr. laganna.

Um 11., 12., 13., 14., 15. og 16. gr.

Hér er um orðalagsbreytingar að ræða sem leiðir af því að nöfn deilda Þjóðminjasafns verða ekki í lögunum. Í stað orðanna „fornleifadeild“, „fornleifasvið“, „fornleifavörður“ og „fornminjavörður“ kemur: Þjóðminjasafn Íslands. Samkvæmt 23. gr. laganna geta landeigendur og ábúendur ekki neitað Þjóðminjasafni um rétt til að rannsaka fornleifar eða gera ráðstafanir til verndar þeim. Eftir sem áður þarf Þjóðminjasafn að leita til fornleifanefndar um allar rannsóknir með grefti aðrar en skammtíma vettvangsathuganir.

Um 17. gr.

Hér koma orðin: starfsmönnum Þjóðminjasafns Íslands, í stað orðasambandsins „starfsmönnum þjóðminjavörslunnar“ sem hefur óljósa lagalega merkingu.

Um 18. gr.

Vísað er til athugasemda við 11.–16. gr. frumvarps þessa.

Um 19. gr.

Með hliðsjón af 32. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er sérstaklega tekið fram að skipa skuli varamenn í húsafriðunarnefnd.

Um 20. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði kostnað af starfsemi húsafriðunarnefndar. Eðlilegt er talið að þessi kostnaður greiðist úr húsafriðunarsjóði og hefur verið gert ráð fyrir því í fjárlögum síðan 1993. Hér er lagt til að þessi breytta skipan verði lögfest í þjóðminjalögum.

Um 21. gr.

Greinatilvísanir eru færðar til samræmis við breytta röð samkvæmt frumvarpinu.

Um 22. gr.

Í núgildandi ákvæði þjóðminjalaga til bráðabirgða segir að skipa skuli í allar stöður minjavarða innan fimm ára frá gildistöku laganna, þ.e. fyrir árslok 1994. Enn sem komið er hefur ekki verið veitt fé til þess að stofna stöður minjavarða og því þykir nauðsynlegt að framlengja þennan frest enn um sinn eða til ársloka 1997.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991.

Megintilgangur þessa frumvarps er að gera stjórnkerfi þjóðminjavörslunnar skýrara og skilvirkara en nú er. Í því skyni eru lagðar til breytingar á ákvæðum er varða þjóðminjaráð, stöðu þjóðminjavarðar, fornleifanefnd o.fl. Í fornleifanefnd er fulltrúum fækkað úr fimm í þrjá. Að mati fjármálaráðuneytis hefur þetta frumvarp óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Þó skal bent á þrjú ákvæði er snerta kostnað án þess að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs:

1. Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að minjaverðir taki yfir hlutverk fornleifavarða í gildandi lögum. Til þessa hafa hvorki minjaverðir né fornleifaverðir verið ráðnir til starfa þannig að með þessari breytingu er dregið úr fyrirsjáanlegum kostnaði. Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er kveðið á um að ráða skuli í allar stöður minjavarða fyrir árslok 1997, en í gildandi lögum er þessi frestur til ársloka 1994.
2. Í 5. gr. eru ákvæði um ríkisstyrki til byggðasafna gerð skýrari en er í núgildandi lögum. Bætt er við ákvæði sem segir að ríkisstyrkur til byggðasafns sé háður því að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt stofnskrá þess.
3. Í 20. gr. frumvarpsins er kveðið á um að útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar skuli greiðast úr húsafriðunarsjóði, en samkvæmt núgildandi lögum skulu þau greiðast úr ríkissjóði. Í reynd hafa útgjöld vegna húsafriðunarnefndar verið greidd úr húsafriðunarsjóði frá árinu 1993 og er lagt til að sú skipan verði lögfest.

734. Svar [441. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um ónýttar aflaheimildir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu miklar aflaheimildir eru enn ónýttar í tonnum talið og hlutfallslega í einstökum verstöðvum og kjördæmum nú 1. mars þegar fiskveiðiárið er hálfnað í eftirtöldum fisktegundum:*
   a. þorskur,
   b. ýsa,
   c. ufsi,
   d. karfi,
   e. grálúða,
   f. skarkoli?
2. *Hversu miklar aflaheimildir voru ónýttar á sama tíma í fyrra hlutfallslega og í tonnum talið, skipt niður eftir kjördæmum og verstöðvum?*

Í meðfylgjandi töflum er þær upplýsingar að finna sem spurt er um. Töflur þessar eru teknar saman af Fiskistofu úr gögnum um landaðan afla. Um er að ræða sex töflur, eina fyrir hverja tegund sem spurt er um. Að öðru leyti er uppbygging þeirra hin sama og skal gerð grein fyrir henni hér.

Í fyrsta dálki (Verstöð) er nafn verstöðvar. Í næstu sex dálkum eru upplýsingar um fiskveiðiárið 1992–1993 og fiskveiðiárið 1993–1994 í sex dálkum þar á eftir. Fyrir hvort fiskveiðiár er í fyrsta dálki (Varanlegt) úthlutun til skipa í viðkomandi verstöð í upphafi fiskveiðiárs, í öðrum dálki (Milli skipa) er flutningur milli skipa sem átti sér stað fyrir 1. mars ásamt úthlutun úr Hagræðingarsjóði, í þriðja dálki (Kvóti alls) er heildaraflamark hverrar verstöðvar 1. mars, þ.e. úthlutað aflamark að viðbættum breytingum vegna færslna á aflamarki milli skipa, úr Hagræðingarsjóði og frá sl. fiskveiðiári. Í fjórða dálki (Afli til kvóta) er það aflamagn sem dregið er frá aflamarki, í fimmta dálki (Staða) eru eftirstöðvar af aflamarki og í sjötta dálki sést hvert hlutfall óveidds aflamarks af heildaraflamarki var 1. mars.

Við skoðun þessara talna þarf að hafa nokkur atriði í huga:

— Miðað er við skráða heimahöfn skipa þegar aflamark var gefið út, þ.e. 1. september hvort fiskveiðiár. Enn fremur er rétt að vekja athygli á því að heimahöfn er ekki alltaf útgerðarstaður skips.

— Allar tölur miðast við slægðan fisk nema tölur um karfa. Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 1,25 en grálúðu og skarkola með 0,92.

— Ástæða er til að minna sérstaklega á að í dálknum Afli til kvóta er tekið tillit til ýmissa sérreglna, svo sem línuhelmingunar, álags vegna útflutnings og reglu um undirmálsfisk, sbr. 4., 5. og 6. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 274/1993 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1993/1994, og reglna um tegundatilfærslur og veiðar umfram úthlutað aflamark á hverju fiskveiðiári, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Auk þess er afli krókaleyfisbáta ekki talinn með hér. Því má alls ekki setja jafnaðarmerki milli þeirra talna sem birtar eru hér og raunverulegs afla upp úr sjó.

— Ástæða þess að niðurstöðutala úr dálkinum Milli skipa er ekki 0 er sú að millifærslur úr Hagræðingarsjóði eru teknar þar með. Á yfirstandandi fiskveiðiári var búið að úthluta öllum aflaheimildum úr Hagræðingarsjóði í janúar, en á síðasta fiskveiðiári hafði sjóðurinn selt nokkuð af heimildum sínum 1. mars, en aflaheimildum sjóðsins hafði ekki verið úthlutað að fullu fyrr en í júní 1993. Þetta skýrir hinn mikla mismun sem er á milli þessara tveggja ára.

— Enn er ekki lokið samanburði á skýrslum frá kaupendum og seljendum afla fiskveiðiárið 1992–1993 og því kunna tölur um aflamark sem færist á milli ára að breytast eitthvað.

Tafla I. Þorskur

Miðað við lestir. Strik (-) þýðir að um minna en 500 kg. er að ræða.

	Fiskveiðiárið 1.september 1992 til 31. ágúst 1993						Fiskveiðiárið 1.september 1993 til 31. ágúst 1994					
Verstöð	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Vestmannaeyjar	9.961	-216	11.344	3.571	7.773	69%	7.798	-211	8.262	3.142	5.120	62%
Vík í Mýrdal	5	-	5	-	5	100%	-	-	-	-	-	0%
Stokkseyri	970	-391	699	166	533	76%	484	-42	542	127	414	76%
Eyrarbakki	216	85	329	65	264	80%	155	91	278	86	191	69%
Selfoss	200	-	239	92	147	62%	149	-	169	120	49	29%
Þorlákshöfn	4.161	-109	4.879	981	3.899	80%	3.181	-665	2.975	833	2.143	72%
Grindavík	6.809	849	8.418	2.770	5.648	67%	5.482	793	6.804	2.878	3.925	58%
Sandgerði	1.929	-540	1.596	498	1.098	69%	1.655	-327	1.587	956	631	40%
Garður	1.581	400	2.156	806	1.350	63%	1.114	189	1.469	808	661	45%
Keflavík	3.741	201	4.202	2.794	1.408	34%	3.077	1.784	5.089	3.214	1.875	37%
Njarðvík	193	222	443	293	150	34%	197	193	400	342	59	15%
Vogar	664	457	1.266	480	786	62%	494	513	1.120	657	463	41%
Hafnarfjörður	5.182	-106	5.680	2.260	3.420	60%	3.395	829	4.755	2.876	1.879	40%
Garðabær	16	-15	4	-	4	100%	-	-	-	-	-	0%
Kópavogur	312	-115	244	80	164	67%	162	-69	86	63	22	26%
Seltjarnarnes	11	-8	3	-	3	98%	12	-11	1	1	-	-8%
Reykjavík	7.966	1.189	10.295	2.485	7.810	76%	5.619	-111	6.163	2.709	3.453	56%
Akranes	3.876	316	4.797	1.574	3.223	67%	3.059	199	3.600	1.652	1.949	54%
Borgarnes	-	-	-	-	-	100%	-	-	-	-	-	100%
Arnarstapi	59	48	117	28	89	76%	49	31	85	67	19	22%
Hellnar	60	-34	27	1	26	96%	19	-11	9	1	8	87%
Hellissandur	385	13	428	142	286	67%	315	27	366	287	79	22%
Rif	2.297	145	2.906	1.156	1.750	60%	1.745	100	2.053	850	1.203	59%
Ólafsvík	4.162	814	5.366	2.636	2.731	51%	3.155	557	3.960	2.048	1.912	48%
Grundarfjörður	2.714	-201	2.894	1.315	1.579	55%	2.296	232	2.757	1.546	1.212	44%
Stykkishólmur	1.679	6	1.951	497	1.455	75%	1.266	-37	1.422	311	1.111	78%
Flatey	4	-	4	-	4	100%	-	-	-	-	-	0%
Reykhólar	5	-4	2	-	2	100%	-	2	2	-	2	87%
Brjánslækur	102	-35	69	11	58	84%	76	-	83	-	83	100%
Patreksfjörður	2.374	-6	2.768	1.164	1.604	58%	1.722	292	2.185	1.517	668	31%
Tálknafjörður	1.484	-108	1.563	615	948	61%	1.034	51	1.112	810	302	27%
Bíldudalur	1.233	-61	1.365	381	984	72%	406	-39	400	164	236	59%
Þingeyri	2.564	-976	1.829	1.280	549	30%	1.411	-112	1.496	1.158	338	23%
Flateyri	1.191	226	1.453	961	492	34%	814	406	1.240	1.203	37	3%
Suðureyri	1.127	-963	420	254	166	40%	309	-29	301	175	127	42%
Bolungarvík	2.723	5	3.113	1.613	1.500	48%	1.933	122	2.402	1.410	992	41%
Ísafjörður	7.226	288	9.261	4.589	4.672	50%	5.723	482	7.198	5.026	2.173	30%
Súðavík	1.610	319	2.037	1.225	812	40%	1.453	13	1.550	1.224	326	21%
Djúpavík	34	-7	31	10	22	69%	25	-3	29	-	29	100%
Drangsnes	262	-49	255	109	146	57%	103	-18	107	65	41	39%
Hólmavík	1.359	-14	1.619	402	1.217	75%	1.019	77	1.150	551	600	52%
Hvammstangi	190	-129	85	10	74	88%	115	-96	25	4	22	85%
Blönduós	431	-345	185	27	159	86%	298	-212	123	23	101	82%
Skagaströnd	3.119	1.315	5.269	1.383	3.887	74%	2.530	1.419	3.977	2.972	1.005	25%
Sauðárkrókur	2.501	-262	2.277	702	1.575	69%	2.233	-764	1.437	642	794	55%
Hofsós	169	14	203	100	103	51%	118	36	183	106	77	42%
Siglufjörður	3.596	-416	3.844	1.793	2.051	53%	2.515	236	2.833	338	2.495	88%
Ólafsfjörður	4.565	450	5.806	2.266	3.541	61%	3.437	532	4.136	2.532	1.605	39%
Grímsey	541	6	649	290	359	55%	396	57	539	282	257	48%
Hrísey	1.400	267	1.987	603	1.384	70%	858	-231	720	483	238	33%
Dalvík	4.182	-334	4.330	2.514	1.816	42%	2.702	180	3.018	1.676	1.342	44%
Árskógssandur	154	-40	154	100	54	35%	679	-53	668	246	423	63%
Arskógsströnd	672	-11	796	306	491	0%	-	-	-	-	-	0%
Hauganes	445	-48	490	76	414	85%	332	-9	365	27	338	93%
Hjalteyri	7	-	8	1	6	81%	5	-	7	2	5	70%
Akureyri	10.712	464	12.625	5.097	7.529	60%	8.074	-253	8.148	5.329	2.819	35%
Svalbarðsströnd	8	-	10	-	10	100%	6	1	8	-	8	100%
Grenivík	1.240	-74	1.444	574	870	60%	870	441	1.413	729	684	48%
Húsavík	2.909	-372	3.146	624	2.522	80%	2.096	-601	1.879	1.063	816	43%

Verstöð	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Kópasker	55	-4	53	-	53	100%	27	-13	16	1	14	91%
Raufarhöfn	1.637	23	1.934	608	1.326	69%	1.141	383	1.622	810	812	50%
Þórshöfn	1.245	-118	1.221	569	652	53%	935	-374	735	129	607	82%
Bakkafjörður	512	-53	564	25	538	96%	367	-14	434	108	326	75%
Vopnafjörður	1.612	49	1.921	828	1.094	57%	1.205	-102	1.151	642	509	44%
Borgarfjörður Ey.	260	-46	274	47	227	83%	177	11	225	59	166	74%
Seyðisfjörður	2.202	-1.032	1.551	383	1.168	75%	1.478	-535	924	416	509	55%
Mjóifjörður	59	1	76	12	64	85%	44	-19	31	8	24	76%
Neskaupstaður	3.588	-10	3.790	1.981	1.809	48%	2.718	-291	2.567	1.115	1.452	57%
Eskifjörður	2.052	-210	2.296	691	1.605	70%	1.529	-30	1.589	804	785	49%
Reyðarfjörður	727	-	727	481	246	34%	530	140	668	369	299	45%
Fáskrúðsfjörður	2.251	5	2.531	1.452	1.079	43%	1.670	26	1.819	1.003	815	45%
Stöðvarfjörður	993	-64	1.176	744	432	37%	571	129	698	222	476	68%
Breiðdalsvík	559	163	726	187	539	74%	659	42	706	362	344	49%
Djúpivogur	1.227	27	1.518	676	842	55%	921	-27	1.051	214	837	80%
Hornafjörður	5.070	893	6.891	2.421	4.471	65%	4.581	-138	4.647	1.637	3.010	65%
Samtals	143.337	1.731	166.632	64.869	101.763	61%	106.724	5.169	121.569	63.224	58.344	48%

Landshlutar	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Suðurland	15.513	-632	17.495	4.875	12.620	72%	11.767	-827	12.226	4.308	7.917	65%
Reykjanes	20.439	1.344	24.011	9.981	14.030	58%	15.588	3.894	21.311	11.796	9.516	45%
Reykjavík	7.966	1.189	10.295	2.485	7.810	76%	5.619	-111	6.163	2.709	3.453	56%
Vesturland	15.242	1.103	18.492	7.348	11.144	60%	11.904	1.100	14.254	6.759	7.495	53%
Vestfirðir	23.290	-1.381	25.783	12.613	13.170	51%	16.029	1.242	19.252	13.301	5.951	31%
Norðurland v.	10.005	177	11.863	4.015	7.848	66%	7.810	619	8.578	4.085	4.493	52%
Norðurland ey.	29.771	209	34.652	13.627	21.026	61%	21.557	60	23.275	13.308	9.966	43%
Austfirðir	21.112	-278	24.041	9.926	14.115	59%	16.450	-808	16.510	6.957	9.552	58%
Samtals	143.337	1.731	166.632	64.869	101.763	61%	106.724	5.169	121.569	63.224	58.344	48%

Tafla II. Ýsa

Miðað við lestir. Strik (-) þýðir að um minna en 500 kg. er að ræða.

	Fiskveiðiárið 1.september 1992 til 31. ágúst 1993						Fiskveiðiárið 1.september 1993 til 31. ágúst 1994					
Verstöð	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Vestmannaeyjar	8.217	193	9.559	1.505	8.054	84%	8.287	533	10.389	1.100	9.289	89%
Vík í Mýrdal	-	-	-	-	-	100%	-	-	-	-	-	0%
Stokkseyri	838	-617	333	36	297	89%	273	-48	279	47	232	83%
Eyrarbakki	105	-7	111	31	79	72%	101	4	124	35	89	72%
Selfoss	368	-10	406	129	277	68%	369	-	421	124	297	71%
Þorlákshöfn	1.325	283	1.796	321	1.475	82%	1.587	-374	1.502	198	1.304	87%
Grindavík	2.226	55	2.459	671	1.788	73%	2.373	275	3.096	509	2.587	84%
Sandgerði	1.188	-115	1.126	122	1.004	89%	1.548	-286	1.561	270	1.291	83%
Garður	677	10	758	79	678	90%	619	55	768	154	614	80%
Keflavík	1.240	91	1.437	428	1.009	70%	1.396	311	1.958	472	1.486	76%
Njarðvík	120	29	163	50	112	69%	131	4	160	44	116	73%
Vogar	367	132	539	153	386	72%	368	107	529	132	397	75%
Hafnarfjörður	2.193	-64	2.425	677	1.748	72%	1.730	134	2.195	458	1.738	79%
Garðabær	-	-	-	-	-	100%	-	-	-	-	-	0%
Kópavogur	109	-43	82	24	58	70%	74	11	100	14	87	86%
Seltjarnarnes	1	-	1	-	1	79%	2	1	4	2	2	45%
Reykjavík	3.051	-93	3.289	734	2.556	78%	2.921	273	3.753	547	3.206	85%
Akranes	1.680	-140	1.770	399	1.371	77%	1.662	20	1.973	370	1.603	81%
Arnarstapi	4	3	7	9	-2	-27%	7	-	8	4	4	49%
Hellnar	22	-3	21	-	21	100%	-	-	-	-	-	100%
Hellissandur	106	31	152	42	109	72%	123	-6	140	40	100	72%
Rif	446	9	498	170	328	66%	550	51	703	144	559	80%
Ólafsvík	855	19	936	168	767	82%	806	30	989	101	888	90%
Grundarfjörður	1.130	-246	1.008	255	753	75%	1.011	72	1.285	262	1.023	80%
Stykkishólmur	246	103	369	50	319	86%	255	-	306	20	286	93%
Flatey	1	-	2	-	2	100%	-	-	-	-	-	100%
Brjánslækur	12	-3	10	-	10	100%	12	-	14	-	14	100%
Patreksfjörður	379	-7	424	234	190	45%	386	112	571	256	315	55%
Tálknafjörður	214	-	221	113	108	49%	194	21	233	69	164	70%
Bíldudalur	251	-24	255	86	169	66%	93	56	167	31	136	81%
Þingeyri	659	-38	715	104	611	85%	552	-37	622	133	489	79%
Flateyri	309	10	325	175	150	46%	318	119	474	257	218	46%
Suðureyri	253	-212	80	30	49	62%	59	3	73	30	42	58%
Bolungarvík	684	5	761	312	450	59%	684	32	845	309	537	63%
Ísafjörður	1.659	46	1.949	564	1.385	71%	1.734	126	2.182	730	1.452	67%
Súðavík	420	131	599	135	464	77%	513	19	634	137	497	78%
Djúpavík	5	-5	1	-	1	86%	5	-1	4	-	4	100%
Drangsnes	30	-	33	23	10	30%	12	3	17	3	14	81%
Hólmavík	202	4	237	18	219	92%	206	31	277	66	211	76%
Hvammstangi	18	-5	15	-	15	100%	12	-3	11	-	11	100%
Blönduós	171	-39	161	-	160	100%	163	-160	34	3	31	92%
Skagaströnd	1.004	366	1.529	274	1.255	82%	1.251	37	1.538	294	1.244	81%
Sauðárkrókur	600	-102	557	86	471	85%	698	87	923	169	753	82%
Hofsós	6	1	7	3	5	65%	6	12	18	2	17	91%
Siglufjörður	807	-156	748	95	653	87%	658	49	838	12	826	99%
Ólafsfjörður	1.024	24	1.186	337	849	72%	1.044	11	1.244	231	1.013	81%
Grímsey	30	-4	28	18	11	38%	30	25	60	27	33	55%
Hrísey	406	102	552	41	512	93%	348	-46	350	59	291	83%
Dalvík	861	2	946	610	336	35%	924	-237	871	303	568	65%
Árskógssandur	11	2	13	3	10	75%	98	-4	112	14	98	88%
Arskógsströnd	119	-5	134	29	105	78%	-	-	-	-	-	0%
Hauganes	67	-47	25	5	20	80%	67	5	82	20	62	76%
Hjalteyri	-	-	-	-	-	100%	-	2	2	1	1	43%
Akureyri	2.867	28	3.046	771	2.275	75%	2.934	897	4.408	1.241	3.167	72%
Svalbarðsströnd	-	-	-	-	-	100%	-	-	-	-	-	100%
Grenivík	428	-5	488	51	437	89%	416	-34	466	42	424	91%
Húsavík	590	43	713	58	655	92%	583	20	721	68	653	91%
Kópasker	2	-	2	-	2	100%	1	-1	-	-	-	100%
Raufarhöfn	303	36	378	38	340	90%	287	31	375	34	341	91%
Þórshöfn	184	-4	210	35	176	84%	184	-86	135	10	125	93%

Verstöð	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Bakkafjörður	65	-	72	4	68	94%	62	-5	70	9	61	87%
Vopnafjörður	500	50	626	78	549	88%	504	-15	588	37	551	94%
Borgarfjörður Ey.	42	14	61	22	40	65%	48	6	62	27	36	57%
Seyðisfjörður	558	45	684	88	596	87%	499	-157	428	122	306	72%
Mjóifjörður	5	-	6	-	6	100%	5	1	8	-	8	100%
Neskaupstaður	1.007	-71	1.026	191	835	81%	1.025	93	1.320	160	1.159	88%
Eskifjörður	601	-1	690	113	577	84%	601	28	745	74	671	90%
Reyðarfjörður	194	-1	204	61	142	70%	192	21	251	38	213	85%
Fáskrúðsfjörður	1.010	33	1.197	280	917	77%	1.019	44	1.257	245	1.012	81%
Stöðvarfjörður	544	16	607	139	468	77%	422	15	522	70	452	87%
Breiðdalsvík	453	-6	500	89	411	82%	597	-16	699	143	556	80%
Djúpivogur	396	1	438	121	318	72%	397	24	500	49	451	90%
Hornafjörður	1.921	465	2.585	915	1.670	65%	2.397	-112	2.759	495	2.264	82%
Samtals	48.388	310	54.298	12.405	41.894	77%	48.434	2.180	59.755	11.063	48.692	81%

Landshlutar	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Suðurland	10.855	-158	12.206	2.022	10.183	83%	10.617	114	12.715	1.504	11.211	88%
Reykjanes	8.122	96	8.991	2.206	6.785	75%	8.241	612	10.373	2.054	8.318	80%
Reykjavík	3.051	-93	3.289	734	2.556	78%	2.921	273	3.753	547	3.206	85%
Vesturland	4.490	-224	4.763	1.093	3.669	77%	4.415	168	5.405	941	4.464	83%
Vestfirðir	5.076	-91	5.611	1.796	3.816	68%	4.768	482	6.113	2.021	4.092	67%
Norðurland v.	2.606	64	3.017	457	2.560	85%	2.786	22	3.362	479	2.883	86%
Norðurland ey.	6.892	172	7.724	1.996	5.728	74%	6.918	582	8.827	2.050	6.777	77%
Austfirðir	7.296	544	8.697	2.101	6.597	76%	7.767	-73	9.208	1.468	7.741	84%
Samtals	48.388	310	54.298	12.405	41.894	77%	48.434	2.180	59.755	11.063	48.692	81%

Tafla III. Ufsi

Miðað við lestir. Strik (-) þýðir að um minna en 500 kg. er að ræða.

	Fiskveiðiárið 1.september 1992 til 31. ágúst 1993						Fiskveiðiárið 1.september 1993 til 31. ágúst 1994					
Verstöð	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Vestmannaeyjar	10.991	595	12.228	4.591	7.637	62%	10.302	1.135	13.301	3.467	9.834	74%
Vík í Mýrdal	16	1	16	-	16	100%	-	-	-	-	-	0%
Stokkseyri	676	-363	314	268	46	15%	259	2	305	240	65	21%
Eyrarbakki	206	8	247	29	218	88%	189	241	470	132	339	72%
Selfoss	122	6	133	77	56	42%	112	2	116	8	108	93%
Þorlákshöfn	4.430	-118	4.480	711	3.769	84%	4.179	-1.252	3.697	982	2.715	73%
Grindavík	4.767	336	5.197	2.613	2.584	50%	4.606	202	5.670	2.128	3.542	62%
Sandgerði	1.495	-108	1.394	311	1.083	78%	1.548	-453	1.411	188	1.223	87%
Garður	215	190	409	46	363	89%	261	473	770	404	366	48%
Keflavík	1.908	8	1.983	578	1.405	71%	1.985	1.167	3.446	1.322	2.124	62%
Njarðvík	248	-225	24	3	21	87%	231	-223	51	10	41	80%
Vogar	430	64	530	358	172	32%	402	126	602	395	207	34%
Hafnarfjörður	2.824	357	3.175	777	2.398	76%	2.156	482	3.063	782	2.281	74%
Garðabær	20	-8	11	-	11	100%	-	-	-	-	-	0%
Kópavogur	48	-22	30	-	29	99%	22	2	24	-	24	99%
Seltjarnarnes	2	-	2	-	2	100%	6	-1	5	-	5	100%
Reykjavík	8.517	139	8.743	2.612	6.131	70%	7.588	-133	9.010	866	8.144	90%
Akranes	2.428	-83	2.393	1.772	621	26%	2.235	16	2.624	833	1.791	68%
Arnarstapi	-	-	-	-	-	-13%	-	2	2	1	2	67%
Hellnar	1	-	1	-	1	98%	-	-	-	-	-	100%
Hellissandur	5	-	5	4	1	24%	8	7	16	10	6	37%
Rif	491	4	502	6	496	99%	616	20	762	19	743	97%
Ólafsvík	827	-115	726	445	282	39%	703	107	950	147	803	85%
Grundarfjörður	1.908	-336	1.623	787	836	52%	1.625	40	1.965	764	1.201	61%
Stykkishólmur	184	114	304	4	300	99%	168	86	286	1	285	100%
Flatey	-	-	-	-	-	100%	-	-	-	-	-	0%
Brjánslækur	3	-1	2	-	2	100%	3	-	3	-	3	100%
Patreksfjörður	360	-115	270	6	264	98%	293	-59	290	3	287	99%
Tálknafjörður	215	-	216	36	180	83%	197	39	274	20	254	93%
Bíldudalur	430	-	430	55	375	87%	30	5	35	4	31	88%
Þingeyri	802	-178	617	254	363	59%	583	60	663	89	574	87%
Flateyri	491	-	486	114	372	77%	449	-173	323	70	254	78%
Suðureyri	226	-245	2	-	2	93%	1	10	12	-	12	99%
Bolungarvík	650	7	661	59	602	91%	595	43	761	90	670	88%
Ísafjörður	1.726	129	1.989	495	1.495	75%	1.723	48	2.114	455	1.659	78%
Súðavík	396	112	508	174	334	66%	464	-74	442	62	380	86%
Djúpavík	2	-2	-	-	-	0%	2	2	4	-	4	100%
Drangsnes	9	-	9	4	5	53%	9	17	26	6	20	77%
Hólmavík	197	-1	197	47	150	76%	180	29	241	48	193	80%
Hvammstangi	10	-3	7	-	7	100%	8	7	16	-	16	100%
Blönduós	289	-48	253	-	253	100%	264	-297	24	-	23	100%
Skagaströnd	611	669	1.371	237	1.134	83%	961	84	1.214	45	1.169	96%
Sauðárkrókur	900	-277	608	322	286	47%	1.100	-14	1.272	324	949	75%
Hofsós	4	-	5	1	4	84%	4	6	11	2	9	82%
Siglufjörður	1.275	-244	1.016	351	665	65%	1.049	152	1.363	4	1.359	100%
Ólafsfjörður	1.430	375	1.850	430	1.421	77%	1.316	168	1.759	237	1.522	87%
Grímsey	175	-66	132	12	119	91%	160	18	210	85	125	59%
Hrísey	436	148	592	149	444	75%	334	-74	331	22	309	93%
Dalvík	1.080	-229	852	495	357	42%	969	-345	740	501	239	32%
Árskógssandur	63	23	87	-	87	100%	337	65	472	418	54	11%
Arskógsströnd	306	53	359	278	82	23%	-	-	-	-	-	0%
Hauganes	216	-	228	-	228	100%	198	-64	172	-	172	100%
Hjalteyri	1	-	1	-	1	100%	-	-	-	-	-	100%
Akureyri	4.057	-65	3.977	1.251	2.727	69%	3.797	970	5.588	1.075	4.512	81%
Svalbarðsströnd	-	-	-	-	-	100%	-	-	-	-	-	100%
Grenivík	295	-8	308	110	198	64%	264	22	343	90	253	74%
Húsavík	690	9	722	225	497	69%	634	38	805	283	522	65%
Kópasker	2	-	2	-	2	100%	1	-	1	-	1	99%
Raufarhöfn	435	-	444	251	193	44%	383	46	485	62	423	87%
Þórshöfn	370	18	391	233	158	40%	346	16	436	175	262	60%

Verstöð	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Bakkafjörður	39	-	43	1	43	99%	35	86	129	113	16	12%
Vopnafjörður	414	-	410	139	271	66%	381	66	458	164	294	64%
Borgarfjörður Ey.	6	-	6	-	6	100%	13	3	18	2	16	89%
Seyðisfjörður	545	-	574	183	391	68%	500	-139	424	189	236	55%
Mjóifjörður	4	-	4	-	4	97%	4	2	6	-	6	100%
Neskaupstaður	1.963	-138	1.821	695	1.126	62%	1.804	-21	2.171	325	1.847	85%
Eskifjörður	946	-37	928	495	433	47%	869	3	1.061	272	790	74%
Reyðarfjörður	440	-1	439	378	61	14%	403	19	510	22	488	96%
Fáskrúðsfjörður	1.231	-130	1.102	386	716	65%	1.120	48	1.287	253	1.034	80%
Stöðvarfjörður	494	-2	512	170	342	67%	428	8	474	146	328	69%
Breiðdalsvík	403	14	417	112	305	73%	395	15	495	67	428	86%
Djúpivogur	547	-17	568	198	369	65%	503	40	638	148	491	77%
Hornafjörður	2.486	306	2.850	878	1.972	69%	2.393	-94	2.762	888	1.874	68%
Samtals	70.426	503	72.739	25.213	47.525	65%	64.698	2.828	79.410	19.454	59.956	76%

Landshlutar	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Suðurland	16.441	130	17.418	5.675	11.743	67%	15.041	128	17.889	4.828	13.060	73%
Reykjanes	11.957	592	12.755	4.687	8.068	63%	11.216	1.774	15.043	5.228	9.814	65%
Reykjavík	8.517	139	8.743	2.612	6.131	70%	7.588	-133	9.010	866	8.144	90%
Vesturland	5.845	-416	5.554	3.017	2.537	46%	5.356	278	6.606	1.775	4.831	73%
Vestfirðir	5.505	-294	5.388	1.243	4.144	77%	4.529	-52	5.188	847	4.341	84%
Norðurland v.	3.090	98	3.260	910	2.350	72%	3.385	-62	3.899	375	3.524	90%
Norðurland ey.	9.555	258	9.948	3.434	6.514	65%	8.738	860	11.342	2.948	8.394	74%
Austfirðir	9.515	-4	9.673	3.635	6.038	62%	8.845	35	10.434	2.587	7.847	75%
Samtals	70.426	503	72.739	25.213	47.525	65%	64.698	2.828	79.410	19.454	59.956	76%

Tafla IV. Karfi

Miðað við lestir. Strik (-) þýðir að um minna en 500 kg. er að ræða.

	Fiskveiðiárið 1.september 1992 til 31. ágúst 1993						Fiskveiðiárið 1.september 1993 til 31. ágúst 1994					
Verstöð	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Vestmannaeyjar	5.656	2.239	8.247	5.445	2.802	34%	5.284	1.712	7.714	3.736	3.978	52%
Vík í Mýrdal	-	-	-	-	-	100%	-	-	-	-	-	0%
Stokkseyri	67	-31	38	51	-13	-33%	28	-14	15	15	-1	-6%
Eyrarbakki	24	-	25	2	23	93%	21	18	44	3	41	93%
Selfoss	68	23	94	94	-	0%	58	2	57	11	46	80%
Þorlákshöfn	3.143	-230	2.947	1.407	1.540	52%	2.588	-854	2.233	849	1.384	62%
Grindavík	2.578	25	2.607	1.439	1.168	45%	2.287	-462	1.884	456	1.429	76%
Sandgerði	3.223	564	3.833	2.357	1.476	39%	3.025	181	3.653	1.551	2.101	58%
Garður	90	242	341	27	313	92%	56	22	80	31	49	61%
Keflavík	2.636	3	2.629	1.963	666	25%	2.308	70	2.382	1.311	1.071	45%
Njarðvík	288	-280	8	2	5	70%	248	-199	48	2	46	95%
Vogar	513	113	708	336	372	53%	441	92	565	171	394	70%
Hafnarfjörður	7.295	-35	7.403	7.082	320	4%	6.150	-62	6.949	3.840	3.109	45%
Garðabær	-	-	-	-	-	100%	-	-	-	-	-	0%
Kópavogur	79	-91	3	-	2	89%	2	2	5	1	4	74%
Seltjarnarnes	-	-	-	-	-	0%	1	-1	-	-	-	100%
Reykjavík	21.784	783	23.169	12.646	10.523	45%	18.532	1.166	21.763	9.589	12.175	56%
Akranes	7.788	-	7.819	4.173	3.645	47%	6.701	-217	7.252	3.351	3.901	54%
Arnarstapi	-	-	1	-	-	71%	-	3	3	-	3	100%
Hellnar	1	-1	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	100%
Hellissandur	-	-	-	2	-1	-552%	-	13	13	10	4	28%
Rif	74	1	87	9	78	90%	108	27	140	14	126	90%
Ólafsvík	1.107	31	1.163	671	492	42%	936	70	1.004	216	788	78%
Grundarfjörður	2.644	-355	2.432	1.008	1.424	59%	2.219	151	2.548	983	1.566	61%
Stykkishólmur	37	9	46	3	43	94%	32	41	74	9	65	88%
Brjánslækur	10	-1	8	-	8	100%	8	-	9	-	9	100%
Patreksfjörður	199	-110	89	7	83	93%	146	3	155	4	151	97%
Tálknafjörður	721	-	723	276	447	62%	619	52	767	14	752	98%
Bíldudalur	607	-	633	386	247	39%	57	55	113	-	112	100%
Þingeyri	1.128	-11	1.113	297	816	73%	961	275	1.452	337	1.116	77%
Flateyri	549	-213	336	190	145	43%	472	20	478	284	194	41%
Suðureyri	503	-539	3	1	2	77%	1	14	15	-	15	98%
Bolungarvík	947	-113	886	186	700	79%	815	-11	940	21	918	98%
Ísafjörður	2.488	387	2.970	1.370	1.600	54%	2.375	202	2.844	1.116	1.728	61%
Súðavík	476	288	778	180	598	77%	618	40	717	68	649	91%
Djúpavík	-	-	-	-	-	100%	-	5	5	-	5	100%
Drangsnes	3	-	3	7	-4	-116%	-	18	19	1	18	97%
Hólmavík	322	-	358	104	254	71%	277	59	337	21	316	94%
Hvammstangi	1	-	1	-	1	100%	1	12	13	-	13	100%
Blönduós	59	-20	45	1	43	97%	51	-32	28	1	26	96%
Skagaströnd	1.056	659	1.908	112	1.796	94%	1.294	247	1.553	31	1.523	98%
Sauðárkrókur	4.259	-1.610	2.632	1.091	1.541	59%	3.674	-364	3.383	924	2.459	73%
Hofsós	4	-	4	-	4	100%	3	3	7	-	7	99%
Siglufjörður	1.995	-1.153	1.008	179	829	82%	1.579	-724	1.003	5	998	99%
Ólafsfjörður	2.924	294	3.331	1.596	1.735	52%	2.517	110	2.818	1.012	1.806	64%
Grímsey	4	-	4	2	3	61%	3	22	26	2	24	93%
Hrísey	101	8	125	17	108	87%	73	-41	47	15	32	68%
Dalvík	1.531	-333	1.238	402	836	68%	1.206	205	1.468	249	1.219	83%
Árskógssandur	4	2	6	1	5	85%	27	27	56	6	50	89%
Arskógsströnd	33	-6	32	4	28	87%	-	-	-	-	-	0%
Hauganes	28	-10	21	1	20	97%	24	18	42	1	41	98%
Hjalteyri	-	-	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	100%
Akureyri	13.533	288	14.520	4.370	10.150	70%	11.661	2.055	14.984	6.107	8.877	59%
Svalbarðsströnd	-	-	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	100%
Grenivík	93	-1	105	25	81	77%	80	27	107	29	78	73%
Húsavík	338	10	400	144	256	64%	288	24	373	129	244	66%
Kópasker	2	-	3	-	3	100%	1	-1	1	-	1	99%
Raufarhöfn	220	-30	194	16	178	92%	187	62	254	57	197	78%
Þórshöfn	443	-9	456	41	415	91%	381	-31	439	2	436	99%
Bakkafjörður	3	-	4	-	4	100%	2	4	6	-	6	99%

Verstöð	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Vopnafjörður	414	100	520	136	384	74%	356	59	414	205	209	51%
Borgarfjörður Ey.	-	-	-	-	-	100%	-	5	5	-	5	98%
Seyðisfjörður	987	400	1.396	1.380	16	1%	849	54	888	447	441	50%
Mjóifjörður	1	-	1	-	1	100%	-	3	4	-	4	100%
Neskaupstaður	957	171	1.123	906	217	19%	823	71	910	57	853	94%
Eskifjörður	1.064	-99	965	538	427	44%	916	66	1.094	221	873	80%
Reyðarfjörður	579	-	579	531	48	8%	498	26	523	65	458	88%
Fáskrúðsfjörður	614	-	615	185	430	70%	529	63	598	305	293	49%
Stöðvarfjörður	239	-13	268	49	220	82%	192	30	257	113	143	56%
Breiðdalsvík	151	13	164	40	123	75%	143	20	162	42	120	74%
Djúpivogur	365	-110	255	70	185	72%	314	142	456	253	203	45%
Hornafjörður	1.352	-82	1.323	741	583	44%	1.326	-919	419	269	150	36%
Samtals	100.402	1.167	104.746	54.297	50.449	48%	86.378	3.738	98.610	38.560	60.049	61%

Landshlutar	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Suðurland	8.957	2.002	11.351	6.998	4.354	38%	7.979	864	10.062	4.615	5.446	54%
Reykjanes	16.702	541	17.531	13.206	4.324	25%	14.518	-355	15.565	7.362	8.202	53%
Reykjavík	21.784	783	23.169	12.646	10.523	45%	18.532	1.166	21.763	9.589	12.175	56%
Vesturland	11.651	-314	11.547	5.866	5.681	49%	9.997	88	11.035	4.582	6.453	58%
Vestfirðir	7.952	-313	7.902	3.004	4.898	62%	6.351	733	7.850	1.866	5.984	76%
Norðurland v.	7.374	-2.124	5.597	1.384	4.214	75%	6.601	-857	5.987	961	5.026	84%
Norðurland ey.	19.254	213	20.436	6.617	13.818	68%	16.448	2.476	20.614	7.609	13.005	63%
Austfirðir	6.726	380	7.212	4.576	2.636	37%	5.951	-377	5.734	1.976	3.758	66%
Samtals	100.402	1.167	104.746	54.297	50.449	48%	86.378	3.738	98.610	38.560	60.049	61%

Tafla V. Grálúða

Miðað við lestir. Strik (-) þýðir að um minna en 500 kg. er að ræða.

	Fiskveiðiárið 1.september 1992 til 31. ágúst 1993						Fiskveiðiárið 1.september 1993 til 31. ágúst 1994					
Verstöð	Varanlegt	Millí skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Millí skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Vestmannaeyjar	415	-174	273	69	204	75%	440	91	559	95	464	83%
Stokkseyri	3	8	11	5	6	55%	3	2	5	2	3	58%
Eyrarbakki	4	-	4	-	4	100%	-	1	1	-	1	100%
Þorlákshöfn	367	-112	299	36	263	88%	366	-3	437	15	422	97%
Grindavík	433	20	499	196	303	61%	443	331	808	121	687	85%
Sandgerði	443	-	445	19	426	96%	445	-150	384	7	376	98%
Garður	-	5	5	-	5	100%	-	11	11	-	11	97%
Keflavík	165	-90	75	2	73	97%	165	-5	169	3	166	98%
Njarðvík	2	-	2	-	2	99%	2	-	2	1	1	27%
Vogar	2	-	2	-	2	100%	2	7	9	-	9	100%
Hafnarfjörður	1.408	11	1.423	260	1.163	82%	1.405	71	1.609	650	960	60%
Kópavogur	2	-	2	-	2	100%	2	1	2	1	2	70%
Seltjarnarnes	-	-	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	100%
Reykjavík	2.304	369	2.791	885	1.906	68%	2.266	1.051	3.361	313	3.048	91%
Akranes	1.101	-209	906	296	610	67%	1.097	-103	1.108	459	649	59%
Arnarstapi	-	-	-	-	-	0%	-	1	1	-	1	100%
Hellnar	-	-	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	100%
Hellissandur	-	-	-	-	-	0%	-	4	4	-	4	100%
Rif	7	-	7	1	6	88%	8	180	188	176	12	6%
Ólafsvík	297	-12	287	6	281	98%	295	77	372	2	370	99%
Grundarfjörður	277	-8	288	80	208	72%	503	14	520	5	515	99%
Stykkishólmur	-	-	-	-	-	0%	-	11	11	1	10	95%
Brjánslækur	2	-	1	-	1	100%	2	-	2	-	2	100%
Patreksfjörður	92	-3	92	1	91	99%	92	8	116	-	116	100%
Tálknafjörður	317	-50	301	156	145	48%	314	2	315	3	312	99%
Bíldudalur	337	-300	52	32	20	38%	84	-66	33	-	33	100%
Þingeyri	720	-	763	125	638	84%	717	-187	604	29	575	95%
Flateyri	450	-200	246	36	210	85%	390	-250	131	19	113	86%
Suðureyri	383	-311	118	-	118	100%	118	-25	95	-	95	100%
Bolungarvík	748	-	840	17	822	98%	746	-449	445	4	441	99%
Ísafjörður	2.105	262	2.437	144	2.293	94%	2.225	-46	2.352	162	2.190	93%
Súðavík	834	249	1.104	262	842	76%	958	12	993	166	827	83%
Djúpavík	-	-	-	-	-	0%	-	2	2	-	2	100%
Drangsnes	13	-	13	12	1	9%	4	1	6	-	6	100%
Hólmavík	427	-	428	57	371	87%	425	16	441	33	408	92%
Hvammstangi	4	-	4	-	4	100%	4	-	4	-	4	100%
Blönduós	144	-25	145	11	134	92%	144	-103	68	19	49	72%
Skagaströnd	1.098	378	1.476	165	1.311	89%	1.120	576	1.696	20	1.676	99%
Sauðárkrókur	963	-357	600	231	369	62%	959	-243	716	351	365	51%
Hofsós	-	-	-	-	-	0%	-	6	6	-	6	100%
Siglufjörður	741	245	1.033	315	718	70%	648	-361	329	67	262	80%
Ólafsfjörður	1.082	127	1.197	558	639	53%	1.143	54	1.191	371	820	69%
Grímsey	1	-	1	-	1	100%	1	5	6	-	6	100%
Hrísey	71	3	74	12	62	84%	71	-37	48	4	44	92%
Dalvík	774	28	806	97	709	88%	770	381	1.158	322	836	72%
Árskógssandur	7	-	7	1	6	89%	13	10	24	3	21	87%
Árskógsströnd	6	6	13	3	10	77%	-	-	-	-	-	0%
Hauganes	2	-	2	-	2	86%	2	4	6	-	6	99%
Hjalteyri	-	-	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	100%
Akureyri	4.572	255	5.011	2.133	2.878	57%	4.556	515	5.202	1.621	3.582	69%
Svalbarðsströnd	-	-	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	100%
Grenivík	54	-	54	62	-8	-15%	54	23	77	8	69	90%
Húsavík	638	-49	596	120	477	80%	636	-4	705	52	653	93%
Kópasker	-	-	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	100%
Raufarhöfn	201	-	209	30	179	86%	200	-165	35	7	28	81%
Þórshöfn	337	4	341	91	249	73%	336	5	407	5	403	99%
Bakkafjörður	-	-	-	-	-	0%	-	1	1	-	1	100%
Vopnafjörður	217	-58	152	157	-5	-3%	216	-20	191	270	-79	-41%
Borgarfjörður Ey.	-	-	-	-	-	0%	-	1	1	-	1	100%
Seyðisfjörður	325	500	839	578	260	31%	324	-37	280	21	259	92%

Verstöð	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Mjóifjörður	-	-	-	-	-	0%	-	1	1	-	1	100%
Neskaupstaður	428	-	437	423	14	3%	531	30	615	211	404	66%
Eskifjörður	374	-	401	106	295	73%	372	20	453	52	402	89%
Reyðarfjörður	169	-	169	60	109	64%	169	8	176	21	155	88%
Fáskrúðsfjörður	269	36	313	299	14	5%	171	19	196	112	84	43%
Stöðvarfjörður	40	-20	28	24	3	12%	40	6	46	22	24	53%
Breiðdalsvík	26	20	46	15	30	66%	26	6	31	16	15	49%
Djúpivogur	107	-	107	31	76	71%	106	12	137	7	130	95%
Hornafjörður	283	-192	91	32	59	65%	282	-195	87	47	40	46%
Samtals	26.588	354	27.865	8.252	19.614	70%	26.410	1.126	28.992	5.894	23.098	80%

Landshlutar	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Suðurland	789	-278	587	110	477	81%	809	91	1.001	112	890	89%
Reykjanes	2.454	-53	2.452	476	1.976	81%	2.463	265	2.995	784	2.211	74%
Reykjavík	2.304	369	2.791	885	1.906	68%	2.266	1.051	3.361	313	3.048	91%
Vesturland	1.681	-229	1.489	383	1.106	74%	1.903	184	2.204	643	1.561	71%
Vestfirðir	6.427	-354	6.395	842	5.553	87%	6.075	-981	5.537	416	5.121	92%
Norðurland v.	2.950	240	3.258	722	2.536	78%	2.874	-125	2.818	456	2.362	84%
Norðurland ey.	7.745	373	8.311	3.107	5.205	63%	7.781	789	8.859	2.392	6.467	73%
Austfirðir	2.238	286	2.582	1.726	856	33%	2.238	-148	2.217	779	1.438	65%
Samtals	26.588	354	27.865	8.252	19.614	70%	26.410	1.126	28.992	5.894	23.098	80%

Tafla VI. Skarkoli

Miðað við lestir. Strik (-) þýðir að um minna en 500 kg. er að ræða.

	Fiskveiðiárið 1.september 1992 til 31. ágúst 1993						Fiskveiðiárið 1.september 1993 til 31. ágúst 1994					
Verstöð	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Vestmannaeyjar	1.528	112	1.841	286	1.555	84%	1.529	-206	1.576	145	1.431	91%
Stokkseyri	157	-95	82	7	75	92%	77	-9	72	10	62	86%
Eyrarbakki	6	-	7	-	7	100%	9	-	10	-	10	100%
Selfoss	27	-	27	43	-16	-57%	27	-	26	51	-25	-95%
Þorlákshöfn	906	-5	1.020	36	984	96%	958	-258	854	28	826	97%
Grindavík	430	-19	475	69	406	86%	443	-33	490	65	426	87%
Sandgerði	254	-30	244	44	200	82%	461	43	564	122	442	78%
Garður	473	26	538	54	485	90%	456	-7	524	109	415	79%
Keflavík	547	31	633	128	504	80%	538	71	695	228	466	67%
Njarðvík	10	-	10	-	10	100%	15	-	17	4	13	79%
Vogar	224	102	364	42	322	88%	276	-146	132	47	85	64%
Hafnarfjörður	211	-110	123	39	84	68%	148	60	231	121	110	48%
Garðabær	-	-	-	-	-	100%	-	-	-	-	-	0%
Kópavogur	-	-	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	92%
Seltjarnarnes	-	-	-	-	-	0%	2	-2	-	-	-	100%
Reykjavík	1.811	-328	1.779	366	1.413	79%	1.516	27	1.823	402	1.421	78%
Akranes	107	-16	103	41	62	60%	81	40	133	24	108	82%
Arnarstapi	-	-	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	100%
Hellnar	-	-	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	100%
Hellissandur	34	20	60	17	43	71%	53	2	65	32	33	51%
Rif	53	66	125	46	80	64%	101	16	122	21	101	83%
Ólafsvík	500	154	698	401	297	43%	589	223	872	348	524	60%
Grundarfjörður	161	-46	138	37	101	73%	118	80	217	123	94	44%
Stykkishólmur	85	5	101	1	100	99%	85	-6	88	-	88	100%
Brjánslækur	8	-2	7	-	7	96%	8	-	9	-	9	100%
Patreksfjörður	89	-16	77	54	22	29%	83	42	136	71	65	48%
Tálknafjörður	179	38	244	77	166	68%	154	6	160	47	113	71%
Bíldudalur	131	-	145	28	117	81%	126	29	177	31	146	83%
Þingeyri	155	-105	54	32	22	41%	51	29	80	24	56	70%
Flateyri	37	-	38	24	14	37%	37	19	59	46	13	21%
Suðureyri	26	-	31	23	8	26%	26	62	88	29	59	67%
Bolungarvík	155	115	276	259	17	6%	142	216	373	224	148	40%
Ísafjörður	322	-23	320	311	8	3%	377	-60	379	136	242	64%
Súðavík	64	-	66	29	37	56%	64	5	74	10	63	86%
Djúpavík	-	-	-	-	-	0%	-	1	1	-	1	100%
Drangsnes	12	-	12	-	12	100%	-	2	2	-	2	95%
Hólmavík	41	3	52	1	50	98%	44	5	58	2	56	96%
Hvammstangi	16	-5	13	-	13	100%	9	2	13	-	13	100%
Blönduós	40	-20	28	-	28	100%	40	-45	3	-	3	98%
Skagaströnd	196	67	299	21	278	93%	236	62	343	41	302	88%
Sauðárkrókur	73	-11	68	5	63	92%	81	27	122	6	116	95%
Hofsós	20	-	24	-	23	100%	20	2	26	-	26	100%
Siglufjörður	53	-27	28	8	20	71%	29	4	34	2	31	93%
Ólafsfjörður	236	46	317	43	275	87%	236	87	338	97	241	71%
Grímsey	43	16	65	31	34	53%	43	25	76	46	30	40%
Hrísey	53	-5	54	23	31	57%	47	-22	34	70	-36	-108%
Dalvík	383	91	506	271	235	46%	402	-155	307	68	239	78%
Árskógssandur	-	1	1	-	1	100%	1	2	3	1	2	74%
Arskógsströnd	12	-	13	-	13	99%	-	-	-	-	-	0%
Hauganes	10	-3	8	-	8	100%	10	3	15	-	15	100%
Hjalteyri	-	-	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	100%
Akureyri	207	41	254	109	145	57%	358	105	504	60	444	88%
Svalbarðsströnd	-	-	-	-	-	0%	-	-	-	-	-	100%
Grenivík	14	-	14	11	2	16%	14	28	42	3	39	93%
Húsavík	182	-6	198	25	173	87%	150	23	193	89	104	54%
Kópasker	-	-	-	-	-	100%	-	-	-	-	-	100%
Raufarhöfn	15	-	15	-	15	99%	11	5	19	2	17	87%
Þórshöfn	217	-	228	73	155	68%	229	-122	152	63	89	59%
Bakkafjörður	15	-	18	-	18	99%	15	-13	5	-	5	98%
Vopnafjörður	93	-	99	25	74	75%	93	-1	105	43	62	59%

Verstöð	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Borgarfjörður Ey.	6	20	26	13	13	51%	16	15	34	-	33	99%
Seyðisfjörður	3	1	4	-	4	99%	3	7	10	-	10	97%
Mjóifjörður	14	-	14	-	14	99%	14	-5	9	-	9	100%
Neskaupstaður	425	-2	472	121	352	74%	331	60	447	105	342	76%
Eskifjörður	13	-	14	1	14	96%	13	95	110	36	75	68%
Reyðarfjörður	22	-	23	2	21	92%	22	3	25	-	25	100%
Fáskrúðsfjörður	28	-	31	2	29	94%	40	-14	31	1	31	98%
Stöðvarfjörður	3	-1	2	1	2	73%	3	3	6	-	6	100%
Breiðdalsvík	6	-	7	2	5	69%	6	57	64	19	45	70%
Djúpivogur	37	-15	28	3	25	91%	21	21	44	20	24	55%
Hornafjörður	361	71	489	89	401	82%	419	-49	414	63	351	85%
Samtals	11.537	136	13.049	3.373	9.676	74%	11.504	464	13.636	3.334	10.302	76%

Landshlutar	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%	Varanlegt	Milli skipa	Kvóti alls	Afli til kvóta	Staða	%
Suðurland	2.624	12	2.977	371	2.606	88%	2.600	-473	2.538	234	2.304	91%
Reykjanes	2.149	-1	2.388	376	2.012	84%	2.339	-14	2.653	695	1.958	74%
Reykjavík	1.811	-328	1.779	366	1.413	79%	1.516	27	1.823	402	1.421	78%
Vesturland	939	183	1.225	543	682	56%	1.026	356	1.496	547	949	63%
Vestfirðir	1.219	11	1.321	839	482	36%	1.112	356	1.595	620	975	61%
Norðurland v.	398	4	459	35	424	92%	415	53	541	50	492	91%
Norðurland ey.	1.372	181	1.673	587	1.086	65%	1.501	-19	1.684	499	1.185	70%
Austfirðir	1.026	74	1.228	257	971	79%	995	178	1.305	287	1.018	78%
Samtals	11.537	136	13.049	3.373	9.676	74%	11.504	464	13.636	3.334	10.302	76%

735. Fyrirspurn [479. mál]

til forsætisráðherra um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Skriflegt svar óskast.

736. Fyrirspurn [480. mál]

til utanríkisráðherra um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Skriflegt svar óskast.

737. Fyrirspurn [481. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Skriflegt svar óskast.

738. Fyrirspurn [482. mál]

til félagsmálaráðherra um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Skriflegt svar óskast.

739. Fyrirspurn [483. mál]

til fjármálaráðherra um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Skriflegt svar óskast.

740. Fyrirspurn [484. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Skriflegt svar óskast.

741. Fyrirspurn [485. mál]

til iðnaðarráðherra um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Skriflegt svar óskast.

742. Fyrirspurn [486. mál]

til landbúnaðarráðherra um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Skriflegt svar óskast.

743. Fyrirspurn [487. mál]

til menntamálaráðherra um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Skriflegt svar óskast.

744. Fyrirspurn [488. mál]

til samgöngumálaráðherra um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Skriflegt svar óskast.

745. Fyrirspurn [489. mál]

til sjávarútvegsráðherra um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Skriflegt svar óskast.

746. Breytingartillögur [287. mál]

við frv. til l. um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað „þrjár“ í 2. mgr. komi: tvær.
   b. 1. málsl. 1. tölul. orðist svo: *Fóðurnefnd,* skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum tilnefndum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og dýralækni tilnefndum af yfirdýralækni.
   c. 2. tölul. orðist svo: *Sáðvöru- og áburðarnefnd,* skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum tilnefndum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og einum skipuðum af landbúnaðarráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.
   d. 3. tölul. falli brott.

2. Við 6. gr. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Komi í ljós að vara uppfylli ekki uppgefnar vörulýsingar getur aðfangaeftirlitið krafist stöðvunar á dreifingu og sölu vörunnar.
3. Við 8. gr. Í stað orðsins „lögtaki“ komi: fjárnámi.
4. Við 10. gr. Í stað orðanna „gildi 1. janúar 1994“ komi: þegar gildi.

747. Nefndarálit [287. mál]

um frv. til l. um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna Jón Höskuldsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu, og Gunnar Sigurðsson, deildarstjóra hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Nefndinni bárust umsagnir á 116. löggjafarþingi frá Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Búnaðarfélagi Íslands, Áburðarverksmiðju ríkisins, yfirdýralækni og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þá hafði nefndin einnig hliðsjón af ályktun búnaðarþings 1994 um frumvarpið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

1. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að ekki verði bundið við starfsheiti hvaða menn verði skipaðir í nefndir samkvæmt greininni. Þykir eðlilegra að stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hafi frjálsar hendur um val á þeim sem þær telja hæfasta til starfa í þessum nefndum. Hins vegar er lagt til að skipan ráðgjafarnefnda samkvæmt greininni verði einfölduð. Þannig verði áburðar- og sáðvörunefnd, sem fjalla um hliðstæð svið, sameinaðar.
2. Lagt er til að við 6. gr. bætist ný málsgrein sem ætlað er að efla virkni aðfangaeftirlitsins samkvæmt frumvarpinu. Breytingin felur í sér að aðfangaeftirlitinu verður heimilt að krefjast þess að dreifing og sala vöru verði stöðvuð verði upplýst að hún standist ekki vörulýsingar samkvæmt innlendum reglum.
3. Breytingu hugtaka í 8. gr. leiðir af lögum nr. 31/1990, um aðför, kyrrsetningu og lögbann, en samkvæmt þeim nefnast nú allar aðfarargerðir til fullnustu krafna um peningagreiðslu fjárnám.
4. Lögð er til breyting á gildistökuákvæði 10. gr. og þarfnast sú breyting ekki skýringa.

Árni M. Mathiesen var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. mars 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Guðni Ágústsson.
Ragnar Arnalds.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.	Eggert Haukdal.
Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.		Einar K. Guðfinnsson.

748. Tillaga til þingsályktunar [490. mál]

um varðveislu arfs og eigna húsmæðraskólanna.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að setja fram tillögur um hvernig best megi varðveita arf og eignir gömlu húsmæðraskólanna í landinu. Verði sérstaklega hugað að stofnun eða eflingu heimilisiðnaðarsafna eða heimilisiðnaðardeilda í byggðasöfnum landsins. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar Kvenfélagasambands Íslands, landshlutasamtaka kvenfélaganna, Sambands íslenskra sveitarfélaga, safnamanna og menntamálaráðuneytis.

Greinargerð.

Um áratugaskeið störfuðu húsmæðraskólar í öllum landshlutum. Þúsundir kvenna sóttu sér menntun í þessa skóla sem urðu til undir handarjaðri kvenfélagasambanda landsins. Þjóðfélagsbreytingar síðustu áratuga hafa kippt grundvellinum undan sérskólum af þessu tagi þótt engan veginn verði sagt að hið almenna skólakerfi hafi tekið við og búi pilta og stúlkur nægilega vel undir það verk að stofna og reka heimili. Húsmæðraskólarnir voru arftakar gömlu kvennaskólanna sem stofnaðir voru á 8. áratug 19. aldar, en þeir þróuðust í tvær áttir. Kvennaskólinn í Reykjavík (stofnaður 1874) varð að almennum skóla fyrir stúlkur með sterkri hannyrðahefð (nú almennur menntaskóli), en skólarnir úti á landi urðu að hreinum húsmæðraskólum. Hér er um 120 ára skólahefð að ræða með mikla og merka sögu að baki.

Mikil hús voru byggð yfir kvenna- og húsmæðraskólana og eru flest þeirra nú notuð til kennslu af einhverju tagi. Innan veggja húsmæðraskólanna gömlu er að finna listaverk, hannyrðir, borðbúnað, verkfæri og gjafir af ýmsu tagi, svo og ýmislegt það sem tengist sögu skólanna. Sums staðar hefur eitt herbergi verið tekið undir lausamuni, en það er auðvitað engin lausn þegar svo merkur menningararfur á í hlut. Engin stefna hefur verið mörkuð um það hvað beri að gera við arf húsmæðraskólanna. Kvenfélagasamböndin í hverjum landshluta annast þessar eignir en hafa sums staðar miklar áhyggjur af því hvað um þær verði.

Um tvennt er að velja. Annaðhvort verður að finna munum stað innan skólanna og sjá til þess að þeir verði varðveittir þar eða að koma þeim á söfn.

Í Kvennaskólanum á Blönduósi hafa kvenfélagskonur komið á fót heimilisiðnaðarsafni sem m.a. byggist á þeim munum sem Halldóra Bjarnadóttir skólastjóri safnaði á sínum langa lífsferli. Hugsanlega er það vilji kvenfélaganna í landinu að efla safnið á Blönduósi, gefa muni þangað og gera það að landssafni eða þá að styrkja eigin byggðasöfn með því að koma upp eða efla heimilisiðnaðardeildir í þeim. Víða á heimilum eru til merkilegar hannyrðir og listiðnaður kvenna sem þyrfti að safna og hafa til sýnis sem dæmi um vinnu og tómstundir kvenna í hundruð ára. Öflugt heimilisiðnaðar- og hannyrðasafn mundi eflaust leiða til þess að fólk væri viljugra að gefa merka muni úr fórum ættingja sinna.

Það er brýnt að finna lausn á því máli sem hér er reifað og sjá til þess að sú kvennamenning sem húsmæðraskólarnir gömlu eru fullir af glatist ekki. Það verður að gerast í samvinnu ríkisins sem fer með forsjá skólahúsanna, sveitarfélaganna sem í hlut eiga og ekki síst kvenfélaganna sem stóðu vörð um skólana og hafa gætt þeirra eigna sem eftir eru.

Þingsályktunartillögu þessari fylgdi eitt fylgiskjal. Þar var birt svar menntamálaráðherra við skriflegri fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um starf og eignir húsmæðraskóla, 430. mál 116. löggjafarþings. Um fylgiskjalið vísast til þskj. 946, bls. 5237–5239 í A-deild Alþt. 1992–93.

749. Tillaga til þingsályktunar [491. mál]

um eignarskatt á íbúðarhúsnæði.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Þuríður Pálsdóttir, Sólveig Pétursdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um eignarskatt á íbúðarhúsnæði með það að markmiði að:

a. lækka eignarskattsstofn,
b. jafna eignarskatt á íbúðarhúsnæði,
c. sérstakt tillit verði tekið til þeirra sem eru eldri en 67 ára og hafa skerta möguleika til tekjuöflunar.

Greinargerð.

Um langt árabil hefur það verið metnaður ungs fólks hér á landi að eignast eigið íbúðarhúsnæði og er svo enn þótt merkja megi breytingu þar á. Kemur þá einkum til mikil óánægja fólks vegna þess forms á eignarskattsstofni sem hefur verið við lýði í nokkur ár og er verulega íþyngjandi.

Þá hefur álagning eignarskatts íþyngjandi fjárhagsleg áhrif á ekkjur og ekkla enda þótt þeir aðilar fái fimm ára aðlögun frá andláti maka, þ.e. greiði fyrst eignarskatt sem einstaklingar að fimm árum liðnum frá fráfalli maka. Eignarskattur kemur mjög misjafnlega niður á þessum aðilum og getur orðið allt að fimmfalt hærri hjá einstaklingi en hjá hjónum, enda þótt um sambærilega eign sé að ræða.

Í breyttu þjóðfélagi er sala fasteigna með öðrum hætti en áður. Þannig seljast stærri fasteignir verr en þær smærri og gerir slíkt öldruðu fólki, ekkjum og ekklum, erfiðara um vik með sölu stærri fasteigna. Ástandið á fasteignamarkaðinum og eignarskatturinn, svo og lækkandi tekjur, gera fyrrnefndum aðilum mjög erfitt að halda eignum sínum.

Illmögulegt er að fylgja þeirri stefnu, sem ríkt hefur í málefnum aldraðra, þ.e. að þeir geti átt eðlilegt heimilislíf og búið sem lengst í eigin húsnæði, vegna þessa *sérkennilega og háa eignarskatts*.

Flutningsmenn telja ekki rétt að hafa langa greinargerð með máli þessu, hvað þá tölulegar upplýsingar málinu til stuðnings svo ljóst sem það má vera fjármálaráðherra og embættismönnum sem í fjármálaráðuneytinu starfa.

Flutningsmenn leggja áherslu á að fjármálaráðherra láti gera hið fyrsta úttekt á eignarskatti einstaklinga með það að meginmarkmiði að sömu gjöld verði greidd af sambærilegu íbúðarhúsnæði án tillits til landfræðilegrar staðsetningar og án tillits til þess hvort einn eða fleiri eigi húsnæðið. Þá er það óviðunandi að eignarskattur í núverandi formi á íbúðarhúsnæði jaðri við eignaupptöku ríkisins þegar til langs tíma er litið.

750. Tillaga til þingsályktunar [492. mál]

um átak í uppbyggingu verknámsaðstöðu í framhaldsskólum.

Flm.: Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa átak í uppbyggingu verknámsaðstöðu í framhaldsskólum. Átakið taki jafnt til húsnæðis og búnaðar.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur verið rætt um nauðsyn þess að efla verknám í framhaldsskólum og nýlega hefur nefnd menntamálaráðherra um mótun menntastefnu boðað að stórefla beri alla verk- og starfsmenntun. Þessar sömu áherslur hafa einkennt mjög alla umræðu um skólamál hér á landi um langt árabil. Hins vegar hefur nokkuð skort á að þessari umræðu hafi fylgt næg uppbygging á þeirri aðstöðu sem nauðsynleg er í skólum. Þessi skortur á aðstöðu er án efa ein ástæða þess að ekki hefur tekist að efla verknám í framhaldsskólum eins og æskilegt hefði verið. Kostnaður við uppbyggingu aðstöðu til verknáms er mun meiri en til bóknáms og m.a. þess vegna hefur bóknám eflst frekar í framhaldsskólum en verknám. Þróun framhaldsskólans hefur að margra áliti tekið of mikið mið af þeirri staðreynd að skort hefur fjármagn til uppbyggingar.

Aðstaða til verknáms í framhaldsskólum landsins er slík í dag að ekkert annað dugar en sérstakt átak í uppbyggingu ef ætlunin er að framkvæma eitthvað af hinum fögru fyrirheitum um eflingu verk- og starfsnáms í framhaldsskólum. Hér er um stórt verkefni á sviði skólamála að ræða og ljóst að ekki verður allt framkvæmt á stuttum tíma. Þess vegna er nauðsynlegt að horft verði yfir sviðið í heild og unnið markvisst að uppbyggingunni. Gera verður áætlun til nokkurra ára þar sem verkefnum verði raðað í mikilvægisröð og m.a. horft til jafnræðis milli verknámsgreina og landshluta.

Við gerð framkvæmdaáætlunar verði haft samráð við viðkomandi framhaldsskóla, viðkomandi sveitarfélög og fulltrúa viðkomandi atvinnugreina.

751. Svar [443. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um áhrif af notkun malbiks á umhverfið.

1. *Hversu stór hluti innfluttra asfaltblandna eru blöndur í lífrænum leysiefnum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hollustuvernd ríkisins eru ekki fluttar inn blöndur af lífrænum leysiefnum og asfalti. Hins vegar er asfalt, sem notað er í klæðingar hér á landi, blandað leysiefnum fyrir notkun. Blandan inniheldur 10–15% af míneralískri terpentínu (white spirit). Af blöndunni eru notuð 7.000–8.000 tonn á ári sem gróft áætlað gefur til kynna að 700–1.200 tonn af terpentínu gufi upp í andrúmsloftið á ári hverju vegna lagningar vegaklæðningar.

2. *Hversu mikið magn er talið að almenningur noti af leysiefnum til að hreinsa asfalt af hjólbörðum og bílalakki á ári?*

Engin úttekt hefur farið fram á því hversu mikið magn leysiefna er notað til að hreinsa bíldekk og bílalakk. Það leysiefni, sem væntanlega er fyrst og fremst notað í þessu skyni, er míneralísk terpentína. Af henni voru flutt til landsins 1.800 tonn árið 1993. Magn efnisins er nokkuð mismunandi frá einu ári til annars. Til viðbótar kemur það sem flutt er inn í formi ýmissa tilbúinna vara, m.a. tjöruhreinsiefni. Hollustuvernd ríkisins hefur ekki upplýsingar um heildarmagn leysiefna í tilbúnum innfluttum vörum, en í einstökum tjöruhreinsiefnum getur hlutur lífrænna leysiefna verið allt að 95%. Samkvæmt því sem fram kemur í svari við spurningu 1 er u.þ.b. helmingur þess sem flutt er inn í óblönduðu formi notað í malbik til vegaklæðninga. Áætlað er að 250–300 tonn séu notuð til að framleiða málningu, lím og lakk og 100–150 tonn til að framleiða ýmsar hreinsivörur (væntanlega er mikill hluti þeirra olíu- og tjöruhreinsiefni). Gera má ráð fyrir að töluvert af því sem eftir er sé notað til að þrífa ýmsa vélahluta, bíldekk og bílalakk. Engar upplýsingar liggja þó fyrir um skiptingu magns á einstaka þætti.

3. *Hvert er álit Hollustuverndar ríkisins á mengunaráhrifum asfaltbundinna slitlaga og hvert er álit Vinnueftirlits ríkisins á skaðlegum áhrifum frá heitu malbiki við gerð þess og lagningu?*

Það er álit Hollustuverndar ríkisins að talsverð umhverfismengun fylgi asfaltbundnu slitlagi vega. Þegar slitlag er lagt gufa leysiefni upp ef þeim hefur verið blandað saman við asfaltið, sbr. framangreint. Asfalt er flókin blanda ýmissa lífrænna efnasambanda. Þar á meðal eru svokölluð PAH-efni sem eru mengandi tjöruefni og safnast m.a. fyrir í lífkeðjunni. Styrkur þeirra í asfalti er talinn vera á bilinu 6–60 hlutar í milljón (ppm). Asfalt inniheldur þungmálmana nikkel og vanadíum í heldur meira mæli eða 100–600 ppm. Almennt er þó þungmálmamengun ekki sérstaklega tengd notkun asfalts.

Bifreiðaumferð slítur malbiki eins og vel er kunnugt, einkum þegar um er að ræða notkun nagladekkja. Við það fer asfalt út í umhverfið, einkum í formi ryks. Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja og fram koma m.a. í skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar 1993:628, slítur bíll á nagladekkjum 10–25 grömmum af malbiki á hvern ekinn kílómetra eftir því hvernig aðstæður eru hverju sinni. Mestallt rykið fellur til jarðar utan vegar, en hluti þess lendir í fráveituvatni og berst um niðurföll til sjávar. Einkum má búast við toppum í fráveituvatni þegar snjóa, sem legið hafa lengi á jörðu, leysir. Tjöruþvott-

ur bíla vegna malbiksslits veldur einnig mengun fráveituvatns. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt talsverð mengunaráhrif þessa fráveituvatns, m.a. uppsöfnun í lífverum. Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess að ekki er aðeins um mengun frá sliti malbiks að ræða, heldur koma fleiri þættir til vegna umferðarinnar sjálfrar. Það er skoðun Hollustuverndar ríkisins að út frá umhverfissjónarmiðum sé mikilvægt að draga úr vegasliti eftir því sem unnt er. Í því sambandi er um nokkrar leiðir að velja. Nota má slitþolna vegaklæðningu, draga úr notkun salts sem afísingarefnis og síðast en ekki síst draga úr notkun nagladekkja eða nota nagla sem valda lágmarksvegsliti. Í því sambandi má nefna að íslenskur hugvitsmaður hefur á undanförnum árum gert tilraunir með nagla sem gefa eftir við átak. Gert er ráð fyrir að tilraunir með þessa nagla muni fara fram í Svíþjóð á næstunni.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnueftirliti ríkisins eru PAH-efni í reyk og ryki frá malbiki þau efni sem talin eru skaðlegust heilsu starfsmanna. Algengt er að í malbiki greinist milli 40–50 slík efni. Það efnasamband, sem mest hefur verið rannsakað og oft er notað sem viðmiðunarefni, er bensó(a)pýren. Mismunandi skilgreiningar geta verið á milli landa á því hvenær efni flokkast sem krabbameinsvaldandi. Í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum eru sérstök ákvæði um krabbameinsvaldandi efni og með reglunum fylgir listi yfir efni sem falla undir þau ákvæði. Bensó(a)pýren fellur undir flokk sem bannar ekki notkun þess og vinna í umhverfi, þar sem efnið myndast, er ekki takmörkuð nema að því leyti að sérstök mengunarmörk eru í gildi. Fyrir utan ofangreindar reglur styðst Vinnueftirlitið við skilgreiningar og skrár Alþjóðakrabbameinsstofnunar Sameinuðu þjóðanna, IARCH. Samkvæmt fyrirliggjandi rannsóknum erlendis frá er ekki hægt að segja til um hvort vinna við malbik auki hættu á lungnakrabbameini. Þar hafa aðstæður hverju sinni mikið að segja, svo og loftslag og vinnutilhögun. Miðað við reynslu og athuganir á óhreinindum á vinnufatnaði er þó hugsanlegt að aukin hætta sé á húðkrabbameini við malbiksvinnu.

752. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna verður svohljóðandi:

Hæstarétt skipa níu dómarar. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

2. gr.

2.–3. mgr. 3. gr. laganna verða svohljóðandi:

Ef kærður er úrskurður sem varðar rekstur máls í héraði, kærumálið er skriflega flutt og það varðar ekki mikilvæga hagsmuni getur einn dómari skipað dóm í því. Annars skulu þrír dómarar skipa dóm í kærumáli nema sérstaklega standi á. Þrír dómarar geta enn fremur skipað dóm í einkamáli ef úrslit þess varða ekki mikilvæga hagsmuni að mati dómsins. Þá geta þrír dómarar skipað dóm í opinberu máli ef almenna refsingin, sem liggur við broti, er ekki þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að átta árum.

Dómurinn ákveður hve margir dómarar skipa dóm í hverju máli. Þegar fimm eða sjö dómarar skipa dóm í máli skulu eiga þar sæti þeir sem eru elstir að starfsaldri við Hæstarétt, en dómari skv. 4. gr. verður þá ekki kvaddur til setu í dómi nema tölu dómara verði ekki náð í máli vegna forfalla eða vanhæfis reglulegra dómara.

3. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eins má fara að í einstaka málum ef sérstaklega stendur á vegna anna þótt sæti einskis hæstaréttardómara sé autt af áðurnefndum ástæðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Sú viðbót, sem er gerð við 1. mgr. 4. gr. með 3. gr. þessara laga, fellur úr gildi 31. desember 1996.

753. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

1. gr.

Í 1. mgr. 14. gr. laganna falla niður orðin „þar á meðal dómsgerðir í heild sinni“.

Í fyrri málslið 2. mgr. 14. gr. laganna falla brott orðin „eftirrit af því sem hefur verið hljóðritað eða tekið á myndband“ en í stað þeirra kemur: eftirgerð af hljóðupptöku eða myndbandsupptöku.

2. gr.

Í 15. gr. laganna fellur niður e-liður. Eldri f-liður verður þá e-liður.

3. gr.

2. málsl. 5. mgr. 124. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Við 2. mgr. 125. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur í reglugerð um starfshætti gjafsóknarnefndar, þar á meðal um viðmiðunarmörk í mati hennar á skilyrðum fyrir gjafsókn skv. a-lið 1. mgr. 126. gr.

5. gr.

151. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum þessara laga er aðila heimilt að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar. Við áfrýjun má leita endurskoðunar á úrskurðum og ákvörðunum sem hafa gengið undir rekstri máls í héraði.

2. Hafi sakarefni verið skipt í máli skv. 31. gr. verður að áfrýja hverjum dómi fyrir sig áður en lengra er haldið við rekstur þess.

3. Áfrýja má dómi í því skyni að honum verði breytt að efni til eða hann staðfestur, hann verði ómerktur og máli vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar eða máli verði vísað frá héraðsdómi.

4. Heimilt er báðum eða öllum aðilum að áfrýja dómi. Skal málið þá flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

5. Afsal á rétti til málskots, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður ekki gefið fyrr en dómur er genginn í máli í héraði.

6. gr.

152. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Nú varðar mál fjárkröfu og er það þá skilyrði áfrýjunar að fjárhæð hennar nemi 300.000 krónum. Þessari fjárhæð skal breyta um hver áramót miðað við breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí 1992, en dómsmálaráðherra auglýsir í Lögbirtingablaði nýja fjárhæð ekki síðar en 10. desember ár hvert.

2. Áfrýjunarfjárhæð skal ákveða eftir höfuðstól kröfu í áfrýjunarstefnu. Ef fleiri kröfur en ein eru sóttar saman í máli skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Hafi gagnkrafa verið höfð uppi til skuldajafnaðar skal ekki litið til hennar við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar.

3. Ef mál varðar annars konar kröfu en fjárkröfu ákveður Hæstiréttur hvort hagsmunirnir svari til áfrýjunarfjárhæðar. Áður en ákvörðun er tekin getur Hæstiréttur leitað umsagnar málsaðila.

4. Nú nær krafa ekki áfrýjunarfjárhæð eða Hæstiréttur telur hagsmuni ekki nægja til áfrýjunar skv. 3. mgr. og getur hann þá orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja máli ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

a. úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi,
b. úrslit málsins varða mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis,
c. ekki er útilokað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi.

7. gr.

153. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Dómi verður áfrýjað til Hæstaréttar innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu hans.

2. Hæstiréttur getur orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja dómi sem berst næstu þrjá mánuði eftir lok frests skv. 1. mgr. ef skilyrðum 4. mgr. 152. gr. er fullnægt, enda sé dráttur á áfrýjun nægilega réttlættur.

3. Nú áfrýjar aðili dómi og er gagnaðila þá heimilt að gagnáfrýja án tillits til áfrýjunarfrests, en stefnu til gagnáfrýjunar verður að gefa út meðan hann nýtur enn frests til að leggja fram greinargerð fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 158. gr.

4. Ef mál, sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar innan frests skv. 1.–3. mgr., verður ekki þingfest, það fellur þar niður eða því er vísað þaðan frá dómi er aðila heimilt að skjóta því þangað aftur þótt áfrýjunarfrestur sé þá liðinn. Ber þá að fá áfrýjunarstefnu gefna út á ný innan fjögurra vikna frá því málið átti að þingfesta eða uppkvaðningu dóms um niðurfellingu þess eða frávísun. Þessari heimild verður ekki beitt oftar en einu sinni í máli.

8. gr.

154. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Sá sem leitar áfrýjunarleyfis skv. 152. eða 153. gr. skal senda Hæstarétti skriflega umsókn um það ásamt áfrýjunarstefnu sem hann vill fá gefna út og endurriti héraðsdóms. Í umsókninni skal rökstutt ítarlega hvernig umsækjandi telur skilyrðum fyrir áfrýjunarleyfi fullnægt.

2. Hæstiréttur getur gefið öðrum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn áður en ákvörðun er tekin.

3. Synji Hæstiréttur um áfrýjunarleyfi getur sami aðili ekki sótt um það öðru sinni.

4. Nú er áfrýjunarleyfi veitt og skal þá gefa út áfrýjunarstefnuna sem fylgdi umsókn og árita hana um leyfisveitinguna. Hæstiréttur verður ekki krafinn um rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun.

5. Ef synjað er um áfrýjunarleyfi skal þeim sem sótti um það tilkynnt bréflega um þá niðurstöðu. Í tilkynningunni skal greint frá ástæðum fyrir synjuninni.

9. gr.

155. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Nú vill aðili áfrýja dómi og leggur hann þá fyrir hæstaréttarritara áfrýjunarstefnu ásamt endurriti af dóminum. Í áfrýjunarstefnu skal greina:

a. heiti og númer sem málið bar fyrir héraðsdómi, fyrir hverjum héraðsdómstóli var leyst úr málinu og hvenær dómur var kveðinn upp í því,
b. nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað, svo og nöfn fyrirsvarsmanna þeirra, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða dvalarstað,
c. hver eða hverjir flytji málið fyrir áfrýjanda,
d. í hverju skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir,
e. hvenær stefndi verði í síðasta lagi að tilkynna Hæstarétti að hann hafi í hyggju að halda uppi vörnum í málinu, en hæstaréttarritari ákveður dagsetningu í þessu skyni við útgáfu stefnu,
f. hverju það varði að stefndi komi ekki fram tilkynningu skv. e-lið.

2. Afhenda skal hæstaréttarritara tvö eintök af áfrýjunarstefnu sem Hæstiréttur fær haldið eftir.

3. Hæstaréttarritari synjar um útgáfu áfrýjunarstefnu ef hann telur hana ekki vera í réttu horfi. Sé áfrýjunarfrestur að renna út getur hann ákveðið skamman frest handa áfrýjanda til að bæta úr áfrýjunarstefnu og má þá gefa hana út án áfrýjunarleyfis ef henni er framvísað til útgáfu á ný í réttu horfi innan þess tíma þótt áfrýjunarfrestur sé þá liðinn. Frestur í þessu skyni skal ekki vera lengri en ein vika og verður aðeins veittur í eitt skipti. Áfrýjandi getur krafist ákvörðunar Hæstaréttar um synjun hæstaréttarritara um útgáfu áfrýjunarstefnu.

4. Hæstaréttarritari gefur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins.

5. Áfrýjunarstefnu verður að birta ekki síðar en viku áður en frestur handa stefnda skv. e-lið 1. mgr. er á enda. Að öðru leyti gilda ákvæði XIII. kafla um birtingu áfrýjunarstefnu.

10. gr.

156. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Eftir birtingu áfrýjunarstefnu en áður en fresti stefnda skv. e-lið 1. mgr. 155. gr. lýkur skal áfrýjandi afhenda Hæstarétti stefnuna ásamt sönnun fyrir birtingu hennar, svo og greinargerð af sinni hálfu. Einnig skal hann þá skila málsgögnum í þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur ákveður, en til þeirra teljast þau málsskjöl og endurrit sem áfrýjandi hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir. Mál er þá þingfest fyrir Hæstarétti.

2. Í greinargerð áfrýjanda skal koma fram:

a. Í hverju skyni sé áfrýjað og hvers áfrýjandi krefjist nákvæmlega fyrir Hæstarétti, svo og hvort einnig sé áfrýjað til að fá hnekkt tilteknum úrskurði eða ákvörðun héraðsdómara.
b. Málsástæður sem áfrýjandi ber fyrir sig fyrir Hæstarétti. Lýsing þeirra skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála á hverju áfrýjun sé byggð, en eftir atvikum getur áfrýjandi vísað um þær til tiltekinna skjala málsins. Felli áfrýjandi sig ekki við lýsingu annarra atvika í héraðsdómi skal hann á sama hátt greina frá hvernig hann telji þeim réttilega lýst.
c. Tilvísun til helstu réttarreglna sem áfrýjandi byggir málatilbúnað sinn á fyrir Hæstarétti.
d. Gögn sem áfrýjandi leggur þegar fram fyrir Hæstarétti, svo og gögn sem hann telur sig þurfa að afla eftir þann tíma.

3. Þegar mál hefur verið þingfest beinir hæstaréttarritari því til héraðsdómstólsins, þar sem var leyst úr máli, að afhenda Hæstarétti dómsgerðir.

4. Hæstiréttur setur nánari reglur um frágang málsgagna og dómsgerða.

11. gr.

Ný grein, sem verður 157. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Nú lætur áfrýjandi undir höfuð leggjast að afhenda Hæstarétti áfrýjunarstefnu, greinargerð eða málsgögn samkvæmt fyrirmælum 156. gr. og verður þá ekki frekar af máli.

2. Ef ekki er sótt þing af hálfu áfrýjanda á síðara stigi verður málið fellt niður með dómi. Hafi stefndi skilað greinargerð í málinu má dæma honum málskostnað úr hendi áfrýjanda.

12. gr.

Ný grein, sem verður 158. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Nú hyggst stefndi skila greinargerð í máli, og skal þá bréfleg tilkynning hans um það berast Hæstarétti innan frests sem honum var settur í þessu skyni í áfrýjunarstefnu. Þegar mál er þingfest ákveður hæstaréttarritari stefnda frest í fjórar til sex vikur til að skila greinargerð og sendir honum eintak af málsgögnum áfrýjanda. Áfrýjanda skal tilkynnt um þann frest sem stefnda er veittur.

2. Gagnáfrýjun veitir ekki stefnda rétt til sjálfstæðs frests.

3. Berist Hæstarétti ekki tilkynning skv. 1. mgr. eða skili stefndi ekki greinargerð innan þess frests sem honum hefur verið settur skal litið svo á að hann krefjist staðfestingar héraðsdóms. Skal málið þá dómtekið, en fyrst má þó veita áfrýjanda skamman frest til að ljúka gagnaöflun sem hann hefur boðað í greinargerð. Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna án munnlegs flutnings.

4. Hafi stefndi skilað greinargerð en þingsókn fellur niður af hans hálfu á síðara stigi máls má gefa áfrýjanda kost á að svara vörnum hans í skriflegri sókn og ljúka gagnaöflun. Skal málið síðan dómtekið og dómur lagður á það eftir framkomnum kröfum, gögnum og sókn áfrýjanda með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefnda.

5. Nú hefur stefndi ekki skilað greinargerð og getur þá Hæstiréttur allt að einu heimilað honum að taka til varna í máli með eða án samþykkis áfrýjanda, enda séu miklir hagsmunir í húfi fyrir hann og vanræksla hans þyki afsakanleg. Eins má fara að ef þingsókn stefnda fellur niður á síðara stigi máls.

13. gr.

Ný grein, sem verður 159. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Í greinargerð stefnda skal koma fram:

a. hver eða hverjir flytji málið fyrir stefnda,
b. kröfugerð stefnda, en í þeim efnum skal skýrlega tekið fram hvort og þá hvers vegna hann breyti kröfum frá þeim sem hann gerði í héraði, svo og hvort hann samþykki kröfur áfrýjanda í einhverjum atriðum og þá nákvæmlega hverjum,
c. málsástæður sem stefndi ber fyrir sig fyrir Hæstarétti, en lýsing þeirra skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála á hverju hann byggi. Felli stefndi sig ekki við lýsingu annarra atvika máls í héraðsdómi eða eftir atvikum áfrýjunarstefnu skal hann geta á sama hátt hvernig hann telji atvikum réttilega lýst,
d. tilvísun til helstu réttarreglna sem stefndi byggir málatilbúnað sinn á fyrir Hæstarétti,
e. athugasemdir við málatilbúnað áfrýjanda ef þeirra er þörf,
f. gögn sem stefndi telur sig þurfa að afla síðar.

2. Með greinargerð skal stefndi afhenda málsgögn í þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur ákveður, en til þeirra teljast þau málsskjöl og endurrit sem hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir, enda hafi áfrýjandi ekki þegar afhent þau.

3. Ákvæði 4. mgr. 156. gr. gilda um málsgögn stefnda.

14. gr.

Ný grein, sem verður 160. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Áfrýjanda skal tilkynnt þegar Hæstarétti hafa borist greinargerð og málsgögn stefnda og sent eintak af þeim. Hafi aðilar ekki þegar lýst gagnaöflun lokið skal þeim um leið veittur sameiginlegur frestur til frekari gagnaöflunar. Sá frestur skal að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður. Hvor aðili um sig skal afhenda í einu lagi ný gögn sín í frumriti og ljósrit eða eftirrit þeirra í sama búningi og segir í 156. og 159. gr. Hæstiréttur tilkynnir aðilum um gögn sem berast innan þessa frests, en að honum liðnum telst gagnaöflun sjálfkrafa lokið nema áður hafi verið fallist á skriflega ósk aðila um lengri frest eða dómurinn beinir því síðar til aðila að hann megi afla tiltekinna gagna. Hæstiréttur getur þó heimilað aðila að leggja fram ný gögn eftir lok gagnaöflunar ef ekki var unnt að afla þeirra fyrr eða atvik hafa breyst svo að máli skiptir eftir þann tíma.

2. Strax og gagnaöflun er lokið skal hvor aðili um sig tilkynna Hæstarétti hve langan tíma hann áætli að hann þurfi til að flytja munnlega málflutningsræðu í málinu.

3. Ef þörf krefur tekur Hæstiréttur mál fyrir á dómþingi til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess. Skulu aðilar kvaddir fyrir dóm með hæfilegum fyrirvara í þessu skyni.

15. gr.

Ný grein, sem verður 161. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Þegar gagnaöflun er lokið í máli þar sem stefndi skilar greinargerð ákveður Hæstiréttur hvenær það verði flutt og tilkynnir aðilum um það með hæfilegum fyrirvara.

2. Að jafnaði skal flytja mál um formsatriði þess áður en það verður tekið til frekari meðferðar að efni til. Hæstiréttur getur þó ákveðið að mál verði flutt í einu lagi um formsatriði og efni eða að taka formsatriði máls til úrlausnar án sérstaks málflutnings, enda hafi aðilar þá áður átt kost á að tjá sig um það.

3. Ef stefndi hefur skilað greinargerð í máli verður það flutt munnlega. Hæstiréttur getur þó ákveðið að mál verði skriflega flutt ef sérstakar ástæður mæla með því. Hæstiréttur getur einnig tekið til greina samhljóða óskir aðila um að málið verði dómtekið án sérstaks málflutnings.

4. Um leið og boðað er til málflutnings getur Hæstiréttur beint til aðila að þeir afhendi hvor um sig með tilteknum fyrirvara stutt yfirlit um atvik máls í tímaröð, málsástæður sínar og tilvísanir til réttarreglna, svo og um tilvitnanir í fræðirit og dóma sem þeir hyggjast styðjast við í málflutningi.

5. Hæstiréttur getur takmarkað ræðutíma aðila við munnlegan flutning máls. Þegar boðað er til málflutnings má taka fram hve langan tíma aðilar fá hvor um sig til umráða.

16. gr.

Ný grein, sem verður 162. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Áður en munnlegur málflutningur hefst á dómþingi skal gerð grein fyrir dómsorði héraðsdóms og áfrýjunarstefnu að því leyti sem forseti telur þess þörf til skýringar á málflutningi. Að því loknu verða málflutningsræður fluttar.

2. Frumræða verður fyrst flutt af hálfu áfrýjanda og síðan af hálfu stefnda nema forseti hafi ákveðið aðra röð og aðilum verið það tilkynnt við boðun til málflutnings. Eftir frumræður skal gefinn kostur á að fram komi stutt andsvör af hálfu hvors aðila í sömu röð. Flytji málflutningsumboðsmaður málið af hálfu aðila getur forseti heimilað aðilanum sjálfum að koma að stuttum athugasemdum að loknum andsvörum umboðsmanns hans.

3. Í málflutningi skal gera grein fyrir kröfum, í hverju ágreiningsefni aðilanna felast, málsástæðum og öðrum röksemdum fyrir kröfum. Skal forðast málalengingar og málflutningi beint að þeim atriðum sem ágreiningur er um eða nauðsynlegt er að fjalla um til að varpa ljósi á ágreiningsefni.

4. Forseti stýrir þinghaldi. Hann getur krafist að málflytjandi haldi sig við efnið og láti vera að fjalla um þá þætti máls sem ágreiningur er ekki um eða ástæðulaust er af öðrum sökum að gera frekari grein fyrir. Forseti getur stöðvað málflutning ef ræður verða langar úr hófi fram eða sett honum tímatakmörk og við þau bundið enda á málflutning.

5. Að loknum málflutningi tekur Hæstiréttur málið til dóms.

17. gr.

Ný grein, sem verður 163. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Dómar Hæstaréttar skulu byggðir á því sem hefur komið fram í máli og er sannað eða viðurkennt. Ákvæði 111. gr. gilda um dóma Hæstaréttar.

2. Nú hefur aðili borið fram kröfur eða málsástæður sem hann hafði ekki uppi í héraði og getur þá Hæstiréttur byggt á þeim við úrlausn máls ef þær hafa komið fram í greinargerð aðilans, grundvelli máls er ekki raskað á þann hátt, afsakanlegt er að þær voru ekki hafðar uppi í héraði og það yrði aðilanum til réttarspjalla að ekki yrði tekið tillit til þeirra.

18. gr.

Ný grein, sem verður 164. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Að því leyti sem þarf að taka afstöðu til atriða varðandi rekstur máls fyrir Hæstirétti ræður hann þeim til lykta með ákvörðun, hvort sem ágreiningur er um þau milli aðila eða ekki, enda leiði ákvörðunin ekki til loka máls fyrir dóminum. Ákvörðun verður ekki rökstudd sérstaklega, en um efni hennar skal getið í þingbók eftir þörfum.

2. Úr öðrum atriðum máls leysir Hæstiréttur með dómi. Ef mál er fellt niður eða því er vísað frá Hæstarétti skal aðeins getið um ástæður þess í dómi, svo og um málskostnað ef því er að skipta. Sama gildir ef héraðsdómur er ómerktur og máli vísað heim eða því er vísað frá héraðsdómi.

3. Sé kveðið á í dómi um önnur málalok en getur í 2. mgr. skal greina þar frá kröfum aðila eftir því sem þörf er á svo að niðurstaða verði skýr. Að því leyti sem greinargerð um málsatvik er ábótavant í héraðsdómi skal bætt úr því í dómi Hæstaréttar. Ef og að því leyti sem niðurstöðu héraðsdóms er breytt skal það rökstutt í dómi Hæstaréttar. Fallist Hæstiréttur á niðurstöðu héraðsdóms en ekki á röksemdir fyrir henni getur hann greint frá rökum sínum eftir því sem þykir þörf.

4. Um dóma Hæstaréttar gilda að öðru leyti ákvæði 114. gr. eftir því sem getur átt við.

19. gr.

Ný grein, sem verður 165. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Dóm skal kveða upp svo fljótt sem er unnt eftir að mál er dómtekið og aldrei síðar en þegar fjórar vikur eru liðnar frá því. Verði því ekki komið við og hafi mál verið munnlega flutt skal endurtaka málflutning að því leyti sem Hæstarétti þykir nauðsynlegt.

2. Strax eftir dómtöku máls skulu dómarar ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Fyrir málflutning felur forseti einum dómara að vera frummælandi á þeim fundi, en forseti stýrir þar ráðagerðum, ber fram spurningar, stuðlar að því að álit hvers dómara komi þar sem skýrast fram og telur atkvæði þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum. Að lokinni umræðu felur forseti frummælandanum að semja atkvæði að dómi. Greinist dómarar í meiri og minni hluta semur frummælandinn atkvæði fyrir þann hluta sem hann heyrir til, en hinir dómararnir ákveða hver þeirra semji atkvæði þeirra. Dómari, sem greiðir atkvæði með ómerkingu héraðsdóms eða frávísun máls og verður í minni hluta, verður einnig að greiða atkvæði um efni máls. Dómarar ganga í sameiningu frá dómi, með eða án sératkvæða.

3. Við uppkvaðningu dóms skal lesa upp dómsorð í heyranda hljóði á dómþingi eftir því sem þörf þykir. Ef sératkvæði er í dómi skal þess einnig getið.

4. Í dómasafni Hæstaréttar skal birta alla dóma hans ásamt rökstuðningi fyrir héraðsdómum í sömu málum og öðru því úr héraðsdómum sem er þörf á svo að dómar Hæstaréttar verði nægilega ljósir. Einnig skal birta sératkvæði í dómum Hæstaréttar ef þar er komist að annarri niðurstöðu en í atkvæði meiri hluta, en annars nægir að geta að ágreiningur hafi orðið um rökstuðning fyrir niðurstöðu. Birta má útdrátt úr dómi ef það telst nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Hæstiréttur setur nánari reglur um dómasafn.

20. gr.

Ný grein, sem verður 166. gr. laganna, verður svohljóðandi:

Um meðferð áfrýjunarmála fer að öðru leyti eftir reglum þessara laga um meðferð mála í héraði eftir því sem á við.

21. gr.

157. og 158. gr. laganna verða 167. og 168. gr.

22. gr.

Á eftir 168. gr. laganna kemur nýr kafli, sem verður XXVII. kafli, en fyrirsögn hans verður: **Endurupptaka máls sem hefur verið dæmt í Hæstarétti.** Í þeim kafla verður ein grein, sem verður 169. gr., svohljóðandi:

1. Hæstiréttur getur leyft samkvæmt umsókn aðila að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu á ný ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. sterkar líkur eru leiddar að því að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós í Hæstarétti þegar málið var þar til meðferðar fyrra skiptið og aðilanum verður ekki kennt um það,
b. sterkar líkur eru leiddar að því að ný gögn muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum,
c. önnur atvik mæla með því að leyfið verði veitt, þar á meðal að stórfelldir hagsmunir aðilans séu í húfi.

2. Aðili getur ekki sótt um endurupptöku máls skv. 1. mgr. nema einu sinni. Að öðru leyti getur aðili ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku.

3. Ákvæði 1.–3. mgr. 168. gr. gilda um umsókn um endurupptöku, meðferð umsóknar, ákvörðun um hana og áhrif endurupptöku.

4. Nú hefur endurupptaka verið ákveðin en útivist verður við nýja meðferð málsins fyrir Hæstarétti af hendi þess sem beiddist hennar og fellur þá frekari meðferð málsins niður þannig að fyrri dómur stendur óhaggaður. Dómur skal hins vegar felldur á málið þótt gagnaðili sæki ekki þing.

5. Að öðru leyti fer meðferð málsins fram á ný fyrir Hæstarétti samkvæmt reglum XXIV. eða XXV. kafla þessara laga eftir því sem á við.

23. gr.

159.–169. gr. laganna verða 170.–180. gr. Þá verða XXVII. og XXVIII. kafli laganna XXVIII. og XIX. kafli.

24. gr.

1. Nú hefur dómi verið áfrýjað fyrir gildistöku þessara laga og hagsmunir í málinu hefðu ekki nægt til að áfrýjað yrði skv. 152. gr., og getur þá Hæstiréttur ákveðið að málið verði skriflega flutt þar fyrir dómi.

2. Hafi dómi verið áfrýjað fyrir gildistöku þessara laga en málið ekki verið þingfest fyrir Hæstarétti skal þingfesting fara fram eftir fyrirmælum eldri laga á áður ákveðnum tíma, en upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, sbr. einnig 3. mgr.

3. Hafi mál verið þingfest fyrir Hæstarétti fyrir gildistöku þessara laga en greinargerð áfrýjanda ekki verið lögð fram þar fyrir dómi eða ágrip dómsgerða verið afhent skal Hæstiréttur setja áfrýjanda frest til að afhenda greinargerð og málsgögn eftir ákvæðum 156. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.

4. Hafi áfrýjandi lagt fram greinargerð fyrir Hæstarétti og afhent ágrip dómsgerða fyrir gildistöku þessara laga en stefndi ekki lagt fram greinargerð fyrir sitt leyti skal Hæstiréttur setja honum frest til að afhenda greinargerð og málsgögn fyrir sitt leyti skv. 159. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.

5. Hafi greinargerðir aðila verið lagðar fram í máli fyrir Hæstarétti fyrir gildistöku þessara laga og því hefur verið frestað til frekari gagnaöflunar skal Hæstiréttur setja aðilunum frest til að ljúka henni skv. 160. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.

6. Nú er mál tilbúið til munnlegs málflutnings eða málflutningur hefur þegar farið fram en máli er þó ekki lokið fyrir Hæstarétti við gildistöku þessara laga og gilda þá reglur þessara laga um frekari meðferð þess eftir því sem getur átt við.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi 39.–59. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, með áorðnum breytingum.

754. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

Samhljóða þskj. 219 með þessari breytingu:

23. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

755. Frumvarp til laga [102. mál]

um mannréttindasáttmála Evrópu.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

1. gr.

Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur lagagildi á Íslandi, en með honum er átt við ákvæði eftirfarandi samninga:

1. Samnings frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum samkvæmt eftirtöldum samningsviðaukum:
   a. Samningsviðauka nr. 3 frá 6. maí 1963 um breyting á 29. gr. samningsins.
   b. Samningsviðauka nr. 5 frá 20. janúar 1966 um breyting á 22. og 40. gr. samningsins.
   c. Samningsviðauka nr. 8 frá 19. mars 1985 um breyting á 20., 21., 23., 28., 29., 30., 31., 34., 40., 41. og 43. gr. samningsins.
2. Samningsviðauka frá 20. mars 1952 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (samningsviðauka nr. 1).
3. Samningsviðauka nr. 2 frá 6. maí 1963 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis um vald mannréttindadómstóls Evrópu til að láta uppi ráðgefandi álit.
4. Samningsviðauka nr. 4 frá 16. september 1963 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis um tiltekin önnur mannréttindi en greinir þegar í samningnum og fyrsta viðauka við hann.
5. Samningsviðauka nr. 6 frá 28. apríl 1983 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi afnám dauðarefsingar.
6. Samningsviðauka nr. 7 frá 22. nóvember 1984 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum, og samningsviðaukar nr. 1, 2, 4, 6 og 7 eru birtir sem fylgiskjal með þessum lögum.

2. gr.

Úrlausnir mannréttindanefndar Evrópu, mannréttindadómstóls Evrópu og ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ekki bindandi að íslenskum landsrétti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

hafa í huga hina almennu mannréttindayfirlýsingu, sem allsherjarþing sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

hafa í huga, að yfirlýsing þessi hefur það markmið að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda, sem þar er lýst;

hafa í huga, að markmið Evrópuráðs er að koma á nánari einingu aðildarríkjanna og að ein af leiðunum að því marki er sú, að mannréttindi og mannfrelsi séu í heiðri höfð og efld;

lýsa á ný eindreginni trú sinni á það mannfrelsi, sem er undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og best er tryggt, annars vegar með virku, lýðræðislegu stjórnarfari og, hins vegar, almennum skilningi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins;

eru staðráðnar í því að stíga fyrstu skrefin að því marki að tryggja sameiginlega nokkur þeirra réttinda, sem greind eru í hinni almennu mannréttindayfirlýsingu, enda eru þær stjórnir Evrópuríkja, sem sama sinnis eru og eiga sameiginlega arfleifð stjórnmálahefða, hugsjóna, frelsis og réttarríkis;

hafa orðið ásáttar um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Samningsaðilar skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla þessa samnings.

I. KAFLI

2. gr.

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.

2. Þótt mannsbani hljótist af valdbeitingu skal það ekki talið brjóta í bága við þessa grein ef valdbeitingin er ekki meiri en ýtrasta nauðsyn krefur:

a. til að verja menn gegn ólögmætu ofbeldi;

b. til að framkvæma lögmæta handtöku eða til að koma í veg fyrir flótta manns sem er í lögmætri gæslu;

c. vegna löglegra aðgerða sem miða að því að bæla niður uppþot eða uppreisn.

3. gr.

Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

4. gr.

1. Engum manni skal haldið í þrældómi eða þrælkun.

2. Eigi skal þess krafist af nokkrum manni að hann vinni þvingunar- eða nauðungarvinnu.

3. Þvingunar- eða nauðungarvinna í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:

a. vinnu sem krafist er í samræmi við almennar reglur um tilhögun gæslu sem kveðið er á um í 5. gr. samnings þessa eða meðan á skilyrtri lausn úr slíkri gæslu stendur;

b. herþjónustu eða þjónustu sem krafist er í hennar stað af mönnum sem synja her-

þjónustu samvisku sinnar vegna og búa við lög sem heimila slíka synjun;

c. þjónustu vegna hættu- eða neyðarástands sem ógnar lífi eða velferð almennings;

d. vinnu eða þjónustu sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

5. gr.

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

Engan mann skal svipta frelsi nema í eftirfarandi tilvikum og þá í samræmi við þá málsmeðferð sem segir í lögum. Tilvikin eru:

a. lögleg gæsla manns sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;

b. lögleg handtaka eða gæsla manns fyrir að óhlýðnast lögmætri skipun dómstóls eða til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu;

c. lögleg handtaka eða gæsla manns sem efnt er til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnu;

d. gæsla ósjálfráða manns samkvæmt löglegum úrskurði vegna eftirlits með uppeldi hans eða lögmætrar gæslu í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds;

e. lögleg gæsla manns til að koma í veg fyrir að smitandi sjúkdómur breiðist út eða manns sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturlyfjasjúklingur eða umrenningur;

f. lögleg handtaka eða gæsla manns til að koma í veg fyrir að hann komist ólöglega inn í land eða gæsla manns sem vísa á úr landi eða framselja.

2. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær sem hann er borinn.

3. Hvern þann mann, sem tekinn er höndum eða settur í varðhald skv. c-lið 1. tölul. þessarar greinar skal án tafar færa fyrir dómara eða annan embættismann sem að lögum hefur heimild til að fara með dómsvald, og skal hann eiga kröfu til að mál hans verði tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma eða hann verði látinn laus þar til dómsmeðferð hefst. Gera má það að skilyrði fyrir lausn manns úr gæslu að trygging sé sett fyrir því að hann komi fyrir dóm.

4. Hverjum þeim sem handtekinn er eða settur í gæslu skal rétt að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól er úrskurði um hana með skjótum hætti og fyrirskipi að hann skuli látinn laus ef ólögmæt reynist.

5. Hver sá sem tekinn hefur verið höndum eða settur í gæslu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar skal eiga bótarétt sem unnt sé að koma fram.

6. gr.

1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvelda framgang réttvísinnar.

2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.

3. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:

a. Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir.

b. Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.

c. Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar.

d. Hann fái að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.

e. Hann fái ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur hvorki né talar mál það sem notað er fyrir dómi.

7. gr.

1. Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleysi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi torvelda réttarhöld yfir nokkrum manni eða refsingu hans fyrir hvern þann verknað eða aðgerðaleysi, refsiverð samkvæmt almennum ákvæðum laga, viðurkenndum af siðmenntuðum þjóðum þá framin voru.

8. gr.

1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

9. gr.

1. Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.

2. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

10. gr.

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

11. gr.

1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti.

12. gr.

Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.

13. gr.

Sérhver sá sem á er brotinn sá réttur eða það frelsi hans skert, sem lýst er í samningi þessum, skal eiga raunhæfa leið til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi, og gildir einu þótt brotið hafi framið opinberir embættismenn.

14. gr.

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

15. gr.

1. Á tímum styrjaldar að annars almenns neyðarástands, sem ógnar tilveru þjóðarinnar, getur samningsaðili tekið til ráðstafana sem víkja frá skyldum hans samkvæmt samningi þessum að því marki sem ýtrasta nauðsyn krefur til þess að firra áföllum, enda séu slíkar ráðstafanir eigi í ósamræmi við aðrar skyldur hans að þjóðarétti.

2. Ákvæði þetta skal þó í engu rýra gildi 2. gr., nema þegar mannslát verða vegna löglegra hernaðaraðgerða, né heldur gildi 3. gr., 4. gr. (1. mgr.) og 7. gr.

3. Hver sá samningsaðili, sem neytir þessa réttar til undansláttar, skal láta aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs í té fulla vitneskju um þær ráðstafanir sem tekið hefur verið til svo og ástæður þeirra. Einnig skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs um það þegar beitingu slíkra ráðstafana linnir og ákvæðum samningsins er á ný framfylgt að fullu.

16. gr.

Ekkert ákvæði í 10., 11. og 14. gr. skal talið geta hindrað samningsaðila í að setja skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.

17. gr.

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að í felist hinn minnsti réttur til handa ríki, samtökum eða einstaklingum til að takast á hendur eða aðhafast nokkuð það sem miðar að því að eyða réttindum þeim einhverjum og frelsi, sem þar er lýst, eða að því að takmarka þau umfram það sem samningurinn kveður á um.

18. gr.

Takmarkanir þær á téðum réttindum og frelsi og heimilaðar eru í samningi þessum skulu eigi viðhafðar í nokkuru öðru skyni en fyrir er um mælt.

II. KAFLI

19. gr.

Til að tryggja það að staðið sé við skuldbindingar þær sem aðilar samnings þessa hafa tekist á hendur skal setja á stofn:

1. Mannréttindanefnd Evrópu sem hér á eftir verður kölluð nefndin.
2. Mannréttindadómstól Evrópu sem hér á eftir verður kallaður dómstóllinn.

III. KAFLI

20. gr.

[1.][1]) Nefndin skal skipuð jafnmörgum mönnum og samningsaðilarnir eru. Eigi mega fleiri en einn þegn sama ríkis eiga sæti í nefndinni.

[2. Nefndin skal halda fundi sína með þátttöku allra nefndarmanna. Hún getur þó skipt sér í deildir sem séu skipaðar minnst sjö nefndarmönnum. Deildunum er heimilt að kanna erindi sem borin eru fram samkvæmt 25. gr. samningsins og fara má með á grundvelli dómvenju eða vekja ekki nein meiri háttar vafamál í túlkun eða beitingu samningins. Með þeim takmörkunum, sem að framan greinir og sem taldar eru í 5. tölul. þessarar greinar, skulu deildirnar fara með öll þau völd sem nefndinni eru fengin í samningnum.

Sá nefndarmaður, sem kjörinn hefur verið vegna aðildarríkis sem erindi hefur verið beint gegn, skal hafa rétt til að sitja í þeirri deild sem erindinu er vísað til.

3. Nefndinni er heimilt að stofna starfshópa, sem séu hver um sig skipaðir að minnsta kosti þremur nefndarmönnum, er hafa vald, ef allir eru ósammála, til að lýsa erindi, sem borið er fram skv. 25. gr., ótækt eða fella það af málaskrá þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari athugunar.

4. Deild eða starfshópur getur ávallt látið lögsögu í máli í hendur fullskipaðrar nefndar, sem einnig getur mælt fyrir um flutning til sín á erindi sem vísað hefur verið til deildar eða starfshóps.

5. Aðeins nefndin fullskipuð getur farið með eftirfarandi völd:

a. Athugun á málshöfðun skv. 24. gr.

b. Vísun máls til dómstólsins í samræmi við 48. gr. a.

c. Samningu starfsreglna í samræmi við 36. gr.][2])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 1. gr.

21. gr.

1. Ráðherranefndin velur nefndarmennina af skrá sem skrifstofa ráðgjafarþingsins gerir. Skulu þeir kosnir með hreinum meiri hluta atkvæða. Fulltrúar hvers samningsaðila á ráðgjafarþinginu tilnefna þrjá menn og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera þegnar hlutaðeigandi ríkis.

2. Sömu aðferð skal eftir atvikum beita til að fullskipa nefndina ef fleiri ríki verða síðar aðilar að samningi þessum, svo og þegar sæti verður autt.

[3. Þeir sem tilnefndir eru skulu vera menn grandvarir og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastöðum eða vera viðurkenndir fyrir þekkingu á landslögum eða þjóðarétti.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 2. gr.

22. gr.

1. Nefndarmenn skulu kosnir til sex ára. Þá má endurkjósa. Þó skal kjörtímabili sjö þeirra sem kjörnir eru í fyrstu kosningu lokið að þremur árum liðnum.

2. Þeir sem ganga eiga úr nefndinni að fyrstu þremur árum liðnum skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs þegar að afloknu fyrsta kjöri.

3. [Til þess að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um helming nefndarmanna þriðja hvert ár er ráðherranefnd heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri nefndarmanna, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en sex ára, þó eigi lengur en til níu ára né skemur en til þriggja.

4. Þegar um starfstíma fleiri en eins nefndarmanna að ræða og ráðherranefndin beitir ákvæðum næstu málsgreinar á undan skal starfstími hvers ákvarðaður með hlutkesti er aðalframkvæmdastjóri annast þegar að kosningu lokinni.][1])

[5.][2]) Nefndarmaður, sem kjörinn hefur verið í stað annars, er eigi hafði lokið kjörtímabili sínu, skal eiga sæti í nefndinni, uns því tímabili er lokið.

[6.][2]) Nefndarmenn skulu halda sæti sínu, þar til er aðrir koma í þeirra stað. Þá er þeir hafa verið leystir af skulu þeir starfa áfram að þeim málum sem þeir voru teknir til við.

[1]) Samningsviðauki nr. 5, 1. gr.

[2]) Samningsviðauki nr. 5, 2. gr.

23. gr.

Nefndarmenn skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar.

24. gr.

Sérhver samningsaðili getur, fyrir atbeina aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, skotið til nefndarinnar hverju meintu broti á ákvæðum sáttmálans sem annar samningsaðili telst hafa framið.

25. gr.

1. Nefndin getur tekið við erindum, sem beint er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, frá hvaða einstaklingi sem er, samtökum eða hópi einstaklinga sem halda því fram að samningsaðili hafi brotið á þeim réttindi þau sem lýst er í sáttmála þessum, enda hafi samningsaðili sá, sem kærður hefur verið, lýst því yfir að hann viðurkenni að nefndin sé bær til að taka við slíkum erindum. Þeir samningsaðilar, sem gefið hafa slíka yfirlýsingu, heita því að hindra ekki á nokkurn hátt raunhæfa beitingu þessa réttar.

2. Slíkar yfirlýsingar má gefa til tiltekins tíma.

3. Yfirlýsingarnar skulu afhentar aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, en hann skal senda samningsaðilum afrit af þeim og birta þær.

4. Nefndin skal einungis beita því valdi, sem henni er veitt með þessari grein þegar a.m.k. sex samningsaðilar eru skuldbundnir með yfirlýsingum samkvæmt málsgreinunum hér á undan.

26. gr.

Nefndin getur því aðeins tekið mál til meðferðar að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar í heimalandinu, samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þjóðaréttar og innan sex mánaða frá því að fullnaðarákvörðun var þar tekin.

27. gr.

1. Nefndin skal eigi taka til meðferðar erindi sem lagt er fyrir hana skv. 25. gr. ef það er

a. frá ónafngreindum aðila;

b. eða efnislega hið sama og mál sem þegar hefur verið rannsakað af nefndinni eða hefur verið lagt fyrir til rannsóknar eða úrskurðar á alþjóðavettvangi og felur ekki í sér neinar nýjar upplýsingar sem máli skipta.

2. Nefndin skal meta ótæka hverja þá kæru sem hún telur ósamrýmanlega ákvæðum sáttmála þessa, augljóslega illa grundaða eða fela í sér misnotkun á kæruréttinum.

3. Nefndin skal vísa frá hverju því erindi sem hún telur sér óheimilt að fjalla um skv. 26. gr.

28. gr.

[1.][1]) Hafi nefndin samþykkt að taka til meðferðar erindi sem henni hefur borist:

a. skal hún, í því skyni að sannreyna málsatvik, fara yfir málið með fulltrúum deiluaðila og, ef þörf krefur, láta rannsaka það. Er þeim ríkjum, sem hlut eiga að máli, þá skylt að greiða í hvívetna fyrir rannsókninni að höfðu samráði við nefndina.

b. Þá skal hún jafnframt vera aðilum til reiðu við að ná sáttum í málinu enda sé við þær að fullu gætt þeirra mannréttinda sem skýrgreind eru í samningi þessum.

[2. Ef nefndinni tekst að koma á sáttum skal hún semja um það skýrslu sem senda skal hlutaðeigandi ríkjum, ráðherranefndinni og aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til birtingar. Skýrslan skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn sem fengin var.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 4. gr.

29. gr.

[Þegar nefndin hefur tekið við málskoti skv. 25. gr. getur hún eftir sem áður ákveðið að hafna því [með atkvæðum tveggja þriðju hluta nefndarmanna][1]) uppgötvi hún við rannsókn þess einhverja ástæðu frávísunar, svo sem greinir í 27. gr.

Fari svo ber að tilkynna það málsaðilum.][2])

[1]) Samningsviðauki nr 8, 5. gr.

[2]) Samningsviðauki nr. 3, 1. gr.

30. gr.

[1. Nefndin getur á hvaða stigi málsmeðferðar sem er ákveðið að fella erindi af málaskrá sinni þegar aðstæður gefa tilefni til að ætla að:

a. höfðandi hyggist ekki fylgja erindi sínu eftir, eða

b. málinu hafi verið ráðið til lykta, eða

c. af einhverri annarri ástæðu, sem nefndin ákvarðar, sé ekki lengur réttlætanlegt að halda áfram að fjalla um málið.

Nefndin skal þó halda áfram rannsókn erindis ef nauðsynlegt er til þess að mannréttindi þau, sem skýrgreind eru í samningi þessum, séu virt.

2. Ef nefndin ákveður að fella erindi af málaskrá sinni eftir að hafa tekið við því skal hún gera skýrslu sem hefur að geyma lýsingu á málsatvikum og ákvörðuninni um að fella erindið niður svo og ástæður þess. Málsaðilum skal send skýrslan svo og ráðherranefndinni til upplýsingar. Nefndin getur birt skýrsluna.

3. Nefndinni er heimilt að taka erindi að nýju á málaskrá sína ef hún telur að aðstæður réttlæti það.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 6. gr.

31. gr.

1. [Ef rannsókn erindis hefur ekki lokið í samræmi við 28. gr. (2. tölul.), 29. gr. eða 30. gr. skal nefndin gefa skýrslu um málsatvik og tjá skoðun sína á hvort málsatvik þau,

sem upplýst eru, leiði í ljós brot hlutaðeigandi ríkis á skyldum þess samkvæmt samningnum. Birta má álit einstakra nefndarmanna um þetta atriði í skýrslunni.][1])

2. Skýrslan skal send ráðherranefndinni. Hún skal enn fremur send hlutaðeigandi ríkjum og skal þeim eigi heimilt að birta hana.

3. Um leið og nefndin sendir ráðherranefndinni skýrsluna getur hún gert þær tillögur sem henni þurfa þykir.

[1]) Samningsviðauki nr. 8. 7. gr.

32. gr.

1. Sé málinu ekki skotið til dómstólsins í samræmi við 48. gr. þessa samnings innan þriggja mánaða frá því að skýrslan var send ráðherranefndinni skal hún úrskurða með tveimur þriðju atkvæða þeirra er rétt eiga til setu hvort um brot sé að ræða á samningnum.

2. Verði niðurstaðan sú skal ráðherranefndin ákveða samningsaðila frest til þess að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru samkvæmt niðurstöðu ráðherranefndarinnar.

3. Ef samningsaðili hefur ekki gert fullnægjandi ráðstafanir innan hins tiltekna frests skal ráðherranefndin ákvarða með þeim meiri hluta, sem tilskilinn er í 1. tölul. þessarar greinar, hvernig fylgt skuli eftir hinni upphaflega ákvörðun hennar og birta skýrsluna.

4. Samningsaðilarnir heita því að hlíta hverri þeirri ákvörðun sem ráðherranefndin kann að taka samkvæmt ofangreindum töluliðum.

33. gr.

Fundi nefndarinnar skal halda fyrir luktum dyrum.

34. gr.

[Ákvarðanir nefndarinnar skulu teknar af meiri hluta þeirra sem fund sækja og greiða atkvæði, sbr. þó ákvæði 20. gr. (3. tölul.) og 29. gr.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8. 8. gr.

35. gr.

Fundir í nefndinni skulu haldnir eftir þörfum. Fundir skulu boðaðir af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

36. gr.

Nefndin skal sjálf setja sér fundarsköp.

37. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal sjá nefndinni fyrir starfsliði.

IV. KAFLI

38. gr.

Mannréttindadómstóll Evrópu skal skipaður dómurum jafnmörgum þeim ríkjum sem aðilar eru að Evrópuráðinu. Eigi mega fleiri en einn þegn sama ríkis sitja í dómstólnum.

39. gr.

1. Dómarar skulu kjörnir af ráðgjafarþinginu, með meiri hluta greiddra atkvæða, af listum sem aðildarríki Evrópuráðs leggja fram. Hvert aðildarríki skal tilnefna þrjá menn, og skulu a.m.k. tveir þeirra vera þegnar hlutaðeigandi ríkis.

2. Eftir því sem við á skal sami háttur hafður á til fylla tölu dómara þegar ný aðildarríki ganga í Evrópuráðið eða sæti losnar í dómstólnum.

3. Dómaraefni skulu vera menn grandvarir, og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastörfum eða vera lögvísir svo orð fari af.

40. gr.

1. Dómarar skulu kosnir til níu ára í senn. Þá má endurkjósa. Af þeim dómurum, sem kosnir eru í fyrstu kosningu, skal þó kjörtímabili fjögurra lokið að þremur árum liðnum og annarra fjögurra að sex árum liðnum.

2. Þeir dómarar, sem ganga eiga úr að fyrstu þremur eða sex árum liðnum, skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra þegar að aflokinni fyrstu kosningu.

[3. Til þess að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um þriðjung dómara þriðja hvert ár er ráðgjafarþingi heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri dómara, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en níu ára, þó eigi lengur en til tólf ára né skemur en til sex.

4. Þegar um starfstíma fleiri en eins dómara er að ræða og ráðgjafarþing beitir ákvæðum næstu málsgreinar á undan skal starfstími hvers ákvarðaður með hlutkesti er aðalframkvæmdastjóri annast þegar að kosningu lokinni.][1])

[5.][2]) Dómari, sem kjörinn hefur verið í stað annars er eigi hafði lokið kjörtímabili sínu, skal eiga sæti í dómstólnum út það kjörtímabil.

[6.][2]) Dómarar skulu halda sæti sínu í dómstólnum þar til aðrir koma í þeirra stað. Þá er þeir hafa verið leystir af skulu þeir starfa áfram að þeim málum sem þeir voru teknir til við.

[7. Dómarar skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar. Meðan á kjörtímabili þeirra stendur skulu þeir ekki gegna nokkurri þeirri stöðu sem er ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra og hlutleysi sem dómarar eða kröfum þeim sem starfið gerir.][3])

[1]) Samningsviðauki nr. 5, 3. gr.

[2]) Samningsviðauki nr. 5, 4. gr.

[3]) Samningsviðauki nr. 8, 9. gr.

41. gr.

[Dómstóllinn skal kjósa sér forseta og einn eða tvo varaforseta til þriggja ára. Þá má endurkjósa.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 10. gr.

42. gr.

Dómararnir skulu fá þóknun fyrir hvern starfsdag og skal ráðherranefndin ákveða upphæð hennar.

43. gr.

Deild [níu][1]) dómara skal fara með hvert það mál sem lagt er fyrir dómstólinn. Sjálfskipaður í deildina er dómarinn sem er þegn málsaðila. Fyrirfinnist enginn slíkur tilnefnir aðili dómara. Dómsforseti velur aðra dómara með hlutkesti áður en málsmeðferð hefst.

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 11. gr.

44. gr.

Aðeins samningsaðilar og nefndin hafa rétt til að skjóta máli til dómstólsins.

45. gr.

Lögsaga dómstólsins tekur til allra mála sem varða túlkun og framkvæmd samnings þessa og samningsaðilar eða nefndin leggja fyrir hann skv. 48. gr.

46. gr.

1. Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er lýst því yfir að hann viðurkenni skylduga lögsögu dómstólsins, *ipso facto* og án sérstaks samkomulags, í öllum málum sem varða túlkun og framkvæmd samningsins.

2. Þær yfirlýsingar, er að ofan greinir, má gefa skilyrðislaust eða með skilyrði um gagnkvæmi af hálfu nokkurra eða tiltekinna annarra samningsaðila, eða til ákveðins tímabils.

3. Þessar yfirlýsingar skulu afhentar aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu, og skal hann fá samningsaðilum afrit af þeim.

47. gr.

Dómstólnum skal því aðeins heimilt að fjalla um mál að nefndin hafi lýst því yfir að mistekist hafi að koma á sáttum, enda sé eigi liðinn sá þriggja mánaða frestur sem kveðið er á um í 32. gr.

48. gr.

Þeir, er nú skal greina geta lagt mál fyrir dómstólinn, enda sé samningsaðili sá eða þeir sem hlut eiga að máli skyldir að hlíta lögsögu dómstólsins eða annars kostar samþykki það:

a. nefndin;

b. samningsaðili er þegn hans er talinn órétti beittur;

c. samningsaðili sá sem vísaði málinu til nefndarinnar;

d. samningsaðili sem kvörtun hefur verið beint gegn.

49. gr.

Ef ágreiningur verður um lögsögu dómstólsins sker hann úr.

50. gr.

Nú telur dómstóllinn úrskurð eða ráðstöfun stjórnvalds samningsaðila fara að öllu leyti eða nokkru í bág við skyldur hans samkvæmt samningi þessum, enda veiti lög hans aðeins bætur að hluta sakir afleiðinga af slíkum úrskurði eða ráðstöfun, og skal dómstóllinn þá úrskurða, ef með þarf, aðila þeim, sem órétti var beittur, sanngjarnar bætur.

51. gr.

1. Dómstóllinn skal rökstyðja dóma sína.

2. Ef dómarar verða ekki sammála um dóm sinn að öllu eða einhverju leyti skal hver dómari hafa rétt til að skila séráliti.

52. gr.

Dómur dómstólsins skal vera endanlegur.

53. gr.

Samningsaðilar heita því að hlíta dómi dómstólsins í hverju því máli sem þeir eru aðilar að.

54. gr.

Dómur dómstólsins skal fenginn ráðherranefndinni sem hefur umsjón með framkvæmd hans.

55. gr.

Dómstóllinn setur sér reglur og ákveður dómsköp sín.

56. gr.

1. Fyrsta kosning dómara skal fara fram eftir að yfirlýsingar samningsaðilanna, sem um getur í 46. gr., eru orðnar átta að tölu.

2. Ekkert mál verður lagt fyrir dómstólinn áður en kosning þessi hefur farið fram

V. KAFLI

57. gr.

Samningsaðilum er skylt, þegar aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs óskar þess, að gera grein fyrir því hvernig landslög þeirra tryggi raunhæfa framkvæmd ákvæða samnings þessa.

58. gr.

Evrópuráðið skal standa straum af útgjöldum nefndarinnar og dómstólsins.

59. gr.

Nefndarmenn og dómarar skulu við störf sín njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi sem greind eru í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðs og þeim samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt henni.

60. gr.

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að það takmarki eða rýri nokkur þau mannréttindi og mannfrelsi sem tryggð kunna að vera í löggjöf aðila samnings þessa eða með öðrum samningi sem hann er aðili að.

61. gr.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal rýra vald það sem ráðherranefndinni er fengið í stofnskrá Evrópuráðs.

62. gr.

Samningsaðilarnir eru ásáttir um að þeir muni ekki, nema um annað sé sérstaklega samið, notfæra sér samninga, sáttmála eða yfirlýsingar sem í gildi eru þeirra á milli til að leggja með málskoti ágreining um túlkun og framkvæmd samnings þessa til annars konar úrlausnar en hann mælir fyrir um.

63. gr.

1. Hvert ríki getur, þegar það fullgildir samning þennan eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs að samningur þessi skuli gilda fyrir öll eða einhver af þeim landsvæðum sem það gegnir fyrir á alþjóðavettvangi.

2. Samningurinn skal gilda fyrir það eða þau landsvæði, sem greind eru í tilkynningu, að 30 dögum liðnum frá því að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

3. Ákvæðum samnings þessa skal þó beitt á slíkum landsvæðum með fullri hliðsjón af því hversu háttar til á hverjum stað.

4. Hvert það ríki, sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. tölul. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra, sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að nefndin sé bær um að taka við erindum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 25. gr. samnings þessa.

64. gr.

1. Hverju ríki skal heimilt við undirritun samnings þessa eða afhendingu fullgildingarskjals síns að gera fyrirvara um tiltekin ákvæði samningsins að svo miklu leyti sem gildandi löggjöf á landsvæði þess er ekki í samræmi við það ákvæði. Fyrirvarar almenns eðlis skulu óheimilir samkvæmt þessari grein.

2. Sérhverjum fyrirvara samkvæmt þessari grein skal fylgja stutt greinargerð um þá löggjöf sem um er að ræða.

65. gr.

1. Samningsaðila skal einungis heimilt að segja upp samningi þessum að liðnum fimm árum frá því að hann gerðist aðili að honum og með sex mánaða uppsagnarfresti sem greindur sé í tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, en hann skal skýra öðrum samningsaðilum frá uppsögninni.

2. Slík uppsögn skal ekki leysa samningsaðila undan skyldum sínum samkvæmt samningi þessum hvað varðar verknað sem fara kann í bág við slíkar skuldbindingar og hann kann að hafa framið áður en uppsögnin tók gildi.

3. Hver sá samningsaðili, sem gengur úr Evrópuráðinu, skal slíta aðild sinni að samningi þessum með sömu skilmálum.

4. Samningi þessum má segja upp í samræmi við ákvæði töluliðanna hér að ofan hvað varðar hvert það landsvæði sem lýst hefur verið yfir að hann taki til skv. 63. gr.

66. gr.

1. Aðilum Evrópuráðs skal heimilt að undirrita samning þennan. Hann skal fullgiltur. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

2. Samningur þessi skal taka gildi þegar tíu ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

3. Hvað varðar hvert það ríki, sem undirritað hefur samninginn og fullgildir hann eftir þetta, skal hann taka gildi daginn sem fullgildingarskjalið er afhent.

4. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðilum Evrópuráðs um gildistöku samningsins, nöfn þeirra ríkja sem hafa fullgilt hann og afhendingu allra fullgildingarskjala sem síðar kunna að berast.

Gjört í Róm, hinn 4. nóvember 1950, á ensku og frönsku – jafngildirtextar báðir – í einu eintaki er varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri skal senda staðfest endurrit hverju ríki sem undirritað hefur.

Samningsviðauki nr. 1 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa bókun þessa, eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa ákveðið að bindast samtökum um að fullnægja tilteknum réttindum og frelsi umfram það sem þegar er greint í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem gerður var í Róm hinn 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn“).

Hafa þær því komið sér saman um það, sem hér segir:

1. gr.

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

2. gr.

Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miða að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.

3. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að halda frjálsar kosningar með hæfilegu millibili, og sé atkvæðagreiðsla leynileg og fari fram við aðstæður er tryggi það að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings.

4. gr.

Hver samningsaðili um sig má við undirskrift, við fullgildingu eða síðar afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs yfirlýsingu um, að hve miklu leyti hann ábyrgist að ákvæði samningsviðauka þessa nái til landsvæða þeirra sem hann gegnir fyrir á alþjóðavettvangi og upp eru talin í yfirlýsingunni.

Hver samningsaðili, sem afhent hefur yfirlýsingu samkvæmt undanfarandi málsgrein, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu þar sem breytt er ákvæðum fyrri yfirlýsinga eða tilkynnt er að ákvæði samningsviðauka þessa gildi ekki um tiltekið landsvæði.

Yfirlýsingu, sem gefin er í samræmi við grein þessa, skal skoða svo sem hún sé gerð í samræmi við 1. málsgrein 63. greinar samningins.

5. gr.

Samningsaðilum ber að líta á 1., 2., 3. og 4. grein hér að ofan sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda samkvæmt því.

6. gr.

Samningsviðauka þennan er öllum aðildarríkjum Evrópuráðs, sem undirritað hafa samninginn, heimilt að undirrita. Skal fullgilda hann jafnframt samningnum eða síðar. Gengur hann í gildi þegar tíu fullgildingarskjöl hafa verið afhent. Að því er snertir undirskriftir, er síðar verða fullgiltar, skal samningsviðaukinn ganga í gildi frá þeim deg, er fullgildingarskjalið er afhent.

Afhenda skal fullgildingarskjölin aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, og skal hann tilkynna öllum aðildarríkjum nöfn þeirra er fullgilt hafa.

Gjört í París hinn 20. mars 1952, á ensku og frönsku – jafngildir textar – báðir í einu eintaki er varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri skal senda staðfest endurrit hverju ríki sem undirritað hefur.

Samningsviðauki nr. 2 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um vald Mannréttindadómstóls Evrópu til að láta uppi ráðgefandi álit.

Aðildarríki Evrópuráðs, þau er hér undirrita, skírskota til ákvæða samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér eftir nefndur „samningurinn"), einkum 19. greinar hans þar sem meðal annarra stofnana er settur á fót Mannréttindadómstóll Evrópu (hér eftir nefndur „dómstóllinn"); telja nauðsynlegt að veita dómstólnum réttindi til þess að láta uppi ráðgefandi álit í ákveðnum tilvikum;

og hafa því orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Dómstólnum er heimilt, ef ráðherranefndin æskir, að láta uppi ráðgefandi áliti um lögfræðileg atriði er varða túlkun samningsins og samningaviðauka við hann.

2. Eigi má í slíkum álitsgerðum fjalla um nokkurt atriði, er varðar efni eða umfang réttinda þeirra eða mannfrelsis, er fjallað er um í I. kafla samningsins og samningsviðaukum við hann, né heldur um önnur atriði sem mannréttindanefndin, dómstóllinn eða ráðherranefndin kynnu að þurfa að taka afstöðu til í framhaldi af málskotum er efnt kynni að verða til í samræmi við samninginn.

3. Til þess að ákvörðun ráðherranefndar um að æskja álits dómstólsins nái fram að ganga þarf til tvo þriðju hluta atkvæða fulltrúa þeirra er sæti eiga í nefndinni.

2. gr.

Dómstóllinn sker úr um það hvort ósk um álit, er ráðherranefnd ber fram, sé innan ráðgjafarsviðs hans, svo sem það er skilgreint í 1. grein samningsviðauka þessa.

3. gr.

1. Dómstóllinn skal á sameinuðum fundi fjalla um óskir um ráðgefandi álit.

2. Álit dómstólsins skal vera rökstutt.

3. Nú er álit eigi að öllu eða nokkru leyti einróma, og ber hverjum dómara réttur til að setja fram sérálit.

4. Áliti dómstólsins skal skilað til ráðherranefndar.

4. gr.

Valdsvið dómstólsins skv. 55. grein samningins skal ná til þess að setja þær reglur og dómsköp er honum þurfa þykir vegna samningsviðauka þessa.

5. gr.

1. Samningsviðauki þessi liggur frammi til undirskriftar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn, og geta þau gerst aðilar að honum:

a. með því að undirrita hann án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki;

b. með því að undirrita hann með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki sem síðan er gengið frá.

Skjöl um fullgildingu eða samþykki ber að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

2. Samningsviðauki þessi gengur í gildi jafnskjótt og öll aðildarríki samningsins hafa gerst aðilar að honum samkvæmt ákvæðum fyrsta töluliðar þessarar greinar.

3. Frá því að samningsviðauki þessi gengur í gildi skoðast 1. til 4. gr. hans órjúfanlegur hluti sáttmálans.

4. Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs ber að tjá aðildarríkjum ráðsins um

a. allar undirskriftir án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki,

b. allar undirskriftir með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki,

c. öll skjöl um fullgildingu eða samþykki, sem fram eru lögð, og

d. hvenær samningsviðauki þessi gengur í gildi í samræmi við 2. tölulið greinar þessarar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

Gjört í Strassborg, 6. dag maímánaðar 1963, á ensku og frönsku -jafngildir textar báðir – í einu eintaki – sem geyma skal í skjalasafni Evrópuráðs. Skal aðalframkvæmdastjóra láta öllum ríkjum, sem undirritað hafa, staðfest afrit í té.

Samningsviðauki nr. 4 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um tiltekin önnur mannréttindi en greinir þegar í samningnum og samningsviðauka nr. 1 við hann.

Aðildarríki Evrópuráðs, þau er hér undirrita og ákveðið hafa að gera ráðstafanir til þess að tryggja sameiginlega vernd tiltekinna réttinda og mannfrelsis umfram það er þegar greinir í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (og hér eftir nefnist samningurinn), og í 1., 2. og 3. gr. samningsviðauka nr. 1 við samninginn er undirritaður var París 20. mars 1952,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Engan mann má svipta frelsi af þeirri ástæðu einni að hann getur ekki staðið við gerða samninga.

2. gr.

1. Öllum þeim sem á löglegan hátt eru staddir á landi einhvers ríkis skulu frjálsir ferða og dvalarstaðar þar í landi.

2. Öllum ber réttur til brottfarar úr landi, einnig úr eigin landi.

3. Eigi má leggja nokkrar hömlur á vernd slíkra réttinda, umfram það sem lög standa til og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, í þágu allsherjarreglu, til að firra glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

4. Réttindi þau, er greinir í 1. mgr., geta á tilteknum landsvæðum sætt takmörkunum, svo fremi að þeim sé beitt að lögum og þær séu réttlætanlegar vegna almennra hagsmuna í lýðræðislegu þjóðfélagi.

3. gr.

1. Eigi má vísa nokkrum manni úr landi þess ríkis sem hann er þegn í, hvort heldur sem einstaklingi eða samkvæmt ráðstöfun sem beinist gegn hópi manna.

2. Eigi má banna nokkrum manni að koma til þess ríkis sem hann er þegn í.

4. gr.

Bannað er að gera hópa útlendinga landræka.

5. gr.

1. Heimilt er aðildarríkjum, um leið og þau undirrita samningsviðauka þennan, eða hvenær sem er síðar, að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs yfirlýsingu um það að hve miklu leyti þau ábyrgist að ákvæði samningsviðauka þessa nái til þeirra landsvæða er þau fara með utanríkismál fyrir og nefnd eru í yfirlýsingunni.

2. Aðildarríki, sem afhent hefur yfirlýsingu samkvæmt næst tölulið á undan, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu um breytingar á fyrri yfirlýsingu eða um uppsögn á gildi samningsviðauka þessa gagnvart einhverju landsvæði.

3. Yfirlýsing, sem fram er lögð samkvæmt þessari grein, telst vera gerð í samræmi við 1. mgr. 63. gr. samningins.

4. Landsvæði hvers ríkis, sem þessi samningsviðauki nær til samkvæmt fullgildingu eða samþykki ríkis, og hvert landsvæði, sem hann nær til samkvæmt yfirlýsingu ríkis í samræmi við grein þessa, ber að skoða sem aðgreind landsvæði að því er varðar ákvæðin í 2. og 3. gr. um landsvæði ríkis.

6. gr.

1. Aðildarríkja í milli skal líta á ákvæði 1. til 5. gr. þessa samningsviðauka sem viðaukagreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda í samræmi við það.

2. Eigi að síður koma réttindi einstaklinga til málskots, svo sem þau eru viðurkennd með yfirlýsingu samkvæmt 25. gr. samningsins eða með samþykki við lögsögu dómstólsins, svo sem hún er viðurkennd með yfirlýsingu samkvæmt 46. gr. samningins, ekki til framkvæmda að því er samningaviðauka þennan varðar fyrr en aðildarríki það, sem í hlut á, hefur lýst því yfir að það virði þessi réttindi eða að það fallist á þar greinda lögsögu að því er varðar öll eða einhver ákvæði 1. til 4. gr. samningsviðauka þessa.

7. gr.

1. Samningsviðauki þessi liggur frammi til undirskriftar þeim aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Skal fullgilda hann um leið og saminginn eða síðar. Skal hann öðlast gildi þegar fimm fullgildingarskjöl hafa verið lögð fram. Nú fullgilda ríki hann síðar og gengur hann í gildi gagnvart þeim þann dag sem fullgilding er fram lögð.

2. Fullgildingarskjöl ber að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, og tilkynnir hann öllum aðildarríkjum um hver þeirra fullgilt hafi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

Strassborg, 16. dag septembermánaðar 1963, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki sem geyma ber í skjalasafni Evrópuráðs. Skal aðalframkvæmdastjóri láta öllum ríkjum, er undirritað hafa, staðfest afrit í té.

Samningsviðauki nr. 6 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, varðandi afnám dauðarefsingar.

Aðildarríki Evrópuráðs, sem undirritað hafa þennan samningsviðauka við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur samningurinn), telja að þróun sú, sem orðið hefur í ýmsum að-

ildarríkjum Evrópuráðsins, lýsi almennri tilhneigingu í átt til afnáms dauðarefsingar, hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Dauðarefsing skal afnumin. Engan skal dæma til slíkrar refsingar eða lífláta.

2. gr.

Ríki er heimilt að setja ákvæði í lög sín um dauðarefsingu fyrir verknaði framda á stríðstímum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir. Slíkri refsingu skal aðeins beitt í þeim tilvikum, sem tilgreind eru í lögunum og í samræmi við ákvæði laganna. Viðkomandi ríki skal kynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs slík lagaákvæði.

3. gr.

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum þessa samningsviðauka á grundvelli 15. gr. samningsins.

4. gr.

Óheimilt er að gera fyrirvara samkvæmt 64. gr. samningsins um ákvæði þessa samningsviðauka.

5. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðaukinn nær til.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn tekur gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi töluliðum, má afturkalla fyrir hvert það landsvæði, sem þar er greint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

6. gr.

Milli aðildarríkjanna skulu ákvæði 1. til 5. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótargreinar við samninginn og öll ákvæði samningsins skulu gilda í samræmi við það.

7. gr.

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Hann skal háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðs getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það fullgildi samninginn jafnframt eða fyrr. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

8. gr.

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að fimm aðildarríki Evrópuráðs hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum samkvæmt ákvæðum 7. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar samþykkir að vera bundið af samningsviðauka þessum, öðlast hann gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

9. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðs um:

a. Sérhverja undirritun.

b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa samkvæmt 5. og 8. gr.

d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða orðsendingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samningsviðauka þennan.

Gjört í Strassborg, 28. apríl 1983, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðs.

Samningsviðauki nr. 7 á við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Aðildarríki Evrópuráðs, sem undirritað hafa samningsviðauka þennan, og ákveðið hafa að gera frekari ráðstafanir til að tryggja sameiginlega framkvæmd tiltekinna réttinda og frelsis með tilstuðlan samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur samningurinn),

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Útlendingi, sem löglega er búsettur á landsvæði ríkis, skal ekki vísað þaðan nema eftir ákvörðun sem tekin hefur verið í samræmi við lög, og skal honum heimilt:

a. að bera fram ástæður gegn brottvísun sinni,

b. að fá mál sitt tekið upp að nýju, og

c. að fá erindi sitt flutt í þessu skyni fyrir réttu stjórnvaldi eða manni eða mönnum sem það stjórnvald tilnefnir.

2. Heimilt er að vísa útlendingi brott áður en hann hefur neytt réttinda sinna samkvæmt a-, b- og c-lið 1. tölul. þessarar greinar þegar slík brottvísun er nauðsynleg vegna allsherjarreglu eða á grundvelli þjóðaröryggis.

2. gr.

1. Sérhver sá, sem dómstóll finnur sekan um afbrot, skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.

2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.

3. gr.

Nú hefur maður verið fundinn sekur um afbrot í lokadómi en síðar verið sýknaður eða náðaður vegna þess að ný eða nýupplýst staðreynd sýnir ótvírætt að réttarspjöll hafa

orðið og skal sá sem hefur þolað refsingu vegna slíkrar sakfellingar fá bætur samkvæmt lögum eða réttarvenjum viðkomandi ríkis, nema sannað sé að honum sjálfum var að öllu eða nokkru leyti um að kenna að hin óþekkta staðreynd var ekki látin upp í tíma.

4. gr.

1. Enginn skal sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur um með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis.

2. Ákvæði undanfarandi töluliðar skulu ekki vera því til fyrirstöðu að málið sé endurupptekið í samræmi við lög og sakamálaréttarfar viðkomandi ríkis ef fyrir hendi eru nýjar eða nýupplýstar staðreyndir, eða ef megingalli hefur verið á fyrri málsmeðferð sem gæti haft áhrif á niðurstöðu málsins.

3. Óheimilt er að víkja frá þessari grein með skírskotun til 15. gr. samningsins.

5. gr.

Hjón skulu njóta jafnréttis að því er varðar réttindi og skyldur að einkamálarétti sín í milli og í tengslum sínum við börn sín, við giftingu, í hjónabandi og ef til hjónaskilnaðar kemur. Þessi grein skal ekki vera því til fyrirstöðu að ríki geri ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna hagsmuna barnanna.

6. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðauki þessi skal ná til og taka fram að hve miklu leyti það ábyrgist að ákvæði hans gildi á slíku landsvæði eða landsvæðum.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningsviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur töluliðum má afturkalla eða breyta fyrir hvert það landsvæði sem þar er tilgreint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin eða breytingin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

4. Yfirlýsing, sem gerð er samkvæmt þessari grein, skal talin gerð í samræmi við 1. tölul. 63. gr. samningsins.

5. Heimilt er að skoða landsvæði sérhvers ríkis, sem þessi samningsviðauki tekur til samkvæmt fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki ríkisins, og hvert það landsvæði, sem þessi samningsviðauki tekur til samkvæmt yfirlýsingu ríkisins í samræmi við þessa grein, sem aðgreind landsvæði að því er varðar vísun til landsvæðis ríkis í 1. gr.

7. gr.

1. Aðildarríkjanna í milli skulu ákvæði 1. til 6. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði samningsins gilda í samræmi við það.

2. Þrátt fyrir það skal sá réttur einstaklinga til málskots, sem viðurkenndur er samkvæmt 25. gr. samningins, eða viðurkenning á bindingu á lögsögu dómsins samkvæmt yfirlýsingu í samræmi við 46. gr. samningins ekki gilda um þennan samningsviðauka

nema viðkomandi ríki hafi gefið yfirlýsingu um að það viðurkenni slíkan rétt eða lögsögu að því er tekur til 1. til 5. gr. þessa samningsviðauka.

8. gr.

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðs getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það fullgildi samninginn jafnframt eða á undan. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

9. gr.

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að sjö aðildarríki Evrópuráðs hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 8. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu við að vera bundið af samningsviðaukanum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjalsins.

10. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðildarríkjum Evrópuráðs um:

a. Sérhverja undirritun.

b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa samkvæmt 6. og 9. gr.

d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samningsviðauka þennan.

Gjört í Strassborg, 22. nóvember 1984, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðs.

756. Frumvarp til laga [341. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

1. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Vegna aðgerða við stjórn á framleiðslu og sölu landbúnaðarvara er innflutningur óheimill á þeim vörum sem tilgreindar eru í viðauka I með lögum þessum og flokkast í þar til greind tollskrárnúmer nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra. Ráðherra getur í reglugerð, sem hann setur um nánari framkvæmd leyfisveitinga, ákveðið að innflutningur þessara vara skuli tímabundið vera frjáls.

Viðaukar með lögum þessum skulu hafa lagagildi. Verði gerðar breytingar á flokkun vara í tollskrárnúmerum samkvæmt þeim skulu ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og 72. gr. laga þessara einnig taka til vara í þeim undirflokkum sem þannig verða til eftir því sem við á.

Áður en ákvarðanir eru teknar um innflutning samkvæmt þessari grein skal leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

2. gr.

4. mgr. 53. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar heimilað innflutning á þeim vörum, sem greinin tekur til, í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

3. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt, til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í viðauka I og II með lögum þessum og jafnframt eru framleiddar hér á landi. Verðjöfnun á unnum og/eða samsettum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra.

Verðjöfnunargjöld samkvæmt þessari grein skulu innheimt við tollafgreiðslu og renna í ríkissjóð.

Fjárhæð verðjöfnunargjalds má að hámarki vera mismunur annars vegar á innlendu verði hráefnis sem ákveðið er skv. 1. tölul. og hins vegar erlendu viðmiðunarverði sem ákveðið er skv. 2. tölul.:

1. Innlent verð skal ákveðið í eftirfarandi röð:
   1.1. Umsamið innlent viðmiðunarverð í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og bókunum við þá og tekur til hlutaðeigandi innflutnings.
   1.2. Samkvæmt IV. kafla laga þessara ef verð er ákveðið og birt í samræmi við þær reglur.
   1.3. Í samræmi við reglur 6. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald.

2. Erlent viðmiðunarverð skal ákveðið þannig eftir því sem við á um hlutaðeigandi innflutning:
   2.1. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar samkvæmt verðjöfnunarákvæðum í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.
   2.2. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar samkvæmt bókun 2 við samning milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.
   2.3. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar í verðjöfnunarákvæðum í öðrum fríverslunarsamningum en skv. 2.1 og 2.2 sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.
   2.4. Viðmiðunarverð sem birt er sem heimsmarkaðsverð einstakra landbúnaðarhráefna af hálfu Evrópusambandsins eða fríverslunarsamtaka, og skal ráðherra ákveða nánar í reglugerð við hvaða verð miðað er á hverri hráefnistegund. Komi í ljós að framleiðendur vöru eigi kost á að kaupa hráefni á lægra verði en birtu viðmiðunarverði samkvæmt framangreindu í að minnsta kosti þrjá mánuði er ráðherra heimilt að ákveða tímabundið að miða við það verð sem sérstaklega ákvarðað viðmiðunarverð. Sé viðmiðunarverð ekki birt með framangreindum hætti skal viðmiðunarverð ákvarðað í samræmi við það verð sem framleiðendur eiga kost á að kaupa hráefni á.

Landbúnaðarráðherra skal jafnan við ákvörðun verðjöfnunargjalds birta í reglugerð það innlenda og erlenda viðmiðunarverð sem notað er við ákvörðun gjaldsins.

Jafnan skal miða við verð á sama sölustigi nema annað leiði af ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga. Verðjöfnunargjöld má leggja á sem krónutölu á magneiningu eða sem hlutfallslegt gjald.

Ráðherra ákveður álagningu gjalda samkvæmt þessari grein í reglugerð. Álagning verðjöfnunargjalds skal vera í samræmi við þá skilmála sem kveðið er á um í fríverslunar- og milliríkjasamningum og takmarkast hverju sinni af því að verðjöfunargjald að viðbættum innflutningsgjöldum sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Við ákvörðun verðjöfnunargjalda skal ráðherra hafa sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna. Skal einn skipaður án tilnefningar, annar af fjármálaráðherra og hinn þriðji af viðskiptaráðherra. Nefndin skal afla upplýsinga um verð sem álagning gjaldanna miðist við en jafnframt tryggja nauðsynlegt samráð milli ráðuneyta þannig að þess sé gætt að samanlögð álagning innflutningsgjalda sé innan þeirra marka sem greinir í 6. mgr. Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd verðjöfnunargjalda, refsingar og aðra framkvæmd varðandi verðjöfnunargjöld skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Heimild landbúnaðarráðherra samkvæmt þessari grein skal koma í stað heimildar fjármálaráðherra skv. 120. gr. A í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, að því er varðar þær vörur sem grein þessi tekur til.

4. gr.

Í stað „3. mgr.“ í 2. mgr. 73. gr. laganna kemur: 7. mgr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

VIÐAUKI I

0201		**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt:**
	0201.1000	– Skrokkar og hálfir skrokkar
	0201.2000	– Sneitt á annan hátt, með beini
	0201.3000	– Beinlaust
0202		**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst:**
	0202.1000	– Skrokkar og hálfir skrokkar
	0202.2000	– Sneitt á annan hátt, með beini
	0202.3000	– Beinlaust
0203		**Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**
		– Nýtt eða kælt:
	0203.1100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar
	0203.1200	– – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini
	0203.1900	– – Annað
		– Fryst:
	0203.2100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar
	0203.2200	– – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini
	0203.2900	– – Annað
0204		**Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**
	0204.1000	– Lambaskrokkar, heilir og hálfir, nýir eða kældir
		– Annað kindakjöt, nýtt eða kælt:
	0204.2100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar
	0204.2200	– – Sneitt á annan hátt, með beini
	0204.2300	– – Beinlaust
	0204.3000	– Lambaskrokkar, heilir og hálfir, frystir
		– Annað kindakjöt, fryst:
	0204.4100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar
		– – Sneitt á annan hátt, með beini:
	0204.4201	– – – Svið (sviðahausar)
	0204.4209	– – – Annað
	0204.4300	– – Beinlaust
	0204.5000	– Geitakjöt
0205	0205.0000	**Kjöt af hrossum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst**

0206		**Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst:**
	0206.1000	– Af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt
		– Af dýrum af nautgripakyni, fryst:
	0206.2100	– – Tunga
	0206.2200	– – Lifur
	0206.2900	– – Annað
	0206.3000	– Af svínum, nýtt eða kælt
		– Af svínum, fryst:
	0206.4100	– – Lifur
	0206.4900	– – Annað
	0206.8000	– Annað, nýtt eða kælt
	0206.9000	– Annað, fryst
0207		**Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst:**
	0207.1000	– Alifuglar ekki skornir í hluta, nýir eða kældir
		– Alifuglar ekki skornir í hluta, frystir:
	0207.2100	– – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus
	0207.2200	– – Kalkúnar
	0207.2300	– – Endur, gæsir og perluhænsni
		– Sneiðar og hlutar af alifuglum (einnig lifur), nýtt eða kælt:
	0207.3100	– – Fitulifur gæsa og anda
	0207.3900	– – Annað
		– Sneiðar og hlutar af alifuglum annað en lifur, fryst:
	0207.4100	– – Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus
	0207.4200	– – Af kalkúnum
	0207.4300	– – Af öndum, gæsum eða perluhænsnum
	0207.5000	– Alifuglalifur, fryst
0208		**Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:**
	0208.1000	– Af kanínum eða hérum
	0208.9003	– – Rjúpur, frystar
	0208.9005	– – Selkjöt, fryst
	0208.9006	– – Hreindýrakjöt, fryst
Úr	0208.9009	– – Annars, þó ekki hvalkjöt og hvalafurðir
0209	0209.0000	**Svínafita án magurs kjöts og alifuglafita (óbrædd), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt**
0210		**Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:**
		– Svínakjöt:
	0210.1100	– – Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini
	0210.1200	– – Slög og sneiðar af þeim
	0210.1900	– – Annað

	0210.2000	– Kjöt af dýrum af nautgripakyni
		– Annað, þar með talið ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:
	0210.9001	– – Alifuglalifur, þurrkuð eða reykt
	0210.9002	– – Kindakjöt, saltað
	0210.9003	– – Kindakjöt, reykt (hangikjöt)
Úr	0210.9009	– – Annars, þó ekki hvalkjöt og hvalafurðir
0401		**Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**
	0401.1000	– Með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1% miðað við þyngd
	0401.2000	– Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd
	0401.3000	– Með fituinnihaldi sem er meira en 6% miðað við þyngd
0402		**Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**
	0402.1000	– Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1,5% miðað við þyngd
		– Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er meira en 1,5% miðað við þyngd:
	0402.2100	– – Án viðbætts sykurs eða annars sætiefnis
	0402.2900	– – Annað
		– Annað:
	0402.9100	– – Án viðbætts sykurs eða annars sætiefnis
	0402.9900	– – Annars
0403		**Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:**
		– *Jógúrt:*
	0403.1001	– – Kakaóblandað
	0403.1002	– – Blandað með ávöxtum eða hnetum
	0403.1003	– – Drykkjarjógúrt
	0403.1004	– – Bragðbætt, ót.a.
	0403.1009	– – Annað
		– Annað:
	0403.9001	– – Kakaóblandað
	0403.9002	– – Blandað með ávöxtum eða hnetum
	0403.9003	– – Drykkjarvara
	0403.9004	– – Bragðbætt, ót.a.
	0403.9009	– – Annars

0404		**Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrlegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.:**
	0404.1000	– Mysa og umbreytt mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
	0404.9000	– Annað
0405	0405.0000	**Smjör og önnur fita og olía fengið úr mjólk**
0406		**Ostur og ystingur:**
	0406.1000	– Nýr ostur (óþroskaður eða ógerjaður), einnig mysuostur og ystingur
	0406.2000	– Hvers konar rifinn eða mulinn ostur
	0406.3000	– Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn
	0406.4000	– Gráðostur
	0406.9000	– Annar ostur
0407	0407.0000	**Fuglsegg, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin**
0408		**Fuglsegg, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**
		– Eggjarauða:
	0408.1100	– – Þurrkuð
	0408.1900	– – Önnur
		– Annað:
	0408.9100	– – Þurrkað
	0408.9900	– – Annars
0410	0410.0000	**Ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.**
0602		**Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:**
		– Annað:
Úr	0602.9900	– – Tré og runnar, ót.a.
0604		**Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa, og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**
	0604.9101	– – – Jólatré, án rótar; jólatrésgreinar
1601		**Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum:**
	1601.0001	– Blóðmör og lifrarpylsa
	1601.0009	– Annað

1602		**Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum:**
	1602.1000	– Jafnblönduð matvæli
	1602.2000	– Úr dýralifur
		– Úr alifuglum í nr. 0105:
	1602.3100	– – Úr kalkún
	1602.3900	– – Annað
		– Úr svínum:
	1602.4100	– – Læri og lærissneiðar
	1602.4200	– – Bógur og bógsneiðar
	1602.4900	– – Annað, þar með taldar blöndur
	1602.5000	– Úr nautgripum
	1602.9000	– Annars, þar með talin framleiðsla úr hvers konar dýrablóði
1902		**Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:**
		– Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
	1902.2002	– – Með fyllingu sem inniheldur að magni til meira en 20% miðað við þunga af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því
2103		**Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:**
		– Annað:
Úr	2103.9009	– – Annars, sem inniheldur að magni til meira en 20% kjöt miðað við þunga
2104		**Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli:**
		– Súpur og seyði og framleiðsla í það:
Úr	2104.1004	– – Aðrar súpur sem innihalda að magni til meira en 20% kjöt
Úr	2104.1009	– – Annað sem inniheldur að magni til meira en 20% kjöt
		– Jafnblönduð samsett matvæli:
	2104.2001	– – Sem innihalda að magni til meira en 20% kjöt eða kjötúrgang miðað við þunga
2105		**Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi:**
Úr	2105.0001	– Sem inniheldur kakaó, úr mjólkurafurðum
Úr	2105.0009	– Annar, úr mjólkurafurðum
2106		**Matvæli, ót.a.:**
	2106.9049	– – Framleiðsla að meginstofni úr feiti og vatni sem inniheldur meira en 15% af smjöri eða annarri mjólkurfitu miðað við þyngd

VIÐAUKI II

0601		**Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoríuplöntur og síkoríurætur, þó ekki síkoríurætur í nr. 1212:**
		– Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í vexti eða blóma; síkoríuplöntur og síkoríurætur:
	0601.2002	– – Pottaplöntur
	0601.2009	– – Annað
0602		**Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:**
	0602.1000	– Græðlingar og gróðurkvistir, án róta
	0602.2000	– Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt, sem bera æta ávexti eða hnetur
	0602.3000	– Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar
	0602.4000	– Rósir, einnig ágræddar
		– Annað:
	0602.9100	– – Sveppaþræðir (Mycelíum)
	0602.9900	– – Annars
0603		**Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**
		– Nýtt:
		– – Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk, og paradísarfuglablóm:
	0603.1001	– – – Innflutt á tímabilinu 1. desember til 30. apríl
	0603.1002	– – – Innflutningur á öðrum tíma
	0603.1009	– – Annars
	0603.9000	– Annað
0604		**Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa, og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**
		– Annað:
		– – Nýtt:
	0604.9109	– – – Annað
	0604.9900	– – Annars
0701		**Kartöflur, nýjar eða kældar:**
	0701.1000	– Útsæði
	0701.9000	– Aðrar
0702		**Tómatar, nýir eða kældir:**
	0702.0001	– Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars
	0702.0002	– Innflutningur á öðrum tíma

0703		**Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:**
	0703.9000	– Blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir
0704		**Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:**
	0704.1000	– Blómkál og hnappað spergilkál
	0704.2000	– Rósakál
	0704.9000	– Annað
0705		**Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:**
		– Salat:
		– – Salat, kálhausar (head lettuce):
	0705.1101	– – – Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars
	0705.1102	– – – Innflutningur á öðrum tíma
	0705.1900	– – Annað
0706		**Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:**
	0706.1000	– Gulrætur og næpur
	0706.9000	– Annað
0707		**Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:**
	0707.0001	– Innfluttar á tímabilinu 1. nóvember til 1. mars
	0707.0009	– Innfluttar á öðrum tíma
0709		**Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:**
	0709.4000	– Selja, önnur en seljurót
		– Sveppir og tröfflur:
	0709.5100	– – Sveppir
	0709.5200	– – Tröfflur
		– Aldin Capsicumættarinnar eða Pimentaættarinnar:
	0709.6001	– – Allrahanda (pimento)
		– – Paprika:
	0709.6002	– – – Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars
	0709.6003	– – – Innflutningur á öðrum tíma
	0709.6009	– – Önnur
	0709.9009	– – Annars
0710		**Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar:**
	0710.1000	– Kartöflur
		– Aðrar matjurtir:
		– – Paprika:
	0710.8001	– – – Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars
	0710.8002	– – – Innflutningur á öðrum tíma
	0710.8009	– – Annars
	0710.9000	– Matjurtablöndur

0711		**Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis:**
	0711.4000	– Gúrkur og reitagúrkur
		– Aðrar matjurtir; matjurtablöndur:
	0711.9001	– – Kartöflur
	0711.9009	– – Annað
0712		**Þurrkaðar matjurtir, heilar, skornar, sneiddar, muldar eða steyttar í duft, en ekki frekar unnar:**
	0712.1000	– Kartöflur, einnig skornar eða sneiddar en ekki frekar unnar
	0712.3000	– Sveppir og tröfflur
		– Aðrar matjurtir; matjurtablöndur:
	0712.9009	– – Annars
1501		**Hreinsuð svínafeiti (Lard); önnur svína- og alifuglafeiti, brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin:**
		– Beinafeiti og úrgangsefnafeiti:
	1501.0011	– – Til matvælaframleiðslu
	1501.0019	– – Annars
		– Önnur:
	1501.0021	– – Til matvælaframleiðslu
	1501.0029	– – Annars
1502		**Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum, hrá eða brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin:**
		– Beinafeiti og úrgangsefnafeiti:
	1502.0011	– – Til matvælaframleiðslu
	1502.0019	– – Annars
		– Annað:
	1502.0021	– – Til matvælaframleiðslu
	1502.0029	– – Annars
1503		**Svínafeitisterín, svínaolía, tólgarsterín, oleóolía og tólgarolía, ekki gert að fleyti, eða unnið á annan hátt:**
	1503.0001	– Til matvælaframleiðslu
	1503.0009	– Annars
1506		**Önnur dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:**
	1506.0001	– Dýraolíur og efnisþættir þeirra
	1506.0009	– Annað

1517		**Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516:**
		– Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki:
		– – Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga:
	1517.1011	– – – Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna
	1517.1019	– – – Annars
		– Annað:
	1517.9002	– – Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjókurfitu miðað við þunga
1901		**Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaóduft eða inniheldur kakaó sem að magni til er innan við 50% miðað við þunga, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakaóduft eða innihalda kakaóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þunga, ót.a.:**
		– – Sem innihalda samanlagt 3% eða meira af nýmjólkurdufti, undanrennudufti, eggjum, mjókurfitu (svo sem smjöri), osti eða kjöti:
	1901.2023	– – – Blöndur og deig, með kjötinnihaldi til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítsur (pizza), í nr. 1905.9051
	1901.2024	– – – Blöndur og deig, með öðru innihaldi en kjöti, til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítsur (pizza) í nr. 1905.9059
1902		**Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:**
		– Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
Úr	1902.2009	– – Önnur, sem inniheldur kjöt
Úr	1902.3000	– Önnur pasta sem inniheldur kjöt
Úr	1902.4000	– Couscous sem inniheldur kjöt
1904		**Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt:**
Úr	1904.9000	– Annað sem inniheldur kjöt
1905		**Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur:**
		– – Bökur, þ.m.t. pítsur (pizza):
	1905.9051	– – – Sem innihalda kjöt
	1905.9059	– – – Aðrar

2001		**Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru:**
	2001.9003	– – Kartöflur og vörur úr þeim, ót.a.
2004		**Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar:**
		– Kartöflur:
	2004.1001	– – Fín- eða grófmalaðar eða flögur
	2004.1009	– – Aðrar
		– Aðrar matjurtir og matjurtablöndur:
	2004.9009	– – Annars
2005		**Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar:**
		– Kartöflur:
	2005.2001	– – Fín- eða grófmalaðar eða flögur
	2005.2002	– – Nasl, svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h.
	2005.2009	– – Aðrar
2103		**Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:**
		– Annað:
	2103.9009	– – Annars
2104		**Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli:**
		– Súpur og seyði og framleiðsla í það:
	2104.1004	– – Aðrar súpur
	2104.1009	– – Annað
		– Jafnblönduð samsett matvæli:
	2104.2001	– – Sem innihalda kjöt eða kjötúrgang
2106		**Matvæli, ót.a.:**
		– – Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:
Úr	2106.9029	– – – Önnur sem innihalda að einhverju leyti smjör, aðra fitu, olíu eða eggjahvítu úr mjólk
Úr	2106.9059	– – Annað sem inniheldur að einhverju leyti smjör, aðra fitu, olíu eða eggjahvítu úr mjólk

2202	**Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009:**
	– Annað:
2202.9001	– – Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða
2202.9009	– – Annars

757. Hafnalög. [193. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 563 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn:
   a. Gjöld, miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
   b. Fastagjöld fiskiskips í heimahöfn.
   c. Hafnsögugjöld.
   d. Vigtargjöld af öllum sjávarafla.
   e. Önnur gjöld.
2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu. Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.
3. Leiga fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 18. gr.
5. Lóðargjöld og lóðarleiga.
6. Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs, sbr. 4. mgr. 12. gr.
7. Ýmis þjónustugjöld, svo sem fyrir vigtun, móttöku á úrgangi, vatnssölu, rafmagnssölu, festagjöld o.fl.
8. Gjöld af ferjum og flóabátum.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum er fara um bryggjuna nema hafnarstjórn samþykki.

12. gr. hljóðar svo:

Öll gjöld skv. 11. gr. má taka fjárnámi hjá þeim aðila sem samkvæmt reglugerð er gert að standa skil á greiðslum til hafnarsjóðs.

Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda. Hafnarstjórn er heimilt að krefjast þess að útflytjandi leggi fram tryggingu fyrir vörugjaldi áður en vara fer úr höfn. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við almenna gjaldskrá skv. 13. gr. og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 10 brúttótonnum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.

Leiga af lóðum hafna skal almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðar. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. skal renna í Hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld eins og þau eru ákveðin í hinni almennu gjaldskrá, önnur en aflagjald, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Innheimtuaðilar vörugjalds skv. 2. tölul. 1. mgr. 11 gr. skulu innheimta og standa skil á sérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu, þar á meðal hversu oft það getur lagst á sömu vörusendingu og ákveða hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.

24. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þar með talið skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.
2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, ferjuaðstöðu, dýpkun og uppfyllingar sem teljast nauðsynlegur hluti viðlegumannvirkja.
3. Dreifikerfi rafmagns, skolps og vatns sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar samkvæmt staðfestingu Hafnamálastofnunar hverju sinni.
4. Umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt staðfestingu Hafnamálastofnunar hverju sinni.
5. Framkvæmdir við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir á hafnarsvæðum við upptökumannvirki fyrir skip.
7. Tollaðstaða fyrir farþegaferjur er halda uppi reglulegum áætlanasiglingum til landsins.

Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs telst hafnarframkvæmd, enda sé það liður í nýbyggingu, til umhverfisbóta eða mannvirkið í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirki svo illa farið að til álita komi að endurbyggja það skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf að mannvirkið hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi hafnamálastjóra.

Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps, verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

Landa- og lóðakaup hafna, svo og landgerð, njóta ekki ríkisstyrks. Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast. Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

33. gr. hljóðar svo:

Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt að fengnum tillögum Hafnamálastofnunar og hafnaráðs og með samþykki fjárlaganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.
2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þar með talið tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.
3. Sjóðnum er heimilt að veita lán og/eða styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 30% af heildarframkvæmdakostnaði til staða sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka. Styrkir mega aldrei nema meira en 15% af heildarframkvæmdakostnaði.
4. Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki umfram það sem segir í 3. tölul. til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga og vegna hafnaframkvæmda þar sem sveitarfélög eru sameinuð, enda sé um tvær eða fleiri hafnir að ræða í hinu nýja sveitarfélagi.
5. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

Samanlagt mega styrkir og lán úr Hafnabótasjóði að viðbættu ríkisframlagi aldrei fara yfir 90% af styrkhæfum framkvæmdakostnaði.

39. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessara laga.

758. Breytingartillaga [341. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni, Guðna Ágústssyni og Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Við frumvarpið bætist ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:

Rísi ágreiningur um túlkun þessara laga skal aðallega hafa hliðsjón af þeim skýringum sem fram koma á þskj. 671 á 117. löggjafarþingi.

759. Fyrirspurn [493. mál]

til samgönguráðherra um kaup á slökkvibílum fyrir Flugmálastjórn.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað réð úrslitum um að Flugmálastjórn gekk til samninga við erlendan framleiðanda um raðsmíði fimm minni slökkvibíla til afhendingar á árunum 1992–1996?
2. Var innlendum framleiðendum gefinn kostur á sambærilegum samningum?
3. Kemur til álita að slíta samstarfinu við hinn erlenda framleiðanda og gefa innlendum aðilum kost á að framleiða þá bíla sem á að afhenda á næstu árum?

760. Fyrirspurn [494. mál]

til viðskiptaráðherra um samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig er upplýsingagjöf til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) háttað af hálfu íslenskra stjórnvalda?
2. Hverjir fá í hendur eða hafa aðgang að upplýsingum, álitsgerðum eða athugasemdum sem sjóðurinn vinnur um Ísland í kjölfar heimsókna sendimanna þeirra hingað?
3. Ber Íslendingum skylda til að fara með álitsgerðir sjóðsins sem trúnaðarmál að einhverju eða öllu leyti og ef svo er hvers vegna?

761. Tillaga til þingsályktunar [495. mál]

um staðfestingu breytinga á samningi um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það sem gerðar voru í Lundúnum 12. október 1978.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ísland gerðist árið 1975 aðili að samningi frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1973, þar sem samningurinn er birtur, og 1/1976.

Á þriðja fundi samningsaðila í Lundúnum 12. október 1978 voru samþykktar breytingar á samningnum. Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu breytinganna af Íslands hálfu. Breytingarnar hafa ekki tekið gildi en 18 aðilar samningsins hafa fullgilt þær. Þær eru birtar sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Breytingarnar fela í sér að 11. gr. samningsins er breytt þannig að samningsaðilum er gert kleift að vísa deilum um túlkun og framkvæmd samningsins til Alþjóðadómstólsins eða til gerðardóms.

Fylgiskjal.

ÁLYKTUN ÞRIÐJA SAMRÁÐSFUNDARINS UM LAUSN DEILUMÁLA
Ályktun 6(III) samþykkt 12. október 1978

ÞRIÐJI SAMRÁÐSFUNDURINN,

MINNIST 11. gr. samningsins um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það þar sem samningsaðilar skuldbinda sig til að fjalla um reglur um lausn deilumála varðandi túlkun og framkvæmd samningsins,

MINNIST ENNFREMUR að á öðrum samráðsfundinum var samþykkt að á þriðja samráðsfundinum yrði fjallað um tillögur um að taka upp í samninginn ákvæði um lausn deilumála með það fyrir augum að móta og hugsanlega samþykkja slík ákvæði á þeim fundi,

GEFUR GAUM AÐ 10. gr. samningsins þar sem samningsaðilar skuldbinda sig til að móta reglur um ábyrgðarmat og lausn deilumála vegna losunar í samræmi við meginreglur þjóðaréttar um ábyrgð ríkja á umhverfisspjöllum innan lögsögu annarra ríkja eða á öðrum svæðum sem rakin verða til losunar hvers konar úrgangsefna og annarra efna,

HEFUR HUGFÖST ákvæði 13. gr. þar sem samningsaðilar staðfesta að ekkert í samningnum skuli hafa áhrif á hugsanlega bálkun og framþróun hafréttar á þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna né kröfur eða lagasjónarmið nokkurs ríkis nú eða í framtíðinni viðvíkjandi hafrétti og eðli og víðáttu lögsögu strandríkja og fánaríkja,

EFTIR AÐ HAFA ÍHUGAÐ tillögur að ákvæðum um lausn deilumála sem fram koma í skýrslu sérfræðingahópsins sem skipaður var sérstaklega til að kanna lagaleg atriði varðandi losun,

SAMÞYKKIR eftirfarandi breytingar á samningnum í samræmi við a-lið 4. töluliðar 14. gr. og 1. tölulið 15. gr.:

a) breytingar á 11. gr.;

b) breytingar á a-lið 4. töluliðar 14. gr. og a-lið 1. töluliðar 15. gr.; og

c) að bæta viðbæti við samninginn;

og eru textar þeirra fylgiskjal með þessari ályktun,

FELUR framkvæmdastjóra alþjóðasiglinga-

RESOLUTION OF THE THIRD CONSULTATIVE MEETING ON SETTLEMENT OF DISPUTES
LDC Resolution 6(III) adopted on 12 October 1978

THE THIRD CONSULTATIVE MEETING,

RECALLING Article XI of the Convention on the Prevention of Marine Pollution by Dumping of Wastes and Other Matter whereby the Contracting Parties undertake to consider procedures for the settlement of disputes concerning the interpretation and application of the Convention,

RECALLING FURTHER that the Second Consultative Meeting agreed to consider proposals at the Third Consultative Meeting to incorporate provisions for the settlement of disputes within the framework of the Convention with a view to the development and possible adoption of such provisions by that Meeting,

NOTING Article X of the Convention whereby the Contracting Parties undertake, in accordance with the principles of international law regarding State responsibility for damage to the environment of other States or to any other area of the environment, caused by dumping of wastes and other matter of all kinds, to develop procedures for the assessment of liability and the settlement of disputes regarding dumping,

BEARING IN MIND the provisions of Article XIII whereby the Contracting Parties affirm that nothing in the Conventions shall prejudice the codification and development of the law of the sea by the Third United Nations Conference on the Law of the Sea nor the present or future claims and legal views of any State concerning the law of the sea and the nature and extent of coastal and flag State jurisdiction,

HAVING CONSIDERED the proposed provisions on the settlement of disputes contained in the Report of the Ad Hoc Group of Legal Experts on Dumping,

ADOPTS the following amendments to the Convention in accordance with Articles XIV (4) (a) and XV(1) thereof:

(a) amendments to Article XI;

(b) amendments to Articles XIV(4)(a) and XV (1) (a); and

(c) addition of an Appendix,

the texts of which are set out in the Attachment to this Resolution,

REQUESTS the Secretary-General of the

málastofnunarinnar að tilkynna samningsaðilum um ofangreindar breytingar í samræmi við b-lið 1. töluliðar 15. gr. samningsins,

FELUR EINNIG framkvæmdastjóra alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að sinna, ásamt öðrum skyldustörfum sínum, störfum sem kveðið er á um í viðbætinum við samninginn er lúta að lausn deilumála,

BÝÐUR samningsaðilunum að samþykkja breytingarnar eins fljótt og kostur er.

FYLGISKJAL

Breytingar samþykktar á þriðja samráðsfundinum með tveimur þriðju hlutum viðstaddra samningsaðila í samræmi við 15. gr. samningsins eru þessar:

Í stað 11. gr. kemur svohljóðandi:

„Nú kemur upp deila milli tveggja eða fleiri samningsaðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa sem ekki hefur verið unnt að leysa með viðræðum eða með öðrum hætti og skulu þeir þá koma sér saman um að vísa henni til Alþjóðadómstólsins ellegar getur annar hvor aðilanna lagt deiluna í gerð. Gerðarmeðferð skal, svo fremi að samningsaðilar ákveði ekki annað, vera í samræmi við þær reglur sem settar eru fram í viðbæti við samning þennan."

Í stað a-liðar 4. töluliðar 14. gr. kemur svohljóðandi:

„a) Að endurskoða samning þennan, viðaukana við hann og viðbætinn og samþykkja breytingar þar á í samræmi við 15. gr.;"

Í stað 1. málsliðar a-liðar 1. töluliðar 15. gr. kemur svohljóðandi:

„Á þeim fundum samningsaðila, sem efnt er til samkvæmt 14. gr., má samþykkja breytingar á samningi þessum og viðbætinum við hann með atkvæðum tveggja þriðju hluta viðstaddra."

Viðbætir sem minnst er á í 11. gr. eins og honum er breytt hljóðar svo:

1. gr.

1. Gerðardómur (hér eftir nefndur „dómurinn") skal skipaður að beiðni samningsaðila sem beint er til annars samningsaðila sbr. 11. gr. samningsins. Beiðni um gerðarmeðferð skal hafa

Inter-Governmental Maritime Consultative Organization to inform the Contracting Parties of the above-mentioned amendments in accordance with Article XV(1)(b) of the Convention,

ALSO REQUESTS the Secretary-General of the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization to perform among his other Secretariat duties, functions provided for in the Appendix to the Convention regarding settlement of disputes,

INVITES the Contracting Parties to accept the amendments as soon as possible.

ATTACHMENT

Amendments adopted at the Third Consultative Meeting by a two-thirds majority of the Contracting Parties to the Convention present, as provided for in Article XV of the Convention are set out below:

Article XI shall be replaced by the following:

"Any dispute between two or more Contracting Parties concerning the interpretation or application of this Convention shall, if settlement by negotiation or by other means has not been possible, be submitted by agreement between the parties to the dispute to the International Court of Justice or upon the request of one of them to arbitration. Arbitration procedures, unless the parties to the dispute decide otherwise, shall be in accordance with the rules set out in the Appendix to this Convention."

Article XIV(4)(a) shall be replaced by the following:

"(a) review and adopt amendments to this Convention, its Annexes and Appendix in accordance with Article XV;".

The first sentence of Article XV(1)(a) shall be replaced by the following:

"At meetings of the Contracting Parties called in accordance with Article XIV amendments to this Convention and its Appendix may be adopted by a two-thirds majority of those present.".

The Appendix mentioned in the amended Article XI above is set out hereunder:

ARTICLE 1

1. An Arbitral Tribunal (hereinafter referred to as the "Tribunal" shall be established upon the request of a Contracting Party addressed to another Contracting Party in application of

að geyma lýsingu á málsatvikum ásamt skjölum henni til stuðnings.

2. Sá aðili, sem óskar eftir gerðarmeðferð, skal tilkynna framkvæmdastjóra stofnunarinnar um:

i) beiðni sína um gerðarmeðferð;

ii) þau ákvæði samningsins sem hann telur valda ágreiningi um túlkun eða framkvæmd.

3. Framkvæmdastjórinn skal senda öllum samningsaðilum þessar upplýsingar.

2. gr.

1. Dómurinn skal skipaður einum gerðarmanni ef deiluaðilarnir koma sér saman um það innan þrjátíu daga frá því að beiðni um gerðarmeðferð var móttekin.

2. Nú andast gerðarmaðurinn, hann forfallast eða vanrækir störf sín og geta aðilarnir þá komið sér saman um skipun gerðarmanns í hans stað innan þrjátíu daga frá andlátinu, forföllunum eða vanrækslunni.

3. gr.

1. Nú koma deiluaðilar sér ekki saman um skipun dóms í samræmi við 2. gr. viðbætis þessa og skal dómurinn þá skipaður þremur gerðarmönnum:

i) hvor deiluaðila tilnefnir einn gerðarmann og

ii) áðurnefndir tveir gerðarmenn skulu koma sér saman um tilnefningu þriðja gerðarmannsins og skal hann vera formaður dómsins.

2. Nú er formaður dómsins ekki tilnefndur innan þrjátíu daga frá tilnefningu síðari gerðarmannsins og skulu deiluaðilar þá, að beiðni annars hvors aðilanna, leggja fyrir framkvæmdastjóra stofnunarinnar áður en aðrir þrjátíu dagar eru liðnir skrá yfir hæfa menn sem aðilarnir hafa komið sér saman um. Framkvæmdastjórinn skal velja formanninn af slíkri skrá eins fljótt og kostur er. Hann skal ekki velja formann sem er eða hefur verið ríkisborgari annars hvors deiluaðilans nema með samþykki hins deiluaðilans.

3. Nú skipar annar deiluaðilinn ekki gerðarmann eins og kveðið er á um í i-lið 1. töluliðar þessarar greinar innan sextíu daga frá móttöku gerðarbeiðninnar og getur þá hinn aðilinn farið þess á leit að innan þrjátíu daga verði lögð fyrir framkvæmdastjóra stofnunarinnar skrá yfir hæfa menn sem aðilarnir hafa komið sér saman um. Framkvæmdastjórinn skal velja formann dómsins af þeirri skrá eins fljótt og kostur er. Formaðurinn skal síðan fara þess á leit við þann

Article XI of the Convention. The request for arbitration shall consist of a statement of the case together with any supporting documents.

2. The requesting Party shall inform the Secretary-General of the Organization of:

(i) its request for arbitration;

(ii) the provisions of the Convention the interpretation or application of which is, in its opinion, the subject of disagreement.

3. The Secretary-General shall transmit this information to all Contracting States.

ARTICLE 2

1. The Tribunal shall consist of a single arbitrator if so agreed between the parties to the dispute within 30 days from the date of receipt of the request for arbitration.

2. In the case of the death, disability or default of the arbitrator, the parties to a dispute may agree upon a replacement within 30 days of such death, disability or default.

ARTICLE 3

1. Where the parties to a dispute do not agree upon a Tribunal in accordance with Article 2 of this Appendix, the Tribunal shall consist of three members:

(i) one arbitrator nominated by each party to the dispute; and

(ii) a third arbitrator who shall be nominated by agreement between the two first named and who shall act as its Chairman.

2. If the Chairman of a Tribunal is not nominated within 30 days of nomination of the second arbitrator, the parties to a dispute shall, upon the request of one party, submit to the Secretary-General of the Organization within a further period of 30 days an agreed list of qualified persons. The Secretary-General shall select the Chairman from such list as soon as possible. He shall not select a Chairman who is or has been a national of one party to the dispute except with the consent of the other party to the dispute.

3. If one party to a dispute fails to nominate an arbitrator as provided in sub-paragraph (1)(i) of this Article within 60 days from the date of receipt of the request for arbitration, the other party may request the submission to the Secretary-General of the Organization within a period of 30 days of an agreed list of qualified persons. The Secretary-General shall select the Chairman of the Tribunal from such list as soon as possible. The Chairman shall then request the

aðila sem ekki hefur tilnefnt gerðarmann að hann geri svo. Nú tilnefnir þessi aðili ekki gerðarmann innan 15 daga frá slíkri beiðni og skal framkvæmdastjórinn þá, að beiðni formannsins, tilnefna gerðarmanninn af skránni.

4. Nú andast gerðarmaður, hann forfallast eða vanrækir störf sín og skal þá deiluaðilinn, sem tilnefndi hann, tilnefna gerðarmann í hans stað innan 30 daga frá andlátinu, forföllunum eða vanrækslunni. Nú tilnefnir aðilinn ekki nýjan gerðarmann og skulu þá þeir gerðarmenn sem eftir standa halda gerðarmeðferðinni áfram. Nú andast formaðurinn, hann forfallast eða vanrækir störf sín og skal þá tilnefndur annar í hans stað í samræmi við ákvæði ii-liðar 1. töluliðar og 2. töluliðar þessarar greinar innan 90 daga frá andlátinu, forföllunum eða vanrækslunni.

5. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal halda skrá yfir gerðarmenn með nöfnum hæfra manna sem tilnefndir hafa verið af samningsaðilunum. Hverjum samningsaðila er heimilt að tilnefna á skrána fjóra menn og er ekki gert að skilyrði að þeir séu ríkisborgarar þess. Nú hafa deiluaðilar ekki lagt fyrir framkvæmdastjórann skrá yfir hæfa menn sem þeir hafa komið sér saman um innan settra tímamarka, eins og kveðið er á um í 2., 3. og 4. tölulið þessarar greinar, og skal þá framkvæmdastjórinn velja þann gerðarmann eða þá gerðarmenn, sem enn hafa ekki verið tilnefndir af skránni, sem hann heldur.

4. gr.

Dóminum er heimilt að hlýða á og úrskurða um gagnkröfur sem eiga beinar rætur að rekja til efnisatriða deilumálsins.

5. gr.

Hvor deiluaðilanna um sig skal bera þann kostnað sem hann verður fyrir við undirbúning málsins af sinni hálfu. Þóknun gerðarmannanna og allan almennan kostnað vegna gerðarmeðferðarinnar skulu deiluaðilar bera að jöfnu. Dómurinn skal halda bókhald yfir öll útgjöld sín og láta deiluaðilum í té lokauppgjör þar að lútandi.

6. gr.

Sérhverjum samningsaðila, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta er úrslit málsins kynnu að hafa áhrif á, er heimil meðalganga í gerðarmeðferðinni, með samþykki dómsins og á eigin kostnað, eftir að hann hefur tilkynnt deiluaðilunum, sem hófu málareksturinn, um það

party which has not nominated an arbitrator to do so. If this party does not nominate an arbitrator within 15 days of such request, the Secretary-General shall, upon request of the Chairman, nominate the arbitrator from the agreed list of qualified persons.

4. In the case of the death, disability or default of an arbitrator, the party to the dispute who nominated him shall nominate a replacement within 30 days of such death, disability or default. If the party does not nominate a replacement, the arbitration shall proceed with the remaining arbitrators. In the case of the death, disability or default of the Chairman, a replacement shall be nominated in accordance with the provision of paragraphs 1(ii) and 2 of this Article within 90 days of such death, disability or default.

5. A list of arbitrators shall be maintained by the Secretary-General of the Organization and composed of qualified persons nominated by the Contracting Parties. Each Contracting Party may designate for inclusion in the list four persons who shall not necessarily be its nationals. If the parties to the dispute have failed within the specified time limits to submit to the Secretary-General an agreed list of qualified persons as provided for in paragraphs 2, 3 and 4 of this Article, the Secretary-General shall select from the list maintained by him the arbitrator or arbitrators not yet nominated.

ARTICLE 4

The Tribunal may hear and determine counter-claims arising directly out of the subject matter of the dispute.

ARTICLE 5

Each party to the dispute shall be responsible for the costs entailed by the preparation of its own case. The remuneration of the members of the Tribunal and of all general expenses incurred by the Arbitration shall be borne equally by the parties to the dispute. The Tribunal shall keep a record of all its expenses and shall furnish a final statement thereof to the parties.

ARTICLE 6

Any Contracting Party which has an interest of a legal nature which may be affected by the decision in the case may, after giving written notice to the parties to the dispute which have originally initiated the procedure, intervene in the arbitration procedure with the consent of the

skriflega. Slíkur meðalgönguaðili hefur rétt til að leggja fram sönnunargögn og greinargerðir og flytja munnlegar röksemdafærslur um þau málsatvik sem leiddu til meðalgöngu hans í samræmi við málsmeðferð samkvæmt 7. gr. viðbætis þessa en hann hefur ekki rétt til afskipta af því hvernig dómurinn er skipaður.

7. gr.

Dómur, sem skipaður er samkvæmt ákvæðum viðbætis þessa, setur sér sínar eigin málsmeðferðarreglur.

8. gr.

1. Ákvarðanir dómsins um málsmeðferð, fundarstað og önnur atriði, sem tengjast deilunni sem fyrir honum liggur, skulu teknar með meirihluta atkvæða gerðarmanna, nema dómurinn sé skipaður einum gerðarmanni. Fjarvistir eða hjáseta einhvers gerðarmannanna, sem tilnefndur var af deiluaðila, skulu þó ekki vera því til fyrirstöðu að dómurinn komist að niðurstöðu. Nú falla atkvæði jafnt og skal þá atkvæði formannsins ráða úrslitum.

2. Deiluaðilar skulu greiða fyrir störfum dómsins og skulu einkum og sér í lagi gera allt sem í þeirra valdi stendur í samræmi við eigin lög til að:

i) útvega dóminum öll nauðsynleg skjöl og allar nauðsynlegar upplýsingar;

ii) gera dóminum kleift að dvelja á yfirráðasvæði þeirra, yfirheyra vitni og sérfræðinga og kanna vettvanginn.

3. Nú vanrækir deiluaðili að hlíta ákvæðum 2. töluliðar þessarar greinar og skal það ekki koma í veg fyrir að dómurinn komist að niðurstöðu og kveði upp úrskurð.

9. gr.

Dómurinn skal kveða upp úrskurð sinn innan fimm mánaða frá því að hann var skipaður nema nauðsynlegt sé talið að lengja þann frest um tímabil sem ekki skal vera lengra en fimm mánuðir. Úrskurði dómsins skal fylgja rökstuðningur. Hann skal vera endanlegur og óáfrýjanlegur og hann skal sendur framkvæmdastjóra stofnunarinnar sem tilkynnir samningsaðilunum um hann. Deiluaðilarnir skulu þegar hlíta úrskurði dómsins.

Tribunal and at its own expense. Any such intervenor shall have the right to present evidence, briefs and oral argument on the matters giving rise to its intervention, in accordance with procedures established pursuant to Article 7 of this Appendix, but shall have no rights with respect to the composition of the Tribunal.

ARTICLE 7

A Tribunal established under the provisions of this Appendix shall decide its own rules of procedure.

ARTICLE 8

1. Unless a Tribunal consists of a single arbitrator, decisions of the Tribunal as to its procedure, its place of meeting, and any question related to the dispute laid before it, shall be taken by a majority vote of its members. However, the absence or abstention of any member of the Tribunal who was nominated by a party to the dispute shall not constitute an impediment to the Tribunal reaching a decision. In case of equal voting, the vote of the Chairman shall be decisive.

2. The parties to the dispute shall facilitate the work of the Tribunal and in particular shall, in accordance with their legislation and using all means at their disposal:

(i) provide the Tribunal with all necessary documents and information;

(ii) enable the Tribunal to enter their territory, to hear witnesses or experts, and to visit the scene.

3. The failure of a party to the dispute to comply with the provisions of paragraph (2) of this Article shall not preclude the Tribunal from reaching a decision and rendering an award.

ARTICLE 9

The Tribunal shall render its award within five months from the time it is established unless it finds it necessary to extend that time limit for a period not to exceed five months. The award of the Tribunal shall be accompanied by a statement of reasons for the decision. It shall be final and without appeal and shall be communicated to the Secretary-General of the Organization who shall inform the Contracting Parties. The parties to the dispute shall immediately comply with the award.

762. Svar [188. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um starfsþjálfun iðnnema.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hve margir iðnnemar hafa ekki getað gengist undir sveinspróf á árunum 1987–1992 vegna þess að þeir hafa ekki fengið tilskilda starfsþjálfun úti í atvinnulífinu?*
2. *Hvernig skiptast þessir iðnnemar eftir iðngreinum?*
3. *Hvenær verður skipaður starfshópur, sem menntamálaráðherra hefur boðað, til að leita lausna á starfsþjálfunarvanda iðnnema?*
4. *Munu fulltrúar iðnnema eiga sæti í starfshópnum?*

Ljóst er að tiltekinn hópur þeirra sem hefja iðnnám ljúka ekki sveinsprófi. Ekki er vitað nákvæmlega hversu stór þessi hópur er en í menntamálaráðuneytinu er hafin athugun á umfangi hans. Forsenda þess er samræmd nemendaskráning fyrir allt landið en unnið hefur verið að endurbótum hennar í ráðuneytinu. Undanfarin ár hefur gætt erfiðleika hjá nemum í sumum iðngreinum við að útvega sér þá starfsþjálfun sem tilskilin er til sveinsprófs og fer vandinn vaxandi eftir því sem þrengist um á vinnumarkaðnum. Fullyrða má að fleira en skortur á tilskilinni starfsþjálfun veldur því að menn ljúka ekki sveinsprófi. Orsakir þess verður að líta á í víðara samhengi með tilliti til margra þátta svo sem námsgetu, atvinnumöguleika og annarra félags- og þjóðfélagslegra aðstæðna.

Ýmislegt hefur verið gert til þess að auðvelda það að fylgjast með námsferli nemenda. Tekin hefur verið upp tölvuskráning á námsferli nemenda í framhaldsskólum. Auk þess ætti í nánustu framtíð að verða mun auðveldara en hingað til að fylgjast með námsferli iðnnema þar sem Iðnnemasamband Íslands hefur tekið að sér að halda skrá yfir alla iðnnema sem lokið hafa námi í iðnmenntaskóla og eru að leita sér að tilskilinni starfsþjálfun til sveinsprófs. Er þetta liður í þjónustusamningi sem menntamálaráðuneytið og Iðnnemasambandið hafa nýlega undirritað.

Eins og fram hefur komið eru ekki til nákvæmar tölur yfir skiptingu iðnema eftir iðngreinum. Vandinn virðist þó mestur í iðngreinum sem hafa gert verklegt og bóklegt skólanám að skilyrði fyrir starfsþjálfun eða starfsnámi samkvæmt námssamningi. Þetta á t.d. við um rafiðngreinar. Grunndeildir rafiðna hafa verið og eru starfandi í öllum fræðsluumdæmum landsins við samtals 11 framhaldsskóla. Í rafvirkjun til sveinsprófs fara menn annaðhvort á námssamning hjá meistara í þrjú ár að afloknu námi í grunndeild eða í fjögurra anna nám í framhaldsdeild og 12 mánaða starfsþjálfun í atvinnulífinu í lokin. Í rafeindavirkjun er námið byggt þannig upp að fimm anna sérnám í skóla tekur við af grunndeild og síðan níu mánaða starfsþjálfun í atvinnulífinu. Nemendafjöldi í þessum greinum í grunn- og framhaldsdeildum virðist meiri en atvinnulífið getur tekið við.

Skipaður hefur verið fimm manna starfshópur sem hefur það verkefni að skilgreina starfsþjálfunarvanda iðnnema, meta umfang hans og leita leiða til úrbóta. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar allra helstu aðila er málið varðar, þ.e. Iðnnemasambands Íslands, Samtaka iðnaðarins, Alþýðusambands Íslands og Sambands iðnmenntaskóla auk menntamálaráðuneytis. Starfshópurinn hefur þegar hafið störf og er þess óskað að hann skili áliti eigi síðar en 1. júní 1994.

763. Fyrirspurn [496. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd laga um almenna fullorðinsfræðslu.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvað hefur tafið útgáfu reglugerðar með nánari ákvæðum um framkvæmd laga um almenna fullorðinsfræðslu, sbr. 15. gr. laganna?
2. Hvenær má búast við útgáfu reglugerðarinnar?
3. Hvað hefur tafið skipan fulltrúa í fullorðinsfræðsluráð, sbr. 3. gr. laganna?
4. Hvenær má búast við að skipað verði í ráðið?

Skriflegt svar óskast.

764. Tillaga til þingsályktunar [497. mál]

um að styrkja rekstur minni sjúkrahúsa í dreifbýli.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Jón Kristjánsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta nú þegar gera úttekt á því með hvaða hætti hægt sé að styrkja rekstur minni sjúkrahúsa í dreifbýlinu og nýta sem best þá fjárfestingu, tækjabúnað og sérhæfðan mannafla sem þar er til staðar.

Tillögur um hlutverk og verkefni þessara sjúkrahúsa verði unnar í samráði við forsvarsmenn þeirra á grundvelli úttektarinnar og staðfestar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Greinargerð.

Í nóvembermánuði sl. skilaði vinnuhópur um málefni sjúkrahúsa tillögum sínum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skipan sjúkrahúsmála. Vinnuhópur þessi var skipaður af fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Sighvati Björgvinssyni, í apríl 1992 og var verkefni hans að „greina störf og rekstur sjúkrahúsa og gera tillögur um skipan sjúkrahúsmála“, eins og segir í skýrslu hópsins. Þar er einnig greint frá því að ráðherra hafi skipað sérstakan hóp til að gera tillögur um samvinnu Landspítala og Borgarspítala og því hafi „vinnuhópur um sjúkrahúsmál“ einkum lagt áherslu á greiningu sjúkrahúsþjónustu dreifbýlisins.

Skemmst er frá því að segja að tillögur þessar hlutu í upphafi óblíðar viðtökur hjá ýmsum þeim sem málið varðaði og hefur ráðherra lítið veifað skýrslunni síðan, sbr. fskj. I–IX. Sumir telja sjálfsagt að það geri ekki mikið til og að skýrslan sé best geymd á skúffubotni í heilbrigðisráðuneytinu. Flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar telja hins vegar ekki að svo sé. Kemur þar einkum tvennt til.

Í fyrsta lagi munu tillögur af því tagi sem settar eru fram í skýrslunni hafa *óbein* áhrif á þróun mála á næstu árum ef ekki er tekin ákveðin afstaða til tillagnanna, með eða á móti. Þegar forsvarsmenn stofnana þeirra, þar sem draga á úr rekstri og/eða breyta hlutverki, sækja á stjórnvöld og fjárveitingavald um fé til að fjárfesta eða viðhalda húsnæði, tækjum og búnaði má búast við að svör yfirvalda verði þau að uppi séu hugmyndir um breytingar á rekstri viðkomandi stofnana og því ekki tímabært að ráðast í framkvæmdir. Það mun síðan smátt og smátt leiða til þess að stofnanirnar og búnaður þeirra úreldist og þjónusta dregst saman á óskipulegan hátt. Fyrir þessu má finna dæmi nú þegar við afgreiðslu erinda frá sjúkrahúsum á landsbyggðinni við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs. Það er með öllu óviðunandi að þróunin verði með þessum hætti og því mjög brýnt að hraða þeirri úttekt og tillögugerð sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

Hin ástæðan fyrir því að skýrsluna verður að skoða og taka til hennar afstöðu er sú að í henni eru vissulega margvíslegar og mikilvægar upplýsingar sem nýta má til að fylgja eftir þeirri hugsun sem sett er fram í þingsályktunartillögu þeirri sem hér er flutt.

Á undanförnum árum og allt fram til þessa dags hafa stjórnvöld verið að byggja upp betri og fjölþættari heilbrigðisþjónustu um allt land. Utan höfuðborgarsvæðisins hefur megináherslan verið á uppbyggingu fullkominna heilsugæslustöðva en auk þess hafa verið byggð og endurbætt nokkur minni sjúkrahús með röntgenbúnaði og rannsóknaraðstöðu, fæðingardeildum og nokkuð vel búnum skurðstofum. Að þessum heilbrigðisstofnunum hefur verið ráðið vel menntað og sérhæft starfsfólk sem hefur lagt metnað sinn í að byggja upp og treysta þjónustu þessara stofnana eftir því sem aðstæður og aðbúnaður hefur frekast gert kleift. Þá komu skyndilega og óvænt fram í dagsljósið í umræddri skýrslu hugmyndir stjórnvalda um að snúa nú algjörlega við blaðinu og gjörbreyta rekstrarverkefnum og hlutverki þessara stofnana. Ekkert samráð var haft við forsvarsmenn minni sjúkrahúsanna eða byggðarlaganna þar sem þau eru starfrækt, svo vitað sé, og áttu þau ekki fulltrúa í nefndinni. Af slíkri byltingu í þjónustu, sem hér er boðuð, hlýtur að leiða umtalsverða röskun á högum íbúa á viðkomandi svæðum með óþægindi, fyrirhöfn og ómældan kostnað í för með sér og auk þess tilflutning á sérmenntuðu starfsfólki stofnananna af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins sem af þessum tillögum mundi leiða.

Í skýrslu sinni telur nefndin að með breyttu hlutverki sjúkrahúsanna, eins og lagt er til, megi í tímans rás spara allt að 800 millj. kr. Að vísu gæti kostnaður aukist við frekari þörf á dvalarrými, aukið vaktaálag heilsugæslulækna og ferðir og farþjónustu sérfræðinga. Þennan kostnaðarauka telur nefndin þó vart verða yfir 100 millj. kr. og „þess þannig vænst að spara megi allt að 700 millj. kr. þegar tillögurnar eru komnar að fullu til framkvæmda“, svo að vitnað sé orðrétt í skýrsluna.

Ekki skal farið ítarlega í kostnaðarútreikninga en fullyrða má að kostnaðaraukinn sé vanáætlaður auk þess sem margvíslegur annar kostnaður hlýst af tillögum nefndarinnar. Má þar t.d. nefna fyrirhöfn, ferðakostnað og vinnutap, ekki aðeins sjúklinga heldur og oft einnig aðstandenda sem fylgja þurfa sjúklingum um langan veg til að leita þeirrar þjónustu sem áður var veitt í heimabyggð. Auk þess er ekki ólíklegt að í einhverjum tilvikum þurfi viðkomandi að flytja búferlum til að vera nær nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu, að ógleymdri þeirri röskun og kostnaði sem fylgir búferlaflutningi starfsfólks. Einnig hlýtur það að liggja fyrir og vera öllum ljóst að kostnaður við aðgerð, sem á annað borð er hægt að framkvæma á þessum sjúkrahúsum, er minni þar en á stóru sjúkrahúsunum, auk þess sem hver legudagur þar er miklu ódýrari. Er ekki hægt að sjá að tillit sé tekið til þessa í skýrslunni. Því miður virðist svo sem hér sé, eins og svo oft áður, aðeins horft á einn þátt málsins í stað þess að reyna að gera sér grein fyrir heildaráhrif-

unum þegar leitað er leiða til hagræðingar, aðhalds og sparnaðar sem mjög er í tísku um þessar mundir og ekki skal gera lítið úr. Stjórn og stjórnendur Sjúkrahúss Skagfirðinga hafa sent frá sér ítarlega úttekt um málið sem þeir kalla „Gagnrýni á tillögur um skipan sjúkrahúsmála“, sjá fskj. X.

Flutningsmönnum er vel ljóst að tækninni fleygir hratt fram á sviði heilbrigðismála og kröfur um að eiga völ á bestu þjónustu við bestu aðstæður, bæði af hálfu starfsfólks og notenda heilbrigðisþjónustunnar, eru eðlilegar og skiljanlegar. Sérhæfðasta þjónustan er mjög kostnaðarsöm og bæði er vitað og viðurkennt að hún verður ekki veitt nema á stærstu og fullkomnustu sjúkrahúsunum.

Tillagan gengur hins vegar út á það að í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja og með það í huga að nýta sem best þá uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað verði gerð ítarleg úttekt á því hvaða þjónustu hægt sé að veita áfram á minni sjúkrahúsunum í dreifbýlinu. Taka skal tillit til þess að fyllsta öryggis sé gætt og að þjónustan sem veitt er sé eins góð og eðlilegt er að gera kröfu um. Í stað þess að flytja nánast *alla* sérhæfða sjúkrahúsþjónustu til Reykjavíkur og Akureyrar verði stefnt að því að viðhalda þessum stofnunum, húsnæði og tækjabúnaði, til að veita skilgreinda þjónustu með vel menntuðu og hæfu starfsfólki sem þar er til staðar. Síðan verði gerðir samningar við stærri og fjölhæfari sjúkrahúsin, svo og sérfræðinga og annað sérhæft starfsfólk, um að veita viðkomandi sjúkrahúsum viðbótarþjónustu og framkvæma þar ýmsar aðgerðir sem t.d. gætu flokkast sem biðlistaaðgerðir og ekki þarfnast mjög flókins eða sérhæfðs búnaðar. Samninga yrði að gera við sérfræðinga um að fara á viðkomandi staði með reglulegu millibili, greina sjúkdóma og ákveða meðhöndlun. Í einhverjum tilvikum þyrfti ef til vill hóp fólks („teymi“) öðru hvoru, jafnvel með sérhæfðan búnað, til að framkvæma aðgerðir sem ekki flokkast sem bráðaaðgerðir.

Minnt skal á hlutverk þessara sjúkrahúsa sem bráðasjúkrahús, t.d. þegar slys ber að höndum, hvort heldur er á sjó eða landi, en þau hafa þá oft reynst nauðsynlegur hlekkur í öryggis- og heilbrigðisþjónustu landsmanna.

Pétur Heimisson, yfirlæknir sjúkrahúss og heilsugæslustöðvarinnar á Egilsstöðum, hefur tekið saman „Greinargerð um sérfræðilega heilbrigðisþjónustu í Egilsstaðalæknishéraði og á Austurlandi almennt“ þar sem fram koma ýmis sjónarmið er flutningsmenn geta tekið undir og telja í samræmi við þá stefnumörkun sem hér er boðuð. Greinargerð Péturs Heimissonar er birt sem fylgiskjal með leyfi höfundar, sjá fskj. XI.

Eðlilegt má telja að fela Ríkisspítölum sem sjúkrahúsi allra landsmanna að ríða á vaðið með gerð samstarfssamninga. Má benda á að þegar hafa Ríkisspítalar/Landspítali og St. Jósefsspítali í Hafnarfirði gert með sér rammasamning um samstarf af svipuðu tagi og hér eru settar fram hugmyndir um, sjá fskj. XII. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, sem er sjúkrahús með fjölbreytta sérfræðiþjónustu, gæti verið samstarfsaðili við minni sjúkrahús í næsta nágrenni og hefur nú þegar komið til tals að FSA og Sjúkrahúsið á Húsavík hefji viðræður um samstarfssamning.

Alþingi samþykkti þingsályktun 19. mars 1991 um íslenska heilbrigðisáætlun og segir í inngangi hennar:

„Alþingi ályktar að stefna í heilbrigðismálum á Íslandi fram til ársins 2000 skuli taka mið af heilbrigðisáætlun þeirri sem hér er sett fram í 32 liðum og hefur það að markmiði að bæta heilsufar þjóðarinnar.“

Í 4. lið segir svo:

„Setja skal reglur um flokkun sjúkrastofnana, verkaskiptingu og starfssvið og gera þar skýran greinarmun á sérhæfðu sjúkrahúsi, almennu sjúkrahúsi og hjúkrunarheimili.

Setja skal reglur um þjónustusvæði og hlutverk einstakra sjúkrahúsa og um mönnun þeirra."

Í 24. lið er einnig fjallað um hlutverk sjúkrahúsa og tengsl sérfræðiþjónustu, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þar segir m.a.:

„Gæðum sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa skal haldið og þau aukin eftir því sem kostur er.

Tengsl milli sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva skulu aukin og bein tengsl tekin upp milli heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa að þessu leyti.

Tengslum verði komið á milli sérfræðinga sem starfa á sjúkrahúsum og heilsugæsluumdæma þannig að ákveðið sjúkrahús hafi umsjón með sérfræðiþjónustu á ákveðnu heilsugæslusvæði."

Að endingu segir í 33. lið: „Áætlun þessa skal endurskoða að þremur árum liðnum."

Auk þess sem hér er nefnt eru fjölmörg önnur atriði í Íslenskri heilbrigðisáætlun sem rétt er að hafa í huga verði þessi þingsályktunartillaga samþykkt og eðlilegt er að hafa til hliðsjónar við úttektina og tillögugerðina.

Að lokum má minna á að nú liggur fyrir Alþingi til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997. Með tillögunni var dreift riti Byggðastofnunar „Breyttar áherslur í byggðamálum". Tillagan er borin fram af forsætisráðherra. Í riti Byggðastofnunar er m.a. lagt til að reynt verði að meta hvaða svæði landsbyggðarinnar geti talist til vaxtarsvæða og með hvaða hætti ríkisvaldinu eða einstökum stofnunum þess verði gert kleift að efla þau sérstaklega. Forsenda fyrir eflingu vaxtarsvæðanna er talin vera aukin áhersla á samræmda uppbyggingu opinberrar þjónustu á landsbyggðinni og markviss fyrirgreiðsla við uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Þá er og rætt um tilflutning stofnana og verkefna hins opinbera til vaxtarsvæðanna. Í sjálfri tillögunni að ályktun Alþingis segir m.a. svo: „Stefnt er að því að draga ekki úr þeirri opinberu þjónustu á vegum ríkisins sem nú er veitt á landsbyggðinni", og síðar: „Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi."

Með hliðsjón af framansögðu er þess vænst að tillaga þessi fái skjóta og farsæla afgreiðslu og vart verður öðru trúað en að heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn leiti allra leiða til að framfylgja þeirri stefnu sem sett er fram í tillögu forsætisráðherra um áherslur í byggðamálum. Ætti framkvæmd þeirrar þingsályktunar sem hér er gerð tillaga um að vera lóð á þá vogarskál.

Þingsályktunartillögu þessari fylgdu tólf fylgiskjöl.

Á fskj. I–XII birtust bréf, greinargerðir og umsagnir ýmissa aðila þar sem fjallað var um málefni sjúkrahúsa í dreifbýli og tillögur vinnuhóps sem skipaður var af fyrrv. heilbrigðisráðherra í apríl 1992. Á fskj. I var birt ályktun Læknafélags Norðausturlands, á fskj. II bréf Læknafélags Norðvesturlands, á fskj. III ályktun heilbrigðismálaráðs Norðurlands vestra, á fskj. IV ályktun heilbrigðismálaráðs Austurlands, á fskj. V bréf frá bæjarráði Siglufjarðar, á fskj. VI bréf stjórnar Sjúkrahússins á Húsavík, á fskj. VII ályktun

Verkalýðsfélags Húsavíkur, á fskj. VIII bréf stjórnar sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar á Egilsstöðum, á fskj. IX bréf stjórnar heilsugæslustöðvar Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, á fskj. X greinargerð frá Sjúkrahúsi Skagfirðinga, á fskj. XI greinargerð Péturs Heimissonar yfirlæknis um sérfræðilega heilbrigðisþjónustu í Egilsstaðalæknishéraði og á Austurlandi og á fskj. XII rammasamningur um samstarf Ríkisspítala/Landspítala og St. Jósefspítala í Hafnarfirði.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

765. Beiðni um skýrslu [498. mál]

frá menntamálaráðherra um framkvæmd skólastarfs í grunn- og framhaldsskólum síðustu þrjú ár.

Frá Einari Má Sigurðarsyni, Guðrúnu Helgadóttur, Jóhanni Ársælssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni, Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni og Svavari Gestssyni.

Með vísan til 46. gr. þingskapa er óskað eftir að menntamálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um framkvæmd skólastarfs í grunn- og framhaldsskólum síðustu þrjú ár.

Af hálfu menntamálaráðherra hefur starfað nefnd um mótun menntastefnu sem m.a. hefur það hlutverk að semja frumvörp til nýrra laga um grunn- og framhaldsskóla. Nýlega hefur nefndin skilað drögum að frumvarpi til nýrra framhaldskólalaga og boðað að fljótlega verði lagt fram frumvarp til nýrra grunnskólalaga. Til að auðvelda umræðu og skapa grundvöll til samanburðar milli gildandi laga og frumvarpanna er nauðsynlegt að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um hvernig til hefur tekist um framkvæmd gildandi laga um grunn- og framhaldsskóla.

Í skýrslunni koma m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi,

1. kennslu og aðra þjónustu við nemendur; hlut einstakra kennslugreina, sérkennslu, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, námsráðgjöf,
2. nemendur; fjölda þeirra, hlutföll árganga í framhaldsskólum, skiptingu nemenda á námssvið í framhaldsskólum,
3. fjárframlög sveitarfélaga til skólamála; hvernig þau framlög skiptast milli skólastiga og hvert framlag einstakra sveitarfélaga er á hvern nemanda,
4. kennara; kjör og starfsaðstöðu, menntun, hlutfall milli fjölda nemenda og kennara,
5. fjármál; hlutfall skólamála af heildarútgjöldum ríkissjóðs, hluta grunn- og framhaldsskóla þar af, skiptingu milli stofn- og rekstrarkostnaðar.

766. Frumvarp til laga [499. mál]

um breytingu á lögum nr. 32/1991, um Héraðsskóga.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir kostnað við Héraðsskóga sem hér segir: Undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins, laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur 97% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð, svo og á þeim eyðijörðum sem að mati Skógræktar ríkisins er nauðsynlegt frá skógræktarlegu sjónarmiði og frá hagsmunum skógræktar á aðlægum jörðum að fylgi þeim í ræktun. Á öðrum eyðijörðum greiðir ríkissjóður 75% kostnaðar. Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktarkostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlaðst þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi lögum um Héraðsskóga, nr. 32 21. mars 1991, er svofellt ákvæði til bráðabirgða: „Landbúnaðarráðherra skal láta fara fram endurskoðun á lögum þessum og leggja fram frumvarp til laga um Héraðsskóga fyrir Alþingi haustið 1992.“ Frumvarp það sem hér liggur fyrir er flutt til að uppfylla skyldu þá sem fram kemur í ofangreindu ákvæði laganna. Við endurskoðun laganna á vegum landbúnaðarráðuneytisins er aðeins lögð til breyting á einni grein laganna, þ.e. 4. gr. þeirra, sem kveður á um greiðslu ríkissjóðs á 97% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og 75% samþykkts kostnaðar á eyðijörðum. Benda má á að aðeins er liðinn skammur tími frá gildistöku laganna og því hefur takmörkuð reynsla fengist af framkvæmd þeirra. Þó hefur komið í ljós að eyðijarðir verða á sinn hátt út undan nær eingöngu vegna þess að landeigendur hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að ráðast í framkvæmdir á jörðum sínum. Á samfelldum skógræktarsvæðum margra jarða getur það leitt til verulegs skaða ef einstakar jarðir falla út og eyður verða í skógunum. Því er talin brýn nauðsyn á að tryggja framgang verksins, einnig á eyðijörðum. Oft er um að ræða jarðir sem eru þær ákjósanlegustu til skógræktar í viðkomandi sveit.

Umhverfissjónarmið mæla með samfelldum skógi þar sem hann skapar heildstæðari og náttúrulegri mynd en skógarreitir á bújörðum með eyðum inn á milli sem skapast geta vegna eyðijarða sem ekki eru með í verkefninu. Samfelldur skógur stuðlar auk þess að betri nýtingu á landi sem annars er ónýtt. Þar að auki minnka jaðaráhrif verulega en í jöðrum skóga mót opnu landi (25–50 m breitt belti) eru skemmdir af völdum snjóa og vinda mjög miklar. Skógurinn verður í heild betur vaxinn ef jaðrarnir minnka og því verðmætari.

Þá má benda á að skv. 6. gr. gildandi laga er bændum, sem eru þátttakendur í verkefninu, tryggður forgangur til atvinnu sem gengur framar landeigendum eyðijarða. Vinna við skógrækt á eyðijörðum væri því til þess fallin að auka til muna atvinnulíf í sveitum.

Af ofangreindum ástæðum hefur við endurskoðun laganna verið lögð til breyting á greiðslu ríkissjóðs á samþykktum kostnaði við skógrækt þannig að sá möguleiki sé fyrir hendi samkvæmt lögunum að ríkissjóður greiði 97% af samþykktum kostnaði á þeim eyðijörðum sem nauðsyn stendur til að séu þátttakendur í verkefninu frá skógræktarlegu sjónarmiði eða vegna hagsmuna skógræktarstarfs á aðlægum jörðum, hvort tveggja að mati Skógræktar ríkisins. Breyting sú sem hér er lögð til á 4. gr. gildandi laga mun ekki auka heildarkostnað ríkissjóðs af verkefninu miðað við Héraðsskógaáætlun. Í henni er ekki gerður greinarmunur á bújörðum og eyðijörðum. Aðeins var tekið tillit til skógræktarskilyrða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32/1991, um Héraðsskóga.

Með frumvarpi þessu er lögum nr. 32/1991, um Héraðsskóga, breytt og tekin inn ákvæði um skógrækt á eyðijörðum. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þessi breyting muni ekki koma til með að hafa kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

767. Frumvarp til laga [500. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Merking orða í þessum lögum er sem hér segir:

Alifiskur: Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

Almenningur í stöðuvatni: Sá hluti stöðuvatns sem liggur fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra sem að vatninu liggja.

Á: Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.

Áll: Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra sem eigi teljast bakkar. Nú eru fleiri álar en einn og heitir sá höfuðáll sem vatnsmestur er.

Bakki: Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.

Dráttur: Staður í veiðivatni þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Eldisfiskur: Sjá alifiskur.

Eldisstofn: Hópur laxfiska alinn í eldisstöð undan fiski sem alið hefur allan sinn aldur í fiskeldisstöð.

Félagsveiði: Félagsskapur eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

Fiskeldi: Geymsla, gæsla og fóðrun laxfiska, hafbeit, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.

Fiskeldisstöð: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða -vötn sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur þá er ræktaður hefur verið.

Fiskrækt: Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 2. mgr. 44. gr.

Fiskræktarslepping: Slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða til aukningar á fiskgengd í veiðivatni.

Fiskur: Lax (Salmo salar), silungur (Salmo trutta og Salvelinus alpinus) og regnbogasilungur (Oncorhynchus mykis), áll (Anguilla anguilla) eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.

Fiskvegur: Hvers konar mannvirki er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

Föst veiðivél: Veiðitæki sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjast í eða króast af, svo sem lagnet, króknet, kista og girðing.

Geldstofn: Laxfiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.

Göngusilungur: Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

Hafbeit: Slepping gönguseiða til sjógöngu og veiði kynþroska fiska til slátrunar er þeir ganga úr sjó í ferskt vatn.

Hafbeit til stangaveiði: Slepping gönguseiða í veiðivatn með takmarkaða laxaframleiðslu til aukningar á fiskgengd til stangaveiði.

Hafbeitarstofn: Hópur laxfiska sem klakinn hefur verið út undan fiski úr hafbeit.

Hafbeitarstöð: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu hafbeitar.

Jörð: Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.

Kvíaeldi: Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu.

Kvísl: Hluti af straumvatni sem fellur sér milli bakka.

Laxastofn: Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og á tilteknum tíma og hrygnir ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða á öðrum tíma.

Lögn: Staður í vatni þar sem fastri veiðivél verður við komið.

Netlög: Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að straumvatni eða stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Ós í á: Sá staður þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.

Ós í sjó: Sá staður þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumsfjöru.

Ós í stöðuvatn: Sá staður þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatn.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.

Ósasvæði: Svæði í straumvatni er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.

Sjór: Salt vatn utan árósa.

Strandeldi: Eldi laxfiska til slátrunar í tönkum eða kerum á landi.

Straumlína (strengur): Lína sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess þar sem straumur er mestur.

Straumvatn: Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.

Stöðuvatn: Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

Umhverfismat: Heildstætt mat eða úttekt á áhrifum eða afleiðingum, ásamt lýsingu á þeim, sem framkvæmdir kunna að hafa á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag.

Vatn: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

Vatnasilungur: Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.

Veiðihlutur: Hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

Veiðimál: Hvers konar mál er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

Veiðitala: Tala veiddra fiska.

Veiðivatn: Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.

Veiðivél: Sjá föst veiðivél.

Villtur laxastofn: Hópur laxfiska sem klekst út og elst upp í veiðivatni.

2. gr.

IV. kafli laganna, **Um veiðistjórn lax og göngusilungs og fiskrækt**, orðast svo:

a. (14. gr.)

1. Eigi má veiða lax í sjó og ekki silung utan netlaga.

2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim er veiðir skylt að sleppa honum lifandi eða dauðum í sjó aftur og þannig skal óheimilt að koma með slíkan fisk í land.

3. Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því er öðlaðist gildi árið 1932 eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati og er þá sú veiði leyfileg.

4. Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði.

5. Nú liggur veiðivatn eða hafbeitarstöð svo nærri sjávarveiði, slíkri sem getur í 3. mgr., að veiðimálastjóri telji að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu eða hjá stöðinni en veiðieigendur í vatninu, einn eða fleiri, eða eigendur hafbeitarstöðvar vilja leysa sjávarveiðina til sín og er ráðherra þá rétt að leyfa það að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því sem segir í 94. og 96. gr.

6. Frá hverri jörð, er liggur að sjó, skal heimilt að hafa mest tvö silungslagnet samtímis í sjó. Um aðrar landareignir, sem liggja að sjó, gildir sú regla að miða lagnetafjölda við þann fjölda jarða sem viðkomandi landareign tilheyrði áður. Nú getur landeigandi sýnt fram á að fleiri lagnir hafi verið í notkun skv. 5. mgr. 27. gr. laga þessara og eldri laga og er þá heimilt að fjölga netum að því marki svo fremi að það stangist ekki á við önnur ákvæði laga þessara. Rétt er ráðherra að setja reglur um veiði þessa.

7. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma enda komi ósk um slíka friðun frá einstökum veiðieigendum eða veiðifélagi sem ætla verði að njóti góðs af friðun þessari. Um mat á bótum vegna slíkrar takmörkunar fer skv. 94. og 96. gr., en bætur skulu greiddar af þeim sem takmörkunar óskar.

8. Með sama skilorði og í 7. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa þar sem hætta er á að lax og silungur geti veiðst í veiðiútbúnað sem ætlaður er til slíkrar veiði.

b. (15. gr.)

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi á lóð, í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur veiðitæki þau er lax má í veiða.

2. Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns eða þeim stað er fiski er ætlað að ganga í hafbeitarstöð en 2.000 metra á tímabilinu 1. mars til 1. október enda gangi fiskur í það vatn. Fullt samráð skal hafa við viðkomandi veiðifélag eða hafbeitarstöð varðandi ráðstöfun stangaveiði á þessu svæði. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að takmarka stangaveiði á friðuðu svæði við ós og setja reglur um veiðitæki og möskvastærð neta við slíka ósa. Þó getur ráðherra að fengnu áliti veiðimálastjóra leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

3. Til verndunar villtra laxastofna er ráðherra rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að friða tiltekin svæði í sjó í nágrenni mikilvægra veiðivatna þar sem ekki verði heimiluð starfsemi á sviði fiskeldis og hafbeitar með laxfiska. Ráðherra skal setja reglur um þessi friðunarsvæði.

c. (16. gr.)

1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.

2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim er lax eða göngusilungur fer um né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

3. Ráðherra getur eftir tillögum veiðimálastjóra veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því er ræðir um í 1. og 2. mgr. þar sem svo hagar til að veiði í ós eða við er eigi talin skaðvænleg.

4. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar, hlutaðeigandi veiðifélags og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma og má binda það því skilorði að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati skv. 94. gr. ef eigi semst.

d. (17. gr.)

Í straumvatni eða hluta straumvatns þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni og nefnist þar gönguhelgi. Hún tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik en helming af breidd óss eða ósasvæðis. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu þótt skemmra liggi frá bakka en nemi þriðjungi af breidd vatns. Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu og má þá skjóta þeim ágreiningi til mats skv. 94. gr.

e. (18. gr.)

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert. Nú telst sannað að fiskur hrygni í veiðivatni í september og er ráðherra þá rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ákveða að veiðitíma ljúki fyrr í því vatni. Ádráttarveiði er eigi heimil eftir 31. ágúst.

2. Á tímabili því, er getur í 1. mgr., má hvergi stunda laxveiði lengur en 3 og ½ mánuð. Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju að fengnum tillögum stjórnar hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar og með samþykki veiðimálastjóra.

3. Göngusilung má veiða frá 1. apríl til 10. október ár hvert. Þó skulu lok veiðitíma göngusilungs í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, miðast við 30. september, skv. 1. mgr. Þá er sérstaklega stendur á getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng, á dorg og færi.

4. Frá 1. apríl og þar til laxveiði hefst má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en stöng og færi, lagnet og ádráttarnet.

5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl og þar til laxveiðitími hefst og er þeim er veiðir skylt að sleppa honum í vatn aftur.

6. Á friðunartíma þeim sem getur í þessari grein skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivatni, sbr. þó 3. mgr.

f. (19. gr.)

1. Á veiðitíma þeim er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangaveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags engin hætta á að um þverrandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Með sama skilorði má lengja friðunartímann um allt að 24 stundir verði talin hætta á þverrandi fiskstofni í fiskihverfinu eða til jöfnunar fiskgengd í því vatni. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangaveiði og veiði með færi má stunda frá sólarupprás til sólseturs, þó aldrei á tímabilinu frá kl. 3 eftir miðnætti til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangaveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn og skal hann friðaður þar svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða að friðun sú sem getur í 1. mgr. skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengdar í því vatni.

g. (20. gr.)

Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að friða tiltekin svæði í vatni þar sem fiskur safnast saman til hrygningar eða vegna fyrirstöðu á göngu, svo sem undir fossum enda telji veiðimálastjóri að veiði á þeim stöðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins. Friðun þessa má binda tiltekinn tíma. Slík friðun er því skilyrði háð að veiðieigendur eða ábúendur í fiskihverfi greiði bætur þeim aðila sem missir verulega og öðrum fremur af veiði vegna friðunar. Ákveða má bætur með mati skv. 94. gr. ef eigi semur.

h. (21. gr.)

Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að friða heilt vatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskstofni þess vatns en leita skal hann samþykkis hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar.

i. (22. gr.)

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.–21. gr. svo og ákvæði 38. gr. er leyfilegt að veiða lax og silung til vísindalegra rannsókna og eru slíkar veiðar undanþegnar friðunarákvæðum laga þessara.

2. Til veiði þeirrar er getur í 1. mgr. þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Veiðiskírteinið skal gefið út handa einstaklingi og gildir það um tiltekinn tíma.

j. (23. gr.)

1. Skylt er að gera fiskræktaráætlun, er nái til fimm ára í senn, í hverju veiðivatni þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt með sleppingu seiða, hafbeit til stangaveiði eða öðrum atriðum fiskræktar sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

2. Fiskræktaráætlun skv. 1. mgr. er háð samþykki veiðimálastjóra, enda hafi veiðifélag eða meiri hluti veiðieigenda við veiðivatn ákveðið að ráðast í slíka framkvæmd. Í leyfið skal setja skilyrði, sem veiðimálastjóri telur nauðsynleg til verndar viðkomandi fiskstofni gegn sjúkdómum og erfðablöndun og nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.

3. Nú vill veiðifélag eða meiri hluti veiðieigenda við veiðivatn láta veiða lax og silung til hrognatöku í því vatni og er það háð leyfi veiðimálastjóra með samþykki ráðherra. Leyfið gildir um tiltekinn tíma og í það skal setja skilyrði sem eru nauðsynleg til verndar fiskstofni skv. 2. mgr. og felur í sér heimild skv. 1. mgr. 22. gr.

4. Ráðherra getur skv. 1. og 2. mgr. heimilað notkun hafbeitarstofns úr sama landshluta til hafbeitar á laxi í veiðivatni enda sé fullnægt skilyrðum um samþykki veiðieigenda við veiðivatnið sem um getur í 2. mgr.

3. gr.

V. kafli laganna, **Um veiðistjórn vatnasilungs**, orðast svo:

a. (24. gr.)

1. Vatnasilung er heimilt að friða fyrir allri veiði ef ástæða þykir til. Veiðimálastjóri skal ákveða lengd friðunartíma í vatni hverju í samráði við hlutaðeigandi veiðifélag.

2. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að ákveða allt að tveggja sólarhringa friðun á viku hverri í stöðuvatni.

3. Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. um friðun í vatni er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að leyfa lagnetaveiði til heimilisnota á friðunartíma. Leyfi þetta skal binda nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja að hrygnandi fiskur verði eigi veiddur á þennan hátt, svo sem skilyrði um fjarlægð lagna frá hrygningarstöðvum.

4. Ráðherra getur eftir tillögum veiðimálastjóra sett reglur um friðun vatnasilungs þar sem hann hrygnir að sumarlagi.

b. (25. gr.)
Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni svo sem vegna sjúkdóma eða til þess að rækta aðrar fisktegundir en þær er fyrir voru í vatninu og skal ráðherra heimilt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra og með samþykki eiturefnanefndar að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

c. (26. gr.)
Ákvæði 22. gr. taka einnig yfir veiði vatnasilungs.

4. gr.

VII. kafli, **Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn**, orðast svo:

a. (39. gr.)
1. Ráðherra er rétt að leyfa að gerður sé fiskvegur í vatni eða meðfram vatni enda samþykki veiðimálastjóri gerð fiskvegar og hafi umsjón með framkvæmd verksins.
2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns, er með þarf til fiskvegar, og þola verður hann þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér enda komi fullar bætur fyrir eftir mati nema samkomulag verði.
3. Um breytingu á fiskvegi eða vatnsmagni í honum fer eftir því sem segir í 1. og 2. mgr.

b. (40. gr.)
Eigi má veiða eða styggja fisk í fiskvegi né nær neðra mynni hans en 30 metra og eigi nær efra mynni hans en 20 metra. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

c. (41. gr.)
1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki sem tálma fiskför í vatninu og eru eigi lögleg veiðitæki og skal þá þeim er gera lætur skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því til þess að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður. Honum er skylt að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegar er háð samþykkki veiðimálastjóra og skal verkið unnið undir umsjón hans.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda eigi:
a. ef vatn er eigi fiskgengt af öðrum ástæðum,
b. ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni og það hefur verið samþykkt á aðalfundi veiðifélags enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hátt sem fiskvegur,
c. ef talið er í matsgerð að gerð fiskvegar og viðhald hafi meiri kostnað í för með sér en hagnaði af veiði nemur enda séu þá veiðispjöll þau, er af mannvirkinu leiðir, bætt fullum bótum.
3. Heimilt er eignarnám, svo sem segir í 2. mgr. 39. gr., til fiskvegar sem gerður er samkvæmt þessari grein.

d. (42. gr.)

1. Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarra áþekkra nota eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurði, vatnsveituskurði, öðrum skurði eða leiðslu og getur þá veiðimálastjóri krafist þess að búið sé svo um skurð eða leiðslu að fiskur eða fiskseiði gangi eigi í. Kostnað af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitu.

2. Nú verða tíðar breytingar á vatnsmagni veiðivatns vegna vatnsmiðlunar og skal þá haga miðlun þannig að sem minnst tjón hljótist á fiskstofni veiðivatns. Svo skal og til haga þá er uppistöður eru tæmdar, svo sem vegna hreinsunar. Hafa skal samráð við veiðimálastjóra um þetta.

e. (43. gr.)

Nú er fyrirhugað að taka jarðefni eða gera mannvirki í eða við veiðivatn, sem hætta er á að hafi áhrif á lífríki vatnsins, og skal þá veiðimálastjóri láta fara fram líffræðilega úttekt á viðkomandi veiðivatni áður en ráðist er í framkvæmdina. Kostnað af úttektinni greiðir sá er að framkvæmdum stendur. Þegar niðurstaða liggur fyrir skal heimilt að ráðast í viðkomandi framkvæmdir enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun þeirra.

5. gr.

IX. kafli laganna, **Um fiskeldi og hafbeit**, orðast svo:

a. (62. gr.)

1. Til fiskeldis og hafbeitar þarf leyfi landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn veiðimálastjóra.

2. Nú æskir maður þess að taka upp fiskeldi, þar á meðal kvíaeldi eða hafbeit á laxfiskum, og skal hann senda umsókn um rekstrarleyfi til veiðimálastjóra um það. Umsókn skulu fylgja skilríki um afnot lands, vatns og sjávar, svo og áætlun um rekstur og kostnaðaráætlun, auk heimildar til mannvirkjagerðar og starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga er varða slíkan atvinnurekstur.

3. Er slíkum skilríkjum skv. 2. mgr. hefur verið skilað skal veiðimálastjóri gera úttekt á stöðinni og teljist frágangur fullnægjandi skal veiðimálastjóri senda ráðherra umsögn sína. Ráðherra gefur síðan út rekstrarleyfi og öðlast starfsemin þar með réttindi skv. 66. gr. Ráðherra er rétt að setja skilyrði í reglugerð.

b. (63. gr.)

Skylt er að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar og starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér enda komi fullar bætur fyrir eftir mati nema samkomulag verði.

c. (64. gr.)

1. Nú er vatn tekið úr veiðivatni til afnota í eldisstöð og skal þá búa svo um vatnsleiðslur að eldistjörn og frá að fiskur gangi eigi úr veiðivatni í leiðslur. Umbúnaður slíkra vatnsleiðslna skal háður samþykki veiðimálastjóra.

2. Nú er straumvatn stíflað vegna eldisstöðvar og fer þá um gerð stíflu skv. 41. gr.

d. (65. gr.)
Nú truflar vatnstaka til eldisstöðvar göngu fisks í veiðivatni og skal þá haga vatnstöku svo að hún valdi sem minnstri truflun. Tilhögun vatnsveitu skal háð samþykki veiðimálastjóra.

e. (66. gr.)
Friðunarákvæði þessara laga svo sem um gönguhelgi, veiðitíma, stærð fisks, veiðitæki og veiðiaðferðir taka ekki til veiða á eigin fiski í eldisstöðvum, hafbeitarstöðvum né í eldiskvíum.

f. (67. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 66. gr. skal ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar setja reglur um töku á laxi er kemur úr sjó í hafbeitarstöð og um merkingar og sýnatöku úr fiskinum.

g. (68. gr.)
Ráðherra er rétt að fengnum rökstuddum tillögum veiðimálastjóra að ákveða árlega hámarkssleppingu í hafbeit enda sé talin hætta á að sleppingin raski jafnvægi laxastofna eða annarra nytjafiska í hafinu.

h. (69. gr.)
Forráðamenn eldisstöðva, hafbeitarstöðva og kvíaeldis skulu gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi stöðvanna, svo sem framleiðslumagn, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans og önnur atriði sem nauðsynleg þykja.

i. (70. gr.)
Nú veldur eldisstöð rýrnun á veiði í vatni og skal þá bæta tjónið eftir mati ef eigi semur.

j. (71. gr.)
Ráðherra er rétt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldis- og hafbeitarstöðva á sama hátt og ákveðið er í 7. og 8. mgr. 14. gr.

k. (72. gr.)
Ráðherra er rétt samkvæmt meðmælum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra að heimila hafbeitarstöð laxveiði í sjó innan 200 metra frá frárennsli hennar, ósi í sjó, enda hafi gönguseiðum verið sleppt í frárennslið í því skyni að þau gangi í sjó og komi aftur upp í stöðina að sjávarvist lokinni.

l. (73. gr.)
Missi fiskeldisstöð með rekstrarleyfi út eldisfisk er henni heimil þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu veiði innan 200 metra frá stöðinni enda sé það utan netlaga og veiðimálastjóra hafi verið tilkynnt um það. Heimild þessi takmarkast við þrjá sólarhringa frá því að fiskur slapp út ef þetta gerist á göngutíma laxfiska og skulu framkvæmdar undir eftirliti fulltrúa veiðimálastjóra.

m. (74. gr.)
Fiskeldis-, hafbeitarstöðvar og kvíaeldisstöðvar hafi með sér samtök, Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva, sem gæti sameiginlegra hagsmuna fiskeldismanna.

6. gr.

XIII. kafli laganna, **Um stjórn veiðimála, Veiðimálastofnun og eftirlit**, orðast svo:

a. (86. gr.)
1. Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn allra veiðimála.
2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálanefnd og veiðimálastjóri.

b. (87. gr.)
1. Ráðherra skipar veiðimálastjóra. Veiðimálastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérmenntaður í vatnalíffræði eða fiskifræði vatnafiska:
a. hann er ráðherra til aðstoðar um allt sem að stjórn veiðimála lýtur,
b. hann annast þau verkefni sem honum eru sérstaklega falin í lögum þessum,
c. hann gerir tillögur um setningu reglugerða og önnur ákvæði sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskrækt, fiskeldi eða veiði,
d. hann annast merkingu vatnafiska en getur gefið öðrum leyfi til merkinga með skilyrðum sem hann setur,
e. hann annast söfnun skýrslna um veiði, fiskrækt og fiskeldi,
f. hann gerir tillögur um skipun veiðieftirlitsmanna.

2. Veiðimálastjóri er forstjóri Veiðimálastofnunar, sem er rannsókna- og þjónustustofnun í veiðimálum og hefur hann á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Forstjóri ræður starfsfólk. Heimilt er að ráða aðstoðarforstjóra til að sinna rekstrarþáttum stofnunarinnar. Ráðherra er rétt að setja reglugerð um verkefni og stjórn stofnunarinnar.

Hlutverk Veiðimálastofnunar er:
a. að annast verkefni sem miða að því að auka fiskgengd í ám og vötnum og bæta nýtingu þeirra,
b. að annast rannsóknir á ám og vötnum og á vatnafiskum, í fiskrækt, fiskeldi og hafbeit,
c. að annast þróunarstarf og leiðbeiningar í veiðimálum,
d. að annast rannsókn á einstökum veiðivötnum fyrir eigendur þeirra og veiðifélög enda greiði þessir aðilar kostnað af verkinu, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

3. Veiðimálastofnun er heimilt að taka að sér rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði sínu fyrir einstaklinga, félög og stofnanir gegn endurgjaldi.

c. (88. gr.)
1. Veiðimálastofnun er heimilt að starfrækja deildir á landsbyggðinni samkvæmt ákvörðun ráðherra að fengnum tillögum stjórnar Veiðimálastofnunar og veiðimálastjóra.

2. Heimilt er að starfrækja rannsóknastöð í fiskeldi og hafbeit í tengslum við Veiðimálastofnun. Stöðin er rannsóknavettvangur fyrir klak og eldi laxfiska, kynbætur og hafbeit. Ráðherra er heimilt að setja reglur um verkefni og skipa fag- og stjórnarnefnd fyrir stöðina en veiðimálastjóri skal hafa umsjón með hlutdeild ríkisins í henni.

d. (89. gr.)

1. Stjórn Veiðimálastofnunar skal skipuð fimm mönnum sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands. Ráðherra skipar formann. Varamenn skal skipa með sama hætti.

2. Stjórn Veiðimálastofnunar hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og deilda hennar og markar meginatriði um stefnu og starf hennar. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um starfs- og fjárhagsáætlun og staðfestir reikninga stofnunarinnar að loknu ársuppgjöri.

e. (90. gr.)

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti þrír menn. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd og skipar þá ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál sem henni eru falin í lögum þessum. Umsagnar veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða um veiðimál.

f. (91. gr.)

Öll veiðifélög samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga þessara hafa með sér landssamtök, Landssamband veiðifélaga, sem gætir sameiginlegra hagsmuna þeirra.

g. (92. gr.)

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn með veiði þar sem þurfa þykir enda æski þess veiðifélag, eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirlitinu. Um tölu þeirra og skipun skal leita tillagna veiðimálastjóra. Á sama hátt skipar ráðherra eftirlitsmann með klaköflun þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

2. Rétt er ráðherra að skipa eftirlitsmenn með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Um tölu þeirra og skipun skal leita tillagna veiðimálastjóra og greiðist kostnaður við störf þeirra úr ríkissjóði.

3. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur veiðimálastjóri í erindisbréfi.

4. Veiðimálastjóri gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

5. Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því, og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

6. Nú leikur grunur á að fiskur sé ólöglega veiddur og getur eftirlitsmaður krafist þess að sá er hefur hann undir höndum geri eftirlitsmanni grein fyrir hvar hann hafi fengið fiskinn ella telst fiskurinn ólöglegt veiðifang.

7. Nú leikur grunur á að ólöglegt veiðifang sé geymt í verslun, reykhúsi, frystihúsi eða í öðru geymsluhúsi og er eftirlitsmanni heimilt án undangengins úrskurðar dómara að gera leit að slíku veiðifangi og taka það í sína vörslu ef þurfa þykir en gera skal hann dómara þeim er í hlut á þegar viðvart en hann skal þegar taka málið til meðferðar.

7. gr.

Töluröð greina í XIV.–XVII. kafla breytist í samræmi við framantaldar breytingar svo og tilvitnanir í þær greinar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um lax- og silungsveiði eru frá 1970. Ýmislegt hefur verið að gerast á sviði veiðimála sem kallar á breytt lagaákvæði og ný ákvæði, eins og um fiskeldi. Það er því löngu ljóst að endurskoða þyrfti lög um lax- og silungsveiði enda var lagt fram á Alþingi lagafrumvarp í þessu skyni 1983. Síðan hefur verið unnið að þessu máli og nokkur frumvarpsdrög á vegum ráðuneytisins hafa verið samin þó að ekki hafi þau verið lögð fram frá 1983 að því undanskildu að samþykkt var vorið 1992 breyting á kaflanum um Fiskræktarsjóð.

Við gerð þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af fyrrgreindum frumvarpsdrögum og sum ákvæði tekin beint upp í frumvarp þetta en önnur voru endurskoðuð og ennfremur sett inn ný ákvæði.

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi vorið 1993. Það er nú endurflutt eftir að gerðar hafa verið á því nokkrar breytingar og nokkur nýmæli sett inn eins og nánar er gert grein fyrir í athugasemdum þessum.

Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verði og eru brýnar, snerta aðeins sex kafla laganna, þ.e. I., IV., V., VII., IX. og XIII. kafla og því er ekki um heildarendurskoðun laganna að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Bætt er við orðskýringar 1. gr. gildandi laga skýringum á orðunum eldisstofn, fiskeldisstöð, fiskræktarslepping, geldstofn, hafbeit, hafbeit til stangaveiði, hafbeitarstofn, hafbeitarstöð, kvíaeldi, laxastofn, netlög, strandeldi og villtur laxastofn. Þá er breytt skýringu á orðinu fiskeldi eins og það er skýrt í gildandi lögum.

Um 2. gr.

Í fyrirsögn IV. kafla er fellt út orðið friðun og sett inn orðið veiðistjórn í staðinn.

Um 2. gr. a.

Í 1. mgr. er bætt inn að ekki megi veiða silung í sjó utan netlaga sem telja verður að liggi beinast við þar sem hér er um ferskvatnsfisk að ræða og veiðiréttur fylgir landi og nær það til netlaga.

Rétt þykir að hnykkja á ákvæði í 2. mgr. um meðferð á ólöglega veiddum laxi að honum sé sleppt lifandi eða dauðum í sjó og óheimilt sé að fara með hann í land.

Í 5. mgr. er bætt inn heimild til handa hafbeitarstöð að leysa til sín sjávarveiði sem liggur nærri henni, hliðstætt og segir um veiðivatn. Það verður að teljast eðlilegt að sama gildi fyrir þróaða hafbeitarstöð sem sleppir miklum fjölda gönguseiða í sjó og eigendur laxveiðiár að hún eigi þess kost að geta leyst til sín laxveiðilagnir sem tækju verulegan toll af afurðum stöðvar og ef af yrði þá væntanlega í samvinnu við áreigendur sem svipað er ástatt um.

6. mgr. er nýmæli sem varðar takmörkun á fjölda silungslagneta í sjó. Lagt er til að lögfesta ákvæði um hámarksfjölda silungsneta í sjó frá hverju lögbýli sem slíka aðstöðu hefur. Á sínum tíma, 1957, var í lögum kveðið svo á að ekki mætti fjölga lögnum frá því sem verið hafði á árunum 1952–1957 og 1970 var þetta ákvæði áréttað með gildandi löggjöf. Víst er að langflest lögbýli, sem land eiga að sjó, hafa ekki verið með meiri búnað en tvö lagnet á sínum tíma. Hins vegar hefur það gerst að sveitarstjórnir í þéttbýli, sem reist hefur verið á landi lögbýla, hafa gefið árlega út á seinni árum tugi netaleyfa til einstaklinga á viðkomandi þéttbýlisstöðum. Slíkt framferði gengur þvert á ákvæði laga sem setja öllum veiðiskap á laxi og göngusilungi fastar skorður. Nauðsyn ber til að girt sé fyrir misnotkun af fyrrgreindu tagi með skýrum lagafyrirmælum.

7. mgr. er efnislega samhljóða 6. mgr. í gildandi lögum og varðar takmörkun eða bann við veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum. Fellt er út að sýslunefnd eða bæjarstjórn þurfi að mæla með slíkri framkvæmd en látið standa að veiðieigendur eða veiðifélag þurfi að biðja um slíka friðun eða bann. Jafnframt er sett inn að bótamat fari fram skv. 94. og 96. gr. og að þeir sem takmörkunar óska greiði bæturnar.

Um 2. gr. b.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 15. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að bætt er inn „á lóð". Sjálfsagt þykir að bæta inn á bannlista lóðum til veiða á silungi í sjó. Í 2. mgr. er bætt inn í greinina að umrætt bann gildi einnig fyrir hafbeitarstöð eins og straumvatn enda gangi fiskur í það vatn. Þá er felld út greining á vatnsmagni og eftirleiðis er friðunarsvæðið einungis bundið við 2.000 metrana til einföldunar. Þá er einnig gert ráð fyrir því að hafa þurfi samráð við viðkomandi veiðifélag eða hafbeitarstöð varðandi fyrirkomulag stangaveiði á umgetnu friðunarsvæði og að ráðherra geti takmarkað slíka veiði ef þörf krefur. Þetta verður að teljast eðlilegt og með því er verið að fyrirbyggja árekstra milli þeirra sem land eiga að straumvatni og hinna sem land eiga að sjó.

3. mgr. er nýmæli. Að fenginni reynslu hér á landi er sýnt að nauðsyn ber til að hafa heimild í lögum svo unnt sé að friða viss svæði í sjó í námunda við laxveiðiár þar sem miklar laxagöngur fara um á leið sinni í þær. Það verður að telja eðlilegt að hinir villtu laxastofnar í ánum njóti þannig viss forgangs og verndar auk þess sem komið yrði í veg fyrir hagsmunaárekstra sem fylgja því þegar hafbeitarstöð er reist í næsta nágrenni við mikilvægar laxveiðiár, eina eða fleiri.

Um 2. gr. c og d.

Greinarnar eru samhljóða 16. og 17. gr. gildandi laga nr. 76/1970.

Um 2. gr. e.

Lagðar eru til breytingar á gildandi ákvæði sem felur í sér rýmri árlegan veiðitíma, sólarhringsveiðitíma og að dorgveiði til göngusilungsveiði verði bætt inn í um veiðiaðferðir.

Lok árlegs veiðitíma eru færð aftur um 10 daga frá því sem er í gildandi lögum, þ.e. frá 20. september til 30. september og heimilaður veiðitími innan heildartímans lengdur um hálfan mánuð, auk þess sem lagt er til að göngusilungsveiði verði til 10. október þar sem einvörðungu er um göngusilung að ræða. Nokkur reynsla hefur fengist í þessu

efni þar sem undanfarin ár hafa verið veittar undanþágur til göngusilungsveiði fram eftir októbermánuði. Með fenginni áratuga reynslu af vel þróuðu starfi veiðifélaga víðs vegar um land hefur komið í ljós að nauðsynlegur er meiri sveigjanleiki með veiðitímann en nú er, einkum þegar fiskgengd er mikil.

Um 2. gr. f.

Valkostur um veiðitíma á sólarhring hverjum verði gerður meiri en nú er. Bent hefur verið á að íslenskar aðstæður með bjarta sumarnótt leyfa stangaveiði á þeim tíma. Talið er rétt að rýmka um í þessu efni en þó gert ráð fyrir að ekki sé daglega staðið að stangaveiði lengur en í 12 stundir á sólarhring hverjum, eins og nú er, og að ekki megi stunda veiði á tímabilinu frá kl. 3 eftir miðnætti til kl. 7 árdegis. Víst er að hefðir í þessu efni munu áfram ráða miklu um framkvæmdina.

Um 2. gr. g.

Greinin er samhljóða 20. gr. gildandi laga.

Um 2. gr. h.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 20. gr. gildandi laga.

Um 2. gr. i.

1. og 2. mgr. eru efnislega 1. og 2. mgr. gildandi laga.

Um 2. gr. j.

Nýmæli er sett inn með ákvæði um sérstaka fiskræktaráætlun. Hún er í raun ítarlegri útfærsla á heimild til klaktöku og seiðasleppingar í veiðivatn en áður hefur verið gert, auk þess sem felld eru inn í áætlunina önnur atriði fiskræktar, sbr. ákvæði 2. mgr. 44. gr. Þetta ætti að geta orðið til að gera fiskræktarátakið markvissara og tryggja að hagsmunir viðkomandi fiskstofns séu sem best tryggðir þegar til lengri tíma er litið.

Í 3. mgr. er rætt um sérstakt klakleyfi sem er byggt á ákvæði 2. mgr. 22. gr. gildandi laga. Með þessu er verið að einfalda afgreiðslu á klakleyfi miðað við gerð fiskræktaráætlunar, sbr. 1. og 2. mgr., þar sem ætlunin er meðal annars að afla klakfisks í tengslum við það að seiðum verði sleppt í önnur veiðivötn eða til að ala upp í eldisstöð.

Þá er gert ráð fyrir í 4. mgr. að heimiluð verði notkun hafbeitarstofns úr sama landshluta til hafbeitar á laxi í veiðivatni með skilyrðum um samþykki veiðieigenda.

Um 3. gr.

Í fyrirsögn V. kafla er orðið friðun fellt út og veiðistjórn sett í staðinn.

24. gr. felur í sér heimild til að friða vatnasilung fyrir allri veiði sem er breyting frá núgildandi 24. gr. laganna.

Í stað þess að kveða á um friðunartíma er sett inn heimild til að friða vatnasilung fyrir allri veiði ef ástæða þykir til. Þarna er tekið mið af þeirri reynslu sem fengist hefur í þessum efnum seinustu áratugi. Aðrar greinar kaflans breytast í samræmi við breytingu 24. gr. Í 25. gr. er fellt út hvað varðar ákvæði um kynbetri stofn en tekið fram að ein ástæðan fyrir eyðingu fiskstofns geti verið sjúkdómar og bætt er inn að hafa þurfi samráð við eiturefnanefnd ef beita eigi eitri við eyðingu á fiski sem þykir eðlilegt.

Um 4. gr.

Í fyrirsögn kaflans var gerð smávægileg breyting þar sem bætt var inn: í og við veiðivötn, í stað „í veiðivötnum“.

Um 4. gr. a.

Greinin er samhljóða 39. gr. gildandi laga.

Um 4. gr. b.

Heildarfriðunarsvæði við fiskveg er fært niður í 50 metra í stað 80 eins og er í gildandi lögum. Þannig verði 30 metra friðunarsvæði við neðra mynni hans en 20 metra ofan við stigann sem teljast verður fullnægjandi.

Um 4. gr. c.

Greinin er samhljóða 41. gr. gildandi laga.

Um 4. gr. d.

Greinin er samhljóða 42. og 43. gr. gildandi laga.

Um 4. gr. e.

Hér er um nýmæli að ræða þar sem er gert ráð fyrir að veiðimálastjóri láti fara fram líffræðilega úttekt áður en ráðist er í efnistöku eða mannvirkjagerð í eða við veiðivatn sem kynni að fela í sér hættu fyrir lífríki þess.

Um 5. gr.

Eðlilegt þykir að breyta kaflaheiti IX. kafla þar sem gjörbylting er gerð á efnisákvæðum hans. Í kaflann eru sett inn í staðinn almenn og nauðsynleg ákvæði um fiskeldi og hafbeit.

Um 5. gr. a.

Efnislega er ákvæðið byggt á 66. gr. gildandi laga en því er breytt verulega. Heimildarákvæðið um fiskeldisstöðvar ríkisins flyst í raun í 2. mgr. 88. gr. í XIII. kafla þar sem fjallað er um Veiðimálastofnun og Laxeldisstöð ríkisins.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra fari alfarið með fiskeldismál. Þá er ætlað að fyrir liggi leyfi annarra opinberra aðila sem fara með mál varðandi slíkan atvinnurekstur sem hér er um að ræða áður en rekstrarleyfi er veitt.

Um 5. gr. b.

Greinin er samhljóða 67. gr. gildandi laga.

Um 5. gr. c.

Greinin er samhljóða 68. gr. gildandi laga.

Um 5. gr. d.

Greinin er samhljóða 69. gr. gildandi laga.

Um 5. gr. e.

Greinin er efnislega hliðstæð 70. gr. gildandi laga.

Um 5. gr. f.

Greinin hefur að geyma ný ákvæði varðandi töku á laxi hjá hafbeitarstöð. Töluverð umræða hefur orðið hjá veiðiréttareigendum og stangaveiðimönnum um töku á laxi í hafbeitarstöðvum svo og merkingar og sýnatöku úr fiskinum. Ljóst er að setja þarf reglur um þetta efni er tryggi að framkvæmdin sé sem mest í takt við önnur ákvæði laganna um veiðar á laxi eftir því sem unnt er.

Um 5. gr. g.

Greinin er nýmæli. Nauðsyn ber til að hafa slíka heimild í lögum með tilliti til þess að hér gæti þróast upp í framtíðinni hafbeit á laxi sem stefndi að sleppingu gönguseiða í það ríkum mæli að talið yrði of í lagt gagnvart ætissvæðum í hafinu og hagsmunum þeirra sem nytja aðra sjávarfiska. Hér er því um varúðarráðstöfun að ræða.

Um 5. gr. h.

Greinin er samhljóða 71. gr. gildandi laga en ítarlegri.

Um 5. gr. i.
Greinin er samhljóða 72. gr. gildandi laga.
Um 5. gr. j.
Greinin er efnislega samhljóða 73. gr. gildandi laga.
Um 5. gr. k.
Greinin er efnislega samhljóða 74. gr. gildandi laga.
Um 5. gr. l.
Greinin hefur að geyma ný ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að fiskeldisstöð með starfsleyfi, t.d. kvíaeldi, sem missir út fisk, fái heimild til að reyna að ná fiskinum aftur. Jafnframt er sett takmörkun á veiðiskap sem þykir hæfileg bæði hvað varðar stærð veiðisvæðis og hámarkstímalengd frá því að fiskur slapp út.
Um 5. gr. m.
Eðlilegt er talið að fiskeldis- og hafbeitaraðilar hafi með sér samtök þar sem þeir tilnefna m.a. mann í stjórn Veiðimálastofnunar og þurfa að verja ýmsa hagsmuni t.d. í tengslum við rekstrarleyfi og rekstrarumhverfi.

Um 6. gr.

Yfirskrift kaflans er óbreytt frá gildandi lögum. Meginbreytingar þessa kafla eru þær að lagt er til að lögfest verði Veiðimálastofnun í stað þess að í lögum hefur eingöngu verið um embætti veiðimálastjóra að ræða og Veiðimálastofnun fái sérstaka stjórn. Þá er ákvæðum um veiðieftirlitsmenn breytt verulega.
Um 6. gr. a.
Í greininni er fjallað um skipun veiðimálastjóra og verkefni hans sem er efnislega að finna í sömu grein gildandi laga, svo og um Veiðimálastofnun og verkefni hennar og stjórn sem eru nýmæli. Í 1. mgr. er fjallað um skipun veiðimálastjóra. Hlutverk hans er m.a. að vera ráðherra til aðstoðar um allt, sem að stjórn veiðimála lýtur, gera tillögur um setningu reglugerða, annast merkingu vatnafiska, annast söfnun skýrslna um veiði, fiskrækt og fiskeldi og gera tillögur um skipun veiðieftirlitsmanna. Þetta eru allt verkefni sem eru lögbundin og fást ekki greidd af einkaaðilum. Í 2. mgr. eru nýmæli um Veiðimálastofnun og hlutverk hennar og þar er að finna atriði sem eru í 2. mgr. 87. gr. gildandi laga um verkefni veiðimálastjóra að hluta til, auk viðbótar um hlutverk hennar sem þróunar- og rannsóknastofnunar. Stjórnunarþátturinn verður eftir sem áður hjá veiðimálastjóra, eins og áður greinir. Þarna er einnig kveðið á um að veiðimálastjóri sé forstjóri stofnunarinnar og að hann ráði starfsfólk. Þá er bætt við ákvæði um að stofnunin geti tekið að sér verkefni fyrir veiðifélög gegn greiðslu og fleira sem er nánar vikið að í 3. mgr. greinarinnar.
Um 6. gr. c.
Í 1. mgr. er nýmæli um heimild Veiðimálastofnunar til að starfrækja deildir úti á landi. Er það í samræmi við þá þróun sem orðið hefur.
Í 2. mgr. er sett inn heimild um rekstur tilraunastöðvar í tengslum við Veiðimálastofnun en hliðstæð ákvæði eru í 62. gr. gildandi laga sem fyrr greinir. Þá er gert ráð fyrir að veiðimálastjóri hafi umsjón með hlutdeild ríkisins í stöðinni og er það í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað með stöðina. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti sett stöðinni fag- og stjórnarnefnd.

Um 6. gr. d.

Í greininni eru ný ákvæði um stjórn Veiðimálastofnunar sem skal vera skipuð fimm mönnum, einum skipuðum af ráðherra án tilnefningar, einum frá hverju eftirtalinna landssamtaka: fiskeldis- og hafbeitarstöðva, stangaveiðifélaga, veiðifélaga og samtaka landbúnaðarins. Ráðherra skipar formann. Í 2. mgr. er kveðið á um verkefni stjórnar.

Um 6. gr. e.

Greinin er efnislega samhljóða 88. gr. gildandi laga um veiðimálanefnd en henni breytt þannig að í nefndinni eigi framvegis aðeins sæti fulltrúar frá landssamtökum stangaveiðifélaga og veiðifélaga, þ.e. einn frá hvoru, en ráðherra skipi einn mann í nefndina án tilnefningar, sbr. ákvæði 1. mgr.

Um 6. gr. f.

Eðlilegt þykir að veiðifélögin, sem eru lögfest, hafi með sér landssamtök sem komi fram fyrir þeirra hönd gagnvart hinu opinbera.

Um 6. gr. g.

Greinin er að meginefni samhljóða 89. og 90. gr. gildandi laga. Veigamikil breyting er gerð er felst í því að fellt er út ákvæði um að ríkissjóður greiði helming af launum á móti veiðieigendum. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði kostnað af veiðieftirliti í sjó. Með þessari breytingu er gjaldakvöð létt af ríkissjóði en í staðinn er ríkissjóði ætlað að annast alfarið veiðieftirlit í sjó. Það verður að teljast eðlilegt þar sem sjávareftirlit er utan lögsögu einstakra vatnasvæða. Þá er ljóst að veiðieftirliti verður að sinna með sérstökum hætti, bæði vegna þess að það er sérhæft í eðli sínu og samræmist oftast ekki hinni almennu löggæslu, m.a. vegna annríkis hennar á þeim tíma ársins sem veiðieftirlitið fer fram.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á sex köflum laganna og kaflaheitum breytt til samræmis við efnisbreytingar. Fjárhagsþættir frumvarpsins eru eftirfarandi:

— Í gildandi lögum um lax- og silungsveiði er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði helming af launum veiðieftirlitsmanna sem stunda veiðieftirlit við ár. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðiréttareigendur greiði alfarið kostnað sem af því hlýst enda er skipun veiðieftirlitsmanna háð óskum veiðiréttareiganda, sbr. g-lið 6. gr. Gert er ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs lækki um 1–2 m.kr. á ári við þessa breytingu.

— Ráðherra er heimilt samkvæmt frumvarpinu að skipa eftirlitsmann með klaköflun þar sem þurfa þykir og er það nýmæli. Viðkomandi klakleyfishafi ber kostnað sem af því leiðir, sbr. g-lið 6. gr.

— Ráðherra er heimilt samkvæmt frumvarpinu að skipa eftirlitsmann með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt, sbr. g-lið 6. gr. Á undanförnum árum hefur í fjárlögum verið gert ráð fyrir tilteknum fjármunum til veiðieftirlits sem hefur beinst í auknum mæli að ólöglegri sjávarveiði. Gera má ráð fyrir að kostnaður af slíku eftirliti, sem unnið er í samvinnu við Landhelgisgæsluna, verði 3–4 m.kr. og kostnaðarauki ríkissjóðs þannig 1–2 m.kr.
— Allar bætur vegna takmörkunar á silungsveiði í sjó, sbr. a-lið 2. gr., eru greiddar af þeim sem takmörkunar óskar (veiðiréttareigendur). Sama gildir um bætur vegna takmörkunar á veiði eða tilteknum veiðiaðferðum upp eða niður frá ósi, sbr. c-lið 2. gr.
— Allur kostnaður af gerð fiskræktaráætlunar, sbr. j-lið 2. gr., greiðist af þeim aðila sem fiskrækt stundar.
— Ýmis ákvæði um skipulag og starfssvið Veiðimálastofnunar eru lögfest samkvæmt frumvarpinu (XIII. kafli). Gert er ráð fyrir sérstakri stjórn yfir Veiðimálastofnun og er það nýmæli. Greiðslur til stjórnarmanna verða ákveðnar af þóknananefnd í samræmi við fundarsetu.

Samandregið má ætla að frumvarpið feli í sér óverulegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

768. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á tveimur þingum. Á 116. löggjafarþingi fékk nefndin á fund sinn Vilhjálm Vilhjálmsson, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá bárust henni umsagnir frá hreppsnefndum Öxnadalshrepps, Tjörneshrepps, Hraungerðishrepps, Fellahrepps, Hofshrepps, Borgarhrepps, Stöðvarhrepps og Miklaholtshrepps, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, héraðsnefnd Mýrasýslu og héraðsnefnd Múlasýslna.

Nefndin fellst á það meginatriði frumvarpsins að sveitarfélag verði ekki sameinað öðrum sveitarfélögum nema meiri hluti þeirra sem taka afstöðu til sameiningarinnar í atkvæðagreiðslu sé því samþykkur. Á hinn bóginn þykir rétt að fella brott þann þátt frumvarpsins sem gerir ráð fyrir að meiri hluti atkvæðisbærra íbúa þurfi að taka þátt í atkvæðagreiðslunni svo að hún sé gild, enda eru slík ákvæði ekki í lögum um kosningar til sveitarstjórna. Er þessi afgreiðsla í samræmi við álit Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðin „enda hafi meiri hluti atkvæðisbærra íbúa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni“ í 1. gr. falli brott.

Alþingi, 16. mars 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Gísli S. Einarsson.
Ingibjörg Pálmadóttir.	Eggert Haukdal.	Guðjón Guðmundsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Kristinn H. Gunnarsson.	Jón Kristjánsson.

769. Frumvarp til laga [501. mál]

um flutningsráð ríkisstofnana.

Flm.: Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Eftir hverjar alþingiskosningar kýs Alþingi sjö menn í flutningsráð ríkisstofnana. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti.

Forsætisráðherra skipar formann og varaformann flutningsráðs ríkisstofnana úr hópi ráðsmanna.

2. gr.

Hlutverk flutningsráðs ríkisstofnana er:

a. að vera Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneytum og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir og útibú slíkra stofnana,
b. að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana,
c. að annast a.m.k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar, sbr. b-lið,
d. að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði.

3. gr.

Alþingi og einstök ráðuneyti skulu leita umsagnar flutningsráðs ríkisstofnana áður en ákvarðanir eru teknar um staðarval nýrra ríkisstofnana eða breytingar á staðsetningu eldri stofnana, aðalstöðvum þeirra, deildum eða útibúum.

4. gr.

Flutningsráð ríksstofnana skal við tillögugerð leita samráðs við hlutaðeigandi ráðuneyti og ríkisstofnanir, Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga, samtök opinberra starfsmanna og aðra aðila sem hlut eiga að máli.

5. gr.

Flutningsráði ríkisstofnana er heimilt að setja á stofn samstarfsnefndir þeirra aðila sem tillögugerð ráðsins snertir eða annast eiga framkvæmd á ákvörðunum um flutning ríkisstofnana.

6. gr.

Flutningsráði ríkisstofnana er heimilt að ráða sérstaka starfskrafta til að annast tiltekin verkefni.

7. gr.

Flutningsráð ríkisstofnana heyrir undir forsætisráðuneytið og skal kostnaður við störf þess greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningur ríkisstofnana frá höfuðborgarsvæði til landsbyggðar hefur verið á dagskrá áratugum saman og hefur stuðningur við slíkan flutning verið mikill í orði en því miður hefur minna orðið úr framkvæmdum. Nefndir hafa starfað og skilað tillögum um flutning ákveðinna stofnana og er nýjasta nefndarálitið frá því í júlí 1993. Þannig liggja fyrir margar tillögur um flutning einstakra stofnana, en hér er gerð tillaga um ákveðið form á framkvæmd slíkra flutninga og á hvern hátt megi tryggja að þetta mikilvæga mál verði í heild sinni stöðugt í skoðun.

Í stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar segir m.a.: „Ríkisstjórnin mun á kjörtímabilinu beita sér fyrir því að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins.“ Í samræmi við þessa stefnu ríkisstjórnarinnar skipaði forsætisráðherra nefnd um flutning ríkisstofnana 9. júní 1992. Nefndin skilaði áliti 15. júlí sl., en ekki sjást nein teikn á lofti um framkvæmdir á tillögum nefndarinnar. Afar brýnt er að vandað verði til verka þegar unnið er að jafnmikilvægum málum og flutningi ríkisstofnana. Í þessu lagafrumvarpi er mörkuð leið sem tryggir annars vegar að horft sé yfir allt sviðið þegar ákvarðanir eru teknar og unnið er út frá ákveðinni áætlun og hins vegar að allar framkvæmdir séu vandlega undirbúnar.

Þróun í byggðamálum og sérstaklega hin mikla fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu er í raun nægjanleg rök fyrir nauðsyn á flutningi ríkisstofnana. Þegar við bætist sú staðreynd að störfum í opinberri þjónustu hefur fjölgað hvað mest á höfuðborgarsvæðinu á síðustu árum má ljóst vera hvaða áhrif er hægt að hafa á byggðaþróun með flutningi ríkisstofnana. Með þeirri stefnu að flestar ríkisstofnanir séu á höfuðborgarsvæðinu er stórlega dregið úr atvinnumöguleikum þeirra sem búa á landsbyggðinni. Þá hefur þessi stefna

hamlað því mjög að ungt landsbyggðarfólk, sem leitað hefur sér menntunar, geti fengið atvinnu við hæfi í heimabyggð. Ekki þarf að tíunda fleiri rök fyrir nauðsyn þess að flytja ríkisstofnanir frá höfuðborgarsvæðinu en minnt á þátt valddreifingar í öllum hugmyndum um dreifingu ríkisstofnana um landið.

Eins og áður segir hafa nokkrar nefndir skilað tillögum um flutning ríkisstofnana. Sú sem skilaði viðamestu tillögunum starfaði á árunum 1992–1975. Hún lagði m.a. til heildarflutning 25 stofnana, flutning deilda hjá 12 stofnunum og stofnun 36 útibúa frá ríkisstofnunum. Þá taldi nefndin nauðsynlegt að tryggja fagleg vinnubrögð við ákvarðanatöku og alla framkvæmd. Hjá henni kom fram sú hugmynd um flutningsráð ríkisstofnana sem frumvarpið byggir á. Tveir nefndarmanna, Helgi Seljan og Ólafur Ragnar Grímsson, lögðu fram nær samhljóða frumvarp á Alþingi á árunum 1979–1982 en það hlaut ekki afgreiðslu.

Um verksvið flutningsráðs segir m.a. í nefndaráliti frá 1975:

„Í fyrsta lagi gæti flutningsráðið annast heildarskipulagningu og yfirumsjón með flutningi ríkisstofnana. Á vegum ráðsins gætu starfað margvíslegar samstarfsnefndir, t.d. með fulltrúum stofnana sem flytja eiga til sama svæðis, með fulltrúum skyldra stofnana sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta o.s.frv. Auk þeirra samstarfsnefnda, sem tengdar eru einstökum stofnunum (sbr.2.5.1)[3], gæti slíkt kerfi samstarfsnefnda fleiri stofnana á vegum ráðsins auðveldað heildarframkvæmd stofnanaflutnings. Flutningsráðið gæti á þennan hátt og með almennum umræðum á fundum sínum samhæft aðgerðir á þessu sviði, greitt úr erfiðleikum og auðveldað stofnanaflutning á margvíslegan hátt.

Í öðru lagi mætti fela flutningsráði ríkisstofnana að veita umsögn eða gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og taka staðsetningu alls ríkiskerfisins til endurskoðunar með reglulegu millibili, t.d. einu sinni á hverjum áratug. Þótt nefndin hafi leitast við að taka til meðferðar alla þætti ríkiskerfisins mun þróunin næstu áratugi örugglega knýja á um endurskoðun á einstökum atriðum. Einhliða staðarval nýrra stofnana getur einnig skekkt hlutföllin á ný. Nefndin er því þeirrar skoðunar að staðarval ríkisstofnana sé stöðugt verkefni og réttast að fela það ákveðnum aðila."

Frumvarpið er að mestu eins og það var sett fram í fylgiskjali með nefndarálitinu sem lagt var fram í október 1975.

Frumvarpsgreinarnar þurfa ekki sérstakra skýringa við.

---

[3] Þar segir m.a.: „Til að undirbúa og samþætta framkvæmd flutnings viðkomandi stofnunar er hagkvæmt að skipa samstarfsnefnd. Í slíkri nefnd ættu sæti stjórnendur stofnunarinnar, fulltrúar starfsfólks, forsvarsmenn hinna nýju heimkynna og fulltrúar helstu samskiptaaðila stofnunarinnar ef um slíka formlega aðila er að ræða. Nefndin yrði vettvangur umræðna og ákvarðana um einstök framkvæmdaratriði flutnings."

770. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um fjöleignarhús.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á fund sinn til viðræðna Sigurð Helga Guðjónsson hrl., Inga Val Jóhannsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, og Hrafnhildi Stefánsdóttur, lögfræðing frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Þá studdist nefndin við umsagnir er henni bárust á 116. og 117. löggjafarþingi frá Eiríku Friðriksdóttur, húsfélaginu Æsufelli 2, 4 og 6, Húseigendafélaginu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, stjórn Samtaka gegn astma og ofnæmi, sýslumanninum í Reykjavík, Húsnæðisstofnun ríkisins, héraðsdómi Reykjavíkur, byggingarfulltrúanum í Reykjavík, Fasteignamati ríkisins, Vinnuveitendasambandi Íslands, Neytendasamtökunum, Arkitektafélagi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Félagi fasteignasala, Verkfræðingafélagi Íslands, Búseta sf., Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á 116. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Áður en það var lagt fram á 117. þingi voru gerðar á því nokkrar breytingar með tilliti til umsagna sem um það höfðu borist til nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

1. Lagt til að við 2. gr. bætist ný málsgrein þar sem eigendum fjöleignarhúsa, sem hýsa eingöngu atvinnustarfsemi, verði veitt heimild til að semja á annan veg en frumvarpið gerir ráð fyrir. Mismunandi sjónarmið þykja eiga við um fjöleignarhús eftir því hvort þar fer fram hreinn atvinnurekstur eða um er að ræða íbúðarhúsnæði. Atvinnuhúsnæði, sem frumvarpið gæti tekið til, er mjög fjölbreytt og mismunandi að stærð og gerð og er rekstur sameignar þar oft viðamikill og flókinn, t.d. í verslunarmiðstöðvum. Ekki þykir því ástæða til að lögfesta ákvæði sem takmarka frjálsa samninga um rekstur sameignar hreins atvinnuhúsnæðis. Breytingin á 77. gr. byggist á sömu sjónarmiðum. Ljóst er að í sumum tilvikum gilda þegar ítarlegir samningar milli eigenda um atvinnuhúsnæði, en að óbreyttu mundi ákvæði 77. gr. leiða til að þinglýst samningsákvæði um slíkt húsnæði mundu víkja fyrir ákvæðum laganna. Með þeim breytingum, sem nefndin leggur til, ætti að vera tryggt að ekki verði hróflað við þeim samningum sem nú þegar gilda um atvinnuhúsnæði.
2. Breytingin við A-lið 41. gr felur í sér að til að mega halda hunda eða ketti í fjöleignarhúsi verði að fá samþykki þeirra eigenda sem hafa hvers kyns sameiginlegt húsrými. Tillagan byggist fyrst og fremst á að nokkuð er um að börn og fullorðnir hafi ofnæmi fyrir þessum dýrum. Getur slíkt ofnæmi haft það alvarleg áhrif að fólk geti jafnvel þurft að flytja úr eigin íbúðarhúsnæði gangi ekki að fá skilning sameigenda á þessu vandamáli. Er breytingunum ætlað að koma í veg fyrir slíkar aðstæður. Til samræmis er einnig lögð til breyting á 5. tölul. 74. gr. þannig að reglur um hunda- og kattahald komi fram í húsreglum fjölbýlishúsa sé það á annað borð heimilað.

3. Lagt er til að við 46. gr., sem geymir frávik frá reglum um skiptingu sameiginlegs kostnaðar, bætist þrjár nýjar málsgreinar. Að óbreyttu þykir 46. gr. ekki vernda nægilega rétt þeirra eigenda sem telja sig misrétti beitta vegna reglna 45. gr. um greiðslu húseigenda á sameiginlegum kostnaði. Sem dæmi má nefna að gert er ráð fyrir jafnri skiptingu kostnaðar við sameiginleg bílastæði en þar sem um verulegan mismun er að ræða á eignarhlutdeild getur slík skipting talist ósanngjörn. Því er lagt til að í nýrri 5. mgr. komi fram að geti eigandi sýnt fram á að skipting kostnaðar skv. 45. gr. sé óeðlileg og ósanngjörn í hans garð og hann fær ekki leiðréttingu sinna mála á vettvangi húsfélagsins geti hann leitað réttar síns með kröfu um ógildingu eða viðurkenningu á sanngjarnari og eðlilegri skiptingu kostnaðar. Þá er lagt til að í 6.–7. mgr. verði reglur um skyldu eiganda til að bera fram mótmæli sín og kröfur um sanngjarna kostnaðarskiptingu strax og tilefni gefst til og kveðið á um málshöfðunarfrest út af kostnaðarskiptingu.
4. Lagt er til að 3. mgr. 51. gr., þar sem mælt er fyrir um lögveðsrétt á skaðabótakröfu, falli brott. Þar sem í raun er verið að mismuna kröfuhöfum með veitingu lögveðsréttar verður að telja eðlilegt að farið sé mjög varlega í að viðurkenna slíkan rétt fyrir kröfum á fasteignum. Til að heimila lögveðsrétt verða mjög knýjandi rök að vera fyrir hendi en svo þykir ekki vera í þessu tilviki.
5. Lögð er til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins þannig að lögin taki gildi 1. janúar 1995. Ljóst er að ein höfuðforsenda þess að lögin hafi tilætluð áhrif er að nægur tími gefist til aðlögunar og kynningar á þeim. Meðal annars þarf að semja og setja nýjar reglugerðir og gefa eigendum og húsfélögum tóm til nauðsynlegrar aðlögunar að breyttum reglum. Þykir hæfilegur tími til þeirrar aðlögunar vera til næstu áramóta.

Alþingi, 15. mars 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Gísli S. Einarsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Eggert Haukdal.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.	Jón Kristjánsson.	Guðjón Guðmundsson.

771. Breytingartillögur [143. mál]

við frv. til l. um fjöleignarhús.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo:
      Hýsi fjöleignarhús eingöngu atvinnustarfsemi er eigendum þó heimilt að víkja frá fyrirmælum laganna með samningum sín á milli. Gilda ákvæði laganna þá um öll þau atriði sem ekki er ótvírætt samið um á annan veg. Jafnframt gilda ákvæði laganna til fyllingar slíkum samningsákvæðum. Liggi engir samningar fyrir um

aðra skipan eða náist ekki full samstaða með eigendum um frávik gilda ákvæði laganna óskorað um slíkt húsnæði.

b. Við greinarfyrirsögn bætist: *Heimild til frávika.*

2. Við 41. gr. Við A-lið bætist nýr töluliður sem orðist svo: Um að halda megi hunda og/eða ketti í húsinu. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými.
3. Við 46. gr. Við greinina bætist þrjár nýjar málsgreinar sem orðist svo:

Ef eigandi sýnir fram á að kostnaðarskipting eftir fyrirmælum 45. gr. sé óeðlileg og ósanngjörn í hans garð og húsfélagsfundur sinnir ekki kröfu hans um leiðréttingu, sbr. 2.–4. mgr., eða ef ákvörðun fundar þar að lútandi leiðir til óviðunandi niðurstöðu getur eigandinn krafist ógildingar á kostnaðarskiptingunni og viðurkenningar á annarri sanngjarnari og eðlilegri á grundvelli þeirra sjónarmiða sem vísað er til í 3. mgr.

Eiganda ber að hafa uppi við húsfélagið mótmæli sín og kröfur skv. 5. mgr. strax og tilefni er til. Frestur til málshöfðunar er þrír mánuðir frá því að húsfélagið réð máli til lykta. Höfði eigandi ekki mál innan frestsins telst hann una ákvörðuninni og er bundinn við hana.

Málshöfðunarfrestur skv. 6. mgr. gildir ekki ef mál er höfðað af húsfélagi á hendur eiganda til heimtu hlutdeildar hans í umræddum kostnaði en í slíku máli getur eigandi komið að öllum sjónarmiðum sínum og kröfum sem lúta að kostnaðarskiptingunni enda þótt fresturinn kunni að vera liðinn.

4. Við 51. gr. 3. mgr. falli brott.
5. Við 74. gr. 5. tölul. 3. mgr. orðist svo: Reglur um hunda- og/eða kattahald sé það leyft, sbr. 13. tölul. A-liðar 41. gr.
6. Við 77. gr. Við greinina bætist nýr málsliður sem orðist svo: Þetta gildir þó ekki um samninga um fjöleignarhús sem hafa eingöngu að geyma atvinnustarfsemi, sbr. 2. mgr. 2. gr.
7. Við 82. gr. Í stað „1. mars 1994“ komi: 1. janúar 1995.

772. Svar [417. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um úrbætur í bifreiðamálum ríkisins í samræmi við skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 1992.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað hefur verið gert til þess að framfylgja þeim ábendingum og tillögum til úrbóta sem fram koma í niðurstöðum í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá nóvember 1992, um bifreiðamál ríkisins, þar sem m.a. er bent á:

a. mjög háan kostnað nokkurra ríkisstofnana vegna bifreiðanotkunar,
b. að innan stofnana þurfi að fara fram úttekt á heildarakstursþörf án tillits til reynslutalna vegna aksturs fyrri ára,
c. að misbrestur sé á því að öll bifreiðakaup fari fram á vegum Innkaupastofnunar ríkisins eins og reglugerð um bifreiðamál ríkisins kveður á um,
d. að ekki liggi fyrir akturssamningar við starfsmenn nokkurra stofnana ríkisins þótt um sé að ræða verulegar greiðslur til þeirra fyrir akstur,
e. að ljóst sé að akturssamningar eða greiðslur fyrir akstur séu í nokkrum mæli notaðar sem launauppbót til ríkisstarfsmanna,

f. að einstaka forstöðumenn ríkisstofnana geri aksturssamninga við starfsmenn fyrir umtalsverðan akstur án þess að fyrir liggi samþykki bílanefndar,
g. að nokkuð skorti á að ríkisstofnanir virði samning sem gerður var milli ríkisins og ákveðinnar bílaleigu; kostnaðarauki ríkisins vegna þessa er talinn nema milljónum króna á ári hverju,
h. að nokkuð skorti á stefnumörkun hjá yfirstjórn ríkisstofnana varðandi bifreiðanotkun þeirra?

A, c, g. Kostnaður ríkisstofnana vegna bifreiðanotkunar, bifreiðakaup og bílaleigur.

Í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar samþykkti ríkisstjórnin á fundi sínum 26. janúar 1993 að fjármálaráðuneytið og bílanefnd ríkisins gerðu, í samvinnu við einstök ráðuneyti, tillögur til sparnaðar á bifreiðakostnaði ríkisins með það að markmiði að lækka hann um 5–10% frá því sem hann var á árinu 1991. Yfirmönnum ráðuneyta og stofnana var falið að útfæra sparnaðinn. Óskað var eftir því að stofnanir gerðu grein fyrir raunkostnaði árin 1991 og 1992 ásamt áætlun um akstur og aksturskostnað fyrir árið 1993 þar sem tilgreint væri með hvaða hætti sparnaði yrði náð. Innan við helmingur stofnana skilaði tillögum fyrir tilsettan tíma. Í eftirfarandi töflu er að finna sparnaðartillögur, skipt á ráðuneyti. Alls hafa 88 stofnanir lagt til lækkun á bifreiðakostnaði um tæpa 61 millj. kr. eða 3,27% af heildarkostnaði.

Allar tölur í þús. kr.	Heildarkostnaður 1991	Hlutfall (%)	Sparnaðartillögur ráðuneyta miðað við 10. september 1993	Sparnaður sem hlutfall af heildarkostnaði 1991 (%)
Æðsta stjórn ríkisins	23.038	1	130	1
Forsætisráðuneyti	18.798	1	1.074	6
Menntamálaráðuneyti	154.192	10	2.100	1
Utanríkisráðuneyti	45.422	3	956	2
Landbúnaðarráðuneyti	75.583	5	7.700	10
Sjávarútvegsráðuneyti	23.080	1	0	0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	184.283	12	9.000	5
Félagsmálaráðuneyti	49.972	3	4.200	8
Heilbr.- og tryggingamálaráðun.	352.810	22	4.700	1
Fjármálaráðuneyti	43.677	3	3.400	8
Samgönguráðuneyti	444.627	28	24.700	6
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	161.669	10	1.873	1
Hagstofa Íslands	391	0	0	0
Umhverfisráðuneyti	15.962	1	1.045	7
	1.593.503	**100**	**60.878**	**3,27**
Áætlaðar afskriftir	270.000			
Heildarkostnaður árið 1991	**1.863.503**			

Auk þessara sparnaðaráforma stofnana ríkisins hefur náðst verulegur árangur í útboðum á kaupum á eigin bifreiðum, leigu- og bílaleigubifreiðum og tryggingum. Til dæmis er bílanefnd ekki kunnugt um nein tilfelli á árinu 1993 þar sem bifreiðar hafa verið keyptar án undangenginnar verðkönnunar eða útboðs Ríkiskaupa. Hvað varðar útboð Ríkiskaupa í bílaleigubifreiðum gekk erfiðlega að fá ríkisstofnanir til að versla einungis við þann aðila sem gerður var samningur við. Íhaldssemi gætti þar sem stofnanir vildu skipta við viðskiptavini á grundvelli hefða. Eftir því sem útboðsstefna ríkisins hefur hlotið betri kynningu hafa þessi mál fallið í betri jarðveg. Unnið er að undirbúningi frekari útboða eins og nánar verður vikið að, en vænta má að þau sparnaðarmarkmið, sem ríkisstjórnin setti sér í upphafi, náist.

B. Úttekt á heildarakstursþörf.

Bílanefnd hefur unnið að úttekt á heildarakstursþörf og áætluðum akturskostnaði ríkisstofnana. Könnun var gerð meðal forstöðumanna allra stofnana um miðjan febrúarmánuð 1993. Leitast var við að afla upplýsinga um hvernig akstursþörf viðkomandi stofnana væri leyst, þ.e. hvort um væri að ræða notkun eigin bifreiða, hvort gerðir hefðu verið aksturssamningar við starfsmenn, bílaleigubifreiðar teknar á leigu, leigubifreiðar nýttar eða akstursþörf leyst með öðrum hætti. Meginmarkmiðið var að kanna hver heildarakstursþörf viðkomandi stofnana væri. Bílanefnd vinnur að úrvinnslu niðurstaðna þessarar könnunar. Eftirfylgni og samanburði á raunkostnaði og akstri stofnana fyrir árið 1993 er ekki enn lokið. Beðið er gagna frá einstaka stofnunum og rauntölur ársins 1993 liggja ekki enn fyrir.

D, e, f. Aksturssamningar starfsmanna ríkisstofnana.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er á það bent að ekki liggi fyrir aksturssamningar við starfsmenn nokkurra ríkisstofnana. Einnig sé ljóst að aksturssamningar eða greiðslur fyrir akstur sé í nokkrum mæli notað sem launauppbót og að einstaka forstöðumenn ríkisstofnana geri aksturssamninga við starfsmenn án þess að fyrir liggi samþykki bílanefndar.

Í mars 1993 voru aksturssamningar ríkisstarfsmanna samkvæmt upplýsingum bílanefndar 1.845 talsins en voru 1.780 í árslok 1991. Gerðir eru þrenns konar aksturssamningar við starfsmenn ríkisins:

a. Lokaðir samningar; ákveðinn kílómetrafjöldi sem viðkomandi fær greitt fyrir á árinu. Ökumaður þarf ekki að halda akstursbók.
b. Opnir samningar; ótakmarkaður akstur í þágu viðkomandi ríkisstofnunar. Ökumaður þarf að halda akstursbók. Yfirmanni viðkomandi starfsmanns ber að staðfesta akturinn.
c. Blandaðir samningar; ákveðinn fjöldi kílómetra sem sýnt er að starfsmaður aki árlega á tilteknu svæði, en auk þess er honum greitt sérstaklega fyrir akstur utan þess svæðis.

Það er stefna bílanefndar að gera opna aksturssamninga við starfsmenn og fækka lokuðum samningum. Jafnframt hefur nokkuð áunnist í að meta akstursþörf stofnana og gera aksturssamninga við starfsmenn sem ekki höfðu samning fyrir en fengu engu að síður greitt fyrir akstur. Akstursmat lokaðra og blandaðra samninga er oft byggt á ótraustum grunni og telja verður að meiri líkur séu á að raunverulegur akturskostnaður komi betur í ljós með opnum samningum. Að mati fjármálaráðuneytis eru aksturssamningar ekki

kjaraatriði, heldur greiðsla fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna. Bílanefnd ríkisins hefur haft þetta að leiðarljósi við gerð aksturssamninga.

Samkvæmt yfirliti starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis námu akstursgreiðslur árið 1992 rúmlega 416 millj. kr. og höfðu hækkað frá árinu 1991 um 9%. Þessa hækkun má að mestu leyti rekja til hækkunar á akstursgjaldi ferðakostnaðarnefndar. Ef borinn er saman aksturskostnaður ríkisstofnana samkvæmt yfirliti starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis annars vegar og samkvæmt yfirliti Ríkisbókhalds hins vegar kemur í ljós að á árinu 1992 greiða ríkisstofnanir um 261 millj. kr. til starfsmanna sinna umfram greiðslur starfsmannaskrifstofu. Fjármálaráðuneytið telur ámælisvert að forstöðumenn ríkisstofnana skuli gera aksturssamninga við starfsmenn fyrir umtalsverðan akstur án þess að fyrir liggi samþykki bílanefndar ríkisins.

Í eftirfarandi töflu má sjá aksturskostnað starfsmanna einstakra ráðuneyta og stofnana þeirra samkvæmt upplýsingum Ríkisbókhalds fyrir árið 1992. Sambærilegar tölur fyrir árið 1993 liggja ekki enn fyrir. Eins og sjá má í dálknum hægra megin er munurinn á bókfærðum kostnaði Ríkisbókhalds og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis um 39%. Um 12% kostnaðaraukningu var að ræða á milli áranna 1991 og 1992, en eins og að framan er getið stafar það að stórum hluta til af hækkun á akstursgjaldi ferðakostnaðarnefndar.

Allar tölur í þús. kr.	Akstursgreiðslur árið 1992	Hlutfall (%)	Breyting frá fyrra ári (+/– %)	Mismunur milli ríkisbókhalds og starfsmannaskrifstofu (%)
Æðsta stjórn ríkisins	20.541	3	19	91
Forsætisráðuneyti	11.728	2	(11)	89
Menntamálaráðuneyti	45.992	7	2	41
Utanríkisráðuneyti	10.678	2	4	71
Landbúnaðarráðuneyti	37.617	6	7	64
Sjávarútvegsráðuneyti	8.004	1	11	45
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	63.7523	9	10	25
Félagsmálaráðuneyti	29.271	4	24	27
Heilbr.- og tryggingamálaráðun.	234.650	35	18	36
Fjármálaráðuneyti	18.241	3	0	19
Samgönguráðuneyti	138.895	21	14	40
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	49.170	7	1	20
Hagstofa Íslands	481	0	50	0
Umhverfisráðuneyti	7.962	1	12	19
Samtals	**676.981**	**100**	**12**	**39**

H. Stefnumörkun hjá yfirstjórn ríkisstofnana.

Fjármálaráðuneytið hefur, í samvinnu við Ríkiskaup og bílanefnd ríkisins, unnið að útboði fleiri þátta bifreiðamála ríkisins. Auk útboða á bílaleigubílum, leigubifreiðaakstri og öðrum akstri, svo sem skólabifreiða, er einnig unnið að úrvinnslu útboða á rekstrarþáttum bifreiða, svo sem hjólbörðum, smurningu og eldsneyti. Þá hefur verið unnið að könnun á mögulegum samrekstri bifreiða þeirra ríkisstofnana sem eiga fáar bifreiðar, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, ásamt möguleikum þess að bjóða slíka starfsemi að einhverju leyti út.

Eins og að framan er getið er stefna bílanefndar að gera opna aksturssamninga við starfsmenn og fækka lokuðum samningum. Með efldri kostnaðarvitund forstöðumanna ríkisstofnana má ætla að meiri hagkvæmni náist við lausn á akstursþörf ríkisstofnana. Svo dæmi sé tekið er taxti ferðakostnaðarnefndar, sem notaður er til útreiknings greiðslu aksturskostnaðar starfsmanna, almennt lægri en taxti bílaleigu samkvæmt útboði Ríkiskaupa og oft á tíðum lægri en taxtar bíladeilda stærri ríkisstofnana.

773. Skýrsla [502. mál]

utanríkisráðherra um efnahags- og viðskiptaumhverfi Íslands.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. INNGANGUR

Í þeim tilgangi að gera skýrslugjöf utanríkisráðherra til Alþingis markvissari og gera þær upplýsingar sem þar koma fram aðgengilegri fyrir þingheim hefur verið ákveðið að fjölga skýrslum til Alþingis en gera þær jafnframt sérhæfðari. Megináherslan í almennum árlegum skýrslum hefur til þessa legið á þróun alþjóðamála og skilgreiningu á stöðu Íslands í alþjóðlegu, pólitísku samhengi þó gerð hafi verið grein fyrir þróun viðskipta í viðaukum. Alþjóðastjórnmál verða eftir sem áður tekin til umræðu og yfirlit gefið um þróun þeirra tvisvar á ári.

Skýrsla um efnahags- og viðskiptaumhverfi Íslands verður fyrsta sérhæfða skýrslan og er ætlunin að hún verði árviss viðburður á vorþingi. Henni er ætlað að nálgast viðfangsefnið frá öðru sjónarhorni en áður hefur tíðkast, skilgreina stöðu íslenskra hagsmuna og taka fyrir ýmislegt það í efnahagslífi helstu grannþjóða sem beint eða óbeint hefur áhrif á hag Íslands. Af nógu er að taka og geta því efnistök og áherslur breyst milli ára en meðal fastra liða verður greinargerð um þátttöku Íslands í alþjóðlegu viðskipta- og efnahagssamstarfi. Það ræðst m.a. af viðtökum þingmanna hvar megináherslan verður lögð framvegis. Á síðasta ári var tekin upp sú nýbreytni að gefa út í sérriti hagtölur utanríkisviðskipta eftir helstu viðskiptalöndum og afurðum. Fyrirhugað er að framhald verði á þessu í samstarfi við Hagstofu og má gera ráð fyrir nýrri útgáfu þess með vorinu.

Sjálfsþurftarbúskapur hefur átt sér fáa málsvara á síðustu árum en stundum vill gleymast hversu nátengd hagkerfi þjóða heimsins eru orðin. Í alþjóðaviðskiptum eru engin eylönd eftir, engin þjóð getur með sanni sagt að hún sé ekki öðrum þjóðum háð. Efnahagsástand í helstu markaðslöndum hefur augljós áhrif á íslenskan útflutning en mun fleiri þættir geta haft afdrifaríkar afleiðingar. Hrun hins sovéska skipulags hefur beint rússneskum fiski og áli frá innanlandsmarkaði til Evrópumarkaðar, grafið undan verði íslenskra sjávarafurða og breytt fjárfestingaráætlunum erlendra álfyrirtækja. Ríkisstyrkir til sjávarútvegs í öðrum löndum skekkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Óeirðir í

Frakklandi geta lamað útflutning þangað tímabundið. En hagstjórn annarra landa getur ekki aðeins haft áhrif á markaðshorfur. Önnur ríki kljást við vanda sem svipar til hins íslenska og því getur verið forvitnilegt að hafa til hliðsjónar aðgerðir annarra ríkja t.d. í baráttunni gegn atvinnuleysi.

Með greiðari samgöngum og auknum viðskiptum má segja að þjóðir heims séu komnar í samkeppni um það hversu lífvænlegt umhverfi þær geti skapað fyrirtækjum sínum. Hömlur og skammtanir tækifæra úr hendi stjórnvalda geta hitt þau sjálf fyrir ef fyrirtæki bregðast við með því að flýja land.

Í sérstökum kafla verður vikið að ýmsu því sem stjórnvöld geta gert til þess að greiða götu íslenskra fyrirtækja inn á erlenda markaði. GATT- og EES-samningarnir skapa nauðsynlegan ramma og veita öryggi um jafnréttisstöðu á mörkuðum.

Samræmdar gæða- og öryggiskröfur munu auðvelda íslenskum fyrirtækjum sókn inn á nýja markaði í Evrópu fyrir iðnvarning jafnt sem sjávarafurðir. Á það getur þó reynt að fylgja þurfi þessum réttindum eftir og sjá verður til þess að stjórnvöld annarra samningsaðila fari eftir samningsskuldbindingum sínum. Víða er svigrúm til þess að bæta enn frekar samningsstöðu íslenskra fyrirtækja t.d. með gerð tvísköttunarsamninga og samninga um vernd fjárfestinga.

Nú þegar ýmislegt bendir til þess að íslenskur landbúnaður sé nú að vakna til meðvitundar um möguleika íslenskra afurða á erlendum markaði sem hreinnar gæðavöru og ekki er lengur litið á útflutning sem aðferð til að losa sig við afgangsbirgðir á útsöluverði gætu opnast möguleikar á sérstökum samningum við önnur ríki um gagnkvæm viðskipti með landbúnaðarvörur. Sú opnun sem fylgir GATT getur einnig gefið íslenskum landbúnaði sóknarfæri ef rétt er að farið. Á síðasta ári var stutt við bakið á þeim fyrirtækjum sem nýta vildu sér ný tækifæri á EES-markaði og framhald verður á því starfi.

Markaðsstarf er í eðli sínu best komið í höndum þeirra fyrirtækja sem starfa að útflutningi en ýmiss konar aðstoð og ráðgjöf hefur staðið til reiðu af hálfu sendiráða Íslands erlendis og utanríkisráðuneytisins eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir. Ekki má gleyma starfsemi Útflutningsráðs sem starfar sjálfstætt en í náinni samvinnu við utanríkisþjónustuna, ekki síst sendiráðin.

Efnahagsþróun einstakra ríkja og viðskipti Íslands við þau verður viðfangsefni næsta kafla. Slíkt yfirlit getur aldrei orðið tæmandi en reynt hefur verið að taka fyrir helstu markaðslönd og þau lönd þar sem markaðshorfur eru góðar. Áhugaverð umfjöllunarefni eru

fleiri en svo að hægt sé að sinna þeim öllum í skýrslu af þessu tagi. Það bíður betri tíma að fjalla t.d. um efnahagslega upprisu ýmissa ríkja í S-Ameríku eða viðskipti Íslands við þróunarríki, einkum í Afríku, og tengsl viðskipta og þróunarsamstarfs.

Árið 1993 var viðburðaríkt í alþjóðlegu viðskiptasamstarfi. Samningar náðust um lokatexta Úrúgvæ-viðræðnanna innan GATT, gengið var frá fullgildingu EES-samningsins, Maastricht-samningurinn gekk í gildi, NAFTA-samningurinn náði öruggri höfn og Kyrrahafsþjóðir efldu sitt samstarf innan APEC. Þessum þáttum verða gerð skil hér á eftir og sérstaklega verður hugað að framkvæmd EES-samningsins og frágangi viðbótarpakkans, þ.e. þeim textum sem bætast munu við viðauka EES-samningsins. Litið verður til þess hvernig væntanleg innganga Norðurlanda í Evrópusambandið getur breytt viðskiptum við Norðurlönd. Stuttur kafli verður um innri þróun Evrópusambandsins og sérstaklega tekin fyrir nýleg skýrsla forseta Framkvæmdastjórnar hennar, Jacques Delors, um hagvöxt, samkeppni og atvinnumál sem vakið hefur mikla athygli og umræðu innan Evrópusambandsins. Loks verður drepið á þær alþjóðastofnanir aðrar sem láta sig viðskipti varða.

Verið er að ganga frá og prenta allar þær reglugerðir og tilskipanir sem vísað er til í EES-samningnum í aðgengilegra formi en áður var. Hefur þeim verið skipt upp eftir efnisflokkum í fimmtíu sérrit. Með þýðingu þessara miklu bálka Evrópulöggjafar á íslenska tungu hefur verið lyft Grettistaki. Þegar hefur komið í ljós hverju það skiptir að eiga á einum stað samræmdar þýðingar á tæknilegum textum af ýmsu tagi.

Ætlunin er að framvegis verði tekin fyrir til sérstakrar umfjöllunar eitt eða fleiri viðfangsefni sem snerta útflutningsviðskipti. Að þessu sinni var valið að drepa á viðskiptum og umhverfismálum einkum þó mótun nýs starfsvettvangs innan GATT eða öllu heldur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Í þessari skýrslu verður Evrópusambandið skammstafað ESB, frekar en ES, til aðgreiningar frá EES, Evrópska efnahagssvæðinu.

Tafla 1.

Hagvöxtur (vöxtur vergrar landsframleiðslu) nokkurra ríkja og ríkjahópa . Prósentubreyting frá árinu á undan. Raðað eftir hagvaxtarspá 1993-1995.

	1990	1991	1992	Meðaltal	1993	1994	1995	Meðaltal
Kanada	-0,2	-1,7	0,7	**-0,4**	2,5	3,7	4,1	**3,4**
Bandaríkin	1,2	-0,7	2,6	**1,0**	2,8	3,1	2,7	**2,9**
Noregur	1,7	1,6	3,3	**2,2**	1,6	3,2	3,8	**2,9**
Bretland	0,5	-2,2	-0,6	**-0,8**	2,0	2,9	2,9	**2,6**
OECD	2,6	-1,0	-0,4	**0,4**	0,3	2,3	3,2	**1,9**
Ítalía	2,1	1,3	0,9	**1,4**	-0,1	1,7	2,3	**1,8**
Danmörk	2,0	1,2	1,0	**1,4**	0,2	2,5	2,8	**1,8**
Evrópusambandið	2,9	1,5	1,1	**1,8**	-0,3	1,4	2,5	**1,2**
Frakkland	2,5	0,7	1,4	**1,5**	-0,9	1,1	2,7	**1,0**
Japan	4,8	4,0	1,3	**3,4**	-0,5	0,5	2,3	**0,8**
Þýskaland	5,7	4,5	2,1	**4,1**	-1,5	0,8	2,2	**0,5**
Svíþjóð	1,4	-1,7	-1,7	**-0,7**	-2,7	1,5	2,2	**0,3**
Finnland	0	-7,0	-4,0	**-3,7**	-2,0	-0,3	2,4	**0**
Ísland	0,5	1,0	-3,7	**-0,7**	0,4	-2,0	1,1	**-0,2**

Heimild: OECD Economic Outlook, desember 1993.

Efnahags- og viðskiptaþróun.

Hagvöxtur iðnríkja hefur almennt verið dræmur undanfarið ár en þó heldur þróttmeiri í Bandaríkjunum, Eyjaaálfu og Bretlandi. Nokkrar horfur eru þó á því að hagvöxtur muni glæðast á þessu ári og á því næsta. Því hefur verið spáð að á OECD-svæðinu muni atvinnuleysi ná hámarki á þessu ári við 35 milljóna mörkin en bata sé tæpast að vænta fyrr en 1996 eða síðar. Í lok níunda áratugarins og við upphaf þess tíunda var skuldastaða einstaklinga og fyrirtækja víða slæm og því reynt að draga úr útgjöldum. Lánastofnanir margar hverjar hækkuðu vexti eða hertu útlánsreglur vegna tapaðra útlána. Meðan verið er að vinda ofan af þessari stöðu er hagvöxtur hægur og erfitt er að spá um hversu lengi það getur varað. Miklu máli getur skipt hvernig verðlags- og launaþróun verður t.d. í Þýskalandi því ákvörðun vaxta þar hefur áhrif langt út fyrir þýsku landamærin. Einmitt í Þýskalandi getur verið að framleiðsla dragist saman fyrri hluta þessa árs. Vaxandi atvinnuleysi getur haft lamandi áhrif út fyrir raðir þeirra sem fyrir því verða, dregið úr neyslu, framkvæmdagleði og fjárfestingum og tafið fyrir nauðsynlegum aðgerðum stjórnvalda til að draga úr fjárlagahalla eða koma á kerfisbreytingum. Vandinn er erfiðari viðfangs fyrir þá sök að atvinnuleysi má ekki aðeins rekja til hagsveiflna heldur virðist þurfa kerfisbreytingar til að komast fyrir vandann. Svigrúm stjórnvalda til atvinnuskapandi aðgerða er skert vegna ríkisskulda og fjárlagahalla. Atvinnuleysi elur einnig á verndarstefnu í viðskiptum sem aftur gæti leitt hagkerfi heimsins að nýju inn í vítahring kreppunnar. Samþykkt lokatexta Úrúgvæviðræðnanna hefur bægt helstu hættu hjá í bili en miklu skiptir að vel takist til við styrkingu alheimsviðskiptakerfis. Verðbólga hefur víðast hvar hjaðnað og er útlit fyrir að áframhald verði á þeirri þróun. Misgengi í efnahagsþróun meðal iðnþróaðra ríkja og losaralegra gjaldmiðilssamstarf getur leitt til gengisfellinga en þá ríður á að þær raski ekki samkeppnisstöðu um of því það gæti sett jafnvægi í viðskiptum úr skorðum. Skammtímaaðgerðir til að efla hagvöxt sem ekki var hægt að fylgja eftir reyndust ekki vel á áttunda áratugnum og í byrjun þess níunda.

Atvinnuleysi í iðnþróuðum löndum og minnkandi eftirspurn eftir ófaglærðu vinnuafli er stundum rakið til aukinna viðskipta við Austur-Asíu og þróunarlönd. Þetta stenst ekki nánari skoðun. Í flestum tilfellum er nær að rekja atvinnuleysi til almennrar tækniþróunar og breyttra atvinnuhátta. Ör hagvöxtur þar austur frá eða í Austur-Evrópu þegar markaðshagkerfi er að fullu komið á þar er þvert á móti líklegur til þess að skapa nýja markaði og ný atvinnutækifæri fyrir Vesturlönd. Aukin viðskipti geta þó leitt til einhverrar uppstokkunar

í atvinnulífi þar sem hvert ríki einbeitir sér að þeim atvinnugreinum þar sem samkeppnisstaða þeirra er sterk.

Svæðisbundið ríkjasamstarf um fríverslun hefur eflst undanfarin ár. Fríverslunarsvæði og tollabandalög víða um heim skipta nú tugum. Í sjálfu sér er hér um jákvæða þróun að ræða sem hefur leitt til aukinna viðskipta og örari hagvaxtar. Sú hætta er þó ávallt fyrir hendi að samstarf af þessu tagi bitni á viðskiptum við aðila utan svæðisins. Eitt meginhlutverk hinnar nýju Alþjóðaviðskiptastofnunar sem sett verður upp í kjölfar Úrúgvælotu GATT-viðræðnanna verður einmitt að stemma stigu við því að svæðisbundið samstarf leiði til einangrunar svæða hvers frá öðru. Reynslan hefur sýnt að aukning heimsviðskipta og efling svæðisbundins samstarfs getur vel farið saman. Opnun markaða gagnvart nágrannalöndum er gjarnan undanfari almennrar opnunar. Sú hefur einmitt orðið raunin hér á Íslandi. Aukið frjálsræði í fjármagnsflutningum og þjónustuviðskiptum vegna EES-samningsins kemur öllum að gagni, ekki aðeins fyrirtækjum innan hins Evrópska efnahagssvæðis.

Vöruútflutningur í heiminum öllum jókst um 53% á tímabilinu 1980-1991, útflutningur iðnvarnings reyndar um 81% en landbúnaðarafurða um aðeins 21%. Heimsframleiðsla jókst á sama tímabili um 34%. Útflutningur vegur því þyngra sem hlutfall af heimsframleiðslu en áður og má búast við að framhald verði á þeirri þróun þar sem viðskipti með landbúnaðarafurðir munu aukast eftir að niðurstöður Úrugvæ-lotunnar eru komnar í framkvæmd. Stærsti hluti útflutnings kemur frá iðnþróuðum ríkjum eða 72%, 21% frá þróunarlöndum, 5% frá Rússlandi og ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og 2% frá Kína. Drjúgur hluti útflutnings Evrópuríkja fer til annarra Evrópuríkja eða 72%, 8% fer til Norður-Ameríku, 3% til Afríku, 2% til Suður-Ameríku, 3% til Mið-Austurlanda, 3% til Rússlands og Austur-Evrópu og 6 % til Austurlanda. Útflutningur Norður-Ameríku ríkja skiptist á talsvert annan veg. Þar eru 34% útflutnings innan svæðis, 24% til Evrópu, 22% til Japan og 11% til Suður-Ameríku. Ef Japan og Suðaustur-Asíulönd eru skilgreind sem eitt svæði skiptist útflutningur ríkja þess þannig að 34% er innan svæðis, 29% til Norður-Ameríku, 20% til Evrópu, 3% til Miðausturlanda, 3% til Afríku og 2% til Suður-Ameríku.

Evrópuríki vega þungt í heimsviðskiptum. Af tíu helstu útflutningslöndum heims eru sex evrópsk og hluti álfunnar í heimsviðskiptum er liðlega 45%. Samsvarandi hlutfall fyrir Bandaríkin er 11% eða 16% að Kanada og Mexíkó meðtöldum. Ef hins vegar litið er á viðskipti innan Evrópu sem innanlandsverslun og aðeins talinn útflutningur utan álfu eru

hlutföll öll önnur. Þá telst útflutningur Evrópuríkja 13% af heimsútflutningi en útflutningur Norður-Ameríkuríkjanna út fyrir svæðið 13%.

Áhugavert er að bera saman útflutningsdreifingu Íslendinga saman við þessar tölur. Um þrír fjórðu hlutar útflutnings Íslands hefur undanfarin ár farið til ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, 10-12% til Bandaríkjanna (talsvert meira á síðasta ári) og 9-10% til Japans og annarra ríkja Austur-Asíu. Dæmin sanna að miklar fjarlægðir þurfa ekki nauðsynlega að standa í vegi fyrir viðskiptum. Með betri þekkingu á staðháttum og aðlögun vörunnar að mismunandi mörkuðum ætti að vera hægt að auka hlut t.a.m. Austur-Asíu í útflutningi Íslendinga talsvert. Ör hagvöxtur þar austur frá ætti að styrkja þessa markaði.

Tafla 2.

Útflutningur á mann í OECD-löndunum

Lönd	Fólksfjöldi (þús.)	Vöruútflutningur (millj. USD, fob)	Útflutn. á mann. USD	Röð
Belgía og Lúxemborg	10.349	118.291	11.430	1
Sviss	6.796	63.847	9.395	2
Holland	14.951	131.778	8.814	3
Noregur	4.241	33.905	7.995	4
Danmörk	5.141	34.988	6.806	5
Írland	3.503	23.796	6.793	6
Svíþjóð	8.559	57.422	6.709	7
Þýskaland	63.232	409.620	6.478	8
Ísland	255	1.589	6.231	9
Finnland	4.986	26.583	5.332	10
Austurríki	7.718	40.985	5.310	11
Kanada	26.620	127.334	4.783	12
Frakkland	56.420	216.157	3.831	13
Bretland	57.411	185.710	3.235	14
Ítalía	57.647	170.330	2.955	15
Nýja-Sjáland	3.379	9.533	2.821	16
Ástralía	17.085	39.813	2.330	17
Japan	123.540	287.358	2.326	18
Portúgal	9.859	16.338	1.657	19
Bandaríkin	251.523	393.812	1.566	20
Spánn	38.959	55.289	1.419	21
Grikkland	10.140	8.014	790	22
Tyrkland	56.473	12.836	227	23
Samtals	**838.787**	**2.465.328**	**2.939**	

Heimild: OECD Economic Surveys 1993. Viðmiðunarár: 1990.
Tölur eru sameiginlegar fyrir Belgíu og Lúxemborg.

II. UTANRÍKISVIÐSKIPTI ÍSLANDS.

II. i. Inngangur

Ísland gerðist aðili að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT) árið 1968. Aðildin að GATT tryggir Íslandi svonefnd „bestu kjör" í útflutningsverslun sinni og má segja að hún sé einn hornsteinninn í íslenskri utanríkisviðskiptastefnu. Samkomulag náðist í Úrúgvæ-lotu GATT 15. desember 1993, sem mun færa Íslandi aukin útflutningstækifæri, bæði á vörum og þjónustu.

Samkvæmt GATT-samningnum er ríkjum heimilt að stjórna innflutningi með tollum. Þeim löndum sem vilja ganga lengra í því að efla utanríkisverslun en almenn ákvæði samningsins gera ráð fyrir er heimilt að gera samninga um tollabandalög eða fríverslunarsamninga. Ísland hefur valið þennan kost með því að gera fjölda fríverslunarsamninga við helstu viðskiptalönd sín að undanförnu.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) er mikilvægasti fríverslunarsamningur Íslands. Ísland hefur þar með tryggt sér aðgang að innri markaði Evrópusambandsins (ESB), sem er jafnframt mikilvægasti útflutningsmarkaðurinn fyrir íslenskar vörur og þjónustu.

Fyrsti fríverslunarsamningur Íslands var gerður við EFTA-ríkin árið 1970. Árið 1972 bættist við fríverslunarsamningur við aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu (EBE). Eftir það hafa verið gerðir eftirfarandi tvíhliða fríverslunarsamningar sem ná yfir sama vörusvið og samningurinn við EBE: Grænland (1985), Tyrkland (1991), Færeyjar, Ísrael, Pólland, Tékkland og Slóvakíu (1992), Ungverjaland, Búlgaríu og Rúmeníu (1993). Viðræður eru í gangi um gerð fríverslunarsamnings við Eistland, Lettland, Litháen og Slóveníu. Ísland hefur því samtals gert fríverslunarsamninga við um 30 ríki og til þeirra fór um 77% útflutnings frá Íslandi árið 1992. Af þessum 30 ríkjum eru 15 í hópi 20 mikilvægustu útflutningsríkja landsins, miðað við útflutningsverðmæti. Af þeim fimm löndum sem eftir standa eru Bandaríkin mikilvægasti markaðurinn (í 3. sæti með 11,4% útflutnings). Hin löndin eru Japan (5. sæti), Taívan (13. sæti), Nígería (18. sæti) og Kanada (20. sæti).

II. ii. Viðskiptajöfnuður.

Vöruskiptajöfnuður ársins 1992 var hagstæður um 116 millj. kr (sjá töflu 5), en hafði verið óhagstæður um 3 milljarða kr. árið áður. Þjónustujöfnuðurinn setti hins vegar strik í reikninginn, en hann var óhagstæður um tæpa 12 milljarða kr. Munar þar mestu um vexti og arðgreiðslur, sem námu tæpum 16 milljörðum kr. Viðskiptajöfnuðurinn (vörur+þjónusta) 1992 var því óhagstæður um tæpa 12 milljarða kr.

Milli ára 1991/1992 dróst verðmæti útflutnings sjávarafurða saman um 4,6%, iðnaðarvara um 5%, tekjur af ferðamönnum drógust saman um 7,9% og af samgöngum um 6,4%. Tekjur af varnarliðinu héldu hins vegar áfram að aukast og námu 7,7% af útflutningstekjum árið 1992, sem er tæp 32% meira en tekjurnar af ferðamönnum og sexfaldar gjaldeyristekjur af útfluttum landbúnaðarafurðum, svo dæmi sé tekið.

Athyglisverð er sú þróun að tekjur af þjónustuútflutningi fara vaxandi, á meðan tekjur af vöruútflutningi fara minnkandi. Hliðstæð þróun á sér stað í flestum iðnríkjum. Tekjur af sjávarafurðum eru t.d. aðeins um 55% af útflutningtekjum og af iðnaði tæp 12%, á meðan að tekjur af samgöngum eru tæpar 10%. Víða gætir enn misskilnings um að hér sé um neikvæða þróun að ræða og að hagsæld þjóða geti eingöngu byggst á vöruframleiðslu. Það er einmitt þjónustuiðnaðurinn sem gæti orðið vaxtarbroddurinn í íslenskum útflutningi á næstu árum. Í þessu sambandi er mikilvægt að undirbyggja vel vísinda- og rannsóknarstarf á Íslandi til þess að auka möguleika á þessu sviði.

Tafla 3.

Viðskiptajöfnuður Íslands 1990-1992

Í milljónum króna	1990	1991	1992	Hlutfall*	% '91-'92
Vöruútflutningur, þar af:	92.452	91.561	87.833	69,3%	-4,1%
Sjávarafurðir	69.898	73.236	69.881	55,2%	-4,6%
Iðnaðarvörur	18.914	15.924	15.125	11,9%	-5,0%
Landbúnaðarvörur	1.778	1.622	1.632	1,3%	0,6%
Aðrar vörur	1.862	779	1195	0,9%	53,4%
Þjónustuútflutningur, þar af:	36.265	38.160	38.836	30,7%	1,8%
Tekjur af ferðamönnum	8.110	8.036	7.404	5,8%	-7,9%
Samgöngutekjur	12.670	12.991	12.162	9,6%	-6,4%
Varnarliðið	9.234	9.439	9.757	7,7%	3,4%
Vaxtatekjur	1.813	1.783	2.375	1,9%	33,2%
Aðrar tekjur	4.438	5.911	7.138	5,6%	20,8%
Útflutningur samtals:	128.717	129.721	126.669	100,0%	-2,4%
Vöruinnflutningur, þar af:	87.652	94.639	87.717	63,3%	-7,3%
Skip og flugvélar	7.968	6.296	6.589	4,8%	4,7%
Olía	8.343	7.406	7.088	5,1%	-4,3%
Annað	71.341	80.937	74.040	53,5%	-8,5%
Þjónustuinnflutningur, þar af:	48.815	53.129	50.760	36,7%	-4,5%
Ferða- og dvalarkostnaður	16.168	17.279	16.571	12,0%	-4,1%
Samgöngukostnaður	10.404	11.943	10.840	7,8%	-9,2%
Vextir og arðgreiðslur	16.190	16.580	15.994	11,5%	-3,5%
Önnur útgjöld	6.053	7.327	7.355	5,3%	0,4%
Innflutningur samtals	136.467	147.768	138.477	100,0%	-6,3%
Vöruskiptajöfnuður	4.800	-3.078	116		
Þjónustujöfnuður	-12.550	-14.969	-11.924		
Viðskiptajöfnuður	-7.750	-18.047	-11.808		

*Hlutfall heildarútflutnings/innflutnings 1992. Heimildir: Seðlabankinn; Hagstofan.

II. iii. Útflutningur eftir vinnslugreinum og helstu vörutegundum.

II. iii. a. Sjávarafurðir.

Heildaraflinn á árinu 1993 nam tæpum 1,7 millj. tonna eða um 8% meira en árið 1992 skv. upplýsingum frá Fiskifélagi Íslands. Nokkur samdráttur varð í botnfiskveiðum einkum á þorski og ufsa en botnfiskaflinn á árinu 1993 var um 547 þús. tonn sem er u.þ.b. 6.5% samdráttur frá fyrra ári. Síldveiði var einnig mun minni. Meiri heildarafla má skýra með aukningu í karfaveiðum (meiri úthafskarfi) og betri rækjuafla en fyrst og fremst með meiri loðnuafla. Loðnuaflinn á árinu var 956.331 tonn á móti 787.016 tonnum árið 1992.

Heildarútflutningur landsmanna á sjávarafurðum á árinu 1993 nam alls um 635 þús. tonnum að verðmæti u.þ.b. 75-77 milljarðar króna. Það er nokkru meira en árið 1992 bæði að magni og krónutölu en vegna lækkandi afurðaverðs og gengisbreytinga er raunbreyting að 1,5 hundraðshlutum til lækkunar á útflutningsverðmæti. Um einstakar vinnslugreinar má segja að frystingin standi nokkurn veginn í stað en umtalsverð verðmætaaukning varð í bæði skreiðar- og mjölframleiðslu. Á móti kemur hins vegar mikil raunlækkun á útflutningsverðmæti ísfisks, saltfiskafurða og saltsíldar.

Bretland er stærsti einstaki markaðurinn fyrir sjávarafurðir frá Íslandi og á árinu 1993 tók Bretlandsmarkaður við 23% af heilarútflutningsverðmæti sjávarafurða. Bandaríkin koma næst með 17%, þá Japan og Frakkland með 10% hvort og fast á hæla þeim Þýskaland með 9%. Tíu stærstu viðskiptalöndin taka við u.þ.b. 89% af útflutningsverðmætunum. Sameiginlegur markaður hins Evópska efnahagssvæðis er þannig okkar langmikilvægasti markaður. Sjá nánar töflu 10.

Frystur fiskur og þá einkum fryst flök eru um helmingur af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða. Evrópumarkaður er enn okkar stærsti markaður fyrir frystiafurðir og þangað er flutt u.þ.b. 60% af heildarframleiðslunni á frystum flökum. Á síðasta ári mátti þó sjá glögg merki þess að Bandaríkjamarkaður er að styrkjast. Hlutur Bandaríkjamarkaðar í frystum flökum var u.þ.b. 40% í fyrra sem er umtalsverð aukning frá 1991 og 1992 en þá var hann um 30%. Þetta má einnig sjá í útflutningi á ferskum flökum en þar hefur styrking dollars greinilega haft áhrif og voru 63% ferskflakaútflutningsins á árinu til Bandaríkjanna.

Bretland hefur enn vinninginn gagnvart Þýskalandi sem þýðingarmesti markaður fyrir

ísfisk en mjög hefur dregið saman með þeim á síðustu 3 árum. Þessi lönd hafa samanlagt um 80% af markaðnum, Bretland 42% og Þýskaland 38%.

Minnkandi þorskveiðar hafa eðlilega leitt af sér samdrátt í útflutningi á saltfiski sem menn hafa reynt að mæta t.d. með hráefniskaupum erlendis frá og einnig með veiðum utan landhelginnar. Þessi samdráttur virðist hafa komið nokkuð jafnt fram á öllum markaðssvæðum. Á sama hátt má sjá þess merki að aukning í rækjuútflutningi og mjölsölu hefur dreifst nokkuð jafnt.

Á þessu ári hefur enn verið gripið til þess ráðs að draga úr sókn í þorskinn. Ýmislegt bendir til þess að aukinn loðnuafli og þá fyrst og fremst frysting á loðnu og loðnuhrognum muni ná að vega að einhverju leyti upp á móti tekjuskerðingu vegna minnkandi þorskveiði. Batnandi horfur á Bandaríkjamarkaði vekja mönnum einnig bjartsýni. Það er einnig athyglisvert að hérlendir aðilar í sjávarútvegi láta meir til sín taka á alþjóðavettvangi. Sölufyrirtækin eru æ meir að nýta sér kunnáttu sína til að höndla með fisk af erlendum uppruna og útgerðarmenn horfa fastar en áður til veiða á alþjóðlegum hafsvæðum.

Í töfluviðauka er að finna ítarlegar töflur um útflutning sjávarafurða.

II. iii. b. Iðnaðarvörur.

Útflutningur á iðnaðarvörum var á síðasta ári ívið meiri í milljörðum króna talið en árið 1992 eða samtals 14.754 milljónir króna. Sem endranær munar mestu um útflutning á kísiljárni og áli. Útflutningsverðmæti kísiljárns nam 2.269 milljónum króna á síðasta ári sem er töluverð bragarbót frá árinu á undan en þá nam útflutningur þess 1.656 miljónum króna.

Verðmæti útflutts áls stendur nokkurn veginn í stað en það nam 7.225 miljónum króna miðað við 8.045 miljónir árið á undan. Að undanförnu hafa átt sér stað viðræður í Brussel milli helstu álframleiðenda á Vesturlöndum og framámanna í áliðnaðinum í Rússlandi. Markmið þeirra funda hefur verið að fá Rússa til að draga úr útflutningi á áli en eins og kunnugt er hefur ódýrt rússneskt ál flætt yfir markaðinn og valdið umtalsverðu verðfalli. Nú er almennt talið að samkomulag sé í burðarliðnum sem felur í sér samdrátt í útflutningi af Rússa hálfu og á móti komi fjárstuðningur Vesturlanda til áliðnaðar í Rússlandi. Ef af þessu verður mun það þýða að horfur munu vænkast í álútflutningi héðan á næstu misserum.

Bent hefur verið á að iðnaður á Íslandi búi við óhagstæð skilyrði sem gerir samkeppnisaðstöðuna erfiða, þ.e. lítill innanlandsmarkaður og miklar fjarlægðir á erlenda

markaði. Við þessa þætti er erfitt að eiga. Í nýlegri GATT-skýrslu um íslensk utanríkisviðskipti er talið að hagstjórn sem miðist við þarfir landbúnaðs og sjávarútvegs beini fjármagni frá iðnaði og þjónustu, þegar til lengri tíma er litið.

Ullariðnaðurinn hefur orðið fyrir miklum skakkaföllum á undanförnum árum. Þar munaði mestu um markaðina í Bretlandi og Bandaríkjunum og árið 1991 datt botninn úr Rússlandsmarkaðinum sem fram að þeim tíma hafði tekið við nærri helming útflutningsins. Fyrirtæki í ullariðnaði hafa því reynt að einbeita sér að mörkuðum í löndum eins og Þýskalandi og Noregi sem hafa reynst traustir fram til þessa. Aukning hefur orðið á sölu til Japans og hefur styrk staða japanska jensins gert þann markað eftirsóknarverðan.

II. iii. c. Landbúnaðarvörur.

Hlutfall landbúnaðar í landsframleiðslunni hefur farið minnkandi undanfarin ár. Hlutfallið var komið niður í 3% árið 1991. Sama er að segja um útflutning landbúnaðarvara, hann hefur minnkað í kjölfar búvörusamnings síðustu ríkisstjórnar, sem kvað á um niðurfellingu útflutningsbóta. Á árunum 1990-1992 nam hlutfall landbúnaðarvara í útflutningi landsmanna 1,9%, 1,8% og 1,9%, að eldislaxi meðtöldum. Á árinu 1992 var stærsti hluti útflutningsins lax og silungur (43,1%), kindakjöt (13,6%), minka- og refaskinn (11,1%) og hestar (10,3%). Samtals nam útflutningur landbúnaðarvara á árinu 1,6 miljörðum kr. Útflutningsbætur námu (vegna mjólkur- og sauðfjárafurða) rúmum 1,5 miljörðum kr. Útflutningur iðnaðarvara úr landbúnaðarhráefnum nam 1,2 miljörðum kr., þ. á m. eru loðsútuð skinn og prjónavörur úr ull.

Vonir standa til að auka verðmæti útfluttra landbúnaðarafurða, m.a. með því að selja hluta framleiðslunnar sem vistvæna/hreina vöru, framleidda án hormónalyfja eða eiturefna. Í þessu sambandi má gera ráð fyrir því að GATT-Úrúgvæ samningurinn skapi ýmsa nýja möguleika.

Unnið hefur verið að því að semja um aukna kvóta í nágrannalöndum, m.a. til Svíþjóðar, til þess að mega flytja þangað landbúnaðarvörur. Einnig hefur verið unnið því að auðvelda hrossaútflutning til Bandaríkjanna. Íslenskar landbúnaðarafurðir eiga hins vegar ekki eins greiða leið inn á Evrópumarkað og framleiðsla annarra EFTA-ríkja þar sem Ísland sóttist eftir og fékk undanþágur frá heilbrigðisreglum dýra í EES-samningnum.

Þegar EES-samningurinn tók gildi um s.l. áramót hafði það engin áhrif á innflutning

landbúnaðarvara, þar sem hann nær ekki til slíkra vara. Hins vegar tekur bókun 3 við samninginn til nokkurra framleiðsluvara úr landbúnaðarhráefni. Bókunin tekur væntanlega gildi um mitt þetta ár. Við það tækifæri verður aðeins opnað fyrir innflutning á einni vörutegund sem ekki er þegar heimilt að flytja inn, þ.e. nokkrar sýrðar mjólkurvörur svo sem jógúrt blandað með ávöxtum eða hnetum. Tollar verða felldir niður af nokkrum vörum sem hefur verið heimilt að flytja inn, þ. á m. af smjörlíki sem inniheldur 10-15% mjólkurfitu, en heimilt verður að leggja verðjöfnunargjöld á landbúnaðarþáttinn í þeim innflutningi.

Hinn 15. apríl 1993 tók gildi tvíhliða samningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu, sem er hliðarsamningur við EES-samninginn. Hann heimilar m.a. frjálsan innflutning á grænmeti, ávöxtum og fimm blómategundum. Samningurinn nær eingöngu yfir fáar grænmetistegundir sem eru framleiddar hér á landi, þ.e. tómata, gúrkur, salathöfuð og papriku. Innflutningur á þessu grænmeti eru eingöngu leyfður yfir veturinn í fjóra og hálfan mánuð, 1. nóvember til 15. mars.

Ráðgert er að fara yfir innflutningslöggjöfina í tengslum við nýja GATT-samninginn. Gera má ráð fyrir að breytingar verði þá gerðar á þeim lögum sem hamla innflutningi á flest öllum landbúnaðarvörum sem eru framleiddar hérlendis. Í staðinn verða lögð á innflutningsgjöld, sem síðan munu lækka á aðlögunartímabili.

II. iv. Markaðsstarf íslenskrar utanríkisþjónustu.

Viðskiptafyrirgreiðslu má skilgreina, í því samhengi sem hér um ræðir, sem hvers kyns aðstoð við fyrirtæki og einstaklinga í viðskiptum aðra en beina sölu og/eða skipulagðar markaðskannanir. Sem dæmi má nefna einfalda upplýsingamiðlun um fyrirtæki á Íslandi til erlendra aðila og aðstoð við íslensk fyrirtæki erlendis, milligöngu um sendingu bréfa, tilboða o.s.frv.

Markaðssetningu á erlendri grundu má skilgreina á tvennan hátt. Í fyrsta lagi sem úttekt á einstökum svæðum t.d. á möguleikum í sjávarútvegi, jarðhitanýtingu o.fl. með það að markmiði að íslensk fyrirtæki geti haslað sér þar völl. Hér mætti nefna Kamsjatka sem dæmi. Í öðru lagi getur verið um að ræða skipulagða markaðsathugun þar sem kannaðir eru möguleikar á sölu ákveðinna afurða í borgum eða á afmörkuðum svæðum.

Viðamikil markaðssetningarverkefni eru vart á færi sendiráða án þess að það bitni á öðrum verkefnum nema starfsfólki sé fjölgað. Gjald er nú tekið fyrir þjónustu Útflutningsráðs og má vel huga að því sama fyrir sendiráðin.

Viðskiptaþjónusta á vegum ráðuneytisins.

Veigamikill þáttur í starfsemi viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins felst í þjónustu í tengslum við EES-samninginn, GATT og fjölmarga aðra alþjóðlega viðskiptasamninga sem Ísland á aðild að. Fyrirspurnir berast frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum sem reynt er að greiða úr. Þetta á einkum við beiðnir um upplýsingar varðandi efni þessara samninga, túlkun á einstökum ákvæðum og réttarstöðu fyrirtækja og einstaklinga, viðskiptamöguleika, upplýsingar um tolla o.fl. Á vegum viðskiptaskrifstofu fer fram umfangsmikil útgáfustarfsemi til kynningar á áðurnefndum samningum sem og fundir og fyrirlestrar ýmiss konar. Starfsmenn ráðuneytis jafnt sem sendiráða miðla upplýsingum um íslensk fyrirtæki til erlendra viðskiptaaðila og geta aðstoðað við athugun markaðsmöguleika. Samstarf við Útflutningsráð hefur verið með ágætum og skipulegt markaðsstarf einkum verið í þeirra höndum.

Viðskiptaþjónusta sendiráða.

Í þeim sendiráðum þar sem ekki er sérstakur viðskiptafulltrúi lendir viðskiptaþjónusta venjulega á borðum allra enda má segja að allir starfsmenn utanríkisþjónustunnar séu öðrum þræði viðskiptafulltrúar. Umfang þessarar þjónustu fer að sjálfsögðu eftir því í hvaða landi sendiráð er og starfsmannafjölda. Erfitt er að henda reiður á hversu mörg erindi af þessu tagi eru afgreidd í sendiráðunum með einum eða öðrum hætti. Fjölmargar fyrirspurnir berast frá fólki sem ferðast vill til Íslands og er þeim sinnt með ráðgjöf eða bæklingasendingum. Á það má benda að fyrirtæki og einstaklingar sem leita til sendiráða með fyrirgreiðslu ætlast til þess að farið sé með þau erindi sem trúnaðarmál, t.d. fisksölufyrirtæki sem eiga í samkeppni erlendis og fyrirtæki sem eru að leita hófanna á nýjum sviðum. Ýmis milliganga, bréfaskriftir, fyrirspurnir sem berast símleiðis o.fl. eru ekki áberandi út á við.

Fyrirtæki í erlendum viðskiptum hafa oftast nær bein samskipti sín í milli. Í fjölmörgum tilvikum er leitað, fyrst til að byrja með, til sendiráðanna með fyrirspurnir um viðskiptatengsl á Íslandi. Sendiráðin hverfa úr myndinni þegar samband er komið á. Í þjóðfélögum þar sem ríkisafskipti eru mikil reynir meira á sendiráð sem og á vettvangi alþjóðastofnana þar sem sendiráð og fastanefndir geta komið áleiðis upplýsingum um möguleika íslenskra fyrirtækja víða um heim. Hið sama gildir um ríki þar sem nýir markaðir eru að opnast s.s. í Rússlandi og jafnvel í Kína.

Sem dæmi má nefna að sendiráðið í Moskvu hefur um árabil haft það meginverkefni að veita íslenskum fyrirtækjum þjónustu, allt frá erindrekstri í ráðuneytum og rukkun

viðskiptaskulda til aðgangs að fjarskiptatækjum og hótelbókana. Eftir að hefðbundin viðskipti Íslands og Sovétríkjanna hrundu breyttust áherslurnar. Við ofangreint bættust fundahöld með nýjum, rússneskum fyrirtækjum sem höfðu hug á viðskiptum við Ísland, þýðingar á tilboðum o.fl. Þessi þjónusta er innt af hendi bæði samkvæmt ósk fyrirtækja og eftir mati sendiráðsmanna hverju sinni.

Hvað markaðssetningu áhrærir má nefna ferð fulltrúa sendiráðsins til Kamsjatka (nóvember 1991) sem farin var að beiðni Ólafs Ólafssonar þáverandi forstjóra Kjalar h.f. Afrakstur þeirrar ferðar var skýrsla um staðhætti og sjávarútveg á skaganum sem dreift var til fyrirtækja.

Fulltrúi á viðskiptaskrifstofu framkvæmdi sjálfstæða markaðskönnun í Rússlandi í okt.-des. 1993 fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Síldarútvegsnefnd og Íslenskar sjávarafurðir sem er eign þeirra fyrirtækja og ekki ætluð til almennrar dreifingar fyrst um sinn.

Framkvæmd markaðsstarfs í Danmörku.

Í danska utanríkisráðuneytinu er s.k. "Sekretariat for Udenrigshandel" eða utanríkisviðskiptaskrifstofa sem skipt er í þrjár meginskrifstofur:

1. Markaðsmál
2. Efnahags- og fjármál
3. Upplýsingamál

Undir markaðsmálaskrifstofuna heyra fjórar undirdeildir. Útflutningsdeildin er ein þeirra og kemur í stað sérstaks útflutningsráðs.

Útflutningsdeildin annast samvinnu við önnur ráðuneyti og atvinnulífið. Á þeirra könnu eru útsendir starfsmenn á viðskiptaskrifstofum sendiráða sem kallaðir eru heim með reglulegu millibili á skipulögð námskeið sem lúta að starfsvettvangi þeirra erlendis. Á sérstöku útflutningsráðstefnum miðlar utanríkisráðuneytið upplýsingum til fyrirtækja og stofnana.

Viðskiptaskrifstofur erlendis eru starfræktar í tengslum við sendiráðin. Þær eru ekki eingöngu mannaðar fólki úr ráðuneytinu heldur eru fengnir starfskraftar úr atvinnulífinu eða fagráðuneytum til tímabundinna starfa. Að þeim tíma liðnum hverfa þeir aftur til fyrri starfa í Danmörku. Dönsk fyrirtæki sem leita eftir þjónustu viðskiptafulltrúa þurfa að greiða fyrir hana sérstaklega.

Viðskiptasamstarf sendiráða og atvinnulífs í Noregi.

Í Noregi er starfrækt "Norges Export Raad" sem er sjálfstæð stofnun. Mjög náið samstarf er á milli norska útflutningsráðsins og utanríkisráðuneytisins. Ráðuneytið á fulltrúa í stjórn ráðsins og sumir hafa verið þar framarlega í stjórnunarstörfum. Fjármagn til rekstrar ráðsins er visst prómill af útflutningstekjum og fyrirtæki verða að greiða fyrir þjónustu sem veitt er á viðskiptaskrifstofum erlendis.

Viðskiptafulltrúar koma frá Útflutningsráðinu og eru í flestum stærri sendiráðum þar sem vera þeirra er talin skipta máli. Þeir heyra til starfsliðs sendiráðanna og njóta sömu réttinda og aðrir sendiráðsstarfsmenn. Viðskiptafulltrúar starfa í sumum löndum utan vébanda sendiráðs ef það er talið mikilvægt frá viðskiptalegu sjónarmiði. Þar sem ekki er sendiráði til að dreifa en stærð borgar þykir réttlæta það starfa viðskiptafulltrúar á ræðismannaskrifstofum.

Oft er fólk úr atvinnulífinu eða fagráðuneytum kallað til starfa á vegum ráðsins og er sérstökum styrk varið til að senda ungt fólk úr viðskiptalífinu til starfa erlendis, eitt ár eða lengur. Sú reynsla er talin nýtast þeim þegar horfið er aftur til fyrri starfa.

Útflutningsráðið vinnur sérstaklega fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki þar sem hin allra stærstu hafa alla burði til að annast sín mál á erlendum vettvangi sjálf.

Útflutningsráð og sendiráð í Svíþjóð.

Svíþjóð hefur nokkra sérstöðu á Norðurlöndunum vegna stærðar og starfsemi sænskra fjölþjóðafyrirtækja á erlendum vettvangi. Svíar starfrækja sitt "Export Rad" sem er sjálfstæð stofnun. Hún rekur um 34 skrifstofur á erlendum vettvangi, þær hafa á sinni könnu fjölbreytt markaðsstarf. Þessar skrifstofur eru óháðar sendiráðum. Sænska utanríkisráðuneytið er með sendiráð og ræðisskrifstofur í um 80 löndum. Útflutningsráðið hefur aðstöðu í sendiráðum í þeim löndum þar sem það er ekki sjálft með skrifstofur og talin er nauðsyn á að hafa viðskiptafulltrúa. Fulltrúarnir þjónusta aðallega lítil og meðalstór fyrirtæki. Stóru fjölþjóðafyrirtækin starfa að mestu sjálfstætt.

Útflutningsráðið hefur fengið rekstrarfé frá sænska ríkinu og heimtar greiðslur erlendis fyrir veitta þjónustu. Sænska ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að í framtíðinni muni hún stefna að einkavæðingu ráðsins og niðurfellingu ríksstyrkja til starfseminnar. Reiknað er með að þjónustugjöld muni alfarið standa undir rekstri ráðsins.

Breyttar áherslur þýsku utanríkisþjónustunnar.

Í Þýskalandi hefur stuðningur hins opinbera við þýska útflutningsverslun verið mikið ræddur á opinberum vettvangi. Þýskir ráðherrar hafa í auknum mæli beitt áhrifum sínum erlendis í þágu þýsks útflutnings og fjárfestinga vegna erfiðleika í þýskum útflutningi sem tengjast efnahagsástandi í helstu viðskiptalöndum og vandamálum í markaðssetningu varnings frá fyrirtækjum í fyrrum Austur-Þýskalandi.

Í þessu sambandi hefur athyglin beinst að hlutverkum þýskra sendiráða en við þau helstu eru starfandi viðskiptafulltrúar eða efnahagsdeildir sem aðstoðað hafa útflutninginn auk upplýsingaöflunar fyrir þýsk ráðuneyti.

Á síðasta ári var sett á laggirnar nefnd framámanna úr efnahagslífinu sem ætlað er að fá þýsk stjórnvöld til að leggja mikilvægum fyrirætlunum lið, t.d varðandi úthlutun verka og kaupsamninga í öðrum löndum, fjárfestingar og tæknisamstarf. Nefndin vill styrkja viðskiptatengsl við Asíu- og Kyrrahafslönd.

Klaus Kinkel utanríkisráðherra lét taka saman greinagerð um stuðning sendiráða við útflutningsverslun. Þar er að finna fyrirmæli um að slík verk skuli talin jafn mikilvæg og önnur í sendiráðum. Helstu fyrirmæli til þýskra sendiráða eru eftirfarandi:

a. Stuðningur við útflutning er þýðingarmeiri en oft áður, m.a. vegna þess að hann hefur átt undir högg að sækja vegna vaxandi tilhneigingar til verndarstefnu og útflutningsuppbóta í mörgum löndum auk þess sem aðgangur og samkeppni á erlendum mörkuðum verður sífellt erfiðari.

b. Þýsk fyrirtæki hafa ekki sýnt nægilegt frumkvæði á framtíðarmörkuðum, s.s í Asíu þar sem hagvöxtur er mikill. Þeim er nauðsyn að komast inn á markaði sem gera miklar tæknilegar kröfur.

c. Hagvaxtarvandinn í Þýskalandi kallar á útflutning til óhefðbundinna markaða og meiri áhættu af hálfu fyrirtækja.

d. Nauðsynlegt er að sendiráð séu ávallt reiðubúin til viðræðna og að beita áhrifum sínum. Sendiráð eiga að gera sér ljóst þjónustuhlutverk sitt. Sendiráð eiga að aðstoða við gerð samninga þegar þess er þörf, t.d. gagnvart opinberum aðilum í viðkomandi landi.

e. Sendiráð eru hvött til að vera opin fyrir fjárfestingarmöguleikum heimafyrir og erlendis.

f. Sendiráð skulu huga að upplýsingamiðlun um efnahagspólitík og þróunaráætlanir ESB og annarra, aðgerðir ríkisstjórna í inn- og útflutningi, tollamálum o.s.frv.

II. v. Útflutningsráð.

Í lögum frá 1990 um Útflutningsráð Íslands segir svo um hið almenna hlutverk ráðsins: "Útflutningsráð hefur það hlutverk að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum er lúta að eflingu útflutnings og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Ennfremur skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga."

Í meginatriðum má segja að Útflutningsráð sinni hlutverki sínu á fjóra vegu. Í fyrsta lagi vinnur ráðið fyrir einstök fyrirtæki og þá oftast gegn einhverri greiðslu. Í öðru lagi vinnur Útflutningsráð fyrir fyrirtækjahópa, stofnanir eða samtök og þá einnig gjarnan gegn greiðslu. Í þriðja lagi sinnir ráðið almennri þjónustu við útflytjendur, svo sem landkynningu og útgáfustarfsemi, svo og afgreiðslu á fjölmörgum fyrirspurnum sem berast erlendis frá um íslensk fyrirtæki og vörur. Í fjórða lagi rekur Útflutningsráð viðskiptaskrifstofur sem nú eru staðsettar í New York og Berlín.

Þjónusta Útflutningsráðs við einstök fyrirtæki er m.a. fólgin í því að fyrirtækjunum gefst kostur á að leigja sér markaðsstjóra. Verkefnið "Markaðsstjóri til leigu" hefur nú verið starfrækt í tvö ár á vegum Útflutningsráðs. Hentar það öllum fyrirtækjum, bæði þeim sem þegar flytja út og einnig þeim sem hafa hug á að hefja útflutning. Þessi þjónusta felst í því að útvega ráðgjafa með mikla reynslu af útflutningsstarfsemi til tímabundinna starfa í fyrirtækjunum. Ráðgjafinn vinnur því að útflutningsverkefninu í nánu samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins. Miðað er við að markaðsstjórinn sinni hverju fyrirtæki í a.m.k. 6 mánuði og vinni einn eða fleiri daga í viku hjá hlutaðeigandi fyrirtæki. Á árinu 1993 sinntu tveir starfsmenn Útflutningsráðs þessu verkefni. Unnu þeir m.a. að markaðssetningu erlendis á ullarvörum, skóm, ljósmyndum, tilbúnum fiskréttum, líftækni, hestafóðri og útflutningi smábáta. Reynslan af starfi þeirra hefur verið góð, og er stefnt að áframhaldandi þjónustu af

þessu tagi.

Á árinu 1993 var áfram boðið upp á verkefnið "Útflutningsaukning og hagvöxtur". Það er þróunarverkefni fyrir fyrirtæki í framleiðslu og þjónustu og er starfrækt með samkomulagi við Stjórnunarfélag Írlands og styrkt hér af Iðnlánasjóði og Íslandsbanka. Aðferðafræðin, sem "Útflutningsaukning og hagvöxtur" byggist á, er fólgin í að koma markaðs- og söluþekkingunni á hendur fyrirtækjanna sjálfra. Með mánaðarlegum tveggja daga vinnufundum, fyrirlestrum og ráðgjöf eru helstu hugtök markaðsfræðinnar fest í sessi innan viðkomandi fyrirtækis og í lok verkefnisins leggur viðkomandi starfsmaður fyrirtækisins fram markaðsáætlun þar sem saman kemur öll þekking hans, þjálfun og reynsla sem safnast hefur saman á meðan á verkefninu stendur. Fyrirtækin, sem tekið hafa þátt í verkefninu koma úr ýmsum greinum íslensks atvinnulífs. Má þar nefna fyrirtækin Össur hf., Bakkavör hf., Miðlun hf. og Jöklaferðir hf., en öll hafa þau fengið sérstaka viðurkenningu fyrir vel unna markaðsáætlun eftir þátttöku í "Útflutningsaukningu og hagvexti". Hefur þeim ennfremur vegnað vel síðan í markaðssetningu afurða sinna erlendis. Haustið 1993 hófst fjórða yfirferð þessa verkefnis og hafa nú um 35 fyrirtæki tekið þátt. Síðla hausts var Útflutningsráð valið af norrænu ráðherranefndinni til að skipuleggja og reka þetta verkefni í Eistlandi sem hluta af þróunaraðstoð Norðurlandanna við Eystrasaltslöndin.

Á liðnu ári skipulagði Útflutningsráð sameiginlega þátttöku íslenskra útflytjenda í þremur alþjóðlegum sýningum erlendis og tóku 22 fyrirtæki þátt. Þá hefur ráðið aukið mjög verulega faglega kynningarráðgjöf til íslenskra útflytjenda. Leiðbeint hefur verið um gerð kynningarefnis, en sérstaklega tengist ráðgjöfin þó þátttöku í vörusýningum. Annars vegar hafa verið haldin námskeið í hönnun sýningarbása, kynningartækni og framgöngu starfsfólks, en hins vegar hefur þessu verið fylgt eftir og fyrirtækjunum leiðbeint á sjálfum vettvangi sýninganna. Sóttu um 60 manns frá 17 fyrirtækjum námskeið á vegum Útflutningsráðs í þessu skyni.

Á hverju ári vinnur Útflutningsráð nokkurn fjölda markaðsathugana og aflar markaðsupplýsinga fyrir bæði fyrirtæki og einstaklinga. Á árinu 1993 var lokið við ýmis rannsóknarverkefni er snerta markaðsmöguleika okkar erlendis og eftirfarandi skýrslur gefnar út: "Rækjur á Frakklandsmarkaði", "Botnlæg sjávardýr", "Vartari" og "Hunda-og kattamatur". Einnig var unnið að stöðugreiningu á markaði fyrir íslenskar vörur í Taívan.

Á hverju ári berast Útflutningsráði fjölmargar fyrirspurnir frá erlendum aðilum um íslenskar vörur og um íslensk fyrirtæki. Á árinu 1993 var svarað bréflega um 800

fyrirspurnum af þessu tagi. Þá annaðist Útflutningsráð móttöku á hópum nokkurra erlendra blaðamanna og kaupsýslumanna, m.a. frá Þýskalandi, Japan, Noregi og Sádi-Arabíu.

Á árinu 1993 rak Útflutningsráð viðskiptaskrifstofur í Berlín og New York. Markaðssvæði skrifstofunnar í Berlín er fyrst og fremst Mið- og Austur-Evrópa. Á skrifstofunni starfar viðskiptafulltrúi ásamt þýskum aðstoðarmanni. Hefur viðskiptafulltrúinn gert þjónustusamninga við nokkur íslensk fyrirtæki sem áhuga hafa á markaðssetningu á þessu svæði, en auk þess fer drjúgur tími í að svara almennum fyrirspurnum og afla upplýsinga um markaðinn. Á árinu vann viðskiptafulltrúinn sérstaka markaðsathugun fyrir fersk flök í Þýskalandi.

Skrifstofan í New York hefur einnig gert verksamninga við nokkur fyrirtæki, jafnvel til lengri tíma. Unnið er með framleiðendum tækja fyrir sjávarútveginn, athugun á stofnun fyrirtækjanets og annars samstarfs um sölu á framleiðsluvöru þeirra á vestur-og austurströnd Bandaríkjanna. Þá var á árinu 1993 unnið að markaðssetningu íslenskrar orku í Bandaríkjunum í samstarfi við Markaðsskrifstofu Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins.

Á haustþingi 1993 var samþykkt breyting á lögum um Útflutningsráð, þannig að í stað útflutningsráðsgjaldsins, sem var aðalfjármögnun Útflutningsráðs, kemur markaðsgjald. Nemur það gjald 0,015% af söluskattsskyldri veltu allra íslenskra fyrirtækja.

Hinn 1. júlí 1993 urðu framkvæmdastjóraskipti hjá Útflutningsráði Íslands. Ingjaldur Hannibalsson, sem verið hafði framkvæmdastjóri ráðsins í 6 ár, lét af störfum og við tók Jón Ásbergsson.

II. vi. EES átak, styrkir til íslenskra fyrirtækja.

Á ríkisstjórnarfundi þann 30. mars 1993 var ákveðið að úthluta 50 milljónum króna til sérstaks markaðsátaks á samningssvæði væntanlegs EES-samnings. Jafnframt var ákveðið að skipa starfshóp til að hafa umsjón með úthlutun fjárins. Starfshópurinn var skipaður svo:

Þröstur Ólafsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, formaður;
Þorkell Helgason, aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra;
Ingimar Jóhannsson, fiskifræðingur, tilnefndur af samgöngu- og landbúnaðarráðherra;
Halldór Árnason, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra.

Að auki sat Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri Útflutningsráðs Íslands fundi hópsins. Ritari nefndarinnar var Þorbjörn Jónsson, sendiráðsritari. Alls hélt hópurinn 6 fundi á tímabilinu frá 29. júní 1993 til 17. september 1993.

Umsóknir.

Auglýst var eftir umsóknum um styrki með auglýsingu sem birtist í Alþýðublaðinu, DV, Degi, Morgunblaðinu og Tímanum þann 7. júlí s.l. og í Vikublaðinu þann 10. júlí s.l. Í auglýsingunni var lögð áhersla á að ætlunin væri að styrkja sérstaklega nýjungar eða nýsköpunarstarf og að leitast yrði við að styrkja umsækjendur að jafnaði um nálægt þriðjung af áætluðum kostnaði vegna verkefnis sem sótt væri um styrk fyrir. Umsóknarfrestur var gefinn til 1. ágúst og bárust alls 101 umsókn frá 87 aðilum. Samtals var sótt um styrki að upphæð rúmlega 428 milljónir króna til ýmis konar verkefna skv. eftirfarandi yfirliti:

Teg. verkefnis:	**Fj. umsókna:**	**Upphæð (mkr.):**
Almennur iðnaður	31	104,2
Rafeindaiðnaður	10	24,2
Hugbúnaðariðnaður	13	57,8
Sjávarútvegur	31	149,4
Annað	16	93,0
Samtals:	**101**	**428,4**

Meðferð umsókna.

Nefndarmenn fóru yfir allar umsóknirnar með tilliti til ýmissa þátta og við mat á þeim var leitast við að kanna m.a. eftirfarandi:

1. Nýjung/nýsköpunarstarf í útflutningi.
2. Sérstakur ávinningur af EES-samningi, t.d. tollalækkun.
3. Hæfni afurðar á markaði.
4. Samvinnuverkefni ólíkra aðila.
5. Geta umsækjanda til að fylgja málinu eftir
6. Gæði umsóknar, trúverðugleiki áætlana o.s.frv.
7. Annað.

Eftir fyrstu yfirferð á umsóknunum kom í ljós að menn voru nokkuð sammála um að 30-35 umsóknir væru þess virði að skoða nánar. Leitað var liðsinnis þeirra Sveins Þorgrímssonar, verkfræðings í viðskipta- og iðnaðarráðuneyti, og Vilhjálms Guðmundssonar, deildarstjóra sérverkefnadeildar hjá Útflutningsráði Íslands, og þeir fengnir til að fara yfir þær umsóknir sem nefndarmönnum þóttu álitlegastar. Umsagnir byggðust annars vegar á mati á líklegum árangri verkefnis á EES-markaði og hins vegar á mati á framlögðum kostnaðartölum umsækjanda. Gerðu þeir nefndinni grein fyrir niðurstöðum sínum á fundi.

Tillaga starfshópsins um styrkveitingar byggir að nokkru á endurskoðuðum kostnaðaráætlunum þeirra SÞ og VG. Við þá endurskoðun var reynt að draga frá kostnað sem rekja mætti til fjárfestinga, fastan launakostnað, þróunarkostnað, t.d. vegna vélbúnaðar, kostnað vegna rekstrarvara o.s.frv. en til grundvallar lagður kostnaður vegna markaðsathugana, vegna sýningaþátttöku eða gerðar kynningarefnis og allur kostnaður vegna sérgreindra markaðsaðgerða.

Úthlutun.

Samkomulag varð um að Útflutningsráð hefði eftirlit með því hvernig styrkirnir nýttust og var ákveðið að ráðið fengi til þess 1.400.000 kr. Ákveðið var að styrkirnir yrðu greiddir út í tvennu lagi og að seinni hluti greiðslu yrði skilyrtur því að styrkþegi skilaði áfangaskýrslu til Útflutningsráðs innan 6 mánaða frá úthlutun fyrri greiðslu. Í skýrslunni skyldi greint frá framgangi verkefnisins og afdrifum styrkupphæðar. Nefndarmenn komu sér saman um að 60% af styrkupphæð yrðu greidd strax en 40% að fenginni fullnægjandi áfangaskýrslu. Jafnframt var ákveðið að ef brögð yrðu að því að styrkþegar gerðu ekki grein fyrir framgangi verkefna sinna yrði hópurinn kallaður saman aftur og tæki hann þá afstöðu til þess með hvaða hætti ráðstafa ætti því fé sem þá yrði eftir.

Að meðtöldum þeim 1.400.000 kr. sem lagt var til að Útflutningsráð Íslands fengi fyrir áframhaldandi umsjón með verkefnunum var lagt til að alls 33 verkefni fengju styrki að upphæð samtals 50 milljónir króna sem flokkast sem hér segir:

Teg. verkefnis:	**Fj. umsókna:**	**Upphæð (mkr.):**
Almennur iðnaður	5	8,5
Rafeindaiðnaður	3	3,7
Hugbúnaðariðnaður	7	9,1

Sjávarútvegur	11	20,7
Annað	7	8,0
Samtals:	**33**	**50,0**

II. vii. Erlendar fjárfestingar.

Samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, lög nr. 34/1991, ber að tilkynna Seðlabankanum alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningar eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskylda nær til þeirra fjárhæða, sem mynda eignarhald og hlutfallslegt áhrifavald erlends aðila í viðkomandi íslensku atvinnufyrirtæki.

Fyrir liggja tölur Seðlabankans um fjárfestingu erlendra aðila undanfarin ár, en fjárhæðir vegna ársins 1993 eru bráðabirgðatölur:

Í millj. kr.	**Hlutafjárframlag til ársloka 1991**	**1992**	**1993**	**Samtals**
Verslun og þjónusta	1.480,0	193,4	143,6	1.817,0
Iðnaður	3.977,3	37,6	0,4	4.015,3
Útgerð, fiskverkun og fiskeldi	82,9	0	0	82,9
Samtals	5.540,3	231,0	144,0	5.915,3

Þessar tölur sýna harla litla erlenda fjárfestingu hérlendis. Aukning hennar gæti orðið íslensku atvinnulífi lyftistöng og er því til athugunar hvernig laða megi erlenda fjárfesta til landsins. Eflaust verður margt að koma til. Áhrif Evrópska efnahagssvæðisins, sem tók gildi s.l. áramót, eiga eftir að koma í ljós. Sama gildir um skattalækkanir á fyrirtæki sem voru ákveðnar í vetur. Á öðrum stað í þessari skýrslu er rætt um gerð hugsanlegs fríverslunarsamnings við Bandaríkin, sem myndi auðvelda bandarískar fjárfestingar hérlendis. Í athugun er að stofna frísvæði á Suðurnesjum. Einnig er í undirbúningi að gera fjárfestingarsamninga við nokkur þróunarlönd, ríki Austur-Evrópu og ríki Austur-Asíu.

Huga verður að því að Ísland er í samkeppni á þessu sviði við flest önnur ríki heims. Hér kemur margt til greina, m.a. að losa betur um reglur sem takmarka erlendar fjárfestingar og einfalda skattakerfið. Einnig mætti benda á fordæmi ýmissa nágrannaþjóða sem gert hafa

átak til að markaðssetja landið sem ákjósanlegan stað til fjárfestinga. Danir t.d. leggja mikla vinnu í að auglýsa land og þjóð í þessum tilgangi. Ætla má að aukin áhersla verði lögð á þennan þátt einnig hér á landi á næstu árum. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur hér lagt hönd á plóginn sem og Markaðsskrifstofa iðnaðarins í samráði við Útflutningsráð. Enn er svigrúm til þess að efla og samhæfa markaðsstarf á þessi sviði og tengja við Útflutningsráð og Ferðamálaráð.

Fjárfestingar erlendis.

Skráðar fjárfestingar innlendra aðila í atvinnurekstri erlendis 31. desember 1992 (í þús. kr. á meðalgengi 1993) voru sem hér segir, samkvæmt upplýsingum Seðlabankans:

Iðnaður	342.317
Verslun	414.910
Skiparekstur	38.345
Útgerð	679
Önnur þjónusta	172.843
Samtals	969.094

Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir 1993 námu fjárfestingar erlendis í fyrra kr. 293 millj. Fjárfestingar erlendis voru því samtals um s.l. áramót kr. 1,26 milljarðar.

Skiptingin eftir löndum og fjölda fyrirtækja (alls 108 fyrirtæki) er sem hér segir í árslok 1992:

Bandaríkin	17	Noregur	6	Færeyjar	4	Belgía	1	Lúxemborg	1
Danmörk	16	Kýpur	6	Skotland	3	Chíle	1	Portúgal	1
England	10	Svíþjóð	5	Panama	3	Spánn	1	Sviss	1
Þýskaland	9	Holland	4	Kanada	2	Kína	1	Ungverjaland	1
Karíbaeyjar	8	Frakkland	4	Ástralía	1	Líbería	1	Vestur-Indíur	1

Á árinu 1993 bættust við fjárfestingar í a.m.k. þremur fyrirtækjum í Litháen.

Framangreindar tölur sýna að sjálfsögðu ekki verðmæti fjárfestinga erlendis eins og þær eru orðnar nú, heldur byggjast þær á gjaldeyrisyfirfærslum á hverjum tíma. Þær gefa þó

einhverja vísbendingu.

Samkvæmt yfirlitinu er verðmæti íslenskra fjárfestinga erlendis tiltölulega lítið. Ætla verður að þær muni aukast á næstu árum, enda eru þær í mörgum tilvikum mikilvæg forsenda þess að unnt sé að auka útflutning frá Íslandi. Helst er að vænta fjárfestinga í fyrirtækjum sem tengjast fiskveiðum, fiskvinnslu eða framleiðslu veiðarfæra, enda um að ræða þau svið þar sem mest sérþekking liggur fyrir.

II. viii. Fjárfestingasamningar.

Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að þjóðir Vestur-Evrópu gangi frá sérstökum samningum um vernd fjárfestinga jafnt við ríki Austur-Evrópu sem við þróunarlönd. Önnur Norðurlönd hafa til að mynda gert röð slíkra samninga. Samningar sem þessir breyta engu um löggjöf eða þær hömlur sem víða eru settar við fjárfestingum útlendinga í einstökum atvinnugreinum. Hins vegar auka þeir öryggi fjárfesta og eru taldir geta stuðlað að auknum fjárfestingum. Oft er einnig gripið til slíkra samninga þegar ríður á að sýna fram á með áþreifanlegum hætti að vilji sé fyrir því af hálfu stjórnvalda að efla samskipti landa.

Allmörg lönd hafa leitað eftir því við Ísland að samið verði um gagnkvæma vernd fjárfestinga. Má þar nefna Rússland, Georgíu, Pólland, Tékkland og Slóvakíu, Slóveníu, Indland, Kína, Argentínu og Nígeríu. Undirbúningur er hafinn að samningaviðræðum við Argentínu, Kína og Slóvakíu.

Innan viðskipta- og utanríkisráðuneytis hefur verið unnið að því að ganga frá fyrirmynd að samningi um vernd fjárfestinga sem orðið gæti viðmiðun í samningaviðræðum. Hefur þar verið stuðst við samsvarandi samninga Norðurlanda og starf OECD að þessum málum.

Auk þeirra landa sem nefnd eru hér að ofan er fyrirhugað að kanna undirtektir fleiri ríkja Austur-Asíu og Suður-Ameríku við því að ganga til slíkra samninga.

II. ix. Tvísköttunarsamningar.

Eins og kunnugt er er ekki tekið á málefnum eins og tvísköttun í EES-samningnum. Hins vegar er ljóst að tilvist tvísköttunarsamninga er mikilvægur þáttur í ákvörðun fyrirtækja

um erlendar fjárfestingar, bæði erlendra fyrirtækja á Íslandi og íslenskra fyrirtækja erlendis. Séu slíkir samningar ekki fyrir hendi minnkar það öryggi sem er nauðsynleg forsenda fjárfestinga.

Ísland er aðili að Norðurlandasamningi um tvísköttun (1989). Ísland hefur gert almenna tvíhliða tvísköttunarsamninga við Þýskaland (1971), Bandaríkin (1975), Sviss (1988), Frakkland (1990) og Bretland (1991). Gengið hefur verið frá samningsdrögum við Eystrasaltsríkin, Eistland, Lettland og Litháen. Skattasamningar hafa verið gerðir varðandi skipa og flugvélarekstur við Belgíu og Lúxemborg.

Æskilegt verður að telja að Ísland geri tvísköttunarsamninga við öll EES-ríki til þess að nýta til fulls þá möguleika sem EES-samningurinn skapar, þ.e. Austurríki, Holland, Belgíu, Lúxemborg, Írland, Ítalíu, Spán, Grikkland og Portúgal.

Auk þessa hefur verið töluverð eftirspurn eftir gerð tvísköttunarsamninga bæði af hálfu íslenskra fyrirtækja og erlendra ríkja, þ. á m. þeirra sem Ísland hefur gert fríverslunarsamninga við. Næsta skref af Íslands hálfu yrði að gera tvísköttunarsamninga við ríki eins og Japan, Kanada, Ísrael, Tyrkland, Tékkland, Slóvakíu, Pólland, Ungverjaland, Búlgaríu og Rúmeníu.

Fjármálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti starfa nú að því að búa í haginn fyrir nýrri lotu samninga um tvísköttun.

II. x. Útflutningstryggingar.

Til þess að tryggja fulla atvinnu á Íslandi í framtíðinni verður í auknum mæli að leggja áherslu á útflutning. Sá útflutningur verður að vera fjölbreyttari en nú er, leggja verður áherslu á aukin tækifæri í iðnaði, einkum verður að nýta þau tækifæri sem skapast vegna EES. Hins vegar eru mörg íslensk fyrirtæki sem nú starfa (eða koma til með að starfa) of lítil til þess að fara í útflutning. Þau hafa ekki bolmagn til þess að leggja í þann kostnað eða taka þá áhættu sem felst í útflutningi.

Í flestum öðrum ríkjum geta útflytjendur, stórir sem smáir, tryggt sig gegn vanefndum á greiðslu fyrir útflutningsafurðir. Slíkar tryggingar eru ýmist seldar á viðskiptagrundvelli eða eru niðurgreiddar af ríkisstjórnum.

Ljóst er að ef íslenska ríkið ætti að standa sjálft fyrir því að tryggja útflytjendur fyrir áföllum þá gæti slíkt kerfi orðið mjög dýrt. Betra væri að leitast eftir samstarfi við hin stærri og reyndari fyrirtæki á þessu sviði.

Ekki er líklegt að ríkissjóður þurfi að koma að tryggingum fyrir greiðslur í vöruviðskiptum (nema e.t.v. varðandi sölu til áhættusvæða). Líklegra er að atbeina ríkisins þyrfti til ef tryggja ætti áhættu við stærri fjárfestingar erlendis. Í því tilfelli gæti þurft að fá ráðgjöf frá samstarfsaðila.

Því er haldið fram að ekki sé hægt að byggja upp útflutningshagkerfi án þess að hafa aðgang að útflutningstryggingum. Íslensk fyrirtæki hafa komist af til þessa, enda útflutningurinn að mestu í höndum stórra útflytjenda sem selja á nokkuð örugga markaði. Líkur eru fyrir því að þetta mynstur muni breytast í framtíðinni.

Af þessum ástæðum ákvað ríkisstjórnin í desember s.l. að skipa nefnd fimm, ráðuneyta, utanríkis-, viðskipta-, sjávarútvegs-, landbúnaðar- og fjármálaráðuneytisins. Nefndinni er ætlað að gera úttekt á því með hvaða hætti ríkisstjórnin geti stuðlað að því að íslenskir útflytjendur og fjárfestar erlendis geti tryggt sig gegn vanefndum kaupenda. Henni er ætlað að taka saman efni um þetta mál og vinna tillögur til ríkisstjórnarinnar. Niðurstöðu er að vænta með vorinu.

II. xi. Efnahagsaðstoð.

Á árinu 1992 ákvað ríkisstjórnin að veita kr. 17 milljónum af ráðstöfunarfé sínu í neyðaraðstoð og tækniaðstoð við fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna.

Þrjár alþjóðlegar ráðstefnur voru haldnar á árinu 1992, sem Ísland tók þátt í, til þess að fjalla um aðstoð við fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna. Sú fyrsta var haldin að frumkvæði Bandaríkjastjórnar í Washington í janúarmánuði, sú næsta í Lissabon í maí og sú síðasta í Tókýó í október.

Höfuðmarkmið stuðningsaðgerða við fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna er að festa í sessi þær þjóðfélagsbreytingar grundvallaðar á frelsi og lýðræði sem unnið er við að koma á fót eftir hrun kommúnismans. Ríkisstjórn Íslands hefur tekið undir tilmæli Tókýó-ráðstefnunnar um að halda skuli áfram tvíhliða aðstoð við fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna á meðan þörf krefur.

Á árinu 1993 voru veittar 12 milljónir króna á fjáraukalögum í tækniaðstoð við fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna. Nefnd á vegum fjármála-, utanríkis- og viðskiptaráðuneytisins hefur haft umsjón með styrkveitingum. Styrkir hafa verið veittir fyrirtækjum og samtökum sem vinna að verkefnum sem stuðla að efnahagslegri endurbyggingu lýðveldanna. Mest áhersla

hefur verið lögð á Eystrasaltsríki, en einnig hefur runnið styrktarfé til verkefna á Kamsjatka og í Georgíu. Stærstu verkefnin hafa verið starfsþjálfunarverkefni hóps frá Kamsjatka í sjávarútvegi og fiskvinnslu og stjórnunarnámsskeið fyrir Litháa og Eistlendinga. Ráðgert er að halda stjórnunarnámsskeið einnig á þessu ári fyrir 10-12 manna hóp frá Lettlandi.

Vonir voru bundnar við að tækniaðstoð Íslands myndi í sumum tilvikum geta leitt til verkefna fyrir íslensk fyrirtæki sem vilja hasla sér völl í fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna. Viðskipti við þennan heimshluta hafa að sjálfsögðu minnkað verulega í kjölfar þjóðfélagsbreytinganna sem þar hafa átt sér stað. Stofnun viðskiptatengsla tekur tíma, en vissar vísbendingar eru um að tækniaðstoðin hafi opnað vissa möguleika sem ekki hafði verið komið auga á fyrr.

G-24 landa hópurinn.

Í kjölfar þeirra breytinga sem urðu í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu eftir hrun kommúnismans ákváðu Vesturlöndin að veita þessum ríkjum efnahags- og tækniaðstoð, m.a. til þess að tryggja í sessi lýðræðið í þessum löndum. Bandaríkin tóku að sér að samræma aðstoðina við fyrri lýðveldi Sovétríkjanna, nema Eystrasaltsríki, með þremur ráðstefnum, eins og rakið er að framan. Evrópusambandið er samræmingaraðili Vesturlanda fyrir aðstoðina við Austur-Evrópu og Eystrasaltsríkin. Haldnir eru fundir reglulega í svokölluðum 24-landa hópi í Brussel (G-24), sem samanstendur af aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD.

Ísland hefur veitt Austur-Evrópuríkjum ýmissa efnahags- og tækniaðstoð á undanförnum árum, m.a. í samráði við önnur Vesturlönd í G-24 landa hópnum. Á árinu 1993 var t.d. veitt 1 millj. Bandaríkjadollara í greiðslujafnaðaraðstoð við Eystrasaltsríkin.

Evrópubankinn.

Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu (Evrópubankinn) hóf starfsemi sína árið 1991, en það var á leiðtogafundi Evrópusambandsins í desember 1989 sem samþykkt var tillaga Frakka þess efnis að ESB skyldi hafa frumkvæði að því að stofna sérstakan fjárfestingarbanka til að greiða fyrir umbreytingu á hagskipulagi í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

Í fyrstu tóku 34 ríki og tvær alþjóðastofnanir þátt í undirbúningi að stofnun bankans en ríkjunum fjölgaði smám saman og svo fór að lokum að stofnaðilar bankans urðu 42, þ. á m. Ísland.

Meginmarkmið stofnunar bankans var, eins og áður sagði, að stuðla að fjölflokkalýðræði og markaðsbúskap í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og fyrrum Sovétlýðveldum. Ólíkt öðrum þróunarbönkum leggur bankinn áherslu á fyrirgreiðslu við einkaaðila og opinber fyrirtæki sem verið er að einkavæða.

Fyrsta verkefnið sem íslenskir aðilar tóku að sér fyrir Evrópubankann var hagkvæmniathugun á vegum fyrirtækisins Virkis-Orkint um að reisa og reka varmaorkuver til að nýta jarðhita til hitaveitu í tengslum við orkuframleiðslu á Kamsjatka í Rússlandi. Verkefnið var fjármagnað að hluta úr tækniaðstoðarsjóði Íslendinga við bankann sem stofnaður var í desember 1992 en meirihluti verkefnisins var fjármagnaður úr öðrum sjóðum hans. Möguleikar á að að fjármagna verkefnið að hluta úr íslenska tækniaðstoðarsjóðnum var mikilvægur þáttur í að samningar tókust um hagkvæmnisathugunina. Stofnun sjóðsins var liður í viðleitni íslenskra stjórnvalda til að greiða fyrir útflutningi á íslenskri tækniþekkingu og verkkunnáttu og stuðla að fjárfestingu íslenskra aðila í tenglsum við slík verkefni.

Ársfundur Evrópubankans var haldinn í Lundúnum í apríl á síðasta ári. Þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, lagði á fundinum áherslu á fyrir Íslands hönd að bankinn einbeiti sér enn frekar að þróun fjármagnsmarkaða í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Ennfremur að bankinn fjárfesti í þarlendum lánastofnunum og fjárfestingarsjóðum til að ná betur til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem væru driffjöðrin í öllum markaðshagkerfum.

Evrópubankinn heyrir undir viðskiptaráðuneytið.

II. xii. Frísvæði á Suðurnesjum.

Utanríkisráðherra og fjármálaráðherra skipuðu nefnd til að ljúka endanlegri athugun á stofnun Frísvæðis á Suðurnesjum í tengslum við Keflavíkurflugvöll í nóvember 1992. Störf nefndarinnar hafa beinst að því að skapa ný atvinnutækifæri, auka útflutning og laða að erlendar fjárfestingar, m.a. til þess að nýta betur flugvöllinn. Unnið hefur verið að þessu máli í samvinnu við sveitarfélögin á Suðurnesjum. Nefndin stefnir að því að skila niðurstöðum síðar á þessu ári.

III. EFNAHAGSMÁL Í HELSTU VIÐSKIPTARÍKJUM ÍSLANDS.

III. i. Vestur-Evrópa.

III. i. a. EFTA-ríki.

Austurríki.

Austurríkismenn hafa átt meira láni að fagna í efnahagsþróun en mörg nágrannaríkjanna, þótt áhrif samdráttarins í Evrópu sé farið að gæta þar. Iðnaðarframleiðsla Austurríkismanna hefur t.d. minnkað töluvert. Austurríkismenn hafa notið mikillar eftirspurnar innanlands og hagstæðrar þróunar varðandi útflutning til Þýskalands, mikilvægasta viðskiptavinarins, og nágrannaríkja í austri. Hlutur verslunar, banka, opinberrar þjónustu, einkaþjónustu og samgangna í vergri innanlandsframleiðslu er 61,3%; hlutur námuvinnslu, orkuframleiðslu og byggingariðnaðar 36,2% og landbúnaðar 2,5%. Verðlag hefur hækkað um 4,1%, sem er vel undir OECD-Evrópumeðaltali (6,8%). Ástandið á vinnumarkaðinum er tiltölulega gott og atvinnuleysi aðeins 3,6%. Aðgerðir stjórnvalda gegn atvinnuleysi ungs fólks hafa vakið athygli samstarfsþjóða Austurríkis innan EFTA.

Austurríki býr við óhagstæðan vöruviðskiptajöfnuð. Árið 1992 fluttu þeir út vörur fyrir 487,6 milljarða skildinga, en inn vörur fyrir 593,9 milljarða skildinga. Stærstur hluti innflutnings til Austurríkis kemur frá ESB-löndum (68%). Frá EFTA-löndum koma 7%, 17% frá Austur-Evrópu og 18% frá öðrum. Svipuðu máli gegnir um útflutning: 66% til ESB, 9% til EFTA, 12% til Austur-Evrópu og 13% til annarra. Mikilvægi viðskiptanna við Austur-Evrópu vekur athygli.

Árið 1992 fluttu Íslendingar vörur út til Austurríkis fyrir 40 milljónir kr. Á tímabilinu jan.-nóv. 1993 nam útflutningur 81 milljón kr., sem er umtalsverð aukning. Vöruviðskiptajöfnuðurinn við Austurríki er hins vegar óhagstæður. Árið 1992 fluttu Íslendingar vörur inn frá Austurríki fyrir 650 miljónir kr. og á tímabilinu jan.-nóv. 1993 fyrir 690 miljónir kr. Til Austurríkis flytja Íslendingar aðallega kísilgúr, hross, loðsútuð skinn, lax og silung, lagmeti og sjávarafurðir, s.s. blautverkaðan saltfisk, fryst karfaflök, saltfiskflök og rækju, söltuð grásleppuhrogn og lítilsháttar af prjónavörum.

Árið 1993 komu 3.102 austurrískir ferðamenn til Íslands, lítillega færri en árið áður. Austurríska ferðaskrifstofur, sérhæfðar í Íslandsferðum hafa einnig selt Íslandsferðir á Þýskalandsmarkað.

Sviss.

Árið 1992 bjuggu Svisslendingar við 0,6% samdrátt í efnahagslífinu. Iðnaðarframleiðsla þeirra dróst saman um 0,8%. Í Sviss ganga 82 þúsund menn atvinnulausir.

Árið 1992 voru fluttar út vörur til Sviss fyrir 2.227 miljónir kr. og á tímabilinu jan.-nóv. 1993 fyrir 3.162 miljónir kr., sem er töluverð aukning. Vöruviðskiptajöfnuðurinn er hagstæður og fluttu Íslendingar inn frá Sviss vörur fyrir 1.460 miljónir kr. og á tímabilinu jan.-nóv. 1993 fyrir 1.464 miljónir kr. Ál og álpönnur eru helsta útflutningsvara Íslendinga til Sviss. Einnig má nefna steypuvikur, hross, loðsútuð skinn, ullarvörur, lax, silung, og sjávarafurðir, þ.e. kæld og ísvarin fiskflök, heilfrystan fisk, fryst þorskflök, ufsaflök, karfaflök og humar.

Æðardúnn hefur verið útflutningsvara til Sviss, en nú er svo komið að markaðurinn fyrir æðardún hefur dregist verulega saman, að því er virðist vegna efnahagsþróunar og erfiðleika við markaðssetningu. Æðardúnsbændur á Íslandi huga nú að öflugu markaðsátaki í Sviss.

Árið 1993 komu 5.191 svissneskir ferðamenn til Íslands og hafði þeim fækkað um 11.3% miðað við árið áður. Fækkun ferðamanna frá Alpalöndunum má hugsanlega rekja til þess að ekki eru beinar, reglulegar flugsamgöngur þaðan til Íslands árið um kring. Markaði þessum er þjónað frá skrifstofu Ferðamálaráðsins í Frankfurt. Á Alpasvæðinu býr velmegandi fólk og áhugasamt um Ísland og er athugunar virði hvort ekki sé hægt að efla markaðsstarf á þessum slóðum.

Liechtenstein.

Um íslenska viðskiptamöguleika í Liechtenstein gilda svipuð lögmál og um önnur Alpasvæði. Íbúar landsins eru vel efnum búnir og þangað koma margir ferðamenn með mikla kaupgetu. Eflaust eru í Liechtenstein möguleikar á því að selja vandaðar íslenskar afurðir, til dæmis lax og eðalfisk, bæði til sérverslana og veitingahúsa. Með flugi Flugleiða til Zürich hafa ef til vill opnast betri möguleikar fyrir slíkan útflutning.

Finnland.

Í Finnlandi hefur efnahagslægð undanfarinna þriggja ára verið mun dýpri og alvarlegri en í nágrannaríkjunum í vestri. Efnahagserfiðleikar Finna stafa fyrst og fremst af því að hafa á skömmum tíma og á ófyrirséðan hátt misst fjórðung af utanríkisviðskiptum sínum eftir

upplausn Sovétríkjanna. Ekki bætti samdráttur í bankakerfinu um svipað leyti úr skák. Stjórnvaldsaðgerðir til bjargar finnska bankakerfinu hafa fram að þessu kostað finnska skattborgara 59 milljarða SEK. Til samanburðar má geta þess að Finnar greiddu Sovétmönnum andvirði 16 milljarða SEK, á núvirði, í stríðsskaðabætur eftir síðari heimsstyrjöldina. Finnska markið hefur nú flotið í hátt á þriðja ár. Gengisfelling leiddi af sér mikla útflutningsaukningu, og samdrátt í innflutningi og almennri neyslu. Nú eru teikn á lofti í finnskum efnahagsmálum er benda til þess að botninum sé náð og er því spáð að hagvöxtur taki hressilega við sér á þessu ári. Sjást þess þegar nokkur merki. Mikil umsýsla hefur verið í kauphöllinni í Helsinki frá áramótum og er því spáð að hún verði á meðal þeirra kauphalla er mest auka viðskipti sín á árinu.

Atvinnuleysi er verulegt, eða um 20 prósent. Alvarlegast er atvinnuleysi á meðal ungs fólks. Enn er ekkert sem bendir til að takist að draga úr atvinnuleysi svo nokkru nemi. Í Finnlandi styður nú meirihluti íbúa aðild að Evrópubandalaginu. Með aðild vonast Finnar eftir auknum efnahagsbata og fjölbreyttari tækifærum. Öryggismálaþáttur skiptir einnig miklu um afstöðu Finna. Kreppan hefur leitt af sér endurmat á rekstri fyrirtækja og opinberra stofnana. Mikið atvinnuleysi er meðal annars afleiðing þess. Á móti kemur að rekstrargrundvöllur hefur batnað og útflutningur hefur staðið í blóma. Mest hefur útflutningsaukning orðið til Asíuríkja. Þýskaland er sem fyrr helsta viðskiptalandið og er viðskiptajöfnuður sem stendur Finnlandi í vil, en í öðru sæti er Svíþjóð.

Svíþjóð.

Nú er ljóst að rúmlega þriggja ára efnahagssamdrætti í Svíþjóð er lokið og fer hagvöxtur vaxandi á ný. Á þessu ári er spáð 2,5 prósent hagvexti og 3 prósenta hagvexti á því næsta. Frá því gengi að sænsku krónunnar var látið fljóta í nóvember 1992 féll krónan um allt að 23 prósentum gagnvart ECU. Gengisþróun leiddi af sér gífurlega útflutningsaukningu sænskra afurða. Jafnframt hefur dregið úr innflutningi. Á sama tíma hafa fyrirtæki og stofnanir í atvinnulífi og opinberri stjórnsýslu beitt auknu innra aðhaldi til að bæta rekstur sinn. Auknar aðhaldsaðgerðir ásamt útflutningsaukningu hafa bætt rekstrarafkomu fyrirtækja og aukið framleiðni. Á síðustu vikum hafa komið fram teikn um aukna fjárfestingu og verðbréfaviðskipti eru með miklum blóma. Frá áramótum hefur kauphöllin í Stokkhólmi sett hvert umsýslumetið á fætur öðru. Þrátt fyrir mikið gengishrap gjaldmiðilsins hefur verðbólga ekki látið á sér kræla. Aukin verðbólga verður ríkisstjórninni

þó áhyggjuefni ef gagnaðgerðir hennar ná ekki fram að ganga. Frá áramótum hefur gengi krónunnar farið ögn hækkandi og bendir flest til að sú þróun haldi áfram. Þrátt fyrir merki um bættan efnahag virðist sem ekki muni takast að draga úr atvinnuleysi sem nú er komið upp undir 9 prósent. Í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, sem lagt var fram 10. janúar er lögð áhersla á að skapa fleiri starfstækifæri og að ná fram enn frekari niðurskurði í opinbera geiranum, einkum í velferðarkerfinu án þess að það komi niður á gæðum þess. Barist er gegn margs konar sjálfvirkni í útgjaldaliðum. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir umtalsverðri minnkun fjárlagahallans, eða um 45 milljarða SEK, niður í 170 milljarða SEK. Gert er ráð fyrir að lánsfjárþörf ríkisins minnki um 50 milljarða SEK og nemi á fjárlagaárinu 220 milljörðum SEK.

Noregur.

Efnahagur Norðmanna hefur verið í nokkurri lægð á undanförnum árum en undir lok ársins 1993 sáust merki um efnahagsbata. Varð hagvöxtur 1,8% og er spáð 1,3% hagvexti árið 1994. Það hefur ekki síst örvað hagvöxt að vextir hafa lækkað ört að undanförnu sem aukið hefur neyslu og fjárfestingar og örvað utanríkisverslunina. Benda spár til þess að utanríkisverslunin, bæði inn- og útflutningur, muni aukast um rúmlega 4-4,5% árið 1994 samanborið við 0,5% aukningu 1993. Þá má brátt gera ráð fyrir að áhrifa EES-samningsins gæti í efnahagslífinu, en þess hefur orðið vart að fyrirtæki haldi að sér höndum þar til eftir gildistöku hans.

Við alþjóðlegan samanburð vekur það fyrst athygli hversu gífurlega hagstæður vöruskiptajöfnuðurinn í viðskiptum Noregs við útlönd er. Á s.l. ári var vöruviðskiptajöfnuðurinn hagstæður um 26 milljarða NOK og gert er ráð fyrir enn meiri afgangi á viðskiptum við útlönd árið 1994, eða 36 milljörðum NOK. Má geta þess að um þriðjungur af útflutningsverðmæti Norðmanna er olía og gas, að verðmæti um 110-115 milljarðar NOK í fyrra samkvæmt spám fyrir árið í ár. Annað sem vekur athygli í norskum þjóðarbúskap er hversu erlendar skuldir Norðmanna eru lágar. Námu nettó skuldir í árslok 1992 um 60 milljörðum NOK, 43 milljörðum NOK 1993 og í lok þess árs er gert ráð fyrir að erlendar skuldir Norðmanna verði aðeins 6 milljarðar NOK, eða 0,8% af áætlaðri landsframleiðslu þessa árs.

Gagnrýnendur efnahagsstefnu stjórnvalda benda hins vegar einkum á tvö atriði sem betur megi fara í stjórn efnahagsmála. Í fyrsta lagi er atvinnuleysið áhyggjuefni en það var

um 6% í fyrra og því er spáð að það verði óbreytt árið 1994. Stjórnvöld hafa hins vegar bent á að atvinnuleysið sé minna en í nágrannalöndunum og að tekist hafi að koma í veg fyrir að atvinnuleysið yrði enn meira. Annað sem gagnrýnt hefur verið af stjórnarandstöðunni og öðrum varðandi efnahagsstefnuna er fjárlagahallinn. Samkvæmt bráðabirgðatölum ársins 1993 verður fjárlagahallinn um 6.3% af landsframleiðslu en talið er að hann muni lækka í 5,6% 1994.

Af öðrum þáttum efnahagsstarfseminnar má nefna að verðbólga er með því lægsta sem gerist í Evrópu. Var verðbólgan 2.3% 1993 og því er spáð að hún verði aðeins 1,5% á þessu ári.

Erfitt er að segja til um hvaða áhrif þróun efnahags- og viðskiptamála í Noregi hafi á þróun þeirra mála á Íslandi. Slík áhrif er eðlilegra að setja í stærra alþjóðlegt samhengi og í þeim efnum munu bæði Ísland og Noregur, hvort í sínu lagi og í viðskiptum sín á milli, m.a. njóta þess ávinnings sem vænst er í kjölfar gildistöku EES-samningsins og Úrúgvæ-samning GATT.

III. i. b. Grænland og Færeyjar.

Grænland.

Grænlendingar hafa nú búið við heimastjórn síðan 1979. Síðan þá hafa þeir tekið í sínar hendur stjórn allra mála, nema utanríkis-, varnar- og dómsmál. Grænlenskt samfélag hefur á örfáum áratugum breyst úr dreifðum og afskekktum veiðimannabyggðum í nútíma fiskveiðisamfélag, með bættum lífskjörum um 56 þúsund íbúa landsins. Grænlendingar hafa þó á síðustu árum gert sér ljóst að einhæft atvinnulíf, sem byggir eingöngu á fiskveiðum og fiskiðnaði, stendur ekki alfarið undir atvinnu og tekjum landsmanna. Grænlensk stjórnvöld hafa því markvisst unnið að því að renna fleiri stoðum undir atvinnulífið m.a. með könnun á vinnslu jarðefna, aukinni iðnaðaruppbyggingu og ferðamennsku. Jafnframt gera grænlensk stjórnvöld sér grein fyrir því að eigið atvinnulíf og styrkir frá Danmörku geta ekki staðið undir þeirri öru efnahagsþróun sem Grænlendingum er lífsnauðsynleg og þeir hafa því hvatt til aukinnar samvinnu og samstarfs við erlend fyrirtæki til að hraða atvinnuuppbyggingunni í landinu.

Grænlenskt efnahagslíf er fyrst og fremst háð þróuninni í sjávarútvegi og styrkjum frá Danmörku sem námu 2,3 milljörðum DKK 1992. Árið 1991 voru tekjur landsins af

útflutningi sjávarafurða 2,8 milljarðar DKK og höfðu þá lækkað frá 1984 um u.þ.b. þriðjung. Útflutningstekjurnar lækkuðu einnig verulega 1990 þegar Marmorilik námunni var lokað. Frá 1989 hafa þjóðartekjur Grænlands þannig lækkað um 13%. Þrátt fyrir lækkandi þjóðartekjur er þjóðarframleiðsla á íbúa há eða 161 þúsund DKK á móti 154 þúsund DKK í Danmörku 1991. Árið 1992 voru skuldir grænlensku heimastjórnarinnar DKK 1,760 milljónir eða 20% af þjóðartekjunum. Á sama tíma var viðskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 700 milljónir DKK.

Atvinnuleysi jókst úr 5.5% 1990 í 8,0% 1992 og brottfluttir umfram aðflutta hafa verið 1000 á ári. Gjaldþrotum hefur fjölgað, frá því að vera 5-10 á áttunda áratugnum í 36 árið 1991 og 37 árið 1992. Verðbólga hefur verið lág eða um 1%.

Sjávarfang er í dag um 95% af öllum útflutningi Grænlands og 25% vinnuaflsins hefur atvinnu sína af sjávarútvegi. Samanlagður afli Grænlendinga var 222,5 þúsund tonn 1988, en hafði minnkað í 147,3 þúsund tonn 1991 og 135,1 þúsund tonn 1992. Aflinn hefur því dregist saman um 8% milli áranna 1991 og 1992 og tæp 40% frá 1988. Tekjur af sjávarafla hafa einnig minnkað um 8% frá 1991 til 1992. Minnkandi þorskveiðiafli Grænlendinga vegur þar þyngst en hann hefur minnkað úr 87 þúsund tonnum 1989 í rúm 10 þúsund tonn 1992.

Rækjustofninn við Vestur-Grænland virðist hins vegar vera stöðugur og árið 1993 var rækjukvótinn við Vestur-Grænland 50 þúsund tonn og 5 þúsund tonn við Austur-Grænland. Verð hefur þó farið lækkandi, sem hefur haft neikvæð áhrif á grænlenskt efnahagslíf, þar sem rækjur eru í dag um 80% útflutnings grænlenskra sjávarafurða.

Þó ekki blási byrlega um þessar mundir í grænlensku efnahagslífi má að lokum geta þess, að góðar horfur eru á verulegri aukningu í framleiðslu og sölu grænlenskra skinna auk þess sem Grænlendingar hafa verulegar tekjur af sölu frímerkja.

Færeyjar.

Síðan Færeyingar fengu heimastjórn 1948 hafa þeir tekið stjórn nær allra mála í sínar hendur, nú síðast landgrunnsmálin, nema peninga-, dóms- og utanríkismál.

Haustið 1992 fóru fyrst að berast fregnir af alvarlegu efnahagsástandi í Færeyjum. Horfurnar hafa síst batnað síðan þá hjá hinum 46 þúsund Færeyingum sem búa eyjarnar átján.

Færeyskt efnahagslíf byggir svo til eingöngu á sjávarútvegi, þar sem 95% útflutningsins eru sjávarafurðir. Verulegar breytingar á afla og tekjumöguleikum sjávarútvegsins hafa því gífurleg áhrif út um allt þjóðfélagið. Lífsskilyrðin í Færeyjum bötnuðu verulega á áttunda áratugnum og einkum hinum níunda og í lok hans voru lífsskilyrði

Færeyinga orðin þau sömu og í Danmörku. Með lánsfé og styrkjum frá Danmörku var fjárfest í vegum, höfnum, göngum, ferjum, fiskiskipum og frystihúsum. Tímarnir voru breyttir því árið 1970 voru Færeyingar skuldlausir í útlöndum. Þessi hraða uppbygging fór fram í nánu samstarfi færeyskra og danskra stjórnvalda, þó ljóst mætti vera, einkum eftir 1977, að færeyskur sjávarútvegur gæti ekki einn staðið undir þessum miklu fjárfestingum, enn síður þegar sjávarafli hinna verðmætari tegunda, svo sem þorsks og ýsu, minnkaði verulega. Þannig veiddust um 40 þúsund tonn af þorski á færeyska landgrunninu um miðjan níunda áratuginn en aðeins 6800 tonn árið 1992. Ýsuaflinn minnkaði á sama tíma úr 12-15 þúsund tonnum í 5 þúsund tonn. Heildarafli færeyskra fiskiskipa var um 250 þúsund tonn árið 1992, sem er um 20 þúsund tonnum meira en árið áður. Verðmæti aflans 1992 var hins vegar mun minni en árið áður.

Fjárfestingargleði, minnkandi sjávarafli hinna verðmætari botnfiskstegunda ásamt lækkandi verði, eru taldar vera meginorsakir hinnar færeysku efnahagskreppu. Efnahagskreppan í Færeyjum á sér engin fordæmi í Vestur-Evrópu á síðari áratugum. Á síðustu fimm árum hefur þjóðarframleiðslan minnkaði um 25% og innlend eftirspurn dregist saman um helming. Verðmæti útflutningsafurða dróst einnig saman um 10% árið 1992.

Skuldir færeyska landssjóðsins eiga enn eftir að aukast en horfur eru á hagstæðum greiðslujöfnuði í ár og vonir standa til að þannig verði hægt að greiða niður skuldir landsins. Skuldir færeyska þjóðarbúsins voru 1992 að upphæð 7,8 milljarðar DKK eða 141% af þjóðarframleiðslunni.

Efnahagsástandið hefur leitt til þess að búsettum Færeyingum hefur fækkað síðustu ár vegna fólksflótta úr landi, sem nam um 1000 einstaklingum árlega frá 1990 til 1992. Á síðasta ári fór svo fólksflóttinn frá Færeyjum enn vaxandi og þá er talið að brottfluttir umfram aðflutta hafi verið 1500 til 2000 manns. Atvinnuleysið í Færeyjum á síðasta ári var í kringum 20%.

Ekkert lát varð því á kreppunni í færeysku efnahagslífi á síðastliðnu ári þegar þjóðarframleiðslan minnkaði um 10% og 35-40% verðfall varð á þorski frá desember 1992 til júní 1993. Þetta leiddi til þess að dönsk stjórnvöld og danskir bankar neyddust ítrekað til þess að hlaupa undir bagga með bönkum í Færeyjum og færeyska landssjóðnum með lánum og styrkjum til þess að forða gjaldþroti tveggja stærstu banka landsins svo og þjóðarinnar sjálfrar. Árlegt framlag danskra stjórnvald til Færeyja hefur vaxið úr 950 milljónum DKK árið 1989 í 1.044 milljónir DKK 1993 eða um 2-2,5% árlega.

Horfurnar í færeysku efnahagslífi eru því ekki góðar og ekki er von til þess að úr rætist fyrr en ástand fiskistofnanna umhverfis eyjarnar batnar. Ákveðnar væntingar hafa verið uppi um að olíu sé að finna á færeyska landgrunninu en þær vonir gagnast Færeyingum lítið nú. Færeyingum ber því brýna nauðsyn til að laga sig að nýjum og breyttum efnahagsaðstæðum sem því miður eru ekki líkur á að eigi eftir að breytast til batnaðar í allra nánustu framtíð.

III. i. c. Evrópusambandsríki.

Danmörk.

Efnahagslegur stöðugleiki hefur einkennt danskt þjóðlíf um mörg undanfarin ár. Engin teikn eru á lofti um að veruleg breyting verði þar á, þó hrun evrópska gjaldeyrissamvinnukerfisins (ERM) í ágúst 1993 hafi aukið óvissuna í danskri peningamálapólitík. Sig dönsku krónunnar á síðasta ári bætti þó samkeppnishæfni dansks atvinnulífs, einkum eftir óróann á gjaldeyrismörkuðunum haustið 1992.

Hagvöxtur var þó enginn í Danmörku 1993, en búist er við 2,5% hagvexti í ár og 2% 1995, einkum ef vextir halda áfram að lækka. Ekki er þó gert ráð fyrir að lækkandi vextir og aukinn útflutningur fari að hafa jákvæð áhrif á hagvöxt fyrr en á síðari hluta ársins.

Myndun innri markaðar Evrópusambandsins og afnám tollskjala gerir allt mat um útflutningshorfur erfiðara. Vöru- og þjónustuútflutningur féll þó um 5% á síðasta ári, einkum vegna lítils hagvaxtar í helstu útflutningslöndum Danmerkur, en gert er ráð fyrir 2,5-3.0% aukningu í útflutningi í ár og 3,5-4,0% 1995. Eftirspurn eftir dönskum iðnaðarvörum féll einnig í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2. júní 1992, þegar danskir kjósendur höfnuðu Maastricht-samningnum. Árið 1992, fór um 54,3% af öllum dönskum útflutningi til landa Evrópusambandsins, en 21% til EFTA-landanna. Í ár verður um 165 millj. DKK veitt til stuðnings dönskum útflutningi.

Einkaneyslan jókst aðeins um 10% 1993, en gert er ráð fyrir 3,4% aukningu í ár og 3,8% aukningu 1995, m.a. vegna lægri tekjuskatta. Einkaneyslan hefur m.a. minnkað vegna aukins atvinnuleysis, sem í dag er eitt alvarlegasta vandamál danskra stjórn- og efnahagsmála. Atvinnuleysið var 1992 um 10,4% en á síðasta ári um 12,1%, sem þýðir að um 350 þús. manns hafi verið atvinnulausir. Þess er vænst að í ár minnki atvinnuleysið aðeins, þ.e. niður í 11,9% eða 335 þús. atvinnuleysingja.

Í ár mun hallinn á dönsku fjárlögunum verða um 5% af vergri þjóðarframleiðslu. Greiðslujöfnuðurinn var í fyrra jákvæður um 28 milljarða DKK og spáð er álíka hagstæðum greiðslujöfnuði í ár. Hinn óvenjulega hagstæði greiðslujöfnuður hefur gert dönskum stjórnvöldum kleift að greiða niður erlendar skuldir, sem nú nema um 20% af vergri þjóðarframleiðslu miðað við 40% árið 1988. Verðbólga hefur einnig farið lækkandi í Danmörku og nam um 1,5% á síðasta ári, en í ár er spáð 2,5% verðbólgu. Þegar til lengri tíma er litið er því margt sem bendir til styrkrar stöðu dansks efnahagslífs á næstu árum og aukinnar tiltrúar á dönsku krónuna.

Bretland.

Eftir um 3% árlegan hagvöxt í Bretlandi á árunum 1981 til 1989 kom harður afturkippur og stöðnun og landsframleiðslan dróst saman um 0,4% á árinu 1992. Árið 1993 var uppörvandi og spá Evrópusambandsins er, að í löndum sambandsins verði hagvöxtur mestur í Bretlandi á árunum 1993 og 1994. Meðal ástæðna fyrir hægum bata er, að tekist hefur að lækka verðbólgu, og mælist hún nú um 3,25% á mælikvarða framfærsluvísitölu. Grunnvextir eru nú lægri, eða 5,5%, og hafa lækkað frá því í október 1990. Þess ber þó að geta, að lánsfjárþörf hins opinbera er mjög há. Þannig tóku Bretar um 50 milljarða sterlingspunda að láni á s.l. ári, en útlit er fyrir að takast megi á þessu ári að minnka hallarekstur og skuldasöfnun hins opinbera með niðurskurði til helstu útgjaldaflokka og hækkun skatta.

Helstu vísbendingar um efnahagsbata er aukning í iðnaðarframleiðslu, aukning í smásöluverslun, bílasölu og fasteignaviðskiptum og að útflutningur hefur aukist. Gert er ráð fyrir að á þessu ári vaxi útflutningur um 5,75% og innflutningur um 5,25%. Talið er að landsframleiðsla aukist á þessu ári um 2,5%.

Þótt framvinda efnahagsmála muni því verða hagstæðari fyrir Breta en undanfarin 3-4 ár, verður að ætla að eftirspurn eftir neysluvörum, s.s. fiski, taki hægt við sér hvað okkur Íslendinga snertir. Koma þar til athugunar breyttar neysluvenjur og aukið framboð annars staðar frá. Breskur almenningur fer minna út að borða en áður vegna kostnaðar því samfara, en kaupir í staðinn meira en áður af tilbúnum mat. Sala hjá Icelandic Freezing Plants Ltd. hefur þannig aukist, en fyrirtækið hefur á undanförnum árum gert mikið markaðssátak í sölu nýrra, tilbúinna fiskrétta. Á sama tíma hefur neysla á venjulegum fiskréttum dregist saman (cod and chips) og hefur innflutningur okkar á ísuðum fiski farið úr 66 þúsund tonnum 1989

í rúm 24 þúsund tonn 1993. Allur innflutningur okkar á fiski það ár var 31 þúsund tonn.

Hér gætir einnig mjög hins mikla framboðs frá Barentshafi og Norðursjó, þar sem aflaheimildir voru mjög auknar fyrir bolfisk á þessu miðum.

Horfur fyrir Íslendinga eru því betri hvað snertir tilbúinn fisk í Bretlandi, en lakari fyrir ferska fiskinn.

Írland.

Mesti hagvöxturinn í Evrópusambandinu árið 1992 var á Írlandi. Ástæðan fyrir þessum vexti var gífurleg aukning útflutnings úr hátækniiðnaði sem að mestum hluta er í eigu útlendinga. Atvinnuleysið, mesta böl Íranna, dróst ekki saman þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun þar sem stöðnun ríkir í mannaflafrekari atvinnugreinum.

Útflutningsaukningin var minni árið 1993 en ráðstöfunartekjur heimilanna jukust um tæp 3 prósent milli áranna 1993 og 1994.

Halli á ríkisrekstri á síðasta ári er að mestu skýrður vegna fjármagns sem ríkið dældi í flugfélag Írlands sem rekið er með miklum halla. Að mati sérfræðinga OECD er nauðsynlegt að Írar endurskoði stefnu sína í ríkisafskiptum af iðnaði.

Í kjölfar hagvaxtar fylgdi aukin neysla vegna hækkandi tekna. Þá dróst verðbólga töluvert saman og var á síðasta ári um 3 prósent. Atvinnuleysi var um 17 af hundraði, en Írar ásamt Spánverjar eiga við mesta atvinnuleysi ESB-ríkja að glíma og er ekkert útlit til þess að atvinnuástandið á Írlandi batni á næstu árum ef marka má spár OECD, hins vegar telja sérfræðingar að það muni ekki vaxa frekar næstu árin heldur staðna. Atvinnuleysi á Írlandi tengist mjög atvinnuleysi á Bretlandi þar sem Írar hafa ætíð leitað þangað þegar atvinnuleysi hefur herjað heima fyrir. Eftir að atvinnuástandið á Bretlandi versnaði til muna um 1990 snéru margir Írar heim og juku enn á atvinnuleysið þar.

Að öðru leyti er ástand mála í efnahag Íra nokkuð gott miðað við það ástand sem ríkt hefur annars staðar í álfunni. Búist er við því að þjóðarframleiðsla aukist að meðaltali um rúm 3 prósent á ári næstu árin, skýrist þessi vöxtur af góðu ástandi efnahagsmála innanlands fremur en ytri aðstæðum, þó njóta Írar góðs af fjárframlögum ESB til jöfnunar lífskjara í sambandinu.

Aðalviðskiptaland Írlands er Bretland, um 40 af hundraði innflutnings kemur þaðan og rúm 30 af hundraði útflutnings Íra fer til Bretlands. Bandaríkjamenn, Frakkar og Þjóðverjar eru einnig mikilvægar viðskiptaþjóðir Íra. Innflutningur er aðallega olía og

olíuvörur, vélar og samgöngutæki. Útflutningur Íra er að stærstum hluta hátæknivörur, efni úr efnaiðnaði, nautakjöt og mjólkurvörur.

Útflutningur frá Íslandi til Írlands er hverfandi. Rúmlega helmingur útflutnings Íslands þangað er fiskimjöl en í heild nemur útflutningurinn ekki nema um 0,01 prósent af heildarútflutningi Íslands. Innflutningur er meiri þótt hann nemi ekki nema um rúmt hálft prósent af heildarinnflutningi Íslands. Innflutningur frá Írlandi er m.a. matvara, fatnaður, vélar og tæki.

Frakkland.

Efnahagsþróunin í Frakklandi undanfarin 3 ár hefur einkennst af litlum hagvexti og miklu atvinnuleysi. Árin 1991 og 1992 var hagvöxtur kringum 1%, en árið 1993 seig enn á ógæfuhlið og hefur orðið samdráttur á fyrri helmingi ársins. Sumir telja að nú hafi botninum verið náð því að örlítill bati varð á síðari hluta ársins 1993. Aðrir benda á að samdráttur sé enn í framleiðslu flestra iðnaðarvara, sérstaklega í bílaiðnaðinum og neysla dregist saman, t.d. hefur eftirspurn eftir bílum dregist saman um nálægt 18% á árinu 1993. Þá heldur fjárfesting áfram að dragast saman.

Hið alvarlega ástand atvinnumála er meginviðfangsefni franskra stjórnvalda um þessar mundir. Er fátt sem bendir til að ástandið lagist árið 1994. Atvinnuleysi er nú talið vera um 12% og stöðugt berast fréttir af uppsögnum fólks í flestum atvinnugreinum. Er jafnvel talið að það haldi áfram að aukast og verði 12,5-13% á þessu ári. Gjaldþrotum fyrirtækja hefur fjölgað mikið og voru 62.000 fyrirtæki lýst gjaldþrota síðustu 12 mánuði. Ríkisstjórnin hefur gripið til ýmissa aðgerða til að reyna að stemma stigu við þessu alvarlega ástandi. Nýlega var tilkynnt um ýmsar aðgerðir til að örva fjárfestingu með útvegun fjár til byggingarstarfsemi og eflingu iðnaðar. Þá hefur verið rætt um styttingu vinnuviku og lækkun eftirlaunaaldurs í því skyni að auka atvinnumöguleika ungs fólks. Ríkisstjórnin hefur þó ekki viljað breyta stefnu sinni í peningamálum t.d. með vaxtalækkun af ótta við að það kynni að hafa slæm áhrif á gengi franska frankans.

Þetta ástand í atvinnumálum hefur haft mikil áhrif á eftirspurn í þjóðfélaginu og þar með utanríkisviðskiptin. Innflutningur hefur dregist verulega saman og sama á við um útflutning þó samdráttur þar sé ekki eins mikill og í innflutningnum. Vöruskiptajöfnuðurinn árið 1993 verður hagstæður og sama er að segja um viðskiptajöfnuðinn í heild. Hins vegar hefur útflutningur til annarra ESB-ríkja dregist saman um 10%, en aukist til annarra markaða

svo sem Asíu. Innflutningur hefur meira fylgt hefðbundnu mynstri.

Ef litið er á viðskipti Íslands og Frakklands þá hefur útflutningur okkar dregist saman árið 1993 og nam að verðmæti 7,8 milljörðum króna. Er þetta 8,2% af heildarútflutningi árið 1993 og er Frakkland nú yfirleitt í 4.-5. sæti hvað útflutningsmarkaði okkar varðar. Innflutningur frá Frakklandi var að verðmæti 3,1 milljarður króna, þannig að vöruskiptajöfnuður er okkur mjög hagstæður. Þessi samdráttur í útflutningi endurspeglar að nokkru erfiða stöðu efnahagsmálanna og almennt minnkandi eftirspurn. Fiskneysla á mann í Frakklandi er með því mesta sem þekkist í Evrópu. Ætti það að tryggja að markaðir fyrir íslenskan fisk haldist áfram góðir. Það þarf hins vegar að hafa mikið fyrir markaðsstarfseminni um þessar mundir auk þess sem franskir sjómenn hafa haft í frammi ýmsar aðgerðir til að torvelda innflutning á fiski. Vilja þeir kenna innflutningi á ódýrum fiski um lágt verð á fiskmörkuðum og versnandi kjör sín. Ríkisstjórnin hefur heitið sjómönnum stuðningi í formi ýmissa aðgerða sem fela í sér þreföldun ríkisaðstoðar til sjávarútvegs, en þrátt fyrir það er ekki enn séð fyrir endann á þessum aðgerðum sjómanna. Með óeirðum sínum fengu sjómenn því fyrst framgengt að lágmarksverð var hækkað og síðan að innflutningur var stöðvaður. Með vísan til EES-samningsins var innflutningsbanni stjórnvalda aflétt en ótti við hefndaraðgerðir sjómanna og misbeiting heilbrigðiseftirlits torveldar enn öll viðskipti. Samningur um Evrópska efnahagssvæðið mun þegar á líður hafa jákvæð áhrif á viðskiptin t.d. varðandi sölu á saltfiski, saltfiskflökum og ýmsum fiskréttum. Má búast við greiðari aðgangi að mörkuðum og hærra verði fyrir vöruna.

Þýskaland.

Þjóðverjar eru í upphafi ársins 1994 vonbetri um efnahagsbata en síðustu misseri, enda þótt nokkrir erfiðleikar hafi verið í þýsku efnahagslífi síðustu ár, eins og víðast hvar í Evrópu. Ýmis jákvæð teikn eru á lofti og má nefna lok Úrúgvæ-lotu GATT-viðræðnanna, ákvörðun um staðsetningu undanfara evrópska seðlabankans í Frankfurt a.M., markvissar tilraunir með öflugum stuðningi stjórnvalda til að hasla sér völl á nýjum og vaxandi mörkuðum í Austurlöndum fjær og stórt skref í samrunaþróun í Evrópu með gildistöku Maastrichtsamningsins. Í þessu sambandi má einnig nefna gildistöku EES-samningsins, sem tengir Ísland við evrópska samrunaferlið.

Nýlega birti þýska stjórnin árlega efnahagsskýrslu sína. Í henni er gert ráð fyrir nokkrum bata 1994; 1,5% hagvexti og auknum fjárfestingum, sérstaklega í austurhluta

landsins. Ekki er búist við því, að kaupgeta og neysla almennings skerðist að ráði, aðeins 0-1%.

Þýskaland var annar helsti viðtakandi íslenskrar útflutningsvöru 1992 og var verðmæti hennar 10.940 milljónir kr. Á tímabilinu jan.-nóv. 1993 seldu Íslendingar vörur fyrir 9.231 milljónir kr. til landsins.

Minnkandi kaupgeta almennings ætti ekki að ógna markaði fyrir íslenskan fisk, enda fer hlutur fiskjar í daglegri neyslu sífellt vaxandi og er búist við að núverandi hlutur (1993) 14 kg. á mann verði orðinn 20 kg. um aldamót. Árið 1992 þurftu Þjóðverjar að flytja inn 81% þess fiskjar, sem neytt var í landinu og voru Íslendingar árið 1991 fjórðu stærstu innflytjendur með 9%.

Einn helsti vaxtarbroddur í efnahagslífinu er byggingaiðnaður í austurhluta landsins. Á þetta ekki síst við um smærri og meðalstór verk, t.d. íbúðabyggingar og gatnagerð, sem vel eru á færi íslenskra byggingaaðila. Mikil þörf er á nýjum íbúðum, 2-2,5 milljón í vesturhluta landsins og einni milljón í austurhlutanum. Gert er ráð fyrir að uppgangur haldist í byggingaiðnaði næstu árin.

Þótt ýmsir íslenskir aðilar hafi kynnt sér möguleika til athafnasemi í hinum nýju sambandslöndum, hefur verið lítið um íslensk umsvif þar, ef frá eru talin kaup Útgerðarfélags Akureyrar í Mecklenburger Hochseefischerei GmbH, sem hefur 250 manns í vinnu. Full ástæða er fyrir íslenska aðila að kanna frekar viðskiptamöguleika, t.d. í sambandi við matvælaframleiðslu og -vinnslu, í nýju sambandslöndunum, með tilliti til nálægðar við hin velmegandi svæði í Suður-Þýskalandi og Alpalöndin, og sívaxandi kaupgetu almennings í hinum nýfrjálsu löndum Mið-Evrópu.

Þýskir stjórnmála- og athafnamenn leggja nú mikla áherslu á styrkingu útflutningsins, enda eru 22% efnahagslífsins háð útflutningi, sem er miklum mun meira en hjá helstu samkeppnislöndunum, Bandaríkjunum og Japan. Ríkisstjórnin, undir forystu Helmuts Kohls kanslara, hefur beitt sér fyrir markaðssókn í Austurlöndum fjær og aðstoðar þýsk fyrirtæki við að fá samninga um verk og vörukaup í Kína og víðar. Í því sambandi gegnir þróunaraðstoð Þjóðverja miklu hlutverki. Þá hefur Klaus Kinkel utanríkisráðherra gert aðstoð við utanríkisviðskipti að einu af forgangsverkefnum þýsku utanríkisþjónustunnar.

Umhverfismál hafa gegnt miklu hlutverki í stjórnmálum í Þýskalandi síðastliðin ár og má fullyrða, að Þjóðverjar séu lengst komnir Evrópuþjóða í umhverfisvernd, svo langt að háværar raddir eru uppi á meðal stjórnenda fyrirtækja um að álögur vegna umhverfisverndar

séu orðnar svo miklar að skaðað geti samkeppnishæfni þýskrar iðnaðarvöru. Stjórnvöld vilja þó ekki hægja á ferðinni í umhverfisvernd, enda mikið verk óunnið við hreinsun umhverfisins í austurhluta landsins. Þau benda á að umhverfismálin hafi jafnframt skapað sérstakan iðnað, sem framleiðir vörur tengdar umhverfisvernd og markað fyrir þær og hafi skapað fjölmörg ný störf. Í viðleitni sinni styðst stjórnin ekki aðeins við einfaldar lagasetningar, breytingar á skattalögunum eiga einnig að hvetja fyrirtæki til umhverfisverndar.

Orkumál hafa verið í töluverðri gerjun og umræðu í Þýskalandi. Olía er helsti orkugjafinn (40%), en þar á eftir kemur jarðgas (17%), brúnkol (15%), steinkol (15%) og kjarnorka (11%). Aðrir orkugjafar, þ.á m. vatnsorka, eru 2%. Orkusala til landsins sýnist af ýmsum ástæðum fýsileg, enda þurfa Þjóðverjar að flytja inn mikinn hluta orku sinnar. Þeir hafa lokað nokkrum kjarnorkuverum og ekki er búist við því að fleiri verði opnuð, aðallega vegna umhverfissjónarmiða, og áhugi er á því að minnka kolanotkun. Samkvæmt áætlunum Evrópusambandsins frá 1992 er gert ráð fyrir að rafmagnsnotkun muni aukast í sambandslöndunum um 2-2,4% á ári fram til aldamóta, sem er meira en aukning á annarri orkunotkun (1,3-1,6%). Eftir aldamót á rafmagnsnotkunin að aukast um 1,6% árlega. Þýsk og norsk fyrirtæki eru að kanna möguleika á orkuflutningum með 600 km. kapli. Ákveðið hefur verið að leggja kapal á milli Þýskalands og Svíþjóðar og ennfremur á milli Sjálands og Þýskalands. Áhugi og framtakssemi Þjóðverja í umhverfismálum ætti að vera Íslendingum hvatning í því að vinna að orkusölu til Þýskalands. Einnig má nefna í þessu sambandi samvinnu Íslendinga og aðila í Hamborg um rannsóknir á vetnisnotkun.

Þjóðverjar hafa ásamt Dönum stystu vinnuvikuna, 37,5 stundir, og því fleiri frístundir en aðrar Evrópuþjóðir. Þjónusta við frístundaiðkanir gegnir efnahagslegu miklu hlutverki í landinu, sérstaklega á helstu ferðamannasvæðum landsins. Má í því sambandi nefna, að íslenski hesturinn er vinsæll í tómstundum margra Þjóðverja, en nú eru um 40 þúsund íslenskir hestar í landinu. Þjóðverjar eru einnig duglegir að ferðast til útlanda og hafa reynst íslenskum ferðamannaiðnaði drjúgir, enda koma til landsins fleiri Þjóðverjar en fólk af öðru þjóðerni. Þjóðverjar eru um 20% heildarfjöldans. Árið 1993 komu 31.442 þýskir ferðamenn til Íslands og var aukning í fjölda þeirra miðað við árið áður 28%. Spáð er svipaðri aukningu á þessu ári. Njóta Íslendingar þar annars vegar þeirrar þarfar íbúa í þéttbýlissvæðum Evrópu að leita út í óspillta náttúru og hins vegar áhuga Þjóðverja á menningu og sögu Íslendinga.

Á síðasta ári var haldinn fyrsti fundur svonefndrar þýsk-íslenskrar viðskiptanefndar hér

á landi. Nefndin á sér stoð í ákvæði í samningi ríkjanna um viðskiptamál frá árinu 1984 en það hafði ekki verið nýtt fyrr. Á fundi þessum var rætt um efnahagsástand ríkjanna, EES-samninginn, þróun Evrópusambandsins og viðskipti Íslands og Þýskalands. Fundurinn var haldinn dagana 18.-19. mars 1993 og var fyrir fundinn þess farið á leit við ýmsa aðila atvinnulífsins að þeir hefðu samband við viðskiptaskrifstofu og kæmu með tillögur að málum sem Íslendingar gætu hugsanlega tekið upp við Þjóðverja á fundinum, t.a.m. varðandi vandamál eða hugmyndir vegna útflutnings okkar til Þýskalands. Fundurinn tókst mjög vel og var m.a. rætt um það vandamál sem þá var hvað mest til umræðu en það var ástandið á fiskimörkuðum Evrópu vegna sölu á fiski upprunnum í Rússlandi sem seldur var ódýrt á ESB-markaði. Töldu Þjóðverjar, eins og margir aðrir, að Íslendingar stunduðu það að selja ódýran rússneskan fisk sem íslenskur væri. Þessi miskilningur var leiðréttur á fundinum.

Annar fundur nefndarinnar er áformaður í apríl næstkomandi og að þessu sinni verða Þjóðverjar í gestgjafahlutverki. Þótt samskipti við Evrópusambandið séu mjög stór hluti samskipta Íslands við þjóðir Evrópu má samt sem áður ekki vanrækja tvíhliða tengsl við einstök aðildarríki ESB og þá sérstaklega ekki við það ríki sem þeirra er stærst og voldugast og við eigum hvað mest viðskipti við. Hvað eftir annað hefur komið berlega í ljós að embættismenn í Brussel hafa lítið svigrúm og þurfa að hlíta fyrirmælum frá höfuðborgum aðildarríkja ESB. Því þarf að rækta skilning einstakra aðildarríka ESB á íslenskum aðstæðum ekki síður en Framkvæmdarstjórn ESB. Þess vegna er starf á borð við það sem fram fer í viðskiptanefndinni ómetanlegt fyrir Ísland.

Lúxemborg.

Hagvöxtur dróst saman um 1 prósent á síðasta ári í Lúxemborg en talið er að hann geti aukist á ný á þessu ári fari efnahagsástand batnandi almennt í Evrópusambandinu. Mikil kreppa hefur ríkt í stáliðnaði landsins og útflutningur ekki verið hagstæður. Þótt hefðbundnar atvinnugreinar eigi við erfiðleika að stríða hefur þjónustugeirinn vaxið og stendur bankastarfsemi með miklum blóma en þar hefur mikið kapp verið lagt á þjónustu við erlenda viðskiptavini. Einkaneysla hefur haldist stöðug og mikil þar sem kaupmáttur hefur aukist og ellilífeyrir, eins og aðrar félagslegar bætur, er hár. Allt bendir þó til þess að atvinnuleysi eigi eftir að vaxa enn, en það óx úr 1,4 prósentum árið 1992 í 2,0 prósent á síðasta ári og er búist við að það verði um 2,8 prósent árið 1995. Verðbólga var á síðasta ári hæst í mars eða 3,7 prósent.

Samkvæmt spám OECD um þetta ári og hið næsta mun þjóðarframleiðsla vaxa um 1,5 prósent á þessu ári og um rúm 2 prósent á því næsta. Stálframleiðslan mun áfram eiga í erfiðleikum og útflutningur almenn vegna aukningar launakostnaðar í iðnaði og framleiðslu.

Ferskur fiskur og fersk flök eru um 70 af hundraði útflutnings Íslands til Lúxemborgar, þó er útflutningurinn aðeins brot af heildarútflutningi Íslands eða milli 0,05 og 0,1 prósent. Innflutningur er enn minni.

Holland.

Efnahagslægð sú sem einkennt hefur flest ríki Vestur-Evrópu hefur ekki verið jafn kröpp í Hollandi og annars staðar. Atvinnuleysi hefur þó vaxið töluvert en á móti kemur að verðbólga hefur hjaðnað, eða úr rúmum 4 prósentum árið 1992 í um 2 prósent 1993. Hollenska stjórnin treystir á stöðugan vinnumarkað og takmarkaðar kröfur um launahækkanir til að hafa svigrúm til að bæta efnahagsástandið. Vaxandi atvinnuleysi kallar að mati sérfræðinga á endurskipulagningu vinnumarkaðarins og velferðarkerfisins. Á tímabilinu júlí 1992 til júlí 1993 óx atvinnuleysi úr 6,1 prósenti í 8,3 prósent, í ár ætla menn að atvinnuleysi verði rúm 9 prósent. Að mati sérfræðinga OECD mun þjóðarframleiðsla aukast lítillega næstu árin, einkaneysla minnka enn í ljósi lítilla launahækkana og vaxandi atvinnuleysis. Atvinnuleysi gæti orðið um 10 af hundraði árið 1995 samkvæmt spám.

Þjóðarframleiðsla dróst saman um hálft prósent á síðasta ári, minna en í mörgum öðrum ESB-ríkjum, ástæða þessa er m.a. að aðalframleiðslugrein Hollendinga er matvælaframleiðsla og matvæli eru ekki jafn viðkvæm fyrir sveiflum og margar aðrar vörutegundir.

Landbúnaður þ.m.t. sjávarútvegur leggur til tæp 5 prósent af þjóðartekjunum en um 4,5 prósent af vinnuaflinu er við störf í greininni. Landbúnaðaðarvörur eru rúm 17 af hundraði útflutningsverðmæta Hollendinga. Mikilvægustur vörurnar eru sykur, nautakjöt, kartöflur, korn, grænmeti og ávextir. Mjólkuriðaðnaðurinn er sérlega mikilvægur og blómarækt mjög iðnvædd (plöntur og afskorin blóm eru meira en þrjú af hundraði útflutningsverðmæta). Rúm 30 af hundraði þjóðartekna koma úr iðnaði en um 25 af hundraði vinnuaflsins eru við störf í iðnaði. Framleiðslugreinar á borð við matvælaframleiðslu leggja til rúman fimmtung þjóðartekna og tæp 18 af hundraði vinnuaflsins er við framleiðslustörf í landinu.

Mikilvægustu viðskiptaþjóðir Hollands eru nágrannar þeirra Þjóðverjar, Belgar og

Lúxemborgarar. Meira en 25 prósent innflutnings kemur frá Þýskalandi og tæplega 30 prósent útflutnings fer á þýska markaðinn. Bretar, Frakkar, Ítalir og Bandaríkjamenn eru einnig meðal mikilvægustu viðskiptaþjóða Hollendinga. Útflutningur Hollendinga er aðallega vélar, samgöngutæki, matvara, lifandi dýr og framleiðsla úr efnaiðnaði.

Útflutningur Íslands til Hollands nemur um 2 af hundraði útflutningsins. Rúmlega 60 prósent af útflutningnum eru sjávarafurðir, 30 af hundraði iðnaðarvörur þ.m.t. ál. Innflutningur er heldur meiri og nemur milli 7 og 10 af hundraði heildarinnflutningsins. Vélar og tæki, matvæli og olía eru þær vörur sem helst eru fluttar inn frá Hollandi.

Belgía.

Efnahagsástandið í Belgíu hefur verið fremur bágborið undanfarin ár þótt sjá megi blikur á lofti um batnandi tíð eða a.m.k. búast sérfræðingar OECD við að hagvöxtur verði jákvæður á þessu ári og muni aukast á næsta ári. Ekki er þó búist við að atvinnuleysi dragist saman í kjölfarið, en það er nú um 13 prósent en var árið 1992 um 10 prósent og í fyrra um 12 prósent.

Ætla má að efnahagurinn í heild verði veikur áfram, Belgar eru fremur svartsýnir á ástandið og neytendur halda að sér höndum og hið sama gildir um fjárfesta.

Halli á ríkissjóði er mikill og belgíska stjórnin hefur neyðst til að skera niður útgjöld í töluverðu mæli.

Þrátt fyrir að því sé spáð að þjóðarframleiðsla muni aukast og vaxa um 1 prósent á þessu ári og um 2 prósent á því næsta vegna aukins útflutnings mun það ekki hafa djúpstæð áhrif til hins betra þar sem hátt hlutfall af útflutningi eru innfluttar vörur og hráefni.

Helstu útflutningsvörur Íslands til Belgíu eru sjávarafurðir, aðallega frosin flök, og nema þær um 80 af hundraði útflutnings Íslands þangað. Útflutningur Íslands til Belgíu er 1,5 prósent af heildarútflutningnum. Frá Belgíu er fluttar inn iðnaðarvörur af ýmsu tagi, fatnaður, vefnaðarvara, matvara, vélar og tæki, sem hlutfall af heildarinnflutningi er þessi innflutningur um 2 prósent.

Spánn.

Svo virðist sem að botninum hafi verið náð í þeirri efnahagslægð, sem gengið hefur yfir Spán. Um mitt síðasta ár komu fram augljós batamerki, þó svo að batinn sé enn veikur. Fjárfestar eru hikandi vegna þess, sem á undan er gengið og einkaneysla hefur ekki aukist til

jafns við það sem var í lok síðast áratugar. Samdráttur var í þjóðarframleiðslu um 1,1% á síðasta ári, en spáð er aukningu upp í 1,5% á þessu ári og aftur 2,6% fyrir árið 1995. 1,1% samdráttur á síðasta ári gefur ekki rétta mynd af þeirri efnahagslægð sem gekk yfir, þar sem samdráttur í eftirspurn innanlands var 2,8%. Þau áhrif voru milduð vegna þess hversu mikið dró úr halla á viðskiptum við útlönd.

Aukning í iðnaðarframleiðslu hefur verið minni en búist var við. Spánskur iðnaður býr þó við mun betri skilyrði í framhaldi af endurtekinni gengislækkun pesetans og er talið að nú sé séð fyrir endann á fimm ára þrengingum í greininni. Hin nýfengna góða samkeppnisstaða spánsks iðnaðar gæti verið í hættu ef verðbólgu og launahækkunum verður ekki haldið í skefjum. Spáð er 4% verðbólgu á næsta ári og er talin hætta á að hún verði hærri. Enn er talið að áhrif gengisbreytinganna séu ekki að fullu komin fram og mikill halli á fjárlögum ríkisins veldur áhyggjum.

Samningar hafa ekki náðst enn um launahækkanir, en spáð er að þær verði 4% á þessu ári. Engu að síður er því spáð að kaupmáttur launa lækki um 5% á næstu þremur árum.

Vextir hafa lækkað umtalsvert undanfarið og hefur spánski seðlabankinn tilkynnt að frekara rúm fyrir vaxtalækkanir sé ekki fyrir hendi, en vextir hafi ekki verið lægri síðustu 35 ár. Er talið að opinberir vextir verði 7% á þessu ári og því næsta.

Atvinnuleysi hefur aukist um 6% á síðustu fjórum árum og hefur náð hámarki að því er talið er eða 22,5%. Ekki er líklegt að úr því dragi fyrr en á næsta ári og þá aðeins um 1%.

Ríkisstjórnin hefur staðið fyrir umfangsmikilli breytingu á vinnulöggjöfinni. Samningaviðræður við atvinnurekendur og verkalýðsfélög sigldu í strand í nóvember, sem gerði það að verkum að ríkisstjórnin réðst einhliða í það að hrinda margboðaðri uppstokkun á þessu sviði í framkvæmd. Reyndar voru breytingar ekki eins róttækar eins og upphaflega var áætlað, og báru þess augljós merki að þriggja mánaða erfiðar samningaviðræður voru að baki, sem ekki höfðu borið árangur. Í stuttu máli fela þessar breytingar í sér m.a. að ákvæði um ráðningar starfsmanna (atvinnumiðlanir o.fl.) og uppsagnir verði rýmkaðar. Heimildir varðandi tímabundnar ráðningar verða þrengdar. Heimilt verður að greiða ófaglærðu fólki á aldrinum 16-25 ára lægri laun en ákvæði um lágmarkslaun segja til um. Hlutastörf eru nú heimil, en þau voru áður takmörkuð við 2/3 hluta störf. Heimildir eru rýmkaðar fyrir atvinnurekendur að færa starfsmenn milli starfa og reglur um að laun fyrir eftirvinnu skuli vera að lágmarki 75% viðbót við dagvinnulaun voru afnumdar.

Hluti af ofangreindum breytingum hefur þegar tekið gildi, en reiknað er með að það

taki þingið einhvern tíma að afgreiða öll lagafrumvörpin. Stefnt er að því að breytingarnar taki gildi í júní n.k..

Vonir eru bundnar við að breytingar á vinnulöggjöf, góð samkeppnisstaða iðnaðarins og lágir vextir muni örva fjárfestingu, sem enn sem komið er hefur látið á sér standa, en batamerkin í spánsku efnahagslífi eru að koma fram.

Portúgal.

Stjórn sósíalista sér fram á erfitt ár í efnahagslegu tilliti. Atvinnuleysi mun að öllum líkindum halda áfram að aukast, en það var á síðasta ári 5,5%, en áætlað er að það verði 7,5% á þessu ári. Hallinn á fjárlögum fór úr böndum á liðnu ári, var ætlaður 4,3% af þjóðarframleiðslu, en varð að öllum líkindum tvöfalt hærri. Ýmis jákvæð teikn eru þó á lofti og er spáð t.a.m. 1,4% hagvexti í ár, á móti 0,8% samdrætti í þjóðarframleiðslu á liðnu ári.

Verðbólga er heldur á niðurleið, en hún var 6,3% árið 1993, spáð er að hún verði 5,2% á þessu ári. Vextir hafa lækkað á síðustu 18 mánuðum, en talið er að vextir til "veikari" og minni lántakenda kunni að hækka á næstunni.

Verulega hefur dregið úr vinsældum ríkisstjórnarinnar og hafa þær breytingar, sem voru gerðar á ríkisstjórninni í desember litlu breytt þar um. M.a. var hinn óvinsæli fjármálaráðherra, Jorge Braga, látinn víkja, en í hans stað settur maður úr viðskiptalífinu, Eduardo Catroga. Nýir ráðherrar komu einnig í sæti menntamála-, heilbrigðis- og félagsmálaráðherra. Stjórnin hefur mjög sterka stöðu í þinginu, en næstu kosningar verða í október 1995.

Grikkland.

Óþarfi er að fjölyrða um efnahagsástandið í Grikkland, fátækasta ríki EES. Þar hafa verið miklir efnahagserfiðleikar, sem fyrrverandi ríkisstjórn hægri manna reyndi að vinna bug á með niðurskurði og aðhaldi í ríkisfjármálum og einkavæðingu. Atvinnuleysi er þar töluvert, um 7,5%, og Grikkir eru í öðru sæti á eftir Ítölum varðandi tapaðar vinnustundir vegna verkfalla. Verðbólga er um 16%. Eftir kosningarnar í fyrra komst Sósíalistaflokkurinn til valda og búast má við því að hægt verði á ofangreindum efnahagsaðgerðum.

Útflutningur Íslendinga á sjávarafurðum til Miðjarðarhafslandanna hefur verið hefðbundinn um margra ára skeið. Þetta á einnig við um Grikkland. Helsta útflutningsvaran er sem áður saltfiskur. Grikkir flytja inn meira af sjávarafurðum, en þeir framleiða sjálfir.

Um 66% innflutningsins koma frá ríkjum utan ESB. Íslendingar flytja mest inn af Norður-Evrópuríkjunum.

Árið 1992 fluttu Íslendingar vörur til Grikkland fyrir 1.012. milljónir kr. og á tímabilinu jan.-nóv. 1993 fyrir 682 milljónir kr. Vöruskiptajöfnuðurinn var hagstæður, enda innflutningur frá Grikklandi 1992, 119 milljónir kr., og jan.-nóv. 1993, 125 milljónir kr. Saltfiskur er sem áður helsta útflutningsvaran til Grikklands, en einnig mætti nefna aðrar sjávarafurðir eins og heilfrystan karfa, fryst þorskflök, karfaflök, ufsaflök og humar, auk hrogna, lax, silungs og drykkjarvara.

Árið 1993 komu 155 grískir ferðamenn til Íslands.

Ítalía.

Ríkisstjórn Ítalíu á í höggi við fjárlagahalla sem nam á síðasta ári 10 % landsframleiðslu en hefur nú lagt fram framkvæmdaáætlun sem miðar að endurskipulagningu stjórnsýslu, einkavæðingu og niðurskurði ríkisútgjalda. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir skattahækkunum en opinber gjöld náðu 44% landsframleiðslu á síðasta ári. Mikil ólga hefur verið á vinnumarkaði, verkamenn reistu götuvígi í Crotona, hundruðir þúsunda tóku þátt í mótmælaaðgerðum í Róm og atvinnuleysi er nú talið 10,5 % skv. endurskoðuðum reiknireglum en væri meira eftir þeim eldri. Jafnvel flaggskip ítalsks iðnaðar, Fiat, á undir högg að sækja og boðar uppsagnir 5000 manna og leitar eftir nýjum hluthöfum. Stórfyrirtækið Ferruzzi-Montedison hrundi og tveir fyrrum ráðamanna þess styttu sér aldur í fangelsi. Fyrirtæki á borð við Gucci og Martini sem þekkt hafa verið um allan heim eru nú í eigu aðila utan Ítalíu. Verðbólga er þó í lægra lagi eða 4,4% og iðnframleiðsla hefur dregist minna saman en búist var við. Útflutningur virðist hafa notið góðs af gengisfellingu lírunnar en verðgildi hennar hefur fallið um fjórðung frá því hún var losuð úr skorðum evrópsks gengissamstarfs haustið 1992. Nú gera hagspár ráð fyrir 1,6% hagvexti á þessu ári, einkavæðing Credito Italiano gekk það vel að ákveðið hefur verið að flýta öðrum einkavæðingum þ.á.m. Banca Comerciale. Viðskipti Íslands og Ítalíu hafa verið á bilinu 3-4% af heildarviðskiptum Íslands. Útflutningur héðan hefur helst verið sjávarafurðir og munar þar mest um saltfisk. Einnig hafa verið flutt þangað skinn. Landamæraeftirlit og kröfur um viðurkenningu ítalskra stjórnvalda á íslenskum fiskvinnsluhúsum hafa verið til trafala en horfur eru nú á því að það leysist innan ramma EES.

III. ii. Mið- og Austur-Evrópa.

Nýjar leikreglur hafa nú verið settar í viðskiptum við ríki Mið- og Austur-Evrópu með röð fríverslunarsamninga en efnahagsástand þar hefur tafið fyrir vexti viðskipta.

Viðskipti hafa dregist mikið saman við þessi ríki. Enda þótt frjáls gjaldeyrisviðskipti hafi verið tekin upp í löndum þessum áður en þau sögðu skilið við kommúnisma voru viðskipti Íslands við þau áfram undir sterkum áhrifum jafnkeypisviðskipta. Það er fyrst þegar markaðskerfi var tekið upp og stjórnvöld láta af pólitískri stýringu að viðskiptin við Ísland snarminnka. Gjaldeyrisskortur í löndum þessum hefur einnig átt mikinn þátt í því að minnka viðskiptin.

Eftir því sem árangur efnahagsumbóta kemur í ljós í Mið- og Austur-Evrópu skapast betri skilyrði fyrir viðskiptum við Ísland á nýjum forsendum. Fríverslunarsamningar hafa nú verið gerðir við Pólland, Tékkland, Slóvakíu, Ungverjaland, Búlgaríu og Rúmeníu. Samningar við Eystrasaltsríki og Slóveníu eru í undirbúningi.

Pólland.

Í Póllandi var áður góður markaður fyrir íslenskar sjávarafurðir, einkum fiskimjöl og saltsíld. Innflutningur okkar frá Póllandi var einnig verulegur. Við fluttum inn frá Póllandi skip, dráttarbrautir, járn og stál, timbur, matvörur o.fl. Viðskiptin við Pólland hafa dregist mikið saman í seinni tíð.

Árið 1992 nam útflutningur okkar til Póllands 25,5 millj. kr., en innflutningur okkar þaðan nam 378,5 millj. kr. Mest var flutt út af lýsi eða fyrir 16,7 millj. kr. en nýir útflutningsliðir hafa einnig komið til sögunnar, svo sem vélar til fiskverkunar og rafeindavogir.

Eins og áður er mest flutt inn af skipum frá Póllandi en einnig er verulegur innflutningur á matvörum og fatnaði. Undirboð pólskra skipasmíðastöðva hafa sætt vaxandi gagnrýni.

Ekki eru líkur til þess að viðskiptin við Pólland aukist ört næstu árin. Veruleg greiðsluvandræði eru í landinu og Pólverjar eiga erfitt með að keppa við vestrænar þjóðir um kaup á íslenskum sjávarafurðum. Reikna má þó með að viðskipti landanna aukist smám saman þar eð áhugi er í Póllandi á íslenskum vörum og viðskipti landanna standa á gömlum merg. Hagvöxtur í Póllandi var meiri síðasta ár en víðast hvar í Evrópu og hörkulegar

efnahagsaðgerðir í byrjun eru byrjaðar að bera ávöxt.

Tékkland og Slóvakía.

Viðskipti Íslands og fyrrum Tékkóslóvakíu voru meiri áður en hafa dregist saman undanfarin ár. Íslendingar fluttu út til Tékkóslóvakíu frystan fisk, þar á meðal frysta síld, kísilgúr o.fl. en fluttu inn þaðan vélar, bifreiðar, dráttarvélar, vefnaðarvöru o.fl. Hafa tékkneskar vörur náð góðri fótfestu á markaði hér.

Íslendingar fluttu út vörur til Tékkóslóvakíu fyrir 34 millj. kr. árið 1992 en fluttu inn þaðan vörur fyrir 292,5 millj. kr. sama ár. Tékkóslóvakíu var skipt í tvö ríki árið 1992, Tékkland og Slóvakíu. Árið 1993 voru nokkur viðskipti við Tékkland en sáralítil við Slóvakíu. Eins og áður er það einkum frystur fiskur og síld sem við flytjum til Tékklands en í minna mæli en áður.

Það er hið sama að segja um Tékkland og Slóvakíu eins og Pólland að erfitt hefur reynst fyrir þessi lönd að greiða hæsta verð fyrir íslenskar sjávarafurðir eftir að markaðskerfi var tekið upp í löndum þessum og frjáls samkeppni kom til sögunnar. Hins vegar er áhugi þar á íslenskum vörum og búast má við að útflutningur frá Íslandi aukist til þessara landa smátt og smátt. Efnahagshorfur eru góðar, atvinnuleysi er lítið (3,5%) miðað við nágrannana, rekstrarafgangur á fjárlögum og viðskipti við V-Evrópa jukust um 16% á síðasta ári.

Ungverjaland.

Ísland flutti út vörur til Ungverjalands fyrir 13,5 millj. kr. árið 1992, einkum kísilgúr, en áður hefur verið selt þangað fiskimjöl, skinn o.fl. Innflutningur Íslands frá Ungverjalandi nam 56,5 millj. árið 1992. Við höfum flutt inn frá Ungverjalandi fatnað og vefnaðarvörur ýmis konar, rafmagnstæki, skófatnað, húsgögn o.fl.

Búlgaría.

Útflutningur Íslands til Búlgaríu nam 17,7 millj. kr. árið 1992 en innflutningur frá Búlgaríu nam sama ár 26,5 millj. Viðskipti landanna hafa verið að aukast. Ísland hefur flutt út kísilgúr til Búlgaríu en flutt inn þaðan landbúnaðarvörur, einkum ávexti og niðursoðið grænmeti, rafmagnstæki og fatnað.

Rúmenía.

Útflutningur okkar til Rúmeníu nam 5,3 millj. kr. árið 1992. Var þar um kísilgúr að ræða. Innflutningur þaðan nam þetta sama ár 24,6 millj. kr. Þar var um að ræða fatnað, húsgögn, skófatnað, grænmeti o.fl.

Fyrrum Júgóslavía.

Viðskipti Íslands við Júgóslavíu voru orðin umtalsverð áður en styrjöldin hófst þar. Hafa þau raunar haldist einhver þrátt fyrir stríðið. Ísland flutti út vörur fyrir 23,9 millj. kr. til Júgóslavíu árið 1992 en innflutningur okkar frá Júgóslavíu nam það ár 75,7 millj. kr. Til samanburðar má geta þess að útflutningur okkar til Júgóslavíu nam 88,2 millj. kr. 1990 og innflutningur okkar þaðan sama ár 118,3 millj. kr. Við höfum flutt út til Júgóslavíu skreið, örlítið af saltfiski, ullarvörur og ullarband, kísilgúr o.fl. En við höfum flutt inn þaðan fatnað, húsgögn, skófatnað, járn og stál o.fl.

Eystrasaltsríkin.

Viðskipti við Eystrasaltslöndin eru mjög lítil. Reynt hefur verið að hefja útflutning á síld þangað á ný. Þannig var flutt út saltsíld árið 1992 til Litháen fyrir 0,7 millj. kr. Innflutningur þaðan þetta sama ár nam 0,1 millj. kr. Til Eistlands fluttum við út saltsíld fyrir 0,1 millj. árið 1992. Enginn útflutningur var til Lettlands árið 1992 en innflutningur þaðan nam 0,6 millj. kr. það ár. Þar var um fatnað að ræða. Undirbúningur er hafinn að gerð fríverslunarsamninga við Eystrasaltsríki.

Ef litið er til annarra landa Mið- og Austur-Evrópu eru viðskipti sáralítil eða engin við þau.

III. iii. Rússland og Samveldislöndin.

Sovétríkin voru stærsti markaðurinn fyrir saltaða, íslenska síld allt til ársloka 1990. Það ár greiddu Sovétmenn Íslendingum útistandandi viðskiptaskuldir (einum ríkja OECD) en tóku jafnframt þá ákvörðun að slíta einhliða þeim samningum og skuldbindingum sem í gildi voru. Íslenskir síldarsaltendur urðu sérstaklega hart úti sem og lagmetisframleiðendur. Fyrirtæki í frystum sjávarafurðum stóðu betur að vígi því þau gátu komið sínum afurðum í verð í öðrum löndum.

Eftir að Sovétríkin liðu undir lok og lýst var yfir stofnun Samveldis sjálfstæðra ríkja þann 8. desember 1991 hefur orðið gjörbreyting á öllu viðskiptaumhverfi í Rússlandi. Hið miðstýrða kerfi efnahagsmála hafði leitt þjóðskipulagið og fyrirtæki í þrot. Forsenda viðreisnar Rússlands fólst í markvissri breytingu úr áætlunar- í markaðsbúskap og aðlögun rússneskra fyrirtækja að samkeppni á heimsmarkaði. Þessi breyting hefur haft bæði jákvæðar og neikvæðar afleiðingar eins og við var að búast.

Verðbólga sem áður var næsta óþekkt hugtak braust út þegar verðlagshömlum var aflétt af flestum vörum öðrum en brýnustu nauðsynjum. Á síðasta ári var mánaðarleg verðbólga í Rússlandi að jafnaði um 20%. Útlánsvextir rússneska seðlabankans voru nærri 200% á ársgrundvelli en bankar í einkaeigu kröfðu lántakendur um allt að 220% í vexti. Þessir háu vextir standa fjárvana fyrirtækjum sem stunda innflutning fyrir þrifum.

Erfiðleikar í rússnesku efnahagslífi voru síst minni á síðasta ári en undanfarin ár. Þjóðartekjur árið 1993 drógust þá saman um 18% og útflutningur sömuleiðis en hann hefur minnkað um 30% miðað við árið 1992. Iðnaðurinn hefur átt í erfiðleikum. Á síðasta ári var talið að samdrátturinn hafi numið um 20% að jafnaði miðað við sama tímabil 1992 og nærri einum þriðja lægri miðað við árið 1990. Um það bil 1/5 hluti iðnaðarframleiðslu Rússlands kemur frá orkugeiranum. Samdrátturinn í olíuframleiðslunni nam um 15% fyrr á þessu ári, framleiðsla á kolum dróst saman um 10% og framleiðsla á gasi stóð í stað.

Verðlag fyrri hluta síðasta árs rauk upp um 93% en laun að meðaltali aðeins um 31%. Talið er að venjulegur verkamaður hafi þá haft svipaðan kaupmátt og í byrjun árs 1992 þegar frjálst verðlag var innleitt. Á þessu tímabili var talið að um þriðjungur landsmanna hafi haft að meðaltali aðeins um 8000 rúblur sér til framfærslu á mánuði sem töldust hin opinberu fátæktarmörk.

Einn mikilvægasti þátturinn í umbótaáætlun rússnesku ríkisstjórnarinnar sem fylgt hefur verið til þessa hefur verið einkavæðingin. Nákvæmar upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi en talið er að áhrifa hennar sé farið að gæta í nokkrum mæli. Samkvæmt nýjustu upplýsingum var heildarfjöldi einkavæddra fyrirtækja í árslok 1993 rúmlega 75.500. Stjórnvöld höfðu sett sér það takmark að vera búin að selja um helming allra fyrirtækja þann 1. janúar 1994 og um 80% fyrir 1. júlí 1994. Einkavæðingin hefur leitt til þess að efnuð millistétt er að líta dagsins ljós og er af sumum talin vera um 7% landsmanna.

Umbótasinnar í ríkisstjórn Rússlands lögðu þegar árið 1992 á það áherslu að meginþættir breyttrar efnahagsstefnu skyldu fylgja þeim skilyrðum sem

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn o.fl. settu fyrir stuðning við landið, m.a. að halda ríkisútgjöldum í skefjum, draga úr verðbólgu og niðurgreiðslum. Segja má að þar hafi togast á þau sjónarmið að nauðsynlegt væri að grípa annað hvort til hörkulegra aðgerða sem mundu skila árangri á tiltölulega skömmum tíma eða mildari aðgerða sem óhjákvæmilega munu draga þetta umþóttunarskeið á langinn.

Þorri almennings í Rússlandi býr við kröpp kjör og segja má að fólk hafi almennt haft of miklar væntingar eftir að Sovétskipulagið hrundi til grunna. Þær umbætur sem hleypt hefur verið af stað hafa ekki skilað fólki almennt bættum lífskjörum enda ekki við því að búast svo fljótt. Eldri borgarar sem lagt höfðu til hliðar fé til elliáranna og aðrir sem orðið hafa undir í dag og standa uppi slyppir og snauðir, snúast nú jafnvel gegn umbótaviðleitni eða hafa takmarkaðan hug á að kjósa umbótasinna til þingsetu. Erfitt virðist vera að gera sér grein fyrir því að það var hið gamla kommúnistíska hagkerfi sem hafði búið til efnahagslegan gerviheim sem þjónaði hvorki þegnunum né fyrirtækjunum. Þegar sú draumsýn hrundi blasti við að byggja þyrfti flest upp frá grunni sem mun ekki gerast nema með miklum fórnum.

Á síðasta ári tókst stjórnvöldum að koma á vissu jafnvægi í efnahagsmálum við ótrúlega erfið skilyrði. Verðbólgustiginu var haldið í skefjum út árið, eða um 200% á ársgrundvelli og var það á niðurleið í árslok. Gengi rúblunnar gagnvart Bandaríkjadollar hélst nokkuð stöðugt og verðlag á vöru og þjónustu ýmis konar var leyst úr viðjum ríkiseftirlits og fært nær heimsmarkaðsverði. Fyrir rússnesk fyrirtæki reyndist þetta tvíeggjað. Verðhækkanir t.d. á olíu og flutningsgjöldum juku allan tilkostnað sem fyrirtækin urðu að velta út í verðlagið. Stöðugt gengi og verðbólga gerði stjórnendum kleift að spá fyrir um rekstur og afkomu fram í tímann. Rússneskar vörur hafa hækkað mikið í verði undanfarin þrjú ár. Í sumum tilfellum er því svo farið að verðmunur milli þeirra og sambærilegs innflutts varnings er lítill sem engin. Það er hins vegar hafsjór þar á milli í gæðalegu tilliti. Þetta hefur auðveldað mjög allan innflutning til Rússlands.

Fyrirtæki sem áður gátu ekki keppt við ódýra rússneska vöru sjá nú stóraukna markaðsmöguleika í Rússlandi. Þessir möguleikar byggjast aftur á móti á nokkuð veikum grunni. Það sem sett gæti þessari hagstæðu þróun skorður eru þeir pólitísku vindar sem nú leika um Kremlarmúra.

Umbótasinnar í rússnesku ríkisstjórninni hafa nú tekið pokann sinn og Viktor Tsjernomyrdin forsætisráðherra virðist ætla að hverfa af braut þeirrar stefnu sem hann studdi svo dyggilega á nýliðnu ári. Þessi pólitísku átök leiddu á tímabili til rúmlega 30% gengissigs

rúblunnar gagnvart dollarnum. Samsetning nýrrar ríkisstjórnar sýnir að talsmenn hægfara umbóta hafa þar nú betur. Þetta gæti þýtt í raun að styrkir og niðurgreiðslur til óarðbærra ríkisfyrirtækja munu ekki leggjast af og hið nýja þing mun leggja erfiðar byrðar á ríkiskassann þegar kemur að því að efna kosningaloforð um aukinn stuðning við almenning. Sá ótti er almennt ríkjandi að stefna hinnar nýju stjórnar muni að þessu leyti falla saman við þá stefnu sem rússneski seðlabankinn hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir á Vesturlöndum og fráfarandi ráðherrar reyndu að berjast gegn. Seðlabankinn hefur verið fylgjandi áframhaldandi niðurgreiðslum til óarðbærra fyrirtækja og hefur ekki komið böndum á seðlaprentun. Ein afleiðing þessa ástands er hratt gengisfall rúblunnar og óðaverðbólga sem gæti ónýtt það sem gert hefur verið til þessa. Núverandi ástand hefur leitt til þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur frestað veitingu efnahagsaðstoðar að upphæð 1,5 miljarða bandaríkjadala, m.a. þar sem verðbólgan er enn sem komið er rúmlega 15% á mánuði.

Ef hinni nýju ríkisstjórn tekst að halda rúblugenginu stöðugu og verðbólgunni niðri þá mun það efla innflutningsverslunina sem skiptir íslensk fyrirtæki sem leita á þennan markað mestu. Innflutningur gefur bæði rússneskum almenningi kost á að nálgast vöru sem fyrir nokkrum árum fólk lét sig aðeins dreyma um og hvetur rússnesk fyrirtæki sem stunda framleiðslu til dáða. Ef stjórn efnahagsmála fer aftur á móti úr böndum í höndum nýrrar ríkisstjórnar gæti það fært klukkuna aftur til þeirra tíma í efnahagsmálum sem flestir töldu að væru að baki.

Samveldislöndin.

Það sem helst tengir fyrrverandi lýðveldi Sovétríkjanna, Georgíu, Hvíta-Rússland, Armeníu, Úkraínu, Aserbaídsjan, Kasakstan, Kirgistan, Moldavíu, Tadsjikistan, Túrkemnistan, Úsbekistan og Rússland er fortíðin. Stærstu skrefin í átt til markaðsbúskapar hafa verið tekin í Rússlandi. Efnahagsástandið í Úkraínu er enn á niðurleið en þar hefur óðaverðbólga fengið byr í seglin og stjórnmálaforystan hefur reynst vanmegnug að snúa þeirri þróun við. Þegar litið er yfir ástand efnahagsmála í hinum nýfrjálsu ríkjum má segja að þau sem best eru á vegi stödd búa við brothætt jafnvægi en í öðrum, t.d. Armeníu, Georgíu og Tadsjikistan, blasir við hrun vegna innanlandsátaka og stríðsreksturs.

Leiðtogar aðildaríkja samveldisins áttu fund í Moskvu 24. september s.l. en markmið hans var að endurvekja efnahagsleg tengsl milli ríkjanna. Flest þessara ríkja hafa átt á brattann að sækja í efnahagsmálum, m.a. vegna þess að þeim standa ekki lengur til boða

ódýrir orkugjafar frá Rússlandi. Þeim er því í mun að taka upp nánara samband við Rússland. Sá böggull fylgir þó skammrifi að þessi ríki eru hikandi að taka upp náið samstarf á stjórnmála- og öryggissviði. Framtíð þessa samstarfs hvílir því á að hve miklu leyti þessi ríki geta haft með sér samstarf í peningamálum og vilja og getu Rússa að selja þeim olíu og gas á viðráðanlegu verði. Sum þeirra hafa valið þann kostinn að nota rúbluna áfram sem innlendan gjaldmiðil. Hvíta-Rússland sem tekið hafði í notkun eigin gjaldmiðil hefur horfið frá því og gerði fyrir skömmu umdeildan samning við hina nýju ríkisstjórn í Moskvu um endurupptöku rúblunnar sem mun leggja þungar byrðar á Rússa.

Ekki hefur verið unnt að koma í veg fyrir að efnahagsleg tengsl milli fyrirtækja í þessum ríkjum hafa rofnað að meira eða minna leyti. Sala á vöru og þjónustu milli þessara ríkja fer oftar en ekki fram á heimsmarkaðsverði sem fjárvana fyrirtæki ráða ekki við.

Íslensk fyrirtæki hafa lítil tengsl við ofangreind ríki að Rússlandi undanskildu. Svo mun verða um ófyrirsjáanlega framtíð þangað til þeim tekst að rífa sig upp þeirri efnahagslegu lægð sem öll eru í nú. Vænlegasti markaðurinn fyrir íslenskar afurðir, tæki og þekkingu mun eftir sem áður vera Rússland.

III. iv. Ísrael, Tyrkland, Kýpur og Malta.

Nýr grunnur hefur verið lagður að traustari viðskiptum Íslands við Miðjarðarhafslönd með gerð fríverslunarsamninga við Ísrael og Tyrkland. Samningarnir tryggja tollfrelsi fyrir iðnvarning og sjávarafurðir og aukið samstarf að eflingu viðskipta. Ásókn Kýpur og Möltu til nánari tengsla við ESB og útfærsla tollabandalags þeirra og ESB getur orðið til að auðvelda viðskipti við þessi ríki.

Ísrael.

Mikill órói í Mið-Austurlöndum á undanförum árum og áratugum hefur haft áhrif á viðskipti við lönd á þessu svæði. Friðarsamningar Ísraels og Palestínuaraba munu væntanlega bæta ástandið í þessum heimshluta og gætu greitt fyrir auknum viðskiptum milli Íslands og Ísrael. Mikil spenna ríkir þó enn í Mið-Austurlöndum.

Ísland hefur um langt skeið haft nokkur viðskipti við Ísrael. Viðskiptin hafa þó verið óstöðug. Við höfum einkum flutt út til Ísrael frystan fisk, loðnumjöl og lagmeti en keypt þaðan ávexti, grænmeti, vélar og tæki, þar á meðal vísindatæki.

Árið 1992 fluttum við út vörur til Ísrael fyrir 64,5 millj. kr. en fluttum inn þaðan vörur fyrir 361,4 millj. kr. þar af vélar og tæki fyrir 230,3 millj. kr.

Fríverslunarsamningur EFTA-ríkja og Ísraels, sem gerður var árið 1992, mun auðvelda viðskipti Íslands og Ísraels. Það má því búast við, að viðskipti milli landanna muni aukast í framtíðinni.

Í tengslum við fund sameiginlegrar nefndar EFTA-ríkjanna og Ísrael var frá því gengið að fá fram aukatollfríðindi fyrir íslenska brennda drykki en íslensk vodkategund (Icy vodka) hefur verið seld þangað undanfarið.

Tyrkland.

Viðskipti Ísland og Tyrklands hafa verið óstöðug. Hafinn var útflutningur á kísiljárni til Tyrklands fyrir nokkrum árum en hann hefur lagst niður. Árið 1989 fluttum við út kísiljárn til Tyrklands fyrir 251 millj. kr. Árið 1990 nam þessi útflutningur 105,2 millj. kr. en árið 1991 féll hann alveg niður og hefur ekki hafist á ný. Annar útflutningur til Tyrklands hefur verið ullarvörur, skinn, fiskiðnaðarvélar o.fl.

Innflutningur okkar frá Tyrklandi nam 86,3 millj. kr. árið 1992. Var þar einkum um að ræða fatnað ýmiss konar og vefnaðarvörur en einnig ávexti og grænmeti, vélar og tæki.

Kýpur.

Á Kýpur er ágætur markaður fyrir frystar íslenskar sjávarafurðir, einkum karfa og ufsa. Árið 1992 nam útflutningur Íslands til Kýpur 293,8 millj. kr., þar af frystar sjávarafurðir fyrir 182 millj. kr. og notuð skip fyrir 110,3 millj. kr. Innflutningur Íslands frá Kýpur nam sama ár 12,5 millj. kr. Var þar um að ræða tóbak, ávexti, grænmeti og fatnað.

Fjölmennar sendinefndir hafa sótt Brussel heim til þess að undirbúa og auðvelda aðils. Fer Kýpur fram á að fá aðgang að verkefnum ESB meðan aðild er undirbúin.

Malta.

Viðskipti Íslands og Möltu eru lítil. Árið 1992 fluttum við inn vörur frá Möltu fyrir 3,9 millj. kr. en útflutningur var enginn frá Íslandi til Möltu það ár. Árið 1990 fluttum við út vörur til Möltu fyrir 1,6 millj. kr. og 1991 nam útflutningur okkar til Möltu 0,9 millj. kr. Það er einkum lagmeti, við sem höfum flutt út til Möltu.

Kýpur og Malta hafa nú um alllangt skeið knúið dyra hjá Evrópusambandinu en ekki

haft erindi sem erfiði. Grikkir sem nú gegna formennsku innan ESB vilja ráða bót á þessu. Hvernig sem það fer má búast við að tengsl og viðskipti þessara landa við ríki Vestur-Evrópu muni eflast. Framkvæmdastjórn hefur þegar gefið umsögn sína um umsókn Kýpur og Möltu og sett þar nokkur skilyrði.

III. v. Norður-Ameríka (Bandaríkin, Kanada og Mexíkó).

Bandaríki Norður-Ameríku.

Hagvöxtur í Bandaríkjunum hefur verið verulegur undanfarin ár, 2,6% árið 1992, 2,8% í fyrra og er áætlaður 2,5% í ár. Samkvæmt þessu stækkar stærsta hagkerfi heims um 7,9% á þremur árum. Tölurnar sýna að Bandaríkin hafa væntanlega sloppið út úr hinni efnahagslegu lægð sem einkennt hefur mörg ríki heims og gefur von um bjartari framtíð út fyrir landamæri þeirra til helstu viðskiptalanda.

Betur verður ljóst með hverju árinu sem líður hversu háð iðnríkin eru orðin hvert öðru í sókn til betri lífskjara með auknum alþjóðaviðskiptum. En aukin alþjóðaviðskipti kalla á breytingar. Telja verður að hræðslan við breytingar sé meginástæðan fyrir þeirri miklu andstöðu sem braust út á s.l. ári í Bandaríkjunum gegn samningnum um fríverslunarsvæði Norður-Ameríku (NAFTA), sem fjallað verður nánar um hér að neðan, þrátt fyrir að hann hafi sáralítil áhrif á efnahagslíf Bandaríkjanna í heild.

Þó óumdeilt sé að aukið frjálsræði í alþjóðaviðskiptum bæti almenn lífskjör, getur það einnig leitt til röskunar og breytinga í atvinnulífi. Þetta á við um landbúnað, jafnt sem stáliðnað, skipasmíðar og fataiðnað. Stjórnvöld verða því að tryggja launþegum í slíkum iðnaði öryggisnet á meðan breytingarnar ganga yfir. Þetta er ein skýringin á því að ríkisstjórn Clintons, Bandaríkjaforseta, leggur nú aðaláherslu á endurskipulagningu heilbrigðiskerfisins. Meira en 85% bandarískra launþega eru sjúkratryggðir af atvinnurekanda og hika við að samþykkja ríkisrekið kerfi. Hins vegar er ljóst að gífurlegur fjárlagahalli í Bandaríkjunum á undanförnum árum mun gera allar endurbætur á þessu sviði hinar erfiðustu.

Kanada.

Ríkisstjórn leiðtoga Frjálslynda flokksins, Jean Chrétien, tók við völdum í Kanada í nóvember s.l. Erfiðleikar eru í efnahagslífi Kanada um þessar mundir og er atvinnuleysi rúm 11%. Viss hliðstæða er á milli Íslands og Kanada, sem felst í því að um þrír fjórðu

útflutningsins fer til Bandaríkjanna, sem er svipað hlutfall og Ísland flytur út til Evrópusambandsins. Það kemur e.t.v. ekki á óvart að í Kanada hefur alltaf ríkt viss varkárni í samskiptum við risann fyrir sunnan, sem á sér hliðstæðu í umræðunni hér á landi gagnvart ESB. Hin nýja ríkisstjórn Chrétien lýsti því yfir í upphafi, alveg eins og allar nýjar ríkisstjórnir í Kanada undanfarna áratugi, að nú yrði lögð aukin áhersla á „sjálfstæðari utanríkisviðskiptastefnu" og ræktuð yrðu viðskiptatengsl við önnur ríki en Bandaríkin. Hins vegar er ekki fyrir sjáanlegt nú, frekar en oft áður, að hér verði nein veruleg breyting á. Kanadamenn byggja afkomu sína á viðskiptum við Bandaríkin, sem er sá markaður sem einfaldlega mun halda áfram bjóða besta verðið fyrir þær vörur og þjónustu, sem Kanada hefur að bjóða, a.m.k. í nánustu framtíð. Þar sem uppsveifla er nú í efnahagslífi Bandaríkjanna er ástæða fyrir hóflegri bjartsýni í Kanada, enda spáir OECD 3,4% hagvexti í Kanada á tímabilinu 1993-1995.

Mexíkó.

Forseti Mexíkó, Carlos Salinas, hefur náð glæsilegum árangri á sex ára ferli sínum, sem mun ljúka með kosningum í ágúst n.k. Mexíkó gerðist aðili að GATT árið 1986 og hefur verið unnið markvisst síðan að því að opna efnahagskerfið og auka utanríkisviðskipti. Þjóðartekjur fara hratt vaxandi, þótt enn séu þær aðeins rúmlega 3.000 Bandaríkjadollarar á mann. Mexíkó samdi um aðild að fríverslunarsvæði Norður-Ameríku, eins og áður er rakið, og mun brátt gerast aðili að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD.

NAFTA.

Í stefnuskrá ríkisstjórnar Íslands segir m.a. að haldið verði vakandi hugmyndum um gerð fríverslunarsamninga við Bandaríkin, Kanada og Kyrrahafslönd. Eftir að EES-samningurinn var kominn í höfn gafst ríkisstjórninni svigrúm til þess að huga að utanríkisviðskiptum Íslands í vesturátt. Hún ákvað í október 1992 að skipa starfshóp fimm ráðuneyta til þess að gera forkönnun á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin.

Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu í maí s.l. Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að fríverslunarsamningur við Bandaríkin sé vænlegur kostur og geti vel fallið að aðild Íslands að EES. Einnig kemur aðild Íslands að Fríverslunarsamningi Norður-Ameríku (NAFTA) til greina. Ráðgert er að ríkisstjórnin taki afstöðu til málsins á næstunni.

Hinn 8. desember 1993 samþykkti Bandaríkjaþing lög um framkvæmd NAFTA-

samningsins. Í þeim lögum er ákvæði sem gefur til kynna að Bandaríkin kunni að gera fleiri fríverslunarsamninga í framtíðinni. Þar segir m.a. að viðskiptafulltrúi Bandaríkjanna skuli skila Bandaríkjaforseta og viðeigandi nefndum þingsins skýrslu fyrir 1. maí 1994 sem tilgreinir þau erlendu ríki þar sem mestir möguleikar eru á að auka útflutning eða fjárestingar til með frekari opnun markaða þeirra. Á grundvelli þessarar skýrslu á forsetinn að gera tillögur til þingsins fyrir 1. júlí 1994 um gerð frekari fríverslunarsamninga.

Á árinu 1992 voru Bandaríkin þriðji mikilvægasti útflutningsmarkaður Íslands eftir löndum (útflutningsverðmæti 10 milljarðar kr.), á eftir Bretlandi og Þýskalandi. Þá jókst útflutningur Íslands til Bandaríkjanna töluvert á síðasta ári. Kanada var í 20. sæti 1992 með 300 millj. kr., en útflutningur til Mexíkó var óverulegur (18 millj. kr). Tollar eru ekki háir á útflutningsvörum Íslands til Bandaríkjanna og Kanada, en möguleikar á auknum útflutningi við gerð fríverslunarsamnings við þessi ríki felast fyrst og fremst í frekari aðvinnslu fiskafurða og annarra framleiðsluvara, sem nú bera háa tolla.

Þess skal getið að fríverslunarsamningur við Bandaríkin myndi ekki samrýmast aðild Íslands að Evrópusambandinu, ef til hennar kæmi á næstu árum. Yrði þá að endursemja samninginn við Bandaríkin eða segja honum upp, en uppsagnarfrestur er 6 mánuðir t.d. í NAFTA-samningnum.

III. vi. Asía.

Japan.

Japan gengur nú í gegnum verstu efnahagskreppu eftirstríðsáranna. Hagvöxtur var neikvæður um 0,5% á síðasta ári og er því spáð að hann muni ekki aukast mikið í ár (sjá töflu 1). Ótti fólks við þessar aðstæður hefur orðið til þess að draga úr neyslu. Því hefur verslun dregist saman á nærri öllum sviðum og kemur það bæði niður á innlendum vörum og innfluttum. En Japönum tókst að halda viðskiptajöfnuði sínum hagstæðum, um 140 milljarða bandaríkjadala í fyrra, sem var metár. Því er spáð að hann fari niður í 120 milljarða USD á þessu ári.

Ástæður kreppunnar í japönsku efnahagslífi eru annars vegar tímabundinn samdráttur í heimsviðskiptum en hins vegar gallar í sjálfri uppbyggingu japansks framleiðslukerfis. Nokkrir burðarásar japansks efnahagslífs s.s. bílaiðnaður og rafeindaiðnaður eiga nú í miklum erfiðleikum. Ákveðna þætti japansks iðnaðar þarf að færa í nútímalegra horf og fækka

starfsfólki til jafns við það sem gerist í löndum helstu keppinauta Japan. Þetta er viðkvæmt og vandasamt markmið. Atvinnuleysi er nú 2,8% og hefur ekki verið meira í sjö ár. Þar er ekki talinn með umfram mannafli sem ekki hefur verið sagt upp vegna japanskrar hefðar um æviráðningu. Er talið að í framleiðslugreinum sé um 1,5 milljón manna umfram það sem nauðsynlegt getur talist og í heildina yfir 4 milljónir. Séu þessar tölur teknar inn í dæmið má telja atvinnuleysi 11 til 12%.

Jafnframt þarf svo að draga úr reglugerðafrumskógi og skrifræði til að bæta markaðsaðgang erlendra fyrirtækja og flýta fyrir erlendri fjárfestingu í Japan sem átt hefur drjúgan þátt í velmegun þjóðarinnar. Nú eru yfir 3000 fyrirtæki með erlend tengsl í Japan á öllum sviðum efnahagslífsins þar á meðal í framleiðslugreinum og þjónustu. Þessi fyrirtæki hafa með nýjustu tækni í framleiðsluháttum og þjónustu veitt innlendum fyrirtækjum harða samkeppni og þannig stuðlað að lækkuðu vöruverði sem kemur hinum almenna neytanda í landinu til góða. Farsæl áhrif erlendra fjárfestinga jafnvel í svo þróuðu og öflugu iðnþjóðfélagi sem Japan er áhugavert íhugunarefni.

Stefnt er að því að auka enn þátttöku erlendra fyrirtækja í efnahagslífi landsins. Í þessu augnamiði bjóða stjórnvöld upp á aðstoð við fyrirtæki sem vilja komast á Japansmarkað en þau hafa átt undir högg að sækja vegna ýmissa hindrana s.s. vanþekkingar á japönskum markaði og japönskum viðskiptaháttum. Aðstoð felst meðal annars í fjárhagshlunnindum og leiðbeiningum um markaðsaðgang.

Við þetta viðskiptaumhverfi búa íslensk fyrirtæki sem sækja á Japansmarkað. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur eitt íslenskra fyrirtækja skrifstofu í Japan. Jukust viðskipti þess bæði að magni og verðmæti á síðasta ári þrátt fyrir erfiðleikana í efnahag landsins.

Heildarviðskipti Íslands við Japan og önnur Asíuríki koma fram í töflu 4. Japan var fimmti mikilvægasti útflutningsmarkaður okkar eftir löndum á árinu 1992, en þá nam útflutningur þangað rúmum 6,6 milljörðum kr. Innflutningur nam tæpum kr. 5,6 milljörðum kr., þannig að vöruskiptajöfnuður var hagstæður um einn milljarð kr. Mikilvægustu útflutningsvörur Íslands til Japan eru heilfrystur fiskur (3,8 milljarðar kr.), fryst rækja (1,6 milljarðar kr) og kísilgúr (600 millj. kr.).

Framangreindar tölur bera með sér að möguleikar ættu að vera á því að auka verulega útflutningsverðmæti til Japan með því að fullvinna vöruna hér heima. Til þess er nauðsynlegt að koma á nánu samstarfi við aðila í Japan, afla ítarlegra upplýsinga um kröfur markaðarins

og um framleiðlsuaðferðir. Einnig þyrfti að skoða betur möguleika á að auka fjölbreytni vöruútflutnings. Vinnsla sjávarafurða í neytendaumbúðir krefst mikils undirbúnings og flókinnar markaðssetningar en gæti skilað sér ríkulega til baka.

Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands hafa verið í tengslum við menntastofnanir í Japan. Fulltrúar þessara stofnana heimsóttu Japan í nóvember í fyrra. Í kjölfarið lýstu forsvarsmenn Sjávarútvegsháskóla Tókýó sig reiðubúna til þess að gera samning við Háskóla Íslands um samstarf og nemendaskipti. Meðal samstarfsverkefna sem koma til greina: (1) vinnsla súrími úr úthafskarfa sem er ekki nothæfur í venjulega vinnslu, (2) nýting purpurahimnu og (3) notkun Reykjanessalts í fiskverkun.

Nauðsynlegt er að rækta samstarf af þessu tagi við Japan, ekki einungis á sviði vísinda og menntamála, heldur einnig menningarlegt og pólitískt samstarf.

Kína.

Kína er fyrir löngu orðið efnahagslegt stórveldi. Þar búa 1,2 milljarðar manna og hagvöxtur hefur verið 9% á ári undanfarin ár. Kaupgeta kínversku þjóðarinnar eykst með ári hverju. Utanríkisverslun hefur stóraukist og verðlag innanlands hefur verið gefið frjálst.

Þar með er ekki sagt að allt sé bjart framundan í kínversku efnahagslífi. Ríkisstjórnin stendur frammi fyrir því að þurfa að endurskipuleggja ríkisrekinn iðnað, fjármála- og bankakerfið og skattakerfið, þ.á m. tengslin við héruðin. Ekkert af þessu verður létt verk.

Erfiðasta verkefnið er e.t.v. að auka hagkvæmni iðnaðar í ríkiseigu. Þar vinna um 100 milljónir manns og er áætlað að reka þurfi um þriðjung til þess að fyrirtækin beri sig. Svo víðtækar aðgerðir gætu leitt til upplausnar sérstaklega í sumum borgum eins og Shanghai.

Annað vandamál eru bankarnir, sem eru allir í ríkiseigu. Sem slíkir eru þeir háðir pólitískum afskiptum, ýmist frá Peking eða frá héraðsstjórnum, en völd þeirra hafa mikið aukist að undanförnu.

Zhu Rongji, varaforsætisráðherra, er sá sem hefur fengið það verkefni að endurskipuleggja efnahagsmálin. Verk hans er að mörgu leyti flóknara en þegar Deng Xiaoping opnaði kínverskt efnahagslíf fyrir 15 árum síðan með því að leyfa erlendar fjárfestingar og afnema kvaðir á bændum og viðskiptalífi. Mikil óvissa ríkir um hvernig Zhu muni takast verkið, enda ætlar hann sér ekkert minn en að breyta Kína í volduga og nútímalega þjóð, verk sem kínverskum leiðtogum hefur ekki tekist allt frá því á 19. öld.

Þegar útflytjendur reyna að meta möguleika sína á útflutningi til þróunarlanda er oft litið til vergrar landsframleiðslu. Gallinn er sá að þær aðferðir sem eru notaðar til þess að meta landsframleiðsluna gefa oft skakka mynd af kaupgetu í landinu. Þess vegna er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, farinn að nota annan mælikvarða, PPP („purchasing-power parities"), sem miðast við kaupgetu í landinu. Samkvæmt þeim mælikvarða er landsframleiðsla Kína sú næst mesta í heimi og er áætluð 2.870 milljarðar USD fyrir 1992, á eftir Bandaríkjunum en á undan Japan. Næstu lönd á eftir eru Þýskaland, Indland, Frakkland, Ítalía, Bretland, Brasilía, Mexíkó og Kanada (tölur ekki fáanlegar fyrir Rússsland). Samkvæmt þessum tölum falla bæði Bretland og Kanada út af lista yfir sjö stærstu iðnríki heims, en Kína og Indland koma í staðinn.

Samkvæmt hinum nýju tölum hækkar landsframleiðsla á mann í Kína úr 370 USD í 2.460 fyrir árið 1992. Sambærilegar tölur fyrir Indland hækka úr 275 USD í 1.255, fyrir Brasilíu úr 2.525 USD í 4.940 og fyrir Mexíkó úr 3.700 USD í 6.590.

Þessar tölur gefa einhverja vísbendingu um þá möguleika sem eru að skapast fyrir íslenskan útflutning til Kína. En e.t.v er meira að marka það hversu mikið útflutningur hefur aukist frá Íslandi til Taívan á undanförnum árum, þar sem tekjur eru meiri á íbúa (sjá töflu 4). Taívan er orðinn 13. mikilvægasti útflutningsmarkaður Íslendinga, en þar búa 21 milljón manns, en í Kína búa 55-falt fleiri.

Töluvert vantar þó enn á að mannréttindi séu virt sem skyldi í Kína. Vestræn ríki eru hins vegar flest komin á þá skoðun að það muni ekki bæta mannréttindaástandið í landinu að einangra það. Við þær aðstæður sem nú ríkja í Kína er besti stuðningurinn við aukið lýðræði í landinu að hafa sem mest samskipti og samgang við Kína, þar með talin viðskipti. Hliðstæðan við Sovétríkin er augljós. Aðgangur að vestrænum vörum og menningu áttu drjúgan þátt í því opna augu Sovétbúa þar fyrir vankönturum á miðstýrðu hagkerfi.

Stjórnvöld á Íslandi hafa lengi fylgst með þróuninni í Kína og hvernig samskiptum landanna væri best háttað. Kína tók sæti Taívan í Sameinuðu þjóðunum árið 1971, þ. á m. í Öryggisráðinu, og ári síðar opnaði Kína sendiráð á Íslandi. Kína ásamt Finnlandi eru nú einu ríkin með sendiráð á Íslandi sem Ísland hefur ekki sendiráð í.

Utanríkisráðherra mun fara í opinbera heimsókn til Kína, Japan og Suður-Kóreu á fyrri hluta þessa árs. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að lagðar verði fram tillögur um breytingar á fyrirsvari Íslands gagnvart Austur-Asíulöndum. Nú þegar viðskipti Íslandi við Suð-Austur Asíu eru orðin hliðstæð viðskiptunum við Bandaríkin (sjá töflu 4), og fara vaxandi, verður ekki lengur hjá því komist að taka þessi mál til endurskoðunar.

Önnur Austur-Asíuríki.

Gert er ráð fyrir að hagvöxtur haldi áfram að aukast verulega í litlu efnahagsrisunum í Suð-Austur Asíu, drekunum fjóru svokölluðu, Hong Kong, Tævan, Singapúr og Suður-Kóreu. Enda mun efnahagsbatinn í Bandaríkjunum og Japan hafa veruleg áhrif á afkomu þeirra. Hagvöxtur í þessum ríkjum[1] var að meðaltali 5,5% árið 1992, 5,75% í fyrra og er spáð 6,25% þessu ári.

Enn sem komið er er Taívan eina landið í Suð-Austur Asíu, fyrir utan Japan, þar sem útflutningur frá Íslandi er verulegur, um 1,4 milljarðar kr. árið 1992. Um 97% af þeim útflutningi er heilfryst grálúða. Heildarútflutningur Íslands til framangreindra fjögurra landa var tæpur 1,6 milljarðar kr. á því ári, en innflutningur nam 2,3 milljörðum kr.

[1] Í þessari skýrslu er stundum talað um Taívan og Hong Kong sem ríki, en réttara væri að tala um héruð. Hong Kong hverfur undan stjórn Breta yfir til Kína árið 1997. Litið er á Taívan sem sjálfsstjórnarhérað í Kína, þótt Taívan sé efnahagslega sjálfstæð eining.

Tafla 4.

Vöruviðskipti við Suð-Austur Asíu 1990-92

(með hlutfallssamanburði við Bandaríki Norður-Ameríku).

Innflutningur (millj. kr. cif)					
	1990		1991		1992
Japan	5.419,3		7.465,0		5.579,1
Kína	431,5		550,3		677,3
Hong Kong	599,7		676,7		622,1
Taívan	606,3		807,1		787,9
Filippseyjar	48,0		58,7		59,6
Indónesía	23,1		56,1		87,1
Malasía	51,2		75,4		89,7
Suður-Kórea	543,7		778,3		729,0
Singapúr	73,4		129,5		144,5
Taíland	92,1		179,0		199,9
Samtals	**7.888,3**		**10.776,1**		**8.976,2**
Heildarinnflutningur	96.620,9		104.129,2		96.895,4
Hlutfall	8,2%		10,3%		9,3%
Bandaríkin	14,4%		10,3%		8,3%
Útflutningur (millj. kr. fob)					
Japan	5.545,6		7.213,6		6.628,0
Kína	16,3		2,4		6,0
Hong Kong	36,6		19,0		11,8
Taívan	879,7		1.084,1		1.476,0
Filippseyjar	0,0		0,1		0,7
Indónesía	6,2		0,0		3,3
Malasía	0,0		0,0		1,4
Suður-Kórea	56,1		225,3		89,1
Singapúr	19,1		24,7		18,6
Taíland	4,2		16,2		8,9
Samtals	**6.563,8**		**8.585,4**		**8.243,8**
Heildarútflutningur	92.625,1		91.560,4		87.832,9
Hlutfall	7,1%		9,4%		9,4%
Bandaríkin	9,9%		12,6%		11,4%
Vöruskiptajöfnuður	-1.324,5		-2.190,7		-732,4

IV. EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTASAMVINNA Í HEIMINUM.

IV. i. Þróun EES-samningsins.

Tilgangur EES-samningsins er sá að skapa sömu samkeppnisskilyrði og samræma þær reglur sem gilda um atvinnustarfsemi á öllu svæðinu til þess að tryggja fullt viðskiptafrelsi með vörur og þjónustu, frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa för launafólks milli ríkjanna átján sem aðild eiga að samningnum. Grunnur er lagður að þessu frelsi í þeim reglugerðum og tilskipunum Evrópusambandsins sem vísað er til í viðaukum og bókunum EES-samningsins.

Samningurinn nær þó aðeins til þeirra gerða sem samþykktar höfðu verið og birtar innan Evrópusambandsins fyrir 1. ágúst 1991. Frá upphafi hefur verið ljóst að til þess að ná markmiðum samningsins þyrfti stöðugt að halda við því samræmingarstarfi sem hófst með EES-samningnum og fella inn í hann þá texta Evrópusambandsins sem snerta samningssviðið með viðeigandi bókunum og breytingum. Samkvæmt áætlun Evrópusambandsins um sameiginlegan innri markað átti réttargrunnur hins fjórþætta frelsis að liggja fyrir í árslok 1992. Viðbótarpakkinn við EES verður meiri að vöxtum fyrir þá sök að hann endurspeglar lokasprett þessarar áætlunar. Þetta var kynnt í frumvarpi til laga um Evrópska efnahagssvæðið og úttekt á helstu textum sem útlit var fyrir að bætast mundu við samninginn var dreift á Alþingi meðan á umræðu um hann stóð. Eftir gildistöku EES-samningsins skapast aðgangur EFTA-ríkja að mótunarferli nýrra ákvarðana á öllu EES-svæðinu en sérstaklega verður að taka á þeim textum sem samþykktir hafa verið frá 1. ágúst 1991 fram að gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994. Stöðugar samningaviðræður hafa átt sér stað á þessu tímabili um frágang viðbótarpakkans milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins og hafa sérfræðingar íslenskra ráðuneyta tekið þátt í þeim og tekið tillit til þeirra við undirbúning nýrrar löggjafar af ýmsu tagi.

Um er að ræða 485 texta, bindandi (416) og óbindandi (69), sem varða samningssviðið. Í langflestum tilfellum er verið að ganga frá framkvæmd þeirra meginreglna sem felast í samningnum sjálfum og samþykkt þeirra felur því ekki í sér nema óverulegar breytingar á íslenskri löggjöf. Stefnt er að því að textar þessir verði felldir inn í EES-samninginn með ákvörðun Sameiginlegu nefndarinnar 8. mars en sú ákvörðun verði síðan lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunar. Í framtíðinni verður séð til þess að Alþingi fylgist með öllum undirbúningi löggjafarstarfs og reglugerðasmíði á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hér fer á eftir yfirlit helstu efnisþátta þessara viðbóta flokkað eftir því hvort um er að ræða vöruviðskipti, þjónustuviðskipti og fjármagnsflutninga, frjálsa för launafólks eða önnur samstarfsverkefni.

IV. i. a. Vöruviðskipti.

Flestar gerðirnar í viðbótarpakkanum varða vöruviðskipti eða tveir þriðju hlutar. Mest fer fyrir þeim gerðum sem snerta breytingar og viðbætur vegna reglugerða og tilskipana um heilbrigði dýra og plantna annars vegar og tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottorð hins vegar en þeir textar eru samtals hátt í tvöþúsund síður. Ísland hefur undanþágu frá samræmingu reglna um heilbrigði dýra en textar þar eru um þúsund síður. Aðrir textar sem vöruviðskipti varða fjalla um upprunareglur, ríkisaðstoð, opinber útboð og viðurkenningu höfundaréttar. Samhliða viðbótarpakkanum hefur einnig verið unnið að því að ganga frá bókun 3 við EES-samninginn en hún fjallar um unnar landbúnaðarvörur. Ekki vannst tími til þess að ganga endanlega frá texta hennar fyrir samningslok EES.

Heilbrigði dýra og plantna.

I. viðauka er skipt upp í þrjá meginkafla, þ.e. heilbrigði dýra, fóðurvörur og heilbrigði plantna. Eins og kunnugt er munu EFTA-ríki fella allar reglur ESB um heilbrigði dýra inn í löggjöf sína nema Ísland, sem mun halda sinni löggjöf óbreyttri. Frá þessu er þó vikið þegar sjávarafurðir eiga í hlut. Ísland tekur því yfir nokkrar gerðir sem mikilvægar eru vegna markaðssetningar og útflutnings sjávarafurða og verður þar tillit tekið til reglna Evrópusambandsins við reglugerðasmíð á Íslandi.

Í samningnum sjálfum er vísað til þriggja tilskipana sem Ísland mun taka yfir í þessum kafla en þar af fjallar ein um heilbrigðiskröfur í fiskeldi. Með viðbótarpakkanum bætast við 25 tilskipanir er varða heilbrigðiskröfur. Flestar þeirra fjalla um sjúkdóma í fiskum. Auk þess yfirtekur Ísland hluta af þremur tilskipunum þar sem settar eru fram heilbrigðiskröfur við framleiðslu og markaðssetningu fiskimjöls. Þessar tilskipanir tryggja að Ísland standi jafnfætis öðrum EES-ríkjum hvað varðar framleiðslu fiskimjöls fyrir markað ESB. Það verður því ekki framkvæmdastjórn ESB sem tekur út íslenskar fiskimjölsverksmiðjur og veitir þeim heimild til að framleiða fyrir markað sambandsins. Þess í stað munu íslensk stjórnvöld ábyrgjast að framleiðsla íslenskra fiskimjölsverksmiðja uppfylli tilteknar lágmarkskröfur með

sama hætti og gildir varðandi aðra fiskvinnslustarfsemi í landinu.

Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.

Undir EES-samninginn falla um 700 gerðir í viðauka II og með viðbótarpakkanum bætast þar 200 við. Of langt yrði upp að telja alla undirflokka en viðaukinn setur öryggisreglur við framleiðslu tækja, lyfja, leikfanga og neysluvarnings ýmiss konar. Helstu flokkar eru taldir upp hér að neðan.

Vélknúin ökutæki.

Hér er einkum um að ræða endurskoðaðar reglur um gerðaviðurkenningu ökutækja, þ.e.a.s. hvaða skilyrði sett eru um útbúnað o.fl. til þess að hægt sé að tryggja hindrunarlaus viðskipti með vélknúin ökutæki á svæðinu. Reglur um útblástur eru hertar bæði hvað varðar mengun og hávaða. Einnig hafa nú verið settar reglur um gerðaviðurkenningu mótorhjóla sem ekki voru til áður.

Matvæli.

Auk nokkurra breytinga á gildandi gerðum er hér einnig um að ræða hrein nýmæli s.s. varðandi lífræna framleiðslu, vísindalegt samstarf á sviði matvælarannsókna, nýja heilbrigðistilskipun og nýja eftirlitstilskipun. Þessar tilskipanir eiga að geta auðveldað sölu íslenskrar landbúnaðarframleiðslu inn á Evrópumarkað og viðurkenningu þeirra þar sem lífrænt ræktaðra afurða.

Með tilskipun 93/43/EBE um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla er gerð krafa um innra eftirlit við framleiðslu og dreifingu matvæla. Tilskipun 93/99 um opinbert matvælaeftirlit kveður á um að allar viðurkenndar prófanir verði að framkvæma á rannsóknastofum sem hlotið hafi faggildingu. Reglugerðir 91/2092 og 92/94 ásamt breytingum 92/1535, 92/2083 og 93/207 varða allar lífræna ræktun matvæla.

Lyf.

Í EES-samningnum miða aðgerðir í lyfjamálum að þremur meginmarkmiðum:

- Lyfjamarkaðurinn í Evrópu starfi innbyrðis á samræmdari hátt, auk þess að neytendur og læknar fái betri upplýsingar til að stuðla að skynsamlegri notkun lyfja en hingað til;

- Samkeppni aukist og upplýsingar um markaðinn verði aðgengilegri á sameiginlega

markaðinum á sviði verðlagningar og þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði;

- Aðgangur nýrra lyfjategunda verði greiðari inn á hinn stækkaða sameiginlega markað og þaðan inn á heimsmarkaðinn með betra skipulagi markaðsleyfa í Evrópu, m.a. fyrir atbeina Lyfjastofnunar Evrópu;

Í viðbótarpakkanum eru ákvæði EES samningsins nánar útfærð og þeim komið í endanlega mynd t.d. að því er varðar auglýsingar, kynningu, merkingu, skráningu og heildsölu lyfja.

Upplýsingatækni, fjarskipti o. fl.

Þær gerðir sem hér bætast við lúta einkum að því að tryggja að nýjasta tækni á sviði neytendabúnaðar fyrir fjarskipti verði tekin upp með samræmdum hætti m.a. með setningu svo nefndra sameiginlegra tæknireglugerða

Almenn ákvæði á sviði tæknilegra viðskiptahindrana.

Í þessum kafla ber hæst tilskipun um vöruöryggi, þar sem m.a. eru ákvæði um það hvernig við skuli brugðist ef hættulegar eða viðsjárverðar vörur eru að berast á markaðinn. Þessari tilskipun tengjast tvær tilskipanir sem miða að því að efla samskipti og samstarf markaðseftirlits og tolleftirlits.

Tóbak.

Í tilskipun 89/662/EBE er fjallað um merkingu á tóbaksvörum. Með tilskipun 92/41/EBE eru gerðar breytingar á henni. Í breytingunum felst m.a. að sérstakar viðvörunarmerkingar eiga að fylgja öllum tóbaksvörum en ekki aðeins vindlingum, jafnframt eru gerðar ákveðnari kröfur um stærð merkinga. Þá er í tilskipuninni lagt bann við markaðssetningu á tilteknum tegundum munntóbaks. Ísland, Noregur og Svíþjóð hafa gert fyrirvara sem heimilar að markaðssetja munntóbak en hins vegar verða þessi lönd að leggja bann við útflutningi munntóbaks til annarra aðildarríka samningsins.

Áfengir drykkir.

Í reglugerðum þeim sem varða áfenga drykki og eru hluti af viðbótarpakkanum er m.a. verið að breyta þeim reglugerðum ESB sem þegar eru hluti af samningnum og fjalla um framleiðslu, skilgreiningu og kynningu á brenndum drykkjum.

CE-merkið.

Með tilskipun 93/68/EBE eru settar samræmdar reglur um notkun CE-merkisins. Koma þær í stað mismunandi reglna sem voru í einstökum nýaðferðartilskipunum um notkun slíks merkis. Merkið á að sýna að vara uppfylli settar kröfur um öryggi, hollustuhætti og umhverfisvernd. Nýju reglurnar ganga í gildi 1. janúar 1995 en eldri reglum um merkingar má beita samhliða fram til 1. janúar 1997.

Unnar landbúnaðarvörur - Bókun 3

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að tæknilegri útfærslu viðbæta 2 - 7 við bókun 3 sem fjallar um unnar landbúnaðarvörur. Hefur sú vinna tekið mun lengri tíma en ætlað var. Helstu ágreiningsefnin hafa verið hvernig hátta skuli útreikningi verðjöfnunargjalda fyrir kjöt, mjólkurafurðir o.fl. Nú hefur náðst samkomulag um allar meginreglur verðjöfnunargjalda og hefur það verið staðfest af sameiginlegu nefndinni.

Upprunareglur - Bókun 4.

Vegna þess að Sviss er ekki aðili að EES-samningnum þurfti að gera veigamiklar breytingar á upprunareglum til að viðhalda þeim hagsmunum sem náðst höfðu í samstarfi EFTA ríkjanna og Evrópubandalagsins á þessu sviði, sérstaklega varðandi fríðindi framleiðsluvara og hráefnisnotkun. Gengið hefur verið frá breytingum á bókun 4 við EES-samninginn vegna þessa og verða þær formlega samþykktar á fundi sameiginlegu nefndarinnar í febrúar. Auk þess hafa upprunareglur fríverslunarsamninga allra EFTA ríkjanna og Evrópusambandsins svo og EFTA sáttmálans verið aðlagaðar EES-reglum.

Opinber innkaup.

Á sviði opinberra innkaupa hafa verið settar nokkrar nýjar tilskipanir sem eru hluti af viðbótarpakkanum

Í tilskipun 92/13 um samræmingu laga- og stjórnsýslufyrirmæla varðandi beitingu reglna bandalagsins við opinber innkaup samningsyfirvalda sem sinna vatnssveitu, orkuveitum, flutningum og fjarskiptum eru settar reglur um eftirlit með opinberum innkaupum þessara aðila. Reglunum er ætlað að tryggja að ekki eigi sér stað mismunun á framangreindum sviðum og koma í veg fyrir brot á settum reglum. Áður höfðu verið settar sambærilegar reglur á öðrum sviðum þannig að hér er í rauninni eingöngu verið að víkka út gildissvið eldri

reglna. Framvegis verða því allir opinberir aðilar háðir eftirliti.

Settar hafa verið nýjar reglur um opinber vörukaup og framkvæmdir sem afnema núgildandi tilskipanir á þessu sviði. Hér er þó ekki um eiginlegar efnisbreytingar að ræða heldur er fyrst og fremst verið að sameina í eina tilskipun annars vegar þær tilskipanir sem gilt hafa um opinber vörukaup og hins vegar um opinberar framkvæmdir. Þannig kemur tilskipun 93/36 um vörukaup í stað tilskipunar 77/62/EBE um sama efni og fellir í einn samfelldan texta þær breytingar sem á henni hafa verið gerðar og skýrir ýmis atriði hennar nánar. Sama á við varðandi tilskipun 93/37/EBE um opinberar framkvæmdir. Þar er verið að fella saman eldri tilskipanir og gera textann skýrari.

Mun meiri breytingar felast í tilskipun 93/38/EBE um reglur um innkaup stofnana sem sinna vatnsveitum, flutningum og fjarskiptum. Hún kemur í stað tilskipunar 90/531/EBE um sama efni en gildissviðið er víkkað þannig að hin nýja tilskipun tekur einnig til þjónustuviðskipta stofnana í þessum geira. Áður hafði verið sett tilskipun um þjónustukaup annarra opinberra aðila. Var það gert með tilskipun 92/50/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um þjónustu. Þessi tilskipun gerir ráð fyrir því að boðin séu út á Evrópumarkaði innkaup á þjónustu þegar verðmæti hennar fer yfir 16 milljónir krónur án virðisaukaskatts. Hún er hluti af viðbótarpakkanum og felur tvímælalaust í sér veigamestu breytinguna á sviði opinberra innkaupa þar sem áður hafa engar slíkar reglur gilt.

Ríkisstyrkir.

Á sviði ríkisstyrkja hafa verið gerðar breytingar á reglum um aðstoð við stáliðnaðinn. Hinar nýju reglur heimila t.d. að veitt sé aðstoð til hagræðingar og umhverfisverndar í stáliðnaði. Eðli málsins samkvæmt hafa þessar reglur lítið gildi hérlendis. Framkvæmdastjórnin gefur reglulega út bréf, tilkynningar og viðmiðanir þar sem hún túlkar nánar meginreglur Rómarsáttmálans um ríkisstyrki og skýrir nánar þær undanþágur sem í sáttmálanum felast. Það er hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA að semja slíkar leiðbeiningar fyrir EFTA-ríkin og eru þær reglur sem samdar hafa verið af framkvæmdastjórninni frá gerð EES-samningsins því ekki hluti af viðbótarpakkanum. Þess skal hins vegar getið að í þeim er ekki að finna neinar grundvallarbreytingar á þeim reglum sem gilt hafa um ríkisstyrki innan ESB.

Samkeppnismál.

Almennar samkeppnisreglur eru settar í meginmáli EES-samningsins, m.a. til þess að hindra ólöglegt samráð fyrirtækja, en nánar er kveðið á um útfærslu með gerðum í XIV. viðauka. Í viðbótarpakkanum eru ýmsar gerðir sem útfæra og skýra nánar þær samkeppnisreglur sem samningurinn kveður á um. Þar er m.a. tekið á eftirtöldum atriðum:

Samvinna flugfélaga varðandi fjárfestingar og rekstur tölvuskráningakerfa fyrir flugáætlanir, farskráningar og farseðlaútgáfu er ekki talin brjóta í bága við samkeppnisreglur sé vissum skilyrðum fullnægt um aðgang annarra að kerfinu.

Reglugerð 4975/87 um samkeppnisreglur flugfélaga er útvíkkuð þannig að gildissvið hennar nær til innanlandsflugs en ekki eingöngu loftflutninga milli einstakra aðildarríkja.

Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir flugfélaga varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlanaflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum eru talin samrýmast samkeppnireglum EES sé vissum skilyrðum fullnægt.

Með reglugerð er stórfyrirtækjum gefið meira svigrúm til samráðs til að auðvelda hagræðingu við framleiðslu, nýtingu niðurstaðna úr sameiginlegum rannsóknum og við þróun og útbreiðslu tækniþekkingar.

Undanþágur frá samkeppnisreglum eru veittar í viðbótarpakkanum gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða tryggingafyrirtækja, t.d. um almenna iðgjaldataxta eða staðlaða tryggingaskilmála.

Umhverfisvernd

Tilskipun ráðsins 93/12/EBE frá 23. mars 1993, fjallar um samræmingu á lögum um brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti. Ísland hefur aðlögunartíma fram til 1. október 1999, m.a. vegna notkunar óhreinsaðrar olíu. Samningsaðilar skulu endurskoða stöðu mála fyrir lok aðlögunartímans.

Í þessari tilskipun er kveðið á um að leyfilegt hámarksbrennisteinsinnihald díselolíu á bíla og tæki lækki í 0,2% frá og með 1. október 1994 og aftur í 0,05% tveimur árum síðar (1.10.1996). Mörkin fyrir gasolíu, sem notuð eru fyrir skip, til húsahitunar, í iðnaði o.s.frv., skulu vera 0.2% frá og með 1. október 1994.

Menningararfur.

XXVIII kafli, þar er tilskipun ráðsins 93/7/EBE frá 15. mars 1993 um að skila beri menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Hvað varðar Finnland, Ísland, Noreg og Svíþjóð tekur þessi tilskipun gildi 1. janúar 1995.

Sprengiefni til almennra nota.

XXIX. kafli, tilskipun ráðsins 93/15/EBE setur reglur um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefni til almennra nota.

Lækningatæki.

XXX. kafli, tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14 júní 1993 um lækningatæki.

IV. i. b. Þjónustu- og fjármagnsviðskipti.

Þær gerðir varðandi þjónustu- og fjármagnsviðskipti (fjármála- flutninga og nýtækniþjónustu, fjármagnshreyfingar og félagarétt) sem féllu undir EES-samninginn við gildistöku hans tryggðu staðfesturéttinn og settu grundvallarreglur fyrir þjónustustarfsemi á mörkuðum EES. Markaðsaðgangur var hins vegar aðeins tryggður á nokkrum sviðum, s.s. fyrir banka og sjóflutninga. Fyrir flesta aðra þætti þjónustuviðskipta næst fullur markaðsaðgangur ekki fyrr en með viðbótarpakkanum.

Viðbótarpakkinn mun hafa mikil efnahagsleg áhrif á þjónustusviðinu. Þetta á ekki síst við um tryggingar og verðbréfaviðskipti þar sem einum sameiginlegum markaði verður komið á, með fjárhagslegu eftirliti heimaríkis og frelsi til að veita og fá þjónustu hvar sem er á svæðinu. Rétt er að geta þess að samhliða því að hömlum er aflétt verður eftirlit og neytendavernd efld og eftirlitsstjórnvöld, s.s. banka- og tryggingaeftirlitið, hafa áfram ríkar heimildir til afskipta í samræmi við gildandi löggjöf heima fyrir.

Flutningaþjónusta.

Flutningar á láði, legi og í lofti eru veigamikill hluti viðbótarpakkans.

Aðgangur að flutningamarkaðnum verður rýmkaður og frelsi í vegaflutningum í Evrópu verður aukið, sbr. reglugerð 881/92/EBE. Þannig verða möguleikar Íslands til vöruflutninga milli ríkja Evrópu tryggðir, sú var ekki raunin áður. Íslensk vöruflutningafyrirtæki geta því

framvegis flutt vörur ekki aðeins til Evrópuhafnar heldur heim á hlað viðtakanda. Með reglugerð 3118/93/EBE verður EFTA-ríkjum ennfremur í fyrsta sinn veittur aðgangur að vöruflutningum innan einstakra ríkja EES. Með tilskipun ráðsins 91/439/EBE eru innlend ökuskírteini samræmd og gagnkvæmri viðurkenningu þeirra verður komið á 1. júlí 1996. EFTA-ríkjunum er heimilt að nota aðra fyrirmynd en bandalagsfyrirmyndina að hinum samræmdu ökuskírteinum, en EES-nefndin endurskoðar stöðu mála fyrir 1. júlí 1994. Aðrar gerðir varða ríkisstyrki, eftirlit með flutningi hættulegra efna, öryggismál og tæknistaðla farþegaflutninga í langferðabifreiðum o.fl.

Með reglugerð 3577/92/EBE er komið á frelsi í strandflutningum. Aðrar reglugerðir eða tilskipanir sem snerta sjóflutninga varða skráningu skipa (reglug. 2158/93/EBE), lágmarkskröfur til skipa sem flytja hættuleg efni og mengandi vörur (tilsk. 93/75/EBE).

Varðandi loftflutninga verður staða austurríska, finnska og íslenska flugfélaga tryggð til jafns á við önnur flugfélög innan ESB. Þetta markmið næst með þremur reglugerðum ESB sem fjalla um sameiginlegar reglur varðandi veitingu flugleyfa til handa flugfélögum 2407/92/EBE, um aðgang að flugleiðum innan ESB 2408/92/EBE og aukið frelsi í fargjalda- og farmgjaldaálagningu 2409/92/EBE. Norðmenn og Svíar, hafa með aðild sinni að flugfélaginu SAS þegar tryggt sér slíka stöðu á markaðnum með þríhliða samningi sem fellur inn í EES þegar viðbótarpakkinn tekur gildi. Framkvæmdastjórn ESB hefur með bréfi lýst því yfir að hún muni gera það sem í hennar valdi stendur til að tryggja jafna stöðu EES-ríkja á þessum markaði þar til viðbótarpakkinn tekur gildi. Aðrar reglugerðir og tilskipanir varða úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum, tölvuskráningarkerfi, samræmingu á reglum varðandi tæknistaðla og öryggismál, gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum fyrir flugliða o.fl. Samþykkt er að tilskipun 93/65/EBE um stjórnun flugumferðar skuli ekki eiga við um Ísland þar sem það tilheyrir öðru flugumferðarstjórnunarsvæði en hin EES-löndin.

Loks skal nefnt að í viðbótarpakkanum eru gerðir sem varða flutninga á járnbrautum og eftir skipgengum vatnaleiðum.

Nýtækniþjónusta.

Nýtækniþjónusta er það svið þjónustuviðskipta sem er í hvað mestum vexti. Undir hana falla fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun, póst- og upplýsingaþjónusta. Með fyrsta pakkanum við undirritun EES-samningsins var lagður grunnur að markaðsumhverfi hljóðmiðlunar og upplýsingaþjónustu. Í viðbótarpakkanum er í tilskipun 92/44/EBE gert ráð

fyrir frekari markaðsopnun með því að tryggja aukinn og jafnan aðgang að fjarskiptaneti sem jafnframt eykur möguleika á frekari þróun í veitingu þjónustu á þessu sviði. Þá verður samkvæmt tilskipun 92/264/EBE komið á samræmdu númeri fyrir alþjóðleg símtöl (verður 00 allsstaðar á EES-svæðinu sem mun leysa númerið 90 af hólmi hér á landi). Pakkinn inniheldur einnig ýmsar gerðir sem aðildarríkjunum ber að taka mið af en eru ekki bindandi. Þar má t.d. nefna framtíðarvinnuáætlun fyrir fjarskipti, sem felur m.a. í sér það markmið að koma á fullu frelsi á því sviði fyrir 1998.

Tvær ráðsákvarðanir, nr. 91/691/EBE og 92/242/EBE í viðbótarpakkanum varða upplýsingaþjónustu. Sú fyrri (kölluð IMPACT 2) setur fram áætlun sem kemur á einum innri markaði í upplýsingaþjónustu og sú seinni varðar öryggi kerfa á þessu sviði.

Fjármálaþjónusta

Í viðbótarpakkanum eru fjórar tilskipanir á sviði bankamála og snerta þær eigið fé lánastofnana (tvær tilskipanir), eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli og eftirlit með stórum áhættum lánastofnana. Allar eru þessar tilskipanir liður í því að samræma sem mest þær reglur sem gilda um starfsemi allra lánastofnana, þ.e. banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, innan EES.

Með tilskipun 91/633/EBE um framkvæmd tilskipunar 89/299/EBE um eigið fé lánastofnana og tilskipun 92/16/EBE um breytingu á tilskipun 89/299/EBE voru annars vegar gerðar tæknilegar breytingar á tilskipuninni um eigið fé lánastofnana og hins vegar kveðið nánar á um eitt tiltekið atriði hennar. Þessar breytingar voru hafðar til hliðsjónar við setningu laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði og laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Gildistaka viðbótarpakkans kallar því ekki á lagabreytingu hér á landi hvað þessar tilskipanir varðar.

Í tilskipun 92/30/EBE um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli er kveðið á um eftirlit með lánastofnunum sem hafa starfsleyfi innan svæðisins, eignarhaldsfélaga fjármálafyrirtækja og eignarhaldsfélaga með blandaðri starfsemi sem hafa höfuðstöðvar sínar innan svæðisins. Markmiðið er að fá yfirsýn yfir alla starfsemi bankasamsteypu, fjárhagslega uppbyggingu hennar og þá fjárhagslegu áhættu sem er innan samsteypunnar, áhættu sem um síðir gæti komið niður á fjárhagslegum styrk banka innan samsteypunnar. Meðal annars er kveðið á um að eftirlitsaðili með banka sem er hluti af samsteypu beiti þeim varúðarhlutföllum og takmörkunum sem í gildi eru á grundvelli samstæðureikninga fyrir alla

samsteypuna. Þá er kveðið á um skyldur eftirlitsaðila með öllum tegundum fjármálafyrirtækja að vinna saman og skiptast á upplýsingum. Loks er kveðið á um skiptingu ábyrgðar á framkvæmd eftirlits með fjölþjóðasamsteypum. Við setningu laga nr. 43/1993 og laga nr. 123/1993 var höfð hliðsjón af efni þessarar tilskipunar og í 66. og 92. gr. laganna eru fullnægjandi ákvæði til að hrinda henni í framkvæmd hér á landi.

Í tilskipun 93/121/EBE um eftirlit með stórum áhættum lánastofnana er kveðið á um nauðsyn þess að takmarka áhættu lánastofnana af útlánastarfsemi og efla eftirlit þar að lútandi. Í henni eru stór áhættulán skilgreind og ákveðin viðmiðunarmörk sett um það hversu hátt hlutfall hvert einstakt áhættulán eða samtala áhættulána má vera af eigin fé stofnunar. Í 46. gr. laga nr. 43/1993 er heimild til handa viðskiptaráðherra að setja reglur um efni tilskipunarinnar. Hliðstæð heimild er í lögum nr 123/1993.

Verðbréfamarkaðir.

Í tilskipun 93/6/EBE um lágmarks eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana er kveðið á um eiginfjárkröfur þeirra fyrirtækja sem stunda verðbréfaviðskipti. Hér á landi eru það viðskiptabankar og sparisjóðir á grundvelli laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, verðbréfafyrirtæki á grundvelli laga nr. 9/1993 um verðbréfaviðskipti, og lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði á grundvelli laga nr. 123/1993. Með tilskipuninni er í raun verið að gera svipaðar eiginfjárkröfur til verðbréfafyrirtækja og þegar gilda um viðskiptabanka og sparisjóði. Er þetta liður í áformum um að skapa sameiginlegan markað fyrir þjónustu verðbréfafyrirtækja með hliðstæðum hætti og þegar gildir um banka og sparisjóði. Þó er gengið skrefi lengra og ákveðnar kröfur gerðar varðandi verðbréfaviðskipti og gjaldeyrisjöfnuð. Gilda þær kröfur jafnt um verðbréfafyrirtæki sem banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir. Við setningu laga um verðbréfaviðskipti lágu einungis fyrir drög að þessari tilskipun og var ekki tekið tillit til þeirra. Því þarf að endurskoða ákvæði laganna í ljósi hennar. Rétt er að benda á að gildistaka hennar er ekki fyrr en í árslok 1995. Einnig kann að reynast nauðsynlegt að endurskoða ákvæði um eigið fé í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, og lögum um aðrar lánastofnanir.

Með tilskipun 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta er verið að skapa sameiginlegt markaðssvæði fyrir verðbréfafyrirtæki með líkum hætti og þegar gildir um banka og sparisjóði. Meginreglan verður sú að starfsleyfi útgefið í einu aðildarríkja EES gildir í hinum ríkjunum. Þá verður eftirlit með starfsemi verðbréfafyrirtækja í höndum

eftirlitsaðila í heimaríki hlutaðeigandi fyrirtækis. Á grundvelli starfsleyfis í heimaríkinu verður því unnt að bjóða fram þjónustu í öllum aðildarríkjunum án þess að sækja um leyfi á ný í gistiríkinu. Annað mikilvægt markmið tilskipunarinnar er að auðvelda verðbréfafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi í heimaríki aðgang að kauphöll í gistiríkinu. Þá er kveðið á um opinbera birtingu auglýsinga vegna viðskipta á opinberum verðbréfamörkuðum og settar lágmarksreglur um tilkynningar til kauphalla um viðskipti utan þeirra. Tilskipunin er nátengd tilskipun 93/6/EBE um lágmarks eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana. Við setningu laga nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti, var að hluta til höfð hliðsjón af drögum að þessari tilskipun. Engu að síður er ljóst að endurskoða þarf ýmis ákvæði laganna og færa þau í svipað horf og er að finna í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Þetta á sérstaklega við um ákvæði um starfsemi erlendra verðbréfafyrirtækja hér á landi og innlendra fyrirtækja erlendis. Rétt er að benda á að tilskipunin tekur ekki gildi fyrr en í árslok 1995.

Tryggingar.

Viðbótarpakkinn hefur að geyma tvær mikilvægar tilskipanir sem miða að því að koma á einum vátryggingarmarkaði á EES-svæðinu, þ.e.a.s. tilskipun 92/49/EBE um skaðatryggingar og 92/96/EBE um líftryggingar sem kallaðar hafa verið þriðja kynslóð tilskipana á þessu sviði. Þessar gerðir hafa veigamiklar breytingar í för með sér. Þær eru einkum fólgnar í eftirfarandi:

Gefið er út eitt starfsleyfi sem gildir alls staðar á EES-svæðinu í nánar tilgreindum greinaflokkum vátrygginga og einstökum vátryggingagreinum.

Eftirlitsstjórnvöld heimaríkisins hafa eftirlit með allri starfsemi félagsins á EES-svæðinu.

Reglur um eftirlit og fjárhagsskilyrði eru samræmdar þannig að gagnkvæm viðurkenning starfsleyfa getur átt sér stað og hliðstæðar eftirlitsreglur gilda á öllu svæðinu.

Vátryggingastarfsemi er rekin án fyrirfram eftirlits með iðgjöldum og skilmálum vátrygginga.

Á tryggingasviðinu er einnig tilskipun 91/674/EBE um ársreikning og samstæðureikningsskil vátryggingafélaga og tilmæli 92/48 um vátryggingamiðlara sem tengjast framangreindum tilskipunum.

Breytingarnar hafa það í för með sér að tryggingafyrirtæki sem hafa starfsleyfi í einu

EES-landi geta boðið þjónustu sína hvar sem er á EES-svæðinu og neytendur geta að sama skapi keypt hana að vild svo framarlega sem tryggingafyrirtæki vilja veita þjónustu.

Þess skal að lokum getið að frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi og síðan aftur á 117. löggjafarþingi lítið breytt hlaut ekki afgreiðslu fyrir áramót eins og ráðgert hafði verið. Það frumvarp gerði ráð fyrir breytingum á landsrétti sem nauðsynlegar voru vegna gildistöku samningsins um EES 1. janúar s.l. Hins vegar var ekki tekið tillit til þeirra breytinga sem felast í viðbótarpakkanum. Af þeim sökum var frumvarpið endurskoðað með hliðsjón af því og verður lagt fram sem nýtt frumvarp með öllum þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til samræmis við framangreindar tilskipanir auk eldri reglna sem þegar hafa tekið gildi á EES-svæðinu.

Félagaréttur.

Með gildistöku EES-samningsins voru réttarreglur á sviði félagaréttar samræmdar í því skyni að efla vernd hluthafa og lánardrottna sem talið er skapa jafnari samkeppnisaðstöðu félaga í mismunandi ríkjum. Í viðbótarpakkanum er ein tilskipun á þessu sviði, 92/101/EBE, sem er um breytingu á tilskipun 77/91/EBE um stofnun almenningshlutafélaga, tilskilið hlutafé þeirra og breytingar á því. Tilskipun þessi kallar ekki á frekari breytingar á íslenskum rétti en þegar er orðið vegna EES-samningsins.

IV. i. c. Frjáls för launafólks.

Þær reglur sem fjalla um frjálsa för launafólks teljast til hornsteina Evrópusamvinnunnar. Það ber að árétta í þessu samhengi að EES-samningurinn gildir ekki eingöngu milli aðildarríkja EFTA og ESB heldur einnig í samskiptum EFTA-ríkjanna innbyrðis. EES-samningurinn greiðir því enn þá braut sem rudd var með samþykkt hins sameiginlega norræna vinnumarkaðar á sínum tíma. Í formála EES-samningsins kemur berlega í ljós sú mikla áhersla sem samningsríkin leggja í þennan undirlið fjórfrelsins.

Viðbótarpakkinn á þessu sviði hefur að geyma löggjöf sem ætlað er að styrkja hinn sameiginlega vinnumarkað. Þar má helst nefna viðbótarreglur um samstarf á sviði almannatrygginga og gagnkvæm viðurkenning prófskírteina og starfsvottorða fyrir þá hópa sem ekki hafa langskólanám að baki. Markmið þessara reglna er að greiða götu launafólks og þeirra sem starfa á eigin vegum.

Í flestum tilvikum er um að ræða gerðir sem fela í sér einfaldar breytingar á eldri gerðum án þess að um verulegar efnislegar breytingar sé að ræða. Í einu tilfelli er þó um að ræða verulega viðbót en það er tilskipun 92/51/EBE um almennt kerfi fyrir viðurkenningu starfsmenntunar og þjálfunar. Í EES-samningnum var tilskipun um kerfi fyrir viðurkenningu á starfsmenntun á grundvelli a.m.k. þriggja ára háskólanáms. Nýju tilskipuninni er ætlað að koma á kerfi til viðurkenningar á starfsréttindum allra annara. Hún tekur því til allra starfsréttinda sem fengin eru að loknu einhvers konar námi eða þjálfun.

Ísland setti fyrirvara við samþykkt tilskipunarinnar, þar sem talið var að nauðsyn bæri til að krefjast þekkingar á íslenskum byggingareglum af iðnaðarmönnum sem hér vildu starfa sem launþegar. Evrópusambandið féllst að lokum á að gerð yrði sameiginleg yfirlýsing um að þrátt fyrir ákvæði tilskipunarinnar taki bandalagið á sig að kynna sínum þegnum sem ætla að hefja störf sem launþegar í byggingariðnaði á Íslandi að ráðlegt sé og æskilegt að þeir kynni sér íslenskar reglur á þessu sviði. Ekki er búist við að mjög reyni á þessa sameiginlegu yfirlýsingu. Íslenskar byggingareglur eru mjög strangar hvað varðar ábyrgð meistara á byggingu og er ekki fyrirsjáanlegt annað en að þær reglur dugi.

Aðrar gerðir viðbótarpakkans í III. undirnefnd fela ekki í sér mikið efnislegt nýnæmi eins og fyrr segir.

IV. i. d. Almenn samvinnuverkefni.

Ákvæði 66.-76. gr. EES-samningsins fjalla um starf sem einskorðast ekki við neitt eitt svið fjórþætta frelsisins. Þetta samstarf er mjög mikilvægt til þess að markmið innri markaðar um jafna samkeppnisstöðu náist, þó það snerti ekki hinar eiginlegu leikreglur atvinnulífs og framleiðslu. Samstarfið nær til félagsmála, umhverfismála, neytendaverndar og hagskýrslna. Meðal markmiða þessa samstarfs er útrýming atvinnuleysis, bætt starfsumhverfi, jafnrétti á vinnumarkaði, starfsmenntun, og jöfn tækifæri íbúa á öllu svæðinu.

Þegar um er að ræða samstarfsáætlanir eða einstök verkefni á sviði félagsmála, umhverfismála og neytendaverndar fellur það undir samvinnu utan marka fjórfrelsisins. Þeir málaflokkar EES-samningsins sem utan þessara marka falla varða 77.-88. gr. samningsins. Þar er um að ræða samstarf á fleiri sviðum en þeim þremur sem hér voru nefnd að ofan, m.a. samstarf þjóðanna á sviði menntamála, rannsókna og þróunar, lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ferðamála og hljóð- og myndmiðlunar. Í bókun 31 við samninginn er gerð grein fyrir þessu

samstarfi, en það byggist einkum á samstarfssamningum og stefnuyfirlýsingum sem ekki eru bindandi fyrir aðildarríkin.

Hvað varðar viðbótarpakkann eru nýjar gerðir á þessu almenna samstarfssviði samningsins helst á sviði umhverfismála, félagsmála og hagskýrslugerðar. Á sviði félagsmála má nefna að EFTA-ríkjunum býðst að taka þátt í nýju samstarfsverkefni um aldraða og stöðu þeirra. Þá er í pakkanum að finna gerðir sem miða að því að bæta öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum t.d. fyrir barnshafandi konur. Á sviði umhverfismála hafa verið samþykktar mikilvægar gerðir er fjalla um eftirlit með flutningi á hættulegum úrgangi, takmörkun hávaða frá sérstökum tegundum af flugvélum og umhverfismerkingar (umhverfismerki ESB).

Með EES-samningum opnuðust EFTA-ríkjunum möguleikar til að taka þátt í margvíslegum áætlunum ESB og í viðbótarpakkanum er að finna nýja áætlun sem miðar að því að bæta viðskiptaumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og samkeppnisstöðu þeirra á svæðinu. Ferðamál eru mikið til umræðu hér á landi og í viðbótarpakkanum opnast í fyrsta skipti möguleiki fyrir Íslendinga til að taka þátt í ferðamálaáætlun bandalagsins. Hún miðast aðallega við óhefðbundna ferðaþjónustu þ.e. „vistvæna" ferðaþjónustu og ferðaþjónustu í sveitum. Nánar er gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á bókun 31 hér að neðan.

Félagsmál.

Flestar gerðirnar sem við bætast á sviði félagsmála í XVIII. viðauka varða öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, tvær varða vinnurétt en ekkert bættist við á sviði jafnréttismála. Nýmæli á síðastnefnda sviðinu eru þó á döfinni.

Hér er um að ræða tilskipun ráðsins 91/533/EBE um skyldu vinnuveitenda til að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi, tilskipun ráðsins 92/104/EBE um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar og skylda tilskipun (92/91/EBE) um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi með borunum. Tilskipun ráðsins 92/58/EBE um lágmarkskröfur um uppsetningu öryggis- og heilbrigðismerkja á vinnustöðum, tilskipun ráðsins 92/57/EBE um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum, breytingu á tilskipun um hópuppsagnir (92/56/EBE) og tilskipun ráðsins 92/29/EBE um lágmarkskröfur um öryggi- og hollustu til að bæta læknismeðferð um borð í skipum. Ný er

einnig tilskipun ráðsins 92/85/EBE um að hvetja til aukinna umbóta varðandi öryggi og hollustu á vinnustöðum fyrir barnshafandi konur, konur sem nýlega hafa alið barn og konur með börn á brjósti

Nokkuð hefur verið til umræðu ný gerð bandalagsins sem lýtur að vinnustundafjölda, þ.e. tilskipun sem takmarkar fjölda vinnutíma við 48 stundir á viku með fjölmörgum undantekningum þó er varða starfsfólk sem sinnir ýmis konar vaktavinnu þ.á m. lækna. Með gagnkvæmu samkomulagi geta vinnuveitendur og launþegar aukið vinnutíma en vinnuveitandi getur ekki ætlast til eftirvinnu umfram þessi mörk. Til stóð að gerð þessi yrði hluti viðbótarpakkans en svo varð ekki raunin. Ísland hefur talið eðlilegra að vísa málinu til aðila vinnumarkaðarins. Hið sama gildir um vinnu barna og unglinga, en gerð sem takmarkar vinnu þeirra er að finna meðal þeirra gerða sem nú eru til umræðu að bætist við EES-samninginn í framtíðinni.

Neytendavernd.

Við XIX. viðauki um neytendavernd bætist við tilskipun 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum, auk nokkurra óbindandi gerða sem aðildarríkjum ber að taka tillit til.

Umhverfismál.

Í XX. viðauka samningsins er fjallað um umhverfismál. Þar munu bætast við nokkrar nýjar gerðir.

Almennt: Tilskipun ráðsins 91/692/EBE fjallar um samræmingu og hagræðingu í skýrslugerð um framkvæmd tiltekinna tilskipana á sviði umhverfismála. Fyrsta tímabilið er frá 1993 til 1995 og skal skýrslugjöf lokið 9 mánuðum eftir að skýrslutímabili lýkur. Einnig bætist við reglugerð um kerfi um veitingu umhverfismerkis ESB (ECO). Áformað er að það stuðli að hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og notkun varnings sem skaðar umhverfið sem minnst frá framleiðsludegi til þess að honum er hent. Merkið er hægt að veita framleiðsluvörum sem uppfylla ákveðin skilyrði, en reglugerðin nær þó ekki til matvöru, drykkja eða lyfja. Síðan bætast við gerðir í framhaldi af þessari sem fjalla um veitingu umhverfismerkis fyrir þvottavélar og uppþvottavélar, gerð er fjallar um staðalsamning með skilmálum um notkun umhverfismerkis og að lokum reglugerð um frjálsa aðild iðnfyrirtækja að viststýringar- og

úttektarkerfi bandalagsins.

Vatn: Við bætist gerð um verndun vatns gegn mengun nítrata frá landbúnaði (tilskipun 91/676/EBE) og ákvörðun ráðsins 92/446/EBE um samræmda upplýsingagjöf varðandi tilskipanir um vatnsmálefni.

Loft: Ný gerð um loftmengun af ósoni og snertir hún eftirlit með upplýsingaskiptum, upplýsingamiðlun og viðvörunarkerfi fyrir almenning varðandi loftmengun af völdum ósons. Einnig bætist við ákvörðun framkvæmdastjórnar sem útfærist nánar flokkunarreglur tilskipunar 90/219/EBE um einangraða notkun erfðabreyttra örvera en sú tilskipun er hluti af EES-samningnum. Frestur er gefinn til 1. janúar 1995 til að gera nauðsynlegar ráðstafanir. Loks bætast við ákvarðanir ráðsins varðandi svið samantektarskýrslu um tilkynningu vegna erfðabreyttra örvera sem sleppt er af ásettu ráði út í umhverfið. Hér hefur Ísland sama aðlögunartíma og fyrr segir.

Úrgangur: Þrjár gerðir bætast hér við, og varða þær skilgreiningu hættulegs úrgangs, samræmingu áætlana til að draga úr og hugsanlega stöðva mengun af völdum úrgangs frá títandíoxíðiðnaði og eftirlit og umsjón með sendingum á úrgangsförmum innan, inn og út af EES-svæðinu.

Hávaðamengun: Þá bætist við nýr liður í umfjöllun um umhverfismál, varnir gegn hávaðamengun sbr. tilskipun ráðsins 92/14/EBE um takmarkanir á flugumferð.

Hagskýrslugerð.

Í XXI. viðauka er fjallað um hagskýrslur og þar bætast við þó nokkuð margar gerðir um söfnun ýmissa hagtalna á svæðinu.

Breytingar á bókun 31.

Eins og áður sagði er bókun 31 grundvöllur samvinnu EES-ríkjanna utan marka fjórþætta frelsisins. Á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar í febrúar voru samþykktar breytingar á bókuninni til að heimila frá 1. janúar 1994 þátttöku EFTA-ríkjanna í áætlunum og eftirfarandi sviðum bandalagsins.

Fyrsta grein bókunarinnar kveður á um samstarf á sviði rannsókna og tækniþróunar og

verða engar breytingar gerðar á henni. Í 2. gr. er fjallað um upplýsingaþjónustu og öryggi upplýsingakerfa. Henni verður breytt þannig að frá 1. janúar 1994 munu EFTA-ríkin taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagins sem um er fjallað í eftirfarandi gerðum: Ákvörðun ráðsins 89/286/EBE um framkvæmd meginhluta lykiláætlunar um nýjungar og miðlun tækni, svonefnd SPRINT-áætlun. Ákvörðun ráðsins 91/691/EBE varðandi áætlun um innri markað fyrir upplýsingaþjónustu (IMPACT) og ákvörðun ráðsins 92/242/EBE um öryggi upplýsingakerfa (INFOSEC).

Við 3. gr., sem fjallar um umhverfismál, bætist ályktun ráðsins um stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun og ákvörðun ráðsins 93/389/EBE um eftirlitskerfi vegna útblásturs koltvísýrings í bandalaginu og annarra lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum.

Fjórða grein bókunarinnar fjallar um menntun, þjálfun og æskulýðsmál. Sú breyting er gerð að EFTA-ríkin geta frá 1. janúar sl. tekið þátt í ýmiss konar starfsemi bandalagsins, þar á meðal EURODYCE (upplýsingakerfi sem m.a. hefur að markmiði að safna og veita upplýsingar um menntastefnu aðildarríkjanna) og ARION (fræðslu- og menntaferðir fyrir kennara og aðra uppeldis- og kennslufræðinga), sem felur í sér upplýsingaskipti, samráð og fundi sérfræðinga, námskeið og ráðstefnur.

Þá bætist við 5. gr., um félagsmál, ákvæði þess efnis að EFTA-ríkin skuli greiða hluta af stjórnsýslukostnaði vegna framhaldsaðgerða sambandsins í tengslum við samstarfsverkefnis EFTA og EES um aðgerðir varðandi aldraða.

Í 6. gr. um neytendavernd er bætt við framtíðarverkefni við mótun stefnu um neytendavernd sem fram kemur í ályktun ráðsins frá 13. júlí 1992.

Í 7. gr. er fjallað um samvinnuverkefni um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, þar bætast við gerðir sem fjalla m.a. um bættar aðstæður í fyrirtækjarekstri og aðgerðir til að efla þróun fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra. Þá bætist við gerð um þróun í starfsemi undirverktaka og ályktun ráðsins um að styrkja stöðu og samkeppnishæfni fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja og handverksfyrirtækja.

Ferðamál bætast formlega við sem samvinnuverkefni eins og fram kom hér á undan. Í stað 8. gr. kemur ný grein þar sem segir að EFTA-ríkin geti tekið þátt í áætlunum og aðgerðum ESB sem fram koma í ákvörðun ráðsins 92/421/EBE um framkvæmdaáætlun bandalagsins í þágu ferðamála. Með greininni er EFTA-ríkjunum heimilt að taka fullan þátt í öllum nefndum ESB sem aðstoða framkvæmdastjórn ESB við stjórnun eða mótun þessara

áætlana og aðgerða. Framlög eru í samræmi við 82. gr. EES-samningsins.

Samkvæmt breytingum á 9. gr. öðlast EFTA-ríkin tækifæri til að taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins á sviði hljóð- og myndmiðlunar (gildir hér hið sama og í 8. gr. um framlag EFTA-ríkjanna vegna þessa). Samningsaðilar skulu einkum leitast við að auka samvinnu sína í samræmi við framkvæmd áætlunar til að efla þróun evrópska hljóð- og myndmiðlunariðnaðararins (MEDIA) (1991-1995).

Almannavarnir eru efni 10. gr. bókunarinnar og við hana verða ekki gerðar neinar breytingar en hins vegar er bætt við 11. gr. bókuninarinnar en þar er greint frá auðveldun viðskipta sem felur í sér að EFTA-ríkin geta tekið þátt í áætlunum og aðgerðum Evrópusambandsins um rafrænan flutning viðskiptagagna (TEDIS).

IV. i. e. Laga- og stofnanamál.

Frá upphafi samningsviðræðna hefur sérstakri nefnd verið falið að sinna þeim lögfræðilegu álitamálum sem upp koma og móta stofnanir EES-samstarfsins. Hér á eftir verður fjallað um störf þessarar nefndar og starfsemi stofnana EES.

V. nefnd um laga- og stofnanamál.

Í desember 1992 var EES-samningurinn felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss. Þess vegna þurfti að gera ýmsar tæknilegar breytingar á samningnum. Féll það einkum í hlut V. nefndar að annast samninga við framkvæmdastjórn ESB vegna þessa.

Undir EES-samninginn falla um 1.400 ESB-gerðir sem í gildi voru 1. ágúst 1991. I-IV. nefndir hafa á undanförnum mánuðum farið yfir þær ESB-gerðir sem tekið hafa gildi frá 1. ágúst 1991 til að ákveða hverjar þeirra eigi heima í EES-samningnum og aðlaga þær gerðir að honum. Við þá athugun hafa komið upp ýmis lagaleg álitamál sem V. nefndin hefur fjallað um.

Af öðrum störfum V. nefndar mætti nefna samningsgerð og samningaviðræður við framkvæmdastjórn ESB varðandi starfsreglur EES-ráðsins og sameiginlegu EES-nefndarinnar og frágang starfsreglna fastanefndar EFTA. Einnig hafa EES útgáfu- og þýðingamál verið mjög tímafrek í starfi V. nefndarinnar á undanförnum mánuðum. Samstaða hefur að mestu náðst um það hvað nauðsynlegt sé að þýða og birta í hinum svokallaða EES-viðbæti vegna EES-samningsins.

Stofnanir EES.

Stofnanir EES eru EES-ráðið, sameiginlega EES-nefndin, sameiginleg þingmannanefnd EES, ráðgjafarnefnd EES, fastanefnd EFTA, eftirlitsstofnun EFTA (ESA), dómstóll EFTA, nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna[2] og ráðgjafarnefnd EFTA. Í VII. hluta EES-samningsins er fjallað um flestar þessar stofnanir að undanskildum EFTA-stofnunum. Um fastanefnd EFTA er fjallað í sérstökum samningi milli EFTA-ríkjanna og hið sama gildir um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Ekki var gerður samsvarandi samningur um ráðgjafarnefnd EFTA vegna EES. Milli EFTA-ríkjanna er í gildi samningur um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um þær stofnanir.

Stofnanahluti EES-samningsins byggist á svokallaðri tveggja stoða lausn. Önnur stoðin eru stofnanir ESB og hin stoðin eru hinar nýju stofnanir EFTA. Brúin milli stofnanna byggist á sameiginlegum EES-stofnunum, þ.e. EES-ráðinu, sameiginlegu EES-nefndinni, sameiginlegu EES-þingmannanefndinni og EES-ráðgjafarnefndinni.

EES-ráðið.

Pólitísk yfirstjórn EES-samningsins verður í höndum EES-ráðsins þar sem sitja fulltrúar ESB-ráðsins, þ.e. ráðherrar aðildarríkja ESB, fulltrúar framkvæmdastjórnar ESB, og ráðherrar EFTA-ríkjanna.

EES-ráðið kemur saman tvisvar á ári, en mögulegt er að kalla það saman oftar ef nauðsyn krefur. EFTA-ríkin og ESB skiptast á um að gegna formennsku, sex mánuði í senn. EES-ráðið getur sett upp sérstaka vinnuhópa eftir því sem ástæða þykir til. Ráðið hefur enn ekki komið saman en rætt hefur verið um að halda sameiginlegan fund í maí eða júní og svo aftur undir árslok. Finnland gegnir nú formennsku innan EFTA en Evrópusambandið gegnir formennsku í sameiginlegum stofnunum EES-samstarfsins. Þann 1. júlí n.k. tekur Ísland við formennsku bæði í EFTA og EES-samstarfinu.

Hlutverk EES-ráðsins er einkum að vera stjórnmálalegur aflvaki um framkvæmd samningsins. Ráðið tekur m.a. ákvarðanir um hvort þróa beri tengsl samningsaðila þannig að þau nái yfir á fleiri svið.

Vandamál sem upp koma á meðal samningsaðila má taka upp millilíðalaust í EES-ráðinu ef nauðsyn ber til, en gert er ráð fyrir að vandamál séu fyrst rædd í sameiginlegu EES-

[2] Þegar rætt er um EFTA-ríkin er hér átt við þau EFTA-ríki sem aðild eiga að EES-samningnum.

nefndinni.

Ákvarðanir ráðsins eru teknar samhljóða af EFTA-ríkjunum, annars vegar, og ESB, hins vegar. Gert ráð fyrir að EFTA-ríkin mæli einum rómi þegar ákvarðanir eru teknar. Ákvarðanir ráðsins eru fyrst og fremst stjórnmálalegar en ekki bindandi í lagalegri merkingu.

Sameiginlega EES-nefndin.

Sameiginlega EES-nefndin er helsti vettvangur fyrir samráð og samstarf samningsaðilanna. Hún kemur saman í Brussel. Þar sitja fulltrúar samningsaðila, venjulega embættismenn frá EFTA-ríkjunum annars vegar og fulltrúar framkvæmdastjórnar ESB og aðildarríkja ESB hins vegar.

Ef mál sem tekin eru fyrir í nefndinni falla utan valdssviðs ESB taka fulltrúar aðildarríkja ESB fullan þátt í störfum nefndarinnar.

Hlutverk sameiginlegu EES-nefndarinnar er að tryggja virka framkvæmd samningsins og taka ákvarðanir um nauðsynlegar breytingar á viðaukum og bókunum við hann. Einnig skal í sameiginlegu nefndinni fjalla um öll þau mál er valda vandkvæðum í samskiptum samningsaðila. Ef upp koma deilumál um túlkun á samningnum og reglum sem á honum byggja ber að leggja þau fyrir sameiginlegu nefndina, sem ber að leita leiða til lausna á deilunni. Sameiginlega EES-nefndin kemur saman a.m.k. einu sinni í mánuði.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar eru teknar samhljóða. Kveðið er á um að EFTA-ríkin eigi að mæla einum rómi við ákvarðanatöku. Beiti eitt EFTA-ríki neitunarvaldi þýðir það að EFTA-ríkin í heild beiti neitunarvaldi. EFTA-ríkin undirbúa afstöðu sína á fundum fastanefndar EFTA. Á Íslandi hefur verið settur upp sérstakur samráðshópur stjórnarráðsins með þátttöku allra ráðuneyta sem kemur saman einu sinni í mánuði til þess að fjalla um framkvæmd EES-samningsins. Hannes Hafstein sendiherra í Brussel hefur verið tilnefndur fulltrúi Íslands í sameiginlegu EES-nefndinni.

Sameiginlega þingmannanefnd EES.

Í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni sitja 33 þingmenn frá þingi Evrópusambandsins og 33 þingmenn frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Þingmenn frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna verða tilnefndir af þjóðþingunum sjálfum. Alþingi tilnefnir þrjá þingmenn (fjóra þar til Liechtenstein verður aðili að EES-samningnum) til setu í nefndinni.

Nefndin heldur fundi tvisvar á ári til skiptis í ESB og einhverju EFTA-ríkjanna. Einnig

getur nefndin haldið sérstaka fundi þess á milli.

Hlutverk sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar er að stuðla að auknum skilningi milli Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna á þeim sviðum sem samningurinn nær til. Þar sem löggjafarvald verður ekki flutt frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna eða stofnunum bandalagsins til stofnana EES verður sameiginlega þingmannanefndin í ráðgjafar- og eftirlitshlutverki. Í þeim tilgangi ber nefndinni að kanna ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar um framkvæmd og þróun EES-samstarfsins. Nefndin lætur álit sitt í ljós í formi skýrslna eða ályktana.

Ráðgjafarnefnd EES.

Í ráðgjafarnefnd EES sitja fulltrúar frá efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins og úr ráðgjafarnefnd EFTA. Þar sitja fulltrúar atvinnulífsins frá ýmsum samtökum, en þátttakendur eru ekki tilnefndir af samtökunum heldur sitja í nenfdinni sem sjálfstæðir fulltrúar. Ráðgjafarnefnd EFTA tilnefnir þátttakendur í ráðgjafarnefnd EES. Nefndin setur sér sjálf starfsreglur.

Ráðgjafarnefnd EES fjallar um efnahagslega og félagslega þætti og hefur ráðgefandi hlutverk við framkvæmd og þróun EES-samstarfsins. Nefndin lætur álit sitt í ljós í formi skýrslna eða ályktana.

Fastanefnd EFTA.

Sérstakur samningur er milli EFTA-ríkjanna um fastanefnd EFTA. Hvert EFTA-ríkja hefur einn fulltrúa í fastanefndinni og eitt atkvæði. Oftast er um að ræða embættismenn en ekki er loku fyrir það skotið að nefndin hittist á ráðherrastigi. EFTA-ríkin hafa samráð í fastanefndinni varðandi ákvarðanatöku í EES-ráðinu og sameiginlegu EES-nefndinni þannig að EFTA-ríkin geti mælt einum rómi við ákvarðanatökuna. Jafnframt sér fastanefndin um framkvæmd EES-samningsins af hálfu EFTA-ríkjanna, að undanskildu því eftirlitshlutverki sem eftirlitsstofnun EFTA hefur verið falið. Fastanefndin getur skipað undirnefndir og sett aðrar stofnanir á laggirnar til aðstoðar við verkefni sín.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Með samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls var sjálfstæðri eftirlitsstofnun EFTA (ESA) komið á fót. Í henni situr fimm manna stjórn (college) og er

einn stjórnarmaður frá hverju EFTA-ríki. Íslenski stjórnarmaðurinn er Björn Friðfinnsson.

ESA ber að tryggja að EFTA-ríkin standi við skuldbindingar sínar jafnt samkvæmt EES-samningnum sem samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og tryggja að reglur EES-samningsins um samkeppni séu virtar. Í samræmi við þetta er starfsviði ESA skipt upp í almennt eftirlit með lögfestingu og framkvæmd EES-reglna og sérstakt eftirlit með framkvæmd samkeppnisregla, reglna um opinber innkaup og ríkisstyrkjareglna. Þá ber eftirlitsstofnuninni að hafa náið samstarf við framkvæmdastjórn ESB í því skyni að tryggja einsleita framkvæmd EES-reglna.

Eftirlitsstofnunin fer yfir lög og aðrar reglur sem einstök EFTA-ríki setja til fullnustu skuldbindinga sinna samkvæmt EES-samningnum og tekur við kvörtunum um framkvæmd EES-samningsins frá aðildarríkjum EES-samningsins, einstaklingum eða lögpersónum. Eftirlitsstofnun EFTA getur höfðað mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur EFTA-ríki ef hún telur það ekki hafa staðið við samningsskuldbindingar sínar. Áður en til þess kemur á eftirlitsstofnunin að gefa út rökstudda ákvörðun um niðurstöðu sína og gefa viðkomandi ríki ákveðinn tíma til að fullnægja samningsskuldbindingum sínum.

ESA hefur viðamiklu hlutverki að gegna í samkeppniseftirliti og eftirliti á sviði opinberra innkaupa og ríkisstyrkja.

Eftirlit með því að samkeppnisreglur séu virtar er ólíkt almennu eftirliti að því leyti að það beinist að fyrirtækjum, en ekki að samningsaðilum EES-samningsins. Í því skyni að jafna samkeppnisskilyrði fyrirtækja innan EES-svæðisins munu gilda sameiginlegar reglur á öllu svæðinu að því milliríkjaviðskipti varðar.

EES-samningurinn hefur að geyma sérstakar reglur um skiptingu lögsögu milli ESA og framkvæmdarstjórnar ESB í samkeppnismálum og er þetta eina sviðið þar sem tveggja stoða lausn á ekki við að öllu leyti. Ef um er að ræða samkeppni milli viðskiptaaðila, sem hindrað getur samkeppni á EES-svæðinu, mun eftirlitsstofnun EFTA fjalla um þau mál, sem eingöngu hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórn ESB um þau mál sem hafa eingöngu áhrif á viðskipti milli ESB-ríkjanna. Þetta er í samræmi við tveggja stoða lausnina. Hafi slíkir samningar áhrif á viðskipti milli EFTA- og ESB-ríkja gilda hins vegar sérstakar reglur um skiptinguna og er þá miðað við hlutfall veltu viðkomandi fyrirtækja annars vegar í EFTA-ríkjunum og hins vegar í ESB-ríkjunum. Sams konar reglur gilda varðandi lögsögu um mál, sem varða misbeitingu markaðsráðandi stöðu og samþjöppun markaðsvalds.

Samkvæmt EES-samningnum er hægt að veita undanþágu frá almennu banni við

samningum sem hindra samkeppni. Í slíkum tilvikum þurfa samningarnir að uppfylla nánar tiltekin skilyrði sem tilgreind eru í EES-samningnum. Slíkar undanþágur getur ESA veitt í formi einstakra ákvarðana eða almennra undanþága. Til þess að undanþága sé veitt í einstöku tilviki þarf að tilkynna samninginn til eftirlitsstofnunar EFTA, hún getur einnig gefið út yfirlýsingu um aðgerðaleysi sem segir að á grundvelli gagna sem fyrir liggja sjái stofnunin ekki ástæðu til að hafa afskipti að málinu.

Sé um meint brot á samkeppnisreglum að ræða getur ESA hafið rannsókn hvort sem er að eigin frumkvæði eða af tilefni kæru. Eftirlitsstofnunin getur lokið máli með ákvörðun um að hætta frekari rannsókn eða með því að ákveða viðurlög við broti. Getur hún lagt sekt á það eða þau fyrirtæki sem brotið hefur framið og getur sektin numið allt að 10% af ársveltu viðkomandi fyrirtækis eða fyrirtækja í samstarfi við innlend yfirvöld.

Til að tryggja rétta framkvæmd samkeppnisreglnana hefur ESA verið veitt víðtækt rannsóknarvald. Getur hún krafist upplýsinga frá fyrirtækjum og framkvæmt rannsókn á staðnum.

Fyrirtæki sem tekið er til rannsóknar hefur andmælarétt bæði skriflega og einnig skal því gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum munnlega á framfæri á skýringarfundi um málið, sem efnt skal til sérstaklega.

Samkeppnisstofnanir EFTA-ríkjanna munu aðstoða ESA í verkefnum hennar. Getur ESA óskað eftir upplýsingum frá þeim og aðstoðað við rannsókn mála.

Áður en endanleg ákvörðun er tekin í einstökum málum mun ESA ráðfæra sig við EFTA-ríkin með milligöngu sérstakrar ráðgjafarnefndar um samkeppnismál, þar sem samkeppnisyfirvöld ríkjanna geta komið skoðunum sínum á framfæri.

Hægt er að skjóta ákvörðunum eftirlitsstofnunar EFTA í samkeppnismálum til dómstóls EFTA.

EES-samningurinn tryggir sameiginlegan markað fyrir opinber innkaup í aðildarríkjum EES-samningsins. ESA hefur verið falið að hafa eftirlit með því að reglum EES-samningsins á þessu sviði sé framfylgt. Einstök fyrirtæki eða hagsmunasamtök fyrir þeirra hönd geta borið fram kvartanir eða sent formlegar kærur til eftirlitsstofnunar EFTA og hún getur einnig gripið til aðgerða að eigin frumkvæði.

Samningurinn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls veitir eftirlitsstofnun EFTA rétt til beinna afskipta af opinberum innkaupum áður en samningur um þau hefur verið gerður telji eftirlitsstofnunin að um augljóst brot á EES-samningnum sé að ræða. Eftirlitsstofnunin mun

þá hafa samband við stjórnvöld í viðkomandi EFTA-ríki og óska eftir því að tekið sé í taumana. Skal þessari málaleitan svarað innan þriggja vikna. Þriggja vikna fresturinn í þessu tilviki er styttri en almennt er í umfjöllun meintra brota á EES-samningnum, en hann er styttur í þessu tilviki sökum þess hversu brýnt það er að forðast tafir þegar ákvörðun skal taka um opinber innkaup. Það ríki sem í hlut á getur svarað óskum ESA á þrennan hátt, þ.e. með því að leiðrétting hafi verið gerð á fyrirhuguðu fyrirkomulagi opinberra innkaupa, að það hafi ekki verið gert af nánar tilgreindum ástæðum eða að ákvörðun um opinber innkaup hafi verið frestað. Ef EFTA-ríki veitir ekki fullnægjandi svör innan þriggja vikna frestsins getur eftirlitsstofnun EFTA höfðað mál gegn því fyrir dómstól EFTA. Sama gildir hafi samningur þegar verið gerður um opinber innkaup.

Ákvæði EES-samningsins um ríkisstyrki miða að því að tryggja að þær hagsbætur sem hertar reglur um samkeppni á EES-svæðinu er ætlað að hafa í för með sér glatist ekki sökum þess að samkeppnisstöðunni sé raskað með styrkveitingum til einstakra fyrirtækja eða atvinnugreina og hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

ESA hefur eftirlit með því EFTA-ríkin virði ríkisstyrkjareglur EES-samningsins. Ef eftirlitsstofnun EFTA kemst að því, eftir að hafa beðið hluteigandi aðila um athugasemdir, að ríkisstyrkir sem EFTA-ríki veitir eða er veitt af fjármunum EFTA-ríkjanna samræmist ekki ákvæðum EES-samningsins á ESA að taka ákvörðun um að hluteigandi EFTA-ríki skuli leggja niður eða breyta ríkisstyrkjunum innan frests sem eftirlitsstofnun EFTA ákveður. Hlíti EFTA-ríki ekki þessari ákvörðun innan tilsetts frests getur ESA vísað málinu til EFTA-dómstólsins.

Til þess að tryggja samræmt eftirlit á öllu Evrópska efnahagssvæðinu eiga eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn ESB að hafa samstarf sín á milli, skiptast á upplýsingum og ráðgast hvor við aðra um stefnu í eftirlitsmálum og einstökum málum. Ef upp kemur ágreiningur milli eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar ESB getur hvor stofnunin um sig vísað honum til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Sameiginlega EES-nefndin mun þá fjalla um málið í samræmi við ákvæði EES-samningsins um lausn deilumála.

Dómstóll EFTA.

Fimm dómarar, tilnefndir að EFTA-ríkjunum, sitja í EFTA-dómstólnum. Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari er einn þeirra. Dómurinn starfar fullskipaður en EFTA-ríkin mega heimila honum að starfa í deildum. Dómstóllinn hefur aðsetur í Genf.

ESB-stólpinn í EES varðandi dómsmál er Evrópudómstólinn og undirréttur hans.

Sá meginmunur er á Evrópudómstólnum og EFTA-dómstólnum að dómsvald þess síðarnefnda gengur mun skemur en þess fyrrnefnda.

EFTA-dómstóllinn hefur einungis dómsvald í málum er varða EFTA-ríkin, einstaklinga og lögpersónur og eftirlitsstofnun EFTA eins og nánar verður nú gerð grein fyrir. Dómsvaldi EFTA-dómstólsins má skipta upp í:

1. Samningsbrotamál. Hér er annars vegar um að ræða heimild eftirlitsstofnunar EFTA til að höfða mál fyrir fyrir EFTA-dómstólnum á hendur EFTA-ríki ef hún telur það ekki hafa staðið við samningsskuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum og hins vegar heimild eins EFTA-ríkis að höfða mál á hendur öðru EFTA-ríki vegna deilu á túlkun eða beitingu EES-samningsins.

2. Ráðgefandi álit um túlkun EES-samningsins. EFTA-dómstóllinn gefur ráðgefandi en ekki bindandi álit um túlkun á EES-samningnum. Þetta er heimildarákvæði, sem dómstólar í EFTA-ríkjunum geta nýtt sér en eru ekki skyldugir að gera. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um heimild til að afla slíks álits frá EFTA-dómstólnum.

3. Mál um viðurlög. EFTA-dómstóllinn hefur dómsvald að því er varðar viðurlög sem ESA hefur sett. Hér um að ræða sektir og févíti sem ESA er heimilt að leggja á, á grundvelli bókunar 4 (um störf og valdsvið eftirlitsstofnunarinnar á sviði samkeppni) við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

4. Ógildingarmál. EFTA-dómstóllinn hefur vald til að dæma í málum sem EFTA-ríki höfðar vegna ákvörðunar ESA og byggja á vanhæfi, verulegum formgöllum, brotum gegn samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, EES-samningnum eða réttarreglum um beitingu þeirra eða valdníðslu. Einstaklingar og lögpersónur geta með sömu skilyrðum höfðað mál fyrir EFTA-dómstólnum vegna ákvörðunar STA.

5. Aðgerðarleysismál. EFTA-ríki getur höfðað mál fyrir EFTA-dómstólnum vegna þess að ESA lætur hjá líða að taka ákvörðun, sem henni ber að gera á grundvelli EES-samningsins eða samningsins. Sama gildir um einstaklinga.

6. Skaðabótamál. EFTA-dómstóllinn hefur heimild til að dæma í skaðabótamálum utan samninga gegn EFS.

Eins og sést á þessari upptalningu þá eru það einungis EFTA-ríkin eða ESA sem í flestum tilvikum geta höfðað mál fyrir dómstól EFTA. Þannig geta einstaklingar og lögpersónur ekki höfðað mál á hendur öðrum lögpersónum eða einstaklingum eða ríki fyrir EFTA-dómstólnum og í mjög takmörkuðum tilvikum gegn eftirlitsstofnum EFTA. Lög og

reglugerðir í aðildarríkjum EES eru á hinn bóginn aðlagaðar að EES-samningnum hverju sinni og geta því einstaklingar og lögpersónur leitað réttar síns í viðkomandi landi.

Nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna.

EFTA-ríkin gerðu með sér samning um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Í nefndinni sitja átta þingmenn þjóðþinga Austurríkis og Sviþjóðar, sex þingmenn þjóðþinga Finnlands og Noregs, þrír þingmenn Alþingis og tveir þingmenn munu koma frá þjóðþingi Liechtenstein, þegar Liechtenstein verður aðili að EES eða samtals þrjátíu og þrír fulltrúar. Þessir þingmenn sitja einnig í sameiginlegri þingmannanefnd EES, sem þegar hefur verið vikið að.

Nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna á að vera EFTA-ríkjunum til ráðgjafar um mál sem tengjast EES. Nefndin skal enn fremur miðla málum um slík mál milli sameiginlegrar þingmannanefndar EES og þjóðþinga EFTA-ríkjanna, svo og og milli þessara þjóðþinga.

Enn fremur getur nefndin látið í ljós álit sitt á öllum málum sem tengjast starfsemi og þróun EES við fastanefnd EFTA-ríkjanna og fastanefnd EFTA getur leitað ráða hjá nefndinni. Áður en tillögur eftirlitsstofnunar EFTA um fjárlög eru samþykkt skulu ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna hafa samráð við nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna.

Ráðgjafarnefnd EFTA.

Núverandi ráðgjafarnefnd EFTA mun í framtíðinni, eins og hingað til, fjalla um EES-málefni og einnig önnur málefni er tengjast EFTA.

Ráðgjafarnefnd EFTA var sett á fót 1961 og er skipuð aðilum vinnumarkaðarins og atvinnuveganna. Af hálfu hvers EFTA-ríkis eru tilnefndir fimm fulltrúar. Undanfarin ár hafa frá Íslandi setið fundi nefndarinnar starfsmenn ASÍ, BSRB, VÍ, SI og VSÍ. Fulltrúar frá ráðgjafarnefnd EFTA munu sitja í ráðgjafarnefnd EES. Á fjárlögum er gert ráð fyrir því að stjórnvöld styrki þessi samtök til að sækja fundi nefndarinnar.

IV. i. f. Framkvæmd á Íslandi.

Lög um Evrópska efnahagssvæðið voru samþykkt í janúar 1993 (nr. 2/1993) og breyting á þeim var afgreidd í maí það ár (nr. 66/1993). Sú leið var farin eins og á hinum

Norðurlöndunum að lögfesta meginmál samningsins, sem er 129 greinar. Einstök ráðuneyti bera ábyrgð á því að koma samningnum í framkvæmd að öðru leyti, hvert á sínu sviði.

Í samningnum er vísað til um 1400 reglugerða, tilskipana og fleiri svokallaðra „gerða" sem hafa verið samþykktar á s.l. 30 árum eða svo í Evrópusambandinu, fram að 31. júlí 1991. Fyrir vorið verða hátt á fimmta hindrað gerðir til viðbótar lagðar fyrir Alþingi. Þetta eru gerðir sem samþykktar hafa verið í ESB fram til síðustu áramóta og samkomulag er um að gildi fyrir allt EES-svæðið.

Til þess að hrinda ofangreindum gerðum í framkvæmd voru 43 EES-fylgifrumvörp samþykkt á 116. Alþingi 1992-93 og 7 á haustþinginu 1993-94. Fyrir vorið er gert ráð fyrir því að afgreiða þurfi a.m.k. 13 frumvörp í viðbót.

Auk lagasetningarinnar er nauðsynlegt að stjórnvöld gefi út fjölda reglugerða til nánari útfærslu á EES-reglunum. Þær eiga ýmist stoð í ofangreindum lögum, sem voru eða verða samþykkt í tengslum við EES-samninginn, eða í eldri lögum þegar fullnægjandi reglugerðarheimild er fyrir hendi. Setning EES-reglugerða er verulega á eftir áætlun hér á landi og getur verið að ESA þurfi að grípa til aðgerða eins og henni ber skylda til, þar sem dráttur á lögfestingu EES-gerða er brot á samningsskyldum Íslands.

Eftirlitsstofnunin hefur m.a. það verkefni að fylgjast með því að EFTA-löndin standi við skuldbindingar sínar. Það verkefni rækir hún m.a. með því að kalla eftir skýrslugjöf frá íslenskum stjórnvöldum um hvernig þau hafa framkvæmt einstök ákvæði EES-samningsins, með tilvísunum í innlenda löggjöf og reglugerðir.

IV. ii. Innganga EFTA-ríkja í ESB.

Þegar viðræður hófust við Austurríki, Finnland og Svíþjóð og síðan Noreg á sl. ári reiknuðu allir, nema bjartsýnustu Svíar, með því að þær myndu standa mestan hluta árs 1994 og fullgildingarferillinn síðan árið 1995, þannig að úr aðild gæti orðið 1. janúar 1996, ef hún yrði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu í þessum ríkjum.

Á leiðtogafundi Evrópusambandsins á miðju síðasta ári var stefnan hins vegar sett á 1. janúar 1995, flestum að óvörum. Var þá lagður aukinn kraftur í viðræðurnar og hefur þeim miðað vel á veg, en þó mjög misjafnlega. Ekki hefur borið mikið á andstöðu við þessa stækkun frá núverandi aðildarríkjum eða ESB-þinginu þótt upphaflega hafi ýmis ríki á suðurvængnum talið að slík stækkun til norðurs myndi skekkja valdahlutföll innan ESB. Eina

áþreifanlega dæmið um áhyggjur vegna aðildar nýrra ríkja kom fram frá Spánverjum í desember þegar þeir stöðvuðu fullnaðarafgreiðslu á einum hinna 29 þátta aðildarviðræðnanna, þ.e. myntsamstarfsákvæði Maastricht-samningsins með því að krefjast þess að það yrði meiri hluti núverandi aðildarríkja eingöngu sem réði næstu skrefum í átt að myntbandalagi. Samkvæmt Maastricht-samningnum átti myntbandalagið að koma til framkvæmdar árið 1997, þ.e. allt að tveimur árum eftir að ný ríki eru komin inn. Óvissa ríkir um framhald þessa máls Spánverja, ekki síður en um raunverulega framkvæmd og tímaáætlun myntbandalagsins sjálfs.

Tölfræðilega má segja að yfirgnæfandi meirihluti þeirra mála, sem semja þarf um í aðildarviðræðum, hafi verið mestu eða að fullu frágenginn þegar í upphafi viðræðna. Er þar einkum fyrir að þakka EES- samningnum, en þar var samið um fjórfrelsið og ýmsa hluti aðra sem mjög tímafrekt hefði annars orðið að semja um. Einnig kom í ljós að umsækjendur töldu sér auðvelt að taka yfir ákvæði Maastricht-samningsins enda er flest þar fremur í formi viljayfirlýsinga frekar en skuldbindinga.

Mestum erfiðleikum valda þau atriði sem EES-samningurinn náði ekki til enda var fyrirsjáanlegt að yfirtaka þeirra myndi verða EFTA-ríkjunum erfið. Þarna er ekki síst um að ræða skuldbindingar á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs, byggðastefnu, vöruflutninga um Austurríki, sumarbústaðakaups og svo ýmissa atriða neytendaverndar (staðla) sem EFTA-ríkin töldu á hærra stigi hjá sér og fengu í EES langa aðlögunartíma eða öryggisákvæði sem grípa mætti til.

Stofnanaþættirnir eru miklu auðveldari viðfangs í aðild en í EES enda um fulla þátttöku að ræða í öllum stofnunum og nefndum ESB frá upphafi. Helst var talið að ágreiningur yrði um atkvæðavægi nýrra aðildarríkja í meiri hluta ákvörðunum eða fjölda þingmanna á ESB-þinginu. Í desember settu leiðtogar sambandsins fram tilboð sitt um þessa þætti og staðfestu jafnframt að hvert hinna nýju aðildarríkja fengi sinn fulltrúa í framkvæmdastjórn og dómstól. Umsækjendur virðast allir una við þetta tilboð og var því ekki um að ræða vandamál á því sviði. Fjárframlög umsækjenda til EBS voru hins vegar tekin fyrir undir lok viðræðna.

Til þess að aðild gæti orðið að veruleika 1. janúar 1995 þurfti samningaviðræðum að ljúka fyrir byrjun mars því ella hefði verið vonlítið að Evrópuþingið sem nú situr geti afgreitt málið fyrir lok kjörtímabils í vor og nýtt þing í haust næði tæpast að afgreiða það í tæka tíð. Þar með hefði aðild frestast um eitt ár að minnsta kosti því varla er talið fært að taka inn ný ríki af tæknilegum ástæðum nema í upphafi árs.

Ekki þarf að fjölyrða um það að þjóðaratkvæði er nauðsynlegt í öllum

umsóknarríkjunum og að enn er æði óvíst um niðurstöður, ekki síst í Noregi.

Sú spurning hefur alltaf legið í loftinu hvað ESB myndi gera ef einhver umsækjenda drægist aftur úr í samningunum. Lengi var það ríkjandi skoðun að ógerlegt væri af skipulagsástæðum annað en þjóðaratkvæði færi fram hjá öllum umsækjendum um svipað leyti svo að fyrir lægi hverjir yrðu með og að þeir kæmu allir inn í einu. Nú virðist þeirri skoðun vaxa fylgi að aðildarviðræður Noregs og jafnvel Austurríkis kunni að dragast meira en Finnar og Svíar vilja sætta sig við og því kunni svo að fara að Evrópusambandið bjóði þeim aðild fyrr en hinum.

Um aðildarviðræðnur einstakra ríkja er eftirfarandi að segja:

Austurríki.

Mest ber á milli í landbúnaði þar sem Austurríkismenn kröfðust sérstakra aðgerða og styrkja vegna landbúnaðar í Alpa-fjöllunum og langs aðlögunartíma varðandi verðlag. Þeir gerðu einnig kröfur um að geta haldið sumarbústaðakaupum (second homes) útlendinga í skefjum og vísuðu þar til sérreglna Dana, enda eru þeir í næsta nágrenni við stóra og fjársterka þýska byggðakjarna. Eitt viðkvæmasta deiluatriðið var síðan gegnumflutningar um austurrísku Alpana til og frá Ítalíu og Grikklandi. Samkvæmt þeim samningi sem var gerður við ESB í tengslum við EES-saminginn eru strangar takmarkanir á fjölda flutningabifreiða og ákvæði um mengunarvarnir frá þessum flutningum. Sá samningur var gerður til 12 ára en í aðildarviðræðunum gerði ESB þá kröfu að allar takmarkanir féllu niður á umferð um Austurríki enda stríði slíkar takmarkanir gegn markmiðum sambandssvæðisins. Samkomulag náðist þó að lokum um langan aðlögunartíma.

Finnland.

Landbúnaðurinn var lengi stærsta óleysta málið í aðildarviðræðum Finna. Mikill munur er á verðlagi innan ESB og í Finnlandi á flestum tegundum landbúnaðarvara. Kröfur Finna voru að öll landbúnaðarhéruð í Finnlandi gætu fengið byggðastyrki vegna norðlægrar legu og að langur aðlögunartími gilti um verðlagninguna en það þýðir augljóslega að landamæraeftirliti hefði þurft að halda uppi á meðan. Tengt mál ar krafa Finna um að fá að halda áfram veiðum á Eystrasaltssíld til fóðrunar loðdýra, en sú nýting er andstæð reglum ESB.

Svíþjóð.

Svíar töldu sig frá upphafi komna lengst EFTA-ríkjanna í samningaviðræðunum. Stafar það af því að sænska landbúnaðarkerfið hefur markvisst verið lagað að reglum ESB á undanförnum árum og ætti suðurhluti Svíþjóðar því ekki að þurfa sérreglur. Stöðu norðurhlutans ætla Svíar hins vegar að tryggja með byggðasjóðum ESB. Lengi var deilt um framlög til reksturs ESB en samkomulag náðist um að Svíar greiddu ekki framlag að fullu fyrr en á fimmta ári aðildar.

Noregur

Norðmenn hófu að vísu samningaviðræður tveimur mánuðum síðar en hinir. Við það bættist að vandamálin voru stærri og fleiri. Það var fyrst og fremst pólitíska hliðin og ekki síst öryggismálin sem freistaði þeirra og þar voru engin vandamál í aðildarviðræðunum - en svo virtist reyndar heldur ekki vera fyrir hlutlausu ríkin þrjú.

Landbúnaður, sjávarútvegur, byggðastyrkir, áfengissala eru þau svið sem mestur styr stóð um. Orkumálin virtust einnig í upphafi ætla að verða stórt vandamál en úr því dró þegar á leið nú.

Landbúnaður og byggðamálin valda svipuðum vanda og hjá Finnum en sjávarútvegsmálin eru e.t.v. sá þáttur sem verður afgerandi. Norðmenn hafa óskað eftir að halda mjög verulegum hluta þeirra í eigin höndum eftir aðild en í tillögum framkvæmdastjórnar til aðildarríkanna er lagt til að flestum óskum Norðmanna verði hafnað. Að vísu hefur ESB gefið í skyn að ekki verði óskað eftir að önnur aðildarríki fái stærri hlut í veiðum Norðmanna en nú er, en það eru út af fyrir sig litlar fréttir því innan sambandsins hefur meirihlutinn lengi haldið sig við kenninguna um hlutfallslegt jafnvægi (relative stability) í veiðum. Ennfremur hefur verið gefið í skyn að byggt verði á reynslu Norðmanna í verndaraðgerðum á norðursvæðunum en á hinn bóginn virðist hafnað öllum kröfum þeirra um yfirráðaréttinn sem slíkan og um rétt til samninga við þriðju ríki. Enn eiga þó eftir að fara fram samningaviðræður við ráðherraráð ESB sem er hinn raunverulegi samningsaðili í aðildarviðræðunum.

Afleiðingar af aðild EFTA-ríkja að ESB fyrir Ísland.

Óneitanlega mun það hafa mikil áhrif á samvinnu Íslands við þessi ríki ef þau gerast aðilar að ESB og þá sérstaklega við nágranna okkar Finna, Norðmenn og Svía. Hvað snertir

þessi ríki og þá sérstaklega Finnland, Noreg og Svíþjóð hefur Ísland ýmis samningsleg réttindi gagnvart þeim í gegnum aðild að EFTA, norræna samninga og tvíhliða samninga. Því er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því hvort og þá hvernig þessi samningslegu réttindi gætu breyst við væntanlega aðilda þeirra að ESB.

Það er ljóst að við aðild að ESB munu þessi ríki hafa sameiginlega tolla gagnvart ríkjum utan þess og gerir bandalagið viðskipta- og tollasamninga við þriðju ríki, sbr. 113. gr. Rómarsamningsins. Á þessum sviðum og ýmsum öðrum takmarkar valdssvið bandalagsins rétt aðildarríkja til aðildar að eða gerðar margs konar samninga.

Það er ljóst að erfitt verður að sækja það að halda betri rétti gagnvart þessum ríkjum, sem Ísland hefur öðlast t.d. með aðild sinni að EFTA, gerist þau aðilar, þar sem slíkur betri markaðsaðgangur, ef um það næðist samkomulag, felur jafnframt í sér betri aðgang að mörkuðum allra aðildarríkja ESB. Hér er einkum um að ræða markaðsaðgang fyrir þær sjávarafurðir sem ekki njóta fulls tollfrelsis skv. EES-samningi, fyrst og fremst síld. Eins og kunnugt er er full fríverslun með fisk og fiskafurðir meðal EFTA-ríkjanna.

Í þessu sambandi er einnig rétt að minna á saminginn milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Noregs. Hér er um tímabundinn samning að ræða og það er ótvírætt að skv. reglum fer framkvæmdastjórn ESB með samningsréttinn við þriðju ríki hvað varðar fiskveiðisamninga.

Í þessu sambandi skal einnig minnt á að við aðild Íslands að EFTA var jafnhliða gert tvíhliða samkomulag við hvert og eitt hinna Norðurlandanna um innflutning á lambakjöti frá Íslandi. Finnland heimilaði árlegan innflutning á 100 tonnum næstu 3 árin, en þá yrði þessi innflutningur tekinn til endurskoðunar. Samkomulagið er því í raun tímabundið þó það hafi ekki verið fellt niður. Samkomulagið við Noreg kveður á um 600 tonn árlega. Hvað varðar Svíþjóð er um 500 tonna kvóta að ræða árlega fyrir EFTA-ríkin. Erfitt verður væntanlega að halda þessum kvótum fyrir lambakjöt, þar sem það myndi í raun þýða stækkun á núverandi lambakjötskvóta Íslands gagnvart ESB, sem er 600 tonn árlega. Einnig hefur útflutningur Íslands á síðustu árum minnkað.

Fyrir utan útflutning á sjávarafurðum og lambakjöti er rétt að vekja athygli á útflutningi til Finnlands á þangmjöli og þaramjöli með 0% tolli. Tollur á þessar vörur við innflutning til ESB er 15%. Einnig hafa verið fluttir út reiðhestar til Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á lágum eða engum tolli. Við innflutning til ESB-ríkjanna er tollurinn hins vegar 18%. Í þessu sambandi er rétt að benda á að lægri tollur á reiðhestum til Norðurlanda og þang- og

þaramjöli til Finnlands byggist ekki á samningum Íslands við þessi ríki.

Allflestir norrænu samninganna sem Ísland er aðili að sem og tvíhliða samningar okkar við þessi þrjú ríki eru þess eðlis að ekki þarf að hafa áhyggjur af því að þeir haldi ekki velli þrátt fyrir aðild Finnlands, Noregs og Svíþjóðar að ESB. Margir þeirra eru frekar yfirlýsingar í eðli sínu um að stefna skuli að aukinni samvinnu, orðalagið þannig að það bindur ekki aðildarríki þess í raun eða það er ótvírætt að þeir snerti ekki valdsvið ESB. Við inngöngu Danmerkur í ESB hélst aðild Danmerkur að Norðurlandasamningunum óbreytt a.m.k. hefur ekki fyrr en þá í seinni tíð verið amast við þeim þrátt fyrir að ekki virðist sérstaklega vikið að Norðurlandasamstarfinu í aðildarsáttmála Danmerkur og ESB. Jafnframt hefur Danmörk gerst aðili að ýmsum Norðurlandasamningum og breytingum á þeim eftir að Danmörk gerðist aðili að ESB.

Svigrúm aðildarríkja ESB hefur minnkað á undanförnum árum við það að mikill fjöldi ESB-reglna hefur verið settur með það að markmiði að koma á innri markaðnum og útvíkkun á samstarfi aðildarríkja þess til nýrra sviða. Með tilkomu Maastricht-samkomulagsins mun þetta svigrúm enn minnka. Ljóst er þjóðréttasamningar einstakra aðildarríkja ESB mega ekki skarast við valdssvið ESB. Skilningur ESB og staðan almennt breytist einnig til verri vegar fyrir Ísland eftir því sem fleiri Norðurlandanna gerast aðilar að bandalaginu og eðli samstarfsins hlýtur að breytast verulega.

Þegar EES-samningurinn var gerður þótti nauðsynlegt að árétta að sá samningur útilokaði ekki norræna samvinnu, sbr. 121. gr. hans. Í ræðu Evrópu- og utanríkisviðskiptaráðherra Svíþjóðar við upphaf samningaviðræðna þeirra um aðild að ESB sagði hann að í aðildarsáttmála Svíþjóðar verði þátttaka í norrænu samstarfi viðurkennd með viðeigandi hætti.

Í þessu sambandi hefur verið rætt um leiðir til að tryggja áframhald Norðurlandasamstarfs ef öll ríkin nema Ísland verða aðilar að Evrópusambandinu. Fyrst og fremst hefur verið bent á að tryggja þyrfti norræna vegabréfasambandið og eftirlit í því sambandi, svo og betri réttindi Norðurlandabúa er þeir koma til annars norræns ríkis að því er varðar félagsleg réttindi.

Ísland hefur vakið athygli á þessum málum bæði á norrænum fundum ráðherra og embættismanna og kynnt það fyrir fulltrúum ESB.

Tafla 5.

Nokkrar hagtölur fyrir aðildarríki að Evrópusambandinu og EFTA. Staða einstakra landa miðað við kröfur vegna inngöngu í EMU, peningasamstarf ESB. Horfur fyrir árið 1994.

	Verðbólga (framf. vísit.) % br. milli ára	Halli á rekstri ríkis og sveitarf. % af VLF	Hlutfall op-inberra skulda % af VLF	Vextir á lang-tímaríkisverð-br. nafnv. %
Hámarksprósenta:	3,7	3,0	60,0	7,9
ESB-ríkin				
Þýskaland	3,2	**3,5**	50,8	5,7
Frakkland	1,9	**6,0**	**62,1**	5,7
Ítalía	**4,1**	**8,7**	**116,5**	**8,7**
Bretland	3,4	**7,4**	52,3	6,7
Spánn	**4,1**	**7,0**	**62,6**	**8,5**
Holland	2,2	**4,3**	**69,7**	5,6
Belgía	2,4	**6,1**	**144,6**	6,4
Danmörk	3,0	**4,8**	**69,7**	6,1
Portúgal	**5,3**	**6,9**	**62,6**	***8,7**
Grikkland	**10,8**	**15,7**	**103,7**	***23,9**
Írland	3,5	**3,2**	**89,6**	7,6
Lúxemborg	3,0	*2,5	*7,3	*7,5
EFTA-ríkin				
Svíþjóð	2,5	**12,7**	**80,5**	**8,0**
Austurríki	2,8	**3,8**	58,6	6,3
Noregur	1,8	**3,4**	51,0	5,5
Finnland	2,3	**6,2**	**66,1**	**8,5**
Sviss	2,6	**4,0**	50,0	4,5
Ísland	2,0	2,9	55,6	6,0

* Tölur fyrir árið 1993. VLF=Verg landsframleiðsla.
Heimildir: Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins; OECD.

IV. iii. Úrúgvæ-samningalota GATT.

Hinn 15. desember 1993 lauk Úrúgvæ-viðræðunum og verður Úrúgvæ-samningurinn undirritaður á ráðherrafundi í Marrakess í Marokkó 12.-15. apríl 1994. Samningurinn verður undirritaður með fyrirvara um fullgildingu hans. Í framhaldi af undirskrift hans verður hann borinn undir Alþingi. Á ráðherrafundinum í Marokkó verður einnig ákveðið hvenær samningurinn tekur gildi. Í samningsdrögunum er gert ráð fyrir að samningurinn taki gildi snemma á árinu 1995 eða 1. júlí það ár. Að undanförnu hafa verið í gangi umræður um það að tryggja gildistöku hans 1. janúar 1995. Ráðuneyti sem hlut eiga að máli hafa fylgst með samningaferlinu frá upphafi. Þau hafa samninginn nú til yfirlestrar, samhliða þessu er unnið að þýðingu hans.

Úrúgvæ-viðræðunum var hleypt af stokkunum á ráðherrafundi aðildarríkjanna í Punta del Este í Úrúgvæ árið 1986. Með þeim hófust langviðamestu viðskiptaviðræður um aukið frelsi í heimsviðskiptum sem átt hafa sér stað til þessa. Orðið var mjög aðkallandi að aðlaga alþjóðlegar viðskiptareglur að nútímaþörfum heimsviðskipta, m.a. með því að skapa reglur um þjónustuviðskipti en vægi þeirra fer ört vaxandi og fella landbúnaðarafurðir undir almennt viðskiptafyrirkomulag. Reiknað hefur verið út að Úrúgvæ-samningurinn muni auka þjóðartekjur samningsaðila um a.m.k. 270 milljarða Bandaríkjadollara á ári.

Hér að neðan verður í fyrsta lagi gerð grein fyrir drögunum að Úrúgvæ-samningnum og í öðru lagi ávinningi Íslands af samningnum.

Drögin að Úrúgvæ-samningnum.

Niðurstöður Úrúgvæ-viðræðnanna er að finna í drögum að "Final Act Embodying the Results of the Uruguay Round of Multilateral Trade Negotiations", dags. 15. desember 1993. Í þeim eru annars vegar drög að samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (World Trade Organization - WTO), samningar, samningsdrög og túlkanir á þeim sem falla munu undir stofnunina og hins vegar drög að yfirlýsingum og ákvörðunum sem ráðherrar aðildarríkja viðræðnanna munu staðfesta eða taka á ráðherrafundinum í apríl 1994. Öll aðildarríki Úrúgvæ-viðræðnanna, sem skrifa undir og staðfesta síðan Úrúgvæ-samninginn verða aðilar að WTO og taka á sig þær skuldbindingar og réttindi sem felast í Úrúgvæ-samningnum. Í fyrri viðræðum GATT hafa verið gerðir ýmsir sérsamningar sem skylduaðild hefur ekki verið að.

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO).

Við lok seinni heimsstyrjaldarinnar var ætlunin að setja á stofn þrjár nátengdar stofnanir um alþjóðlega efnahags- og viðskiptasamvinnu ríkja. Einungis náðist samkomulag um stofnun tveggja þeirra, þ.e. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann. Með gildistöku Úrúgvæ-samningsins verður þriðja stofnunin sett á fót, þ.e. Alþjóðaviðskiptastofnunin.

Ráðherrar aðildarríkja WTO munu fara með æðstu völd stofnunarinnar og hittast a.m.k. annað hvert ár. Á milli þess starfar WTO-ráð. WHO mun fara með (1) framkvæmd GATT-samningsins, útfærsluna á honum og sérsamninga á sviði vöruviðskipta, (2) samninga um þjónustuviðskipti og (3) samnings um hugverkaréttindi. Í samræmi við þessi verkefnasvið verðu stofnuð þrjú ráð, sem heyra undir WHO-ráðið, þ.e. fyrir vöruviðskipti, þjónustuviðskipti og hugverkaréttindi. Af þessum þremur sviðum falla einungis vöruviðskipti undir GATT nú. Öll aðildarlöndin munu eiga aðild að WTO-ráðinu og undirráðum þess.

Ráðherrar aðildarríkja stofnunarinnar skipa aðalframkvæmdastjóra WTO. Fastlega er búist við því að fyrsti aðalframkvæmdastjóri WTO verði Peter Sutherland, núverandi aðalframkvæmdastjóri GATT. Í viðauka með samningnum um stofnun WTO eru taldir upp eftirfarandi samningar og túlkanir á þeim sem falla munu undir WTO. Þeir eru:

- GATT-samningurinn með umsömdum breytingum og túlkunum á honum.
- Drög að samkomulagi um túlkanir á GATT-samningnum.
- Viðauki með tilboðum einstakra aðildarríkja Úrúgvæ-viðræðnanna um landbúnaðarvörur og markaðsaðgang.
- Drög að ýmsum sérsamningum.
- Drög að samningi um þjónustuviðskipti.
- Drög að samningi um hugverkaréttindi.
- Drög að samkomulagi um lausn deilumála.
- Drög að samningi um athugun á viðskiptastefnum aðildarríkja WTO.
- Nokkrir fjölhliða samningar.

Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir ofantöldum liðum.

GATT-samningurinn.

GATT-samningurinn með umsömdum breytingum og túlkununum á honum verður felldur undir WTO, eins og áður sagði. Sett verður á fót undirbúningsnefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnsetningu WTO og hvernig WTO yfirtekur verkefni GATT.

Túlkanir á GATT-samningnum.

Hér er um að ræða nánari útfærslu á nokkrum ákvæðum GATT-samningsins, þ.e.a.s. II. gr. um lista yfir tollaívilnanir, XVII. gr. um viðskiptafyrirtæki ríkisins, XII. og XVIII. gr. um greiðslujöfnuð, XXIV. gr. um tollabandalög og fríverslunarsvæði, XXV. gr. um sameiginlegar ráðstafanir samningsaðilanna, XXVIII. gr. um breytingar á ívilnunarlistum og XXXV. gr. um frávik frá beitingu samnings milli einstakra samningsaðila.

Landbúnaðar- og markaðsaðgangstilboð í Úrúgvæ-viðræðunum.

Með þessum viðauka eru landbúnaðar- og markaðsaðgangstilboð einstakra aðildarríkja Úrúgvæ-viðræðnanna, þ.m.t. Íslands, gerð hluti af Úrúgvæ-samningnum. Þau verður að finna í svokölluðum skrám einstakra ríkja (national schedules).

Landbúnaðartilboð einstakra ríkja eiga að vera í samræmi við drög að sérsamningi um landbúnað, sem vikið verður að hér á eftir ásamt tilboði Íslands.

Með markaðsaðgangstilboðum er átt við tilboð einstakra aðildarríkja Úrúgvæ-viðræðnanna um lækkun eða afnám tolla og annarra viðskiptahindrana varðandi aðrar vörur en landbúnaðarvörur.

Á árinu 1990 náðu aðildarríki GATT samkomulagi um að viðræður um tollalækkun með slíkar vörur ættu að leiða til a.m.k. þriðjungs lækkunar tolla að meðaltali. Tollalækkanirnar ættu að miðast við GATT-bindingar á þeim vörum þar sem þær eru fyrir hendi, en rauntolla 1. september 1986 á þeim vörum þar sem ekki er um að ræða GATT-bindingar. Á fundi sjöveldanna í Tókýó í júlí 1993 náðist samkomulag þeirra á milli um að auk þriðjungs lækkunarinnar ætti að fella niður alla tolla og binda í 0% fyrir lyf, tæki til byggingarframkvæmda, lækningatæki, stál, bjór og með vissum undanþágum einnig húsgögn, landbúnaðartæki og sterka drykki. Einnig átti að samræma tolla fyrir efnavörur og leitast við að lækka hærri tolla en 15% um a.m.k. 50%.

Aðferðin við að ná fram tollalækkunum var sú að aðildarlönd viðræðnanna settu fram kröfur hvert á annað í tvíhliða viðræðum og lögðu jafnframt fram tilboð m.a. á grundvelli

framkominna óska frá öðrum. Sérhvert aðildarríkjanna þurfti þannig í lok Úrúgvæ-viðræðnanna að leggja fram tilboð um markaðsaðgang sem áttu m.a. að endurspegla niðurstöður tvíhliða viðræðnanna. Tilboð Íslands felur í sér rúmlega þriðjungs lækkun að meðaltali á GATT-bindingum eða rauntollum eins og þeir voru 1. september 1986. Rauntollar eins og þeir eru í dag lækka óverulega og þar með tekjutap ríkissjóðs. Ástæða þess er í fyrsta lagi sú að tollar voru mun hærri 1. september 1986 en þeir eru í dag og í öðru lagi er Ísland að jafnaði með háar GATT-bindingar. Niðurstaðan er því einkum sú að GATT-bindingar lækka þó nokkuð jafnframt því að þeim fjölgar. Í nokkrum tilvikum verða GATT-bindingarnar 0%. Hér um að ræða fisk í þriðja kafla tollskrárinnar og með fáeinum undanþágum lyf, lækningatæki og tæki til byggingarframkvæmda.

Drög að ýmsum sérsamningum.

Hér um að ræða drög að sérsamningum um landbúnaðarvörur, landbúnaðarheilbrigðisreglur, spunavörur, tæknilegar viðskiptahindranir, viðskiptahindranir tengdar fjárfestingum, túlkun á VI. gr. GATT-samningsins, túlkun á VII. gr. GATT-samningsins, vöruskoðun í útflutningslandi, upprunareglur, beitingu innflutningsleyfa, ríkisstyrki og jöfnunartolla og varnaglaákvæði.

Drögin af samningnum um landbúnaðarvörur og tilboð einstakra ríkja byggjast á drögunum að lokaskjali Úrúgvæ-viðræðnanna frá 1991 að teknu tilliti til samkomulags Bandaríkjanna og ESB frá nóvember 1992 (Blair House-samkomulagsins) og samkomulags sömu aðila í desember 1993.

Drögin fela í sér skuldbindingar er varða markaðsaðgang, innanlandsstuðning og útflutningsstuðning

Meginniðurstaðan varðandi markaðsaðgang er sú, að tollar leysa af hólmi magntakmarkanir og aðrar innflutningshindranir. Jafnframt skal leyfa tiltekinn lágmarksaðgang á lægri tollum auk þess að tryggja þann markaðsaðgang áfram sem fyrir hendi var á viðmiðunartímanum (1986-1988). Þá er gert ráð fyrir því að dregið verði úr tollvernd í áföngum á árunum 1995-2001 að meðaltali um 36%, þó þannig að fyrir enga vöru verði lækkunin minni en 15%. Lágmarksmarkaðsaðgangurinn á lægri tollum á að vera 3% af innanlandsneyslu við gildistöku Úrúgvæ-samningsins og eykst í 5% á sex árum. Í samningnum er gert ráð fyrir því að litlir sem engir tollar séu lagðir á lágmarksmarkaðsaðgang. Þetta hafa t.d. Bandaríkjamenn, Kandamenn o.fl. túlkað sem svo

að tollar geti ekki farið mikið yfir 10%. Íslendingar fylgdu hins vegar í tilboði sínu fordæmi Norðurlanda og ESB og gáfu upp að gefinn yrði 50% afsláttur af tollabindingum. Þetta þýðir að jafnvel á lágmarksmarkaðsaðgangi geta tollar numið hundruðum prósenta.

Reikna á út heildarinnanlandsstuðning, með fáeinum undanþágum, sem veittur var að meðaltali árin 1986-1988. Innanlandsstuðningur samkvæmt þessu á að lækka í jöfnum áföngum, alls um 20% á 6 árum frá gildistöku Úrúgvæ-samningsins.

Þá á að draga úr stuðningi til útflutnings bæði í formi fjárframlaga og af því er varðar vörumagn sem nýtur útflutningsstyrks. Magn þeirra vara sem njóta útflutningsbóta á að dragast saman um 21% og fjárframlög til útflutningabóta eiga að lækka um 36% á samningstímanum.

Öllum aðildarríkjum Úrúgvæ-viðræðnanna var gert að leggja fram tilboð yfir landbúnaðarskuldbindingar sína í samræmi við ofangreint. Ísland lagði fram slíkt tilboð í nóvember 1993.

Sérstök varnaglaákvæði eru í drögunum sem heimila tollahækkanir ef innflutningur vöru fer fram úr ákveðnu marki eða ef verðfall verður á heimsmarkaði.

Samkvæmt drögum að sérsamningnum um landbúnaðarheilbrigðisreglur verða verulega hertar reglur um innflutningshömlur á grundvelli heilbrigðis- og sjúkdómavarna, sem verða að byggjast á vísindalegum rökum.

Spunavörur hafa í framkvæmdinni fallið utan við GATT-samninginn. Samkomulag náðist um að fella viðskipti með þær vörur undir WTO eftir 10 ára aðlögunartíma. Á aðlögunartímanum eiga innflutningskvótar fyrir spunavörur að aukast smám saman.

Í Tókýó-viðræðunum var gerður sérsamningur um tæknilegar viðskiptahindranir. Í Úrúgvæ-viðræðunum var sá sérsamningur endurskoðaður í ljósi reynslunnar. Markmiðið er að koma í veg fyrir notkun tæknilegra reglugerða, staðla og viðurkenninga og prófana til þess að hindra viðskipti. Hvatt er til samræmingar á alþjóðlegum stöðlum.

Í Úrúgvæ-viðræðunum voru gerð drög að sérsamningi um viðskiptahindranir tengdar fjárfestingum. Þetta svið varðar skilyrði sem ýmis ríki, einkum þróunarríki, hafa sett fyrir fjárfestingum erlendra aðila. Slík skilyrði fela t.d. í sér að einungis innlend hráefni séu notuð, ákveðnum útflutningsmarkmiðum sé fullnægt o.fl. þess háttar. Í samningnum segir að aðildarríki skuli ekki beita viðskiptahindrunum tengdum fjárfestingum sem séu í ósamræmi við III. gr. (jafnréttiskjör við eigin borgara) og XI. gr. (afnám viðskiptahafta) GATT-samningsins. Listi yfir hindranir sem brjóta í bága við þessar greinar GATT-samningsins er

í viðauka með drögunum að þessum sérsamningi.

Í Tókýó-viðræðunum var gerður sérsamningur um túlkun á VI. gr. GATT-samningsins. Sá samningur var endurskoðaður í ljósi reynslunnar. Samningurinn fjallar um undirboð og undirboðstolla. Skýrari reglur eru í þessum samningi um það hvernig eigi að skilgreina og rannsaka undirboð og í hversu langan tíma megi beita undirboðstollum o.fl.

Drögin að sérsamningnum um túlkun á VII. gr. GATT-samningsins fela í sér endurskoðun á samningi um tollamat sem gerður var í Tókýó-viðræðunum. Helstu breytingarnar fela í sér aukna heimild fyrir tollayfirvöld til að krefjast frekari gagna ef vafi leikur á uppgefnu verði vöru sem verið er að flytja inn og sönnunarbyrði í því sambandi.

Í Tókýó-viðræðunum var gerður sérsamningur m.a. um túlkun á ákvæðum GATT-samningsins um ríkisstyrki og jöfnunartolla. Þau ákvæði þess samnings voru endurskoðuð í ljósi reynslunnar. Í samningsdrögunum um ríkisstyrki og jöfnunartolla er skilgreining á því hvaða ríkisstyrkir eru bannaðir, hvaða ríkisstyrkir eru leyfðir en jafnframt heimilt að beita jöfnunartollum gegn og hvaða ríkisstyrkir eru heimilaðir og ekki má beita jöfnunartollum gegn. Erfiðara verður að misnota jöfnunartolla. Einnig verður hert eftirlit með beitingu ríkisstyrkja, sérstaklega í útflutningi.

Samningsdrög eru um vöruskoðun í útflutningslandi. Það eru nær einungis þróunarríki sem hafa nýtt sér slíka vöruskoðun. Sérsamningur á þessu sviði á að koma í veg fyrir misnotkun við slíkar vöruskoðanir m.a. með því að fella þessar aðgerðir undir ákvæði GATT-samningsins.

Samningsdrögin um upprunareglur fela í sér þriggja ára vinnuáætlun eftir gildistöku Úrúgvæ-samningsins með það að markmiði að samræma upprunareglur einstakra aðildarríkja WTO í samvinnu við tollasamvinnuráðið í Brussel.

Samningsdrögin um beitingu innflutningsleyfa fela í sér aukið aðhald við beitingu slíkra leyfa m.a. með tilkynningaskyldu til WTO og kröfu um birtingu upplýsinga um slík leyfi fyrir viðskiptaaðila.

Samningsdrögin um svokölluð varnaglaákvæði fela í sér nánari túlkun á XIX. gr. GATT-samningsins um varnaglaákvæði. Ýmis ákvæði þeirrar greinar eru skilgreind nánar til þess að koma í veg fyrir misnotkun þeirra. Kveðið er á um hvernig rannsókn fari fram, hvenær skilyrði greinarinnar séu fyrir hendi, tímalengd notkunar varnaglaákvæðisins o.fl. Einnig bannar þessi samningur aðgerðir á borð við "samkomulag" tveggja ríkja þar sem annað þeirra skuldbindur sig til að draga úr útflutningi vegna hótunar hins um að beita innflutningshömlum.

Samningur um þjónustuviðskipti.

Hlutur þjónustu í heimsviðskiptum hefur vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum og er þjónusta orðin einn helsti vaxtarbroddurinn í efnahagsþróun ríkja. Hins vegar voru engar almennar alþjóðlegar reglur til um þennan þátt milliríkjaviðskipta þar til samningar náðust í Úrúgvæ-viðræðunum. Samningurinn er í aðalatriðum byggður á sömu grundvallarreglum og GATT-samningurinn um vöruviðskipti. Þannig gerir samningurinn ráð fyrir að ekki megi mismuna aðildarríkjum WTO (bestu-kjara réttindi), heimilaðir eru samningar milli ríkja um nær algjört frelsi í þjónustuviðskiptum milli þeirra án þess að önnur ríki njóti þeirra (samsvarar ákvæðinu í GATT-samningnum um fríverslunarsamninga og tollabandalög).

Með rammasamningnum eru sex viðaukar um nánari útfærslu einstakra greina rammasamningsins. Viðaukarnir eru eftirfarandi:

- Skrár einstakra aðildarríki yfir frávik frá bestu-kjara réttindum með heimild í 2.tl. II. gr. rammasamningsins.
- Takmarkanir á frjálsri för launafólks.
- Fjármálaþjónusta.
- Loftflutningar.
- Fjarskipti.

Sérhvert aðildarríkja Úrúgvæ-viðræðanna lagði fram tilboð um það hvaða þætti þjónustuviðskipta það ætlar að opna fyrir aðildarríkjum WTO og með hvaða takmörkunum og skilyrðum. Drög að slíkum tilboðum voru rædd á ýmsum tvíhliða og marghliða fundum. Í tilboði Bandaríkjanna eru verulegar takmarkanir á opnun Bandaríkjamarkaðar á sviði fjármálaþjónustu, nánar tiltekið varðandi banka- og verðbréfastarfsemi, og á sviði sjóflutninga. Í upphaflegu tilboði ESB voru verulegar undanþágur frá frelsi í viðskiptum með kvikmynda og sjónvarpsefni (audio-visual). Vegna þessara takmarkana var niðurstaðan í Úrúgvæ-viðræðunum sú að kvikmyndir og sjónvarpsefni falla alfarið fyrir utan samninginn um þjónustuviðskipti að því er ESB snertir. Bandaríkin breyttu ekki afstöðu sinni varðandi fjármálaþjónustu og sjóflutninga, en ákveðið var að taka upp viðræður aftur um þau svið eftir gildistöku Úrúgvæ-samningsins. Viðræðunum hvað varðar fjármálaþjónustu á að ljúka innan sex mánaða frá gildistöku samningsins og í síðasta lagi í júní 1996 varðandi sjóflutninga. Á þeim mánuðum geta öll aðildarríki WTO dregið til baka eða bætt sín tilboð á sviði fjármálaþjónustu og sjóflutninga.

Samningurinn um þjónustuviðskipti gerir ráð fyrir nýrri samningalotu um aukið frelsi þjónustuviðskipta í heiminum innan fimm ára frá gildistöku Úrúgvæ-samningsins.

Ísland, Finnland, Noregur og Svíþjóð höfðu mjög nána samvinnu við gerð tilboða sinna á sviði þjónustuviðskipta. Þessi ríki bjóða í raun þjónustuviðskipti sem samsvara núgildandi reglum í sérhverju ríkjanna, þó með nokkrum undanþágum þar sem gengið er skemur. Tilboð Íslands gengur skemmst þessara ríkja. Ástæða þess er einkum sú að Ísland hafði á nokkrum sviðum þjónustuviðskipta ekki samþykkt lagabreytingar til að aðlaga sig að EES-samningnum þegar tilboðið var unnið eða er með aðlögunartíma í EES-samningnum.

Samningur um hugverk í viðskiptum.

Vernd hugverkaréttinda hefur verið í miklum ólestri í heimsviðskiptum. Að baki liggur að ýmis þróunarríki notfæra sér hugverk með margvíslegum hætti án þess að greiða tilskilin gjöld og senda inn á markaði iðnríkjanna vörur sem framleiddar eru á grundvelli þessara hugverka. Þannig grafa þau undan markaðsstöðu framleiðenda sem verða að lúta ströngum skilyrðum og bera verulegan kostnað vegna verndar hugverkaréttinda og rannsókna.

Samningsdrögin fela í sér að öll aðildarríki WTO verða að setja lög um vernd hugverkaréttinda. Ítarleg ákvæði eru um það hvaða lágmarksvernd hvert svið hugverkaréttinda eigi að njóta, skv. landslögum einstakra ríkja WTO, bæði hvað varðar þá þætti sem verndin á að ná til og hversu lengi hún skuli gilda.

Samkomulag um lausn deilumála.

Deilumálum, sem skotið hefur verið til GATT, hefur fjölgað mjög hin síðari ár. Hins vegar hefur það valdið áhyggjum að þær reglur sem nú eru í gildi hafa ekki reynst nógu skilvirkar. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu. Hér mætti t.d. nefna að tímafrestir eru óljósir, ríki hafa komið sér undan því að fara eftir úrskurðum sem hafa fallið þeim í óhag eða neitað að samþykkja þá í GATT-ráðinu o.s.frv. Kerfið um lausn deilumála verður með tilkomu Úrúgvæ-samningsins verulega endurbætt og gert virkara, t.d. eru sett ákveðin tímamörk við hvern þátt í málsmeðferðinni, komið er í veg fyrir neitunarvald eins aðildarríkis o.s.frv. Einnig eru þau nýmæli tekin upp að hægt verður að áfrýja niðurstöðu úrskurðarnefndar (panel) til sérstakrar nefndar sem sett verður á fót (Standing Appellate Body) og gert er ráð fyrir bindandi gerðardómsmeðferð ef allir aðilar sem í hlut eiga samþykkja slíka málsmeðferð.

Athugun á viðskiptastefnu aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Samningur um athugun á viðskiptastefnu aðildarríkjanna felur í sér að mjög ítarleg könnun verður gerð með reglulegu millibili á viðskiptastefnu einstakra aðildarríkja WTO og kannað hvort hún brjóti á einhvern hátt reglur WTO. Fjögur stærstu aðildarríkin, miðað við markaðshlutdeild þeirra í heimsviðskiptum, lenda í slíkri athugun annað hvert ár, þau sextán næstu á fjögurra ára fresti og önnur á sex ára fresti.

Samkomulag náðist meðal aðildarríkja GATT árið 1990 að byrja þá þegar á þessum athugunum og þá á grundvelli núgildandi GATT-reglna þar til Úrúgvæ-samningurinn tekur gildi. Ísland lenti í fyrsta skipti í slíkri athugun 9.-10. febrúar 1994.

Í þessum athugunum GATT er fjallað um flest þau atriði er hafa áhrif á viðskiptastefnu viðkomandi ríkis og þróun utanríkisviðskipta þess, s.s. þátttöku í alþjóðlegu viðskiptasamstarfi, almenna efnahagsþróun, þróun í gengis- og gjaldeyrismálum, þróun einstakra atvinnugreina og viðskiptaþróun og innflutningsreglur.

Úttektin á Íslandi hófst með komu sérfræðinga GATT til Íslands í september sl. í því skyni að afla upplýsinga og ræða við fulltrúa íslenskra stjórnvalda og hagsmunaaðila. Í framhaldi af því var gerð ítarleg skýrsla um viðskiptastefnu Íslands. Jafnframt gerðu íslensk stjórnvöld sína eigin skýrslu um sama efni. Á fundinum í Genf 9.-10. febrúar s.l. gafst fulltrúum aðildarríkjanna síðan kostur á að tjá sig um skýrslurnar og beina spurningum til íslensku sendinefndarinnar.

Fjölmargir fulltrúa aðildarríkja GATT á fundinum í Genf vöktu máls á einhæfni íslensks atvinnulífs en bentu jafnframt fram á, að lífskjör væru með því besta sem þekktist. Varðandi viðskiptastefnu landsins beindist athyglin helst að landbúnaðarmálum, tollum og vörugjöldum. Fram kom að innflutningur á landbúnaðarvörum hefði hingað til verið takmarkaður með bönnum, en með niðurstöðunni úr Úrúgvæ-samningalotu GATT yrði breyting þar á. Fulltrúi Bandaríkjanna vísaði til hárra tollabindinga í landbúnaðartilboði Íslands og spurði hvernig Íslendingar hyggðust gera innflutning mögulegan m.t.t. þeirra, hann óskaði einnig skýringa á því hvernig ákvæði frumvarps um breytingu á búvörulögum, sem lagt var fram á Alþingi fyrr í þessum mánuði, samræmdust þeim skuldbindingum sem Ísland hefði nýlega gengist undir innan GATT. Íslenska sendinefndin fullvissaði fundarmenn um að Ísland myndi standa við þær skuldbindingar sem landið hefði tekið á sig með nýgerðum GATT-samningi og undirbúningur þar að lútandi væri hafinn. Fyrirhuguð breyting á búvörulögum væri til þess eins að eyða óvissu um þær reglur sem í gildi væru fram að

gildistöku GATT-samningsins. Fulltrúi Kanada óskaði eftir skýringum á því hvers vegna innflutningur hafi ekki verið heimilaður á frystum kjúklingabringum frá Kanada í síðustu viku. Íslenska sendinefndin lét koma fram að innflutningur þessi hefði ekki verið bannaður, en nauðsynleg gögn um heilbrigði skorti og varan væri því óafgreidd.

Spurst var fyrir um áhrif tollalækkana skv. EES-samningnum á viðskipti við þriðju ríki og hvaða áhrif vörugjöld hefðu á innflutning og samkeppni við innlendar vörur. Af Íslands hálfu var gerð grein fyrir álagningu tolla eftir gerð EES-samnngsins og því að vörugjöld hefðu ekki áhrif á samkeppnisstöðu. Ennfremur var spurt um sérstakt gjald á erlendan bjór. Gerð var af Íslands hálfu grein fyrir forsendum þessa gjalds og fyrirætlunum um að það falli niður í áföngum.

Nokkrir fjölhliða samningar.

Hér er um að ræða fjóra samninga sem gerðir voru í Tókýó-viðræðunum, þ.e. samningur um flugvélaviðskipti, samningur um opinber innkaup, alþjóðlegt samkomulag um viðskipti með mjólkurvörur og samkomulag varðandi viðskipti með nautakjöt. Þó þessir samningar muni falla undir WTO eftir gildistöku Úrúgvæ-samningsins þá verður ekki skylduaðild að þeim, sem er undantekning frá þeirri meginreglu að samþykkja verður allan heildarpakka Úrúgvæ-viðræðnanna ef ríki ætla að vera aðilar að WTO. Ísland er ekki aðili að neinum þessara samninga og verður því ekki greint frá innihaldi þeirra hér. Í einni af undirbúnum ákvörðunum ráðherra á fundi þeirra í apríl 1994 eru ákvæði sem fela í sér að auðveldara verður að gerast aðili að samningnum um opinber innkaup en það hefur verið hingað til. Efnisákvæðum hans svipar mjög til EES-samningsins og yrði því aðild Íslands að þeim samningi einföld í framkvæmd.

Ákvarðanir og yfirlýsingar sem ráðgerðar eru á fundinum í apríl.

Auk undirskriftar Úrúgvæ-samningsins á ráðherrafundi í apríl nk. munu ráðherrar taka nokkrar ákvarðanir og samþykkja yfirlýsingar um nánari útfærslu samningsins og vinnuáætlanir fyrir embættismenn í Genf í framhaldi af ráðherrafundinum.

Um er að ræða ellefu flokka ákvarðana eða yfirlýsingar ráðherra. Þeir eru:

- Ákvörðun um vanþróuðustu ríki WTO.
- Yfirlýsing um framlag WTO til frekari alþjóðaefnahagssamvinnu.
- Ákvörðun um stofnun sérstakrar deildar innan WTO til að fylgjast með því að

upplýsingaskylda á grundvelli Úrúgvæ-samningsins sé virt.

- Ákvörðun um rétt tollayfirvalda til að óska eftir nánari gögnum, ef innflutningsgögn eru ónákvæm eða ástæða er til að ætla að þau séu ósönn og fleira varðandi tollamat.
- Ákvarðanir varðandi tæknilegar viðskiptahindranir.
- Ákvörðun varðandi hugsanleg tímabundin neikvæð áhrif samningsins um landbúnað á vanþróuðustu ríki WTO.
- Ákvarðanir varðandi samninginn um þjónustuviðskipti. Flestar þeirra varða áframhaldandi viðræður á ýmsum sviðum þjónustuviðskipta eins og fjármálaþjónustu, sjóflutninga og fjarskipti eftir gildistöku Úrúgvæ-samningsins.
- Ákvörðun um það hvernig aðildarríki WTO geti gerst aðilar að fjölþjóðlega samningnum um opinber innkaup.
- Þrjár ákvarðanir um lausn deilumála.
- Ákvörðun um áframhaldandi viðræður um vissa þætti samningsins um undirboð og undirboðstolla eftir gildistöku Úrúgvæ-samningsins.
- Ákvörðun um umhverfismál og viðskipti. Þau drög eru enn í vinnslu og verða til umræðu meðal embættismanna fram í apríl 1994.

Ávinningur Íslands.

Ísland hefur bæði beinan og óbeinan ávinning af Úrúgvæ-samningnum. Beinn ávinningur er ekki síst í formi lægri tolla og afnáms viðskiptahindrana á sjávarafurðum og öðrum útflutningsvörum, einkum tengdum sjávarútvegi. Óbeinn ávinningur er fyrst og fremst í vexti heimstekna, bættu efnahags- og viðskiptaumhverfi, greiðari markaðsaðgangi og hlutdeild í aukningu heimsviðskipta, sem er metin á um 270 milljarða Bandaríkjadala á ári hverju fram til aldamóta.

Samningaviðræður um markaðsaðgang voru í formi fjölda tvíhliða viðræðna milli einstakra aðildarríkja þar sem kröfur og tilboð þeirra ríkja sem í hlut áttu hverju sinni voru rædd. Árangur þeirra viðræðna kom fram í tilboðum um tollalækkanir og afnám annarra viðskiptahindrana, sem öll aðildarríkin þurftu að leggja fram í desember 1993. Þannig lagði Ísland, eins og önnur ríki, fram fjölda krafna um tollalækkanir fyrir útflutningsvörur sínar og var þeim kröfum fylgt eftir á tvíhliða fundum með viðkomandi ríkjum með það að markmiði að fá tekið tillit til þessara krafna í tilboðum um tollalækkanir og afnám viðskiptahindrana.

Með EFTA-samningnum, EES-samningnum og fríverslunarsamningum við Mið- og

Austur-Evrópuríkin mun Ísland eiga greiðan aðgang að mörkuðum Evrópu með sjávarafurðir og vörum tengdum sjávarútvegi. Því beindust kröfur Íslands um tollalækkanir og afnám annarra viðskiptahindrana að viðskiptaríkjum vestanhafs, Bandaríkjunum og Kanada, og að mörkuðum í Suð-Austur Asíu, Japan og Suður-Kóreu. Var fyrst og fremst um að ræða kröfur um tollalækkanir fyrir fisk og fiskafurðir og fyrir vörur tengdar sjávarútvegi, t.d. tölvuvogir, fiskkassa og net, en einnig í nokkrum mæli ullarvörur og vatn.

Framundir það síðasta horfði illa með tollalækkanir á fiski og fiskafurðum en að lokum fór betur en á horfðist. Lögðu öll helstu viðskiptaríki Íslands fram tilboð um tollalækkanir fyrir þessa vöruflokka á síðustu vikum viðræðnanna.

Verið er að vinna að úttekt á þessum tilboðum. Þátttökuríki í Úrúgvæ-viðræðunum lögðu fram tilboð sín fyrir 15. desember 1993 eins og viðræðuferlið gerði ráð fyrir, en sum hver, þ.m.t. Bandaríkin, Japan og Kanada, hafa haldið áfram samningaviðræðum sín á milli og hafa þess vegna ekki heimilað dreifingu tilboðanna. Því munu endanlegar niðurstöður ekki liggja fyrir fyrr en búið er að vinna úr öllum tilboðunum en lokafrestur til skila var ákveðinn 15. febrúar þó erfitt hafi reynst að virða hann. Þátttökuríki mega ekki draga á neinn hátt til baka þær skuldbindingar sem tilboð þeirra frá 15. desember 1993 fólu í sér heldur einungis bæta tilboðin. Vegna þessa er enn ekki unnt að leggja fullnaðarmat á árangur Úrúgvæ-viðræðnanna. Þó hefur fastanefndin í Genf þegar látið skrifstofu GATT reikna út hversu miklar tollalækkanir felast í tilboðum þeirra ríkja sem Ísland lagði kröfur á í viðræðunum eins og staða mála er í dag. Í þeim útreikningum kemur annars vegar fram hverjar tollalækkanir verða að einföldu eða óvegnu meðaltali og hins vegar hverjar tollalækkanir verða að vegnu meðaltali á grundvelli íslensks útflutnings viðmiðunarárið 1988. Þeir útreikningar sýna glögglega þann ávinning fyrir Ísland sem niðurstaða Úrúgvæ-viðræðnanna fela í sér.

Niðurstaða þessara útreikninga er:

1. Bandaríkin.

Fiskur og fiskafurðir:	Óvegin tollalækkun:	42,7%, vegin 99,1%.
Aðrar iðnaðarvörur:	Óvegin tollalækkun:	32,6%, vegin 16,2%.
Iðnaðarvörur alls :	Óvegin tollalækkun:	33,2%, vegin 68,5%.

2. Kanada.

Fiskur og fiskafurðir:	Óvegin tollalækkun:	33,7%, vegin 33,7%.
Aðrar iðnaðarvörur:	Óvegin tollalækkun:	44,8%, vegin 44,2%.
Iðnaðarvörur alls:	Óvegin tollalækkun:	44,5%, vegin 40,1%.

3. Japan.

Fiskur og fiskafurðir:	Óvegin tollalækkun:	28,3%, vegin 37,6%.

Aðrar iðnaðarvörur:	Óvegin tollalækkun: 40,8%, vegin 83,9%.
Iðnaðarvörur alls:	Óvegin tollalækkun: 35,8%, vegin 45,8%.
4. Kórea.	
Fiskur og fiskafurðir:	Óvegin tollalækkun: 30,0%, vegin 34,5%.
Aðrar iðnaðarvörur:	Óvegin tollalækkun: 50,0%, vegin 62,9%.
Iðnaðarvörur alls:	Óvegin tollalækkun: 43,8%, vegin 36,9%.

Hvað aðra áhugaverða markaði fyrir Ísland varðar má benda á að samkvæmt útreikningum skrifstofu GATT munu tollar á fisk og fiskafurðir lækka að óvegnu meðaltali um 44,4% til Singapúr, 66,7% til Malasíu og 30% til Mexíkó.

Óbeinn ávinningur.

Almennt er talið að farsælar lyktir Úrúgvæ-viðræðnanna geti orðið helsti hvatinn og það hreyfiafl sem til þarf til að leysa heimsbyggðina úr þeirri efnahagslægð sem hún er nú stödd í og hefur verið síðustu 3-4 árin. Bætt efnahagsástand í heiminum mun leiða til betra efnahagsumhverfis og bættra viðskiptakjara fyrir Ísland.

Núverandi efnahagsástand er eimmitt frjór farvegur fyrir verndarstefnu og einhliða aðgerðir. Ef samkomulag hefði ekki tekist í Úrúgvæ-viðræðunum hefði það styrkt kröfur í þá átt og leitt til enn verra efnahagsástands og skotið loku fyrir ýmsa viðskiptamöguleika fyrir þjóðir eins og Ísland, sem framar öðrum eru háðar millilríkjaviðskiptum.

Með Úrúgvæ-samningnum hafa verið sköpuð skilyrði til nýrrar sóknar í heimsbúskapnum. Viðskiptakerfið er fært í nútímalegra horf og viðskiptum er rudd leið inn á nýjar brautir, sem einnkennast af aga og festu í stað yfirgangs og aflsmunar.

Landbúnaður.

Samningurinn felur í sér bæði beinan og óbeinan ávinning varðandi landbúnað. Í fyrsta skipti í heimsviðskiptum hefur tekist að setja einhverjar leikreglur um viðskipti með þær vörur, banna innflutningstakmarkanir á grundvelli kvóta og slíkar hindranir umreiknaðar í tolla. Alger innflutningsbönn verða að byggjast á vísindalegum rökum um að heilbrigði dýra og manna sé í hættu. Ákveðnar leikreglur eru einnig um beitingu innanlands- og útflutningsstyrkja og þök sett á notkun þeirra. Með þessum samningi hefur loks tekist að snúa viðskiptum með landbúnaðarvörur í frjálsræðisátt til hagsbóta fyrir bændur og neytendur á kostnað miðstýringar og milliliðakostnaðar.

IV. iv. Evrópusambandið.

IV. iv. a. Almenn þróun innan Evrópusambandsins.

Árið 1993 var um margt sérstakt á sviði Evrópusamvinnunnar. Evrópubandalagið, sem varð að Evrópusambandinu undir lok árs, leið fyrir þá óvissu sem var framan af ári um örlög Maastricht-samningsins. Innri markaðurinn kom til framkvæmda í ársbyrjun, en sá efnahagsbati sem búist var við að fylgdi í kjölfarið lét á sér standa. Umræður um nauðsyn þess að auka hagvöxt og samkeppni og berjast gegn langvarandi og alvarlegu atvinnuleysi urðu mjög áberandi á liðnu ári.

Maastricht

Framan af árinu 1993 dró Evrópuumræðan dám af þeirri óvissu sem skapast hafði um framtíð Evrópusamrunans árið á undan. Óvissa hélst lengi framan af árinu um það hvort Maastricht-samningurinn yrði að veruleika. Danir samþykktu samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu í maí og breska þingið lauk málinu fyrir sitt leyti um sumarið. Þess þurfti þó að bíða fram á haust að þýski stjórnskipunardómstóllinn kvæði upp úr um að samningurinn bryti ekki gegn þýsku stjórnarskránni. Leiðtogafundur Evrópubandalagsins var svo haldinn þann 29. október og samningurinn um Evrópusambandið tók gildi 1. nóvember. Í yfirlýsingu sinni að fundinum loknum lýstu leiðtogarnir því yfir að með myndun Evrópusambandsins væri stigið mikilvægt skref til aukinnar hagsældar og meiri metnaðar í sameiginlegri stefnumótun í utanríkismálum. Aukinni skilvirkni í stofnanauppbyggingu Evrópusambandsins myndi fylgja efling lýðræðis og nánari tengsl við borgara Evrópu, þar sem valdsvið Evrópusambandsins væri eingöngu í þeim málum sem nauðsynlegt væri að taka ákvarðanir sem giltu fyrir öll aðildarríkin til að ná fram sameiginlegum markmiðum, í samræmi við grunnregluna um dreifræði (subsidiarité).

Á fundinum lögðu leiðtogarnir áherslu á stefnumótun á helstu sviðum Maastricht-samningsins.

Ríkt var lagt á um það að ekki yrði hvikað frá því að hefja annað stig undirbúnings sambands aðildarríkjanna á sviði efnahags- og peningamála nú í ársbyrjun. Evrópska peningamálastofnunin tók til starfa í Frankfurt í ársbyrjun. Gert er ráð fyrir að hún hafi það hlutverk með höndum að samræma stefnu aðildarríkjanna í peningamálum.

Í utanríkismálum lögðu leiðtogarnir fyrir utanríkisráðherra ríkjanna að skilgreina á hvern veg sameiginleg stefna yrði mörkuð og henni fylgt fram á 5 lykilsviðum. Þessi svið eru:

- Öryggi og friður í Evrópu.
- Þátttaka í friðarumleitunum í Mið-Austurlöndum.
- Stuðningur við mótun lýðræðis í S-Afríku, öllum kynþáttum til handa.
- Varanleg lausn á átökum í lýðveldum fyrrum Júgóslavíu sem feli í sér framlag til friðarsamninga og aðstoð við matvæladreifingu.
- Stuðningur við lýðræðisþróun í Rússlandi.

Þessu til viðbótar var óskað eftir tillögum um framkvæmd ákvæða samningsins um aukið samstarf á sviði löggæslu og dómsmála. Hér má nefna tillögur um stofnun Evrópulögreglu, aðgerðir til að berjast gegn sölu og notkun eiturlyfja, samræmingu laga um rétt til landvistar og hælis, um stefnu varðandi veitingu vegabréfsáritana og brottvísun úr landi.

Ljóst er að nokkuð er í að Evrópusambandið nái að halda áfram með samrunaþróunina á þann hátt sem ætlunin var með Maastricht-samningnum. Heimildir Breta og Dana til að standa utan sambandsins í efnahags- og peningamálum veikir trú manna á framgang þess, sem og það umrót sem varð í gengissamstarfi aðildarríkjanna á árinu 1992 og ekki hefur enn tekist að koma í samt horf. Þá er ljóst að ólíkar áherslur aðildarríkjanna varðandi aðgerðir til lausnar átökunum á Balkanskaga og ístöðuleysi í afstöðu sambandssins til þeirra hefur veikt tiltrú manna á að unnt sé að búast við að sameiginleg stefnumótun í utanríkis- og öryggismálum marki þau tímamót sem að var stefnt.

Rétt er þó að benda á að á ýmsan hátt hafa átökin um Maastricht-samninginn losað um þá spennu sem myndast hafði milli aðildarríkja ESB. Atburðir síðustu tveggja ára hafa knúið áköfustu talsmenn sameiningar Evrópu til að taka meira mið af pólitískum veruleika á sama tíma og skynsamleg notkun reglunnar um dreifræði virðist hafa náð að sannfæra þá sem vilja samstarfið sem laustengdast um að Evrópusambandið muni ekki reyna að ráða fyrir öllum málum í smáu og stóru. Þannig má segja að forsendur séu nú á ýmsan hátt betri fyrir áframhaldandi samstarf á efnahagssviðinu þegar óvissu hefur verið eytt. Þó losað hafi verið um skorður í gjaldeyrissamstarfi aðildarríkjanna í ágúst og þeim gefið aukið svigrúm til gengisbreytinga hefur stöðugleiki og friður á gjaldeyrismörkuðum verið síst minni en áður. Eftir sem áður eru ýmis ljón í veginum fyrir nánara samstarfi á öðrum sviðum, svo sem í

löggæslu og dómsmálum og utanríkismálum eins og fyrr var lýst.

Innri markaðurinn.

Upphaf ársins 1993 markaði upphaf innri markaðar Evrópusambandsríkjanna. Sú löggjöf sem gert var ráð fyrir í Hvítbókinni frá 1985 hefur að mestu leyti verið sett af hálfu ESB, þótt misjafnt sé hversu vel aðildarríkin hafi haldið á framkvæmdinni innanlands. Enn eru þó nokkur atriði óafgreidd, þar af sum sem hætt hefur verið við að setja í sameiginlega löggjöf vegna hinnar nýju reglu um dreifræði. Framkvæmdastjórnin mun áfram vinna að því að sníða agnúana af innri markaðnum í samstarfi við aðildarríkin. Þá er ljóst að vilji er fyrir því innan sambandsins að ryðja enn frekar úr vegi hindrunum á frjálsum viðskiptum og virkri samkeppni, eins og fram kemur í nýrri skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um hagvöxt, samkeppni og atvinnu.

Áætlunin um hagvöxt samkeppni og atvinnu.

Langvarandi atvinnuleysi í Evrópu, einkum meðal ófaglærðs verkafólks og löng bið eftir hagvexti eftir kreppu undanfarinna ára hefur leitt til þess að umræður hafa aukist um aðgerðir á þessu sviði. Evrópusambandið hefur mótað áætlun um hagvöxt, samkeppni og atvinnu og má búast við að aðgerðir á grunni hennar verði fyrirferðarmiklar á næstu árum. Leiðtogafundur Evrópusambandsins í desember ákvað umtalsverð fjárframlög til samgöngubóta, orkuframleiðslu og skipulagsbóta í dreifbýli, á grundvelli þessarar áætlunar. Nánar er fjallað um efni skýrslunnar sem lá að baki áætluninni hér á eftir.

IV. iii. b. Skýrsla Delors um hagvöxt, samkeppni og atvinnumál.

Efnahags- og atvinnuástand í Evrópu hefur mjög verið í sviðsljósinu á síðasta ári. Samdráttur í efnahagslífinu ásamt sívaxandi atvinnuleysi, einkum meðal ófaglærðs verkafólks, hefur ýtt undir áhyggjur manna af framtíðarstöðu Evrópu í aukinni samkeppni á heimsmarkaði á næstu árum og áratugum.

Framkvæmdastjórn ESB ákvað í upphafi þessa árs að hefja undirbúning að því að hrinda í framkvæmd meginefni áætlunar um vöxt, samkeppnishæfni og atvinnu sem gengið var frá í lok síðasta árs. Áætlunin er byggð á niðurstöðum skýrslu um sama efni þar sem dregnar eru fram meginlínur þess vanda sem við er að etja og bent á mögulegar leiðir til

úrbóta.

Í upphafi skýrslunnar er tekið fram að ekki sé unnt að benda á nein þau töfrabrögð sem tryggi í einni svipan efnahagslegan uppgang og hátt atvinnustig. Ýmsum leiðum er hafnað sem mögulegum lausnum. Þannig er verndarstefnu líkt við sjálfsmorð og óhóflegur niðurskurður ríkisútgjalda er talinn geta haft í för með sér skammtíma árangur en leiða um síðir til verðbólgu og hærra atvinnuleysis. Almennri styttingu á vinnutíma er einnig hafnað sem leið úr vandanum og almennri lækkun launa og bóta í almannatryggingarkerfinu sömuleiðis.

Í skýrslunni er fjallað um þær breytingar sem orðið hafa á efnahagslífi í Evrópu síðustu tvo áratugi. Ný ríki hafa haslað sér völl í samkeppni við Evrópuríkin og standa þau oft framar í nýtingu tækninýjunga. Meðalaldur í Evrópu hefur hækkað og hlutfall atvinnuþátttöku því breyst. Þá hefur orðið ný tæknibylting sem felst m.a. í breyttum kröfum til starfsmanna og aukinni vélvæðingu. Efnahagslífið allt byggir nú í mun ríkari mæli en áður á þekkingu, magnframleiðsla fyrri tíma er ekki sú undirstaða efnahags sem áður var en umfang og arðsemi þjónustugreina og tæknivæddra framleiðslugreina fer stöðugt vaxandi. Hvatt er til að ekki verði horft til óarðbærrar atvinnubótavinnu sem lausnar á vandanum heldur lögð áhersla á að breyta þeim þáttum í samfélagsgerðinni sem viðhalda atvinnuleysinu.

Sérstakt áhyggjuefni er hvernig atvinnuleysið virðist vera orðið samgróið samfélagsgerðinni. Bent er á að á uppgangstíma níunda áratugarins hafi atvinnuleysi haldist mikið og svo aukist enn í samdrættinum sem fylgdi á eftir. Sameiginlegur markaður ESB-ríkjanna í byrjun síðasta árs leiddi að vísu til nokkurs bata í efnahagslífinu, en hafði takmörkuð áhrif í þá átt að draga úr atvinnuleysi. Skýrsluhöfundar benda á tvær ástæður þess hversu atvinnuleysi er orðið varanlegt, annars vegar sé um að ræða atvinnuleysi sem sé innbyggt í samfélagsgerðina og hins vegar atvinnuleysi sem stafi af tæknilegum framförum.

Innbyggða atvinnuleysið á meðal annars rætur sínar að rekja til þess að fyrirtæki í Evrópu hafa vanrækt nýja markaði í örum vexti en einbeitt sér að sínum gömlu mörkuðum. Ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til þeirra möguleika sem felast í upplýsingatækni og líftækni. Þá er bent á að kostnaður sé alltof mikill við að veita ófaglærðu verkafólki vinnu. Þrátt fyrir lág laun sé skattlagning launagreiðslna og launatengd gjöld það há að þau letja vinnuveitendur til að ráða fólk til vinnu. Að lokum er bent á að stjórnkerfi vinnumarkaðarins sé að miklu leyti orðið úrelt, vinnulöggjöf og umhverfisreglur séu óaðgengilegar og ósveigjanlegar og skólakerfi og löggjöf um félagslegt öryggi skapi ekki þá möguleika sem þau

ættu að gera.

Því er stundum haldið fram að atvinnuleysi aukist þegar tækniframfarir leysa vinnuafl af hólmi. Þó er bent á að varhugavert sé að ganga út frá þessu sem gefnu þar sem tækniframfarir geti líka skapað ný störf. Sem dæmi er nefnt að atvinnuástand er betra í fyrirtækjum sem tekið hafa upp örtölvutækni en í öðrum. Engu að síður er talið að bil hafi skapast milli tækniframfaranna, sem fækkað hafa atvinnutækifærum og viðbragðsflýtis atvinnulífsins til að fitja upp á nýjungum eða finna upp vörur sem skapað geta fleiri störf.

Skýrslan tekur á nauðsynlegum aðgerðum í efnahagsmálum til að unnt sé að glæða hagvöxt og skapa atvinnu. Lögð er áhersla á að komið sé í veg fyrir rekstrarhalla ríkissjóðs og aga sé beitt í meðferð peningamála. Þetta er nauðsynlegt til að stuðla að lækkun vaxta, en slík lækkun er nauðsynleg til að unnt sé að fjárfesta í þeim endurbótum sem nauðsynlegar eru. Þá er lögð áhersla á að tekjum í samfélaginu sé haldið í skefjum til að koma í veg fyrir hækkun vaxta og hættu á verðbólgu. Smám saman þarf að slaka á svo afkoma atvinnulífs og einstaklinga batni og fjárfestingar aukist.

Áhersla er lögð á að efnahagslífið verði opið. Minnt er á að uppgangstímar í Evrópu hafi fylgt í kjölfar aukinnar heimsverslunar. Nú er framundan mikill vöxtur heimsverslunar með Úrúgvæ-samningi GATT og þess má vænta að hann skapi forsendur fyrir aukinni þátttöku þróunarríkja og Austur-Evrópuríkja í heimsviðskiptum. Minnt er á að Evrópusambandið hafi sýnt opnun í verki með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og nú þurfi að að beita svipuðum aðferðum í austur og suður.

Lögð er áhersla á afnám miðstýringar, aukna samkeppni og stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki. Þetta auki sveiganleika og möguleika evrópskra fyrirtækja til að hasla sér völl á markaði með upplýsingar og þjónustu. Setja þarf kraft í samræmingu reglna á sviði hugverkaréttinda og á sviði félagaréttar með það fyrir augum að auðvelda smærri fyrirtækjum að keppa á markaði. Þá er gert ráð fyrir fjárfestingu í samgöngum og upplýsingatækni til að auka atvinnuþátttöku og möguleika fyrirtækja á beinni samkeppni. Að síðustu er hvatt til að auknu fjármagni verði veitt til rannsókna og þróunar.

Heildarniðurstöður skýrslunnar í atvinnumálum má draga saman á þá leið að hvatt er til aukins sveigjanleika í vinnumarkaðslöggjöf og menntakerfi, skattar og launatengd gjöld verði endurskoðuð með það fyrir augum að það letji ekki fyrirtæki til mannaráðninga. Hlutverk ríkisvaldsins er skilgreint á þann hátt að það beri að hafa forgöngu um að ryðja úr vegi regluverki sem takmarkar atvinnuþátttöku um of. Efnahagsstefnan er best talin þjóna

markmiðinu um aukna atvinnu og hagvöxt ef ríkið sýnir aga í stjórn efnahagsmála og tryggir forsendur fyrir nýsköpun sem á vaxtarmöguleika til framtíðar.

Fjármálaráðherrar EFTA-ríkjanna hafa tekið þátt í umræðu um atvinnuþróun með Evrópusambandsríkjunum á sérstökum fundum.

Á vegum skrifstofu framkvæmdastjóra Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) er nú unnið að gerð skýrslu um atvinnumál sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir í sumar. Í undirbúningsvinnu vegna skýrslunnar má ráða að þar mun verða tekið á mörgum þeim þáttum sem lýst er hér að framan.

IV. v. Fríverslunarsamningur Norður-Ameríku (NAFTA).

Fríverslunarsamningur Norður-Ameríku (NAFTA), milli Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó, tók gildi 1. janúar 1994, á sama tíma og EES-samningurinn og fimm árum eftir að fríverslunarsamningur Bandaríkjanna og Kanada tók gildi. Með þessum samningi er komið á fót fríverslunarsvæði í Norður-Ameríku með um 380 milljónir manns, sem er álíka stórt og Evrópska efnahagssvæðið.

NAFTA-samningnum svipar að mörgu leyti til EES-samningsins. Báðir kveða á um frjáls vöru-, þjónustu- og fjármagnsviðskipti. Ef bera ætti þessa tvo samninga saman mætti segja að NAFTA-samningurinn er „breiðari", en EES-samningurinn „dýpri". Sá fyrri er breiðari að því leyti að hann nær yfir allt vörusviðið, landbúnaðarvörur einnig, en EES-samningurinn takmarkast að mestu leyti við iðnaðarvörur. Sá síðari er hins vegar dýpri að því leyti að hann kveður á um sameiginlegan vinnumarkað og sameiginlegar reglur á mörgum sviðum, eins og t.d. samkeppnisreglna, tæknilegra staðla og svokallaðra jaðarmála, m.a. vinnumála, neytendamála og umhverfismála. Stofnanaþátturinn er einnig þróaðri á Evrópska efnahagssvæðinu, þannig að allt eftirlit með framkvæmd samningsins er mun betur útfært.

Frá reglum NAFTA-samningsins eru mikilvægar undantekningar, t.d. er heimilt í mörgum tilfellum að viðhalda gildandi löggjöf sem samrýmist ekki honum, sem er hliðstæð regla og gildir í GATT-samningnum. Einnig getur fylkislöggjöf verið undanþegin ákvæðum samningsins. Loks eru undanþágur í viðaukum og sérsamningum, eins og nánar er útskýrt hér á eftir.

NAFTA-samningurinn markar enn eitt spor af hálfu Bandaríkjanna frá þeirri braut sem þau hafa fylgt frá lokum síðari heimsstyrjaldar að bjóða öllum ríkum heims sömu

viðskiptakjör, með aðild að GATT-samningnum. Meginregla GATT-samningsins felst í bestukjara ákvæðinu, sem kveður á um að ríki sem býður einu ríki ákveðin viðskiptakjör, t.d. með því að ákveða hámark tolla á vöru, verður að bjóða öllum öðrum aðildarríkum þessi sömu kjör. Bandaríkjamenn höfðu áður gert fríverslunarsamning við Ísrael árið 1985 og við Kanada árið 1988. Gerð fríverslunarsamninga byggist á heimildarákvæði í GATT-samningnum.

NAFTA-samningurinn er saminn með þeim hætti að öll ríki geta gerst aðilar. Honum svipar um margt til GATT-samningsins og er víða vísað til hans varðandi nánari útfærslu á ýmsum reglum. Öll sérákvæði og undanþágur fyrir einstök ríki eru í viðaukum. Í sumum tilfellum gilda sérreglur milli Bandaríkjanna og Kanada eða Kanada og Mexíkó. NAFTA-samningurinn ber þess nokkur merki að um hann náðist samkomulag í ágúst 1992, þegar GATT-Úrúgvæ viðræðurnar höfðu staðið í sex ár. Bandaríkjamenn voru þá orðnir óþolinmóðir með gang þeirra viðræðna og er NAFTA-samningurinn að mörgu leyti eins og Bandaríkin hefðu viljað að GATT-samningurinn yrði. Á endanum varð NAFTA-samningurinn sterkur hvati fyrir aðildarríki að GATT-viðræðunum til að ná samkomulagi, og gerðist það einmitt að samkomulag tókst í þeim viðræðum, skömmu eftir að Bandaríkjaþing samþykkti NAFTA-samninginn í nóvember 1993. Sem stærsti og öflugasti markaður heims voru Bandaríkin í þeirri stöðu að geta boðið þeim ríkjum aðild að NAFTA sem vildu, ef ekki hefði tekist samkomulag um GATT, og þannig haft veruleg áhrif á gang heimsviðskiptanna.

NAFTA-samningurinn hefur áhrif á þrjá megin þætti í samskiptum aðildarríkjanna innbyrðis og gagnvart þriðju ríkjum, þ.e. hinn pólitíska, viðskiptalega og á fjárfestingarþáttinn. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að löndin þrjú eru mjög mismunandi hvað varðar fólksfjölda og þróunarstig. Í Bandaríkjunum búa tæpar 260 milljónir, í Kanada tæpar 30 og í Mexíkó rúmar 90. Þjóðartekjur á mann eru um sjö sinnum meiri í Bandaríkjunum og Kanada en í Mexíkó (3.200 USD á mann í Mexíkó).

Áhrif NAFTA-samningsins fyrir aðildarríkin eru m.a. þau að bæði milliríkjaviðskipti og þjóðartekjur munu aukast. Hugsanlega mun eitthvað draga úr viðskiptum þeirra við önnur ríki. Þar sem fyrirtæki í Kanada og Mexíkó hafa beinan aðgang að Bandaríkjamarkaði munu þessi ríki laða að sér erlendar fjárfestingar, sérstaklega í Mexíkó. Fríverslunarsvæði Norður-Ameríku mun veita Evrópska efnahagssvæðinu mikla samkeppni hvað þetta varðar.

Á stjórnmálasviðinu má gera ráð fyrir að mikilvægi Mexíkó muni aukast. Þegar er ákveðið að Mexíkó verði næsta aðildarríki að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD, á undan Austur-Evrópuríkjunum.

Fyrir Bandaríkin hefur NAFTA-samningurinn tiltölulega litla þýðingu í efnahagslegu tilliti. Að vísu fara um 22% útflutnings Bandaríkjanna til Kanada og um 6% til Mexíkó. En þessi viðskipti eru tiltölulega lítið hlutfall af landsframleiðslu (heildarútflutningur Bandaríkjanna eru aðeins um 7% af landsframleiðslu, samanborið við 28% í Þýskalandi). NAFTA-samningurinn hefur meiri pólitíska þýðingu fyrir Bandaríkin, sem hafa tengst nánari böndum við næstu nágrannaríki sín í gegnum hina efnahagslega samvinnu.

Tiltölulega lítil viðskipti eru á milli Mexíkó og Kanada, en þau munu nú eitthvað aukast. Mikilvægt var fyrir Kanada að gerast aðili að fríverslunarsamningi milli Bandaríkjanna og Mexíkó til þess að viðhalda þeim ávinningi sem hafði náðst af fríverslunarsamningi Bandaríkjanna og Kanada. Ef Kanada hefði orðið útundan hefði það getað dregið úr fjárfestingum þar, vegna þess að aðeins fyrirtæki staðsett í Bandaríkjunum hefðu getað flutt út hindrunarlaust til allra ríkjanna þriggja.

Vel kemur til greina að fríverslunarsvæði Norður-Ameríku eigi eftir að stækka á næstu árum. Chíle hefur lýst áhuga á að verða næsta aðildarríkið og er ekki ólíklegt að fleiri Suður-Ameríkuríki fylgi í kjölfarið ef Chíle kemst inn. Bandaríkjastjórn kveðst ekki munu taka afstöðu til stækkunar NAFTA fyrr en GATT-samkomulagið hefur verið afgreitt á Bandaríkjaþingi. Síðasta ríkisstjórn hafði nefnt þann möguleika að ríki frá Asíu og Evrópu gerðust aðilar. Framtíðin mun leiða það í ljós með hvaða hætti og hversu hratt fjölgun verður meðal aðildarríkja NAFTA, en nýgerður GATT-samningur dregur eflaust úr þeim vexti, sem ella hefði orðið.

IV. vi. Efnahagssamvinna annarra ríkjasamtaka.

Efnahagssamvinna Asíu- og Kyrrahafsríkja (APEC) er heiti laustengdra samtaka ríkja við Kyrrahafið sem eiga í verulegum utanríkisviðskiptum sín á milli. Aðilar að APEC s.l. haust voru Bandaríkin, Kanada, Ástralía, Nýja-Sjáland, Japan, Kína, Taívan, Hong Kong, Filippseyjar, Indónesía, Malasía, Singapúr, Suður-Kórea og Taíland. Fleiri ríki höfðu þá sótt um, m.a. Mexíkó, Chíle og Papúa.

Fyrsti árlegi ráðherrafundur APEC var haldinn í nóvember 1989 og var fimmti fundurinn haldinn í Seattle í nóvember 1993.

APEC-samtökin vinna að því að auðvelda viðskipti sín á milli og hafa sett á stofn ýmsa starfshópa í þeim tilgangi, m.a. á sviði fiskveiða, orkumála, fjárfestinga, ferðamannaiðnaðar,

fjarskipta og samgangna, svo dæmi séu tekin.

Bandaríkin hafa lýst því yfir að efling tengsla yfir Kyrrahafið sé forgangsverkefni núverandi stjórnar. Aðildarríki Evrópusambandsins eru einnig að styrkja tengsl sín við Austur-Asíuríkin, enda er mikil uppsveifla í efnahagslífi margra þeirra, einkum í Kína.

Talið er að APEC geti með tímanum þróast yfir í fríverslunarsvæði, en slíkt er ekki líklegt á allra næstu árum. Mikilvægt er fyrir öll ríki sem eru háð útflutningsverslun að fylgjast vel með þeirri þróun sem nú á sér stað í þessum heimshluta.

Þrettán ríki í Karíbahafi, Trínidad og Tóbagó, Jamaíka, Barbados, Gvæjana, Bahamaeyjar, Grenada, Dóminíka, Sankti Kristófer og Nevis, Sankti Lúsía, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar, Belís, Antígva og Barbúda og Montserrat, sem starfa saman innan CARICOM undirbúa nú stofnun nýrra samtaka og stefna að sameiginlegum markaði og sameiginlegum gjaldmiðli. Nágrannaríki á borð við Mexíkó, Kólumbíu, Súrínam og Venesúela, styðja þessar áætlanir sem ætlunin er að hrinda í framkvæmd á ríkisoddvitafundi í júní.

Ríki Andessáttmálans,Venesúela, Kólumbía, Ekvador, Bólivía og Perú, stefna óðfluga að tollabandalagi og hafa þegar að nokkru leyti samræmt tolla sína. Samstarf á öðrum sviðum þ.m.t. hugverkaréttindum hefur verið eflt.

Forsetar Mið-Ameríkuríkja, Gvatemala, Salvador, Hondúras, Níkaragva, Kostaríka og Panama komu saman í október til þess að endurvekja hugmyndir frá 1961 um sameiginlegan markað. Skrifuðu þeir undir samkomulag sem felur í sér stofnun fríverslunarsvæðis þrjátíu milljóna manna.

Mercosur-löndin, Argentína, Brasilía, Paragvæ og Úrúgvæ, gera ráð fyrir að ljúka nauðsynlegum undirbúningi sameiginlegs markaðar 1. janúar 1995 en tafir hafa orðið á niðurfellingu tolla sem áttu að verða um síðustu áramót.

ASEAN-löndin, Indónesía, Brúnei, Malasía, Filippseyjar, Singapúr og Taíland, sem stofnuðu með sér fríverslunarsvæðið (AFTA) 1. janúar 1993 virðast staðráðin í því að efla samstarf sitt en láta APEC ekki koma þar í staðinn. Innbyrðis viðskipti ríkjanna er þó aðeins fimmtungur utanríkisviðskipta þeirra. Samræming tolla er hafin og er gert ráð fyrir því að árið 2008 verði meðaltollar þar komnir niður í 5%.

IV. vii. Alþjóðastofnanir um viðskiptamál.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað árið 1966 að setja á stofn alþjóðaviðskiptalaganefndina (United Nations Commission on International Trade Law). Hlutverk hennar er að draga úr hömlum í alþjóðaviðskiptum með því að stuðla að samræmingu á reglum á því sviði, fyrst og fremst sem varða viðskipti fyrirtækja sín á milli. Nefndin hefur undirbúið marga alþjóðasamninga, m.a. varðandi sölu á vörum, flutninga með skipum, víxla o.fl.

Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

Efnahagsnefndin (ECE) var stofnuð árið 1947. Aðsetur hennar er í Genf. Upphaflegt markmið ECE var að samræma aðgerðir við að endurreisa Evrópu úr rústum síðari heimsstyrjaldarinnar, einkum með því að örva efnahagsstarfsemi ríkja Evrópu og veita ríkisstjórnum hagrænar og tæknilegar upplýsingar. ECE er ein af 5 slíkum svæðisbundnum nefndum ECOSOC (Efnahags- og félagsmálaráð Sþ). Í henni eiga sæti Evrópuríkin auk Bandaríkjanna og Kanada. Á tímum kalda stríðsins var ECE vettvangur viðræðna og samvinnu austurs og vesturs einkum á sviði viðskiptamála og ruddi á þeim tíma ýmsum viðskiptahindrunum úr vegi milli þessara ríkjahópa. Eftir fall kommúnista í Mið- og Austur-Evrópu hefur markmið ECE einkum verið að veita þeim ríkjum tækniaðstoð á færri en betur afmörkuðum sviðum, einkum varðandi einföldun viðskipta, hagskýrslugerð, hagrænar athuganir, flutninga og umhverfismál.

Viðskipta- og þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna.

Viðskipta- og þróunarstofnunin (UNCTAD) var sett á fót 1964 og hefur aðsetur í Genf. Hún er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Markmið UNCTAD er aðstoða þróunarríki við að auka útflutning þeirra og gera innflutning þeirra skilvirkari.

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu.

Þau mál, sem hvað hæst ber nú í störfum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, eru atvinnumál og samskiptin við ríkin í Mið- og Austur-Evrópu. Skýrslu framkvæmdastjóra OECD um atvinnumálin miðar samkvæmt áætlun. Ekkert einstakt mál er fyrirferðarmeira í starfsemi OECD um þessar mundir. Vinna við skýrsluna snertir líka flestar nefndir á vegum

stofnunarinnar. Drög að flestum köflum hennar liggja nú fyrir og verða næstu mánuði til umfjöllunar í nefndum OECD og hjá sérfræðingum í aðildarríkjunum. Gerð hefur verið áætlun um fundi þar sem einstök atriði skýrslunnar verða rædd og er rétt í því sambandi að geta fundar háttsettra embættismanna, sem ræða munu stefnumarkandi þætti skýrslunnar hinn 21.-22. febrúar n.k. Verður þetta fyrri hluta athugunar, en síðar verður annar fundur haldinn um miðjan apríl. Viðskiptanefnd OECD, svo og efnahagsnefnd, skattanefnd, auk annarra sérfræðinganefnda, munu fjalla um skýrsludrögin á reglulegum fundum síðum, sem haldnir verða á næstunni. Skýrslan verður síðan lögð fyrir ráðherrafund OECD-ríkjanna sem haldinn verður dagana 7.-8. júní n.k.

Samskiptin við ríki utan stofnunarinnar eru áfram mikil Hlutverk OECD í þessu sambandi er aðstoð við uppbyggingu atvinnustarfseminnar á efnahags- og tæknisviði við þessi ríki. Menntamál og félagsmál eru líka mjög til umræðu, þar sem sérfræðingar OECD veita aðstoð við uppbyggingu skólakerfa og skipulagningu félagsmála. Mörg ríkja Mið- og Austur-Evrópu taka nú ríkan þátt í störfum margra nefnda OECD. Sum þeirra hafa sótt formlega um aðild að stofnunni, svo sem Pólland, Tékkneska lýðveldið og Ungverjaland. Önnur hafa sóst eftir nánari samskiptum, sem leitt gætu til formlegrar aðildarumsóknar. Þá hefur Mexíkó sótt um aðild að stofnuninni og verður gengið frá aðild þess á ráðherrafundi OECD, sem haldinn verður í júní.

Tafla 6.

Framlög Íslands til alþjóðastofnana á árinu 1994

Allar upphæðir í þús kr.	Gjöld samtals
A. Stofnanir og framlög á sviði viðskiptamála	
Efnahags- og framfararstofnunin, OECD	14 800
EFTA-dómstóllinn	15 300
Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	22 200
Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	30 700
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT	2 300
Þróunarsjóður EFTA	83 600
Samtals	168 900
B. Skyldar alþjóðastofnanir og framlög	
Sameinuðu þjóðirnar (m.a. UNCITRAL, ECOSOC, ECE)	25 300
Skyldar stofnanir:	
- Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	300
Sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna:	
- Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	8700
- Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki (FAO)	120
- Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	6 300
- Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO	2 200
- Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	4 700
- Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1 100
- Alþjóðafjarskiptasambandið, ITO	3 900
- Menningarmálsstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	7 300
- Alþjóðapóstsambandið, UPU	1 600
- Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO	8 400
- Alþjóðahugverkastofnunin, WIPO	734
- Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO	1 300
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, ICNAF, NEAFC)	10 400
Norður-Altantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	5 000
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	2 500
Oslóarsamningurinn um varnir gegn mengun	800
Parísarsamningur um varnir gegn mengun	700
Sameindarlíffræðiþing Evrópu	559
Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	100
Alþjóðajarðfræðisambandið, IUGSA	45
Alþjóðalandfræðisambandið, IGU	50
Alþjóðanáttúruverndarsambandið	500

Montreal-bókun um ósoneyðandi efni	4 800
Alþjóðasamband um byggingaskipulag	100
Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	600
Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	2 900
Alþjóðastaðlar, CEN-CENELEC	14 500
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1 600
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	1 300
Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS	400
Samtals	287708

V. MÁLEFNI TIL SÉRSTAKRAR UMFJÖLLUNAR.

V. i. Umhverfis- og viðskiptamál.

Þegar Bandaríkjamenn bönnuðu innflutning á túnfiski frá Mexíkó og Danir innflutning á einnota bjórflöskum var þá meginástæða ríkjanna umhyggja fyrir umhverfinu eða var um að ræða dulin viðskiptahöft? Í ofannefndum tilfellum héldu ríkisstjórnir landanna því fram að bann þeirra byggðist á umhverfisverndarsjónarmiðum, menn vildu bjarga höfrungum sem lentu í netum túnfiskveiðimanna og draga úr notkun einnota umbúða. Niðurstaða álitsnefndar GATT var að bannið á túnfiskinn væri dulin verndarstefna, ESB-dómstóllinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu (andstætt skoðun framkvæmdastjórnar ESB) að Dönum væri heimilt að krefjast þess að innfluttur bjór væri í margnota flöskum, eins og þeirra heimaframleiðsla.

Umræðan um tengsl umhverfisverndar og frjálsra viðskipta hófst fyrir nokkrum árum og er nú að verða mjög fyrirferðarmikil, sérstaklega í alþjóðlegum stofnunum á borð við GATT, Sameinuðu þjóðirnar og OECD. Fram að þessu hefur virst erfitt að sætta hagsmuni þeirra sem auka vilja frjálsræði í viðskiptum og þeirra sem setja umhverfisvernd á oddinn.

Að mati sumra stangast GATT-reglur á við þau markmið sem samið var um á Ríó-ráðstefnunni. Þá þykir öðrum að allt of auðvelt sé að grafa undan umhverfisverndarstöðlum einstakra aðildarríkja ESB með því að segja staðlana mismuna vörum frá öðrum löndum. Hagsmunir umhverfisverndar og frjálsra alþjóðlegra viðskipta þurfa þó alls ekki nauðsynlega að stangast á. Þótt vaninn sé að ræða um neikvæð áhrif viðskipta og hagvaxtar á umhverfið fer fylgismönnum þeirrar stefnu sífellt fjölgandi sem telja hagvöxt og frelsi í viðskiptum beinlínis nauðsynlega þætti svo að uppfylla megi kröfur íbúa heims um aukna umhverfisvernd og sjálfbæra þróun.

Erfitt og næsta ómögulegt er að samræma umhverfisverndarreglur alls staðar í heiminum, einungis er hægt að miða að því að setja lágmarkskröfur og koma í veg fyrir útrýmingu dýrategunda og aukna mengun með alþjóðlegum samningum. Þótt hægt sé að setja lágmarkskröfur sem flest iðnríki heims geta fellt sig við er ósvarað spurningunni hvernig beri að taka á vanda þróunarlandanna. Alþjóðlegir umhverfisverndarstaðlar geta gert þeim enn erfiðar fyrir að koma vörum sínum á markað og nauðsyn ber til að aðstoða þau svo að hægt verði að auka almennar kröfur um umhverfisvernd í heiminum. Í umræðunni hefur að undanförnu borið á að menn nefni, oft á tíðum harkalegar, aðgerðir iðnríkja til að fá þróunarlönd til að bæta ástandið í umhverfismálum sínum "græna" nýlenduhyggju. Að mati

sérfræðinga sem um málið fjalla verður að forðast einhliða aðgerðir gegn einstökum þróunarríkjum, sem eiga í erfiðleikum með að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru á Vesturlöndum um umhverfisvernd. Eins og hér verður drepið á geta slíkar aðgerðir snúist upp í andhverfu sína. Iðnríkin eiga fremur að auka tæknilega og fjárhagslega aðstoð til þróunarríkja og gera þeim þannig kleift að taka upp betri og vistvænni aðferðir við framleiðslu vara og nýtingu auðlinda sinna.

GATT.

Hópur um umhverfismál og viðskipti innan ramma GATT hefur hist tólf sinnum frá því að starf hans hófst síðla árs 1991. Það ár var umræða um tengsl umhverfismála og alþjóðlegra viðskipta endurvakin í GATT samhengi að frumkvæði EFTA-ríkjanna og þá sérstaklega Norðurlandanna. Hópur um umhverfisverndaraðgerðir (Group on Environmental Measures) var stofnaður innan GATT árið 1971 en hann tók aldrei formlega til starfa. Þegar farið var af stað með Úrúgvæ-viðræðurnar árið 1986 kröfðust umhverfisverndarsamtök þess að umhverfismál yrðu tekin fyrir í lotunni. Þessu var hafnað á þeirri forsendu að þegar væru umfjöllunarefni lotunnar orðin það mörg að erfitt yrði að bæta einum málaflokki við. Á síðari hluta níunda áratugarins gerðu EFTA-ríkin, með stuðningi ESB og Bandaríkjanna, tilraun til að endurvekja umhverfishópinn en í þetta sinn lögðust þróunarríkin gegn starfinu. Óttuðust þau að hópurinn gerði tillögur um umhverfisverndarstaðla sem þau gætu alls ekki uppfyllt. Á ráðstefnu í Björgvin um Brundtland skýrsluna árið 1990 ákváðu 34 iðnríki að tími væri kominn til að GATT legði sitt af mörkum til að samræma kröfur um umhverfisvernd og þróun kröfunni um frjáls viðskipti. EFTA-ríkin þrýstu á um þetta á GATT-ráðherrafundi í Brussel í desember árið 1991 og hópurinn var endurvakinn undir eilítið breyttu heiti. Sendiherra Japans í Genf, Ukawa, var gerður að formanni hópsins[3]. Ekki var ætlunin að hópurinn stæði í samningum um viðskipti og umhverfismál innan GATT heldur var hlutverk hans fyrst og fremst að kanna tengslin og koma auga á vandamál og mögulegar lausnir. Þá setti hópurinn sér þann ramma að umfjöllunarefni hans skyldu falla innan verksviðs GATT, þ.e.a.s. aðeins

[3] Þá jókst einnig þrýstingur á GATT að fjalla um tengsl umhverfismála og viðskipta eftir að svonefnd túnfiskdeila kom upp og álit GATT-nefndarinnar Mexíkóum í hag var birt í mars árið 1992. Flest ríki Evrópu voru á þeirri skoðun að til að skýra samband umhverfisverndar og viðskipta í GATT samhengi þyrfti að semja um sameiginlega túlkun á XX. grein, sem fjallar um almennar undanþágur. Þar er ekki minnst á umhverfið en talað um leyfilegar aðgerðir þegar líf og heilsa manna, dýra og plantna er í húfi og í tilfellum þegar gengið er of nærri náttúruauðlindum.

yrði rætt um þau svið umhverfisverndar er tengdust með beinum hætti ákvæðum GATT um frelsi í alþjóðlegum viðskiptum. Með áðurnefndum Úrúgvæ-samningi hefur verksvið þetta verið víkkað nokkuð út og er að mati flestra aðildarríkja GATT kominn tími til að taka umhverfismálin fastari tökum.

Vinnuhópurinn hefur aðallega notað tímann þau tvö ár sem hann hefur starfað til að ræða þrjá málaflokka:

- hvort viðskiptaákvæði í alþjóðlegum umhverfisverndarsamningum á borð við Montreal-bókunina stangist á við grundvallarreglur og ákvæði GATT-samningsins,
- skýrleika umhverfisreglna einstakra aðildarríkja sem taldar eru hafa áhrif á viðskipti
- möguleg áhrif nýrra krafna um umbúðir og merkingar til verndunar umhverfinu á viðskipti.

Þá hefur einnig verið rætt hvernig túlka bæri XX. grein GATT-samningsins og hvernig leysa megi deilumál sem upp kunna að koma í tengslum við fyrsta málaflokkinn hér að ofan.

Í júlí á síðasta ári var svið hópsins víkkað út til að ræða þau málefni sem sett voru fram í framkvæmdaáætlun Ríó-ráðstefnunnar, Dagskrá 21. Á árinu 1993 hittist hópurinn fimm sinnum, en þegar ljóst varð að umhverfismál og viðskipti yrðu ekki formlegur hluti Úrúgvæ-samningsins og aðildarríki voru sammála um að flækja ekki eða tefja viðræðurnar meira en þegar var orðið með nýjum málaflokki inn í lokasprett lotunnar fækkaði fundum og ekki tókst að fjalla um málið að ráði. Eitt af þeim atriðum sem voru til umræðu var hvernig aðgerðir sem stuðli að auknum viðskiptum jafnframt aukinni umhverfisvernd geti stuðlað að sjálfbærri þróun. Þetta stef kemur fram í þeirri ákvörðun sem aðalsamninganefnd Úrúgvæ-viðræðnanna tók 15. desember sl. og greint er frá hér að neðan.

Meginmarkmiðið með vinnu umhverfishópsins er að kanna hvort samningar og reglur GATT stangist á við kröfur um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun, og hvernig megi úr því bæta án þess að draga úr frelsi í viðskiptum og mismuna ríkjum.

Í þeirri vinnu sem fram hefur farið á sviði umhverfismála og viðskipta innan GATT hafa flest ríki sannfærst um að markmið umhverfisverndar og viðskipta þurfi ekki að vera andstæð.

Marakess-fundurinn.

Á ráðherrafundinum í Marakess í apríl næstkomandi verða teknar margar mikilvægar ákvarðanir þar á meðal um framhald þeirrar vinnu innan GATT sem lýtur að tengslum

viðskipta og umhverfismála. Þann 15. desember s.l. þegar Úrúgvæ-viðræðunum lauk með formlegum hætti var einnig samþykkt ákvörðun í aðalsamninganefnd viðræðnanna (TNC) um viðskipti og umhverfi. Ákvörðun þessi mun þjóna sem grunnur að því starfi sem nú fer fram um það hvernig beri að skipuleggja meðferð umhverfismála innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Í ákvörðuninni er tekið fram að höfð skuli hliðsjón af yfirlýsingu Ríó-ráðstefnunnar um umhverfi og viðskipti, Dagskrá 21, og þeirri vinnu sem fram að þessu hefur farið fram í vinnuhópi um umhverfisvernd og alþjóðleg viðskipti (Group on Environmental Measures and International Trade eða Ukawa-hópurinn). Þá skal einnig höfð í huga að XIV. grein (B) í samningi GATT um þjónustuviðskipti[4] og viðeigandi ákvæði hugverkaréttarsamningsins.

Í ákvörðuninni segir einnig að samningsaðilar telji, að ekki þurfi að líta á viðhald og aukningu frelsis í alþjóðaviðskiptum annars vegar og vernd umhverfisins og sjálfbæra þróun hins vegar sem andstæð markmið. Samningsaðilar vilja samræma stefnu sína á sviði viðskipta og umhverfismála að því marki sem rammi Úrúgvæ-samningsins leyfir, þ.e. sem er takmarkaður við viðskiptastefnu og þá umhverfisvernd sem haft getur áhrif á viðskipti samningsaðila.

Að lokum segir í ákvörðuninni að samningsaðilar ætli að gera vinnuáætlun:

-til þess að skilgreina sambandið milli viðskiptareglna og umhverfisreglna í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun;

-til þess að gera tillögur að því hvort einhverjar breytingar á ákvæðum samningsins séu nauðsynlegar, sérstaklega hvort nauðsyn sé að setja reglur til að hvetja til þess að stefna á sviði viðskipta og stefna á sviði umhverfisverndar séu samrýmanlegar fremur en andstæðar og að sérstakt tillit skuli tekið til þróunarlandanna;

-til þess að komast hjá verndarstefnu í viðskiptum og sjá til þess að reglum samningsins sé fylgt, sérstaklega reglu nr. 12 í Ríó-yfirlýsingunni[5];

---

[4] XIV. grein fjallar um almennar undanþágur og er samsvarandi XX. grein í GATT-samningnum. Í XIV. grein (B) segir að beita megi undanþáguákvæði þegar nauðsynlegt er til að vernda líf og heilsu manna, dýra eða plantna.

[5] Í reglu 12 segir orðrétt: "Ríki skulu í sameiningu stuðla að uppbyggjandi og opnu, alþjóðlegu hagkerfi er leiði til hagvaxtar og sjálfbærrar þróunar í öllum löndum svo auðveldara verði að takast á við umhverfisvandann. Mörkun viðskiptastefnu með tilliti til umhverfismála skal ekki fela í sér mismunun, hvorki eftir geðþótta né á óréttmátan hátt, eða dulbúnar takmarkanir á alþjóðaviðskipti. Forðast ber einhliða aðgerðir til að takast á við umhverfisvanda utan lögsögu innflutningsríkja. Aðgerðir þar sem tekist er á við umhverfisvanda, sem teygir sig út yfir landamæri, eða alheimsumhverfisvanda, skulu, eftir því sem mögulegt er, byggjast á alþjóðlegu

-til þess að hafa eftirlit með aðgerðum á sviði viðskipta sem gripið er til af umhverfisverndarástæðum og viðskiptatengdum umhverfisverndaraðgerðum sem hafa munu áhrif á viðskipti ríkja.

Stefnt er að því, eins og áður sagði, að vinnuáætlunin verði til ekki síðar en á ráðherrafundinum í apríl nk.

Norrænt samráð.

Norðurlöndin hafa haft mjög öflugt samráð í þau tvö ár sem umhverfismál og viðskipti hafa verið til umræðu í GATT-samhengi. Þau hafa þegar hafist handa við gerð vinnuáætlunar og haldið fundi til að ræða hvað Norðurlöndin vilja setja á oddinn í áætluninni. Norðurlöndin hafa komið sér saman um að setja niður markmið og punkta svo að menn hafi nokkuð skýrar línur um það hvert skuli stefnt í starfinu og spara þannig tíma og samninga síðar. Verði vinnuáætlunin of opin í báða enda gæti það tafið fyrir markvissu starfi á sviði umhverfismála og viðskipta. Hins vegar má vinnuáætlunin heldur ekki vera tæmandi og loka þannig fyrir möguleikann á því að taka upp nýjar spurningar og markmið síðar þegar aðstæður krefjast. Raunsæismenn í hópnum telja þó allra mikilvægast að menn komi sér saman um einhverja vinnuáætlun fyrir Marakess-fundinn því illa gæti horft fyrir framtíð málaflokksins innan GATT ef ekki semst um vinnuáætlun fyrir fundinn.

Staða undirbúnings vinnuáætlunar í öðrum ríkjum.

Önnur ríki eru enn mjög skammt á veg komin með gerð draga að vinnuáætlun og vart hægt að segja að umræðan sé komin af stað að nokkru ráði. Innan ESB er undirbúningur skammt á veg kominn, beðið er eftir gerð „grænbókar" um það að hverju beri að stefna af hálfu ESB en fátt hefur verið sett niður á blað. Bandaríkjamenn eru einnig með fremur ómótaðar hugmyndir á þessu stigi málsins. Norðurlöndin sjá því í stöðunni tækifæri til að hafa frumkvæði, vera fyrst með nokkuð heilsteyptar tillögur og hafa þannig mótandi áhrif á umræðuna um vinnuáætlunina. Menn eru sammála um að Norðurlöndin beiti sér sem mest, eins og þau hafa þegar gert fram að þessu með góðum árangri, og reyni að fá fram sem ítarlegasta áætlun.

Í grófum drættum má segja að tvær meginhugmyndir séu um innihald

---

samkomulagi. (Skýrsla umhverfisráðherra frá heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun. Umhverfisráðuneytið, desember 1992, bls. 20).

vinnuáætlunarinnar, annars vegar sú að hafa hana sem opnasta og líkasta TNC-ákvörðuninni frá 15. desember s.l. og hins vegar sú að fá fram ítarlegt plagg til að byggja framtíðarvinnu umhverfishóps GATT á. Kanada er meðal þeirra ríkja sem hallast að fyrrnefndu hugmyndinni og Norðurlöndin að þeirri síðari. Bandaríkin líta á ákvörðun TNC sem plagg sem vísa skal til en vinnuáætlunin sjálf eigi að vera nokkuð sértækari, þótt enn hafi þeir ekki ákveðnar hugmyndir og hvað hún skuli fela í sér. Á fundi GATT 26. janúar sl. náðist mjög breið samstaða aðildarríkja um það að efla skyldi umræðu um tengsl alþjóðlegra viðskipta og umhverfismála. Þó er hætt við að erfitt verði að semja vinnuáætlun fyrir málaflokkinn sem hinir 116 aðilar að GATT geta fellt sig við, en það ræðst á næstu vikum.

Stofnanalegt skipulag þessarar vinnu í framtíðinni er einnig óljóst, flestir eru á því að starfið verði að vera með skipulögðum hætti og komi til greina að setja á laggirnar einhvers konar bráðabirgðanefnd (interim committee) sem geti síðar jafnvel öðlast lagalegan grunn í sérstökum samningi um málaflokkinn. Bandaríkjamenn eru taldir vilja ganga hvað lengst í þessum efnum, en heyrst hefur að þeir hafi áhuga á að bæta umhverfismálum við sem einni af stoðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Drög Norðurlanda að vinnuáætlun.

Á fundi í Stokkhólmi nýverið var farið lið fyrir lið yfir fyrstu drög að hugmynd Norðurlandanna að vinnuáætlun. Drögin eru að mestu byggð á meginatriðum 2. kafla Dagskrár 21[6]. Ákveðið var að hafa formála að upptalningu nokkurra punkta, þar sem vísað væri til vinnu annarra alþjóðlegra stofnana þ.á m. OECD og UNCTAD, gerð grein fyrir því að meginmarkmið allrar vinnu á þessu sviði væri sjálfbær þróun en að sérstakt tillit yrði að taka til þróunarlanda og hinna "nýfrjálsu" ríkja Mið- og Austur Evrópu.

Rætt var hvort kanna skyldi hver væru áhrif allra þátta GATT á umhverfið (lárétt skoðun) eða hvort einblína skyldi á vöruviðskipti. Töldu flestir að ekki nægði að skoða áhrif vöruviðskipta eingöngu, heldur ætti einnig að kanna áhrif þjónustuviðskipta og annarra þátta GATT. Þeir punktar sem menn voru sammála um að helst skyldu vera með í vinnuáætluninni

[6] Annar kafli fjallar um alþjóðlega verslun, efnahagsmál almennt og leiðir til þess að flýta fyrir sjálfbærri þróun í þróunarlöndunum. Lögð er áhersla á alþjóðlega samvinnu, frjálsa verslun og að stefna í viðskiptum og umhverfismálum fari saman. Þar er ítrekað að fjárhagsgrundvöllur þróunarríkjanna sé slæmur og að fjármagnsyfirfærslur verði að eiga sér stað til þess að tryggja megi sjálfbæra þróun og takast á við fjárlagahalla þróunarlandanna. (Skýrsla umhverfisráðherra frá heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun. Umhverfisráðuneytið, desember 1992, bls. 25).

eru þeir punktar sem Ukawa-hópurinn hefur rætt hvað mest þ.e. GATT og alþjóðlegir umhverfisverndarsamningar og pökkun og merking vara. Þá er ljóst að meðferð á sorpi (waste management) og aðferðir við framleiðslu og framleiðsluferil vöru (PPM) verði tekin fyrir.

Annað starf á sviði umhverfismála og viðskipta.

Á Norðurlöndunum heyrast nú þær raddir að svo mikið sé af fundum, ráðstefnum og viðburðum á borð við námstefnur á sviði umhverfismála og viðskipta að ógjörningur sé að fylgjast með því öllu. Hefur í því samhengi verið rætt um að Norðurlöndin stilli saman strengi sína og skiptist á að mæta á fundi tengda málinu og greina hinum frá því markverðasta sem fram fer. Nauðsynlegt er að huga að því að skilgreina hlutverk og verkefni alþjóðlegra stofnana í þessum málaflokki til að komast hjá tvíverknaði og gagnverkandi niðurstöðum. Mestu áhersluna ætla Norðurlöndin að leggja á starfið innan GATT, OECD og UNCTAD.

Ekki er einvörðungu nauðsynlegt að samræma vinnu helstu stofnana á þessu sviði heldur verða þau ríki sem ætla sér að fylgjast með þessum málaflokki að skipuleggja starfið innanlands, þ.e. hver skuli vera meginmarkmið stjórnvalda og hvaða ráðuneyti og stofnun beri að koma markmiðum og áliti Íslands á framfæri hverju sinni. Samstarf Norðurlanda er Íslandi mikilvægt á þessu sviði og hefur reynslan sýnt að samstarf þessara þjóða hefur aukið styrk raddar þeirra á hinum ýmsu sviðum á alþjóðavettvangi ekki síst á sviði umhverfismála.

Nefnd Sþ um sjálfbæra þróun.

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (Committee on Sustainable Development, CSD) var stofnuð til að fylgja eftir og stýra framkvæmd Dagskrár 21, ítarlegri framkvæmdaáætlun á sviði umhverfis- og þróunarmála sem samþykkt var á ráðstefnu Sþ í Ríó de Janeiro.

Eins og fram hefur komið fjallar Dagskrá 21 meðal annars um viðskipti og umhverfismál og þar er litið svo á að hagsmunir umhverfisverndar og frjálsra viðskipta séu ekki andstæðir. Þar segir þvert á móti að opið, fjölþjóðlegt viðskiptakerfi muni hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Í Dagskrá 21 er ennfremur hvatt til þess að staða GATT er varðar þennan málaflokk sé skýrð og skilgreind. Ísland á ásamt Noregi sæti í nefndinni fyrir hönd Norðurlandanna og leiða Íslendingar starfið. Fulltrúi Íslands er Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins.

Viðskipta- og þróunarstofnun Sþ.

Í viðskipta- og þróunarstofnuninni (UN Conference on Trade and Development UNCTAD) er mikil sérfræðikunnátta fyrir hendi og þar hefur megináherslan verið lögð á þróunarlöndin.

Efnahags- og framfarastofnunin.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur aukið mjög vinnu sína á sviði umhverfis- og viðskiptamála síðan í lok níunda áratugarins. Árið 1989 hóf viðskiptanefnd stofnunarinnar að kanna tengslin milli viðskipta og umhverfis og í samráði við umhverfisnefnd hennar hófst vinna við að marka sérstaka stefnu OECD á þessu sviði. Árið 1991 gáfu nefndirnar tvær út sameiginlega skýrslu þar sem fram komu eftirfarandi grundvallaratriði:

(a) umhverfisstefna skal fela í sér að verð vöru og þjónustu endurspegli þann skaða sem framleiðsla vörunnar, umbúðir hennar og flutningur og veiting þjónustunnar geri umhverfinu, þ.e. kostnaður við umhverfisvernd skal falla á þann sem skaðanum veldur við framleiðslu varnings eða veitingu þjónustu.

(b) Leitast skal við að aðgerðir og stefna samræmist kröfum markaðarins þegar mögulegt er.

(c) Auka skal skýrleika.

(d) Stefnt skal að því eftir megni að samræma stefnu OECD-landanna og að lokum,

(e) hafa ber hagsmuni þróunarríkja í huga. OECD er ennfremur sammála þeirri meginstefnu GATT að viðskipti og umhverfisvernd skuli vera samverkandi.

Eitt af verkefnum OECD á þessu sviði eru ítarlegar kannanir á ástandi umhverfismála í aðildarríkjum stofnunarinnar og voru Ísland og Þýskaland þau ríki sem fyrst voru tekin fyrir í slíkri könnun. Skýrslan sem út kom í kjölfarið var gefin út í íslenskri þýðingu af umhverfisráðuneytinu í júlí á síðasta ári (Mat OECD á stöðu og framkvæmd umhverfismála á Íslandi).

Helstu svið umræðunnar um tengsl viðskipta og umhverfis.

Hér að ofan hefur þegar verið tæpt á þeim málaflokkum sem umhverfishópur GATT og fleiri alþjóðlegar stofnanir hafa helst skoðað þegar rætt er um tengsl umhverfismála og viðskipta. Í köflunum hér á eftir verður fjallað nánar um þessa málaflokka en umræðan er

enn viðameiri og allir tengjast þeir þættir sem nefndir eru með einum eða öðrum hætti.

Viðskiptaákvæði í alþjóðlegum umhverfisverndarsamningum.

Samið hefur verið um nokkur hundruð fjölþjóðlega og tvíhliða samninga á sviði umhverfisverndar. Aðeins nokkrir þeirra fela í sér viðskiptaákvæði eða bann við viðskiptum, meðal þeirra eru Washington-samningurinn sem takmarkar viðskipti með dýra-, fugla- og plöntutegundir sem taldar eru í útrýmingarhættu, Montreal-bókunin frá 1988 og 1991 sem bannar innflutning á ósoneyðandi efnum og Basel-samningurinn um flutning á hættulegum úrgangi takmarkar inn- og útflutning á slíkum vörum. Allir þessir samningar fela í sér alheimsnálgun að umhverfisvandamálum gagnstætt svæðisbundnum lausnum og einhliða aðgerðum, sem umhverfishópur GATT telur að koma verði í veg fyrir. Vandinn felst í því hversu langan tíma tekur að ljúka við víðtæka samninga á borð við ofannefnda. Þá er einnig vandasamt að fá ríki til að framfylgja slíkum samningum, jafnvel ESB (sem undirritar marga alþjóðlega samninga sem ein heild en ekki sérhvert aðildarríki um sig) á í erfiðleikum með að tryggja að farið sé eftir samningunum í öllum aðildarríkjum þess og ekki síst hvernig skuli meðhöndla ríki sem ekki eru aðilar að slíkum samningum en eru hins vegar aðilar að GATT. Í umræðu í umhverfishópi GATT um alþjóðlega umhverfisverndarsamninga hafa um 150 samningar af þessu tagi verið skoðaðir og reynt hefur verið að meta hvort og með hvaða hætti þeir hafa áhrif á viðskipti milli ríkja og hvernig skuli leysa úr deilumálum sem upp kunna að koma þegar ákvæði í slíkum samningum stangast á við markmið og ákvæði GATT-samninga. Skoðun á slíkum alþjóðasamningum tengist einnig þeirri umræðu sem áberandi hefur verið innan GATT að nauðsynlegt sé að aðildarríkin komi sér saman um túlkun XX. greinar samningsins, sem fjallar um almenn öryggisákvæði sem aðildarríkjum er heimilt að grípa til og hvernig beri að skilgreina duldar viðskiptahindranir þannig að hægt sé að ákvarða með óyggjandi hætti að um hindrun á viðskiptum sé að ræða en ekki nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda umhverfið. Til þess að komast hjá vafaatriðum skiptir skýrleiki ákvæða samninga og aðgerða ríkja miklu máli en skýrleiki innlendra umhverfisreglna er eitt þeirra mála sem hvað mest hafa verið rædd innan umhverfishóps GATT.

Skýrleiki innlendra umhverfisreglna sem geta haft áhrif á viðskipti.

Umhverfishópur GATT hefur rætt skýrleika nokkuð ítarlega og komist að því að GATT-samningurinn uppfylli kröfuna um skýrleika hvað varðar aðgerðir sem hafa munu áhrif

á viðskipti. Skýrleiki er í sjálfu sér ekki markmið heldur fremur aðferð til að byggja upp gagnkvæmt traust samningsaðila og sjá fyrir öryggi og stöðugleika viðskiptakerfisins, draga úr truflunum og hömlum á viðskipti og koma í veg fyrir að upp komi deilumál.

Viðskiptaáhrif nýrra krafna um umbúðir og merkingar.

Umhverfishópur GATT hefur rætt reglur ýmissa aðildarríkja er varðar nýjar kröfur um umbúðir og merkingar og hafa þau séð hópnum fyrir upplýsingum um reynslu sína af þessum reglum og þau áhrif sem þau telja þær hafa haft á viðskipti sín við önnur ríki. Nýjar reglur um merkingar og umbúðir vara eru í mikilli þróun og sífellt fleiri ríki taka upp einhverjar reglur á þessu sviði. Vinna hópsins hefur að mestu snúist um að reyna að koma auga á þau áhrif sem slíkar kröfur hafa á viðskipti og að hve miklu leyti þær stangast á við ákvæði GATT-samningsins. Þessi umræða tengist umræðu innan GATT um tæknilegar viðskiptahindranir (Technical Barriers to Trade, TBT) og hvernig koma skuli í veg fyrir að reglur og staðlar einstakra ríkja setji að óþörfu stein í götu frjálsra viðskipta. Í þeirri umræðu eru aðildarríki á einu máli um að ekki beri að hindra aðildarríki að setja lög og reglur um staðla og kröfur til vöru en tryggja verði að slíkar reglur hamli ekki viðskipti.

Kröfur um umbúðir skiptast í höfuðdráttum í tvennt, annars vegar kröfur um tegund umbúða sem nota má eða ekki á einhverjum markaði og hins vegar kröfur um endurnotkun, endurvinnslu eða förgun á umbúðum sem gegnt hafa hlutverki sínu.

Hvað varðar merkingar á vörum þá er fyrst og fremst verið að skoða ýmsar vistvænar merkingar. Þær merkingar sem umhverfishópurinn kannaði voru allflestar veittar framleiðendum að uppfylltum vissum skilyrðum án þess að það væri skylda framleiðenda að verða sér úti um slíkar merkingar. Markmið þeirra er að aðgreina vistvænar vörur frá öðrum, en geta einmitt þannig haft mikil áhrif á samkeppnisstöðu vara á markaðinum. Ómerkt vara getur verið neytendum vísbending um að hún sé skaðleg umhverfinu án þess að nokkrar prófanir liggi þar að baki. Því hefur athugun hópsins beinst að aðgengi erlendra framleiðenda að innlendum vistmerkingum einstakra ríkja. Margt bendir til þess að innlendar umhverfismerkingar geri erlendum framleiðendum erfitt fyrir og þótt þeim standi til boða þessar merkingar þá hafa reglur um veitingu þeirra mótast af hagsmunum innlendra framleiðenda og innlendra aðstæðna.

Í Þýskalandi voru sett umdeild lög um umbúðir sem tóku gildi í júní árið 1991 þar sem fyrirtækjum er skylt að taka við og endurvinna stærstan hluta umbúða þess varnings sem

þau senda frá sér. Þýsk stjórnvöld halda því fram að lögin mismuni ekki því að þau gildi jafnt um þýsk og erlend fyrirtæki (eða öllu heldur um þýska dreifendur erlendu varanna). En lög af þessu tagi sem eitt ríki tekur einhliða upp geta truflað viðskipti. Lög þessi og önnur svipuð þeim í Evrópu eru liður í tilraun stjórnvalda til að fá fyrirtæki til að taka þátt í þeim kostnaði sem hlýst af sorphirðu og endurvinnslu.

Hið sama má segja um misjafna innlenda löggjöf er lýtur að umhverfismerkingum, eins og áður er nefnt, eða skilagjaldi á umbúðum eins og flöskum, eða bann við notkun vissra efna í umbúðir eins og plast. Mismunandi innlend lög og reglur á sviði umhverfisverndar gera Evrópusambandinu erfiðara fyrir að koma á hinum innra markaði og hið sama á við um frjálst flæði vöru og þjónustu á EES-svæðinu. Því er ekki að undra að mikill hluti starfs ESB felist í að samræma lög og reglur innan bandalagsins til að auðvelda viðskipti og koma í veg fyrir mismunun. Í EES-samningnum er að finna nokkrar ESB-gerðir er lúta að umhverfismálum en grundvallarregla samningsins í þeim málum er sú að aðildarríkjum er heimilt að setja strangari umhverfislöggjöf en í samningnum felst. Í því samhengi hefur komið fram sú skoðun að EES-samningurinn verði fremur til að þrýsta á um herta umhverfislöggjöf í Evrópu þar sem EFTA-ríki og þá sérstaklega Norðurlönd standa flestum ríkjum framar í umhverfismálum. Gæti slík hert löggjöf haft áhrif á viðskipti þessara ríkja utan svæðisins. Fram að þessu hefur starf GATT alls ekki snúist um slíka samræmingu, helsta verkefni GATT hefur verið að auka frelsi í alþjóðlegum viðskiptum sem grundvallast á sömu meðferð fyrir öll aðildarríki, sama hvaða lög og reglur gilda um framleiðslu, eftirlit og endurvinnslu í einstökum ríkjum. Það þýðir að samkvæmt GATT-reglum er aðildarríkjum þess heimilt að setja hvaða reglur sem er á sviði umhverfismála og leggja á skatta á inn- og útflutning svo lengi sem innlendar vörur og erlendar eru meðhöndlaðar á sama hátt. Ríkjum er ekki heimilt, nema í mjög fáum tilvikum, að setja reglur um framleiðsluhátt erlends framleiðenda. Hefur því verið haldið fram að þetta auki líkurnar á því að fyrirtæki kjósi fremur að framleiða vörur sínar í ríkjum sem hafa fáar eða engar reglur um umhverfisvernd og geri litlar kröfur til framleiðenda t.a.m. með tilliti til mengunar og losun úrgangs.

Framleiðsluaðferð og -háttur.

Eitt af því sem verið hefur til umræðu á sviði umhverfismála og viðskipta, m.a. í umhverfishópi GATT, er reglur um framleiðsluaðferðir og -hátt vöru (processes and production methods, PPMs). Það sem við er átt er að sú aðferð sem notuð er við framleiðslu

vöru skiptir miklu máli fyrir umhverfið og ætti t.a.m. að endurspeglast í verði hennar. Á Vesturlöndum hafa fyrirtæki verið hvött til þess með lögum og reglum og jafnvel skattaívilnunum að taka upp vistvænni aðferðir við framleiðslu vara t.d. með bættum mengunarútbúnaði. Mörg fyrirtæki hafa kvartað undan kostnaði við að bæta framleiðsluferil vöru og haldið því fram að það veiki samkeppnisstöðu þeirra gagnvart fyrirtækjum sem starfa í ríkjum þar sem mun minni kröfur eru gerðar til umhverfisverndar. Þá hefur og verið nefnd sú hætta að fyrirtæki taki sig upp og flytji framleiðslu sína til ríkja sem hafa takmarkaðri umhverfislöggjöf, t.a.m. í þróunarríkjunum, sbr. sama vandamál varðandi umbúðir og merkingar.

Á þessu sviði gæti verið að finna möguleika Íslendinga í framtíðinni. Þar skiptir máli með hvaða hætti varan er framleidd t.a.m. hvaðan orkan kemur sem notuð er við framleiðsluna. Notkun umhverfisvænnar orku við framleiðsluna eins og hérlendis býðst ætti því að vera útflutningi íslenskra vara til góðs.

Umhverfismál og frelsi í þjónustuviðskiptum.

Þjónustuviðskipti eru meðal þess sem nýlega samdist um í Úrúgvæ-viðræðunum. Umhverfishópur GATT hefur því einnig kannað með hvaða hætti þjónustuviðskipti hafa áhrif á umhverfið, en eins og fram kom í kaflanum hér á undan um vinnuáætlun Norðurlanda þá telja þau að þetta sé svið sem beri að huga betur að í framtíðinni. Þjónustuviðskipti eru fjölbreytt svið en nefna mætti t.d. ferðamálin. Á mörgum stöðum í Evrópu er fjöldi ferðamanna helsta orsök umhverfisspjalla. Til að hvetja menn til að snúa þeirri þróun við hefur Evrópusambandið hugað að því að vega og meta ferðamannastaði með tilliti til umhverfisverndar. Alþekkt er t.d. að baðströndum eru veittar viðurkenningar (blái Evrópufáninn) og þurfa þær þá að uppfylla viss skilyrði um hreinleika vatns og umhverfis. Slíkur fáni eykur vinsældir staðanna en kemur jafnframt í veg fyrir að of mikill fjöldi fólks leiti á sömu slóðir þar sem stöðunum er skylt að viðhalda þeim hreinleika sem þeir hlutu viðurkenningu fyrir. Íslensk ferðaþjónusta ætti að geta hagnast á slíkum umhverfisviðurkenningum eða mati sem fram kæmi í upplýsingum um ferðamannastaði hérlendis. Neytendur eru orðnir meðvitaðir um umhverfisvernd, og þeir ferðamenn sem hingað koma eru margir einmitt í leit að hreinu lofti, ómenguðu vatni og ósnortinni náttúru.

Samantekt og niðurlag.

Umræðan um umhverfismál og viðskipti fer fram í fjölmörgum alþjóðlegum stofnunum og innan umhverfisverndarsamtaka víða um heim. Í Efnahags- og framfarastofnuninni hafa menn rætt hvort ásættanleg sé að beita viðskiptaþvingunum til að fá ríki til að taka upp herta umhverfisverndarstaðla. Mikil vinna hefur farið fram innan umhverfishóps GATT og fleiri stofnana. Umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna kallaði til fundar í Genf 17. febrúar til að árétta að tillit verði tekið til þróunarríkja í þessari umræðu. Þótt ákveðið hafi verið að umhverfismál yrðu ekki tekin upp í Úrúgvæ-samninginn er um það breið samstaða aðildarríkja GATT að umhverfismál verði eitt af meginumfjöllunarefnum stofnunarinnar að aflokinni Úrúgvæ-lotunni. Meðal umhverfisverndarsinna, sérstaklega í Bandaríkjunum, ríkir sú skoðun að aukið frelsi í alþjóðaviðskiptum muni koma í veg fyrir að viðskiptaþvingunum verði beitt til hagsbóta fyrir umhverfið. Þróunarríkin óttast að iðnríki heims muni beita umhverfisvernd til að dylja einangrunar- og verndarstefnu í viðskiptum. Flestar þær stofnanir sem hér hafa verið nefndar reyna að vinna gegn ótta umhverfisverndarsinna og þróunarríkja með því að sýna fram á að frelsi í viðskiptum geti leitt til bættrar umhverfisverndarstefnu ríkja.

Umhverfisvernd hefur yfirleitt einhver efnahagsleg áhrif, nærtækt dæmi er verndun fiskistofna. Lausnir sem ríki leita verða því að sætta sjónarmið viðskipta og umhverfisverndar. Timbur úr regnskógum hefur verið merkt til að sýna kaupanda fram á að engin rányrkja liggi að baki skógarhöggi. Á sama hátt gæti komið til þess að íslenskur fiskur yrði merktur þannig að neytendur séu fullvissaðir um að Íslendingar séu ekki að ofnýta fiskistofna sína og stofna þannig lífríki hafsins í hættu, þ.e.a.s. að Íslendingar stundi veiðar sem uppfylla kröfuna um sjálfbæra þróun. Fyrir þjóð eins og Íslendinga sem lifir eingöngu á útflutningi, og fremur einhæfum útflutningi, er mikilvægt að fylgjast vel með á þessu sviði viðskipta og umhverfisverndar. Bæði fiskur og ál eru meðal þeirra vara sem líklegt er að komi til umræðu innan umhverfisverndarsamtaka og annarra stofnana sem láta sig umhverfisvernd varða. Nýting náttúruauðlinda, skynsamleg nýting fiskistofna, og umhverfisvæn orka við framleiðslu áls eru þættir sem koma munu íslensku efnahagslífi til góða í framtíðinni.

Eins fram kom hér að ofan er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld marki sér stefnu í þessum málaflokki enda er hann að verða mjög umfangsmikill og fyrirferðarmikill í allri umræðu á alþjóðavettvangi, hvort sem hún snýst um umhverfismál eða alþjóðleg viðskipti. Nauðsynlegt er að fylgjast með starfi stofnana á borð við GATT og OECD, UNCTAD,

UNCED (Nefnd Sþ um umhverfi og þróun) og annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna og taka þátt í því að skilgreina starfssvið einstakra stofnana til að koma í veg fyrir of mikla skörun og jafnvel gagnverkandi markmið.

VI. ÖNNUR MÁL.

VI. i. Starfsemi EES-þýðinga.

Í tengslum við EES-samningsgerðina samdi utanríkisráðuneytið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Orðabók Háskólans um þýðingar á íslensku á lögum og reglum Evrópusambandsins. Fyrsti samstarfssamningurinn um þetta verkefni var gerður í maí 1990 og gilti frá 1. maí 1990 til ársloka 1991. Í þessum samningi var áætlað að þýða þyrfti efni sem næmi um 30.000 blaðsíðum og var áætlað að vinna við verkið næmi 26 ársverkum.

Áætlaður kostnaður vegna þess hluta verksins, sem Orðabókin tók að sér, var 40 milljónir króna á verðlagi 1. maí 1990. Þessi kostnaðaráætlun var m.v. samtals 31 ársverk, þar af 26 ársverk í þýðingarverkefnið sjálft upp á 33,6 milljónir króna og 5 ársverk til ráðstöfunar fyrir Orðabókina og var kostnaður vegna þeirra áætlaður um 6,4 milljónir króna.

Að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið var samþykkt að utanríkisráðuneytið legði til húsnæði, húsbúnað og tækjakost til verksins, s.s. kaupum á nauðsynlegum vél- og hugbúnaði, rekstrarvörum, pappír, orðabókum, uppflettiritum og öðrum tilfallandi skrifstofukostnaði.

Í októbermánuði 1991 var gengið frá framhaldsstarfssamningi við Orðabók Háskólans um framhald þýðingarverksins, sem var að meginstofni til eins og fyrri samningur sem lýst var hér að ofan, með gildistíma frá 1. janúar 1992 til ársloka 1992. Fjárveiting til verksins var áætluð um 20 milljónir króna. Kostnaður vegna reksturs EES-þýðinga á árunum 1990 til 1992 var samtals 88,5 milljónir króna.

Á árinu 1993 var kostnaður af þýðingunum um 22 milljónir, þar af þurfti 7 milljónir í aukafjárveitingu. Á árinu 1993 unnu 17 starfsmenn þegar mest var og voru þar í lok ársins 12 stöðugildi. Í fjárlögum fyrir árið 1994 gert ráð fyrir 8 stöðugildum og rúmlega 13 milljóna króna kostnaði við starfið. Nokkuð var breytt fyrirkomulagi þýðinganna frá og með áramótum. Auglýst var starf yfirmanns EES-þýðinga og var Aldís Guðmundsdóttir ráðin til verksins en hún hafði haft umsjón með starfinu um alllangt skeið. Auk EES-þýðinga mun miðstöðin sinna öðrum þýðingaverkefnum eftir nánari samkomulagi og gegn sérstakri greiðslu. Verkefni sem hér um ræðir eru m.a. GATT-samningur, aðrir alþjóðlegir samningar, lög og reglugerðir og textar er tengjast EES-samningnum með einum eða öðrum hætti sem þýddir eru fyrir ráðuneyti, stofnanir og hagsmunasamtök.

Lokið hefur verið við að þýða alla þá texta sem vísað er til í EES-samningnum eins og hann var samþykktur í Óportó 1992. Undanfarna mánuði hefur þýðingamiðstöðin unnið að þýðingu viðbótarpakkans, sem er um 3700 síður, ýmissa ákvarðana Sameiginlegu nefndarinnar, skjala frá eftirlitsstofnun EFTA og fleiru sem tengist framkvæmd EES-samningsins. Þýðingu viðbótarpakkans er nú að mestu lokið ef frá eru taldir nokkrir textar er varða heilbrigði dýra og plantna og vélknúin ökutæki.

VI. ii. Útgáfustarfsemi og almannatengsl.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað umfangsmikil útgáfustarfsemi á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins vegna EES-samningsins. Ennfremur er á döfinni útgáfa ýmissa EES-rita og upplýsinga sem snerta GATT og hinn nýja Úrúgvæ-samning.

Af ofannefndum útgáfum er um að ræða fyrst og fremst samninginn sjálfan sem út kom í fimm bindum í maí 1992. Honum fylgdi hefti með fylgisamningum (EFTA samningum) og annað sem hefur að geyma yfirlit yfir lagabreytingar sem fyrirhugaðar voru vegna samningsins. Þá var ítarlegri greinargerð með samningnum sem lögð var fyrir Alþingi dreift víða. Fyrsta útgáfan tengd samningnum var samanburður á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins (svonefnd Bláskinna) sem út kom árið 1990. Þessi samanburður hefur verið í endurskoðun og mun mun væntanlega koma út í endurskoðri útgáfu fljótlega. Í nóvember 1992 kom út samanburður á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins sem til greina kom að bættust við samninginn (viðbótarpakki). Sá samanburður verður endurskoðaður og mun birtast í greinargerð með viðbótarpakkanum sem lögð verður fyrir Alþingi í næsta mánuði.

Sá fjöldi gerða sem fylgir samningnum hefur verið mikið til umræðu. Flestir þeir textar sem hér um ræðir komu út í handriti í júní og nóvember 1992 og hafa því allflestar gerðirnar legið fyrir á íslensku síðan ef frá eru taldar þær gerðir sem fjalla um heilbrigði dýra og plantna. Um þessar mundir eru að koma úr prentun hefti sem hafa að geyma þessa texta á aðgengilegu formi þ.e.a.s. í 50 sérritum, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

Í vinnslu er EES-handbók þar sem megintexti samningsins, viðbótarbókunin vegna brottfalls Sviss, greinargerð og dómareifanir verða birtar. Dómareifanirnar höfðu komið út áður í takmörkuðu upplagi. Einnig er í handbókinni efnisyfirlit yfir bókanir, viðauka og

yfirlýsingar við samninginn, sem var birtur í C-deild Stjórnartíðinda.

Þá er ógetið fjölda upplýsingablaða um einstaka þætti samningsins sem dreift hefur verið ókeypis til almennings, bæklinga (m.a. ítarlegur bæklingur um sjávarútveginn og EES-samninginn sem út kom í október 1992) og ýmissa sérprentana sem varða samninginn.

Viðskiptatölur (External Trade Statistics) voru gefnar út af viðskiptaskrifstofu á síðasta ári og hefur þeim verið dreift til sendiráða, viðskiptafulltrúa og fleiri aðila sem áhuga hafa sýnt á viðskiptum við Ísland.

Vegna vaxandi umræðu um GATT er í vinnslu bæklingur um GATT, aðdraganda Úrúgvæ-samningsins, meginatriði hans og þær breytingar sem hann hefur í för með sér á Íslandi sem ætlaður er almenningi. Einnig er fyrirhuguð útgáfa á almennum bæklingi um OECD.

Til viðskiptaskrifstofu hefur á undanförnum árum leitað fjöldi manns til að fá svör við spurningum er varða EES-samninginn. Bæklingar og upplýsingablöð um flesta þætti samningsins hafa verið sendir mönnum að kostnaðarlausu samkvæmt pöntun og að auki hefur efni verið fjölritað fyrir skóla, stofnanir og félagasamtök sem lýst hafa áhuga á því að kynna sér samninginn. Starfsmenn skrifstofunnar hafa auk þess haldið fyrirlestra um samninginn víða um land. Þegar ljóst var orðið að EES-samningurinn tæki gildi um síðustu áramót fjölgaði fyrirspurnum og heimsóknum töluvert að nýju. Þá hefur mikill fjöldi skólafólks leitað sér upplýsinga á viðskiptaskrifstofu í tengslum við ritgerðasmíð. Nú hefur áhugi almennings einnig beinst að Úrúgvæ-samningnum og fyrirspurnum um hann fer fjölgandi.

TÖFLUVIÐAUKI

Tafla 7.

Verðmæti út- og innflutnings

jan-des 1992 og 1993

Fob verðm. í millj. kr.
Gengi hvors árs

	1992 jan-des	1993 jan-des	Breyting frá fyrra ári á föstu gengi, %, *)
Útflutningur alls fob	**87.832,9**	**94.703,2**	**-0,4**
Sjávarafurðir	69.881,0	74.570,7	-1,5
Ál	8.053,8	8.258,7	-5,3
Kísiljárn	1.656,3	2.494,3	39,1
Skip og flugvélar	522,9	1.220,3	
Annað	7.718,9	8.159,2	-2,4
Innflutningur alls fob	88.223,7	82.577,3	-13,6
Sérstakar fjárfestingarvörur	*7.195,0*	*2.213,3*	*-71,6*
Skip	6.600,6	1.635,0	
Flugvélar	76,5	174,3	
Landsvirkjun	517,9	404,0	-28,0
Til stóriðju	*5.145,5*	*4.885,3*	*-12,3*
Íslenska álfélagið	4.546,1	4.299,4	-12,7
Íslenksa járnblendifélagið	599,4	585,9	-9,7
Almennur innflutningur	*75.883,2*	*75.478,7*	*-8,2*
Olía	7.107,3	7.373,4	-4,2
Almennur innflutningur án olíu	68.775,9	68.105,3	-8,6
Vöruskiptajöfnuður	**-390,8**	**12.125,9**	
Án viðskipta Íslenska álfélagsins	*-3.898,5*	*8.166,6*	
Án viðskipta Íslenska álfélagsins, íslenska járnblendifélagsins og sérstakrar fjárfestingarvöru	1.716,7	7.251,2	

*) Miðað er við meðalgengi á viðskiptavog; á þann mælikvarða var verð erlends gjaldeyris jan-des 1993 8,3% hærra en á sama tíma árið áður

Tafla 8.

Vöruútflutningur frá Íslandi
1989 - 1993

Útflutningur fob

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

	1989	%	1990	%	1991	%	1992	%	1993	%
EES-ríki	**54.013,1**	**67,5%**	**70.752,3**	**76,4%**	**68.142,4**	**74,4%**	**66.725,0**	**76,0%**	**65.136,0**	**68,9%**
EFTA-ríki	8.814,1	11,0%	7.990,2	8,6%	7.015,4	7,7%	6.435,0	7,3%	8.523,0	9,0%
ESB-ríki	45.199,0	56,4%	62.762,1	67,8%	61.127,0	66,8%	60.290,0	68,6%	56.613,0	59,9%
Önnur Evrópulönd	5.202,9	6,5%	4.408,5	4,8%	1.589,6	1,7%	923,0	1,1%	764,0	0,8%
Bandaríkin	11.435,5	14,3%	9.176,8	9,9%	11.504,7	12,6%	10.039,0	11,4%	15.031,0	15,9%
Japan	5.674,7	7,1%	5.545,6	6,0%	7.213,6	7,9%	6.628,0	7,5%	8.777,0	9,3%
Önnur lönd	3.745,5	4,7%	2.741,9	3,0%	3.110,1	3,4%	3.518,0	4,0%	4.862,0	5,1%
Vöruútflutn. alls:	**80.071,7**	**100%**	**92.625,1**	**100%**	**91.560,4**	**100%**	**87.833,0**	**100%**	**94.570,0**	**100%**



Tafla 9.

Vöruinnflutningur til Íslands

Árin 1989 - 1993

Innflutningur CIF

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

	1989	%	1990	%	1991	%	1992	%	1993	%
EES-ríki	56.275,7	70,1%	63.952,0	66,2%	70.528,3	69,5%	71.336,0	73,6%	65.798,0	72,1%
EFTA-ríki	15.294,5	19,1%	15.742,7	16,3%	17.330,9	17,1%	24.271,0	25,0%	21.604,0	23,7%
ESB-ríki	40.981,2	51,1%	48.209,3	49,9%	53.197,4	52,4%	47.065,0	48,6%	44.194,0	48,4%
Önnur Evrópulönd	5.413,3	6,7%	6.562,1	6,8%	4.678,4	4,6%	6.768,0	7,0%	3.789,0	4,1%
Bandaríkin	8.823,3	11,0%	13.949,4	14,4%	10.509,2	10,3%	8.012,0	8,3%	8.511,0	9,3%
Japan	3.916,9	4,9%	5.419,4	5,6%	7.465,0	7,4%	5.579,0	5,8%	5.058,0	5,5%
Önnur lönd	5.820,9	7,3%	6.738,0	7,0%	8.357,5	8,2%	5.201,0	5,4%	8.151,0	8,9%
Vöruinnflutningur alls	80.250,1	100%	96.620,9	100%	101.538,4	100%	96.896,0	100%	91.307,0	100%



Tafla 10.

Útflutningur sjávarafurða 1993

Helstu markaðslönd
raðað eftir verðmæti útflutnings.

Röð	Viðskiptaland	Magn (tonn)	Verðm. FOB (millj. kr.)	Hlutfall af útfl. sj.afurða
1	Bretland	158.457	17.373	23%
2	Bandaríkin	44.843	13.350	17%
3	Japan	42.771	7.672	10%
4	Frakkland	51.624	7.635	10%
5	Þýskaland	59.498	7.159	9%
6	Danmörk	68.578	4.733	6%
7	Spánn	17.463	4.482	6%
8	Noregur	71.711	2.255	3%
9	Taívan	8.424	1.835	2%
10	Ítalía	5.687	1.655	2%
	Önnur lönd:	*107.073*	*8.712*	*11%*
	Sjávarafurðir alls:	**636.129**	**76.860**	**100%**

Tafla 11.

Samanburður á heildarútflutningi sjávarafurða

milli áranna 1992 og 1993

Fob verðmæti í millj. kr.
Gengi hvors árs
% af heildarvöruútflutningsverðm.

	1992		1993		Breyting frá fyrra ári *)
	Verðm.	%	Verðm.	%	
Sjávarafurðir alls:	**69.881**	**79,6**	**74.571**	**78,9**	**-1,5**
Þ.a. afurðir fiskvinnslu.	*61.489*	*70,0*	*66.950*	*70,8*	*0,5*
Frysting	42.175	48,0	46.811	49,5	2,5
Saltfiskverkun	11.388	13,0	10.320	10,9	-16,3
Skreiðarverkun	794	0,9	948	1,0	10,2
Síldarsöltun	639	0,7	595	0,6	-14,0
Mjöl- og lýsisverksmiðjur	5.911	6,7	7.746	8,2	21,0
Fiskvinnsla ót.a.	582	0,7	530	0,6	-15,9
Ferskur og kældur fiskur ót.a.	8.392	9,6	7.621	8,1	-16,2

*) Reiknað er á föstu gengi miðað við meðalgengi á viðskiptavog.
Meðalverð erlends gjaldeyris var þannig 8.3% hærra 1993 en árið áður.

Tafla 12.

Útflutningur á óunnum, ferskum fiski

1991, 1992 og 1993

Fob verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers árs

	1991.			1992.			1993.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
ESB	**88.519,5**	**8.708,6**	**98,9%**	**72.081,4**	**6.824,5**	**97,4%**	**65.441,1**	**6.135,1**	**97,8%**
Danmörk	176,6	27,3	0,3%	237,2	26,7	0,4%	67,0	17,4	0,3%
Belgía	2.162,4	202,8	2,3%	2.959,8	294,0	4,2%	3.167,2	317,2	5,1%
Bretland	46.292,9	5.235,3	59,5%	31.573,7	3.444,9	49,2%	26.185,2	2.651,1	42,2%
Frakkland	3.644,4	327,7	3,7%	4.801,6	448,4	6,4%	5.755,4	583,9	9,3%
Ítalía	0,0	0,0	0,0%	0,5	0,1	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Holland	2.858,3	279,1	3,2%	1.667,8	167,5	2,4%	1.378,3	143,3	2,3%
Lúxemborg	81,1	9,7	0,1%	234,9	31,6	0,5%	381,5	49,9	0,8%
Spánn	0,2	0,0	0,0%	24,2	3,5	0,0%	0,6	0,1	0,0%
Þýskaland	33.303,6	2.626,7	29,8%	30.581,7	2.407,8	34,4%	28.505,9	2.372,1	37,8%
EFTA	**268,6**	**64,0**	**0,7%**	**996,4**	**111,1**	**1,6%**	**828,4**	**110,6**	**1,8%**
Finnland			0,0%	0,0	0,0	0,0%	0,2	0,0	0,0%
Noregur	162,1	16,6	0,2%	844,1	73,5	1,0%	678,9	62,3	1,0%
Svíþjóð	101,6	46,2	0,5%	146,3	36,1	0,5%	149,3	48,4	0,8%
Sviss	4,9	1,2	0,0%	6,0	1,5	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Önnur Evrópulönd	**177,7**	**11,8**	**0,1%**	**10.824,5**	**65,8**	**0,9%**	**4.739,0**	**25,3**	**0,4%**
Færeyjar	177,7	11,8	0,1%	10.824,5	65,8	0,9%	4.739,0	25,3	0,4%
Önnur lönd	**34,7**	**17,6**	**0,2%**	**19,8**	**3,8**	**0,1%**	**20,0**	**4,0**	**0,1%**
Bandaríkin	34,7	17,6	0,2%	19,8	3,8	0,1%	5,6	2,4	0,0%
Gambía		0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	1,6	0,2	0,0%
Hong Kong	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	0,6	0,1	0,0%
Tævan	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	12,2	1,3	0,0%
Samtals	**89.000,5**	**8.802,0**	**100%**	**83.922,1**	**7.005,2**	**100%**	**71.028,5**	**6.275,0**	**100%**
% af heildarvöruútflutningi	12,4%	9,6%		10,1%	8,0%		7,7%	6,6%	

Tafla 13.

Útflutningur á heilfrystum fiski

1991, 1992 og 1993

Fob verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers árs

	1991.			1992.			1993.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
ESB	**14.410,6**	**973,3**	**15,4%**	**16.084,8**	**1.333,5**	**19,5%**	**15.976,2**	**1.378,2**	**15,8%**
Danmörk	443,3	48,5	0,8%	340,7	35,8	0,5%	903,7	116,3	1,3%
Belgía	661,0	63,5	1,0%	463,2	43,3	0,6%	291,9	27,5	0,3%
Bretland	5.229,3	329,0	5,2%	5.968,1	414,3	6,1%	5.147,4	357,6	4,1%
Frakkland	3.866,0	201,6	3,2%	2.711,9	142,1	2,1%	1.541,9	97,7	1,1%
Grikkland	1.147,6	133,5	2,1%	2.219,9	269,1	3,9%	2.159,1	245,4	2,8%
Holland	1.330,9	87,1	1,4%	1.183,1	91,6	1,3%	1.321,8	108,8	1,2%
Ítalía	15,4	2,3	0,0%	320,4	36,0	0,5%	269,1	32,0	0,4%
Lúxemborg	12,3	1,7	0,0%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Portúgal	22,5	1,4	0,0%	177,1	23,2	0,3%	925,0	90,9	1,0%
Spánn	197,6	22,8	0,4%	182,5	17,5	0,3%	583,1	32,5	0,4%
Þýskaland	1.484,7	81,9	1,3%	2.517,9	260,6	3,8%	2.833,2	269,5	3,1%
EFTA	**1.374,5**	**198,6**	**3,1%**	**1.243,2**	**136,7**	**2,0%**	**334,1**	**58,8**	**0,7%**
Noregur	1.298,4	180,9	2,9%	1.181,5	129,2	1,9%	315,7	52,7	0,6%
Finnland	18,4	0,9	0,0%	19,9	1,1	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Svíþjóð	54,7	15,3	0,2%	41,3	6,1	0,1%	17,4	5,6	0,1%
Sviss	3,0	1,5	0,0%	0,5	0,3	0,0%	1,0	0,6	0,0%
Önnur Evrópulönd	**100,4**	**20,2**	**0,3%**	**508,7**	**44,7**	**0,7%**	**474,8**	**34,9**	**0,4%**
Færeyjar	59,7	16,6	0,3%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Pólland	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	59,8	2,0	0,0%
Tékkland/Slóvakía	0,1	0,0	0,0%	19,4	0,7	0,0%	58,3	2,2	0,0%
Lýðveldi fyrrum Júgóslavíu	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	18,3	2,0	0,0%
Rússland	*	*	0,0%	61,3	1,2	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Kýpur	40,6	3,6	0,1%	428,0	42,8	0,6%	338,4	28,7	0,3%
Önnur lönd	**36.248,0**	**5.121,4**	**81,1%**	**36.656,5**	**5.320,5**	**77,8%**	**46.392,6**	**7.274,9**	**83,2%**
Bandaríkin	252,9	83,7	1,3%	0,0	0,0	0,0%	230,7	25,9	0,3%
Grænland	0,0	0,0	0,0%	1,0	0,1	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Kanada	47,8	15,9	0,3%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Cayman-eyjar	0,0	0,0	0,0%	21,3	1,7	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Guadeloupe	0,0	0,0	0,0%	23,1	3,7	0,1%	0,0	0,0	0,0%
Kasakstan	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	41,8	2,1	0,0%
Kína	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	15,3	1,6	0,0%
S-Kórea	2.303,6	174,6	2,8%	836,0	60,0	0,9%	1.949,4	124,8	1,4%
Hong Kong	253,5	8,8	0,1%	0,0	0,0	0,0%	82,9	7,2	0,1%
Ísrael	102,3	8,2	0,1%	93,7	7,4	0,1%	110,2	11,1	0,1%
Japan	28.079,3	3.805,7	60,3%	28.258,8	3.818,9	55,9%	36.398,3	5.374,0	61,4%
Tæland	36,8	4,4	0,1%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Tævan	5.155,6	1.019,3	16,1%	7.406,4	1.427,6	20,9%	7.564,0	1.728,1	19,8%
Ástralía	16,2	0,8	0,0%	16,2	1,1	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Samtals:	**52.133,5**	**6.313,5**	**100%**	**54.493,2**	**6.835,4**	**100%**	**63.177,7**	**8.746,8**	**100%**
% af heildarvöruútflutningi	7,3%	6,9%		6,5%	7,8%		6,8%	9,2%	

Tafla 14.

Útflutningur á frystum flökum

1991, 1992 og 1993

Fob verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers árs

	1991.			1992.			1993.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
ESB	**82.299,0**	**19.182,5**	**65,9%**	**80.591,9**	**18.204,5**	**68,6%**	**70.713,8**	**16.082,5**	**59,5%**
Danmörk	2.037,0	395,6	1,4%	1.360,8	259,8	1,0%	1.488,4	221,2	0,8%
Belgía	2.375,7	555,7	1,9%	2.605,9	664,8	2,5%	2.564,0	624,6	2,3%
Bretland	33.453,7	8.710,4	29,9%	33.035,9	8.272,0	31,2%	28.854,2	7.284,4	26,9%
Frakkland	25.225,5	5.731,5	19,7%	23.815,9	5.127,2	19,3%	18.594,5	4.058,1	15,0%
Grikkland	108,0	17,9	0,1%	419,3	75,9	0,3%	413,2	69,3	0,3%
Holland	79,8	16,7	0,1%	129,5	29,5	0,1%	1.592,2	414,8	1,5%
Ítalía	436,1	111,0	0,4%	1.313,0	328,5	1,2%	79,6	18,6	0,1%
Lúxemborg	1,0	0,3	0,0%	0,0	0,0	0,0%	5,3	0,7	0,0%
Portúgal	15,4	0,4	0,0%	199,6	17,2	0,1%	2,9	0,7	0,0%
Spánn	146,9	30,1	0,1%	296,2	60,9	0,2%	492,4	61,5	0,2%
Þýskaland	18.419,9	3.612,9	12,4%	17.415,8	3.368,7	12,7%	16.627,1	3.328,7	12,3%
EFTA	**1.541,1**	**333,3**	**1,1%**	**800,9**	**168,6**	**0,6%**	**211,1**	**45,0**	**0,2%**
Noregur	124,1	19,9	0,1%	95,5	11,5	0,0%	11,3	1,4	0,0%
Austurríki	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	11,2	2,7	0,0%
Svíþjóð	1.031,8	229,8	0,8%	536,3	121,6	0,5%	108,5	24,4	0,1%
Finnland	342,1	71,8	0,2%	154,3	31,3	0,1%	68,5	13,3	0,0%
Sviss	43,1	11,8	0,0%	14,8	4,2	0,0%	11,6	3,1	0,0%
Önnur Evrópulönd	**181,6**	**34,7**	**0,1%**	**1.051,4**	**170,5**	**0,6%**	**521,5**	**80,5**	**0,3%**
Færeyjar	168,2	29,7	0,1%	330,4	36,8	0,1%	142,5	15,3	0,1%
Tékkland/Slóvakía	3,2	1,8	0,0%	8,2	3,7	0,0%	1,5	0,7	0,0%
Kýpur	10,2	3,2	0,0%	712,8	130,0	0,5%	377,5	64,5	0,2%
Önnur lönd	**33.238,5**	**9.565,5**	**32,9%**	**29.331,2**	**7.998,2**	**30,1%**	**36.745,1**	**10.836,8**	**40,1%**
Bandaríkin	31.553,7	9.261,9	31,8%	28.116,0	7.813,0	29,4%	35.588,3	10.608,7	39,2%
Kanada	103,1	35,5	0,1%	4,3	1,3	0,0%	104,1	31,0	0,1%
Brasilía	0,0	0,0	0,0%	15,0	2,4	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Sádi-Arabía	75,4	19,8	0,1%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Ísrael	569,6	104,5	0,4%	165,1	24,2	0,1%	22,6	5,0	0,0%
S-Kórea	121,8	11,5	0,0%	77,9	3,1	0,0%	43,5	0,3	0,0%
Japan	626,0	91,4	0,3%	907,2	145,1	0,5%	776,8	139,0	0,5%
Tævan	160,1	33,1	0,1%	45,7	9,1	0,0%	209,8	52,7	0,2%
Ástralía	28,8	7,8	0,0%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Samtals:	**117.260,2**	**29.116,0**	**100%**	**111.775,4**	**26.541,8**	**100%**	**108.191,5**	**27.044,8**	**100%**
% af heildarvöruútflutningi	16,4%	31,8%		13,4%	30,2%		11,7%	28,6%	

Tafla 15.

Útflutningur á ferskum flökum
1991, 1992 og 1993

Fob verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers árs

	1991.			1992.			1993.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
ESB	**4.753,0**	**980,7**	**62,6%**	**4.279,5**	**938,3**	**67,7%**	**1.857,7**	**464,0**	**34,5%**
Danmörk	2.536,9	485,0	30,9%	2.307,5	443,3	32,0%	196,7	45,6	3,4%
Belgía	150,5	33,8	2,2%	200,2	48,6	3,5%	226,7	58,3	4,3%
Bretland	1.178,4	313,5	20,0%	1.136,5	332,7	24,0%	688,0	225,3	16,8%
Frakkland	19,9	4,9	0,3%	126,5	27,1	2,0%	60,6	17,3	1,3%
Grikkland	6,8	1,1	0,1%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Holland	154,9	36,3	2,3%	180,8	30,5	2,2%	128,5	27,5	2,0%
Ítalía	200,6	28,5	1,8%	156,9	18,9	1,4%	0,0	0,0	0,0%
Lúxemborg	0,0	0,0	0,0%	68,9	15,3	1,1%	145,9	22,3	1,7%
Portúgal	356,4	50,2	3,2%	0,0	0,0	0,0%	10,8	1,6	0,1%
Þýskaland	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	380,9	60,6	4,5%
Spánn	148,6	27,4	1,7%	102,2	21,9	1,6%	19,6	5,4	0,4%
EFTA	**64,2**	**21,0**	**1,3%**	**111,3**	**31,7**	**2,3%**	**92,4**	**25,5**	**1,9%**
Svíþjóð	51,8	16,8	1,1%	101,3	28,6	2,1%	84,3	23,3	1,7%
Noregur	0,0	0,0	0,0%	2,2	0,6	0,0%	5,2	1,2	0,1%
Finnland	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	1,4	0,4	0,0%
Austurríki	1,2	0,4	0,0%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Sviss	11,2	3,8	0,2%	7,8	2,5	0,2%	1,5	0,6	0,0%
Önnur Evrópulönd	**198,7**	**21,0**	**1,3%**	**35,1**	**6,6**	**0,5%**	**0,1**	**0,0**	**0,0%**
Færeyjar	198,7	21,0	1,3%	35,0	6,5	0,5%	0,0	0,0	0,0%
Tékkland/Slóvakía	0,0	0,0	0,0%	0,1	0,1	0,0%	0,1	0,0	0,0%
Önnur lönd	**1.651,2**	**544,9**	**34,8%**	**1.264,2**	**408,7**	**29,5%**	**2.213,2**	**855,7**	**63,6%**
Grænland	0,1	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Bandaríkin	1.638,9	542,4	34,6%	1.213,0	405,0	29,2%	2.190,3	848,2	63,0%
Kanada	1,8	0,6	0,0%	0,1	0,0	0,0%	21,1	7,1	0,5%
Nígería	10,4	1,9	0,1%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Hong Kong	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	0,6	0,2	0,0%
Japan	0,0	0,0	0,0%	51,1	3,7	0,3%	1,2	0,2	0,0%
Samtals:	**6.667,1**	**1.567,6**	**100%**	**5.690,1**	**1.385,3**	**100%**	**4.163,4**	**1.345,2**	**100%**
% af heildarvöruútflutningi	0,9%	1,7%		0,7%	1,6%		0,4%	1,4%	

Tafla 16.

Útflutningur á saltfiski og skreið

1991, 1992 og 1993

Fob verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers árs

	1991.			1992.			1993.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
ESB	**48,168.4**	**13,389.2**	**93.0%**	**39,872.4**	**10,437.2**	**90.1%**	**35,646.5**	**9,001.6**	**82.7%**
Danmörk	117.7	12.7	0.1%	550.3	97.7	0.8%	1,472.0	303.9	2.8%
Belgía	14.2	11.5	0.1%	13.9	11.9	0.1%	6.4	5.6	0.1%
Bretland	97.1	14.8	0.1%	246.3	41.9	0.4%	6.8	2.8	0.0%
Frakkland	5,530.8	1,150.2	8.0%	5,457.7	1,067.7	9.2%	5,287.3	1,088.6	10.0%
Grikkland	2,009.2	527.0	3.7%	2,132.3	604.6	5.2%	1,454.0	429.1	3.9%
Holland	1,631.0	350.6	2.4%	710.6	161.9	1.4%	476.7	115.1	1.1%
Ítalía	6,679.4	2,310.4	16.1%	4,662.8	1,549.8	13.4%	4,968.6	1,401.8	12.9%
Lúxemborg	0.5	0.2	0.0%	0.0	0.0	0.0%	21.1	6.5	0.1%
Portúgal	15,921.4	4,223.4	29.3%	11,645.1	2,466.8	21.3%	6,589.3	1,424.3	13.1%
Spánn	12,981.2	4,108.5	28.5%	12,811.9	4,092.5	35.3%	14,636.9	4,077.8	37.5%
Þýskaland	3,185.9	679.9	4.7%	1,641.5	342.4	3.0%	727.4	146.1	1.3%
EFTA	**18.1**	**9.8**	**0.1%**	**477.6**	**55.7**	**0.5%**	**2,384.5**	**353.2**	**3.2%**
Noregur	17.7	9.4	0.1%	476.3	55.3	0.5%	2,371.1	339.9	3.1%
Svíþjóð	0.0	0.0	0.0%	1.0	0.3	0.0%	12.9	12.9	0.1%
Austurríki	0.4	0.4	0.0%	0.3	0.1	0.0%	0.5	0.4	0.0%
Önnur Evrópulönd	**75.0**	**48.8**	**0.3%**	**6.2**	**3.8**	**0.0%**	**9.6**	**6.4**	**0.1%**
Fyrrum Júgóslavía	75.0	48.8	0.3%	6.2	3.8	0.0%	9.6	6.4	0.1%
Önnur lönd	**6,709.3**	**945.3**	**6.6%**	**7,541.3**	**1,086.4**	**9.4%**	**10,454.3**	**1,519.0**	**14.0%**
Bandaríkin	121.2	43.4	0.3%	196.0	97.7	0.8%	257.9	110.5	1.0%
Brasilía	502.4	179.7	1.2%	316.8	119.6	1.0%	621.5	168.5	1.5%
Kanada	2.9	1.9	0.0%	754.2	143.6	1.2%	2,833.6	362.4	3.3%
Jamaíka	0.0	0.0	0.0%	0.0	0.0	0.0%	21.8	3.9	0.0%
Kína	0.0	0.0	0.0%	0.0	0.0	0.0%	6.0	0.3	0.0%
Gabon	25.7	4.0	0.0%	0.0	0.0	0.0%	0.0	0.0	0.0%
Kamerún	8.1	3.0	0.0%	12.2	2.0	0.0%	0.0	0.0	0.0%
Kongó	26.0	4.1	0.0%	12.8	2.0	0.0%	0.0	0.0	0.0%
Nígería	5,927.0	669.8	4.7%	6,142.2	685.1	5.9%	6,651.1	853.2	7.8%
Réunion	0.0	0.0	0.0%	0.0	0.0	0.0%	10.0	2.5	0.0%
Ísrael	0.0	0.0	0.0%	2.6	0.8	0.0%	0.0	0.0	0.0%
Japan	0.0	0.0	0.0%	27.4	2.4	0.0%	2.0	0.5	0.0%
Ástralía	95.0	38.7	0.3%	77.1	33.2	0.3%	50.4	17.2	0.2%
Nýja-Sjáland	1.0	0.7	0.0%	0.0	0.0	0.0%	0.0	0.0	0.0%
Samtals:	**54,970.8**	**14,393.1**	**100%**	**47,897.5**	**11,583.1**	**100%**	**48,494.9**	**10,880.2**	**100%**
% of heildarvöruútflutningi	7.7%	15.7%		5.7%	13.2%		5.2%	11.5%	

Tafla 17.

Útflutningur á frystri rækju

1991, 1992 og 1993

Fob verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers árs

	1991.			1992.			1993.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
ESB	**12.481,8**	**4.494,9**	**71,7%**	**14.129,3**	**5.417,3**	**76,2%**	**16.445,3**	**6.455,8**	**76,1%**
Danmörk	4.756,1	1.459,2	23,3%	4.923,9	1.663,2	23,4%	5.278,7	1.835,7	21,6%
Belgía	56,4	28,2	0,5%	27,9	6,2	0,1%	36,9	9,6	0,1%
Bretland	6.860,8	2.754,7	44,0%	8.162,2	3.395,4	47,8%	9.442,0	4.065,0	47,9%
Frakkland	521,6	136,8	2,2%	523,5	147,1	2,1%	958,1	238,6	2,8%
Grikkland	22,7	4,5	0,1%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Holland	12,5	6,7	0,1%	0,1	0,0	0,0%	70,1	18,4	0,2%
Ítalía	33,9	6,0	0,1%	76,7	24,5	0,3%	137,9	57,7	0,7%
Lúxemborg	0,0	0,0	0,0%	0,1	0,1	0,0%	0,3	0,1	0,0%
Spánn	29,0	11,0	0,2%	64,6	21,6	0,3%	32,5	11,1	0,1%
Þýskaland	188,8	87,8	1,4%	350,3	159,2	2,2%	488,8	219,7	2,6%
EFTA	**306,6**	**107,8**	**1,7%**	**360,6**	**100,3**	**1,4%**	**255,8**	**78,3**	**0,9%**
Noregur	279,1	96,7	1,5%	333,2	89,8	1,3%	214,5	63,4	0,7%
Finnland	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Svíþjóð	21,6	8,6	0,1%	23,6	8,2	0,1%	36,7	12,6	0,1%
Austurríki	5,6	2,3	0,0%	3,6	2,2	0,0%	2,8	1,6	0,0%
Sviss	0,3	0,2	0,0%	0,2	0,1	0,0%	1,8	0,8	0,0%
Önnur Evrópulönd	**0,9**	**0,6**	**0,0%**	**14,3**	**4,1**	**0,1%**	**29,8**	**7,8**	**0,1%**
Tékkland/Slóvakía	0,6	0,5	0,0%	2,4	1,8	0,0%	0,5	0,4	0,0%
Færeyjar		0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	7,3	2,6	0,0%
Kýpur	0,3	0,1	0,0%	11,9	2,3	0,0%	22,0	4,8	0,1%
Önnur lönd	**4.641,5**	**1.663,1**	**26,5%**	**4.653,6**	**1.588,6**	**22,3%**	**4.635,3**	**1.945,0**	**22,9%**
Bandaríkin	338,8	144,9	2,3%	59,9	29,7	0,4%	142,3	58,5	0,7%
Tæland	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	27,9	7,3	0,1%
Tævan		0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	20,5	3,3	0,0%
Kanada	22,3	16,2	0,3%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
S-Kórea	0,0	0,0	0,0%	31,8	8,2	0,1%	0,0	0,0	0,0%
Japan	4.280,4	1.502,0	24,0%	4.561,9	1.550,7	21,8%	4.444,6	1.875,9	22,1%
Samtals	**17.430,8**	**6.266,4**	**100%**	**19.157,8**	**7.110,3**	**100%**	**21.366,2**	**8.487,0**	**100%**
% af heildarvöruútflutningi	2,4%	6,8%		2,3%	8,1%		2,3%	9,0%	

Tafla 18.

Útflutningur á loðnumjöli

1991, 1992 og 1993

Fob verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers árs

	1991.			1992.			1993.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
ESB	**34.027,0**	**987,6**	**77,8%**	**105.440,0**	**3.111,0**	**74,2%**	**126.491,2**	**3.549,7**	**72,0%**
Danmörk	3.488,5	96,9	7,6%	33.168,0	1.035,7	24,7%	44.239,4	1.273,9	25,8%
Bretland	26.870,7	779,1	61,3%	60.294,0	1.738,5	41,4%	65.257,8	1.800,9	36,5%
Frakkland	1.250,0	39,5	3,1%	4.821,4	137,8	3,3%	8.296,6	227,6	4,6%
Belgía		0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	1.605,3	46,0	0,9%
Spánn		0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	37,8	1,4	0,0%
Holland	1.416,3	43,3	3,4%	523,7	13,9	0,3%	523,7	13,9	0,3%
Írland	0,0	0,0	0,0%	500,1	15,0	0,4%	1.926,1	57,7	1,2%
Þýskaland	1.001,5	28,8	2,3%	6.132,8	170,1	4,1%	4.604,5	128,3	2,6%
EFTA	**7.236,0**	**228,9**	**18,0%**	**31.693,2**	**1.001,0**	**23,9%**	**38.605,3**	**1.193,0**	**24,2%**
Noregur	3.195,4	113,2	8,9%	6.827,2	250,1	6,0%	15.979,0	541,7	11,0%
Finnland	3.239,4	91,3	7,2%	16.134,6	481,9	11,5%	12.725,6	369,8	7,5%
Svíþjóð	801,2	24,4	1,9%	6.559,3	204,4	4,9%	5.836,4	163,1	3,3%
Sviss	0,0	0,0	0,0%	2.172,1	64,6	1,5%	4.064,3	118,4	2,4%
Önnur lönd	**1.832,9**	**53,5**	**4,2%**	**2.777,0**	**82,4**	**2,0%**	**6.464,4**	**190,0**	**3,9%**
Bandaríkin	0,0	0,0	0,0%	2.777,0	82,4	2,0%	2.983,6	90,6	1,8%
Kanada	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	16,2	0,5	0,0%
Hong Kong(91), Íran(93)	72,0	2,1	0,2%	0,0	0,0	0,0%	56,7	1,2	0,0%
Ísrael	1.760,9	51,4	4,0%	0,0	0,0	0,0%	3.407,9	97,7	2,0%
Samtals:	**43.095,9**	**1.270,0**	**100%**	**139.910,2**	**4.194,4**	**100%**	**171.560,9**	**4.932,7**	**100%**
% af heildarvöruútflutningi	6,0%	1,4%		16,8%	4,8%		18,5%	5,2%	

Samanburður á tilboði EB í Úrúgvæ-viðræðunum og EES-samningnum, varðandi tolla á sjávarafurðir

Í meðfylgjandi töflu er samanburður á tilboði ESB í Úrúgvæ-viðræðunum og EES-samningnum, varðandi tolla á sjávarafurðir. Til grundvallar útreikningum er útflutningur á íslenskum sjávarafurðum til ESB árið 1991. Þar eru bornir saman sex möguleikar á stöðu tolla gagnvart íslenskum sjávarafurðum, þ.e. 1) ef aðeins ytri tollar ESB væru í gildi og reiknaður heildartollur settur sem 100, 2) ef tilboð ESB í Úrúgvæ-viðræðunum yrði að veruleika en Ísland hefði ekki gert aðra samninga við ESB um sjávarafurðir, 3) ef aðeins bókun nr. 6 við fríverslunarsamning Íslands og ESB frá 1973 væri í gildi, 4) ef við hefðum aðeins bókun nr. 6 og tilboð ESB í GATT til að byggja á, 5) EES-samningurinn og 6) EES-samningurinn og GATT til samans.

Ef þessir sex möguleikar eru bornir saman má sjá á súluritinu hér að neðan að GATT tilboðið eitt og sér gefur 21% lækkun á ytri tollum ESB miðað við samsetningu útflutnings á íslenskum sjávarafurðum árið 1991. Stærsti hluti þessarar lækkunar felst í helmings lækkun



ESB á tollum á fryst flök af einstökum fisktegundum. Bókun nr. 6 gefur um 63% lækkun en EES samningurinn um 97,2%. Bókun nr. 6 ásamt GATT gefa um 64% lækkun en EES ásamt GATT um 97,5%.

Samkvæmt ofangreindu má sjá að GATT tilboðið hefur lítil áhrif á tolla sem lagðir eru á íslenskar sjávarafurðir í innflutningi til ESB eftir að EES samningurinn er kominn að fullu til framkvæmda. Það skýrist af því að þá verða svo litlir tollar eftir. Ef lækkun tolla í tilboði ESB í GATT (21%) er borin saman við lækkun tolla í EES samningnum (97%) má sjá hversu ESB gengur mun lengra í átt að fríverslun með fisk í EES samningnum, en í tilboði þeirra í Úrúgvæ-viðræðunum.

Þrátt fyrir að tilboð ESB hafi ekki mikil bein áhrif fyrir Íslendinga, er það mikilvægt skref í baráttu Íslendinga fyrir fríverslun með fisk í heiminum. Það eru einkum tvær ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi varð ESB enn eina ferðin að viðurkenna lækkun tolla án þess að tengja það við fiskveiðiheimildir sem gerir minna úr málstað ESB í baráttu þeirra fyrir slíkri tengingu sem reglu. Í öðru lagi þrýstu tilslákanir ESB á aðrar þjóðir um að lækka tolla á sjávarafurðir, en sum ríki í Austur Asíu sem Íslendingar hafa haft viðskipti við (t.d. Suður Kórea) hafa innheimt háa tolla í innflutningi á sjávarafurðir.

Skýringar með töflu

HS -- Commodity:

Tollskrárnúmer samkvæmt samræmdri tollskrá og vörulýsing.

Base:

Þessi dálkur hefur tvo undirdálka. Í þeim seinni eru ytir tollar Evrópusambandsins sem væru í gildi gagnvart Íslandi í dag ef hvorki fríverslunarsamningurinn frá 1973 né EES-samningurinn væru í gildi. Í fyrri dálknum eru reiknaðir tollar sem hefðu verið lagðir á innflutning til ESB á íslenskum sjávarafurðum árið 1991ef engir samningar hefðu verið gerðir, þar sem heildar ytri tollar ESB = 100 (þ.e. hlutfall tolla á einstakar afurðir af heildartolli). Samskonar skýringar eiga við um það sem á eftir kemur.

Pcol 6:

Tollar samkvæmt bókun nr. 6 við fríverslunarsamning Íslands og ESB frá 1973.

EES:

Tollar sem hefðu gilt gagnvart íslenskum sjávarafurðum frá 1. janúar 1997 samkvæmt bókun nr. 9 við EES-samninginn, ef enginn fiskur hefði verið í GATT-tilboðinu.

Base + GATT:

Ytri tollar Evrópusambandsins samkvæmt tilboði þeirra í Úrúgvæ-viðræðunum um tollalækkanir á sjávarafurðum.

Pcol 6 + GATT:

Tollar sem hefðu gilt gagnvart íslenskum sjávarafurðum eftir að GATT-tilboðið kæmi til framkvæmda ef enginn EES-samningur hefði verið gerður.

EES + GATT:

Tollar sem munu gilda gagnvart íslenskum sjávarafurðum frá 1. janúar 1997 miðað við að EES og GATT tilboðið verði komið að fullu til framkvæmda.

Tafla 19

HS -- Commodity	Base		Pcol 6		EES		Base + GATT		Pcol 6 + GATT		EES + GATT	
0301 - Live fish:												
0301-1010 -- Ornamental fish, freshwater	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0301-1090 -- Ornamental fish, saltwater	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	**7,5%**	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0301-9100 -- Trout	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
0301-9200 -- Eels (Anguilla spp.)	0,00	3%	0,00	3%	0,00	0,9%	0,00	**0,0%**	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0301-9300 -- Carp	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0301-9911 -- Salmon	0,00	2%	0,00	2%	0,00	2,0%	0,00	2,0%	0,00	2,0%	0,00	2,0%
0301-9919 -- Other freshwater fish	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0301-9990 -- Saltwater fish	0,00	16%	0,00	16%	0,00	4,8%	0,00	16,0%	0,00	16,0%	0,00	4,8%
Total live fish:	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
0302 - Fish, fresh or chilled, not fillets or other fish meat in 0304:												
0302-1100 -- Trout	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
0302-1200 -- Salmon	0,00	2%	0,00	2%	0,00	2,0%	0,00	2,0%	0,00	2,0%	0,00	2,0%
0302-1900 -- Other salmonidae	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
Total salmonidae:	**0,00**	**3%**	**0,00**	**3%**	**0,00**	**2,2%**	**0,00**	**3,1%**	**0,00**	**3,1%**	**0,00**	**2,2%**
0302-2110 -- Greenland halibut	0,00	8%	0,00	8%	0,00	0,0%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	0,0%
0302-2130 -- Atlantic halibut	0,00	8%	0,00	8%	0,00	0,0%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	0,0%
0302-2190 -- Pacific halibut	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0302-2200 -- Plaice (Pleuronectes platessa)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	**7,5%**	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0302-2300 -- Sole (Solea spp.)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0302-2910 -- Megrim	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0302-2990 -- Other flat fish	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0302-2900 -- Annar flatfiskur	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
Total flat fish:	**0,00**	**12%**	**0,00**	**12%**	**0,00**	**2,9%**	**0,00**	**8,5%**	**0,00**	**8,5%**	**0,00**	**1,6%**
0302-3110 -- Albacore tunas for industrial manufacture	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
0302-3190 -- Albacore tunas, other	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
0302-3210 -- Yellowfin tunas for industrial manufacture	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
0302-3290 -- Yellowfin tunas, other	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
0302-3310 -- Skipjack for industrial manufacture	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
0302-3390 -- Skipjack, other	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
0302-3910 -- Other tunas for industrial manufacture	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
0302-3990 -- Other tunas	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
Total tunas:	**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**	
0302-4010 -- Herrings (15 Feb. to 15 June)	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0302-4090 -- Herrings (16 June to 14 Feb.)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%
Total Herrings	**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**	
0302-5010 -- Of the species Gadus morhua	0,00	12%	0,00	3,7%	0,00	0,0%	0,00	12,0%	0,00	3,7%	0,00	0,0%
0302-5090 -- Cod, other	0,00	15%	0,00	15%	0,00	0,0%	0,00	**12,0%**	0,00	12,0%	0,00	0,0%
Total cod	**0,00**	**12%**	**0,00**	**4%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**12,0%**	**0,00**	**3,7%**	**0,00**	**0,0%**
0302-6110 -- Sardines (Sardina pilchardus)	0,00	23%	0,00	23%	0,00	6,9%	0,00	23,0%	0,00	23,0%	0,00	6,9%
0302-6130 -- Sardines (Sardinella spp.)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0302-6191 -- Brisling (15 Feb. - 15 June)	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0302-6199 -- Brisling (16 June - 14 Feb.)	0,00	13%	0,00	13%	0,00	3,9%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	3,9%
0302-6200 -- Haddock (Melanogrammus aeglefinus)	0,00	15%	0,00	3,7%	0,00	0,0%	0,00	**7,5%**	0,00	3,7%	0,00	0,0%
0302-6300 -- Coalfish (Pollachius virens)	0,00	15%	0,00	3,7%	0,00	0,0%	0,00	**7,5%**	0,00	3,7%	0,00	0,0%
0302-6410 -- Makerel (15 Feb. - 15 June)	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0302-6490 -- Makerel (16 June - 14 Feb.)	0,00	20%	0,00	20%	0,00	20,0%	0,00	20,0%	0,00	20,0%	0,00	20,0%
0302-6510 -- Dogfish (Squalus acanthias)	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	**6,0%**	0,00	6,0%	0,00	1,8%
0302-6550 -- Dogfish (Scyliorhinus spp.)	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0302-6590 -- Other dogfishes and sharks	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0302-6600 -- Eels (Anguilla spp.)	0,00	3%	0,00	3%	0,00	0,9%	0,00	**0,0%**	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0302-6911 -- Carp	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0302-6919 -- Other freshwater fish	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0302-6921 -- Fish of the genus Euthynnus for industrial n	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
0302-6925 -- Other fish of the genus Euthynnus	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
0302-6931 -- Redfish of the species Sebastes marinus	0,00	8%	0,00	2%	0,00	0,6%	0,00	**7,5%**	0,00	2,0%	0,00	0,6%
0302-6933 -- Other redfish	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	**7,5%**	0,00	2,0%	0,00	0,6%

HS -- Commodity	Base		Pcol 6		EES		Base + GATT		Pcol 6 + GATT		EES + GATT	
0302-6935 -- Boreogadus saida	0,00	12%	0,00	12%	0,00	0,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	0,0%
0302-6941 -- Whiting (Merlangus merlangus)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0302-6945 -- Ling (Molva spp.)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0302-6951 -- Alaska pollack and pollack	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0302-6955 -- Anchovies	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0302-6961 -- Sea bream (Dentex og Pagellus)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0302-6965 -- Hake	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0302-6975 -- Ray's bream	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0302-6981 -- Monkfish	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0302-6985 -- Blue whiting	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0302-6987 -- Swordfish	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0302-6998 -- Other saltwater fish (catfish)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0302-6998 -- Other saltwater fish (skate)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0302-6998 -- Other saltwater fish (tusk)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0302-6998 -- Other saltwater fish (capelin)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0302-6909 -- Annar saltvatnsfiskur	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
Other fish total:	**0,00**	**12%**	**0,00**	**5%**	**0,00**	**0,9%**	**0,00**	**8,4%**	**0,00**	**4,4%**	**0,00**	**0,8%**
Total fish, fresh or chilled:	**0,00**	**12%**	**0,00**	**5%**	**0,00**	**1,0%**	**0,00**	**9,2%**	**0,00**	**4,8%**	**0,00**	**0,8%**
0302-7000 -- Livers and roes, fresh:	**0,00**	**10%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**10,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
Fish, frozen, not fillets or other fish meat in 0304:												
0303-1000 -- Pacific salmon	0,00	2%	0,00	2%	0,00	2,0%	0,00	2,0%	0,00	2,0%	0,00	2,0%
0303-2100 -- Trout	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
0303-2200 -- Atlantic salmon	0,00	2%	0,00	2%	0,00	2,0%	0,00	2,0%	0,00	2,0%	0,00	2,0%
0303-2900 -- Other salmonidae	0,00	9%	0,00	9%	0,00	2,7%	0,00	9,0%	0,00	9,0%	0,00	2,7%
Total salmonidae:	**0,00**	**3%**	**0,00**	**3%**	**0,00**	**2,2%**	**0,00**	**3,0%**	**0,00**	**3,0%**	**0,00**	**2,2%**
0303-3110 -- Greenland halibut	0,00	8%	0,00	8%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	0,0%
0303-3130 -- Atlantic halibut	0,00	8%	0,00	8%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	0,0%
0303-3190 -- Pacific halibut	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-3200 -- Plaice	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-3300 -- Sole	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0303-3910 -- Flounder	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0303-3920 -- Megrim	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-3990 -- Other flat fish	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
Total flat fish:	**0,00**	**13%**	**0,00**	**13%**	**0,00**	**3,0%**	**0,00**	**12,3%**	**0,00**	**12,3%**	**0,00**	**2,9%**
0303-4111 to 0303-4990 -- Tunas:	**0,00**	**22%**	**0,00**	**22%**	**0,00**	**6,6%**	**0,00**	**22,0%**	**0,00**	**22,0%**	**0,00**	**6,6%**
0303-5010 -- Herrings (15 Feb. to 15 June)	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0303-5090 -- Herrings (16 June to 14 Feb.)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%
Total herrings:	**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**	
0303-6011 -- Cod (Gadus morhua)	0,00	12%	0,00	3,7%	0,00	0,0%	0,00	12,0%	0,00	3,7%	0,00	0,0%
0303-6019 -- Cod (Gadus ogac)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	0,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	0,0%
0303-6090 -- Cod (Gadus macrocephalus)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	0,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	0,0%
Total cod:	**0,00**	**12%**	**0,00**	**4%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**12,0%**	**0,00**	**3,7%**	**0,00**	**0,0%**
0303-7110 -- Sardines (Sardina pilchardus)	0,00	23%	0,00	23%	0,00	6,9%	0,00	23,0%	0,00	23,0%	0,00	6,9%
0303-7130 -- Sardines (Sardinella spp.)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7191 -- Brisling(15 Feb. to 15 June)	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0303-7199 -- Brisling (16 June to 15 Feb.)	0,00	13%	0,00	13%	0,00	3,9%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	3,9%
0303-7200 -- Haddock	0,00	15%	0,00	3,7%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	0,0%
0303-7300 -- Coalfish	0,00	15%	0,00	3,7%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	0,0%
0303-7411 -- Mackerel (15 Feb. to 15 June)	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0303-7419 -- Mackerel (16 June to 14 Feb.)	0,00	20%	0,00	20%	0,00	20,0%	0,00	20,0%	0,00	20,0%	0,00	20,0%
0303-7490 -- Mackerel (Scomber australasicus)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%
0303-7520 -- Dogfish (Squalus acanthias)	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	6,0%	0,00	6,0%	0,00	1,8%
0303-7550 -- Dogfish (Scyliorhinus spp.)	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	6,0%	0,00	6,0%	0,00	1,8%
0303-7590 -- Other dogfish and sharks	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0303-7600 -- Eels (Anguilla spp.)	0,00	3%	0,00	3%	0,00	0,9%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0303-7700 -- Sea bass	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7810 -- Hake (Merluccius)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7890 -- Hake (Urophycis)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7911 -- Carp	0,00	10%	0,00	10%	0,00	3,0%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0303-7919 -- Other freshwater fish	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0303-7921 -- Fish of the gerus Euthynnus for industrial p	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%

HS -- Commodity	Base		Pcol 6		EES		Base + GATT		Pcol 6 + GATT		EES + GATT	
0303-7923 -- --- " --- gilled and gutted	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
0303-7929 -- --- " --- other (f.e. heads off)	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
0303-7931 -- Other of the genus Euthynnus	0,00	22%	0,00	22%	0,00	6,6%	0,00	22,0%	0,00	22,0%	0,00	6,6%
0303-7935 -- Redfish (Sebastes marinus)	0,00	8%	0,00	2%	0,00	0,6%	0,00	7,5%	0,00	2,0%	0,00	0,6%
0303-7937 -- Other redfish	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	2,0%	0,00	0,6%
0303-7941 -- Boreogadus saida	0,00	12%	0,00	12%	0,00	0,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	0,0%
0303-7945 -- Whiting	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0303-7951 -- Ling	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0303-7955 -- Alaska pollack and pollack	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7961 -- Orcynopsis unicolor (15 Feb - 15 June)	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0303-7963 -- Orcynopsis unicolor (16 June - 14 Feb.)	0,00	20%	0,00	20%	0,00	6,0%	0,00	10,0%	0,00	10,0%	0,00	3,0%
0303-7965 -- Anchovies	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7971 -- Sea bream	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7975 -- Ray's bream	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7981 -- Monkfish	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7983 -- Blue whiting	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0303-7987 -- Swordfish	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0303-7998 -- Other saltwaterfish (Tusk)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7998 -- Other saltwaterfish (Catfish)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7998 -- Other saltwaterfish (Capelin)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7998 -- Other saltwaterfish (Skate)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0303-7909 -- Annar saltvatnsfiskur	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
Other fish total:	**0,00**	**10%**	**0,00**	**5%**	**0,00**	**1,5%**	**0,00**	**9,2%**	**0,00**	**5,4%**	**0,00**	**1,4%**
Total fish, frozen:	**0,00**	**9%**	**0,00**	**6%**	**0,00**	**1,6%**	**0,00**	**8,8%**	**0,00**	**6,2%**	**0,00**	**1,6%**
0303-8000 -- Livers and roes, frozen	**0,00**	**10%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**10,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
Fish fillets fresh or chilled:												
0304-1011 -- Trout	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
0304-1013 -- Salmon	0,00	2%	0,00	2%	0,00	2,0%	0,00	2,0%	0,00	2,0%	0,00	2,0%
0304-1019 -- Other freshwater fish	0,00	9%	0,00	9%	0,00	2,7%	0,00	9,0%	0,00	9,0%	0,00	2,7%
0304-1031 -- Cod	0,00	18%	0,00	18%	0,00	0,0%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	0,0%
0304-1039 -- Other (Haddock)	0,00	18%	0,00	18%	0,00	0,0%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	0,0%
0304-1039 -- Other (Coalfish)	0,00	18%	0,00	18%	0,00	0,0%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	0,0%
0304-1039 -- Other (Redfish)	0,00	18%	0,00	18%	0,00	5,4%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	5,4%
0304-1039 -- Other (Ling)	0,00	18%	0,00	18%	0,00	5,4%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	5,4%
0304-1039 -- Other (Tusk)	0,00	18%	0,00	18%	0,00	5,4%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	5,4%
0304-1039 -- Other (Herring)	0,00	18%	0,00	18%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	5,4%
0304-1039 -- Other (not flat fish)	0,00	18%	0,00	18%	0,00	5,4%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	5,4%
0304-1039 -- Other (Greenland halibut)	0,00	18%	0,00	18%	0,00	0,0%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	0,0%
0304-1039 -- Other (Atlantic halibut)	0,00	18%	0,00	18%	0,00	0,0%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	0,0%
0304-1039 -- Other (Other halibut)	0,00	18%	0,00	18%	0,00	5,4%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	5,4%
Total fish fillets, fresh or chilled:	**0,00**	**18%**	**0,00**	**18%**	**0,00**	**0,7%**	**0,00**	**18,0%**	**0,00**	**18,0%**	**0,00**	**0,7%**
Other fish meat, fresh												
0304-1091 -- Of freshwaterfish	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0304-1092 -- Flaps of herring (15 Feb. to 15 June)	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-1093 -- Flsps of herring (16 June to 14 Feb.)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%
0304-1098 -- Other fish meat, fresh	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
Other fish meat, fresh total:	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
Fish fillets, frozen												
0304-2011 -- Trout	0,00	12%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	12,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2013 -- Salmon	0,00	2%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	2,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2019 -- Other freshwater fish	0,00	9%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	9,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2021 -- Cod (Gadus macrocephalus)	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2029 -- Other cod	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2031 -- Coalfish	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2033 -- Haddock	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2035 -- Redfish (Sebastes marinus)	0,00	12%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2037 -- Other redfish	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2041 -- Whiting	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2043 -- Ling	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%

HS -- Commodity	Base		Pcol 6		EES		Base + GATT		Pcol 6 + GATT		EES + GATT	
0304-2045 -- Tunas	0,00	18%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	18,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2051 -- Mackerel (Scomber australasicus)	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2053 -- Other mackerel	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2057 -- Hake (Merluccius)	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2059 -- Hake (Urophycis)	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2061 -- Dogfish	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2069 -- Other sharks (hámeri)	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2071 -- Plaice	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2073 -- Flounder	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2001 -- Herring	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2079 -- Megrim	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2081 -- Ray's bream	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2083 -- Monkfish	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2085 -- Alaska pollack	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2087 -- Swordfish	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	7,5%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2097 -- Other frozen fillets (Atlantic halibut)	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2097 -- Other frozen fillets (Greenland halibut)	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2097 -- Other frozen fillets (Tusk)	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2097 -- Other frozen fillets (Catfish)	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2097 -- Other frozen fillets (Skate)	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2097 -- Other frozen fillets (Capelin)	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2009 -- Annar flatfiskur, blokkfryst flök	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2011 -- Annar flatfiskur, önnur en blokkfryst flök	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2039 -- Önnur fryst flök	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-2038 -- Önnur blokkfryst flök	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
Total fish fillets, frozen	**0,00**	**15%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**8,4%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
Other fish meat, frozen:												
0304-9010 -- Of freshwater fish	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0304-9021 -- Flaps of herring (15 Feb. to 15 June)	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0304-9025 -- Flaps of herring (16 June to 14 Feb.)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%
0304-9031 -- Redfish	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	2,0%	0,00	0,6%
0304-9035 -- Cod (Gadus macrocephalus)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0304-9038 -- Cod (Gadus moruha)	0,00	12%	0,00	3,7%	0,00	1,1%	0,00	7,5%	0,00	3,7%	0,00	1,1%
0304-9038 -- Gellur og kinnar (Gadus moruha)	0,00	12%	0,00	3,7%	0,00	1,1%	0,00	7,5%	0,00	3,7%	0,00	1,1%
0304-9039 -- Other cod	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0304-9041 -- Coalfish	0,00	15%	0,00	3,7%	0,00	1,1%	0,00	7,5%	0,00	3,7%	0,00	1,1%
0304-9045 -- Haddock	0,00	15%	0,00	3,7%	0,00	1,1%	0,00	7,5%	0,00	3,7%	0,00	1,1%
0304-9047 -- Hake (Merluccius)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0304-9049 -- Hake (Urophycis)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0304-9051 -- Megrim	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0304-9055 -- Ray's bream	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0304-9057 -- Monkfish	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0304-9059 -- Blue whiting	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0304-9061 -- Alaska pollack	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0304-9065 -- Swordfish	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0304-9097 -- Other frozen fish meat (Ling)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0304-9097 -- Other frozen fish meat (Catfish)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0304-9019 -- Aðrar teg. (marningur)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	7,5%	0,00	7,5%	0,00	2,2%
Other fish meat, frozen total:	**0,00**	**13%**	**0,00**	**4%**	**0,00**	**1,2%**	**0,00**	**7,5%**	**0,00**	**3,8%**	**0,00**	**1,1%**
0305-1000 -- Fish meal fit for human consumtion	**0,00**	**13%**	**0,00**	**13%**	**0,00**	**3,9%**	**0,00**	**13,0%**	**0,00**	**13,0%**	**0,00**	**3,9%**
Liver and roes, dried, salted or smoked:												
0305-2000 -- Lumpfish roe, salted	0,00	11%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	11,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0305-2000 -- Cod roe (sykursöltuð)	0,00	11%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	11,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0305-2000 -- Other roe (sykursöltuð)	0,00	11%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	11,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0305-2000 -- Cod roe (grófsöltuð)	0,00	11%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	11,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0305-2000 -- Capelin roe (grófsöltuð)	0,00	11%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	11,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0305-2000 -- Other roe (grófsöltuð)	0,00	11%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	11,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
Total liver and roes, salted:	**0,00**	**11%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**11,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**

HS -- Commodity	Base		Pcol 6		EES		Base + GATT		Pcol 6 + GATT		EES + GATT	
Smoked fish, including fillets:												
0305-4100 -- Salmon	0,00	13%	0,00	13%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%
0305-4200 -- Herring	0,00	10%	0,00	10%	0,00	10,0%	0,00	10,0%	0,00	10,0%	0,00	10,0%
0305-4910 -- Greenland halibut	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0305-4920 -- Atlantic halibut	0,00	16%	0,00	16%	0,00	4,8%	0,00	16,0%	0,00	16,0%	0,00	4,8%
0305-4930 -- Mackerell	0,00	14%	0,00	14%	0,00	4,2%	0,00	14,0%	0,00	14,0%	0,00	4,2%
0305-4940 -- Trout	0,00	14%	0,00	14%	0,00	4,2%	0,00	14,0%	0,00	14,0%	0,00	4,2%
0305-4950 -- Eels (*Anguilla spp.*)	0,00	14%	0,00	14%	0,00	4,2%	0,00	14,0%	0,00	14,0%	0,00	4,2%
0305-4990 -- Other smoked fish	0,00	14%	0,00	14%	0,00	4,2%	0,00	14,0%	0,00	14,0%	0,00	4,2%
Total smoked:	**0,00**	**12%**	**0,00**	**12%**	**0,00**	**11,5%**	**0,00**	**11,6%**	**0,00**	**11,6%**	**0,00**	**11,5%**
Dried fish (not smoked)												
0305-5110 -- Heads of cod, dried, unsalted	0,00	13%	0,00	13%	0,00	0,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	0,0%
0305-5110 -- Other products of cod, dried, unsalted	0,00	13%	0,00	13%	0,00	0,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	0,0%
0305-5190 -- Cod, dried, salted	0,00	13%	0,00	13%	0,00	3,9%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	3,9%
0305-5911 -- Boreogadus saida, dried, unsalted	0,00	13%	0,00	13%	0,00	0,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	0,0%
0305-5919 -- Boreogadus saida, dried, salted	0,00	13%	0,00	13%	0,00	3,9%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	3,9%
0305-5930 -- Herring	0,00	12%	0,00	12%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%
0305-5950 -- Anchovies	0,00	10%	0,00	10%	0,00	3,0%	0,00	10,0%	0,00	10,0%	0,00	3,0%
0305-5960 -- Greenland halibut	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
0305-5970 -- Atlantic halibut	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0305-5990 -- Other dried fish (Ling)	0,00	13%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	3,9%
0305-5990 -- Other dried fish (Tusk)	0,00	13%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	3,9%
0305-5990 -- Other dried fish (Coalfish)	0,00	13%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	3,9%
0305-5990 -- Other dried fish (Haddock)	0,00	13%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	3,9%
0305-5906 -- Harðfiskur	0,00	13%	0,00	13%	0,00	0,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	0,0%
0305-5909 -- Annars	0,00	13%	0,00	13%	0,00	3,9%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	3,9%
0305-5905 -- Skreið	0,00	13%	0,00	13%	0,00	0,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	0,0%
Total dried fish:	**0,00**	**13%**	**0,00**	**13%**	**0,00**	**0,4%**	**0,00**	**13,0%**	**0,00**	**13,0%**	**0,00**	**0,4%**
Fish, salted:												
Fish fillets, dried or salted (not smoked):												
0305-3011 -- Cod (Gadus macrocephalus)	0,00	16%	0,00	16%	0,00	0,0%	0,00	16,0%	0,00	16,0%	0,00	0,0%
0305-3019 -- Other cod	0,00	20%	0,00	20%	0,00	0,0%	0,00	20,0%	0,00	20,0%	0,00	0,0%
0305-3030 -- Salmon	0,00	15%	0,00	15%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%
0305-3050 -- Greenland halibut	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0305-3090 -- Other (Coalfish, salted fillets)	0,00	16%	0,00	16%	0,00	0,0%	0,00	16,0%	0,00	16,0%	0,00	0,0%
0305-3090 -- Other (Herring, salted fillets)	0,00	16%	0,00	16%	0,00	0,0%	0,00	16,0%	0,00	16,0%	0,00	0,0%
0305-3090 -- Other (Dried fish fillets)	0,00	16%	0,00	16%	0,00	0,0%	0,00	16,0%	0,00	16,0%	0,00	0,0%
0305-3090 -- Önnur söltuð flök	0,00	16%	0,00	16%	0,00	0,0%	0,00	16,0%	0,00	16,0%	0,00	0,0%
Total fish fillets, dried or salted:	**0,00**	**18%**	**0,00**	**18%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**18,3%**	**0,00**	**18,3%**	**0,00**	**0,0%**
Fish salted but not dried or smoked:												
0305-6100 -- Herring	0,00	12%	0,00	12%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%
0305-6200 -- Cod	0,00	13%	0,00	13%	0,00	0,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	0,0%
0305-6300 -- Anchovies	0,00	10%	0,00	10%	0,00	3,0%	0,00	10,0%	0,00	10,0%	0,00	3,0%
0305-6910 -- Boreogadus saida	0,00	13%	0,00	13%	0,00	0,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	0,0%
0305-6920 -- Greenland halibut	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
0305-6930 -- Atlantic halibut	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	4,5%
0305-6950 -- Salmon	0,00	11%	0,00	11%	0,00	11,0%	0,00	11,0%	0,00	11,0%	0,00	11,0%
0305-6990 -- Other (Coalfish)	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
0305-6990 -- Other (Ling)	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
0305-6990 -- Other (Tusk)	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
0305-6990 -- Other (Haddock)	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
0305-6919 -- Annars	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
0305-6906 -- Þunnildi	0,00	13%	0,00	13%	0,00	0,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	0,0%
0305-6907 -- Gellur	0,00	13%	0,00	13%	0,00	0,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	0,0%
0305-6908 -- Fiskfés	0,00	13%	0,00	13%	0,00	0,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	0,0%
0305-6909 -- Fiskfés í smásöluumbúðum	0,00	13%	0,00	13%	0,00	0,0%	0,00	13,0%	0,00	13,0%	0,00	0,0%
Total salted but not dried or smoked:	**0,00**	**13%**	**0,00**	**13%**	**0,00**	**0,1%**	**0,00**	**13,0%**	**0,00**	**13,0%**	**0,00**	**0,1%**

HS -- Commodity	Base		Pcol 6		EES		Base + GATT		Pcol 6 + GATT		EES + GATT	
Total salted fish:	**0,00**	**14%**	**0,00**	**14%**	**0,00**	**0,1%**	**0,00**	**13,9%**	**0,00**	**13,9%**	**0,00**	**0,1%**
Crustanceans:												
0306-1100 -- Rock lobster, frozen	0,00	25%	0,00	25%	0,00	7,5%	0,00	**12,5%**	0,00	12,5%	0,00	3,7%
0306-2100 -- Rock lobster, not frozen	0,00	25%	0,00	25%	0,00	7,5%	0,00	**12,5%**	0,00	12,5%	0,00	3,7%
0306-1210 -- Lobster (Homarus spp.) whole, frozen	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0306-1290 -- Lobster, other than whole, frozen	0,00	16%	0,00	16%	0,00	4,8%	0,00	16,0%	0,00	16,0%	0,00	4,8%
0306-2210 -- Lobster, live	0,00	25%	0,00	25%	0,00	7,5%	0,00	8,0%	0,00	25,0%	0,00	7,5%
0306-2291 -- Lobster, whole, not frozen	0,00	25%	0,00	25%	0,00	7,5%	0,00	8,0%	0,00	25,0%	0,00	7,5%
0306-2299 -- Lobster, not whole, not frozen	0,00	25%	0,00	25%	0,00	7,5%	0,00	**10,0%**	0,00	10,0%	0,00	3,0%
0306-1930 -- Norway lobsters, frozen	0,00	12%	0,00	12%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%
0306-1930 -- Norway lobsters, whole, frozen	0,00	12%	0,00	12%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%
0306-2930 -- Norway lobsters, not frozen	0,00	12%	0,00	12%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	12,0%
Total lobsters:	**0,00**	**13%**	**0,00**	**13%**	**0,00**	**11,7%**	**0,00**	**12,0%**	**0,00**	**12,0%**	**0,00**	**11,4%**
Shrimps, frozen:												
0306-1310 -- Shrimps (pandalidae), not whole	0,00	12%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	12,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0306-1310 -- Shrimps (pandalidae), whole	0,00	12%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	12,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0306-1330 -- Shrimps of the genus Crangon	0,00	18%	0,00	18%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	18,0%
0306-1390 -- Other shrimps, frozen	0,00	18%	0,00	18%	0,00	18,0%	0,00	**12,0%**	0,00	12,0%	0,00	12,0%
Shrimps, not frozen:												
0306-2310 -- Shrimps (pandalidae)	0,00	12%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	12,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0306-2331 -- Shrimps (crangon), fresh or cooked	0,00	18%	0,00	18%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	18,0%
0306-2339 -- Other Crangon, not frozen	0,00	18%	0,00	18%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	18,0%	0,00	18,0%
0306-2390 -- Other shrimps, not frozen	0,00	18%	0,00	18%	0,00	18,0%	0,00	**12,0%**	0,00	12,0%	0,00	12,0%
Total shrimps:	**0,00**	**12%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**12,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
0306-1410 -- Crabs of the specis Paralithodes camchaticus, Chionoectes spp. and Callinectes sapidus, frozen	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	**7,5%**	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0306-2410 -- ----- " -----, not frozen	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	**7,5%**	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0306-1430 -- Crabs (Cancer pagurus), frozen	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	**7,5%**	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0306-2430 -- Cancer pagurus, not frozen	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	**7,5%**	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0306-1490 -- Other crabs, frozen	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	**7,5%**	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0306-2490 -- Other crabs, not frozen	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	**7,5%**	0,00	7,5%	0,00	2,2%
Total crabs:	**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**	
0306-1910 -- Freshwater crayfish, frozen	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	**7,5%**	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0306-2910 -- Freshwater crayfish, not frozen	0,00	15%	0,00	15%	0,00	4,5%	0,00	**7,5%**	0,00	7,5%	0,00	2,2%
0306-1990 -- Other crustanceans, frozen	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
0306-2990 -- Other crustanceans, not frozen	0,00	12%	0,00	12%	0,00	3,6%	0,00	12,0%	0,00	12,0%	0,00	3,6%
Total other crustanceans:	**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**	
Total crustanceans:	**0,00**	**13%**	**0,00**	**8%**	**0,00**	**6,9%**	**0,00**	**12,0%**	**0,00**	**7,1%**	**0,00**	**6,7%**
Molluscs:												
0307-2100 -- Live scallops	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0307-2990 -- Other scallops (Hörpudiskur):	0,00	8%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	8,0%	0,00	8,0%	0,00	2,4%
0307-9100 -- Other (Ígulker, Echmoidea)	0,00	11%	0,00	8%	0,00	2,4%	0,00	11,0%	0,00	11,0%	0,00	3,3%
Total mulluscs:	**0,00**	**8%**	**0,00**	**8%**	**0,00**	**2,4%**	**0,00**	**8,0%**	**0,00**	**8,0%**	**0,00**	**2,4%**
0307 covers Scallops, Mussels, Cuttle fish, Octopus, Snails and other Moulluscs.												
Total chapter 3:	**0,00**	**14%**	**0,00**	**6%**	**0,00**	**0,4%**	**0,00**	**10,5%**	**0,00**	**5,8%**	**0,00**	**0,4%**
Products of animal orgin, n.e.s.:												
0511-9110 -- Fish waste	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
0511-9190 -- Other products of fish, unfit for human cons	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
Total chapter 5:	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
Fats and oils and their fractions:												
1504-1010 -- Cod liver oils, kaldhreinsað:	0,00	6%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	6,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1504-1010 -- Cod liver oils, ókaldhreinsað:	0,00	6%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	6,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1504-1090 -- Other fish-liver oils	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
Total fish-liver oils:	**0,00**	**6%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**6,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
1504-2010 -- Fish fat and oils, solid fractions												
1504-2090 -- Other fats and oils of fish (Herring)	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%

HS -- Commodity	Base		Pcol 6		EES		Base + GATT		Pcol 6 + GATT		EES + GATT	
1504-2090 -- Other fats and oils of fish (Capelin)	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
Total fats and oils, not liver oils:	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
1504-3011 -- Whale oil and sperm oil, solid fractions	0,00	17%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	17,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1504-2090 -- Fats of other marine mammals, solid fractio	0,00	17%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	17,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1504-3090 -- Other fat of marine mammals	0,00	0%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
Total fats and oils of marine mammals:	**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**		**0,00**	
Total fats and oils and ther fraxtions:	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,3%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
Prepared or preserved fish:												
1604-1100 -- Salmon, whole or in pieces	0,00	5,5%	0,00	5,5%	0,00	5,5%	0,00	5,5%	0,00	5,5%	0,00	5,5%
1604-1210 -- Herring fillets, with batter or breadcrumbs	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	15,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1604-1290 -- Other herrings	0,00	20%	0,00	10%	0,00	10,0%	0,00	20,0%	0,00	10,0%	0,00	10,0%
1604-1310 -- Sardines	0,00	25%	0,00	25%	0,00	7,5%	0,00	**12,5%**	0,00	12,5%	0,00	3,7%
1604-1390 -- Sardinella and brisling or sprats	0,00	20%	0,00	20%	0,00	6,0%	0,00	**12,5%**	0,00	12,5%	0,00	3,7%
1604-1410 -- Tunas and skipjack	0,00	24%	0,00	24%	0,00	7,2%	0,00	24,0%	0,00	24,0%	0,00	7,2%
1604-1490 -- Bonito (Sarda spp.)	0,00	25%	0,00	25%	0,00	7,5%	0,00	25,0%	0,00	25,0%	0,00	7,5%
1604-1510 -- Mackerel (Scomber scombrus and Scomber	0,00	25%	0,00	25%	0,00	25,0%	0,00	25,0%	0,00	25,0%	0,00	25,0%
1604-1590 -- Mackerel (Scomber australasicus)	0,00	20%	0,00	20%	0,00	20,0%	0,00	20,0%	0,00	20,0%	0,00	20,0%
1604-1600 -- Anchovies	0,00	25%	0,00	25%	0,00	7,5%	0,00	25,0%	0,00	25,0%	0,00	7,5%
1604-1910 -- Salmonidae, other than salmon	0,00	7%	0,00	7%	0,00	2,1%	0,00	7,0%	0,00	7,0%	0,00	2,1%
1604-1930 -- Fish of the genus Euthynnus	0,00	24%	0,00	24%	0,00	7,2%	0,00	24,0%	0,00	24,0%	0,00	7,2%
1604-1950 -- Orcynopsis unicolor	0,00	25%	0,00	25%	0,00	7,5%	0,00	**12,5%**	0,00	12,5%	0,00	3,7%
1604-1991 -- Other fish fillets with batter or breadcrumbs	0,00	15%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	**7,5%**	0,00	7,5%	0,00	0,0%
1604-1999 -- Other, whole or in pieces	0,00	20%	0,00	10%	0,00	3,0%	0,00	20,0%	0,00	10,0%	0,00	3,0%
1604-2010 -- Other of salmon	0,00	5,5%	0,00	5,5%	0,00	5,5%	0,00	5,5%	0,00	5,5%	0,00	5,5%
1604-2030 -- Other of salmonidea	0,00	7%	0,00	7%	0,00	2,1%	0,00	7,0%	0,00	7,0%	0,00	2,1%
1604-2040 -- Other of anchovies	0,00	25%	0,00	25%	0,00	7,5%	0,00	25,0%	0,00	25,0%	0,00	7,5%
1604-2050 -- Other of sardines ect.	0,00	25%	0,00	25%	0,00	7,5%	0,00	25,0%	0,00	25,0%	0,00	7,5%
1604-2070 -- Other of tunas	0,00	24%	0,00	24%	0,00	7,2%	0,00	24,0%	0,00	24,0%	0,00	7,2%
1604-2090 -- Other of other fish (herring)	0,00	20%	0,00	10%	0,00	10,0%	0,00	**14,0%**	0,00	10,0%	0,00	3,0%
1604-2090 -- Other of other fish (cod)	0,00	20%	0,00	10%	0,00	3,0%	0,00	**14,0%**	0,00	10,0%	0,00	3,0%
1604-2004 -- Niðursoðin fisklifur	0,00	20%	0,00	10%	0,00	3,0%	0,00	**14,0%**	0,00	10,0%	0,00	3,0%
1604-2006 -- Niðursoðin lifrarpasta	0,00	20%	0,00	10%	0,00	3,0%	0,00	**14,0%**	0,00	10,0%	0,00	3,0%
Total prepered or preserved fish:	**0,00**	**20%**	**0,00**	**10%**	**0,00**	**5,8%**	**0,00**	**16,2%**	**0,00**	**9,9%**	**0,00**	**5,6%**
1604-3010 -- Caviar (sturgeon roe)	0,00	30%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	**20,0%**	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1604-3090 -- Capelin roe (caviar substitutes)	0,00	30%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	**20,0%**	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1604-3090 -- Lumpfish roe	0,00	30%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	**20,0%**	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1604-3090 -- Cod roe	0,00	30%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	**20,0%**	0,00	0,0%	0,00	0,0%
Total caviar and caviar substitutes:	**0,00**	**30%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**20,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
1605-1000 -- Crab	0,00	16%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	**8,0%**	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1605-2000 -- Shrimps and prawns, canned	0,00	20%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	20,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1605-2000 -- Cooked and peeled	11,07	20%	0,00	0%	0,00	0,0%	11,07	20,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1605-3000 -- Lobster	0,00	20%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	20,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1605-4000 -- Other crustaceans	0,00	20%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	20,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1605-9010 -- Molluscs	0,00	20%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	20,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
1605-9090 -- Ohter aquatic invertebrates	0,00	26%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	26,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
Total crustaceans, molluscs and other aquatic inverteb	**11,07**	**20%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**11,07**	**20,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
Total prepared or preserved:	**11,69**	**21%**	**0,01**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**11,07**	**20,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**
2104-1000 -- Fish soups	**0,00**	**18%**	**0,00**	**18%**	**0,00**	**18,0%**	**0,00**	**18,0%**	**0,00**	**18,0%**	**0,00**	**18,0%**
Flours, meals and pellets of fish:												
2301-2000 -- Meals of Cod	0,00	2%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	2,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
2301-2000 -- Meals of capelin	0,00	2%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	2,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
2301-2000 -- Meals of fish liver	0,00	2%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	2,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
2301-2000 -- Meals of schrimp	0,00	2%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	2,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
2301-2000 -- Other meals of fish	0,00	2%	0,00	0%	0,00	0,0%	0,00	2,0%	0,00	0,0%	0,00	0,0%
Total meals:	**0,00**	**2%**	**0,00**	**0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**2,0%**	**0,00**	**0,0%**	**0,00**	**0,0%**

HS -- Commodity	Base		Pcol 6		EES		Base + GATT		Pcol 6 + GATT		EES + GATT	
Preparations of a kind used in animal feeding												
2309-9010 -- Fish or marine mammal solubles	0,00	6%	0,00	6%	0,00	6,0%	0,00	6,0%	0,00	6,0%	0,00	6,0%
2309-9099 -- Other (Þang- og þaramjöl)	0,00	15%	0,00	15%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%	0,00	15,0%
Total preperations used in animal feeding:	**0,00**	**12%**	**0,00**	**12%**	**0,00**	**11,7%**	**0,00**	**11,7%**	**0,00**	**11,7%**	**0,00**	**11,7%**
Total marine products:	**7,76**	**14%**	**2,86**	**5,2%**	**0,00**	**0,4%**	**11,07**	**11,1%**	**0,00**	**5,0%**	**0,00**	**0,4%**

774. Breytingartillögur [272. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

Frá félagsmálanefnd.

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   8. mgr. 74. gr. laganna orðast svo:
   Þegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða skal 20% lán framkvæmdaraðila gjaldfellt og kaupanda veitt heimild til að fá lán úr Byggingarsjóði verkamanna til 25 ára.
2. Á eftir 5. gr., er verði 6. gr., komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (7. gr.)
      Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, VI, svohljóðandi:
      Húsnæðisstofnun ríkisins getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og skuldurum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar ef viðkomandi hefur orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna atvinnuleysis, minnkandi atvinnu, veikinda eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 1996.
   b. (8. gr.)
      Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, VII, svohljóðandi:
      Þeim aðilum, sem til þessa hafa fengið fimm ára lán frá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna til kaupa á almennri kaupleiguíbúð, er heimilt að sækja um skuldbreytingu þeirra lána til allt að 25 ára, að teknu tilliti til þess lánstíma sem liðinn er. Ákvæði þetta gildir til 31. desember 1994.

775. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem fjallar um þrjú óskyld atriði. Í fyrsta lagi felst í því að húsnæðismálastjórn hafi fleiri valkosti varðandi vörslu og ávöxtun byggingarsjóðanna en samkvæmt gildandi lögum. Þannig hafi húsnæðismálastjórn, að áskildu samþykki félagsmálaráðherra, heimild til að ákveða að sjóðirnir verði að hluta eða öllu leyti varðveittir annars staðar en hjá Seðlabanka Íslands. Lítur meiri hlutinn svo á að með því sé átt við valmöguleika um innlánsstofnanir innan lands. Í öðru lagi eru í frumvarpinu nýmæli um heimild til lánveitinga úr Byggingarsjóði verkamanna til lögbýla og í þriðja og síðasta lagi felur frumvarpið í sér fleiri heimildir en nú gilda til útgreiðslu innstæðna á skyldusparnaðarreikningum.

Á fund nefndarinnar komu frá félagsmálaráðuneytinu Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri og Anna Guðrún Björnsdóttir deildarstjóri, frá fjármálaráðuneytinu Halldór Árnason skrifstofustjóri, frá Húsnæðisstofnun ríkisins Hilmar Þórisson og Grétar J. Guðmundsson, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja Ögmundur Jónasson og Guðmundur V. Óskarsson, frá Alþýðusambandi Íslands Guðmundur Gylfi Guðmundsson og Ásmundur Hilmarsson, Hrafn Magnússon frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Þorgeir Eyjólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Sigurður Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Jóhann Ágústsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Ríkharð Steinbergsson frá húsnæðisnefnd Reykjavíkurborgar og Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Stéttarsambandi bænda, landbúnaðarráðuneytinu, félagsmálastjóra Reykjavíkur og Alþýðusambandi Íslands, auk gagna frá félagsmálaráðuneytinu, Húsnæðisstofnun ríksins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Neytendasamtökunum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Kristinn H. Gunnarsson stendur að þeim tillögum en mun skila séráliti.

Eftir að frumvarpið kom til umfjöllunar í félagsmálanefnd bárust henni erindi félagsmálaráðherra þar sem óskað var eftir að nefndin flytti tvær breytingartillögur við frumvarpið. Fyrri breytingin felur í sér að við lögin bætist nýtt bráðabirgðaákvæði sem gildi til 1. janúar 1996. Í ljós hefur komið við framkvæmd reglugerðar nr. 414/1993, um skuldbreytingar á lánum á vegum Byggingarsjóðs ríkisins, sem gefin var út til að leysa brýnasta vanda þeirra sem búið hafa við mikið atvinnuleysi eða veikindi, að þurft hefur að synja umsækjendum um skuldbreytingu og að sú fyrirgreiðsla, sem heimil er, hefur ekki dugað til að mæta fjárhagserfiðleikum þeirra sem verst eru staddir. Í upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins kemur fram að frá 1. október 1993 hafi stofnuninni borist 280 umsóknir um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika (miðað við lok janúar 1994). Nú þegar hafi 118 umsóknir verið afgreiddar og þar af 56 umsóknir fengið samþykki um skuldbreytingarlán frá veðdeild, jafnhliða því sem umsækjendur fengu leiðbeiningu við nauðsynlegar skuldbreytingar hjá öðrum lánastofnunum. Alls fengu því 62 umsækjendur synjun.

Breytingunni er ætlað að koma til móts við hluta þess hóps sem synjað var um skuldbreytingarlán. Með henni er Húsnæðisstofnun veitt heimild til að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og skuldurum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar hafi viðkomandi orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu. Skilyrði greiðslufrestunar er að tekjuskerðingin hafi orðið vegna atvinnuleysis, minnkandi atvinnu, veikinda eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna en það er í samræmi við þau skilyrði fyrir skuldbreytingarláni sem kveðið er á um í upphafi 1. tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 414/1993. Er þannig ljóst, sbr. hugtakið „aðrar óviðráðanlegar aðstæður", að heimildin nær til einstaklinga sem hafa orðið fyrir tekjuskerðingu þó að ekki hafi verið um atvinnumissi, minnkandi atvinnu eða veikindi að ræða, t.d. þeirra sem lenda í félagslegum vanda, svo sem hjónaskilnaði.

Setja þarf nánari reglur um skilyrði fyrir frestun á greiðslum. Mun hugmyndin vera sú að fresta greiðslum í allt að þrjú ár en vextir, sem þegar eru áfallnir á frestunartímanum, bætist við höfuðstól lánsins.

Meiri hlutinn telur brýnt að veita þessa heimild til greiðslufrestunar, en gerir sér jafnframt grein fyrir að þessar aðgerðir einar og sér duga ekki gagnvart öllum þeim hópi fólks sem á í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Síðari tillagan felst í breytingu á 8. mgr. 74. gr. laganna auk þess sem lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Samkvæmt 8. mgr. 74. gr. eru 20% lán, sem veitt eru til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum, aðeins til fimm ára en 70% lán eru veitt til 43 ára. Í erindi ráðherra kemur fram að áformað hafi verið að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á þessu þingi. Skyldi frumvarpið byggja á tillögum nefndar sem vann að mati á reynslunni af lögum um félagslegar íbúðir sem m.a. fólu í sér að lengja lánstíma 20% lánsins. Í ljós hafi komið að verkefnið sé viðameira en svo að hægt sé að leggja frumvarpið fram fyrr en á haustþingi. Sé því leitað til félagsmálanefndar þar sem um brýnar breytingar sé að ræða hvað þennan þátt varðar.

Lagt er til að 8. mgr. 74. gr. laganna, um gjaldfellingu sérstaks 20% láns úr Byggingarsjóði verkamanna, verði breytt þannig að kaupanda verði heimilt að fá lán til 25 ára í stað þess að gjaldfella það og búa til nýtt lán til fimm ára eins og greinin óbreytt kveður á um. Með því verður endurgreiðslutími 20% lána alltaf 25 ár, sbr. einnig 52. gr. laganna.

Ljóst er að greiðslubyrði fyrstu fimm árin getur verið þung og stundum orðið fólki ofviða ef breytingar verða á tekjum þess. Mikilvægt er að greiðslubyrðin verði jöfnuð betur yfir heildarlánstímann og fólki þannig auðveldað að eignast almennar kaupleiguíbúðir.

Í upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu kemur fram að um er að ræða 110 almennar kaupleiguíbúðir sem hafa verið seldar og 20% lán gjaldfelld. Þá kemur einnig fram að samkvæmt útreikningum Húsnæðisstofnunar ríkisins hafi lenging lánstíma þau áhrif að greiðslubyrði á ári af 1 millj. kr. láni til fimm ára með 4,9% vöxtum er 230.337 kr. en af sambærilegu láni með lánstíma til 25 ára er greiðslubyrðin 70.243 kr. á ári (tölur án vaxtabóta).

Tillagan um bráðabirgðaákvæði byggist á að mikilvægt er að breytingarnar nái einnig til þeirra sem þegar hafa keypt íbúð. Þannig er lagt til að þeim sem þegar hafi fengið slík lán til fimm ára verði veitt heimild til skuldbreytinga til allt að 25 ára, að teknu tilliti til þess tíma sem liðinn er af lánstíma. Gert er ráð fyrir að þessi heimild til skuldbreytingar eldri lána verði tímabundin og gildi til 31. desember 1994.

Alþingi, 16. mars 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Gísli S. Einarsson.

Ingibjörg Pálmadóttir. Eggert Haukdal. Guðjón Guðmundsson.

Einar K. Guðfinnsson. Jón Kristjánsson.

776. Fyrirspurn [503. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning og nýtingu erlendra kartaflna í íslenskri framleiðslu.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hefur Þykkvabæjarverksmiðjan notað erlendar kartöflur við gerð franskra kartaflna (og snakks)? Ef svo er, í hve miklum mæli?
2. Hver er hlutdeild erlendra kartaflna í framleiðslu Þykkvabæjarverksmiðjunnar á frönskum kartöflum (og snakki)?
3. Er greitt verðjöfnunargjald af kartöflunum? Ef svo er, hversu hátt hefur gjaldið verið á tímabilinu 1988–1994?
4. Frá hvaða landi eða löndum koma kartöflurnar?

Skriflegt svar óskast.

777. Fyrirspurn [504. mál]

til utanríkisráðherra um athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA.

Frá Kristínu Einarsdóttur, Svavari Gestssyni og Finni Ingólfssyni.

Hvaða athugasemdir hafa borist íslenskum stjórnvöldum frá eftirlitsstofnun EFTA um framkvæmd samnings um Evrópskt efnahagssvæði eftir gildistöku hans og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið í framhaldi af því?

Greinargerð.

Í umræðum um frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi sagði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra m.a. að þegar hafi borist athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA vegna þess að Ísland uppfyllti ekki ákvæði EES-samningsins á sviði vátryggingastarfsemi. Hann sagði að það væri litið alvarlegum augum þegar heildarlöggjöf samrýmdist ekki ákvæðum alþjóðasamninga í grundvallaratriðum. Því er nauðsynlegt að þingmenn fái upplýsingar um hvort fleiri athugasemdir hafi borist og í hverju þær eru fólgnar.

Skriflegt svar óskast.

778. Tillaga til þingsályktunar [505. mál]

um nýtingu og markaðssetningu rekaviðar.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Ragnar Arnalds, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót starfshóp á vegum landbúnaðarráðuneytis til að gera tillögur um nýtingu rekaviðar og markaðssetningu afurða frá rekaviðarvinnslu. Starfshópurinn sé skipaður jafnt konum sem körlum. Þar eigi sæti m.a. fulltrúar frá bændasamtökunum og búnaðarráðunautar, sérfræðingar í markaðsmálum og aðilar frá samtökum iðnaðarins. Starfshópurinn skili niðurstöðum og tillögum fyrir 1. janúar 1995.

Greinargerð.

Mikil þörf er á því að leita allra leiða til nýrrar atvinnusköpunar ekki síst í sveitum landsins. Víða um land er nokkur viðarreki og er nýting hans í lágmarki nema á örfáum stöðum. Fyrr á árum var mikil nýting viðarreka á sumum jörðum bæði á Ströndum og á Skaga við að framleiða girðingarstaura til sölu, auk þess sem viðurinn nýttist bændum til allra hluta sem timburs þurfti við. Með þeim samdrætti sem orðið hefur í hefðbundnum greinum landbúnaðar, svo sem mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt, og minnkandi ræktun graslendis í framhaldi af því hefur sala girðingarstaura dregist mikið saman. Vegagerðin er þó ein af fáum stofnunum sem enn kaupir talsvert magn af girðingarstaurum. Á síðari árum hafa einstakir bændur hafið að nýta rekaviðinn til húsasmíða í meira mæli en áður. Rannsóknir sýna að rekaviður er vel til þess fallinn að nota í utanhússklæðningar þar sem hann er af náttúrunnar hendi fúavarinn með seltu sjávar.

Nokkrir bændur eru að leita nýrra leiða til að nýta þessa auðlind sem rekaviðurinn er en hafa naumast bolmagn við núverandi aðstæður til að fjármagna stofnkostnað og/eða markaðssetja afurðirnar.

Ótal möguleikar eru fyrir hendi í nýtingu rekaviðar. Fyrir utan framleiðslu á timbri til húsasmíða og í girðingarstaura má nefna að rætur trjánna eru oft hin sérstæðustu listaverk og eftirsótt til skreytinga í görðum. Ýmsar smáspýtur sem finna má á rekaströndum eru tilvaldar sem undirstaða í veggmyndir af ýmum gerðum, bæði einar sér eða með öðru efni, auk þess sem allt úrgangstimbur er orkugjafi til upphitunar húsa.

Viðarreki er vannýtt auðlind að miklu leyti og þar eru möguleikar fyrir þá bændur sem aðgang hafa að henni að auka tekjur sínar með nýrri framleiðslu. Nýlega skrifaði Brynjólfur Sæmundsson, búnaðarráðunautur á Hólmavík, ítarlega grein um viðarreka á Ströndum og nýtingu hans. Greinin birtist í „Flóanum“ sem er héraðsfréttablað á Húnaflóasvæðinu. Þar er að finna gagnmerkar upplýsingar um viðarreka á Ströndum frá fyrri tíð og til þessa dags og nýtingu hans. Hluti greinarinnar er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Um fylgiskjalið vísast til héraðsfréttablaðsins „Flóans“ og þingskjalsins (lausaskjalsins).

779. Frumvarp til laga [506. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Á árinu 1994 er ríkissjóði heimilt að veita Byggðastofnun sérstakt framlag að fjárhæð allt að 300 millj. kr. til að standa straum af víkjandi lánum til sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum sem vilja sameinast og til að styðja nýjungar í atvinnulífi, sbr. 5. gr.

Framlag skv. 1. mgr. skal greitt eftir því sem víkjandi lán skv. 2. gr. eru samþykkt.

2. gr.

Þar sem sveitarfélög verða sameinuð á Vestfjörðum er Byggðastofnun heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum, sem ætla að sameinast, víkjandi lán. Sama gildir um þau sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum sem hafa sameinast á síðustu þremur árum.

3. gr.

Forsenda fyrir lánveitingu samkvæmt lögum þessum er að sérstakur starfshópur, sem forsætisráðherra skipar, hafi gert tillögu um afgreiðslu á lánsumsóknum viðkomandi fyrirtækja. Í starfshópnum skulu vera fjórir menn, einn tilnefndur af Byggðastofnun, einn tilnefndur af fjármálaráðherra, einn tilnefndur af félagsmálaráðherra og einn skipar forsætisráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður starfshópsins. Starfshópurinn ræður sér til aðstoðar rekstrarráðgjafa. Kostnaður vegna vinnu starfshópsins og rekstrarráðgjafa greiðist af framangreindum 300 millj. kr.

Starfshópurinn skal við umfjöllun um lánsumsóknir hafa náið samráð við eigendur fyrirtækja og stærstu kröfuhafa þeirra. Starfshópurinn skal stuðla að samkomulagi þessara aðila um nauðsynlega endurskipulagningu á rekstri hins sameinaða fyrirtækis. Að því loknu ákveður starfshópurinn hvort gera skuli tillögu til stjórnar Byggðastofnunar um lánveitingu. Stjórn Byggðastofnunar samþykkir eða synjar lánveitingar á grundvelli tillagna starfshópsins.

Samþykki stjórn Byggðastofnunar tillögu starfshópsins um lánveitingu óskar hún eftir því við fjármálaráðuneytið að fá jafnhátt framlag skv. 1. gr.

4. gr.

Víkjandi lán samkvæmt lögum þessum skulu vera verðtryggð. Lánin skulu enga vexti bera fyrstu þrjú árin. Eftir það skulu lánin bera 5% vexti.

Lánin skulu vera afborganalaus fyrstu þrjú árin. Næstu þrjú ár skal einungis greiða vexti. Á næstu 10 árum skal greiða höfuðstól, vexti og verðbætur, enda nái skuldarar að fullnægja skilyrðum sem Byggðastofnun setur um víkjandi afborganir, þar sem m.a. er kveðið á um hagnaðar- og eiginfjárkröfur. Ef fyrirtæki fullnægir ekki þessum skilyrðum færist greiðsla hvers árs eitt ár aftur fyrir lánstímann.

5. gr.

Af framlagi ríkissjóðs skv. 1. gr. er Byggðastofnun heimilt að veita 15 millj. kr. til að styðja við nýjungar í atvinnumálum á Vestfjörðum sem auka fjölbreytni atvinnulífs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á liðnum missirum hefur stjórnvöldum tekist að styrkja stöðu atvinnulífsins með almennum aðgerðum. Má í því sambandi nefna að verðbólga hefur ekki verið lægri í áratugi og raungengi er hagstæðara útflutnings- og samkeppnisgreinum en verið hefur lengi. Skattar á atvinnufyrirtæki hafa lækkað og tekist hefur að ná fjármagnskostnaði fyrirtækja niður með því að stuðla að skilyrðum fyrir lækkun vaxta. Þrátt fyrir að þessar almennu aðgerðir stjórnvalda hafa komið fyrirtækjum í sjávarútvegi til góða, sem og öðrum fyrirtækjum í landinu, er stjórnvöldum ljóst að stuðla þarf að endurskipulagningu og hagræðingu á þeim svæðum þar sem samdráttur í aflaheimildum hefur verið hvað mestur, svæðin eru landfræðilega einangruð og búa við einhæft atvinnulíf.

Seint á sl. ári skipaði ríkisstjórnin starfshóp með fulltrúum félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra ásamt fulltrúum frá Byggðastofnun. Þessum starfshópi var ætlað að fjalla um bráðavanda atvinnulífs á Vestfjörðum í kjölfar kvótasamdráttar í þorskveiðum og yfirvofandi gjaldþrota fyrirtækja í sjávarútvegi. Niðurstöður starfshópsins voru þær að Vestfirðir byggju við sérstöðu umfram önnur svæði sökum mikils samdráttar í þorskveiðiheimildum, einhæfni í atvinnulífi og landfræðilegrar einangrunar. Í því sambandi benti starfshópurinn á að hlutur sjávarútvegs í atvinnustarfsemi á Vestfjörðum væri þrefalt meiri en landsmeðaltal. Jafnframt kom í ljós að samdráttur veiðiheimilda í þorskígildum talið á sl. tveimur árum var tæplega 30%, miðað við að samsvarandi tala í öðrum kjördæmum var 17% eða minni.

Með vísan til þessa gerði starfshópurinn m.a. það að tillögu sinni að þar sem sveitarfélög yrðu sameinuð á Vestfjörðum yrði Byggðastofnun heimilað að veita sjávarútvegsfyrirtækjum, sem áhuga hafa á sameiningu, víkjandi lán. Með þessu móti er ýtt undir stækkun atvinnu- og þjónustusvæða og hagræðingu í fyrirtækjum þannig að þau verði betur í stakk búin til að mæta þeim erfiðu ytri skilyrðum sem þau búa við. Jafnframt er gert ráð fyrir að sérstakur starfshópur verði skipaður sem á að vinna með lánsumsækjendum og gera síðan endanlega tillögu til stjórnar Byggðastofnunar um lánveitingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að ríkissjóði sé heimilt að veita Byggðastofnun sérstakt framlag að fjárhæð allt að 300 millj. kr. sem varið yrði annars vegar til að veita víkjandi lán og hins vegar til að styðja nýjungar í atvinnulífi, sbr. 5. gr. Gert er ráð fyrir því að ef stjórn Byggðastofnunar samþykkir tillögu starfshóps um tiltekna lánveitingu, sbr. 3. gr., skuli leitað eftir framlagi frá fjármálaráðuneyti með vísan til þessa ákvæðis. Þannig verði framlag úr ríkissjóði einungis greitt þegar lánsloforð Byggðastofnunar liggur fyrir.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er það sett sem skilyrði fyrir lánveitingu að um sé að ræða lánveitingu til sjávarútvegsfyrirtækja sem hyggjast sameinast öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum og að um sé að ræða fyrirtæki í sveitarfélögum sem eru að sameinast öðrum sveitarfélögum. Þetta er í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda að stuðla að hagræðingu með sameiningu sveitarfélaga.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um skipan sérstaks starfshóps sem fjalla á um lánsumsóknir og vera umsækjendum til aðstoðar við endurskipulagningu rekstrar í tengslum við sameiningu. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili tillögum um lánveitingu til stjórnar Byggðastofnunar til samþykktar eða synjunar. Með þessu er verið að stuðla að því að lánveitingar treysti varanlegan rekstrargrundvöll fyrirtækjanna. Forsenda slíks er samstarf við helstu kröfuhafa þeirra.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skilmála lána samkvæmt frumvarpinu.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að af þeim 300 millj. kr. sem getið er í 1. gr. verði 15 millj. kr. varið til að stuðla að nýsköpun, styðja við nýjungar í atvinnumálum og minnka þá einhæfni sem einkennir atvinnulíf á Vestfjörðum.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Hagræðing í þorskveiðum og vinnslu samfara sameiningu sveitarfélaga og samgöngubótum.

Inngangur.

Þrátt fyrir erfið ytri skilyrði hefur stjórnvöldum tekist að styrkja mjög stöðu atvinnulífsins með almennum aðgerðum sem skilað hafa árangri. Verðbólgustigið er hið lægsta í lýðveldissögunni og raungengi er hagstæðara útflutnings- og samkeppnisgreinum en verið hefur í áratugi. Skattar fyrirtækja hafa verið lækkaðir verulega til að treysta stöðu atvinnulífsins og hamla gegn vaxandi atvinnuleysi. Fyrir atbeina ríkisvaldsins hefur vinnufriður ríkt og stöðugleikinn verið festur í sessi. Heildarlánsfjárþörf hins opinbera hefur verið minnkuð. Á þessum grundvelli m.a. hefur tekist að lækka vexti og lækka þannig fjármagnskostnað skuldugra fyrirtækja mjög verulega.

Að mati sérfróðra aðila er íslenskur þjóðarbúskapur nú á botni langvarandi efnahagslægðar sem stafar ekki síst af verulegum samdrætti aflaheimilda á Íslandsmiðum og efnahagserfiðleikum sem hrjáð hafa helstu viðskipta- og markaðslönd okkar. Margt bendir til að á næstu missirum fari hið almenna efnahagsástand batnandi. Þrátt fyrir að almennar aðgerðir til styrktar atvinnulífinu hafi komið sjávarútvegi til góða þarf jafnframt að skoða úrræði til endurskipulagningar og kerfisbreytinga á þeim svæðum þar sem samdráttur í aflaheimildum hefur verið mestur.

Þegar ytri skilyrði efnahagslífsins eru erfið hlýtur stefnan í efnahags- og atvinnumálum að einkennast annars vegar af varnarbaráttu og hins vegar af því að búa í haginn fyrir framtíðina. Varnaraðgerðirnar byggja á þeim möguleikum sem stækkun atvinnu- og þjónustusvæða gefur til endurskipulagningar í sjávarútvegi.

Tillögur starfshóps.

Seint á sl. ári skipaði ríkisstjórnin starfshóp með fulltrúum félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra ásamt fulltrúum frá Byggðastofnun. Þessum starfshópi var ætlað að fjalla um bráðavanda atvinnulífs á Vestfjörðum í kjölfar kvótaniðurskurðar í þorskveiðum og yfirvofandi gjaldþrota sjávarútvegsfyrirtækja.

Niðurstöður starfshópsins voru að Vestfirðir búi við sérstöðu vegna einhæfni atvinnulífs og landfræðilegrar einangrunar. Starfshópurinn bendir á:

— að hlutfall sjávarútvegs af ársverkum er um 36%,
— að hlutur sjávarútvegsins í atvinnustarfseminni er því þrefalt meiri en landsmeðaltal,
— að samdráttur veiðiheimilda í þorskígildum talið á sl. tveimur árum var tæplega 30%,
— að samsvarandi tala í öðrum kjördæmum er 17% eða minni.

Starfshópurinn bendir á nauðsyn þess að samræma aðgerðir margra aðila með eftirfarandi markmiðum:

— Unnið er að *stækkun atvinnu- og þjónustusvæða* með því að bæta vegasamband milli þéttbýlisstaða og auðvelda þannig íbúum að sækja þjónustu og atvinnu á milli staða.
— Áætlaðar samgöngubætur eiga að greiða götu *sameiningar sveitarfélaga* þar sem vilji íbúanna stendur til þess. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir átaki í sameiningu sveitarfélaga en hún er víða orðin vænlegri kostur en áður vegna betri samgangna. Sameining sveitarfélaga getur haft í för með sér *sparnað fyrir ríki og sveitarfélög* bæði í rekstri og framkvæmdum. Sameining getur leitt til markvissari stjórnunar með hagsmuni svæðisins í heild að leiðarljósi. Enn fremur getur hún auðveldað endurskipulagningu í sjávarútvegi á grundvelli *öflugri atvinnu- og þjónustusvæða*. Þar sem skuldastaða sveitarfélaga er þröskuldur í vegi sameiningar þarf nokkurn atbeina ríkisvaldsins til að ryðja þeim hindrunum úr vegi.
— *Sameining sveitarfélaga og stækkun atvinnu- og þjónustusvæða* verði nýtt til að auka *hagræðingu í veiðum og vinnslu* og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Forsenda þess er að samkomulag náist við helstu kröfuhafa fyrirtækjanna. Jafnframt gæti fyrirtækjunum gefist kostur á að úrelda fiskvinnsluhús og skip með aðstoð *Þróunarsjóðs sjávarútvegsins* verði frumvarp um stofnun hans samþykkt eins og það liggur nú fyrir.

Úttekt á öðrum byggðarlögum.

Úttektin sem fyrir liggur hefur beinst að sérstöðu Vestfjarða vegna einhæfni atvinnulífs, niðurskurðar aflaheimilda og landfræðilegrar einangrunar. Í framhaldi af því beinir ríkisstjórnin því til Byggðastofnunar að gera úttekt á byggðarlögum sem kunna að hafa orðið fyrir sambærilegum samdrætti í aflaheimildum, búa við áþekka einhæfni atvinnulífs og einangrun og vinna að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða með sameiningu sveitarfélaga.

Aðgerðir vegna áhrifa samdráttar í þorskveiðum á Vestfjörðum.

1. Á *vegáætlun* er áfram veitt verulegum fjármunum til samgönguframkvæmda sem stækka atvinnu- og þjónustusvæði. Á undanförnum árum hefur ríkissjóður varið miklu fé til að rjúfa einangrun byggða og bæta samgöngur jafnt innan svæða sem milli landshluta. Fjallvegir milli svæða eru þó sumir lokaðir mánuðum saman. Á Vestfjörðum verður á þessu og næsta ári varið tæpum tveimur milljörðum króna í nýframkvæmdir í samgöngumálum og munar þar mest um jarðgöngin undir Breiðadals- og Botnsheiðar.
2. Í samræmi við 13. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, og 114. gr. laga nr. 8/1986, sveitarstjórnarlaga, verður fjármagni veitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árunum 1995–1998 til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga sem sameinast. Þessum útgjöldum Jöfnunarsjóðs verður mætt að hluta með sérstöku framlagi úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs á sama tímabili. Enn fremur er á því byggt að Lánasjóður sveitarfélaga veiti sveitarfélögum sem sameinast lánafyrirgreiðslu í formi skuldbreytinga.
3. Þar sem sveitarfélög verða sameinuð er Byggðastofnun heimilt að veita stærri sjávarútvegsfyrirtækjum, sem áhuga hafa á sameiningu, víkjandi lán. Skal það gert samkvæmt tillögum starfshóps svo sem síðar verður vikið að. Sama gildir um þau sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum sem hafa sameinast á síðustu þremur árum. Heimilt er einnig að veita víkjandi lán til að fjármagna skuldaskilasamninga fyrirtækja, enda sé það hagkvæmasta leiðin til að ná fram þeirri sameiningu sem stefnt er að.
4. Lánin verði verðtryggð en vaxta- og afborganalaus fyrstu þrjú árin. Næstu þrjú árin beri þau 5% vexti. Eftir það verði lánin greidd á 10 árum með 5% vöxtum. Þau árin sem fyrirtækin ná ekki tilteknum skilyrðum m.a. um hagnað og eigið fé færist greiðsla afborgana og vaxta aftur fyrir höfuðstólinn.
5. Til að fjármagna lánveitingarnar og til að stuðla að nýsköpun verði veitt jafnhátt framlag úr ríkissjóði til Byggðastofnunar, þó ekki hærra en 300 m.kr. Framlagið verði greitt eftir því sem víkjandi lán eru samþykkt enda séu uppfyllt skilyrði um víðtækar skipulagsbreytingar.
6. Samkvæmt frumvarpi um *Þróunarsjóð sjávarútvegsins* verður honum heimilt að greiða úreldingarstyrki vegna skipa, fiskvinnsluhúsa og fiskvinnsluvéla, enda verði framangreindar eignir teknar úr rekstri.
7. Þá verði einnig stuðlað að nýsköpun með því að Byggðastofnun ráðstafi 15 m.kr. af framangreindum 300 m.kr. til að styðja við nýjungar í atvinnumálum sem auka fjölbreytni atvinnulífs.

Vinnuferill vegna hagræðingar í sjávarútvegi á Vestfjörðum.

— Myndaður verður starfshópur fulltrúa ríkisstjórnar, banka, sjóða og annarra kröfuhafa og Byggðastofnunar sem með aðstoð rekstrarráðgjafa starfa að undirbúningi tillögugerðar með þeim fyrirtækjum sem stefna að sameiningu og óskað hafa aðstoðar. Haft verði samráð við stjórn fyrirhugaðs *Þróunarsjóðs sjávarútvegsins* um þátttöku hans í hagræðingaraðgerðum, svo sem úreldingu fiskvinnsluhúsa og skipa.
— Framangreindir aðilar skulu stuðla að samkomulagi um víðtæka skipulagsbreytingu sem nái til helstu sjávarútvegsfyrirtækja á viðkomandi atvinnusvæði. Samkomulagið skal einnig taka til skuldbreytinga, hlutafjáraukningar, eignaraðildar og stjórnunar. Þá skal gerð grein fyrir rekstrarhorfum miðað við tilteknar forsendur um aflamagn og rekstrarskilyrði.

— Náist samkomulag er beiðni um víkjandi lán send til Byggðastofnunar til samþykktar eða synjunar. Samþykki stjórn Byggðastofnunar víkjandi lán óskar hún eftir því við fjármálaráðuneytið að fá samsvarandi mótframlag samkvæmt tölulið 5 hér að framan.

Fylgiskjal II.

Samkomulag um aðgerðir til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga vegna sameiningar.

(10. mars 1994.)

1. Vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga eru aðilar sammála um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti 300 m.kr. á árunum 1995–1998, eða allt að 75 m.kr. árlega, til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga sem sameinast. Skal þetta gert í samræmi við 13. gr. laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, og 114. gr. laga nr. 8/1986, sveitarstjórnarlaga.
2. Ofangreindum útgjöldum Jöfnunarsjóðs verður mætt að hluta með sérstöku framlagi úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð að upphæð 140 m.kr. á árunum 1995–1998, eða allt að 35 m.kr. árlega. Af ráðstöfunarfé sjóðsins verða teknar 160 m.kr., eða allt að 40 m.kr. árlega.
3. Vegna þeirrar sameiningar sveitarfélaga, sem í undirbúningi er í kjölfar atkvæðagreiðslu samkvæmt bráðabirgðaákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 75/1993, er gert ráð fyrir að verja allt að 220 m.kr. af ofangreindri upphæð, sbr. lið 1 á árunum 1995–1998 til að jafna skuldastöðu sveitarfélaganna.
4. Nánari reglur um skiptingu fjárframlaga verða settar af ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs og staðfestar af félagsmálaráðherra.
5. Aðilar eru sammála um að beina því til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga að skuldbreyta lausaskuldum viðkomandi sveitarfélaga.

Samkomulagið er gert með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

780. Frumvarp til laga [507. mál]

um breyting á tollalögum nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Breytingar á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem verður 22. tölul., sem orðast svo:

22. Að endurgreiða eða fella niður toll af græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa tölulíðar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

Breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fjármálaráðherra er enn fremur heimilt að endurgreiða eða fella niður vörugjald af innlendu hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara og garðyrkjuafurða. Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessarar málsgreinar í reglugerð.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó er heimilt að láta ákvæði 1. gr. taka til innfluttra vara sem tollafgreiddar hafa verið frá 1. janúar 1994 og ákvæði 2. gr. taka til innlendra vara sem seldar hafa verið frá sama tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þessu frumvarpi er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld af efnivöru og hráefni til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Um árabil hafa garðyrkjubændur notið verndar í formi innflutningstakmarkana á grænmeti, blómum og annarri samkeppnisframleiðslu. Með tvíhliða samkomulagi við Evrópubandalagið, sem tók gildi 15. apríl á síðasta ári, var heimilaður innflutningur á tilteknum tegundum blóma og grænmetis hluta úr ári. Þegar Úrúgvæ-samningur GATT tekur gildi sem að líkindum verður á næsta ári verða beinar innflutningstakmarkanir felldar úr gildi.

Með því að heimila fjármálaráðherra að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld af efnivörum og hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuvara er unnt að styrkja samkeppnistöðu garðyrkjubænda gagnvart vaxandi innflutningi garðyrkjuafurða þótt heimildin sé ekki einskorðuð við samkeppnisvörur. Gert er ráð fyrir að heimildin verði notuð til að endurgreiða eða fella niður tolla og eftir atvikum vörugjöld af græðlingum sem fluttir eru inn til framhaldsræktunar, ljósaperum og lömpum sem notuð eru í gróðurhúsum, steinull og tilbúnum gróðurhúsum og vörugjöld af þessum vörum ef þær eru framleiddar innan lands samkvæmt nánari reglum sem kveðið verður á um í reglugerð. Fjármálaráðherra getur aukið við eða fækkað vörum sem njóta niðurfellingar ef tilefni er til að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

Með hliðsjón af innflutningi ársins 1992 er áætlað að niðurfelling gjalda samkvæmt frumvarpi þessu muni kosta ríkissjóð um 10 milljónir króna á ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu gjalda af innfluttum vörum. Fyrirmyndin er að nokkru sótt til sambærilegrar heimildar til niðurfellingar aðflutningsgjalda til samkeppnisiðnaðar skv. 13. tölul. 6. gr. laga nr. 55/1987, að undanskildu því skilyrði að varan sé í beinni samkeppni við tollfrjálsan innflutning.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að fella niður eða endurgreiða vörugjald af innlendum vörum. Heimild þessi tekur bæði til iðnaðarvara og garðyrkjuafurða. Ástæða þess er sú að við skoðun á ákvæðum 13. tölul. 6. gr. tollalaga og reglugerðar 617/1989 kom í ljós að gildandi niðurfellingarheimild í reglugerðinni hefur ekki næga lagastoð. Ákvæði þessu er ætlað að bæta úr því þannig að fullnægjandi lagaheimild verði fyrir niðurfellingu eða endurgreiðslu vörugjalds af innlendu hráefni, efnivöru og hlutum með sama hætti og gildir um sams konar innfluttar vörur.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild til að fella niður eða endurgreiða gjöld taki til hráefnis, efnivöru og hluta sem fluttir hafa verið inn eða keyptir hérlendis frá 1. janúar 1994.

781. Fyrirspurn [508. mál]

til samgönguráðherra um ljósleiðara.

Frá Karen Erlu Erlingsdóttur.

Hvernig stendur á því að ríkisútvarpið á Austurlandi getur ekki nýtt sér þá möguleika sem ljósleiðarinn gefur?

782. Fyrirspurn [509. mál]

til menntamálaráðherra um áhrif breytinga á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hefur ráðherrann skipað samstarfshóp til að fara yfir áhrif breytinganna á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna frá 1992?
2. Ef svo er, hverjir skipa hópinn og hvenær er honum ætlað að skila áliti?
3. Hvernig hyggst ráðherrann bregðast við niðurstöðu samstarfshópsins?

783. Svar [455. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Pálmadóttur um útlánatöp ríkisbankanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptast útlánatöp ríkisbankanna eftir atvinnugreinum?*
2. *Hve stór hluti útlánatapanna er vegna einstaklinga?*

Endanlegar afskriftir útlána ríkisviðskiptabankanna 1990–1993.
(Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.)

	1990		1991		1992		1993	
	M.kr.	%	M.kr.	%	M.kr.	%	M.kr.	%
Búnaðarbanki Íslands:								
Landbúnaður	4,3	3,1	14,1	10,9	17,6	6,5	9,6	1,1
Fiskeldi	0,2	0,1	0,4	0,3	0,0	0,0	3,1	0,4
Sjávarútvegur	112,2	80,3	26,4	20,3	8,2	3,0	41,5	4,7
Verslun	5,9	4,2	19,5	15,0	41,3	15,3	169,6	19,3
Iðnaður	0,7	0,5	29,5	22,7	54,6	20,2	264,2	30,1
Samgöngur	0,0	0,0	0,0	0,0	1,8	0,7	3,0	0,3
Byggingarverktakar	0,0	0,0	19,3	14,9	64,5	23,8	26,0	3,0
Þjónusta	5,2	3,7	2,0	1,5	47,8	17,7	323,5	36,9
Einstaklingar	11,3	8,1	18,7	14,4	34,7	12,8	36,3	4,1
Samtals	**139,8**	**100,0**	**129,9**	**100,0**	**270,5**	**100,0**	**876,8**	**100,0**
Landsbanki Íslands:								
Landbúnaður	0,0	0,0	0,4	0,0	4,4	0,3	17,4	0,8
Loðdýrarækt	0,2	0,3	40,5	3,5	6,0	0,5	13,9	0,6
Fiskeldi	0,0	0,0	61,6	5,4	135,5	10,2	693,3	30,1
Sjávarútvegur	4,0	5,1	384,5	33,7	526,4	39,7	599,3	26,0
Verslun	21,2	26,9	106,4	9,3	62,9	4,7	235,2	10,2
Samvinnufélög	0,0	0,0	0,0	0,0	94,5	7,1	0,0	0,0
Iðnaður	16,5	21,0	267,3	23,4	255,7	19,3	321,9	14,0
Samgöngur	1,5	1,9	74,6	6,5	2,2	0,2	1,5	0,1
Byggingarverktakar	2,0	2,5	63,4	5,6	26,9	2,0	52,2	2,3
Þjónusta	8,7	11,1	104,0	9,1	41,1	3,1	137,0	5,9
Einstaklingar	24,6	31,3	38,3	3,4	170,7	12,9	234,6	10,2
Samtals	**78,7**	**100,0**	**1.141,0**	**100,0**	**1.326,3**	**100,0**	**2.306,3**	**100,0**

784. Tillaga til þingsályktunar [510. mál]

um kennslu í iðjuþjálfun.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að því að koma á námi í iðjuþjálfun hér á landi.

Greinargerð.

Iðjuþjálfun er starfsgrein innan heilbrigðisþjónustunnar sem hefur verið í örri þróun síðustu áratugi. Iðjuþjálfun er fólgin í því að hæfa og endurhæfa fatlaða einstaklinga og í forvörnum gegn sjúkdómum og vanlíðan.

Iðjuþjálfar vinna með fólk sem á í erfiðleikum í sínu daglega lífi. Orsakir erfiðleikanna geta verið af ýmsum toga. Þar getur verið um að ræða líkamlega fötlun vegna slysa eða veikinda, andlega erfiðleika vegna geðrænna truflana eða röskunar á heilastarfsemi, frávik í þroska, bæði líkamlegs og andlegs eðlis, eða erfiðleika vegna öldrunar. Meginviðfangsefni iðjuþjálfunar eru greining og mat, þjálfun, fræðsla, umhverfisaðlögun, hjálpartækjaþjónusta og húsnæðisbreytingar. Meðferð iðjuþjálfa miðar að því að sjúklingarnir öðlist eins mikla starfshæfni og unnt er miðað við aðstæður. Iðjuþjálfinn þjálfar ein-

staklinginn í þeim athöfnum daglegs lífs sem hann ræður ekki við og samhliða því býður iðjuþjálfun upp á möguleika til að þjálfa þætti eins og samhæfingu, vöðvastyrk og úthald. Iðjuþjálfinn metur hvers konar búsetuform og starf hentar hverjum og einum og hve mikinn stuðning fólk þarf í daglegu lífi. Forvarnastarfið beinist oft að vinnuumhverfi fólks með áherslu á atriði eins og húsgögn og innréttingar, loftræstingu, lýsingu, streitu og félagsleg samskipti á vinnustað.

Iðjuþjálfar starfa m.a. á sjúkrahúsum, öldrunardeildum, geðdeildum, endurhæfingarstöðvum, við heilsugæslustöðvar og í skólum. Einnig starfa iðjuþjálfar á vegum sveitarfélaga, svæðisstjórna og ýmissa stofnana sem veita þjónustu innan heilbrigðis- og félagsmála. Iðjuþjálfar veita þjónustu inni á stofnunum og á heimilum fólks. Erlendis gegna iðjuþjálfar stóru hlutverki í heimaþjónustu.

Fyrsti iðjuþjálfinn á Íslandi lærði í Danmörku og kom til starfa á Kleppsspítala árið 1945. Nú eru starfandi iðjuþjálfar hér á landi 50 talsins. Iðjuþjálfafélag Íslands var stofnað árið 1976 og árið 1977 voru sett lög um iðjuþjálfun. Flestir iðjuþjálfar hér á landi hafa lært á Norðurlöndum, langflestir í Danmörku. Námið er á háskólastigi og tekur 3–4 ár. Árið 1973 var skipuð nefnd til að athuga möguleika á námi í sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun hér á landi og skilaði hún áliti tveimur árum síðar. Niðurstaða hennar var að hefja bæri þá þegar kennslu í sjúkraþjálfun og 5–10 árum síðar í iðjuþjálfun.

Árið 1988 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Birgir Ísleifur Gunnarsson, nefnd til þess að kanna möguleika á kennslu í iðjuþjálfun hér á landi og hvernig slíku námi yrði fyrir komið. Nefndin kynnti sér fyrirkomulag kennslu í iðjuþjálfun erlendis, svo og skilgreiningar og lágmarkskröfur Alþjóðasamtaka iðjuþjálfa. Einnig kannaði nefndin aðstæður hér á landi og átti m.a. viðræður við fulltrúa námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands. Nefndin skilaði áliti í maí 1989 með þeirri niðurstöðu að tímabært væri að hefja kennslu í iðjuþjálfun á Íslandi og að náminu yrði best fyrir komið í Háskóla Íslands. Tillögur um hugsanlegt skipulag námsins miða við að námið taki fjögur ár við Háskóla Íslands og verði bæði bóklegt og verklegt. Gert er ráð fyrir að unnt verði að samnýta að miklu leyti kennslu í öðrum heilbrigðisgreinum, ekki síst sjúkraþjálfun þar sem um mörg sameiginleg námskeið gæti verið að ræða fyrstu 1–2 árin.

Ekki hefur verið gerð nákvæm könnun á líklegri eftirspurn eftir iðjuþjálfun á næstu árum, en samkvæmt lauslegri áætlun Iðjuþjálfafélags Íslands gæti orðið þörf fyrir a.m.k. 170 iðjuþjálfa hér á landi á næstu árum til viðbótar þeim sem nú eru í starfi. Þrátt fyrir eindregna niðurstöðu nefndarinnar frá 1989 og brýna þörf fyrir fleiri iðjuþjálfa er enn ekki hafin kennsla í greininni hér á landi en tilgangur þessarar tillögu er að tryggja að svo verði hið fyrsta.

785. Svar [439. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um flugsamgöngur til Vopnafjarðar.

1. *Eru uppi áform um það hjá flugmálayfirvöldum að leggja af áætlunarflug til Vopnafjarðar?*

Af hálfu flugmálayfirvalda eru engin áform uppi um að leggja niður áætlunarflug til Vopnafjarðar. Hin óheppilegu ummæli, sem höfð eru eftir Gunnari Oddi Sigurðssyni, umdæmisstjóra Flugmálastjórnar á Norðurlandi, hafa við engin rök að styðjast. Þeim sveitarstjórnum á Norðausturlandi sem málið varðar sérstaklega hefur verið skýrt frá því.

2. *Hver er afstaða samgönguráðherra til þess og til þróunar flugsamgangna á Norðausturlandi?*

Ráðherra hefur hvorki haft í hyggju að beita sér fyrir því að áætlunarflug til Vopnafjarðar né annarra staða á Norðausturlandi verði lagt niður. Ekki eru uppi hugmyndir um að breyta þjónustustigi á flugvöllum þar nyrðra og unnið verður að flugvallargerð og uppsetningu flugöryggisbúnaðar í samræmi við flugmálaáætlun.

786. Svar [438. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um áhrif af notkun malbiks á umhverfið.

1. *Hversu mörg tonn af malbiki eru lögð sem slitlag á Reykjavíkursvæðinu og á landinu öllu á hverju ári?*
2. *Hversu mörg tonn af asfalti og asfaltblöndum þarf til að framleiða þetta magn?*
3. *Hversu mikill hluti asfaltslitlaga, sem lögð eru á ári hverju, er endurlagnir eða viðhald og hversu stór hluti er nýlagnir?*
4. *Hversu stór hluti af malbiksslitlögum eða hversu mörg tonn af malbiki eða asfalti slitnar burt úr slitlögum og dreifist út í umhverfið á ári hverju?*
5. *Hvert er innflutningsverðmæti asfalts og asfaltblandna á ári?*

Malbik er fyrst og fremst notað á suðvesturhorninu og í þéttbýli á Eyjafjarðarsvæðinu. Klæðningar eru hins vegar notaðar á mestan hluta þjóðvegakerfisins svo og á minni þéttbýlisstöðum um landið. Bik (asfalt) er notað sem bindiefni í báðar þessar gerðir slitlaga. Til að gefa heildarmynd af notkun biks í landinu eru báðar gerðirnar teknar með í svarinu. Tölur eru frá árinu 1992 og eiga þær að gefa allgóða mynd af heildarnotkun. Reynt er að áætla skiptingu í samræmi við fyrirspurnina, en þar getur verið um nokkra óvissu að ræða. Um áhrif af notkun malbiks á umhverfið hér á landi er lítil vitneskja fyrir hendi eins og fram kemur í eftirfarandi svörum.

1. Árið 1992 voru lögð um 154 þúsund tonn af malbiki á landinu öllu. Ekki eru til nákvæmar upplýsingar um hvernig notkun skiptist milli landsvæða en þó má ætla að um 85–90% heildarmagnsins hafi verið notað á Reykjavíkursvæðinu. Ekki fer allt þetta malbik í slitlög gatna eða vega því að nokkurt magn er notað í plön og stíga. Hjá Reykjavíkurborg er skiptingin þannig að 40–50% af malbikinu eru notuð í plön og stíga en 50–60% í slitlög gatna. Búast má við að hlutfall gatna sé eitthvað hærra hjá öðrum sveitarfélögum. Þar að auki voru lagðir það ár um 462 km af klæðningu á vegi landsins og um 10 km af slitlagi úr bikþeytu (Ralumac).

2. Til að framleiða þetta magn af malbiki má ætla að nota þurfi um 10–11 þúsund tonn af biki. Notkun Vegagerðarinnar á biki í klæðningar má ætla að hafi verið á bilinu 7–8 þúsund tonn.

3. Hjá Vegagerðinni eru nýlagnir um 35% bundinna slitlaga og yfirlagnir um 65%. Samkvæmt upplýsingum Reykjavíkurborgar fara um 40% malbiks í nýlagnir og um 60% yfirlagnir. Sennilega eru hlutföll svipuð í öðrum þéttbýlisstöðum.

4. Ekki eru til upplýsingar um eða rannsóknir á hversu stór hluti malbiks slitnar upp úr slitlögum og dreifist út í umhverfið. Lítils háttar mælingar hafa farið fram á þessum hlutum á Reykjavíkursvæðinu en ekki er hægt að nota þær til að meta þetta fyrir landið í heild.

5. Miðað við þá notkun á árinu 1992, sem nefnd er í svari við 2. spurningu, má ætla að innflutningsverðmæti biks í slitlög á því ári hafi verið 140–150 millj. kr. á verðlagi í mars 1994.

787. Tillaga til þingsályktunar [511. mál]

um endurheimt tapaðra starfa við fiskvinnslu.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta meta hve mörg störf hafa tapast frá landvinnslu sjávarafla vegna „sjávarfrystingar“ og útflutnings á óunnum fiski. Ríkisstjórnin láti enn fremur kanna með hvaða hætti megi endurheimta þau störf.

Greinargerð.

Atvinnuleysi á Íslandi er nú meira en þorri þjóðarinnar hefur áður kynnst og að því leyti er það oft þungbærara en áður að stór hluti þjóðarinnar hefur nú axlað langtímagreiðslubyrði og ábyrgðir.

Meginorsök þessa mikla atvinnuleysis er mjög skertur fiskveiðikvóti. Til viðbótar við þá skerðingu er sú stórfellda breyting á meðferð og vinnslu fisks af Íslandsmiðum sem orðið hefur. Sú breyting ein og sér veldur hráefnisskorti í fiskvinnslu og þar með að almennt atvinnuleysi er meira en vera þarf. Árið 1985 voru fluttar út 65.512 lestir af óunnum fiski en árið 1992 voru þær orðnar 81.500. Á sama tíma er svo milljörðum króna varið í fjárfestingar í skipum og tækjum til að flytja fiskvinnsluna út á sjó. Árið 1985 var afli frystiskipa 18.745 lestir en árið 1992 var hann orðinn rúmlega 100 þús. lestum meiri, eða 126.219 lestir. Þar af voru að vísu um 14.000 lestir úthafskarfi.

Á árunum 1982–1990 fækkaði ársverkum í landvinnslu á sjávarafla um rúm 2.000. Sé fylgt hefðbundinni reikniaðferð, sem er að 2–3 fylgistörf leiði af hverju frumstarfi, má fullyrða að vegna þróunar á meðferð sjávarafla hafi tapast úr landi 4–6 þúsund störf. Það er því hafið yfir vafa að stórtækasta og fljótvirkasta aðgerðin til að bæta úr viðvarandi atvinnuleysi er að endurheimta sem mest af þeim störfum sem tapast hafa með útflutningi á óunnum fiski og fiskvinnslu úti á sjó í frystitogurum.

788. Frumvarp til laga [512. mál]

um vernd nytjavatns.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til nytjavatns hvort sem það telst vera yfirborðsvatn eða grunnvatn, svo og til nytjavatnssvæða.

Markmið.

2. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja vernd nytjavatns á þann hátt að almenningur hafi aðgang að heilnæmu neysluvatni og vatni til atvinnurekstrar, húsdýrahald þar með talið, eftir því sem nánar greinir í lögum þessum.

Við framkvæmd laga þessara skal taka eðlilegt tillit til annarrar nýtingar á vatni, náttúruverndarsjónarmiða og verndar menningarverðmæta.

Skilgreiningar.

3. gr.

Í lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, merkir:

Aðrennslissvæði vatnsbóla: svæði það sem vatn rennur af til vatnsbóla.

Neysluvatn: vatn sem er notað til drykkjar, matvælavinnslu, matargerðar og annars sem tengist beint neyslu og ákveðnar gæðakröfur eru gerðar til.

Nytjavatn: vatn til drykkjar, til almenns heimilishalds, til búsþarfa, til matvælaiðnaðar og annarrar iðnaðarstarfsemi.

Nytjavatnssvæði: landsvæði þar sem taka má nytjavatn með hagkvæmu móti og aðrennslissvæði vatnsbóla á því.

Vatnafar: vatn á tilteknu svæði, staðsetning þess, magn, rennsli, gæði, ástand, tímaháðar breytingar og vatnshagur frá úrkomu til rennslis út af svæðinu.

Vatnaskil: mörk vatnasviða.

Vatnasvið: aðrennslissvæði straumvatns, stöðuvatna, grunnvatns eða vatnsbóla.

Vatnsból: náttúruleg uppspretta eða mannvirki þar sem vatn er tekið.

Vatnstökusvæði: vatnsból og næsta umhverfi þess.

Vatnsverndarsvæði: nytjavatnssvæði þar sem vatnsvernd hefur verið komið á.

Vatnsvernd: ákvörðun um varðveislu og viðhald vatnsgæða og vatnsmagns, svo og aðgerðir sem hindra spillingu vatns.

Verkavatn: nytjavatn sem ekki er neysluvatn.

II. KAFLI
Stjórn nytjavatnsverndar.

4. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn vatnsverndarmála samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Ráðherra skipar sjö manna samráðsnefnd um nytjavatnsvernd til fjögurra ára í senn og í henni eiga sæti: einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra hitaveitna, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda, þrír fulltrúar með sérþekkingu á vatnsverndarmálum, einn samkvæmt tilnefningu Orkustofnunar, einn samkvæmt tilnefningu mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins og einn samkvæmt tilnefningu skipulagsstjóra ríkisins. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

6. gr.

Samráðsnefnd um nytjavatnsvernd er ráðherra til ráðuneytis um vernd nytjavatns og nytjavatnssvæða og um framkvæmd laga þessara.

Verkefni samráðsnefndar er að:

1. gera tillögur um vernd nytjavatns og nytjavatnssvæða,
2. halda skrá um nytjavatnssvæði og vernd þeirra, afla upplýsinga um ástand nytjavatns, vatnstöku og vatnsvernd á landinu öllu,
3. gera áætlun um viðbúnað gegn hugsanlegri hættu á vatnsspjöllum á vatnsverndarsvæðum,
4. tryggja samráð sveitarfélaga, annarra hagsmunaaðila og þeirra opinberu stofnana sem vernd nytjavatns varðar,
5. sinna öðrum verkefnum á sviði vatnsverndarmála sem ráðherra felur henni.

Embætti skipulagstjóra ríkisins skal leggja samráðsnefndinni til aðstöðu og starfsmenn eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi samráðsnefndar.

7. gr.

Heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir annast vernd nytjavatns og nytjavatnssvæða hver í sínu umdæmi eins og segir í lögum þessum og öðrum lögum þar að lútandi.

III. KAFLI
Aðgangur að nytjavatni.

Almenn ákvæði.

8. gr.

Hverri landareign fylgir lögum samkvæmt réttur til umráða og hagnýtingar nytjavatns úr landareigninni, þó með þeim takmörkunum sem lög þessi gera ráð fyrir.

Á landsvæðum, sem ekki lúta grunneignarrétti, er réttur til umráða og hagnýtingar nytjavatns í höndum íslenska ríkisins og fer iðnaðarráðherra með þann rétt.

Þeir sem öðlast hafa rétt til töku nytjavatns á landsvæðum þeim sem kveðið er á um í 2. mgr. fyrir gildistöku laga þessara skulu halda þeim réttindum óskertum.

9. gr.

Nú liggja landamerki um nytjavatnssvæði þannig að nytjavatn er í landareign tveggja eða fleiri landeigenda svo ekki verður aðskilið þegar hagnýtt er. Skal þá með mati skorið úr því hvern hlutfallslegan rétt hver landareign hefur til nytjavatns.

Hið sama gildir um nytjavatnssvæði á milli landareigna og landsvæða sem ekki lúta grunneignarrétti.

Um nytjavatn á landareign í einkaeign.

10. gr.

Landeigandi hefur ávallt rétt til að nýta nytjavatn á landareign sinni til heimilis- og búsþarfa.

Hyggist landeigandi nýta grunnvatn á landareign sinni í öðrum tilgangi en fram kemur í 1. mgr. eða leyfa öðrum töku þess þá þarf samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Ef ástæða þykir til er þeim heimilt að krefja landeiganda um mat á áhrifum vegna fyrirhugaðrar nýtingar.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. eru heimildir landeiganda þó ætíð háðar þeim skilyrðum að nýting nytjavatns eða framkvæmdir henni tengdar valdi ekki spjöllum á eign annars manns og skerði hvorki rétt né aðgang annarra til nytjavatns.

Landeiganda ber við nýtingu og ráðstöfun á nytjavatni skv. 1. og 2. mgr. að virða rétt þeirra sem upp eru taldir í 11. gr.

11. gr.

Ábúendur samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64/1976, og aðrir sem lönd hafa á leigu hafa rétt til töku nytjavatns úr landareign til heimilis- og búsþarfa.

12. gr.

Landeiganda er óheimilt að skilja nytjavatnsréttindi frá landareign að fullu og öllu en heimilt er honum að skilja þau réttindi frá um tiltekinn tíma en þó eigi lengur en fimmtán ár.

Sveitarfélögum er þó heimilt vegna almenningsveitna að kaupa nytjavatnsréttindi að fengnu samþykki ráðherra. Réttur þeirra aðila, sem tilgreindir eru í 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. til töku nytjavatns, skal þó vera óskertur. Sveitarfélögum er óheimilt að selja þessi réttindi til annarra en viðkomandi landeigenda eða annarra sveitarfélaga vegna almenningsveitna.

Landeigandi hefur forkaupsrétt á þeim vatnsréttindum er skilin hafa verið við landareign hans áður en lög þessi tóku gildi. Að honum frágengnum hafa sveitarfélög vegna almenningsveitna forkaupsrétt.

Um rétt til töku nytjavatns á landi annars aðila.

13. gr.

Heimildir til að afla nytjavatns eru háðar forgangsröð nýtingar og skal að jafnaði við það miðað að þörf á neysluvatni gangi fyrir þörf á verkavatni. Landeigandi hefur alltaf forgang til vatnstöku til sömu notkunar og annar aðili. Almenningsveitur sveitarfélaga hafa forgang til vatnstöku næst á eftir landeiganda.

Forgangsréttur skal miðaður við eftirfarandi notkun og í þessari röð:
1. Nytjavatn til heimilis- og búsþarfa.
2. Neysluvatn til iðnaðar- og atvinnureksturs.
3. Neysluvatn til sölu.
4. Vatn til fiskeldis og annarrar lífræktar.
5. Verkavatn til iðnaðar og/eða atvinnureksturs.

14. gr.

Ráðherra getur veitt aðila heimild til leigunáms, sbr. ákvæði VI. kafla, til allt að fimmtán ára á nytjavatnsréttindum í landi annars eða á landi sem ekki lýtur grunneignarrétti enda hafi samningaviðræður milli þess sem óskar leigunáms og rétthafa nytjavatnsréttindanna eigi borið árangur.

Áður en heimild til leigunáms er veitt skal ráðherra leita umsagnar samráðsnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar.

Heimild til leigunáms tekur til lands sem nauðsynlegt er vegna vatnstöku og lagna til flutnings nytjavatns til leigunámstaka, hvort sem landið er í eigu rétthafa nytjavatnsréttindanna eða þriðja manns.

Ráðherra getur farið fram á að umsækjandi leggi fram mat á áhrifum vegna vatnstöku og vatnslagna eftir því sem nánar kann að vera kveðið á um í reglugerð.

Óheimilt er að beita leigunámi til töku á neysluvatni í þeim tilgangi að nota það sem verkavatn ef unnt er að afla þess með öðrum hætti á viðunandi kjörum.

IV. KAFLI
Vatnsvernd.

15. gr.

Óheimilt er að spilla nytjavatni.

16. gr.

Ráðherra getur að fengnum tillögum samráðsnefndarinnar afmarkað landsvæði sem njóta eiga vatnsverndar og ákveðið hvaða reglur skulu gilda þar varðandi umferð, framkvæmdir, mannvirkjagerð, meðferð og notkun efna, fastan og fljótandi úrgang, svo og um aðra þætti er áhrif kunna að hafa á magn og gæði nytjavatns. Reglur þessar og kröfur skulu koma fram í skýringartexta, sbr. 2. mgr. 18. gr.

Vatnsverndarsvæði skulu flokkuð í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði með tilliti til fjarlægðar frá vatnsbóli.

Ráðherra skal í reglugerð setja ákvæði um hvaða kröfur um vatnsvernd skuli gilda fyrir hvern flokk þar sem tekið er mið af því hver þörf telst á vernd og hversu víðtæk hún skuli vera.

17. gr.

Samráðsnefnd gerir tillögur til ráðherra um vatnsverndarsvæði að eigin frumkvæði eða eftir óskum frá sveitarstjórnum, landeigendum, embætti skipulagsstjóra ríkisins, Hollustuvernd ríkisins og Orkustofnun.

Áður en samráðsnefnd gerir tillögur um vatnsverndarsvæði skal hún kanna viðkomandi landsvæði, einkum vatnafar þess, mengunarhættu, gæði, ástand og notkun nytjavatns, svo og jarðfræðilega þætti sem hafa áhrif á grunnvatn, rennsli þess og ástand.

18. gr.

Nú ákveður ráðherra að taka til afgreiðslu tillögu samráðsnefndar og skal hún þá auglýst í Lögbirtingablaðinu.

Auglýsingu skal fylgja uppdráttur af hinu fyrirhugaða vatnsverndarsvæði, svo og skýringartexti og þær reglur sem um það skulu gilda.

Í auglýsingu skal tekið fram að þeir sem kunna að gera athugasemd við tillöguna skuli tilkynna það til ráðherra innan átta vikna frá birtingu auglýsingar. Að öðrum kosti teljist þeir samþykkja hana.

Tillögu samráðsnefndar skal tilkynna sérstaklega eigendum eða umráðamönnum hins fyrirhugaða vatnsverndarsvæðis.

19. gr.

Þegar frestur skv. 18. gr. er liðinn kannar samráðsnefnd tillöguna að nýju í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og veitir ráðherra umsögn. Að fenginni umsögn nefndarinnar ákveður ráðherra hvort hin upphaflega tillaga skuli staðfest eða hvort endurskoðuð tillaga skuli auglýst að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Nú ákveður ráðherra að staðfesta tillögu samráðsnefndar um vatnsvernd og skal þá ákvörðun hans þess efnis auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

20. gr.

Ráðherra getur aflétt vatnsvernd eða breytt reglum sem gilda um vatnsverndarsvæði. Áður en ráðherra tekur slíka ákvörðun skal hann leita álits samráðsnefndar.

Ákvörðun ráðherra um niðurfellingu eða breytingu reglna um vatnsvernd skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

21. gr.

Vatnsverndarsvæði skulu sýnd á skipulagsáætlun. Í aðalskipulagsáætlun og svæðisskipulagsáætlun skal afmarka og flokka vatnsverndarsvæði.

Þar sem land hefur ekki verið skipulagt samkvæmt skipulagslögum er heimilt að afmarka vatnsverndarsvæði.

Ef tillaga að vatnsverndarsvæði samræmist ekki staðfestu skipulagi skal leita álits samráðsnefndar og skipulagsstjórnar ríkisins um hvernig með skuli fara.

22. gr.

Ef stofna á til atvinnurekstrar, mannvirkjagerðar eða annarrar starfsemi á nytjavatnssvæði þar sem afstaða hefur ekki verið tekin um vernd þess skv. 16. gr. skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd tilkynna samráðsnefnd það og jafnframt gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nytjavatni verði spillt.

Samráðsnefnd skal gefa út skrá yfir þá tegund starfsemi, atvinnurekstrar eða mannvirkjagerðar sem skylt er að tilkynna til nefndarinnar skv. 1. mgr. Birta skal skrána í Lögbirtingablaði.

23. gr.

Ráðherra getur krafist þess að fyrirtæki með starfsemi, sem valdið getur spjöllum á nytjavatni, leggi fram til samþykktar áætlun um viðbúnað gegn slíkum spjöllum komi krafa um slíkt ekki fram í starfsleyfi viðkomandi fyrirtækis.

24. gr.

Ráðherra getur tekið landareignir eignarnámi, sbr. ákvæði VI. kafla, í þeim tilgangi að tryggja vernd nytjavatns enda krefjist almannahagsmunir þess.

V. KAFLI
Eftirlit með vatnsvernd.

25. gr.

Heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins fara með heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnaeftirlit á vatnsverndarsvæðum í samræmi við lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Eftirlitsaðilar skv. 1. mgr. skulu hafa eftirlit með vatnsgæðum og vatnsnotkun á vatnsverndarsvæðum, svo og með breytingum á vatnafari og jarðfræðilegum þáttum sem áhrif hafa á grunnvatn, rennsli þess og ástand.

Eftirlitsaðilar skulu enn fremur hafa samstarf við samráðsnefnd um eftirlit á vatnsverndarsvæðum og gefa nefndinni reglulega skýrslu um framkvæmd þess.

26. gr.

Samráðsnefnd skal halda skrá yfir ástand vatnsverndarsvæða og skal með reglulegu millibili gera almenna úttekt á ástandi og þróun þeirra í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins, Orkustofnun og embætti skipulagsstjóra ríkisins.

27. gr.

Ráðherra skal setja nánari ákvæði í reglugerð um skýrslugerð til samráðsnefndar, svo og um úttekt samráðsnefndar á vatnsverndarsvæðum og samvinnu hennar við heilbrigðisnefndir, sveitarstjórnir, Hollustuvernd ríkisins, Orkustofnun og embætti skipulagsstjóra ríkisins.

28. gr.

Ráðherra hefur rétt til að láta rannsaka vatn vegna vatnsverndar hvar sem er á landinu. Landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita úttektar-, rannsóknar- og eftirlitsaðilum samkvæmt lögum þessum aðgang að landareigninni til sýnatöku á vatni og annarra nauðsynlegra rannsókna.

Verði landið fyrir einhverjum skemmdum vegna umferðar eða rannsókna þessara aðila eða ef landeigandi bíður eitthvert tjón af skal það bætt að fullu eftir mati náist ekki samkomulag.

Við störf sín skulu úttektar-, rannsóknar- og eftirlitsaðilar valda sem minnstri röskun á högum landeiganda eða leiguliða.

VI. KAFLI
Eignar- og leigunámsákvæði og bótaákvæði.

29. gr.

Eignar- og leigunám samkvæmt lögum þessum skal fara fram samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

30. gr.

Hafi ákvörðun um vatnsverndarsvæði eða vernd nytjavatns samkvæmt lögum þessum í för með sér fjárhagstjón fyrir landeiganda eða afnotahafa lands sem stundar starfsemi á landareigninni skal hann eiga rétt á bótum samkvæmt mati úr hendi þess sveitarfélags eða landeiganda sem fer fram á verndina.

Í öðrum tilvikum skal ríkissjóður bæta tjónið.

31. gr.

Sá sem rétt hefur til að leggja vatnslagnir á annars landi, sbr. 3. mgr. 14. gr., skal bæta landeiganda eða afnotahafa lands það tjón sem hann verður fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur milli þeirra skal það ákveðið með mati.

VII. KAFLI
Viðurlög og málsmeðferð.

32. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Dæma má fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eru fyrir hendi.

33. gr.

Samkvæmt lögum þessum má sekta jafnt lögaðila sem einstaklinga. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann hans. Hafi starfsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brots á lögum þessum enda sé brot tengt starfi hans hjá lögaðilanum.

34. gr.

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið sem opinber mál.

35. gr.

Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í brotum á þeim er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

36. gr.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalds um að vinna verk sem mælt er fyrir um í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má ákveða honum dagsektir þar til úr er bætt.

37. gr.

Ráðherra er heimilt að stöðva tiltekna starfsemi eða athafnir tímabundið ef veruleg hætta er á að nytjavatn spillist á einhvern þann hátt er brýtur gegn lögum þessum. Skal stöðvunin vara þar til eðlilegar aðstæður fyrir starfsemina eru fyrir hendi. Ákvörðun um að stöðva starfsemi skal tilkynna viðkomandi aðilum bréflega, með símbréfi eða símskeyti eins fljótt og kostur er ásamt ástæðum fyrir stöðvuninni og upplýsingum um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að starfsemi megi hefja á ný.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

38. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd á úttekt, rannsóknum og eftirliti samkvæmt lögum þessum.

39. gr.

Kostnaður vegna samráðsnefndar skal greiddur úr ríkissjóði. Ríkissjóði er enn fremur heimilt að greiða allt að helmingi af beinum útlögðum kostnaði heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna vegna laga þessara.

Nánari ákvæði um greiðslu ríkissjóðs á útgjöldum heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna vegna laga þessara skulu sett í reglugerð.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Frá sama tíma falla úr gildi 2. málsl. 1. mgr. 18. gr., 31., 32., 33. gr. og 2.–5. mgr. 83. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar eftir að lög þessi hafa verið samþykkt skal leita eftir tilnefningum í samráðsnefnd og skipa hana innan tveggja mánaða. Nefndin skal þá þegar hefjast handa við að undirbúa starfsemi sína og framkvæmd laganna.

II.

Samráðsnefnd skal fyrir 1. júlí 1995 gera tillögu um nytjavatnssvæði á landinu öllu og tilgreina þau ákvæði sem þar skulu gilda um vernd þar til viðkomandi svæði verður afmarkað með tilliti til vatnsverndar. Samráðsnefnd ber að tilkynna viðkomandi landeiganda og sveitarstjórn tillögur sínar. Ráðherra afgreiðir tillögur samráðsnefndar, sbr. ákvæði 17.–19. gr.

Nú vill aðili, sem hagsmuna hefur að gæta, fá aflétt vernd á tilteknu svæði og skal hann þá sækja um það til samráðsnefndar.

III.

Sveitarstjórnir, sem lög nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, taka til, skulu fyrir 1. maí 1995 gera tillögu til samráðsnefndarinnar um afmörkun og flokkun vatnsverndarsvæða sinna ásamt greinargerð eftir því sem við á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 21. nóvember 1991, skipaði umhverfisráðherra nefnd til að semja frumvarp til laga um vatnsvernd, þ.e. vernd nytjavatns. Í nefndina voru skipuð Páll Líndal, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Elín R. Líndal bóndi, tilnefnd af Stéttarsambandi bænda, Freysteinn Sigurðsson vatnajarðfræðingur, tilnefndur af Orkustofnun, Gísli Gíslason bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Gunnar Steinn Jónsson líffræðingur, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins. Við fráfall Páls Líndals sumarið 1992 tók Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, við formennsku í nefndinni. Nefndin lauk störfum 25. mars 1993 og afhenti umhverfisráðherra drög að frumvarpi ásamt greinargerð þann sama dag.

Frumvarp það sem hér er lagt fram byggir að mestu leyti á frumvarpi því sem nefndin varð sammála um. Það tekur til verndar nytjavatns eins og það er skilgreint í frumvarpinu. Markmið frumvarps þessa er annars vegar að tryggja skynsamlega nýtingu nytjavatns og að koma í veg fyrir að því verði spillt af mannavöldum, svo og að framtíðarnotkun þess verði ekki stefnt í voða. Mikilvægt er að varðveita vatn og vatnsgæði. Vatnsvernd byggir á þeirri staðreynd að vatn er lífsnauðsyn og dýrmæt auðlind. Fáar þjóðir eiga jafngreiðan aðgang að góðu nytjavatni og Íslendingar. Miklu skiptir að þessi auðlind verði nýtt af skynsemi þjóðinni til hagsbóta.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn nytjavatnsverndar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hann skipi sér til ráðuneytis samráðsnefnd um nytjavatnsvernd. Hlutverk hennar verður fyrst og fremst ráðgefandi. Umhverfisráðherra er hins vegar ekki ætlað að ákveða nýtingu þess þegar það er í höndum opinberra aðila að gera það. Það vald verður í höndum iðnaðarráðherra enda hefur sá ráðherra umsjón með nýtingu á ólífrænum auðlindum landsins.

Samkvæmt frumvarpi þessu getur umhverfisráðherra gripið til aðgerða til að tryggja vernd nytjavatns, m.a. með því að gera landsvæði að vatnsverndarsvæðum þar sem heimilt verður að takmarka umferð, mannvirkjagerð og hvers konar starfsemi. Vernd nytjavatns hefur því óhjákvæmilega áhrif á skipulag og nýtingu lands. Frumvarpið gerir ráð fyrir að með vernd nytjavatns verði farið sem hluta af skipulagsmálum. Vatnsverndarsvæði verði því ætíð sýnd á skipulagsáætlun, svo og á aðalskipulags- og svæðisskipulagsáætlunum. Í frumvarpinu er áhersla lögð á samstarf þeirra sem vinna að vatnsverndarmálum og embætti skipulagsstjóra ríkisins. Embætti skipulagsstjóra er því ætlað að leggja samráðsnefnd til aðstoð og starfsmenn eftir því sem nánar kann að verða ákveðið með reglugerð.

Gildissvið frumvarps þessa tekur til alls nytjavatns án tillits til þess hvort það er grunnvatn eða á yfirborði lands. Enn fremur gildir einu þótt það sé á landi sem lýtur grunneignarrétti. Nú eru engin lagaákvæði til um nýtingu grunnvatns né heldur um nýtingu vatns sem er á landi óháð grunneignarrétti. Vatnalög, nr. 15/1923, gilda einvörðungu um vatn á yfirborði lands sem lýtur grunneignarrétti.

Undir vatnalögin, nr. 15/1923, fellur nytjavatn eins og það er skilgreint í frumvarpi þessu sem er á yfirborði lands. Það er því óhjákvæmilegt að frumvarp þetta hafi áhrif á einstakar greinar vatnalaga, nr. 15/1923, en leitast hefur verið við að hafa þá röskun sem minnsta.

Nytjavatn fellur einnig undir lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi og verið hefur hvað hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit varðar, þ.e. að það verði eftir sem áður á vegum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna.

Þrátt fyrir lög um vatnsveitur, nr. 81/1991, skortir á upplýsingaskyldu opinberra vatnsveitna til stjórnvalda um vatnstöku og vatnsgæði. Skortur á upplýsingum takmarkar mjög möguleika á að unnt sé að hafa nauðsynlegt eftirlit með nytjavatnsvernd og nytjavatnsauðlindinni. Í frumvarpinu er lagt til að samráðsnefnd afli upplýsinga um vatnstökuna, sbr. 6. gr.

Vatnsvernd nær til tiltekins afmarkaðs landsvæðis hverju sinni og felur í sér ákveðin fyrirmæli um athafnir manna sem geta stangast á við önnur not er menn vilja hafa af sama landi. Vatnsvernd þarf að fella að staðfestum skipulagsáætlunum og fullt tillit þarf því að taka til vatnsverndarsvæða við gerð skipulagsáætlana.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til að ná markmiðum frumvarpsins, sem sett eru fram í 2. gr., er nauðsynlegt að gildissvið frumvarpsins taki til alls nytjavatns eins og það er skilgreint í 3. gr. án tillits til þess hvar það finnst eða hvernig það er og er engin undantekning gerð frá þeirri reglu. Einu gildir því hvort um er að ræða straumvatn, stöðuvatn eða grunnvatn. Ekki eru sett skilyrði um vatnsmagn eða varanleika þess. Það hefur því engin áhrif á gildissvið frumvarpsins þótt vatnsmagn nytjavatnsins kunni að vera breytilegt eða það hverfi tímabundið.

Það er í þágu markmiða frumvarpsins skv. 2. gr. að gildissvið nái til nytjavatnssvæða enda verður nytjavatn ekki skilið frá aðliggjandi landsvæðum.

Um 2. gr.

Í greininni er fram sett það meginmarkmið að vernda þá auðlind sem nytjavatn er en tryggja jafnframt aðgang almennings að heilnæmu neysluvatni og vatni til atvinnurekstrar, húsdýrahald með talið. Eðlilegt þykir að við framkvæmd laga þessara skuli tillit tekið til annarrar nýtingar á vatni, náttúruverndarsjónarmiða og verndar menningarverðmæta.

Um 3. gr.

Í greininni eru skýrð nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu, svo og önnur sem nauðsynleg kunna að vera við setningu reglugerða.

Um 4. gr.

Samkvæmt auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, ásamt síðari breytingum, fer umhverfisráðuneytið m.a. með mál er varða varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, skipulags- og byggingarmál, svo og gerð landnýtingaráætlana. Ráðuneytinu er ætlað að hafa frumkvæði að því að samræma aðgerðir ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga í málaflokkum er snerta framkvæmd umhverfismála. Umhverfisráðherra hefur því umsjón með vatnsverndarmálum hvers konar, m.a. vernd nytjavatns.

Um 5. og 6. gr.

Skipa skal samráðsnefnd um vernd nytjavatns sem verður umhverfisráðherra til ráðuneytis um nytjavatnsvernd og framkvæmd laganna. Í nefndinni skulu sitja fulltrúar helstu hagsmunaaðila og fulltrúar með sérþekkingu á vatnsverndarmálum. Í greininni er lagt til að umhverfisráðherra skipi nefndina að fengnum tillögum eftirtalinna aðila: Stéttarsambands bænda, vegna landeigenda, Sambands íslenskra sveitarfélaga, vegna sveitarstjórna, Sambands íslenskra hitaveitna, vegna vatnsveitna, Orkustofnunar, til að tryggja sérþekkingu á sviði vatnafars og grunnvatnsmála, Hollustuverndar ríkisins, til að tryggja sérþekkingu á sviði hollustuhátta og mengunarvarna og skipulagsstjóra ríkisins með vísun til sérþekkingar á sviði skipulagsmála. Umhverfisráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst ráðgefandi. Henni er einkum ætlað að semja og leggja fyrir ráðherra tillögur er varða nytjavatnsverndina, t.d. um afmörkun verndarsvæða og kröfur um vatnsvernd á þeim og ákvæði um eftirlit. Jafnframt er henni ætlað að sjá um úttekt á vatnsverndarsvæðum, að hafa yfirlit yfir nytjavatnsmál, vatnsvernd og vatnsverndarsvæði á landinu og tryggja auk þess samstarf þeirra aðila er að málum þessum koma. Þá skal nefndin gera áætlun um viðbúnað gegn spjöllum sem orðið geta á vatnsverndarsvæðum.

Eðlilegt þykir að vista samráðsnefndina hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins vegna þess að nauðsynlegt þykir að laga vatnsverndaráætlanir að almennum skipulagsáætlunum. Óhjákvæmilega þarf að leggja töluverða vinnu í öflun og varðveislu upplýsinga fyrir samráðsnefnd vegna tillögugerðar hennar og samræmingar við skipulag auk samskipta við hina mörgu aðila sem störf hennar krefjast. Þess vegna er gert ráð fyrir að embætti skipulagsstjóra leggi nefndinni til aðstöðu og starfsmenn. Nefndin mun að minnsta kosti þurfa einn starfsmann með sérþekkingu og reynslu sem nær til vatnsnýtingar, nytjavatnsöflunar, vatnafars, mengunarvarna og skipulagsmála.

Í upphafi verður talsverð vinna fólgin í að koma vernd yfir þau nytjavatnssvæði sem mest eru aðkallandi. Sú vinna þarf að byggja á reynslu og sérþekkingu á nytjavatnsmálum og verður að gera ráð fyrir að eftir henni verði leitað þar sem reynsla og þekking er fyrir hendi. Svipað gildir um úttektir og eftirlit í tímans rás, þó í mun minna mæli sé. Af þessum sökum m.a. er ekki gert ráð fyrir að samráðsnefnd komi sér upp sérstakri skrifstofu til að sinna þessum málum, heldur verði unnið að þeim í samvinnu við aðrar stofnanir, t.d. Hollustuvernd ríkisins, Orkustofnun, embætti skipulagsstjóra ríkisins og aðra aðila með þekkingu á sviði hollustuhátta, mengunarvarna, vatnafræða og skipulagsmála.

Rétt þykir að umhverfisráðherra geti falið samráðsnefnd önnur verkefni á sviði vatnsverndar.

Um 7. gr.

Í frumvarpi þessu er heilbrigðisnefndum ætlað að hafa eftirlit með vatnsverndarsvæðum og nytjavatnssvæðum. Samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er gert ráð fyrir að heilbrigðisnefndir annist eftirlit með neysluvatni, vatnsbólum og vatnsveitum og verður engin breyting á því með þessum lögum. Sveitarstjórnir koma að þessu máli í sambandi við skipulag.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er hin forna regla staðfest að landareign fylgi réttur til töku nytjavatns. Um landsvæði, sem ekki lúta grunneignarrétti eins né neins, eru ákvæði í 2. mgr. Samkvæmt gildandi lögum eru engin ákvæði til um vatnsréttindi á þessum landsvæðum og mun 2. mgr. setja skýra reglu um þetta hvað nytjavatn varðar. Eðlilegt þykir að iðnaðarráðherra fari með umráða- og hagnýtingarrétt á landsvæðum enda heyra ólífrænar náttúruauðlindir til þess ráðherra, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands. Enginn getur talist eiga kröfu til réttinda á landsvæðum sem óháð eru grunneignarrétti nema til þeirra hafi verið stofnað með námi eða hefð, sbr. t.d. Hæstaréttardóma 1955, bls. 108 og Hæstaréttardóma 1981, bls. 1584 (Landmannaafréttardómar). Í 3. mgr. er tekið fullt tillit til þeirra sem öðlast hafa rétt til töku nytjavatns á landsvæðum óháð grunneignarrétti fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 8. gr. brjóta því ekki í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttarins þótt meðferð og hagnýting nytjavatns sé falin íslenska ríkinu á þann hátt sem í greininni segir.

Með „grunneignarrétti“ er átt við það sem stundum er kallað „beinn eignarréttur“ eða „fullur eignarréttur“.

Um 9. gr.

1. mgr. er sambærileg við ákvæði 14. gr. orkulaga, nr. 58/1967, sbr. 2. gr. laga nr. 53/1985. Eðlilegt þykir að sama regla gildi einnig um nytjavatnssvæði sem liggur á mörkum landareigna (eignarlanda) og landsvæða sem ekki lúta grunneignarrétti.

Um 10. gr.

Í grein þessari eru settar fram almennar takmarkanir á rétti landeiganda til að tryggja að markmiði frumvarpsins um vernd nytjavatns skv. 2. gr. verði náð.

Í 1. mgr. er kveðið á um rétt landeiganda til að nýta vatn á landareign sinni til heimilis- og búsþarfa í samræmi við ákvæði 8. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. þarf landeigandi hins vegar samþykki sveitarstjórna og heilbrigðisnefnda ef hann ætlar að nýta sér nytjavatn sem er grunnvatn. Með þessu ákvæði er reynt eins og frekast er kostur að koma í veg fyrir spjöll á nytjavatnsauðlindum sem eru grunnvatn og þjóna heilu sveitarfélagi og jafnvel fleiri en einu.

Rétt er að taka fram að heimildir landeiganda til að nýta yfirborðsvatn skv. 17. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, skerðast í engu með 2. mgr. þessa frumvarps því vatnalögin taka einungis til yfirborðsvatns.

3. mgr. á sér hliðstæðu í 9. gr. og 11.–12. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, m.a. um töku vatns til heimilis- og búsþarfa. Eðlilegt þykir að sama regla gildi um nýtingu nytjavatns samkvæmt frumvarpi þessu.

Samkvæmt 4. mgr. ber landeiganda að virða rétt ábúenda og annarra sem hafa lönd á leigu, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Þær kvaðir sem lagðar eru á landeiganda skv. 10.–12. gr. frumvarpsins eru almennar takmarkanir á eignarrétti sem ekki brjóta í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, um vernd eignarréttarins.

Um 11. gr.

Þessi grein hefur að geyma gamla reglu um rétt ábúanda til að nýta vatn, sbr. 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, en jafnframt er í greininni að finna þau nýmæli að leigi landeigandi út land úr landareign sinni, t.d. undir sumarbústað eða gripahús, á leigutaki rétt til að nýta sér nytjavatn sem finnst á landareigninni til heimilis- eða búsþarfa. Réttur þeirra sem hafa slíkar lendur á leigu til töku nytjavatns er óháður því hvar vatnsbólið er á landareigninni.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er sú meginregla sett að nytjavatnsréttindum skuli fylgja landareign með þeirri undantekningu að heimilt er að skilja nytjavatnsréttindi frá landareign um tiltekið tímabil sem eigi má vera lengra en 15 ár hverju sinni. Í dag eru engin takmörk fyrir því að skilja vatnsréttindi frá landareign. Þetta ákvæði á sér hliðstæðu í öðrum lögum, sbr. 2. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Í 2. mgr. er sveitarfélögum heimilað að kaupa nytjavatnsréttindi þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. Rétt er að leggja áherslu á að þessi réttur sveitarfélaga nær einvörðungu til kaupa í þágu almenningsveitna. Sveitarfélögin hafa hins vegar ekki heimild til að selja þessi réttindi nema til landeigenda í samræmi við meginregluna í 1. mgr. eða til annarra sveitarfélaga vegna almenningsveitna. Er það í samræmi við meginregluna í 1. mgr. og undantekninguna í 2. mgr.

Í 3. mgr. eru ákvæði um nytjavatnsréttindi sem seld hafa verið áður en frumvarp þetta verður að lögum. Í samræmi við 1. mgr. hefur landeigandi forkaupsrétt að þessum réttindum en að honum frágengnum hafa sveitarfélög forkaupsrétt vegna almenningsveitna.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um rétt til töku nytjavatns á landi annars aðila og kveðið er á um forgangsröð nýtingar sem heimildir til öflunar nytjavatns eru háðar. Gert er ráð fyrir því að þörf á neysluvatni gangi fyrir þörf á verkavatni. Gert er ráð fyrir því að landeigandi hafi forgang til vatnstöku til sömu notkunar og annar aðili og að almenningsveitur sveitarfélaga hafi forgang til vatnstöku næst á eftir landeiganda.

Um 14. gr.

Aðila getur verið nauðsyn á töku nytjavatns sem er undir umráðum annarra, hvort sem um er að ræða land í einkaeign eða ríkiseign. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er ráðherra veitt heimild til að leyfa umsækjanda, sem þarfnast nytjavatns úr landi annars eða af landi sem ekki lýtur grunneignarrétti, að taka þau nytjavatnsréttindi leigunámi í allt að fimmtán ár, sbr. 12. gr. Til að umsækjandi geti nýtt sér nytjavatnsréttindin verður hann að hafa aðgang að landi til að leggja lagnir og er umhverfisráðherra því einnig heimilt að leyfa umsækjanda leigunám á landi í þessum tilgangi. Sambærilega heimild er t.d. að finna í 18. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, og 5. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver.

Í 4. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að umsækjandi leggi fram mat á áhrifum vegna vatnstöku og vatnslagna.

Réttur umhverfisráðherra til að veita heimild til leigunáms er takmarkaður í 5. mgr. þar sem kveðið er á um að ekki megi heimila leigunám til töku á neysluvatni til nota sem verkavatn ef hægt er að afla þess með öðrum hætti á viðunandi kjörum. Með þessu er verið að stuðla að því að aðhalds sé gætt í því að nota neysluvatn sem verkavatn og er það í samræmi við 2. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Í grein þessari er sett fram sú regla að með öllu sé óheimilt að spilla nytjavatni.

Um 16. gr.

Til að vernda nytjavatn kann að vera nauðsynlegt að setja reglur um nýtingu og umgengni á landsvæðum kringum vatnsból og á aðliggjandi nytjavatnssvæði. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir því að umhverfisráðherra geti að fengnum tillögum samráðsnefndar afmarkað landsvæði sem njóta eiga vatnsverndar. Taka nytjavatns felur í sér ákveðin not af landi. Nytjavatn er nauðsyn allri byggð og þess vegna þarf að tryggja öruggan aðgang að því til framtíðar. Því þykir eðlilegt að flokka vatnsverndarsvæði eftir mikilvægi og setja reglur samkvæmt því.

Í greininni er gerð tillaga um flokkun vatnsverndarsvæða og í reglugerð skal setja kröfur með tilliti til þess hver þörf telst á vernd og hversu víðtæk hún skuli vera. Hætta á mengun nytjavatns er því meiri og bráðari þeim mun nær vatnsbóli sem hún á sér stað. Mest er hún við vatnsbólin sjálf. Þar er hætta á beinu ofanrennsli niður í vatnsbólin ef ekki er nógu vel frá þeim gengið eða jarðlög eru lek við vatnsbólið eins og oft er. Vegna þessa þarf oft að beina aðrennsli yfirborðsvatns frá vatnsbólunum og búa svo um að það vatn leki ekki til skaða í jörð niður næst vatnsbólunum eða að fólk og fénaður valdi úrgangs- eða efnamengun við þau. Í þessu skyni þarf oft að nýta landið hið næsta vatnsbólunum til slíkrar verndar og girða það af. Þetta svæði er skilgreint sem brunnsvæði og innan þess gildir ítrasta vatnsvernd. Notendur vatnsbólanna verða sjálfir að geta athafnað sig innan brunnsvæðisins og hefur það áhrif á stærð þess, auk nauðsynlegs svigrúms til verndaraðgerða. Æskilegt er að brunnsvæði séu a.m.k. einhverjir tugir metra að þvermáli.

Mengun getur borist til vatnsbóla hvarvetna að af aðrennslissvæði þeirra. Verði mengun skammt frá vatnsbóli er hætt við að hún eyðist ekki áður en vatnið nær til vatnsbólsins. Því þarf að setja strangar kröfur um vernd á þeim hluta aðrennslissvæðis sem næst er vatnsbólum og brunnsvæðum og skilgreint er sem grannsvæði. Stærð þess og fjarlægð frá brunnsvæðum til ytri marka þess er mjög misjöfn. Þar sem jarðlög eru lek, vel opin sprungusvæði beina vatni til vatnsbóla eða grunnvatnsstraumar eru öflugir getur vatnið runnið tiltölulega langar leiðir á skömmum tíma. Grannsvæðið þarf þá að vera að sama skapi stórt. Yfirleitt gildir að því vatnsgæfara sem nytjavatnssvæði er, þeim mun stærra verður grannsvæðið að vera. Ætla má að ytri mörk grannsvæða liggi sjaldnast skemmra en nokkur hundruð metra frá vatnsbóli en á hinn bóginn sjaldan lengra en nokkra kílómetra.

Aðrennslissvæði vatnsbóla utan grannsvæðis og út til vatnaskila er skilgreint sem fjarsvæði. Þar er þess vænst að minni háttar mengun á því svæði eyðist eða þynnist niður fyrir leyfileg mörk áður en vatnið nær til vatnsbólanna. Svo verður þó ekki nema vissar skorður séu settar við mengunarhættu og þurfa fjarsvæðin því einnig að njóta verulegrar verndar þó að hún þurfi ekki að vera eins ströng og á grannsvæðunum.

Afmörkun brunnsvæða, grannsvæða og fjarsvæða á vatnsverndarsvæðum miðast jafnt við núverandi vatnsból sem vænleg vatnstökusvæði í framtíðinni.

Til að vernd á nytjavatni og nytjavatnssvæðum nái tilgangi sínum er nauðsynlegt að gefnar séu út skýrar reglur um það hvernig eigi að umgangast og fara með hin einstöku vatnsverndarsvæði.

Þær kvaðir sem leiða af vatnsvernd samkvæmt þessum kafla eru almennar takmarkanir á eignarrétti sem ekki brjóta í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar.

Um 17. gr.

Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er það eitt af hlutverkum samráðsnefndar að gera tillögu um nytjavatnssvæði og vernd þeirra. Samráðsnefnd getur gert þetta að eigin frumkvæði eða eftir ábendingum eins og nánar er kveðið á um í þessari grein. Orkustofnun og Hollustuvernd ríkisins gegna lykilstöðu hvað varðar eftirlit og vernd vatns eins og áður hefur verið rakið og þykir því eðlilegt að þessar stofnanir geti haft frumkvæði að vernd nytjavatnssvæða.

Um 18. og 19. gr.

Í þessum greinum er kveðið á um hvernig standa skuli að vernd landsvæðis eftir að samráðsnefnd hefur sett fram tillögur sínar. Ákvæði þessara greina eru byggð á sambærilegum ákvæðum í 26. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd. Áhersla er m.a. lögð á upplýsingaskyldu gagnvart almenningi og þeim sem hagsmuna eiga að gæta.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um að ráðherra geti aflétt vatnsvernd eða breytt henni.

Um 21. gr.

Vernd vatns takmarkar mjög önnur not af viðkomandi landsvæði. Þess vegna er nauðsynlegt að taka sérstakt tillit til vatnsverndar við gerð skipulagsáætlana og er kveðið á um það í greininni. Nauðsynlegt getur verið að afmarka vatnsverndarsvæði á óskipulögðum svæðum til að fyrirbyggja óþörf vatnsspjöll sem orðið gætu á svæðunum ef vernd skortir. Því er gert ráð fyrir þeim möguleika að vatnsverndarsvæði séu afmörkuð þótt ekki sé um annað skipulag að ræða á viðkomandi svæði.

Um 22. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því að ef stofna á til tiltekinnar starfsemi á nytjavatnssvæði þar sem ekki hefur verið tekin afstaða um vernd svæðisins skuli heilbrigðisnefnd bera ábyrgð á því að vatni verði ekki spillt. Í 2. mgr. er kveðið á um að samráðsnefnd skuli gefa út skrá yfir þann atvinnurekstur og framkvæmdir sem ákvæðið nær til.

Um 23. gr.

Markmið ákvæðisins í þessari grein er að tryggja fyrirbyggjandi verndarráðstafanir á öllu nytjavatni. Einu gildir hvort viðkomandi starfsemi er á landsvæði sem auglýst hefur verið sem vatnsverndarsvæði eða ekki.

Um 24. gr.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar hefur umhverfisráðherra heimild til að taka landareign eignarnámi til að tryggja vatnsvernd með þeim almenna áskilnaði að almannahagsmunir krefjist þess. Óeðlilegt væri að heimila umhverfisráðherra að taka einvörðungu nytjavatnsréttindin eignarnámi þar sem með því væri brotið gegn ákvæðum 12. gr. frumvarpsins.

Þau atvik geta komið upp að nytjavatnsvernd verði ekki tryggð með ákvæðum 16. og 17. gr. og að nauðsynlegt sé þess vegna eða af öðrum ástæðum að taka land eignarnámi í þágu vatnsverndar. Þessi grein á sér hliðstæðu í 35. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

Um 25. gr.

Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Miðað er við að heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnaeftirlit á vatnsverndarsvæðum verði í samræmi við þau lög. Í greininni er kveðið sérstaklega á um atriði sem lúta að þessu eftirliti og samráð eftirlitsaðila við samráðsnefnd.

Um 26. gr.

Í þessari grein er kveðið nánar á um hlutverk samráðsnefndar skv. 2. tölul. 2. mgr. 6. gr. og samráð við Hollustuvernd ríkisins, Orkustofnun og embætti skipulagsstjóra ríkisins.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Í greininni er kveðið á um rannsóknar- og umferðarrétt á landsvæði þar sem nauðsynlegt er að kanna vatn vegna vatnsverndar. Ákvæði þetta á sér hliðstæðu, m.a. í 18. gr. orkulaga, nr. 58/1967, og 7. gr. námulaga, nr. 24/1973.

3. mgr. mælir hins vegar fyrir um þá sjálfsögðu reglu að úttektar-, rannsóknar- og eftirlitsaðilum beri við störf sín að koma fram við landeigendur og leiguliða af háttvísi og valda sem minnstri röskun á högum þeirra.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 36. gr. laga 47/1971, um náttúruvernd. Hindrun á vatnsspjöllum með vatnsvernd er í sjálfu sér ekki bótaskyld því bannað er að spilla nytjavatni, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Fjárhagstjón tekur því fyrst og fremst til starfsemi sem er fyrir hendi á landareigninni.

Um 31. gr.

Í greininni er almennt bótaákvæði, sbr. t.d. 2. málsl. 19. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Um 32. gr.

Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í 27. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Almennt má segja að VII. kafli frumvarps þessa eigi sér fyrirmynd í XII. kafla laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 33. gr.

Ákvæði þetta á fyrirmynd í 28. gr. laga 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í 31. gr. laga 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 36. gr.

Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í 33. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 37. gr.

Með ákvæði þessu er umhverfisráðherra veitt vald til að stöðva tiltekna starfsemi eða athafnir ef hætta er á vatnsspjöllum. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að tiltekinn aðili hafi slíkt vald til að grípa inn í starfsemi eða athafnir á hættutímum ef hindra á að umhverfisspjöll eigi sér stað eða ef draga á úr afleiðingum þeirra.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Vernd nytjavatns varðar almannaheill og vatnsverndarsvæði getur náð yfir svæði sem eru í fleiri en einu sveitarfélagi og er þess vegna gert ráð fyrir að ríkissjóður geti tekið þátt í kostnaði heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna vegna laga þessara. Fordæmi fyrir slíku fyrirkomulagi er m.a. að finna í skipulagslögum, nr. 19/1964.

Um 40. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Til að koma í veg fyrir óþörf vatnsspjöll, áður en nytjavatnssvæði landsins hafa verið tekin undir vatnsvernd í samræmi við IV. kafla, er nauðsynlegt að setja hvarvetna á vatnsvernd með fyrirvara þar sem um vænleg nytjavatnssvæði er að ræða. Því er gerð tillaga um það í II. ákvæði til bráðabirgða. Þessi afmörkun vatnsverndarsvæða þarf að fara fram svo fljótt sem við verður komið. Hér er gert ráð fyrir að hún verði ákveðin innan tólf mánaða frá gildistöku laga þessara. Samráðsnefnd er ætlað að gera tillögur um slík svæði með aðstoð ráðgjafa sinna. Einnig er sveitarstjórnum ætlað að gera tillögur um þau svæði sem þær vilja vernda vegna almenningsveitna sinna. Hér er um bráðabirgðavernd að ræða sem tekin verður upp síðar í samræmi við 16. og 17. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vernd nytjavatns.

Markmið frumvarpsins er að tryggja aðgang að heilnæmu neysluvatni og vatni til atvinnurekstrar. Í frumvarpinu eru ákvæði um vernd nytjavatnsauðlindarinnar til frambúðar og um fyrirkomulag verndarinnar í einstökum atriðum.

Beinn kostnaðarauki ríkissjóðs ef frumvarpið verður að lögum er einkum af tvennum toga. Í fyrsta lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að skipuð verði sjö manna nefnd sem verði ráðgefandi um framkvæmd laganna. Ætla má að nefndarlaun og önnur rekstrargjöld geti verið á bilinu 0,5–1 m.kr. á ári eftir því hversu mikið starf nefndinni verður falið. Fyrir utan almenn nefndarstörf um tilhögun vatnsverndarinnar verða kostnaðarsömustu verkefni nefndarinnar væntanlega þau sem tilgreind eru í 2. og 3. liðum 6. gr., þ.e. annars vegar að halda yfirlit um nytjavatnssvæði, afmarka þau og flokka með tilliti

til verndarsjónarmiða og afla upplýsinga um ástand þeirra en hins vegar að gera áætlanir um viðbúnað gegn hættu á vatnsspjöllum. Gert er ráð fyrir að skipulagsstjóri ríkisins leggi nefndinni til einn starfsmann ásamt aðstöðu til að vinna að slíkum verkefnum. Sá kostnaður er áætlaður um 3 m.kr. Almennt miðast frumvarpið við að önnur sérfræðivinna og athuganir tengdar störfum nefndarinnar séu nú þegar á starfssviði tiltekinna stofnana og nýti starfsmenn og aðstöðu sem þar er til staðar, t.d. hjá Hollustuvernd, Orkustofnun og sveitarfélögum. Óbeinn kostnaður vegna aukinnar vinnu þessara aðila gæti orðið talsverður en á þessu stigi er erfitt að nefna ákveðnar fjárhæðir í því sambandi.

Í öðru lagi er í 39. gr. frumvarpsins ákvæði um að umhverfisráðherra verði heimilt að skuldbinda ríkissjóð með reglugerð til að greiða allt að helmingi af beinum útlögðum kostnaði heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna vegna laganna. Í athugasemdum um greinina er gjaldskyldan rökstudd m.a. með vísan til ákvæða í skipulagslögum um að sveitarstjórnir, sem annast sjálfar gerð skipulags, geti fengið endurgreitt allt að helmingi innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu. Í þessu sambandi er vert að benda á að kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélaga vegna skipulagsmála er með allt öðrum hætti þar sem í því tilviki eru markaðar tekjur ríkissjóðs, þ.e. skipulagsgjöld, endurgreiddar að hluta til þeirra sveitarfélaga sem annast sjálf gerð skipulags. Samkvæmt þessu frumvarpi verður hins vegar enginn slíkur tekjustofn til að standa undir styrkjunum til sveitarfélaganna.

Fjármálaráðuneytið vekur athygli á því að eftirlit með ástandi vatnsbóla og staðbundnar verndaraðgerðir verða sem fyrr á verksviði sveitarfélaganna. Samkvæmt frumvarpinu færi ábyrgð á verkefninu ekki lengur saman við greiðsluskylduna þar sem sveitarfélögin tækju ákvarðanir um og hefðu umsjón með starfi sem ríkissjóður yrði síðan krafinn um greiðslu fyrir. Ekki liggur fyrir mat á þessum kostnaði en líklega yrði hann talinn í milljónum króna á ári hverju. Verði endurgreiðslurnar einnig látnar taka til verklegra framkvæmda á nytjavatnssvæðum gætu þær hins vegar orðið mun hærri og jafnvel numið tugum milljóna króna. Að auki eru engin ákvæði í frumvarpinu sem takmarka greiðsluskyldu ríkissjóðs í þessum efnum og yrði því fjárveitingavaldið að einhverju marki komið úr höndum Alþingis. Hætt er við að erfitt yrði að koma við eðlilegri kostnaðarstýringu í þessum málaflokki nema með árlegum skerðingarákvæðum í lánsfjárlögum, líkt og gert hefur verið vegna ýmissa eldri laga sem eins eru úr garði gerð.

789. Tillaga til þingsályktunar [513. mál]

um sérstakt átak í málefnum barna og ungmenna.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta gera fjögurra ára framkvæmdaáætlun um úrbætur í málefnum barna og ungmenna. Áætlunin verði byggð á lögum um vernd barna og ungmenna, barnalögum og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Greinargerð.

Íslenskt þjóðfélag hefur gengið í gegnum miklar breytingar á síðustu árum. Þróunin hefur verið ör úr bændasamfélagi, sem staðið hafði öldum saman, í nútíma tæknivætt samfélag. Fjölskyldan var hornsteinn bændasamfélagsins og allir siðir og venjur voru í föstum skorðum. Stórfjölskyldan gat tekist sameiginlega á við mörg þau vandamál sem hin svokallaða kjarnafjölskylda nútímans hefur ekki bolmagn til. Nægir þar að nefna að fjöldi heimilismanna skapaði ákveðna samfélagsgerð. Heimilið var framleiðslueining sem sá meðlimum sínum farborða með sjálfsþurftarbúskap.

Þær stökkbreytingar sem hafa orðið í fjölskyldugerðinni og þar af leiðandi breyttar aðstæður allra, bæði barna og fullorðinna, hafa leitt til þess að margar fjölskyldur hafa misst fótfestu. Samfélagið hefur ekki brugðist sem skyldi við þessum breyttu aðstæðum. Afleiðingarnar bitna mest á börnunum. Hjónaskilnuðum og sambúðarslitum hefur fjölgað. Kynferðisafbrotum fer fjölgandi ár frá ári. Mörg börn eru vannærð, bæði líkamlega og andlega.

Leikskólar í stærri bæjum anna víðast hvar ekki eftirspurn. Grunnskólinn er ekki samfelldur nema í undantekningartilfellum og þá helst á smærri stöðum. Sífellt fleiri börn þurfa aðstoðar við af ýmsum ástæðum.

Atriði sem þarf að hafa í huga við gerð framkvæmdaáætlunar eru t.d. eftirfarandi:

— Koma á fót skipulegri foreldrafræðslu sem m.a. væri liður í forvarnastarfi.
— Styðja við starfsemi áhugahópa sem starfa að íþrótta- og æskulýðsmálum.
— Huga sérstaklega að stöðu þeirra barna þar sem foreldrar eða forsjármenn hafa búið við langvarandi atvinnuleysi.
— Nýta sem best starf nefnda á vegum sveitarfélaga, t.d. með sameiningu félagsmálanefnda og barnaverndarnefnda í eina nefnd þar sem það á við og einnig að stækka umdæmi þeirra.
— Koma á markvissu eftirliti með útleigu myndbanda með ofbeldismyndum og sýningum ofbeldiskvikmynda í sjónvarpi og kvikmyndahúsum.
— Huga að málsmeðferð og úrlausn á kynferðisafbrotamálum gagnvart börnum.
— Koma í veg fyrir útbreiðslu barnakláms hér á landi.
— Koma á skilvirkari og hraðari afgreiðslu dómsmála sem snerta börn og ungmenni.
— Samræma aðgerðir til að stemma stigu fyrir áfengis- og vímuefnaneyslu barna og unglinga og auka forvarnir.

Félagsmálaráðuneytið hafi forgöngu í málinu en hafi samvinnu við önnur ráðuneyti um mál á málefnasviði þeirra.

Ný barnalög, nr. 20/1992, og lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, ásamt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, hafa að geyma fyrirmæli um skyldur foreldra og stjórnsýsluhafa hvað varðar aðbúnað barna og ungmenna. Þar eru ýmis ákvæði sem skylda opinbera aðila til að gæta hagsmuna og velferðar barna og ungmenna í hvívetna. Þá hefur nú nýlega verið mælt fyrir frumvarpi um umboðsmann barna sem væntanlega verður samþykkt fyrir þinglok.

Alþingi hefur ítrekað sýnt vilja sinn til að sinna betur þörfum barna og ungmenna en gert hefur verið. Um það ber lagasetning nýrra barnalaga og barnaverndarlaga glöggt vitni. Þá má einnig minna á að þingsályktunartillögu um foreldrafræðslu, sem þingkonur Kvennalistans lögðu fram á síðasta löggjafarþingi, var mjög vel tekið. Hún hefur nú verið endurflutt þar sem ekki tókst að ljúka umfjöllun um hana fyrir þingfrestun vorið 1993. Samþykktar hafa verið ýmsar þingsályktanir sem kveða á um sérstakar aðgerðir til verndar börnum, svo sem þingsályktun nr. 7/1990, um átak gegn einelti meðal barna og

unglinga, þingsályktun nr. 21/1991, um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla og forvarnir í þeim efnum, og þingsályktun nr. 7/1992, um velferð barna og unglinga. Nýlega hefur verið lögð fram á Alþingi skýrsla félagsmálaráðherra sem byggist á starfi nefndar sem skipuð var samkvæmt síðastnefndri þingsályktun og er þar að finna margar gagnlegar ábendingar um betri skipan mála sem snerta börn og unglinga. Þá hefur félagsmálaráðherra boðað að komið verði á fót fjölskylduþjónustu ríkisins.

Við berum okkur gjarnan saman við Norðurlöndin í velferðarmálum og því er rétt að geta þess að í Noregi er nú í gangi þriggja ára áætlun í barnaverndarmálum, „Program for nasjonal utvikling av barnevernet“, sem á að leiða til þess að stytta biðtíma fólks sem þarf aðstoð, gera alla afgreiðslu mála skilvirkari og styðja fjölskyldur barna sem eiga í erfiðleikum af ýmsum toga. Áætlunin er unnin í barna- og fjölskyldumálaráðuneyti Noregs.

Hér á Íslandi erum við skemmra á veg komin í stefnumótun og skipulagningu mála sem snerta börn og unglinga. Allt of oft er gripið til skammtímalausna þegar atburðarásin krefst aðgerða. Það hefur orðið til þess að margar lausnir, sem gripið er til, skila ekki þeim árangri sem til er ætlast og nýting á þeim valkostum, sem í boði eru, er léleg.

Því er fyllilega tímabært að gera nú áætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna í samfélaginu og vernda þau gegn óæskilegum áhrifum. Til þeirrar áætlunar verði síðan varið sérstökum fjármunum á fjárlögum næstu fjögurra ára þar á eftir. Ár fjölskyldunnar væri vel til þess fallið að koma á fót slíkri framkvæmdaáætlun. Því er hér lagt til að Alþingi lýsi yfir vilja sínum þar að lútandi.

Hagsýsla ríkisins gerði úttekt á heildarskipan þess málaflokks sem snertir börn og unglinga og skilaði skýrslu í október 1993. Skýrslan var gerð að beiðni félagsmálaráðuneytisins og er þar að finna margar gagnlegar ábendingar og tillögur um markvissara skipulag og leiðir til úrbóta. Þar segir m.a.: „Meginvandi barna- og unglingamála er skortur á samhæfingu, ómarkviss stjórnsýsla, lítill sveigjanleiki og léleg nýting fjármuna. Úrbætur krefjast samstillts átaks allra sem starfa að málefnum barna og unglinga.“

790. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þorbjörn Hlyn Árnason biskupsritara og frá Hagstofu Íslands Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Skúla Guðmundsson skrifstofustjóra. Nefndinni bárust á 116. löggjafarþingi umsagnir frá Félagi eldri borgara, Landssambandi aldraðra og Hagstofu Íslands og á 117. löggjafarþingi frá félagsmálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarp þetta var afgreitt frá allsherjarnefnd á síðasta þingi en dagaði uppi vegna ófyrirsjáanlegra þingloka.

Með frumvarpinu er lagt til að tekin verði í lögheimilislög heimild til handa þeim sem búa á dvalarheimili eða í húsnæði, sem ætlað er öldruðum, til að eiga áfram lögheimili þar sem þeir höfðu fasta búsetu áður.

Núgildandi lögheimilislög voru samþykkt á Alþingi 21. apríl 1990 og tóku gildi 5. maí sama ár. Meginregla samkvæmt lögunum er að maður eigi lögheimili þar sem hann hefur fasta búsetu, en jafnframt eru gerðar undantekningar frá þeirri reglu hvað varðar námsmenn, alþingismenn og ráðherra.

Fram hefur komið við framkvæmd laganna að þau geta leitt til verulega ósanngjarnrar niðurstöðu gagnvart öldruðu fólki. Verði frumvarpið að lögum geta aldraðir átt val um hvort þeir kjósa að halda lögheimili í sínu gamla sveitarfélagi og getur slíkt verið verulegt réttlætismál, t.d. ef annað hjóna flytur einhverra aðstæðna vegna á dvalarheimili á undan hinu.

Meiri hluti nefndarinnar telur að um réttlætismál sé að ræða og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. mars 1994.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm.	Jón Helgason.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Ingi Björn Albertsson.	Ey. Kon. Jónsson.

791. Frumvarp til laga [143. mál]

um fjöleignarhús.

(Eftir 2. umr., 21. mars.)

Samhljóða þskj. 159 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Ófrávíkjanlegar reglur. Heimild til frávika.

Ákvæði laga þessara eru ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram í þeim eða leiði af eðli máls. Er eigendum því almennt óheimilt að skipa málum sínum, réttindum sínum og skyldum á annan veg en mælt er fyrir um í lögunum.

Hýsi fjöleignarhús eingöngu atvinnustarfsemi er eigendum þó heimilt að víkja frá fyrirmælum laganna með samningum sín á milli. Gilda ákvæði laganna þá um öll þau atriði sem ekki er ótvírætt samið um á annan veg. Jafnframt gilda ákvæði laganna til fyllingar slíkum samningsákvæðum. Liggi engir samningar fyrir um aðra skipan eða náist ekki full samstaða með eigendum um frávik gilda ákvæði laganna óskorað um slíkt húsnæði.

41. gr. hljóðar svo:

Við ákvarðanatöku um sameiginleg málefni í fjöleignarhúsum, sbr. 39. gr., gilda þessar reglur:

A. Til ákvarðana um eftirfarandi þarf samþykki allra eigenda:
1. Breytingar á þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum, sbr. 18. gr.
2. Ráðstöfun á verulegum hlutum sameignar, sbr. 1. mgr. 19. gr.
3. Sala á séreignarhlutum til utanaðkomandi, sbr. 2. mgr. 21. gr.
4. Varanleg skipting séreignar í fleiri einingar, sbr 3. mgr. 21. gr.
5. Verulegar breytingar á hagnýtingu séreignar, sbr. 1. mgr. 27. gr.
6. Bygging, framkvæmdir og endurbætur sem hafa í för með sér verulegar breytingar á sameign, sbr. 2. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 30. gr.
7. Verulegar breytingar á hagnýtingu og afnotum sameignar, sbr. 31. gr.
8. Skipting bílastæða, sbr. 33. gr.
9. Um sérstakan aukinn rétt einstakra eigenda til afnota af sameign, sbr. 4. mgr. 35. gr.
10. Um meiri og víðtækari takmarkanir á ráðstöfunar- og hagnýtingarrétti eiganda yfir séreign en leiðir af ákvæðum laga þessara eða eðli máls, sbr. 3. mgr. 57. gr.
11. Um mjög óvenjulegan og dýran búnað og annað sem almennt tíðkast ekki í sambærilegum húsum.
12. Til ráðstafana og ákvarðana sem ekki varða sameignina og sameiginleg málefni, en eigendur telja æskilegt að þeir standi saman að og ráði í félagi.
13. Um að halda megi hunda og/eða ketti í húsinu. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými.

B. Til neðangreindra ákvarðana þarf samþykki ⅔ hluta eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta:
1. Sala eða leiga á óverulegum hlutum sameignar, sbr. 2. mgr. 19. gr.
2. Viðbygging í samræmi við samþykkta teikningu, sbr. 2. mgr. 29. gr.
3. Bygging og endurbætur, sem ekki breyta sameign verulega, sbr. 2. mgr. 30. gr.
4. Óveruleg breyting á hagnýtingu sameignar, sbr. 2. mgr. 30. gr. og 31. gr.
5. Að ráðast í viðgerðir á séreign vegna vanrækslu eiganda, sbr. 4. mgr. 26. gr.
6. Að brotlegum eiganda eða afnotahafa verði bönnuð búseta eða hagnýting séreignar og gert að flytja og selja eign sína, sbr. 55. gr.
7. Setning sérstakra húsfélagssamþykkta, sbr. 75. gr., nema um sé að ræða atriði sem samþykki allra þarf til.
8. Frávik frá reglum um skiptingu sameiginlegs kostnaðar, sbr. 46. gr.
9. Endurbætur, breytingar og nýjungar, sem ganga verulega lengra og eru verulega dýrari og umfangsmeiri en venjulegt og nauðsynlegt viðhald.

C. Til ákvarðana um neðangreind málefni þarf samþykki einfalds meiri hluta eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta á húsfundi:
1. Samþykkt og setning húsreglna, sbr. 74. gr.
2. Eignatilfærslur milli eigenda á hluta séreignar, sbr. 1. mgr. 23. gr.
3. Breytt hagnýting séreignar sem ekki er veruleg, sbr. 3. mgr. 27. gr.
4. Um framkvæmdir sem greiðast að jöfnu og rekstrar- og stjórnunarmálefni, sbr. B-lið 45. gr.
5. Við kosningu stjórnar húsfélags og til annarra trúnaðarstarfa á vegum þess.

D. Til allra annarra ákvarðana en greinir í liðum A–C hér að ofan nægir samþykki einfalds meiri hluta eigenda miðað við hlutfallstölur á löglega boðuðum húsfundi.
E. Minni hluti eigenda, sem þó er a.m.k. ¼ hluti annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta, getur krafist þess:
1. Að stofnaður verði hússjóður til að standa straum af sameiginlegum útgjöldum, sbr. 49. gr.
2. Að endurskoðandi húsfélags skuli vera löggiltur endurskoðandi, sbr. 73. gr.
3. Að haldinn verði húsfundur um tiltekin málefni, sbr. 2. lið 1. mgr. 60. gr.

Komi fram kröfur um ofangreint frá tilskildum fjölda eigenda þá er húsfélaginu, öðrum eigendum og stjórn þess skylt að verða við þeim og framfylgja þeim.

46. gr. hljóðar svo:

Ef hagnýting séreignar eða breytt hagnýting eða búnaður í henni hefur í för með sér sérstök eða aukin sameiginleg útgjöld getur húsfundur ákveðið að eigandi hennar skuli greiða sem því nemur stærri hlut í sameiginlegum kostnaði en leiðir af reglum 45. gr.

Þá er einnig heimilt að víkja frá ákvæðum 45. gr. þegar um er að ræða hús sem hafa að einhverju leyti eða öllu að geyma húsnæði til annars en íbúðar, svo sem blandað íbúðar- og atvinnuhúsnæði eða atvinnuhúsnæði eingöngu.

Er heimild til frávika háð því að reglur 45. gr. um skiptingu kostnaðar eigi illa við og séu ósanngjarnar í garð eins eða fleiri eigenda. Er þá heimilt að byggja á öðrum reglum og sjónarmiðum við skiptingu sameiginlegs kostnaðar sem taka t.d. í ríkara mæli mið af mismunandi notum, gagni og hagnýtingu einstakra eigenda.

Ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. skal taka á húsfundi og þarf til þeirra samþykki ⅔ hluta eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta. Sé hinni nýju kostnaðarskiptingu ætlað almennt gildi og til frambúðar þá skal yfirlýsingu um hana þinglýst.

Ef eigandi sýnir fram á að kostnaðarskipting eftir fyrirmælum 45. gr. sé óeðlileg og ósanngjörn í hans garð og húsfélagsfundur sinnir ekki kröfu hans um leiðréttingu, sbr. 2.–4. mgr., eða ef ákvörðun fundar þar að lútandi leiðir til óviðunandi niðurstöðu getur eigandinn krafist ógildingar á kostnaðarskiptingunni og viðurkenningar á annarri sanngjarnari og eðlilegri á grundvelli þeirra sjónarmiða sem vísað er til í 3. mgr.

Eiganda ber að hafa uppi við húsfélagið mótmæli sín og kröfur skv. 5. mgr. strax og tilefni er til. Frestur til málshöfðunar er þrír mánuðir frá því að húsfélagið réð máli til lykta. Höfði eigandi ekki mál innan frestsins telst hann una ákvörðuninni og er bundinn við hana.

Málshöfðunarfrestur skv. 6. mgr. gildir ekki ef mál er höfðað af húsfélagi á hendur eiganda til heimtu hlutdeildar hans í umræddum kostnaði en í slíku máli getur eigandi komið að öllum sjónarmiðum sínum og kröfum sem lúta að kostnaðarskiptingunni enda þótt fresturinn kunni að vera liðinn.

51. gr. hljóðar svo:

Eigandi séreignar er ábyrgur gagnvart öðrum eigendum hússins og afnotahöfum vegna fjártjóns sem verður á eignum þeirra og stafar af:
1. Vanrækslu á viðhaldi séreignar, búnaði hennar og lögnum.
2. Mistökum við meðferð hennar og viðhald.
3. Bilun á búnaði séreignar og lögnum þótt eiganda verði ekki um það kennt.

Nær bótaskylda skv. 1. mgr. einnig til afleidds tjóns, svo sem afnotamissis.

74. gr. hljóðar svo:

Stjórn húsfélags skal semja og leggja fyrir húsfund til samþykktar, sbr. 1. tölul. C-liðar 41. gr., reglur um hagnýtingu sameignar og séreignar að því marki sem lög þessi leyfa.

Skulu reglur þessar, húsreglur, hafa að geyma sem ítarlegust ákvæði um sambýlishætti, umgengni og afnot sameignar og skiptingu afnota ef því er að skipta, allt eftir því sem við á og eðlilegt og haganlegt þykir að reglufesta í viðkomandi húsi.

Í húsreglum fjölbýlishúsa skal m.a. fjalla um neðangreind atriði:

1. Umgengni um sameign og um afnot hennar og hagnýtingu.
2. Bann við röskun á svefnfriði í húsinu a.m.k. frá miðnætti til kl. 7 að morgni og undanþágur frá því banni.
3. Skiptingu afnota sameiginlegs þvottahúss.
4. Hvernig þrifum sameignar og umhirðu lóðar skuli háttað og hverjar séu skyldur eigenda í því efni.
5. Reglur um hunda- og/eða kattahald sé það leyft, sbr. 13. tölul. A-liðar 41. gr.
6. Reglur um afnot sameiginlegra bílastæða.
7. Reglur um hagnýtingu séreigna að því marki sem unnt er.

77. gr. hljóðar svo:

Ef fyrir liggur þinglýstur samningur, samþykktir eða eignaskiptayfirlýsing, gerð fyrir gildistöku laga þessara sem hafa að geyma ákvæði er fara í bága við ófrávíkjanleg ákvæði laganna þá skulu slík samningsákvæði þoka fyrir ákvæðum laganna. Þetta gildir þó ekki um samninga um fjöleignarhús sem hafa eingöngu að geyma atvinnustarfsemi, sbr. 2. mgr. 2. gr.

82. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 59 31. maí 1976, um fjölbýlishús, og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Skulu húsfélög fyrir ofangreindan gildistökudag breyta þeim atriðum sem ákvæði laga þessara gera nauðsynlegt, svo sem varðandi skiptingu sameiginlegs kostnaðar, hússjóðsgjöld o.fl.

792. Frumvarp til laga [156. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Eftir 2. umr., 21. mars.)

1. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

793. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993.

(Eftir 2. umr., 21. mars.)

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins og skal þess gætt að þeir hafi ekki beinna og verulegra hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi sem lögin taka til. Samkeppnisráð setur sér reglur um málsmeðferð.

2. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Skrifleg kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála skal liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti.

3. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Almennir skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi, skulu vera á íslensku.

4. gr.

2. mgr. 50. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir 2. mgr. 6. gr. lýkur skipunartíma starfandi samkeppnisráðs við gildistöku laga þessara.

794. Frumvarp til laga [514. mál]

um breytingu á lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra að ákveða að allar leigubifreiðar í sveitarfélaginu í hverjum flokki fyrir sig, þ.e. fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hefur viðurkenningu sveitarstjórnar.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðuneytinu er heimilt eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra, hvort heldur um er að ræða félag fólksbifreiðastjóra, vörubifreiðastjóra eða sendibifreiðastjóra, að takmarka fjölda leigubifreiða á félagssvæðinu, enda komi til meðmæli þeirra sveitarstjórna og héraðsnefnda er félagssvæðið fellur undir. Stéttarfélag, sem sækir um takmörkun, verður að hafa innan sinna vébanda að lágmarki ¾ hluta þeirra bifreiðastjóra á viðkomandi sviði sem stunda leiguakstur á félagssvæðinu á eigin bifreiðum. Verði sveitarstjórnir og héraðsnefndir eigi sammála um hvort mæla skuli með takmörkun eða ekki eða þær greini á við hvaða bifreiðafjölda takmörkun skuli miða skal samgönguráðuneytið skera úr. Þar sem takmörkun er heimiluð skal hún ákveðin af ráðuneytinu með reglugerð og miðast við ákveðna hámarkstölu eða viðmiðun við íbúafjölda.

Komi til þess að meira en ¼ hluti atvinnuleyfishafa á viðkomandi félagssvæði standi utan stéttarfélagsins sem óskaði takmörkunar er ráðuneytinu heimilt að fella takmörkunina úr gildi innan sex mánaða.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Takmörkun á fjölda fólksbifreiða er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa sem umsjónarnefnd fólksbifreiða annast.

Takmörkun á fjölda sendibifreiða er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa sem umsjónarnefnd sendibifreiða annast. Skipan og starfssvið umsjónarnefndar sendibifreiða skal vera með sama hætti og umsjónarnefndar fólksbifreiða, sbr. 10. gr.

Takmörkun á fjölda vörubifreiða er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa sem umsjónarnefnd vörubifreiða annast. Nefndin skal skipuð þremur mönnum. Landssamband vörubifreiðastjóra tilnefnir einn nefndarmanna, annan tilnefnir Samband íslenskra sveitarfélaga og hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Sömu aðilar velja hver um sig einn varamann. Starfssvið umsjónarnefndar vörubifreiða skal vera með sama hætti og umsjónarnefndar fólksbifreiða, sbr. 10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um atvinnuleyfi til leiguaksturs sendibifreiða og vörubifreiða, úthlutun þeirra, nýtingu, brottfall og er heimilt að kveða á um að ákvæði IV. kafla laganna taki einnig til þeirra atvinnuleyfa.

Á þeim félagssvæðum stéttarfélaga bifreiðastjóra, þar sem takmörkun er í gildi, er öllum, sem eigi hafa atvinnuleyfi, bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á fólki eða vörum.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur er takmörkun hefst.

5. gr.

6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

5. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Umsjónarnefnd fólksbifreiða setur reglur um þessar undanþágur, en stéttarfélag fólksbifreiðastjóra annast framkvæmd þeirra.

7. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 6. málsl., svohljóðandi: Séu starfandi tvö eða fleiri stéttarfélög á svæðinu skulu þau tilnefna einn nefndarmanna sameiginlega. Ef samkomulag næst ekki skipar ráðherra fulltrúa þeirra án tilnefningar.

8. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Gjaldmælar skulu vera í öllum fólksbifreiðum og sendibifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs. Löggildingarstofan hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla.

9. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

10. gr.

2. og 3. mgr. 14. gr. laganna falla brott:

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Tilgangur þess er að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum til samræmis við niðurstöðu mannréttindadómstóls Evrópu vegna kæru Sigurðar Á. Sigurjónssonar leigubifreiðastjóra á hendur íslenska ríkinu. Dómurinn taldi ákvæði laga um leigubifreiðar nr. 77/1989, sem skylda leigubifreiðastjóra til að vera í einu og sama félagi þar sem takmörkun er í gildi, brjóta gegn mannréttindasáttmála Evrópu.

Markmið frumvarpsins er því að fella úr gildi lögbundna skylduaðild fólksbifreiðastjóra, vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra að stéttarfélögum sínum og bregðast við þeim aðstæðum sem af þessari breytingu getur leitt.

I. Aðdragandi að setningu laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

Við meðferð frumvarps til laga um leigubifreiðar á Alþingi árið 1989 gerði samgöngunefnd neðri deildar Alþingis sérstaka athugun á ákvæði 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins sem fjallaði um félagsskyldu þeirra bifreiðastjóra sem nytu takmörkunar. Í greinargerð með þessu ákvæði frumvarpsins segir:

„Með 1. mgr. er því slegið föstu að allir bifreiðastjórar, sem njóta takmörkunar, skuli vera í sama stéttarfélagi á sínu svæði. Þetta á að sjálfsögðu við hverja stétt fyrir sig, þ.e. fólksbifreiðastjóra, vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra. Þetta kemur annars vegar í veg fyrir að sama stéttin klofni í tvö eða fleiri stéttarfélög á sama svæði og hins vegar að einstakir bifreiðastjórar, sem takmörkunar njóta, geti staðið utan félags. Stéttarfélag á frumkvæði að því að takmörkun verði komið á, atbeina þess þarf til að framkvæma hana, og félagið hefur á hendi nauðsynlegt fyrirsvar fyrir stéttina gagnvart hinu opinbera. Því er óhjákvæmilegt að skylda alla bifreiðastjóra, sem njóta þessa skipulags, til að vera félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi á viðkomandi svæði, enda er hagsmunum þeirra sjálfra best borgið með þessum hætti. Ljóst er af nýgengnum dómi Hæstaréttar að reglugerðarákvæði dugir ekki til að skylda bifreiðastjóra til félagsaðildar. Þar þarf lagaákvæði að koma til svo örugglega sé um hnútana búið."

Samgöngunefndin leitaði álits lögfræðinga um efni þessarar greinar. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja ekki til breytingar á þessu ákvæði frá þeim texta sem upphaflega var í frumvarpinu. Sú niðurstaða byggði m.a. á nýgengnum dómi Hæstaréttar frá 15. desember 1988 og að nokkur dæmi af svipuðum toga eru í íslenskri löggjöf og má í því sambandi benda á 101. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, um vatnafélög, 44. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970, um veiðifélög, og 7. gr. laga um málflytjendur, nr. 61/1942, um Lögmannafélag Íslands.

Í dómi Hæstiréttar Íslands frá 15. desember 1988 var litið svo á að 73. gr. stjórnarskrárinnar hefði aðeins verið „ætlað að tryggja félagsstofnunina sem slíka en ekki rétt manna til að standa utan félaga". Í umræddum dómi kemur fram sú skýring Hæstaréttar á 73. gr. stjórnarskrár að ákvæðið verndi ekki svokallað neikvætt félagafrelsi, þ.e. rétt manna til að neita að vera í eða ganga í félag. Telur Hæstiréttur að umrætt ákvæði stjórnarskrár fari hvorki í bága við alþjóðasamninga um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem samþykktir voru á 21. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna né ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950. Í dóminum segir:

„Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að ósamræmi sé milli 73. gr. stjórnarskrárinnar og þeirra ákvæða alþjóðasamþykkta, er hann vísar til og rakin eru í héraðsdómi, og myndi enda ekki sjálfkrafa hagga settum stjórnarskrárákvæðum. Verður ekki fallist á þá skoðun áfrýjanda, að efni standi nú til að skýra þessa grein stjórnarskrárinnar svo, að hún mæli fyrir um rétt manna til að neita að ganga í félag eða að vera í félagi. Af þessu stjórnarskrárákvæði verður heldur ekki dregin sú ályktun, að óheimilt sé að gera félagsaðild að skilyrði atvinnuleyfis."

II. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Mannréttindasáttmáli Evrópu var gerður á vegum Evrópuráðsins og undirritaður af aðildarríkjum þess árið 1950. Ísland undirritaði árið 1953 fullgildingarskjal varðandi sáttmálann og hefur síðan fullgilt viðauka 1–8. Á grundvelli sáttmálans voru sett á stofn mannréttindanefnd Evrópu og mannréttindadómstóll Evrópu. Nefndin getur tekið við erindum m.a. frá einstaklingum sem halda því fram að samningsaðili hafi brotið á þeim réttindi sem verndar njóta samkvæmt samningnum. Takist ekki sátt í máli semur nefndin skýrslu um málið og lætur álit í ljós hvort um sé að ræða brot á skyldum samningsaðila. Einstaklingur getur ekki lagt mál fyrir dómstólinn heldur aðeins nefndin og samningsríki. Mannréttindanefndin annast flutning mála fyrir dómstólnum sem hún skýtur þangað.

Þann 25. júní 1992 gekk dómur á hendur íslenska ríkinu fyrir mannréttindadómstólnum þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að það hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt samningnum vegna kæru Þorgeirs Þorgeirssonar rithöfundar. Í framhaldi af því skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur um viðbrögð við dómnum. Í starfi sínu komst nefndin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að leggja til að sáttmálinn yrði lögtekinn hér á landi en sú niðurstaða var einkum byggð á því að lögfesting sáttmálans yrði til að auka réttaröryggi. Frumvarp þess efnis var lagt fram á Alþingi sl. haust en hefur ekki verið afgreitt.

III. Dómur mannréttindadómstóls Evrópu.

Þann 15. maí 1992 úrskurðaði mannréttindanefndin í nefndu máli og komst að þeirri niðurstöðu með 17 atkvæðum gegn 1 að félagsskylda kæranda að Bifreiðastjórafélaginu Frama fæli í sér brot gegn 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Með bréfi dags. 16. júlí 1992 tilkynnti nefndin dómsmálaráðuneytinu að hún hefði skotið málinu til dómstólsins og fór málflutningur fyrir dómstólnum fram í febrúar 1993.

Þann 30. júní sl. var kveðinn upp dómur hjá mannréttindadómstól Evrópu vegna kæru Sigurðar Á. Sigurjónssonar leigubílstjóra á hendur íslenska ríkinu. Dómstóllinn telur að ákvæði laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, sem skylda leigubifreiðastjóra á svæðum þar sem takmörkun er í gildi til að vera í félagi leigubifreiðastjóra, brjóti í bága við ákvæði 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um félagafrelsi þar sem ákvæðið verndar einnig rétt manna til að vera utan félags. Í forsendum dómsins kemur eftirfarandi fram:

Í 1. mgr. 11. gr. sáttmálans segir að menn hafi rétt til að mynda félög, þar á meðal stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum. Í ákvæðinu felst einnig réttur til að vera ekki í félagi, þ.e. svokallað neikvætt félagafrelsi og því fari ákvæði laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, sem kveða á um að til að fá eða halda atvinnuleyfi þurfi aðild að Frama, félagi leigubifreiðastjóra, gegn 1. mgr. 11. gr. sáttmálans. Jafnframt er vísað til ýmissa sáttmála og samþykkta alþjóðastofnana er vernda neikvæða félagafrelsið.

Í 2. mgr. 11. gr. sáttmálans er kveðið á um að réttur þessi skuli ekki háður öðrum takmörkunum en lög mæli fyrir um og nauðsyn beri til í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla til að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilbrigði eða siðgæði eða réttindum eða frelsi annarra. Dómurinn telur að skylduaðild að Frama hafi verið komið á með lögum og ætlunin hafi verið að vernda réttindi annarra bílstjóra en dregið verði í efa hvort nauðsyn hafi borið til að kveða á um skylduaðild þegar borið sé saman annars vegar réttindamissir og þvingun kæranda og hins vegar hagsmunir tengdum hlutverki Frama við framkvæmd og eftirlit með leiguakstri.

IV. Helstu breytingar með frumvarpinu.

— Gerðar eru nauðsynlegar breytingar í framhaldi af dómi mannréttindadómstóls Evrópu og afnumin skylda bifreiðastjóra til að vera í einu og sama stéttarfélagi á þeim svæðum þar sem heimiluð hefur verið takmörkun á fjölda bifreiða sem nota á til leiguaksturs.
— Í stað þess að takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða á einstökum félagssvæðum sé framkvæmd af félögunum sjálfum verður hún framkvæmd af sérstökum umsjónarnefndum. Miðað er við að sett verði á fót ein umsjónarnefnd vörubifreiða fyrir landið allt og að umsjónarnefnd sendibifreiða verði á hverju svæði þar sem takmörkun hefur verið heimiluð.
— Gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að fella takmörkun úr gildi ef meira en ¼ hluti atvinnuleyfishafa á viðkomandi félagssvæði ganga úr stéttarfélaginu sem óskaði takmörkunar, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

V. Brottfall leyfis vegna aldurs.

Undanfarin ár hefur átt sér stað umræða um hvort og við hvaða aldursmark atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs eigi að falla brott. Það fyrirkomulag sem nú ríkir og byggir á útgáfu atvinnuleyfa hefur staðið frá árinu 1955 og er fjöldi atvinnuleyfa á höfuðborgarsvæðinu bundinn við 570 atvinnuleyfi. Miðað er við að hver einstaklingur hafi eitt atvinnuleyfi og aki sjálfur eigin bifreið. Segja má að hver og einn leyfishafi hafi einhvers konar einkaleyfi til að bjóða upp á þessa þjónustu. Samhliða þessu einkaleyfi eða starfsvernd hefur löggjafinn talið sér rétt og skylt að gæta einnig hagsmuna og réttar þeirra sem þjónustuna nota þannig að þjónustan verði eftir sem áður góð og örugg, jafnframt því að tryggja eðlilega endurnýjun í stéttinni.

Almenningur á þá kröfu að þeir sem slíkt einkaleyfi hafa séu góðir, hæfir og fullfrískir ökumenn og geti þjónustað viðskiptavininn, t.d. borið ferðatöskur og annan farangur. Í ljósi þessa og fjölda kvartana á sínum tíma gerði ráðuneytið það að tillögu sinni að kveða á um 75 ára aldurshámark leyfishafa til leigubifreiðaaksturs í frumvarpi til laga um leigubifreiðar sem lagt var fram á Alþingi vorið 1989. Í meðferð frumvarpsins á Alþingi var hámarksaldurinn lækkaður í 71 ár, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

Með lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, sem tóku gildi 1. júlí 1989, var í fyrsta sinn kveðið á um í lögum að atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs félli niður við ákveðinn hámarksaldur leyfishafa. Ákvæði þessa efnis hafði áður verið í 16. gr. reglugerðar nr. 293/1985 um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík en skv. 19. gr. hennar var gildistöku ákvæðisins um aldurshámark frestað um þrjú ár frá gildistöku reglugerðarinnar og kom það fyrst til framkvæmda 1. júlí 1988. Þá áttu leyfishafar sem orðnir voru 75 ára að leggja inn atvinnuleyfi sín.

Þrír leigubifreiðastjórar, sem gert var að leggja inn atvinnuleyfi sín í samræmi við þessa reglu, töldu ákvæðið ekki hafa lagastoð og báru fram kvörtun við umboðsmann Alþingis. Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu að ofannefnt ákvæði reglugerðar um hámarksaldur hafi ekki átt sér viðhlítandi lagastoð þannig að því verði beitt gagnvart leyfishöfum sem höfðu leyfi við gildistöku ákvæðisins. Jafnframt sagði umboðsmaður í áliti sínu: „... ég tel ástæðu til að lög um leigubifreiðaakstur verði tekin til rækilegrar endurskoðunar í heild. Í þeirri endurskoðun verði meðal annars fjallað um það hvaða skilyrðum menn verði að fullnægja til að geta fengið og haldið leyfum til leigubifreiðaaksturs og um nýtingu slíkra atvinnuleyfa“. Í framhaldi af niðurstöðu um-

boðsmanns Alþingis var hafist handa við heildarendurskoðun laga um leigubifreiðar. Frumvarp þess efnis var lagt fram í ársbyrjun 1989 og varð að lögum 1. júní 1989 sem tóku gildi 1. júlí 1989.

Einn leigubifreiðastjóri, sem gert var að leggja inn atvinnuleyfi sitt í samræmi við ákvæði laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, höfðaði mál á hendur samgönguráðherra og byggði á því að með því að svipta sig atvinnuleyfinu vegna aldurs á grundvelli laga og reglugerða um leigubifreiðar sé brotinn á honum réttur sem honum beri samkvæmt stjórnskipulegri jafnræðisreglu. Hann taldi sig beittan ójafnræði eða misrétti sem fælist annars vegar í því að bifreiðastjórar sendi-, vöru- og langferðabifreiða séu ekki háðir sams konar ákvæðum um aldurshámark og hins vegar ekki heldur þeir bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur á fólksbifreiðum á þeim svæðum þar sem fjöldi leigubifreiða til fólksflutninga hefur ekki verið takmarkaður. Hæstiréttur Íslands kvað upp dóm sinn í málinu 3. júní 1993. Í forsendum dómsins er staðfest það mat héraðsdómara að til grundvallar ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1989 um aldursmark bifreiðastjóra leigubifreiða til fólksflutninga liggi almenn og hlutlæg sjónarmið og gætt hafi verið jafnræðis við setningu laganna þar sem þau ná til allra sem eins eru settir. Brytu lögin því ekki jafnræðisreglu íslensks stjórnskipunarréttar.

Í frumvarpi þessu eru ekki gerðar breytingar á gildandi ákvæðum laganna um aldurshámark leyfishafa en skv. 1. mgr. 9. gr. laganna fellur atvinnuleyfið úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eina breytingin sem hér er gerð er að í stað bæjarstjórnar kemur sveitarstjórn. Með þessu er greinin samræmd 2. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Það hefur verið meginefni laga um leigubifreiðar að fjalla um heimildir til að takmarka fjölda leigubifreiða á félagssvæðum viðkomandi stéttarfélaga bifreiðastjóra en þetta á við um fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar. Þróun mála hefur orðið misjöfn eftir því um hvaða flokk bifreiða er að ræða.

Vöru- og sendibifreiðar:

Vörubifreiðastjórar hafa í flestum tilvikum notið takmörkunar og skv. 7. gr. reglugerðar nr. 121/1990 um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, hefur takmörkun verið ákveðin á félagssvæðum 28 vörubifreiðastjórafélaga.

Sendibifreiðastjórar hafa í mjög fáum tilvikum notið takmörkunar þar sem stéttarfélög þeirra hafa yfirleitt ekki óskað eftir takmörkun. Þó njóta þrjú félög sendibifreiðastjóra takmörkunar en það er á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Vestmannaeyjum, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 121/1990.

Í takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða felst að öllum utanfélagsmönnum hefur verið bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á vörum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989. Takmörkunin hefur verið framkvæmd með þeim hætti að í reglugerð er ákveðin hámarkstala vörubifreiða og sendibifreiða á viðkomandi félagssvæði. Nýir félagar hafa síðan verið teknir inn í stað þeirra sem hætta störfum og félagið auglýst eftir umsóknum um félagsréttindi til að fylla töluna á ný, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 121/1990. Það eru því félögin sjálf sem ráðið hafa hverjir bætast við í stéttina og öðl-

ast rétt til að stunda leiguakstur á þess sviði. Sú starfsvernd sem vörubifreiðastjórar hafa notið á grundvelli þessara laga og reglna hefur aðeins verið bundin við leiguakstur á vörubílum af hefðbundinni gerð og tekur ekki til verktakastarfsemi á sviði flutninga.

Í frumvarpi þessu er miðað við að sama fyrirkomulag verði áfram í málefnum vöru- og sendibifreiðastjóra. Hins vegar verður framkvæmd takmörkunar ekki lengur á hendi viðkomandi stéttarfélags þar sem bifreiðastjórum er hér eftir heimilt að stofna ný félög eða standa utan félaga. Miðað er við að taka upp sama hátt og við takmörkun á fjölda fólksbifreiða og að skipaðar verði sérstakar umsjónarnefndir sem annist útgáfu atvinnuleyfa, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Í þeim tilvikum er félag sækir um takmörkun á fjölda bifreiða eftir að breytingar samkvæmt frumvarpi þessu er gengnar í garð verður það félag að hafa innan sinna vébanda að minnsta kosti ¾ hluta þeirra bifreiðastjóra á viðkomandi sviði sem stunda leiguakstur á félagssvæðinu á eigin bifreiðum.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að fella takmörkun úr gildi ef meira en ¼ hluti atvinnuleyfishafa á viðkomandi félagssvæði ganga úr stéttarfélaginu sem óskaði takmörkunar.

Fólksbifreiðar:

Fjöldi fólksbifreiða er nú takmarkaður á fimm stöðum á landinu, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Ísafirði og Selfossi. Takmörkun er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa til einstakra leigubifreiðastjóra sem sérstakar umsjónarnefndir annast. Þetta atvinnuleyfakerfi hefur nú staðið í áratugi og er orðið mjög fast í sessi. Til þess að koma þessu takmörkunarkerfi á þurfti í upphafi að liggja fyrir beiðni frá viðkomandi stéttarfélagi síðan þurfti atbeina félagsins til þess að halda kerfinu við. Jafnframt var til þess ætlast að allir atvinnuleyfishafar á viðkomandi félagssvæði væru meðlimir félagsins og að lokum var félagsaðildin lögbundin. Með því átti meðal annars að tryggja að félagið væri í fyrirsvari fyrir alla stéttina.

Eftir brottfall skylduaðildar er engin trygging fyrir því að meiri hluti atvinnuleyfishafa verði félagsmenn í stéttarfélaginu sem bað um takmörkunina og annast hefur framkvæmd hennar að hluta. Til þess að halda takmörkunarkerfi við á tilteknu svæði, breyta því eða fella það niður er óhjákvæmilegt að þekkja vilja stéttarinnar sem á hlut að máli. Það verður ekki gert nema að verulegur hluti atvinnuleyfishafa á svæðinu séu félagar í stéttarfélaginu. Því er lagt til í frumvarpinu, auk afnáms skylduaðildar, að heimilt sé að fella takmörkun á fjölda bifreiða úr gildi ef meira en fjórðungur atvinnuleyfishafa kýs að standa utan félagsins sem óskaði takmörkunar.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 77/1989 verði felld brott en það kveður á um skyldu bifreiðastjóra í sömu grein til að vera í einu og sama stéttarfélagi. Þessi skylda hefur aðeins náð til bifreiðastjóra í hverjum flokki bifreiða á þeim svæðum þar sem takmörkun er í gildi. Í gildi er takmörkun á félagssvæðum fimm fólksbifreiðastjórafélaga, 28 vörubifreiðastjórafélaga og þriggja sendibifreiðastjórafélaga. Bifreiðastjórum á þeim svæðum þar sem takmörkun á fjölda bifreiða, sem notaðar eru til leiguaksturs, verður áfram í gildi er heimilt hér eftir að ganga úr félaginu sem bað um takmörkun og vera utan félags eða stofna nýtt félag.

Framkvæmd takmörkunar á fjölda bifreiða verður hér eftir með sama hætti hjá öllum leigubifreiðum. Gefin verða út atvinnuleyfi til leiguaksturs á vörubifreiðum og sendibifreiðum og til að annast útgáfu þeirra verður skipuð umsjónarnefnd vörubifreiða og sendibifreiða á sama hátt og verið hefur við framkvæmd takmörkunar á fjölda fólksbifreiða, sbr. 10. gr. laganna.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins skal skipa umsjónarnefnd sendibifreiða á þeim svæðum þar sem takmörkun hefur verið ákveðin. Skipan hennar og starfssvið skal vera með sama hætti og umsjónarnefndar fólksbifreiða skv. 10. gr. laganna. Nefndin er skipuð þremur mönnum, þar af skal einn tilnefndur af stéttarfélagi eða stéttarfélögum sendibifreiðastjóra sameiginlega.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins skal skipa eina umsjónarnefnd vörubifreiða fyrir landið allt sem annast m.a. útgáfu atvinnuleyfa á þeim svæðum þar sem takmörkun hefur verið ákveðin. Nefndin skal vera þriggja manna, einn frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og formann hennar skipar ráðherra án tilnefningar. Starfssvið hennar er að öðru leyti með sama hætti og umsjónarnefndar fólksbifreiða skv. 10. gr. laganna.

Um 4. gr.

Þessi grein er samhljóða núgildandi 6. gr. að öðru leyti en því að afnumið er skilyrðið um að vera fullgildur félagi í hlutaðeigandi stéttarfélagi þá er takmörkun hefst. Slíkt skilyrði á sér ekki lengur lagastoð þar sem ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna um félagsskyldu er afnumið með 3. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í 8. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, eru talin upp þau skilyrði sem fullnægja þarf til að geta öðlast atvinnuleyfi. Eitt þessara skilyrða er að vera félagsmaður í hlutaðeigandi stéttarfélagi fólksbifreiðastjóra eða hafa sótt um inngöngu í það, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Hér er lagt til að þetta skilyrði verði afnumið, enda er í 3. gr. frumvarpsins afnumin skylda til að vera í félagi fólksbifreiðastjóra þar sem takmörkun er í gildi.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að umsjónarnefnd fólksbifreiða setji reglur um undanþágurnar en stéttarfélög fólksbifreiðastjóra annist framkvæmd þeirra. Jafnframt hafa bifreiðastöðvar eftirlit með að reglum þessum sé fylgt, sbr. 3. gr. laganna.

Um 7. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fleiri en eitt félag geti verið starfandi á svæðum þar sem takmörkun á fjölda fólksbifreiða hefur verið heimiluð. Hér er miðað við að þegar svo háttar tilnefni félögin einn nefndarmanna sameiginlega. Takist ekki samkomulag þeirra í milli skipar ráðherra fulltrúa þeirra án tilnefningar. Þessi háttur hefur verið hafður á Suðurnesjum en þar hafa um nokkur ár verið starfandi tvö félög, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 77/1989.

Um 8. gr.

Samkvæmt 11. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, eiga lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, að hafa eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla. Eftir að lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989, tóku gildi hafa verið sett lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, en skv. 5. gr. þeirra er skylt að löggilda öll mælitæki sem notuð eru hér á landi til að mæla stærðir sem hafa áhrif á verð eða afgjald í hvers konar viðskiptum með vöru og þjónustu og skatt- og gjaldstofna. Það er Löggildingarstofan sem löggildir mælitæki, hefur eftirlit með mælitækjum, löggildir vigtarmenn og sér að öðru leyti um að lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sé framfylgt, sbr. 15. gr. laga nr. 100/1992.

Með 8. gr. frumvarpsins er efni 11. gr. fært til samræmis við lög um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og Löggildingarstofunni fengið það hlutverk að löggilda og hafa eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla í fólksbifreiðum og sendibifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, er við það miðað að samgönguráðuneyti setji tvær reglugerðir á grundvelli laganna, annars vegar um fólksbifreiðar og hins vegar um vörubifreiðar og sendibifreiðar. Áður voru settar reglugerðir fyrir hvert félagssvæði fyrir sig í hverjum flokki bifreiða.

Með 8. gr. reglugerðar nr. 308/1989 um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, var kveðið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða á félagssvæðum fimm bifreiðastjórafélaga, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Ísafirði og Selfossi. Reglugerðin leysti af hólmi 21 reglugerð sem gilti fyrir hvert svæði og felld var niður takmörkun á fjölda leigubifreiða á Akranesi, Sauðárkróki, Seyðisfirði, Neskaupstað, Hveragerði, Vestmannaeyjum og Grindavík. Ástæðan fyrir því að takmörkun var ekki heimiluð á þessum svæðum var að ráðuneytið setti sér þá starfsreglu að heimila ekki takmörkun nema fjöldi bifreiða væri a.m.k. sjö.

Með 7. og 8. gr. reglugerð nr. 307/1989, ásamt síðari breytingum, um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra var kveðið á um takmörkun á fjölda vörubifreiða á félagssvæðum 28 vörubifreiðastjórafélaga og þriggja sendibifreiðastjórafélaga. Reglugerðin leysti af hólmi 38 reglugerðir sem giltu fyrir hvert svæði vöru- og sendibifreiðastjórafélaga.

Með hliðsjón af því að í 3. gr. frumvarpsins er miðað við að takmörkun verði framkvæmd með svipuðum hætti í hverjum flokki bifreiða fyrir sig og þykja ekki efni til að hafa sérstaka reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar sem notaðar eru til leiguaksturs heldur verði heimilt að gefa út eina reglugerð fyrir allar leigubifreiðar.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að felldar verði niður tvær málsgreinar í 14. gr. þar sem þær eiga ekki lengur við.

Í 2. mgr. 14. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr., sem fjallar skyldu til að vera í einu og sama félagi þar sem takmörkun er í gildi, sé ráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæðinu þar sem önnur tilhögun hefur tíðkast. Ákvæði þetta var sett vegna þess að á Suðurnesjum, en þar var takmörkun í gildi, hafði verið stofnað nýtt félag og því starfandi tvö félög á svæðinu. Í 3. gr. frumvarpsins er 1. mgr. 5. gr. laganna, sem fjallar um félagsskyldu, felld niður og þjónar þessi undanþáguheimild því ekki neinum tilgangi lengur.

Í 3. mgr. 14. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 8. gr. skuli launþegar í leigubifreiðastjórastétt hafa forgang við veitingu atvinnuleyfa næstu þrjú ár frá gildistöku laganna. Lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989, tóku gildi 1. júlí 1989 og rann forgangsréttur launþeganna því út 1. júlí 1992 og er því eðlilegt að fella ákvæðið brott úr lögum.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lögum um leigubifreiðar.

Með frumvarpinu eru stofnaðar tvær nefndir, umsjónarnefnd sendibifreiða og umsjónarnefnd vörubifreiða. Tilgangur þeirra er að annast framkvæmd fjöldatakmarkana á sendibifreiðum og vörubifreiðum á sama hátt og umsjónarnefnd fólksbifreiða hefur annast framkvæmd fjöldatakmarkana á fólksbifreiðum.

Kostnaður við umsjónarnefnd fólksbifreiða er um 1½ m.kr. á ári. Því má gera ráð fyrir að frumvarp þetta feli í sér um 3 m.kr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð á ári hverju.

795. Fyrirspurn [515. mál]

til forsætisráðherra um álitsgerðir frá stofnunum Háskóla Íslands.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margar álitsgerðir, kannanir eða úttektir hafa ráðuneyti Stjórnarráðs Íslands falið eftirtöldum stofnunum Háskóla Íslands að vinna á þessu kjörtímabili:
   a. Félagsvísindastofnun,
   b. Lagastofnun,
   c. Sjávarútvegsstofnun,
   d. Siðfræðistofnun,
   e. Hagfræðistofnun,
   f. öðrum stofnunum Háskóla Íslands?
2. Hvaða álitsgerðir, kannanir eða úttektir hafa verið unnar fyrir ráðuneytin af stofnunum Háskóla Íslands, hverjir unnu þær og hvað hefur verið greitt fyrir þær í einstökum tilfellum?

Skriflegt svar óskast.

796. Fyrirspurn [516. mál]

til dómsmálaráðherra um fyrirhugað Hæstaréttarhús.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða forsendur lágu að baki þegar stærð fyrirhugaðs Hæstaréttarhúss var ákveðin varðandi:
   a. fjölda hæstaréttardómara, aðstoðarmanna þeirra og annars starfsfólks,
   b. framtíðarskipan Hæstaréttar,
   c. þörf Hæstaréttar fyrir húsnæði?
2. Hver eða hverjir mörkuðu þá stefnu sem lesa má út úr stærð og herbergjaskipan fyrirhugaðs Hæstaréttarhúss?

797. Fyrirspurn [517. mál]

til dómsmálaráðherra um framtíðarskipan Hæstaréttar.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi framtíðarskipan Hæstaréttar?

798. Fyrirspurn [518. mál]

til menntamálaráðherra um endurbætur á Þjóðminjasafninu.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu miklu fé hefur verið varið til endurbóta á Þjóðminjasafninu frá því að viðgerð þess hófst og hvað hefur verið gert?
2. Hvaða skýring er á því að samningnum var rift við þær arkitekta- og verkfræðistofur sem undirbjuggu áætlanir um viðgerðir á Þjóðminjasafninu og önnuðust þær?
3. Hvað hafði arkitekta- og verkfræðistofunum verið greitt mikið fé áður en samningum var rift og hvað hafa þær fengið miklar skaðabætur hvor um sig?
4. Eftir hvaða áætlun er nú unnið að viðgerðum við Þjóðminjasafnið og hvaða aðilar hafa verið ráðnir til að annast þær í stað þeirra sem samningum var rift við?

799. Fjáraukalög [68. mál]

fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991.

(Afgreidd frá Alþingi 22. mars.)

Samhljóða þskj. 71.

800. Fjáraukalög [67. mál]

fyrir árið 1992, sbr. lög nr. 118/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 22. mars.)

Samhljóða þskj. 70.

801. Lög [156. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Afgreidd frá Alþingi 22. mars.)

Samhljóða þskj. 792.

802. Lög [239. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993.

(Afgreidd frá Alþingi 22. mars.)

Samhljóða þskj. 793.

803. Frumvarp til laga [287. mál]

um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

(Eftir 2. umr., 22. mars.)

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja bændum og öðrum notendum fullnægjandi vöru í samræmi við vörulýsingar og kröfur til landbúnaðarafurða um hollustuhætti.

2. gr.

Lög þessi gilda um eftirlit með framleiðslu, geymslu og sölu á fóðri sem ætlað er búfé sem haldið er til matvælaframleiðslu og sölufóðri annarra dýra, svo og alla sáðvöru, tilbúinn áburð og önnur jarðvegsbætandi efni.

3. gr.

Eftirlit með þeim vörum, sem lög þessi taka til, skal vera undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Skal það nefnast aðfangaeftirlit og skipar ráðherra forstöðumann þess sem hefur á hendi umsjón með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

Til aðstoðar aðfangaeftirlitinu skipar landbúnaðarráðherra tvær nefndir til fjögurra ára í senn sem hafa það hlutverk að vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum:

1. *Fóðurnefnd,* skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum tilnefndum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og dýralækni tilnefndum af yfirdýralækni. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.
2. *Sáðvöru- og áburðarnefnd,* skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum tilnefndum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og einum skipuðum af landbúnaðarráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

II. KAFLI
Aðfangaeftirlit.

4. gr.

Aðfangaeftirlitið skal halda skrá yfir þá aðila sem framleiða hér á landi eða flytja inn þær vörur sem lög þessi taka til. Óheimilt er að skrá framleiðanda eða innflutningsaðila sem ekki sýnir fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem tilkynnt er um.

5. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða pakka hér á landi vörum sem lög þessi taka til nema tilkynna þær fyrst og láta skrá hjá aðfangaeftirlitinu sem staðfestir skráningu vörunnar. Aðfangaeftirlitið skal aðeins skrá vörur er þeim hefur verið lýst á fullnægjandi hátt.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að höfðu samráði við sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, hvaða upplýsingar skylt er að láta fylgja vörum sem lög þessi ná yfir. Enn fremur skal kveðið á um merkingar og lýsingu á notkun einstakra vöruflokka.

6. gr.

Aðfangaeftirlitið skal með sýnatökum fylgjast með að vörur þær, sem skráðar hafa verið, séu í samræmi við gildandi vörulýsingar. Aðfangaeftirlitið skal hafa aðgang að eftirlitsskyldum vörum hvar og hvenær sem þess er óskað. Kaupandi vöru getur óskað eftir því að fram fari sérstök athugun á vegum aðfangaeftirlitsins vegna gruns um að varan sé ófullnægjandi. Kostnað af ítrekuðum tilefnislausum rannsóknum greiðir kaupandi samkvæmt reikningi.

Komi í ljós að vara uppfylli ekki uppgefnar vörulýsingar getur aðfangaeftirlitið krafist stöðvunar á dreifingu og sölu vörunnar.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um sýnatöku og önnur atriði er varða framkvæmd aðfangaeftirlitsins, svo og ákvæði um merkingar vöru og pökkun hennar og ákvæði um hámark óæskilegra efna eða bann við notkun þeirra.

III. KAFLI

Eftirlitssjóður.

8. gr.

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd aðfangaeftirlitsins skal innheimta eftirlitsgjald sem miða skal við raunkostnað við eftirlit með vörum þeim sem lög þessi ná til. Sértækt eftirlitsgjald skal greiða eftir reikningi.

Eftirlitsgjald af innfluttum vörum skal innheimt við tollafgreiðslu vörunnar. Af innlendri framleiðslu skal greiða gjaldið samkvæmt söluskýrslum sem skila ber tvisvar á ári. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu á eftirlitsgjöldum, upphæð þeirra, álagningu, gjalddaga og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna. Eftirlitsgjöld má taka fjárnámi.

IV. KAFLI

Refsiákvæði, gildistaka o.fl.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53 16. maí 1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur, og lög nr. 106 28. desember 1992, um breytingu á þeim lögum.

804. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem miðar að því að tryggja að sameining sveitarfélaga raski ekki núverandi fyrirkomulagi fjallskiladeilda og upprekstrar á einstaka afrétti nema sveitarfélög semji á annan veg. Nefndinni bárust umsagnir frá héraðsnefndum Múlasýslna, Suðurnesja, Árnesinga, Borgarfjarðarsýslu, Vestur-Húnavatnssýslu og Dalasýslu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.
Einar K. Guðfinnsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. mars 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Ragnar Arnalds.	Guðni Ágústsson.
Eggert Haukdal.		Árni M. Mathiesen.

805. Nefndarálit [412. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur annars vegar í sér nokkrar minni háttar breytingar á lögum um Kennaraháskóla Íslands varðandi kjör rektors, verksvið deildarráðs og skólaráðs, stöðu- og embættisveitingar og að kveðið verði á um skipan kennaranáms í reglugerð en ekki í lögum eins og nú er. Þessar breytingar eru gerðar að ósk skólaráðs Kennaraháskóla Íslands. Hins vegar felur frumvarpið í sér frestun á gildistöku ákvæða er mæla fyrir um lengingu almenns kennaranáms úr þremur árum í fjögur ár.

Nefndin fékk á fund sinn um málið Stefán Stefánsson, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, Þóri Ólafsson, rektor Kennaraháskóla Íslands, Vigdísi Jóhannsdóttur, fulltrúa nemenda í skólaráði Kennaraháskóla Íslands, Svanhildi Kaaber, formann Kennarasambands Íslands, Birnu Sigurjónsdóttur, formann skólamálaráðs Kennarasambands Íslands, og Elnu Katrínu Jónsdóttur, formann Hins íslenska kennarafélags.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að tekið verði fram í 3. gr. frumvarpsins að við smíði reglugerðar um skipan almenns kennaranáms skuli liggja fyrir tillögur skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Björn Bjarnason ritar undir með fyrirvara varðandi þá skipan sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins um stöðu- og embættisveitingar.

Alþingi, 22. mars 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Árni Johnsen.	Petrína Baldursdóttir.
Björn Bjarnason, með fyrirvara.		Tómas Ingi Olrich.

806. Breytingartillaga [412. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, ÁJ, PBald, BBj, TIO).

Við 2. mgr. 3. gr. bætist: að fenginni tillögu skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

807. Svar [479. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

1. Af fjárlagaliðnum Opinberar heimsóknir eru greiddar ferðir forseta Íslands og fylgdarliðs til útlanda í opinberum erindagjörðum, auk ferða sem farnar eru í tengslum við undirbúning opinberra heimsókna. Aðrar ferðir eru nú greiddar af útgjaldaheimildum skrifstofu forseta Íslands.

2. Forsætisráðuneytið hefur í samvinnu við fjármálaráðuneytið og embætti húsameistara haft forgöngu um átak í innheimtu útistandandi skulda embættisins og hefur það skilað verulegum árangri. Eldri reikningar hafa innheimst vel og hluti nokkurra reikninga hefur verið afskrifaður í samráði við Ríkisendurskoðun, en þar er ekki um háar fjárhæðir að ræða. Innheimtu reikninga hefur nú verið breytt þannig að reikningar eru sendir út fyrr og tíðar en áður, auk þess sem vaxtareikningur var tekinn upp á gjaldföllnum reikningum miðað við síðustu áramót.

808. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Í meðförum nefndarinnar voru gerðar breytingar á frumvarpinu og bætt við tveimur efnisatriðum. Annars vegar er lagt til að breyta lánstíma 20% láns við kaup á almennri kaupleiguíbúð úr fimm árum í 25 og hins vegar er lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða sem heimili frestun á greiðslum á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins og fasteignaveðbréfum húsbréfadeildar þegar svo stendur á sem tilgreint er í breytingartillögunni. Báðar þessar breytingar eru til bóta og tekist hefur samstaða um þær í nefndinni. Þó þykir rétt að fara nokkrum orðum um þessi tvö efnisatriði.

Alllangt er síðan í ljós kom að gildandi lagaákvæði um almennar kaupleiguíbúðir torveldaði mjög sölu á þeim. Þar var sér í lagi þrándur í götu að lánuð eru 90% kaupverðsins í tveimur lánum í stað eins í félagslega kaupleigukerfinu og er annað lánið 70% kaupverðsins til 43 ára en hitt nemur 20% kaupverðs og er einungis til fimm ára. Þetta fyrirkomulag leiðir af sér afar háa greiðslubyrði þann tíma sem verið er að greiða niður 20% lánið og hefur reynst fjölmörgum ofviða.

Fyrir rúmu ári, eða nánar tiltekið 18. febrúar 1993, samþykkti húsnæðismálastjórn að leita eftir því við félagsmálaráðherra og félagsmálanefnd að þessu yrði breytt þannig að lánið yrði eitt lán til 43 ára sem svarar til 90% af kaupverði. Tillagan hlaut ekki undirtektir þá og var reyndar felld á síðasta þingi við afgreiðslu á stjórnarfrumvarpi um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þá gerði stjórnskipuð nefnd sömu tillögu í maí sl. en henni var falið að meta reynsluna af framkvæmd laga nr. 70/1990, um félagslegar íbúðir, og koma með tillögur til úrbóta. Vísast til skýrslu nefndarinnar til frekari upplýsinga. Það er fagnaðarefni að samstaða hafi nú loks náðst um að breyta þessu ákvæði laganna þótt breytingartillaga nefndarinnar gangi skemur en áðurnefndar tillögur og því greiðslubyrði af lánum hærri en þær tillögur gera ráð fyrir.

Samkvæmt upplýsingum, sem minni hlutinn hefur aflað sér, munu almennar kaupleiguíbúðir vera um 380, þar af eru um 200 í leigu. Mun auðveldara verður fyrir leigjanda að festa kaup á íbúð eftir umræddda breytingu á lögunum en nú er. Þá hafa um 180 íbúðir verið seldar og þar af eru um 120 með fimm ára láni. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í breytingartillögunni gefst eigendum þeirra íbúða kostur á að breyta fimm ára láninu í 25 ára lán.

Hvað hitt efnisatriðið varðar, frestunarákvæðið á greiðslum hjá einstökum lánþegum á lánum í Byggingarsjóð ríkisins og fasteignaveðbréfum húsbréfadeildar, er nauðsynlegt að undirstrika að af hálfu félagsmálaráðherra, sem óskaði eftir þessari breytingu, er ákvæðið túlkað þannig að það takmarkist við þá sem sótt hafa um skuldbreytingarlán samkvæmt reglugerð nr. 414/1993 og verið synjað. Hér er um afar afmarkaðan hóp að ræða. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins frá 27. janúar sl. gæti ákvæðið átt við 27 umsækjendur af 280 sem þá höfðu sótt um. Frestun afborgana og vaxta af lánum þeirra var áætluð vera um 8,3 millj. kr. á ári.

Í minnisblaði félagsmálaráðuneytisins, sjá fskj. IV, dags. 21. mars 1994, er ekki lagt mat á það hve margir mundu falla undir ákvæðið um frestun greiðslu né hve hárri upphæð á ári yrði varið til slíkrar frestunar, einungis sagt að ef 100 einstaklingar ættu kost á frestun á greiðslu yrði innheimta stofnunarinnar um 23 millj. kr. minni en ella. Samkvæmt þessu gerir félagsmálaráðuneytið ráð fyrir að meðalupphæð sem frestast mundi hjá lántakanda yrði um fjórðungi lægri en Húsnæðisstofnun áætlar.

Þrátt fyrir þennan mun á áætlunum er ljóst að í báðum tilvikum er verið að tala um lágar upphæðir og úrlausn fyrir fáa. Nauðsynlegt er að enginn misskilningur sé á ferðinni um þetta atriði. Því er á engan hátt ætlað að leysa úr vandræðum þeirra fjölmörgu sem eru í vanskilum með lán sín til húsnæðiskaupa. Um síðustu áramót voru um 15.700 greiðendur í vanskilum við Húsnæðisstofnun ríkisins og námu vanskil samtals um 2.488 millj. kr. Þar af voru um 5.000 greiðendur með um 1.289 millj. kr. vanskil frá 1. ágúst 1993 og eldri.

Í nóvember sl. voru í Byggingarsjóði verkamanna einum um 500 greiðendur með meira en 200 þús. kr. í vanskilum hver og nam vanskilaupphæðin samtals um 320 millj. kr. Er þá gjalddaginn 1. nóvember ekki talinn með. Til samanburðar má nefna að innheimtar afborganir og vextir á þessu ári verða 780 millj. kr. Þá námu vanskil við húsbréfadeild 1.052 millj. kr. um síðustu áramót og greinilegt er að innheimta fer versnandi. Því til stuðnings má nefna innheimtu á gjalddaga 15. desember ár hvert. Í lok janúar 1991 höfðu innheimst 81,3% af gjalddaga 15. desember 1990. Ári síðar, í lok janúar 1992, höfðu innheimst 70% af gjalddaganum 15. desember 1991. Í janúar 1993 var innheimtuhlutfallið 64,6% og í janúarlok 1994 var það komið niður í 61,2%. Svipuð þróun hefur orðið á innheimtu annarra gjalddaga. Í lok október 1990 höfðu innheimst 85,8% af gjalddaganum 15. september 1990, ári síðar var hlutfallið 73,3%, síðan 67,1% og 62,7% í októberlok 1993.

Húsnæðismálastjórn hefur áður bent á hættuna sem byggingarsjóðunum stafar af áhrifum atvinnuleysis á greiðslugetu fólks. Í umsögn, dags. 11. mars 1993, um frumvarp til laga um greiðslufrest á fasteignaveðlánum vegna fjárhagserfiðleika, sem undirritaður flutti á síðasta þingi ásamt Svavari Gestssyni, segir eftirfarandi:

„Húsnæðismálastjórn vill vekja athygli félagsmálanefndar Alþingis á þeirri hættu sem steðjar að byggingarsjóðunum ef áfram heldur sem horfir með auknu atvinnuleysi. Ef lausn fæst ekki í þeim málum má gera ráð fyrir að vanskil muni aukast hjá byggingarsjóðunum. Afleiðingin gæti orðið alvarleg fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins. Verðhrun gæti orðið á fasteignamarkaði sem gæti haft í för með sér útlánatöp fyrir stofnunina, sem og fyrir aðrar lánastofnanir. Það gæti leitt til aukinna greiðsluerfiðleika íbúðareigenda. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur enga möguleika að mæta þeim vanda þar sem byggingarsjóðirnir hafa ekkert fjármagn til að veita íbúðareigendum greiðsluerfiðleikalán sem gæti verið leið til að sporna við þessari þróun. Húsnæðismálastjórn telur afar brýnt að gripið verði til aðgerða til að koma í veg fyrir að sú staða, sem hér hefur verið lýst, komi upp og er fús til samstarfs í því máli."

Frá því þessi umsögn var gefin hefur atvinnuleysi haldið áfram að aukast og er orðið afar brýnt að gripið verði til aðgerða sem veiti skuldurum viðunandi úrlausn og treysti stöðu byggingarsjóðanna.

Að lokum vill minni hlutinn vekja athygli á áliti lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins, sjá fskj. VI, dags. 2. nóvember 1993, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að stofnuninni sé heimilt að skuldbreyta lánum Byggingarsjóðs ríkisins og húsbréfadeildar ef um það verða settar öruggar reglur af húsnæðismálastjórn sem þyrftu að öðlast samþykki ráðherra.

Minni hlutinn stendur að breytingartillögu félagsmálanefndar með þeim skilningi að hún veiti heimildir til frestunar á greiðslum lána umfram það sem felst í heimild stofnunarinnar til skuldbreytinga, sbr. álit lögfræðideildar stofnunarinnar.

Alþingi, 22. mars 1994.

Kristinn H. Gunnarsson.

Nefndarálitinu fylgdu sex fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt umsögn húsnæðismálastjórnar um frumvarpið; á fskj. II viðmiðunarreglur frá Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir leigu á félagslegum íbúðum; á fskj. III bréf frá 21. mars 1994 til félagsmálanefndar Alþingis frá fjármálaráðuneyti þar sem fram kemur álit á tillögu um frestun greiðslna lánþega Byggingarsjóðs ríkisins og húsbréfadeildar; á fskj. IV minnisblöð frá 21. mars 1994 um lengingu lánstíma vegna kaupa á almennum kaupleiguíbúðum og um áhrif frestunar greiðslna á sjóðstreymi byggingarsjóðanna; á fskj. V línurit frá Byggingarsjóði verkamanna sem sýnir greiðslubyrði lána til almennrar kaupleiguíbúðar á föstu verðlagi, annars vegar samkvæmt núgildandi lögum og hins vegar samkvæmt breytingartillögu; á fskj. VI minnisblað frá 2. nóvember 1993 um heimildir Húsnæðisstofnunar til að skuldbreyta lánum að óbreyttum lögum.

809. Tillaga til þingsályktunar [519. mál]

um könnun á atvinnumöguleikum til framtíðar á Íslandi.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Björn Bjarnason, Guðjón Guðmundsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta vinna vænleikaskýrslu um atvinnumöguleika til framtíðar á Íslandi, til skemmri og lengri tíma litið, og hvernig þeir verði best nýttir. Haft verði sem víðtækast samstarf við forustumenn og félagasamtök í atvinnulífi, sérstaklega útflytjendur.

Skýrslan verði tilbúin og henni útbýtt á Alþingi eigi síðar en 15. desember 1994.

Greinargerð.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að forsætisráðherra láti vinna svokallaða „vænleikaskýrslu“ um framtíðaratvinnutækifæri á Íslandi, til skemmri tíma litið, til aldamóta og síðan til lengri tíma litið, þ.e. eftir aldamót.

Mjög margir aðilar hér á landi eru á einhvern hátt að velta fyrir sér framtíðaratvinnumöguleikum okkar Íslendinga. Enginn hefur þó heildaryfirsýn eða hefur tekið saman á einn stað hvaða atvinnutækifæri við munum mögulega hafa í framtíðinni og hvernig viðskiptaumhverfið og þjóðfélagsaðstæður þurfa að vera til þess að tækifærin nýtist sem best.

Það er afar mikilvægt fyrir framtíðarstefnumörkun ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja að fyrir liggi upplýsingar um hverjir möguleikar okkar eru, hvort þeir eru raunhæfir nú þegar eða verða það síðar og hverju við þurfum að kosta til svo að nýta megi þessa möguleika sem best. Liggi upplýsingar fyrir verður samræming mennta- og rannsóknarstefnu, stefnu ríkisins í peninga- og skattamálum og fjárfestingarstefnu fyrirtækja og fjármálastofnana auðveldari. Öll ákvörðunartaka um hvaða möguleika við eigum helst að nýta okkur verður markvissari og væntanlegar fjárfestingar arðbærari.

Tillagan gerir ráð fyrir að skýrslan verði unnin í nánu samstarfi við atvinnulífið og hagsmunasamtök, sérstaklega útflytjendur, og fulltrúa annarra ráðuneyta, en hjá þessum aðilum liggur mest af þeim upplýsingum sem á þarf að halda við vinnuna. Það fer hins vegar vel á því að forsætisráðuneytið, ráðuneyti efnahagsmála, hafi forgöngu um þessa vinnu en hún varðar grundvöllinn að efnahag þjóðarinnar í framtíðinni.

810. Tillaga til þingsályktunar [520. mál]

um endurskoðun á launakerfi ríkisins.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða launakerfi ríkisins. Hlutverk nefndarinnar verði að einfalda launakerfið, auka hlut umsaminna grunnlauna, draga úr eða afnema með öllu yfirborganir og aukagreiðslur af ýmsu tagi og endurskoða röðun í launaflokka. Sérstaklega ber nefndinni að benda á leiðir til að hækka lægstu laun og draga úr launamun kynjanna. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar fjármálaráðuneytisins og samtaka opinberra starfsmanna.

Greinargerð.

Samskipti ríkis við starfsmenn sína hafa vægast sagt verið með sérkennilegum hætti undanfarin ár. Grunnlaunum hefur markvisst verið haldið niðri þannig að lægstu laun ríkisstarfsmanna eru á sultarmörkum meðan hvers kyns yfirborganir og sérgreiðslur hafa aukist til ákveðinna hópa. Samskipti ríkisins og háskólamenntaðra starfsmanna þess hafa verið afar slæm enda bráðabirgðalögum beitt til þess að taka til baka umsamdar launahækkanir. Eins og kunnugt er reyndist sú lagasetning lögleysa og hefur þegar kostað ríkissjóð um 400 millj. kr. Þegar Kjaradómur kvað upp úrskurð sumarið 1992, þar sem reynt var að taka á margföldu og óréttlátu launakerfi ríkisins, brást ríkisstjórnin enn við með bráðabirgðalögum í kjölfar mótmæla úti í þjóðfélaginu. Sú lagasetning er nú fyrir dómstólum og óvíst hvort enn einn reikningur fellur á ríkissjóð.

Á undanförnum árum hefur fjöldi mála verið rekinn fyrir dómstólum vegna samskipta ríkisstarfsmanna við vinnuveitanda sinn sem gefur til kynna að mikið er að launakerfi ríkisins og samskiptum við ríkisstarfsmenn. Þá má nefna það fjaðrafok sem varð sl. haust vegna launamála bankastjóra ríkisbankanna sem ekki eru í neinu samhengi við það sem tíðkast í öðrum ríkisstofnunum. Í því sambandi má minna á þá yfirlýsingu iðnaðarráðherra að launakerfi ríkisins sé handónýtt. Undir þá lýsingu tökum við kvennalistakonur, enda höfum við margoft bent á þá staðreynd. Enn má bæta við þessa lýsingu á launakerfinu því launamisrétti milli karla og kvenna sem tíðkast hjá ríkinu og á meðal annars rætur að rekja til úrelts starfsmats og forréttinda sem karlar njóta.

Það er löngu tímabært að hefja endurskoðun á launakerfi ríkisins með þau markmið í huga að draga úr launamisrétti, hækka lægstu laun, einfalda kerfið og gera það gagnsærra þannig að ljóst sé hver launakjörin eru í raun og veru.

Margt þarf að endurbæta í ríkiskerfinu, svo sem í mennta- og heilbrigðisgeiranum, þannig að rekstur ríkisins verði sem hagkvæmastur og þjóni landsmönnum sem best. Árangur næst ekki nema ríkisstarfsmenn séu sáttir við sinn hlut og séu hafðir með í ráðum. Það gengur ekki lengur að ríkisvaldið standi í eilífum styrjöldum við starfsmenn sína og beiti lögum og dómstólum gegn þeim ef það kallar ekki sjálft yfir sig málaferli. Besta leiðin til að bæta samskiptin er að ganga í það nauðsynjaverk að stokka upp launakerfi ríkisins í góðri sátt við ríkisstarfsmenn.

Á fskj. I með þingsályktunartillögu þessari var birt fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um launagreiðslur ríkisins og svar fjármálaráðherra, þskj. 731 og 843, 431. mál 116. löggjafarþings. Um texta fylgiskjalsins vísast til bls. 4227 og 4686–4695 í A-deild Alþt. 1992–93.

Fylgiskjal II.

Yfirlit yfir mál BHMR og aðildarfélaga þess gegn fjármálaráðherra fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

BHMR og aðildarfélög þess hafa stefnt fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sjö sinnum fyrir héraðsdóm Reykjavíkur vegna mála einstakra félagsmanna. Af þessum málum hafa félögin unnið fimm og eitt gegn Akraneskaupstað (sem stefnt var með ráðherra). Unninn málskostnaður nemur 467.000 kr. Einu máli, sem BHMR vann (1), var ekki áfrýjað og annað mál (7) er enn fyrir Hæstarétti. BHMR hefur unnið hin málin fimm fyrir Hæstarétti, ýmist á aðalkröfu eða varakröfu, og nemur unninn málskostnaður fyrir Hæstarétti 1.130.000 kr. Málin eru þessi:

1. Kári Einarsson gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Stefnandi var félagsmaður í Kjarafélagi tæknifræðinga/BHMR. Málið var rekið af BHMR.

Ágreiningsefni: Aðalkrafa um skaðabætur vegna ólögmætrar uppsagnar en varakrafa um biðlaun að meðtaldri fastri yfirvinnu og orlofsfé af fastri yfirvinnu.

Héraðsdómur 13. maí 1985: Fallist á varakröfu stefnanda.

Málinu var ekki áfrýjað.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 90 þús. kr.

2. Björn Jónsson gegn fjármálaráðherra og Akraneskaupstað. Stefnandi var félagsmaður í Hinu íslenska kennarafélagi/BHMR og Prestafélagi Íslands/BHMR. Málið var rekið af BHMR.

Ágreiningsefni: Krafa um bætur vegna ólögmætrar uppsagnar úr stundakennslu við grunnskóla, sbr. lög um grunnskóla.

Héraðsdómur 28. október 1986: Fjármálaráðherra sýknaður af kröfunni en Akraneskaupstaður bótaskyldur.

Málskostnaður: Akraneskaupstaður greiði stefnanda 25 þús. kr.

Hæstiréttur 7. nóvember 1988: Akraneskaupstaður sýknaður. Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða skaðabætur.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 90 þús. kr.

3. Gunnar Johnsen gegn fjármálaráðherra. Stefnandi var félagsmaður í Stéttarfélagi verkfræðinga. Málið var rekið af BHMR samhliða málum 4 og 5.

Ágreiningsefni: Réttur til biðlauna með fastri yfirvinnu og uppgjörs á orlofi samkvæmt kjarasamningi vegna þess að starf var lagt niður.

Héraðsdómur 11. október 1989: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda biðlaun með fastri yfirvinnu og orlofsfé af yfirvinnu. Kröfu um fasta yfirvinnu í óútteknu orlofi hafnað.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 80 þús. kr.

Hæstiréttur 31. mars 1992: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda fasta yfirvinnu með orlofsfé á biðlaunatíma og óúttekið orlof með yfirvinnu.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 100 þús. kr.

4. Snorri Páll Snorrason gegn fjármálaráðherra. Stefnandi var félagsmaður í Félagi íslenskra náttúrufræðinga/BHMR. Málið var rekið af Félagi íslenskra náttúrufræðinga/BHMR.

Ágreiningsefni: Aðalkrafa um rétt til biðlauna í sex mánuði með fastri yfirvinnu og uppgjörs á orlofi samkvæmt kjarasamningi vegna þess að starf var lagt niður. En varakrafa um bætur í tvo mánuði, þ.e. út ráðningartíma.

Héraðsdómur 28. september 1989: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda að mestu samkvæmt varakröfu.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 62 þús. kr.

Hæstiréttur 31. mars 1992: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda fasta yfirvinnu með orlofsfé á biðlaunatíma og óúttekið orlof með yfirvinnu.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 80 þús. kr.

5. Ómar Bjarki Smárason gegn fjármálaráðherra. Stefnandi var félagsmaður í Félagi íslenskra náttúrufræðinga/BHMR. Málið var rekið af BHMR.

Ágreiningsefni: Aðalkrafa um rétt til biðlauna í sex mánuði með fastri yfirvinnu og uppgjörs á orlofi samkvæmt kjarasamningi vegna þess að starf var lagt niður. En varakrafa um orlofsuppgjör samkvæmt kjarasamningi.

Héraðsdómur 28. september 1989: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda samkvæmt varakröfu.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 40 þús. kr.

Hæstiréttur 31. mars 1992: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda yfirvinnukaup í óteknu orlofi.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 60 þús. kr.

6. Bjarnheiður Guðmundsdóttir gegn fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Stefnandi var félagsmaður í Félagi íslenskra náttúrufræðinga/BHMR. Málið var rekið af BHMR.

Ágreiningsefni: Krafa um rétt til launa, þ.e. einn og hálfan launaflokk samkvæmt ákvæðum kjarasamnings frá 18. maí 1989 ásamt vöxtum. Málið snerist um það hvort bráðabirgðalög nr. 89/1990 og síðar lög nr. 4/1991, um launamál, stæðust stjórnarskrá Íslands. Þetta mál fjallaði í reynd um sama efni og félagsdómsmál nr. 4/1990, þ.e. efni 5. gr. samninga frá 1989.

Héraðsdómur 13. mars 1991: Fjármálaráðherra sýknaður.

Málskostnaður felldur niður.

Hæstiréttur 3. desember 1992: Fjármálaráðherra talinn hafa brotið jafnræðisákvæði Stjórnarskrár Íslands og dæmdur til að greiða stefnanda einn og hálfan launaflokk samkvæmt ákvæðum kjarasamnings tímabilið september–desember 1990 og janúar 1991 (uppsagnarfrest) með vöxtum en að frádregnum öðrum launahækkunum á tímabilinu.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 800 þús. kr.

7. Jóhannes Ágústsson gegn fjármálaráðherra og menntamálaráðherra. Stefnandi var félagsmaður í Hinu íslenska kennarafélagi/BHMR. Málið var rekið af BHMR.

Ágreiningsefni: Réttur til bóta vegna afturköllunar menntamálaráðuneytis á setningarbréfi.

Héraðsdómur 11. mars 1992: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 170 þús. kr.

Fjármálaráðherra hefur áfrýjað héraðsdómi.

Fylgiskjal III.

Yfirlit yfir félagsdómsmál BHMR og aðildarfélaga þess gegn fjármálaráðherra og öfugt.

BHMR og aðildarfélög þess hafa stefnt fjármálaráðherra átta sinnum fyrir Félagsdóm en fjármálaráðherra hefur stefnt einu sinni. BHMR hefur unnið sjö málanna (þar af tvö ekki alveg að fullu) en tapað tveimur. BHMR hefur fengið sér dæmdar 640.000 kr. í málskostnað en ekki verið dæmt til að greiða fjármálaráðherra neinn málskostnað.

1. Mál nr. 7/1987: Hið íslenska kennarafélag (HÍK)/BHMR gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Ágreiningsefni: Krafa HÍK að fjármálaráðherra greiði tímakaup í dagvinnu miðað við 5. launaþrep í samræmi við kjarasamning HÍK (og annarra aðildarfélaga BHMR).

Fordæmismál fyrir öll hlutaðeigandi aðildarfélög BHMR.

Niðurstaða: Fallist á kröfu HÍK (BHMR).

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði HÍK 50 þús. kr.

2. Mál nr. 5/1988: Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Hinu íslenska kennarafélagi (HÍK).

Ágreiningsefni: Krafa fjármálaráðherra að boðað verkfall HÍK verði dæmt ólögmætt þar sem meiri hluti þeirra sem greiddu atkvæði um verkfall félagsins í allsherjaratkvæðagreiðslu hafi ekki samþykkt verkfallið, sbr. 15. gr. laga nr. 94/1986.

Niðurstaða: Fallist á kröfu fjármálaráðherra.

Málskostnaður felldur niður.

3. Mál nr. 1/1990: BHMR vegna Félags háskólakennara, Félags viðskipta- og hagfræðinga, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Læknafélags Íslands, Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu, Dýralæknafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga gegn fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Ágreiningsefni: Krafa stéttarfélaganna um að fjármálaráðherra felli af listum yfir forstöðumenn sem undanþegnir eru rétti til þátttöku í verkfalli þá einstaklinga sem ekki falla undir skilgreiningu laganna, sbr. 29. gr. laga nr. 38/1954.

Fordæmismál fyrir öll aðildarfélög BHMR.

Niðurstaða: Fallist á kröfur BHMR um túlkanir á því hverjir teljist forstöðumenn og listum breytt eftir því, þó þannig að kröfu vegna eins einstaklings var vísað frá þar sem hann var ekki í þeim félögum sem stefndu.

Málskostnaður felldur niður.

4. Mál nr. 4/1990: Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)/BHMR gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Ágreiningsefni: Krafa FÍN að fjármálaráðherra greiði einn og hálfan launaflokk 1. júlí 1990 skv. 5. gr. kjarasamnings FÍN (og annarra aðildarfélaga BHMR).

Fordæmismál fyrir öll hlutaðeigandi aðildarfélög BHMR.
Niðurstaða: Fallist á kröfu FÍN/BHMR.
Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði FÍN 200 þús. kr.

5. Mál nr. 1/1991: Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)/BHMR gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, samtökum stundakennara við Háskóla Íslands og Félagi háskólakennara.

Ágreiningsefni: Krafa FÍN um að samningsréttur gagnvart fjármálaráðherra vegna þeirra félagsmanna sem kenna í stundakennslu við Háskóla Íslands verði viðurkenndur.
Fordæmismál fyrir öll aðildarfélög BHMR.
Niðurstaða: Ekki fallist á kröfu FÍN/BHMR.
Málskostnaður felldur niður.

6. Mál nr. 3/1992: BHMR vegna Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga, Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa, Meinatæknafélags Íslands, Útgarðs — félags háskólamanna, Röntgentæknafélags Íslands og Hjúkrunarfélags Íslands gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Ágreiningsefni: Krafa stéttarfélaganna um að fjármálaráðherra felli af listum yfir þá sem undanþegnir eru rétti til þátttöku í verkfalli vegna nauðsynlegustu heilbrigðis- og öryggisþjónustu þá einstaklinga sem ekki falla undir skilgreiningu laganna, sbr. 19. gr. laga nr. 94/1986.
Fordæmismál fyrir öll aðildarfélög BHMR.
Niðurstaða: Fallist á kröfur félaganna/BHMR og listum breytt eftir því en fjármálaráðherra féllst undir málssókn á nokkrar af kröfum félaganna.
Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði BHMR 120 þús. kr.

7. Mál nr. 4/1992: BHMR vegna Félags íslenskra náttúrufræðinga, Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu og Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Ágreiningsefni: Krafa stéttarfélaganna um að fjármálaráðherra felli af listum yfir forstöðumenn sem undanþegnir eru rétti til þátttöku í verkfalli þá einstaklinga sem ekki falla undir skilgreiningu laganna, sbr. 29. gr. laga nr. 38/1954.
Fordæmismál fyrir öll aðildarfélög BHMR.
Niðurstaða: Fallist á kröfur BHMR um túlkanir á því hverjir teljist forstöðumenn og listum breytt eftir því.
Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði BHMR 120 þús. kr.

8. Mál nr. 7/1992: Hið íslenska kennarafélag (HÍK)/BHMR gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Ágreiningsefni: Krafa HÍK að fjármálaráðherra greiði kennurum við Fjölbrautaskólann í Breiðholti sem starfa við sumarskóla FB laun í samræmi við kjarasamning HÍK ásamt viðaukum og bókunum við hann.
Niðurstaða: Fallist á kröfu HÍK/BHMR.
Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði HÍK 125 þús. kr.

9. Mál nr. 9/1992: Félag íslenskra náttúrufræðinga/BHMR gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóð.

Ágreiningsefni: Krafa FÍN/BHMR að fjármálaherra haldi fundi í samstarfsnefnd með félaginu í samræmi við 11. kafla kjarasamnings HÍK ásamt samningi um starfshætti samstarfsnefnda.

Fordæmismál fyrir öll aðildarfélög BHMR.

Niðurstaða: Fallist á kröfu HÍK/BHMR.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði HÍK 125 þús. kr.

811. Lög [143. mál]

um fjöleignarhús.

(Afgreidd frá Alþingi 23. mars.)

Samhljóða þskj. 791 (sbr. 159).

812. Nefndarálit [412. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir hefur fyrst og fremst þann tilgang að fresta því enn að tekið verði upp fjögurra ára kennaranám. Auk þess felast í frumvarpinu nokkur smærri atriði sem flokka má undir almennar lagfæringar á gildandi lögum. Þar er gert ráð fyrir að samræma nokkuð lög um Kennaraháskólann og lögin um Háskóla Íslands. Minni hlutinn styður þessar lagfæringar en ekki ákvæði til bráðabirgða sem snertir frestun á gildistöku 13. gr. laganna um Kennaraháskóla Íslands. Með samþykkt frumvarpsins, eins og það liggur fyrir, er því frestað enn í fjögur ár að taka um það ákvörðun hvort nám í Kennaraháskóla Íslands skuli skipuleggja sem fjögurra ára nám, eins og kveðið er á um í 13. gr. núgildandi laga, eða að námið taki alls þrjú ár. Ákvæði um fjögurra ára nám átti samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 29/1988, að koma til framkvæmda innan sex ára frá gildistöku laganna, þ.e. í síðasta lagi árið 1994.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar var tekin ákvörðun um það af fyrrverandi menntamálaráðherra að fjögurra ára nám við skólann hæfist haustið 1991 og var lögð mikil vinna í að skipuleggja slíkt nám. Núverandi menntamálaráðherra tók síðan ákvörðun um það að skólinn skyldi starfa áfram á þriggja ára grundvelli og var skólanum tilkynnt það með þriggja vikna fyrirvara. Þetta gerði skólanum mjög erfitt fyrir og var þá gripið til þess ráðs að þvinga nýskipulagt fjögurra ára nám inn á þrjú ár til bráðabirgða.

Með bréfi, dags. 27. október sl., tilkynnti menntamálaráðherra skólanum á ný að því yrði frestað að taka upp fjögurra ára nám og er nú verið að semja nýja kennsluskrá fyrir þriggja ára nám á grundvelli námsskrár sem samin var fyrir fjögurra ára nám.

Það kom m.a. fram í máli Þóris Ólafssonar, rektors við Kennaraháskólann, að starfsfólk skólans reiknar með að fjögurra ára nám verði tekið upp við skólann þótt enn verði á því einhver bið, en það sé fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hvenær það verði gert. Þá kom enn fremur fram hjá rektor að víðast í Vestur-Evrópu tekur kennaranám fjögur ár, þar á meðal á Norðurlöndum.

Skólinn býr við mjög þröngan húsakost og kom fram í máli rektors að mikil þörf er fyrir meira húsnæði hvort sem skólinn verður áfram þriggja ára skóli eða verður gerður að fjögurra ára skóla, t.d. vantar algjörlega fyrirlestrarsali.

Þegar þáverandi menntamálaráðherra, Birgir Ísl. Gunnarsson, mælti fyrir frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands í efri deild Alþingis 12. apríl 1988 sagði hann m.a.:

„Fjórða meginnýmæli frumvarpsins er lenging kennaranáms. Gert er ráð fyrir því í þessu frumvarpi að almennt kennaranám verði lengt og taki fjögur ár. Jafnframt verði tekið upp námseiningakerfi þar sem ein eining jafngildir námsvinnu einnar viku. Námseiningar í almennu kennaranámi verði því 120.

Mörg rök hníga að því að æskilegt sé að lengja grunnnámið. Undirstöðuþekking verðandi grunnskólakennara er treyst til muna og þar með lagður vandaðri grunnur að starfi þeirra, endurmenntun og framhaldsnámi. Svigrúm gefst fyrir ný áhersluatriði, svo sem á sviði upplýsingatækni. Unnt er að koma við nokkurri sérhæfingu kennaraefna, bæði með tilliti til aldurs nemenda og tiltekinna námsgreina eða greinasviða. Æfingakennsla og önnur störf á vettvangi grunnskólans verða aukin verulega, m.a. með væntanlegri kandídatsönn, og með því móti treyst tengslin milli fræðilegs náms og starfs á vettvangi.

Námstími kennaraefna á grunnskólastigi og á framhaldsskólastigi verður hinn sami. Þar með er kennaranámið jafngilt að umfangi fyrir bæði skólastig. Fyrir því eru þær forsendur að kennsla ungra nemenda er ekki síður vandasamt starf en kennsla þeirra sem eldri eru. Uppeldisleg ábyrgð vegur þar þungt ekki síður en þekking á kennslugreinum. Einnig er þessi skipan líkleg til að stuðla að heildstæðni kennarastéttar hvað varðar ábyrgð í starfi, þjóðfélagsstöðu, kjör og kosti á frama í námi og starfi.

Gert er ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði við þetta frumvarp að lenging námsins komi til innan sex ára, gæti orðið fyrr, og er það gert til þess að Kennaraháskólanum gefist nægilegt ráðrúm til að aðlaga sig þessari lengingu námsins."

Í framsöguræðu menntamálaráðherra kom fram þegar hann mælti fyrir frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar að hann vildi bíða eftir niðurstöðu nefndar sem hann skipaði í febrúar 1993 og á að undirbúa rammalöggjöf um kennaramenntun í landinu. Sú nefnd fjallar m.a. um lengd kennaranámsins.

Minni hlutinn telur að eðlilegt hefði verið að skoða þessi mál í samhengi þar sem nefndarálit er væntanlegt frá nefndinni eigi síðar en í lok apríl eða í byrjun maí.

Minni hlutinn telur það mjög alvarlegt fyrir framþróun skólastarfs í Kennaraháskóla Íslands að skólinn þurfi næstu fjögur árin að búa við óvissu hvað varðar lengd kennaranámsins og er því andvígur 7. gr. frumvarpsins.

Við umræður um málið í nefndinni kom fram að kennarasamtökin höfðu ekki séð frumvarpið áður en það var lagt fram og ekkert samráð virðist vera haft við þau á undirbúningsstigi málsins. Virðist sambandsleysi við kennarasamtökin vera stefna ráðuneytisins eins og nú háttar til.

Alþingi, 23. mars 1994.

Valgerður Sverrisdóttir, frsm.	Pétur Bjarnason.	Svavar Gestsson.
	Kristín Ástgeirsdóttir.	

813. Nefndarálit [390. mál]

um till. til þál. um skipulega ræktun íslenska fjárhundsins.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem gerir ráð fyrir að landbúnaðarráðherra verði falið að skipa nefnd til að gera tillögur um aðgerðir til að vernda íslenska fjárhundinn og hreinrækta stofninn. Meiri hlutinn mælir með samþykkt tillögunnar en leggur áherslu á að nefndin, sem skipuð verður, hafi í störfum sínum náið samráð við Búnaðarfélag Íslands og Hundaræktarfélag Íslands.

Á fund nefndarinnar komu til viðræðna Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir og frá Hundaræktarfélagi Íslands Guðrún Guðjohnsen formaður og Helga Finnsdóttir dýralæknir. Guðjón A. Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. mars 1994.

Guðni Ágústsson, frsm.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Ragnar Arnalds.	Eggert Haukdal.	Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
	Gísli S. Einarsson, með fyrirvara.	

814. Fyrirspurn [521. mál]

til landbúnaðarráðherra um skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluendurskoðun hjá Landgræðslu ríkisins frá janúar 1993.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

Hvað hefur verið gert til að framfylgja þeim ábendingum og athugasemdum sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá janúar 1993 um stjórnsýsluendurskoðun hjá Landgræðslu ríkisins þar sem m.a. er bent á:

a. að nauðsynlegt sé að endurskoða lög um Landgræðslu ríkisins,
b. að endurskoða beri samstarf og verkaskiptingu Landgræðslunnar og RALA,
c. að gera þurfi könnun á því hvort hagkvæmt geti verið að sameina Skógrækt ríkisins og Landgræðsluna,
d. að gera þurfi skipurit af Landgræðslu ríkisins og skipta stofnuninni upp í ákveðin svið,
e. að loka ætti skrifstofunni í Reykjavík og flytja ala starfsemina í Gunnarsholt,
f. að efla þurfi fjármálasvið Landgræðslu ríkisins og ráða sérstakan fjármálastjóra,
g. að endurskoða flugrekstur Landgræðslu ríkisins þar sem nýting flugvélanna er lítil,
h. að gera þurfi úttekt á bifreiðamálum Landgræðslunnar?

Greinargerð.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar, sem hér er vitnað til, er byggð á 9. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, þar sem segir að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá ríkisfyrirtækjum, en í slíkri endurskoðun felst að könnuð er meðferð og nýting á ríkisfé. Skal stofnunin vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem úrskeiðis fer í rekstri og gera tillögur um úrbætur.

Þar sem nú er rúmt ár liðið frá því að skýrsla sú, sem hér er vitnað til, kom út er eðlilegt að kanna hvað gert hefur verið af hálfu viðkomandi ráðuneytis til að fylgja eftir ábendingum Ríkisendurskoðunar.

Skriflegt svar óskast.

815. Fyrirspurn [522. mál]

til landbúnaðarráðherra um embætti héraðsdýralækna.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hvaða reglur styðst ráðherra við þegar veitt eru embætti héraðsdýralækna?
2. Hvers vegna var ekki fylgt svokallaðri punktareglu dýralækna þegar nýlega var veitt embætti héraðsdýralæknis í Mýrasýsluumdæmi?

816. Fyrirspurn [523. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framlög til áfengis- og fíkniefnameðferðar.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hve miklu fé var varið til áfengis- og fíkniefnameðferðar árin 1992 og 1993 og hvernig skiptist það á milli einstakra aðila?

2. Hve miklu fé verður varið til áfengis- og fíkniefnameðferðar á þessu ári og hvernig skiptist það á milli einstakra aðila?
3. Hver ákveður skiptingu fjár til áfengis- og fíkniefnameðferðar?

Skriflegt svar óskast.

817. Fyrirspurn [524. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framlög til áfengis- og fíkniefnavarna.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hve miklu fé var varið til áfengis- og fíkniefnavarna, annarra en forvarna og meðferðar, árin 1992 og 1993 og hvernig skiptist það á milli einstakra aðila?
2. Hve miklu fé er fyrirhugað að verja til áfengis- og fíknivarna, annarra en forvarna og meðferðar, á þessu ári og hvernig skiptist það á milli einstakra aðila?
3. Hver ákveður skiptingu fjár til áfengis- og fíkniefnavarna, annarra en forvarna og meðferðar?

Skriflegt svar óskast.

818. Fyrirspurn [525. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framlög til forvarna í áfengis- og fíkniefnamálum.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hvernig skiptust fjárveitingar til forvarna í áfengis- og fíkniefnamálum árin 1990, 1991, 1992 og 1993 milli einstakra aðila?
2. Hvernig skiptast fjárveitingar til forvarna í áfengis- og fíkniefnamálum á fjárlögum 1994 milli einstakra aðila?
3. Hver ákveður skiptingu fjár til forvarna í áfengis- og fíkniefnamálum?

Skriflegt svar óskast.

819. Tillaga til þingsályktunar [526. mál]

um að tryggja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson, Jón Helgason, Guðmundur Bjarnason, Valgerður Sverrisdóttir, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela viðskipta- og iðnaðarráðherra að láta fara fram úttekt á því í hve miklum mæli innkaup ríkis og sveitarfélaga eru á erlendum vörum eða efnum með útboðum eða öðrum hætti, enda þótt sambærileg innlend efni eða vörur séu fáanlegar og framleiddar hér á landi, og hvernig útboðslýsingum opinberra aðila er háttað hvað varðar íslenska framleiðslu og erlenda. Einnig verði kannað hvaða vörur eru fluttar inn til landsins en jafnframt framleiddar innan lands eða hægt væri að framleiða hér á landi á sambærilegu verði.

Þegar niðurstöður liggja fyrir og gefi þær tilefni til grípi stjórnvöld til aðgerða til að tryggja samkeppnisstöðu innlendu framleiðslunnar, þó þannig að ekki brjóti í bága við þá alþjóðlegu viðskiptasamninga sem Íslendingar hafa gerst aðilar að. Jafnframt verði hlutast til um að kynna hugsanlega framleiðslukosti innan lands á vörum sem nú eru fluttar inn en gætu verið samkeppnishæfar við innfluttar í verði og gæðum.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar þingsályktunar er að kanna með nákvæmum hætti hvernig hið opinbera stendur að efnisöflun og hvort hið opinbera leitist við að nota íslensk efni og vörur. Sé þess nokkur kostur beri hinu opinbera að nota íslenskar vörur í þeim verkum sem unnin eru á þess vegum. Jafnframt er það tilgangur að kanna almennt hvort ekki megi minnka innflutning fullunninna vara með því að framleiða slíka vöru hérlendis.

Það er kunnara en frá þurfi að segja hversu mikilvægt er að öflug íslensk iðnaðarfyrirtæki séu starfandi. Nauðsynlegt er að iðnaðinum séu sköpuð viðunandi rekstrarskilyrði og jöfn samkeppnisstaða við erlendar innfluttar vörur. Ríkisvaldið getur bætt stöðu iðnaðarins með ýmsum hætti. Hið opinbera er einn stærsti verkkaupi landsins og kaupir mikið magn af ýmiss konar iðnvarningi. Með því að hlutast til um notkun íslenskra efna og vara í verk hins opinbera í stað erlendrar framleiðslu gæti hið opinbera bætt afkomu og eflt íslenskan iðnað frekar en nú er.

Eins og annar innlendur iðnaður hefur byggingariðnaðurinn ekki farið varhluta af erfiðu árferði, enda byggir hann nær eingöngu á innlendum markaði. Verulegur samdráttur hefur átt sér stað í þessari grein iðnaðarins hin síðari ár. Ástæðurnar má vafalítið rekja annars vegar til minnkandi byggingarframkvæmda almennt og hins vegar til ört vaxandi notkunar erlends byggingarefnis. Sem dæmi um þennan samdrátt má nefna að árið 1988 nam sala á íslensku sementi tæplega 132 þús. tonnum en var komin niður í 85,5 þús. tonn árið 1993.

Í útboðslýsingum verka á vegum hins opinbera eða sveitarfélaga hafa komið fram óskir um tiltekin innflutt byggingarefni, keypt hjá tilteknum innflytjendum, enda þótt íslensk byggingarefni stæðu til boða. Í sumum tilvikum er ekki til sambærileg innlend framleiðsla en oftast nær er vara með sama notkunarsvið einnig framleidd innan lands. Spyrja má hver sé ástæða þess að útboðslýsingar á vegum hins opinbera eru með þeim hætti að innfluttra byggingarefna er sérstaklega óskað í verk á vegum hins opinbera. Er

ástæðan sú að hin innlenda framleiðsla stenst ekki samanburð við hina erlendu hvað varðar gæði, endingu, útlit og verð?

Ljóst er að iðnvarningur er mismunandi að gæðum hvort heldur hann er innlendur eða erlendur. Ef ekki kæmi til hið opinbera eftirlit, t.d. með byggingariðnaðinum, væri erfitt að meta gæði vörunnar. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur um áratuga skeið sinnt rannsóknum á gæðum innlendra byggingarefna og vinnuaðferða. Slík rannsókn á gæðum innfluttra efna hefur hins vegar ekki farið fram í sama mæli. Innflutt efni hafa þó verið prófuð hjá eftirlitsaðilum og í sumum tilvikum ekki staðist þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Hins vegar er endingartími efna og reynsla manna af notkun þeirra til margra ára við íslenskar aðstæður ólygnust hvað varðar gæði og endingu byggingarefna. Íslensk efni hafa mörg hver verið í notkun til margra ára og þróast út frá reynslu við íslenskar aðstæður. Telja verður að þeim efnum megi treysta a.m.k. jafn vel við íslenskar aðstæður og þeim erlendu sem í mörgum tilvikum er lítil sem engin reynsla af við íslenskar aðstæður.

Í flestum tilvikum hafa þau rök verið nefnd fyrir notkun erlendra byggingarefna að verð þeirra sé lægra en innlendra efna. Gerð hefur verið lausleg athugun á kostnaði nokkurra byggingarþátta annars vegar innlends byggingarefnis og hins vegar innflutts efnis. Sá kostnaðarútreikningur fylgir þingsályktunartillögu þessari sem fylgiskjal. Verkin hafa sambærilegt notkunarsvið en byggingarefni eru ekki endilega þau sömu. Sem dæmi um verð má nefna kostnað vegna hleðslu á skilrúmi í íbúðarhúsnæði þar sem annars vegar er notað innflutt efni, gifsplötur 66 x 50 sentímetrar, sjö sentímetra þykkar, og hins vegar íslenskar gjallplötur af sömu þykkt, 50 x 50 sentímetrar að stærð, og veggurinn gróf- og fínhúðaður. Kostnaður á 9 fermetra fyrir hið innflutta efni er 5.096 kr. á fermetra en 4.599 kr. fyrir innlenda efnið. Mismunur á hvern fermeter er því 495 kr. innlenda efninu í vil.

Í þessu tilviki hefði verkkaupinn haft umtalsverðan hag af kaupum á íslensku efni. Þjóðfélagið allt hefur hins vegar einnig hag af notkun íslenskrar framleiðslu og bættri stöðu íslensks iðnaðar. Með notkun innlendrar framleiðslu má þannig draga úr viðskiptahalla, koma í veg fyrir atvinnuleysi og skapa ný atvinnutækifæri.

Gert er ráð fyrir í þingsályktun þessari að gerð verði úttekt á því hvaða vörur það eru sem fluttar eru inn til landsins en eru framleiddar innan lands eða væri hægt að framleiða hér á landi á sambærilegu verði. Jafnframt beri ráðherra að hlutast til um að kynna hugsanlega framleiðslukosti innan lands á vörum sem nú eru fluttar inn en gætu verið samkeppnishæfar við þær innfluttu í verði og gæðum. Athugun á verslunarskýrslum Hagstofunnar fyrir árið 1990 og athugun á jöfnunargjaldsstofni sama ár leiddi í ljós að það ár var fluttur inn iðnvarningur, sambærilegur við það sem framleitt er hér á landi, fyrir um 20 milljarða kr. að cif-verðmæti. Miðað við þetta hafa neytendur á árinu 1990 greitt 55–60 milljarða kr. fyrir erlendan iðnvarning sem er sambærilegur við það sem framleitt er hér á landi, reiknað á verðlagi í maí 1992. Þess má geta að 20 milljarðar kr. í cif-verðmæti er hærri fjárhæð en samsvarar öllum viðskiptahalla ársins 1991. Spyrja má hversu mörg störf þyrfti til að framleiða hér á landi allan iðnvarning sem er fluttur inn en á sér innlenda hliðstæðu. Talið hefur verið að 5.800 ársverk þyrfti til framleiðslu þessa varnings ef sama launahlutfall er notað og almennt gerist í iðnaði hérlendis.

Ekki er gert ráð fyrir að stöðva hér allan innflutning iðnvarnings. Hins vegar skiptir það þjóðarbúið mjög miklu að fjölgun ársverka eigi sér stað í íslenskum iðnaði. Athuganir hafa sýnt að önnur störf verða til í þjóðfélaginu við það að eitt nýtt skapast í iðnaði. Þannig er talið að rúmlega eitt starf að meðaltali verði til í öðrum greinum á öðru ári eftir að nýtt starf í iðnaði hefur orðið til og á þriðja ári eru störfin orðin tvö og hálft.

Markmið þessarar þingsályktunartillögu er að bæta stöðu íslenskrar framleiðslu, draga úr viðskiptahalla, skapa ný atvinnutækifæri og koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Fylgiskjal.

Kostnaðarútreikningur.

Dæmi 1. Innflutt efni.

Gifshleðsla, 7 sm, spörslun og frágangur.
Veggur 2,55 x 3,53 = 9 fermetrar (m^2).

	Kr.
Vinna:	
Hleðsla, 7 sm gifssteinn	8.795
Spörslun	4.381
Móttaka og flutningur á efni	922
Samtals vinna	14.098
Virðisaukaskattur	3.454
Vinnulaun og virðisaukaskattur	**17.552**
Vinnulaun og virðisaukaskattur á fermetra	**1.950**
Efni:	
Hleðslusteinn, 7 sm	26.307
Festijárn, lím o.fl.	820
Sparsl	1.191
Samtals efni	28.318
Efni á fermetra	3.146
Samtals vinnulaun og efni	**45.870**
Samtals vinnulaun og efni á fermetra	**5.096**

Dæmi 2. Innlent efni.

Gjallhleðsla, 7 sm. Gróf- og fínhúðun.
Veggur 2,55 x 3,53 = 9 fermetrar (m^2).

	Kr.
Vinna:	
Hleðslugrind (uppsláttur)	2.022
Hleðsla, 7 sm	3.911
Grófhúðun	10.657
Fínhúðun	3.594
Móttaka og flutningur á efni	1.413
Samtals vinna	21.597
Virðisaukaskattur	5.291
Samtals vinnulaun og virðisaukaskattur	**26.888**
Vinnulaun og virðisaukaskattur á fermetra	**2.988**
Efni:	
Hleðslugrind	895
Hleðslusteinn	9.315
Sandur, sement o.fl.	3.403
Fínhúðun	884
Samtals efni	14.497
Efni á fermetra	1.611
Samtals vinnulaun og efni	**41.385**
Samtals vinnulaun og efni á fermetra	**4.599**

820. Frumvarp til laga [272. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

(Eftir 2. umr., 24. mars.)

1. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, tekið ákvörðun um að sjóðurinn verði varðveittur á annan hátt að nokkru leyti eða öllu ef það er talið auka möguleika sjóðsins á ávöxtun án þess að hafa í för með sér áhættu fyrir hann. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

2. gr.

Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. 48. gr. laganna kemur: Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, tekið ákvörðun um að sjóðurinn verði varðveittur á annan hátt að nokkru leyti eða öllu ef það er talið auka möguleika sjóðsins á ávöxtun án þess að hafa í för með sér áhættu fyrir hann. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Fjár til sjóðsins skal aflað sem hér segir:

3. gr.

Við 50. gr. laganna bætist nýr töluliður, 5. tölul., sem orðast svo:

5. Lán til sveitarfélaga til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum (90% lán).

4. gr.

Á eftir 58. gr. laganna kemur ný grein, 58. gr. a (lögbýli), sem orðast svo:

Byggingarsjóði verkamanna er heimilt að veita sveitarfélögum framkvæmdalán skv. 58. gr. laga þessara til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum enda hafi verið sýnt fram á að væntanlegir kaupendur búi við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu og fullnægi skilyrðum 64. gr. laganna til kaupa á félagslegri eignaríbúð. Sé væntanlegur kaupandi leiguliði á jörð skal þess jafnframt gætt að ákvæðum 3. mgr. 12. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, hafi verið fullnægt.

Framkvæmdalán skulu gerð upp með 90% lánum til sveitarfélaga með sömu kjörum og gilda um lán til félagslegra eignaríbúða. Lántakandi, bæði að framkvæmdaláni og láni til greiðslu þess samkvæmt framansögðu, er viðkomandi sveitarfélag sem ábyrgist endurgreiðslu lánanna til Byggingarsjóðs verkamanna með tryggingu í öllum eignum sveitarfélagsins og ábyrgðum þess. Við sölu íbúðar skal sveitarfélagið veita kaupanda lán að sömu fjárhæð og með sömu kjörum og eiga við um lán úr Byggingarsjóði verkmanna til félagslegra eignaríbúða sem tryggt verði með veði í hlutaðeigandi fasteign.

Vextir á lánum Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélaga skulu að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings breytast til samræmis við vexti á almennum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins nema sveitarfélag sýni fram á að kaupandi uppfylli enn þá skilyrði a- og b-liða 1. mgr. 64. gr. laganna og njóti þar af leiðandi óbreyttra vaxtakjara á láni sínu frá sveitarfélagi. Slík endurskoðun skal síðan fara fram á þriggja ára fresti.

Verði vanskil á láni Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélags eða ef íbúð er ráðstafað til kaupanda sem ekki fullnægir skilyrðum 64. gr. laga þessara er sjóðnum heimilt að gjaldfella lán sitt.

Ákvæði laga þessara um kaupskyldu og forkaupsrétt sveitarfélaga eiga ekki við um íbúðir byggðar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

8. mgr. 74. gr. laganna orðast svo:

Þegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða skal 20% lán framkvæmdaraðila gjaldfellt og kaupanda veitt heimild til að fá lán úr Byggingarsjóði verkamanna til 25 ára.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á b-lið IV. bráðabirgðaákvæðis laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur: og þann sem misst hefur tekjur vegna langvarandi veikinda. Jafnframt skulu þeir eiga rétt á greiðslu sem eru atvinnulausir og hafa verið það í a.m.k. þrjá mánuði samtals síðustu sex mánuði áður en sótt er um greiðslu. Enn fremur skulu námsmenn, sem hafa verið í a.m.k. sex mánaða samfelldu námi síðustu tólf mánuði áður en sótt er um greiðslu eða munu fyrirsjáanlega stunda nám sem mun sannanlega taka þann tíma, eiga rétt á greiðslu.
b. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.

7. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, VI, svohljóðandi:

Húsnæðisstofnun ríkisins getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og skuldurum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar ef viðkomandi hefur orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna atvinnuleysis, minnkandi atvinnu, veikinda eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 1996.

8. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, VII, svohljóðandi:

Þeim aðilum, sem til þessa hafa fengið fimm ára lán frá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna til kaupa á almennri kaupleiguíbúð, er heimilt að sækja um skuldbreytingu þeirra lána til allt að 25 ára, að teknu tilliti til þess lánstíma sem liðinn er. Ákvæði þetta gildir til 31. desember 1994.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

821. Lög [287. mál]

um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

(Afgreidd frá Alþingi 24. mars.)

Samhljóða þskj. 803.

822. Lög [272. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 24. mars.)

Samhljóða þskj. 820.

823. Lög [286. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 24. mars.)

Samhljóða þskj. 363.

824. Frumvarp til laga [527. mál]

um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

Flm.: Björn Bjarnason, Árni Johnsen, Egill Jónsson,
Guðni Ágústsson, Sigbjörn Gunnarsson, Sturla Böðvarsson.

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1989, um leigubifreiðar, er kveðið á um að atvinnuleyfi skuli falla úr gildi við lok 70 ára aldurs. Ákvæði laganna um atvinnuleyfi (IV. kafli) eiga aðeins við bifreiðastjóra fólksbifreiða fyrir átta farþega eða færri sem stunda atvinnu sína á svæðum þar sem takmörkun á fjölda bifreiða hefur verið ákveðin skv. 4. gr. Þetta þýðir að aldurshámarkið í 1. mgr. 9. gr. á aðeins við bifreiðastjóra sem slíkum bifreiðum aka. Ákvæðið á ekki við vörubifreiðastjóra eða sendibifreiðastjóra og það á ekki heldur við fólksbifreiðastjóra á bifreiðum fyrir átta farþega eða færri sem aka á svæðum þar sem takmörkun skv. 4. gr. hefur ekki verið beitt. Þá á það ekki heldur við bifreiðastjóra langferðabifreiða. Af þessu er ljóst að ákvæðið mismunar gróflega þeim bifreiðastjórum sem það á við samanborið við aðra atvinnubifreiðastjóra.

Ákvæði 1. mgr. 9. gr. verður ekki réttlætt með öryggissjónarmiðum. Fyrir þeim er séð með ákvæði í 51. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og reglugerð nr. 787/1983, um ökukennslu, próf ökumanna og fleira, sbr. reglugerð nr. 116/1988, um breytingu á henni. Þar er að finna almenn ákvæði sem eiga við alla ökumenn jafnt. Er þar m.a. gert ráð fyrir að fullnaðarökuskírteini gildi þar til skírteinishafi sé fullra 70 ára. Eftir það fá menn aðeins tímabundin ökuleyfi sem ekki eru endurnýjuð nema menn sanni m.a. með læknisvottorði að þeir uppfylli tilteknar lágmarkskröfur um heilbrigði.

Þá er einnig vandséð að öryggissjónarmið standi sérstaklega til þess að svipta hluta fólksbifreiðastjóra atvinnuleyfi við tiltekinn aldur þegar atvinnubílstjórar á sendibifreiðum, vörubifreiðum og langferðabifreiðum mega halda atvinnu sinni áfram þótt þeir hafi náð sama aldri. Raunar er augljóst að þessir síðarnefndu bílstjórar aka bifreiðum sem eru stærri, þyngri og jafnvel hættulegri.

Vilji menn af öðrum ástæðum en þeim sem rekja má til öryggissjónarmiða takmarka rétt manna yfir 70 ára aldur til að aka leigubifreiðum er unnt að gera það án afskipta löggjafans, t.d. með starfsreglum stéttarfélags eða bifreiðastöðva.

Hinn 3. júní 1993 dæmdi Hæstiréttur í máli sem Magnús Gunnar Guðmundsson hafði höfðað gegn samgönguráðherra, umsjónarnefnd fólksbifreiða á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Frama og Bifreiðastjórafélaginu Frama. Hafði Magnús Gunnar misst atvinnuleyfi sitt vegna aldurs á grundvelli 1. mgr. 9. gr. laganna um leigubifreiðar og höfðað málið til að fá þeim missi leyfisins hnekkt. Meiri hluti Hæstaréttar, fjórir dómarar af fimm, sýknuðu stefndu og höfnuðu þar með sjónarmiðum stefnandans um að brotin hefði verið á honum ólögfest stjórnskipunarregla um jafnræði borgaranna. Einn dómari skilaði sératkvæði og taldi umrætt ákvæði ekki standast að stjórnlögum þar sem það fæli í sér mismunun eftir búsetu leigubifreiðastjóra. Magnús Gunnar Guðmundsson hefur sent mannréttindanefnd Evrópu kæru sem byggð er á því að í meðferð sinni á honum í málinu hafi Ísland brotið gegn 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það ákvæði hefur að geyma bann við því að borgurum sé mismunað gagnvart þeim réttindum og frelsi sem sáttmálinn lýsir. Kæran er nú til athugunar hjá nefndinni.

825. Fyrirspurn [528. mál]

til samgönguráðherra um flokkun veitingastaða.

Frá Svavari Gestssyni.

Hve margir veitingastaðir eru í hverjum flokki skv. 9. gr. laga nr. 67/1985, þ.e.

a. hve margir staðir teljast „veitingahús“ skv. a-lið,
b. hve margir staðir teljast „skemmtistaðir“ skv. b-lið,
c. hve margir staðir teljast „veitingastofur“ eða „greiðasala“ skv. c-lið,
d. hve margir staðir teljast „veisluþjónusta“ eða „veitingaverslun“ skv. d-lið,
e. hve margir staðir teljast vera skv. e-lið eða hve mörg leyfi hafa verið gefin út samkvæmt þeim staflið?

Beðið er um fjölda staða eftir lögreglustjóraumdæmum annars vegar í árslok 1993 og hins vegar til samanburðar í árslok 1983.

Greinargerð.

Samgönguráðherra annast framkvæmd laganna um veitinga- og gististaði frá 1985 en lögreglustjórar gefa þó út leyfi samkvæmt lögunum. Hér er engu að síður gengið út frá því að heildaryfirlit yfir leyfin sé í samgönguráðuneytinu þótt lögreglustjórar heyri undir dómsmálaráðuneytið.

Skriflegt svar óskast.

826. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á tveimur þingum. Fékk hún á fund sinn til viðræðna Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þorbjörn Hlyn Árnason biskupsritara og frá Hagstofu Íslands Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Skúla Guðmundsson skrifstofustjóra. Á 116. löggjafarþingi bárust nefndinni umsagnir frá Félagi eldri borgara, Landssambandi aldraðra og Hagstofu Íslands og á 117. löggjafarþingi frá félagsmálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fram kom að Félag eldri borgara og Landssamband aldraðra styðja frumvarpið en Samband íslenskra sveitarfélaga, biskupsstofa, félagsmálaráðuneytið og Hagstofa Íslands eru andvíg því.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeim sem búa á dvalarheimili fyrir aldraða eða í húsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum sé heimilt að eiga áfram lögheimili þar sem þeir höfðu fasta búsetu áður. Minni hlutinn bendir á að lög um lögheimili eru tiltölulega ný af nálinni og að við setningu þeirra var sérstaklega fjallað um málefni aldraðra. Bent er á að einn helsti tilgangur nýrra lögheimilislaga var að tryggja að jafnan færi saman lögheimili manns og föst búseta og er hugtakið föst búseta þungamiðjan í þeim lögum. Þegar lögin voru sett þótti nauðsynlegt að skapa meiri festu um ákvörðun lögheimilis en verið hafði þar sem margháttuð réttindi og skyldur eru háð lögheimilisskráningu.

Sú regla að menn séu skráðir þar sem þeir búa hefur um langt skeið verið í löggjöf nágrannaþjóðanna og þykir þar sjálfsögð. Þar eru jafnframt nær engar undantekningar leyfðar. Hér á landi gera lögin ráð fyrir undantekningum þegar í hlut eiga tilteknir hópar þegnanna sem eru tilneyddir til að dveljast tímabundið fjarri þeim stöðum þar sem þeir hafa fasta búsetu. Um alla þessa hópa gildir að gengið er út frá því að um tímabundna dvöl sé að ræða. Ljóst er að þeir sem flytja á dvalarheimili aldraðra eða í húsnæði ætlað öldruðum koma þangað til að dveljast til frambúðar og taka þar upp fasta búsetu. Á þessum hópum er því greinilegur eðlismunur.

Eins og áður hefur komið fram ganga tillögur 1. gr. frumvarpsins gegn þeirri meginreglu lögheimilislaga að menn skuli skráðir þar sem þeir hafa fasta búsetu. Að óbreyttu mundu ákvæði frumvarpsins valda erfiðleikum milli sveitarfélaga vegna kostnaðar af dvöl aldraðra á dvalarheimilum og togstreitu milli þeirra um lögheimilisskráningu af þeim sökum. Sams konar togstreitu mundi einnig gæta við kjörskrárgerð sveitarfélaga.

Á hinn bóginn þykir rétt að hafa nokkurt svigrúm um skráningu lögheimilis aldraðra, enda er með því komið til móts við gildandi framkvæmd. Ljóst er að óvissa getur ríkt í upphafi þegar einstaklingur flyst á dvalarheimili aldraðra um hvort hann taki þar upp búsetu til frambúðar. Þá geta þær aðstæður verið að annað hjóna flytji á dvalarheimili á undan hinu, en samkvæmt lögheimilislögum skulu hjón hafa sama lögheimili.

Í umræðum nefndarinnar voru ræddar breytingartillögur til að koma til móts við sjónarmið frumvarpsins en ekki var vilji hjá flutningsmanni þess til að standa að breytingum. Minni hlutinn telur ekki forsvaranlegt að mæla með lögfestingu frumvarpsins að óbreyttu en niðurstaða hans varð eftir ítarlega skoðun málsins að leggja til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Lögð er til breyting á 1. gr. frumvapsins sem felur annars vegar í sér að gildissvið greinarinnar takmarkist við þá sem búa á dvalarheimilum aldraðra en nái ekki til þeirra sem búa í öðru húsnæði sem er sérstaklega ætlað öldruðum. Á þessu er mikill munur þar sem síðarnefnda húsnæðið er alla jafna í eigu viðkomandi sem oftast hefur þá selt fyrri íbúð sína.

Hins vegar er lagt til að þeim sem flytjast á dvalarheimili aldraðra verði heimilt að eiga áfram lögheimili í fyrra sveitarfélagi í 18 mánuði frá flutningi á dvalarheimilið. Eftir sem áður verður öldruðum heimilt að skrá lögheimili sitt á dvalarheimili strax og þeir flytjast þangað í samræmi við meginreglu lögheimilislaga.

Einnig er lagt til að 2. gr. frumvarpsins falli brott þar sem hún hefur ekki lengur þýðingu vegna breytingar á 1. gr. en samkvæmt þeirri breytingu ræður viðkomandi skráningu sinni sjálfur fyrstu 18 mánuðina eftir að hann flytur á dvalarheimili aldraðra.

Alþingi, 22. mars 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form.	Björn Bjarnason, frsm.	Gísli S. Einarsson.

827. Breytingartillögur [72. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (SP, GE, BBj).

1. Við 1. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Manni, sem flyst á dvalarheimili aldraðra, er heimilt í allt að 18 mánuði frá flutningi að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hafði fasta búsetu í áður.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.

828. Tillaga til þingsályktunar [529. mál]

um fullgildingu Torremolinos-bókunarinnar frá 1993 við Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa, 1977.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Torremolinos-bókunina frá 1993 við Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa, 1977, sem undirrituð var í Torremolinos 2. apríl 1993.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Dagana 22. mars til 2. apríl 1993 var haldin í Torremolinos-alþjóðaráðstefna um öryggi fiskiskipa á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO.

Fulltrúar samtals 49 ríkja tóku þátt í ráðstefnunni en auk þeirra áttu tvö ríki og fimm alþjóðastofnanir áheyrnaraðild. Fyrir Íslands hönd tóku Ragnhildur Hjaltadóttir, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, Benedikt E. Guðmundsson siglingamálastjóri og Ari Guðmundsson, skipatæknifræðingur frá Siglingamálastofnun, þátt í ráðstefnunni sem fulltrúar auk Guðjóns A. Kristjánssonar, varaþingmanns og forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og Ragnars G. D. Hermannssonar, varaforseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem voru ráðgjafar. Aðalfulltrúi Spánar, M. Panadero Lopez, var kosinn forseti ráðstefnunnar, en Ragnhildur Hjaltadóttir var kosin einn af fimm varaforsetum.

Ástæða þess að ráðstefna þessi var haldin er sú að Torremolinos-alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa frá 1977 hefur aldrei öðlast gildi, aðallega vegna þess að ýmis ákvæði samþykktarinnar voru of ströng til að sum ríki með stóran fiskveiðiflota gætu fullgilt hana. Samþykktin var fullgilt fyrir Íslands hönd 12. júní 1986 samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 17. apríl 1986, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1986 þar sem hún er birt. Síðastliðin fjögur ár hefur á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar verið unnið að breytingum á samþykktinni með það að markmiði að hún gæti öðlast gildi innan mjög skamms tíma.

Fyrir ráðstefnuna var af hálfu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar lagður texti sem drög að bókun við alþjóðasamþykktina. Þessi drög voru unnin af sérstökum vinnuhópi á vegum þeirrar nefndar IMO sem fjallar um stöðugleika og hleðslumerki skipa og öryggi fiskiskipa, en gengið var frá drögunum á síðasta fundi vinnuhópsins sem haldinn var í Reykjavík 1.–5. júní 1992.

Þáttur Íslands í gerð alþjóðlegra ályktana og reglna um öryggi fiskiskipa er umtalsverður. Frumdrögin að Torremolinos-alþjóðasamþykktinni um öryggi fiskiskipa, 1977, voru unnin af sérstakri nefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi fiskiskipa sem starfaði innan stofnunarinnar í 13 ár samfellt og var Hjálmar R. Bárðarson, þáverandi siglingamálastjóri, formaður þessarar sérstöku nefndar allt frá upphafi árið 1964 endurkosinn árlega. Þessi sérstaka nefnd hafði áður gengið frá ýmsum ályktunum og reglum um fiskiskip sem staðfestar voru af þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og eru nú þegar notaðar sem grundvöllur reglna fjölda ríkja.

Í lok ráðstefnunnar 2. apríl 1993 var samþykkt Torremolinos-bókunin frá 1993 við Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa, 1977. Bókunin var þá undirrituð fyrir Íslands hönd með fyrirvara um fullgildingu. Hún er birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Viðaukinn hefur að geyma ákvæði Torremolinos-samþykktarinnar, með áorðnum breytingum.

Alþjóðasamþykktin ásamt tilheyrandi bókun, sem hér um ræðir, er sú fyrsta sem fjallar sérstaklega um öryggi fiskiskipa. Hún fjallar um kröfur varðandi hönnun, smíði og búnað nýrra þilfarsfiskiskipa sem eru 24 m að lengd og lengri, einnig um skip sem vinna eigin afla. Bókunin nær ekki til eldri skipa, nema að því er varðar neyðaráætlanir, siglingatæki og fjarskiptabúnað þeirra, þar á meðal fjarskiptabúnað sem er hluti af björgunarbúnaði.

Aðalbreytingarnar, sem gerðar voru á texta samþykktarinnar frá 1977, eru þær að IV., V., VII. og IX. kafli gilda fyrir fiskiskip sem eru 45 m að lengd og lengri í stað fiskiskipa 24 metra og lengri.

Meginefni Torremolinos-bókunarinnar er sem hér segir:

Greinar bókunarinnar fjalla almennt um heildarmarkmið bókunarinnar og framkvæmd hennar, m.a. um gildistöku og síðari endurskoðun og breytingar bókunarinnar. Bókunin öðlast gildi tólf mánuðum frá þeim degi er eigi færri en fimmtán ríki hafa fullgilt hana, enda ráða þau sameiginlega yfir að minnsta kosti 14.000 fiskiskipum sem eru 24 m að lengd og lengri sem er u.þ.b. 50% af fiskiskipastól heimsins.

Nýmæli er að skv. 5. tölul. 3. gr. er gert ráð fyrir að ríki, sem liggja að ákveðnum hafsvæðum, geri með sér svæðisbundið samkomulag um samræmdar lágmarkskröfur fyrir fiskiskip sem eru 24 m að lengd og lengri, en styttri en sem nemur þeirri lengd sem gildissvið IV., V., VII. og IX. kafla nær til.

I. kafli viðauka við bókunina fjallar um almenn ákvæði, undanþáguheimildir, eftirlit, útgáfu skírteina o.fl.

II. kafli er um smíði fiskiskipa, vatnsþétta niðurhólfun, lokunarbúnað og ýmsan búnað.

III. kafli er um stöðugleika fiskiskipa og sjóhæfni. Ákvæðin í samþykktinni frá 1977 eru óbreytt, en minni háttar breytingar eru gerðar varðandi reiknuð hleðslutilvik.

IV. kafli er um vélbúnað, rafmagnskerfi og sjálfvirkni í vélarrúmi, þ.e. tímabundið ómönnuð vélarrúm. Þessi kafli gildir fyrir ný fiskiskip 45 m að lengd og lengri. Í grundvallaratriðum eru þetta sams konar ákvæði og fyrir vélbúnað og rafmagnskerfi í farþegaskipum og vöruflutningaskipum samkvæmt öðrum IMO-samþykktum.

V. kafli er um eldvarnir, eldskynjun, slökkvibúnað og slökkvistörf. Þessi kafli skiptist í tvo hluta: Hluti A gildir fyrir ný fiskiskip 60 m að lengd og lengri og hefur að geyma svipaðar kröfur og gilda fyrir flutningaskip samkvæmt öðrum IMO-samþykktum. Hins vegar eru í hluta B gerðar heldur minni kröfur til styttri fiskiskipa, þ.e. þeirra sem eru milli 45 og 60 m að lengd.

VI. kafli er um búnað til verndar áhöfninni. Þessi kafli fjallar um öryggisráðstafanir vegna t.d. vinnu á opnu þilfari.

VII. kafli er um björgunarbúnað fiskiskipa og fyrirkomulag hans. Kaflinn, sem skiptist í þrjá hluta, hefur að geyma svipuð ákvæði og eru í alþjóðasamningi frá 1. nóvember 1974 um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS) sem gildir almennt fyrir kaupskip. Hluti A fjallar um almenn atriði varðandi ný fiskiskip 45 m að lengd og lengri. Sumar reglurnar gilda þó bæði fyrir ný og gömul skip. Hluti B fjallar um ákvæði varðandi skipið ásamt ákvæðum um björgunarför og léttbáta með hliðsjón af stærð viðkomandi skips.

Hluti C fjallar um ákvæði varðandi björgunarbúnað, þar á meðal smíði, búnað o.s.frv. á björgunarbátum, björgunarflekum og léttbátum. Einnig er þar fjallað um kröfur til björgunarflotbúninga og einangrunarpoka.

VIII. kafli er um neyðarráðstafanir, skráningar og æfingar ásamt tilheyrandi þjálfun.

IX. kafli er um loftskeytabúnað. Ákvæði þessa kafla eru nánast þau sömu og í IV. kafla SOLAS-samningsins og hefur því að geyma hinn nýja staðal um þráðlaus fjarskipti, GMDSS. Kaflinn gildir fyrir bæði ný og gömul fiskiskip 45 m að lengd og lengri. Samt sem áður er heimild til að veita gömlum fiskiskipum frest til 1. febrúar 1999 eða til þess dags þegar bókunin öðlast gildi eftir því hvor dagsetningin kemur síðar.

X. kafli er um siglingatæki og útsýni frá stjórnpalli. Ákvæði hans eru sambærileg ákvæðunum í V. kafla SOLAS-samningsins, en það er eini kafli SOLAS-samningsins sem gildir fyrir öll skip, þ.e. ný og gömul skip, þar á meðal fiskiskip án tillits til farsviðs.

Í fylgiskjali við lokasamþykkt Torremolinos-alþjóðaráðstefnunnar eru ályktanir og tilmæli um ýmis frekari atriði er varða öryggi fiskiskipa.

Flest ákvæði þessarar bókunar hafa nú þegar verið sett inn í íslenskar reglur fyrir skip, t.d. reglur um stöðugleika og öryggi fiskiskipa. Nýjar íslenskar reglur um loftskeytabúnað skipa verða gefnar út á næstunni, en þær eru að verulegu leyti byggðar á hinum nýja alþjóðlega staðli um þráðlaus fjarskipti, GMDSS. Loks má geta þess að verið er að endurskoða reglur um vélbúnað og eldvarnir í fiskiskipum.

Með hliðsjón af framangreindu fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi veiti heimild til fullgildingar bókunarinnar.

Á fylgiskjali með þingsályktunartillögunni var prentaður á ensku og íslensku texti Torremolinos-bókunarinnar frá 1993 við Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa, 1977, ásamt viðbæti.

Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Enn fremur verður bókunin prentuð í C-deild Stjórnartíðinda.

829. Frumvarp til laga [530. mál]

um réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings um opna lofthelgi.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Eftirlitsmenn og flutningsáhafnir, sem starfa á grundvelli samnings frá 19. nóvember 1990 um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings frá 24. mars 1992 um opna lofthelgi, skulu njóta þeirrar friðhelgi, forréttinda og undanþágna hér á landi sem kveðið er á um í samningunum.

2. gr.

Utanríkisráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 9. nóvember 1991 öðlaðist samningur frá 19. nóvember 1990 um hefðbundinn herafla í Evrópu gildi. Samningurinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 14. desember 1991, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 34/1991, þar sem samningurinn er birtur, og 19/1992. Í samningnum er gert ráð fyrir takmörkun ákveðinna tegunda hefðbundinna vopna í Evrópu og er aðildarríkjunum heimilt að senda eftirlitssveitir til annarra aðildarríkja til þess að tryggja framkvæmd samningsins.

Hinn 24. mars 1992 var undirritaður í Helsinki samningur um opna lofthelgi. Í tillögu til þingsályktunar sem lögð hefur verið fyrir Alþingi fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samningsins. Samningurinn veitir aðildarríkjum rétt til að hafa eftirlit úr lofti með hernaðarstarfsemi í öðrum aðildarríkjum. Í því skyni eru leyfð könnunarflug samkvæmt nánar tilgreindum skilyrðum.

Í fyrrgreindum samningum er gert ráð fyrir því að tilgreindir starfsmenn og eftirlitssveitir njóti ýmissa réttinda í aðildarríkjunum við framkvæmd skyldustarfa sinna. Hvað samninginn um hefðbundinn herafla í Evrópu varðar eru þessi réttindi skilgreind í XIII. kafla viðauka samningsins um eftirlit sem prentaður er sem fskj. I með lagafrumvarpi þessu. Réttindi samkvæmt samningnum um opna lofthelgi eru sett fram í 2. kafla XIII. gr. samningsins sem prentaður er sem fskj. II. Skulu tilgreindir starfsmenn, eftirlitsmenn og flutningsáhafnir njóta forréttinda og friðhelgi sem miðast við ákveðnar greinar Vínarsamnings frá 18. apríl 1961 um stjórnmálasamband sem Ísland er aðili að og hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 16/1971.

Viðkomandi ákvæði Vínarsamningsins eru eftirfarandi:

29. gr.

1. Sendierindreki skal njóta persónulegrar friðhelgi. Hann má eigi á neinn hátt handtaka né kyrrsetja. Móttökuríkið skal sýna honum tilhlýðilega virðingu og gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir hvers konar tilræði við persónu hans, frelsi eða sæmd.

2. Eignir hans, með þeim undantekningum sem er að finna í 3. mgr. 31. gr., skjöl hans og bréfaskipti, skulu einnig njóta friðhelgi.

2. mgr. 30. gr.

Eignir hans, með þeim undantekningum sem er að finna í 3. mgr. 31. gr., skjöl hans og bréfaskipti, skulu einnig njóta friðhelgi.

1., 2. og 3. mgr. 31. gr.

1. Sendierindreki skal njóta friðhelgi að því er varðar refsiréttarlögsögu móttökuríkisins. Hann skal einnig njóta friðhelgi að því er varðar einkamála- og framkvæmdarvaldslögsögu þess, nema þegar um er að ræða:

a. mál varðandi eigin fasteign í landi móttökuríkisins nema hann hafi vörslu hennar á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið,

b. mál varðandi erfðir þar sem sendierindrekinn er skiptaforstjóri, búskilastjóri, erfingi eða gjafþegi sem einstaklingur en ekki sem fulltrúi fyrir sendiríkið,
c. mál varðandi hvers konar atvinnu eða verslunarviðskipti sendierindrekans í móttökuríkinu sem óviðkomandi eru opinberum störfum hans.

2. Sendierindreki er ekki skyldur til að gefa skýrslu sem vitni.

3. Ekki má framkvæma neina aðfarargjörð gagnvart sendierindreka nema í þeim tilvikum sem falla undir a-, b- og c-liði 1. mgr. þessarar greinar og með því skilyrði að unnt sé að framkvæma þær aðgerðir sem um er að ræða án þess að skerða persónulega friðhelgi hans eða heimilishelgi.

34. gr.

Sendierindreki skal vera undanþeginn öllum gjöldum og sköttum á einstaklinga og eignir hvort sem um er að ræða álögur til ríkis, sveitarfélaga eða annarra umdæma nema:

a. þeim óbeinu sköttum sem eru yfirleitt innifaldir í verði vara eða þjónustu,
b. gjöldum eða sköttum á fasteignum í einkaeign í landi móttökuríkisins nema hann hafi vörslu þeirra á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið,
c. dánarbús- og erfðafjársköttum sem móttökuríkið leggur á, með þeim fyrirvara sem felst í ákvæðum 4. mgr. 39. gr.,
d. gjöldum og sköttum af einkatekjum, sem eiga upphaf sitt í móttökuríkinu, og eignasköttum af fjárfestingu í atvinnufyrirtækjum í móttökuríkinu,
e. gjöldum sem lögð eru á fyrir tilgreinda veitta þjónustu,
f. þinglýsinga- og réttargjöldum og veð- og stimpilgjöldum vegna fasteigna, með þeim fyrirvara sem felst í ákvæðum 23. gr.

35. gr.

Móttökuríkið skal undanþiggja sendierindreka allri persónubundinni þjónustu, hvers konar opinberri þjónustu og hernaðarskyldum, svo sem þeim sem tengdar eru upptöku, hernaðarframlögum og vistun herliðs.

b-liður 1. mgr. 36. gr.

1. Móttökuríkið skal heimila, í samræmi við lög og reglur sem það kann að setja, innflutning á og undanþágur frá öðrum tollum, sköttum og svipuðum gjöldum, öðrum en geymslugjöldum, akstursgjöldum og líkum gjöldum að því er snertir:

a. ...
b. muni sem ætlaðir eru til persónulegra nota sendierindreka eða venslamanna hans er teljast til heimilisfólks hans, þar á meðal muni sem ætlaðir eru til bústofnunar hans í móttökuríkinu.

Viðkomandi aðilar njóta ofangreindra réttinda einnig þegar þeir eru að ferðast um landsvæði annarra aðildarríkja vegna starfa samkvæmt samningunum. Í samningnum um opna lofthelgi er sérstaklega vitnað til ákvæða 1. mgr. 40. gr. Vínarsamningsins sem hljóðar svo:

> Ef sendierindreki er á ferð eða dvelst í landi þriðja ríkis, sem hefur veitt honum vegabréfsáritun ef áskilin er, þeirra erinda að taka við eða hverfa aftur til starfs síns skal þriðja ríkið veita honum friðhelgi og önnur forréttindi sem nauðsynleg eru vegna ferðalags hans eða heimferðar. Hið sama á við um sérhvern venslamann sendierindrekans sem nýtur forréttinda og friðhelgi og er í för með honum eða á leið til hans eða heimalands síns þótt ekki sé hann honum samfara.

Enn fremur skulu farartæki eftirlitssveitanna vegna samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu vera friðhelg, sbr. 3. gr. XIII. kafla Viðaukans um eftirlit. Farartæki starfsmanna samkvæmt samningnum um opna lofthelgi njóta einnig vissra réttinda, sbr. 5. tölul. II. kafla XIII. gr. samningsins, en þar er sérstaklega getið réttinda sendiráða skv. 3. mgr. 22. gr. Vínarsamningsins sem hljóðar svo:

Sendiráðssvæðið, innbú og annað lausafé þar og ökutæki sendiráðsins skulu undanþegin leit, upptöku, haldi eða aðför.

Það fyrirkomulag, sem sett er fram í frumvarpi þessu, er efnislega hið sama og gert er ráð fyrir í lögum nr. 98/1992, um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Bókun um eftirlit:

XIII. KAFLI

Forréttindi og friðhelgi eftirlitsmanna og flutningsáhafnar.

1. Eftirlitsmenn og flugáhafnir skulu njóta forréttinda og friðhelgi sem sendierindrekum eru veitt skv. 29. gr.; 2. mgr. 30. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 31. gr.; og 34. og 35. gr. Vínarsamningsins um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961, til þess að þeir framkvæmi skyldustörf sín með árangursríkum hætti til að framfylgja samningnum og ekki þeim sjálfum til hagsbóta.

2. Að auki skulu eftirlitsmönnum og flutningsáhöfnum veitt forréttindi sem stjórnarerindrekar njóta skv. b-lið 1. mgr. 36. gr. Vínarsamningsins um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961. Þeim skal ekki heimilt að koma inn á landsvæði aðildarríkis, þar sem eftirlit á að fara fram, með hluti sem innflutningur eða útflutningur er bannaður á samkvæmt lögum eða háðir eru reglum um sóttkví þess aðildarríkis.

3. Farartæki eftirlitssveitanna skulu vera friðhelg nema kveðið sé á um annað í samningnum.

4. Aðildarríki, sem framkvæmir eftirlit, er heimilt að afsala lögsögu um friðhelgi eftirlitsmanna sinna og flutningsáhafnar í tilfellum þar sem það telur að friðhelgi myndi hamla réttlæti og því sé unnt að afsala henni án þess að það hamli framkvæmd samningsins. Friðhelgi eftirlitsmanna og flutningsáhafnarmanna, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkisins sem framkvæmir eftirlitið, getur aðeins það ríki afsalað sem þeir eru ríkisborgarar í. Afsalið skal ávallt vera skýrt tekið fram.

5. Forréttindin og friðhelgin, sem kveðið er á um í þessum kafla, skulu veitt eftirlitsmönnum og flutningsáhöfn:

a. meðan þeir ferðast um aðildarríki til þess að framkvæma eftirlit á landsvæði annars aðildarríkis,
b. meðan þeir dvelja á landsvæði aðildarríkis þar sem eftirlit fer fram,
c. þar eftir varðandi skyldustörf sem þeir áður inntu af hendi sem eftirlitsmenn eða flutningsáhafnarmenn.

6. Ef aðildarríki, þar sem eftirlit fer fram, telur að eftirlitsmaður eða flutningsáhafnarmaður hafi misnotað réttindi sín eða friðhelgi skulu ákvæði 6. mgr. VI. kafla þessarar bókunar gilda. Fari aðildarríki, sem í hlut á, þess á leit skulu viðræður eiga sér stað milli þeirra til þess að koma í veg fyrir að misnotkunin endurtaki sig.

Fylgiskjal II.

XIII. gr.
Tilgreining á starfsmönnum, forréttindi og friðhelgi.

II. KAFLI
Forréttindi og friðhelgi.

1. Starfsmönnum sem tilgreindir eru skv. 1. tölul. I. kafla þessarar greinar skulu, svo að þeir fái rækt störf sín með árangri í þágu framkvæmdar samnings þessa en ekki í þágu þeirra persónulega, veitt þau forréttindi og sú friðhelgi sem sendierindrekar njóta skv. 29. gr., 2. mgr. 30. gr., 1., 2. og 3. mgr. 31. gr., 34. gr. og 35. gr. Vínarsamnings um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961, sem hér á eftir er nefndur Vínarsamningurinn. Tilgreindum starfsmönnum skulu einnig veitt forréttindi sendierindreka skv. b-lið 1. mgr. 36. gr. Vínarsamningsins að öðru leyti en því sem varðar hluti sem innflutningur eða útflutningur er bannaður á með lögum eða sem reglur um sóttkví gilda um.

2. Forréttindin og friðhelgina skal veita tilgreindum starfsmönnum frá því er þeir koma til landsvæðis hins kannaða aðila og þar til þeir fara þaðan, og síðan hvað varðar verk sem þeir hafa áður unnið við opinber störf sín. Við umferð um landsvæði annarra aðildarríkja skal starfsmönnunum einnig veitt þau forréttindi og sú friðhelgi sem sendierindrekar njóta skv. 1. mgr. 40. gr. Vínarsamningsins.

3. Könnunaraðili getur veitt undanþágu frá málssóknarfriðhelgi þegar friðhelgin myndi standa því í vegi að réttvísin næði fram að ganga og unnt er að veita undanþágu frá henni án þess að skerða samning þennan. Undanþága frá friðhelgi stafsmanna sem ekki eru ríkisborgarar hins kannaða aðila verður aðeins veitt af þeim ríkjum þar sem viðkomandi starfsmenn eiga ríkisfang. Undanþága skal ávallt veitt berum orðum.

4. Að teknu tilliti til forréttinda og friðhelgi tilgreindra starfsmanna og réttinda könnunaraðila samkvæmt samningi þessum er starfsmönnunum skylt að virða lög og reglur hins kannaða aðila.

5. Hvað snertir farartæki starfsmanna skal gætt sömu friðhelgi gagnvart leit, upptöku, haldi og aðför sem sendiráð nýtur skv. 3. mgr. 22. gr. Vínarsamningsins enda sé ekki mælt fyrir um annað í samningi þessum.

830. Frumvarp til laga [531. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Aftan við 5. mgr. 10. gr. laganna bætist ný setning er orðast svo: Heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsembætti samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að höfðu samráði við Háskólann á Akureyri til að tryggja að lagagrundvöllur fyrir framgangskerfi kennara við skólann verði með hliðstæðum hætti og tíðkast hefur við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Eðlilegt verður að telja að samræmis sé gætt í þessum efnum og að kennurum við Háskólann á Akureyri séu tryggð sömu réttindi og starfsbræðrum þeirra við sambærilegar stofnanir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi á sér hliðstæðu í 6. mgr. 11. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og síðustu málsgrein 32. gr. laga nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands. Veitt er heimild til framgangs kennara í hærri stöður samkvæmt ákveðnum skilyrðum er sett verða í reglugerð með hliðsjón af ákvæðum 19. gr. reglugerðar nr. 98/1993 fyrir Háskóla Íslands og 46. gr. reglugerðar nr. 496/1990 um Kennaraháskóla Íslands. Meðal annars er gert ráð fyrir ákvæðum um að skipa skuli dómnefndir til að fjalla um framgang kennara með sama hætti og þegar stöður eru auglýstar og að háskólanefnd skuli setja reglur um framgangskerfið og leggja þær fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri.

Í frumvarpinu er kveðið á um að heimilt verði að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsstöðu. Með þessari breytingu verður framgangskerfi kennara við Háskólann á Akureyri með hliðstæðum hætti og við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Erfitt er að meta þennan kostnað en ætla má að kostnaður vegna hvers kennara sem fær tilfærslu verði tæpar 200 þús. kr. á ári. Kostnaðarauki er háður því í hvaða mæli svona heimild verður notuð en gera má ráð fyrir að fyrst í stað verði margir sem munu óska eftir hækkun. Þegar jafnvægi kemst á verða þeir hugsanlega 1–3 á ári. Einnig má gera ráð fyrir einhverjum kostnaði vegna dómnefndar sem er ætlað að meta umsóknir um tilfærslu en sá kostnaður gæti numið u.þ.b. 100 þús. kr.

Það er mat fjármálaráðuneytis að kostnaðarauki vegna þessa frumvarps verði ekki meiri en svo að hann rúmist innan fjárveitingar til skólans.

831. Frumvarp til laga [532. mál]

um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að því að orka sé notuð með skynsamlegum og hagkvæmum hætti með því að tryggja að neytendur hafi greiðan aðgang að samræmdum upplýsingum um orkunotkun heimilistækja og annars er varðar rekstur þeirra.

2. gr.

Lög þessi taka til merkinga og staðlaðra upplýsinga um heimilistæki og tæki eða búnað til hitunar húsnæðis og upphitunar á vatni sem kveðið er á um í reglugerð.

Lögin taka ekki til notaðra tækja og búnaðar.

3. gr.

Framleiðandi, fulltrúi hans eða sá er markaðssetur vöru, hér eftir nefndur birgðasali, skal láta neytendum í té upplýsingar varðandi orkunotkun og orkunýtni tækja og búnaðar sem seld eru, leigð, boðin til sölu eða leigu. Upplýsingar þessar skulu vera á íslensku og þær ber að finna á merkimiðum er tengjast tækjum og á sérstökum upplýsingablöðum. Upplýsingablað skal fylgja öllum kynningarritum fyrir vörurnar.

Birgðasala og seljanda er skylt að vekja athygli neytenda á fyrrgreindum upplýsingum.

4. gr.

Birgðasali skal taka saman tæknilegar upplýsingar sem leggja má til grundvallar við mat á upplýsingum þeim sem greint er frá á merkingum og upplýsingablaði.

Slíkar upplýsingar skulu hafa að geyma:

1. Almenna vörulýsingu.
2. Niðurstöður útreikninga varðandi hönnun ef við á.
3. Prófunarskýrslur þegar þær eru til, þar með taldar skýrslur um prófanir sem tilnefndir aðilar hafa framkvæmt í samræmi við aðra löggjöf.
4. Ofangreindar upplýsingar um svipaðar gerðir tækja ef tölulegar niðurstöður miðast við þær.

Birgðasali skal hafa þessar upplýsingar til reiðu vegna skoðana í fimm ár frá því tæki var síðast framleitt.

5. gr.

Birgðasali ber ábyrgð á því að upplýsingar á merkimiðum og upplýsingablöðum, sem hann lætur í té, séu réttar.

Óheimilar eru merkingar sem samrýmast ekki ákvæðum þessara laga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra og geta verið villandi eða misvísandi.

6. gr.

Málefni samkvæmt lögum þessum falla undir iðnaðarráðherra. Ráðherra getur falið öðrum aðilum að annast eftirlit með því að ákvæðum laga þessara og reglugerða sé fylgt. Þeir aðilar eru hér eftir nefndir eftirlitsaðilar.

7. gr.

Ef ástæða er til að ætla að upplýsingar, sem veittar hafa verið, séu rangar er eftirlitsaðilum heimilt að:

1. Krefja birgðasala eða seljendur um upplýsingar, sem nauðsynlegar eru við eftirlit, innan tilskilins frests.
2. Krefjast þess að lagt verði fram til skoðunar eintak vöru og umbúða innan tilskilins frests. Eftirlitsaðilum er heimilt að fela öðrum sem þeir tilnefna skoðunina.
3. Leita tæknilegrar aðstoðar hjá aðilum með sérþekkingu.

8. gr.

Iðnaðarráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að birgðasali skuli bera kostnað af eftirliti og skoðun og setja sérstaka gjaldskrá er það varðar.

Nánari reglur um kæru ákvarðana eftirlitsaðila er heimilt að kveða á um í reglugerð.

9. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum sem renna í ríkissjóð. Um meðferð þeirra fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa frumvarps er að tryggja neytendum greiðan aðgang að nákvæmum og samræmdum upplýsingum um orkunotkun heimilistækja o.fl. sem og öðru er varðar rekstur þessara tækja og stuðla að því að neytendur leitist við að nota orku með hagkvæmum hætti. Með því að setja samræmdar reglur í mörgum löndum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl. má ætla að framleiðendur muni leitast við að setja á markaðinn tæki með minni orkunotkun. Rétt er að taka fram að með lögunum verður ekki bannað að framleiða, flytja inn eða út, selja eða leigja tæki eða búnað með með vísun til lélegrar orkunýtni.

Við samningu frumvarpsins var höfð til hliðsjónar tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 22. september 1992 (92/75/EBE) um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum sem vísað er til í IV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum hefur verið breytt.

Við samningu þess voru dönsk lög um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun, nr. 224 frá 28. maí 1982, með áorðnum breytingum, einnig höfð til hliðsjónar.

Hér á landi hafa ekki verið í gildi lög um þetta efni. Í kafla um orkusparnað í lögum um jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar, nr. 53/1980, er þó fjallað um tengt efni varðandi húshitun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna almenna lýsingu á tilgangi og markmiði laganna. Markmiðið er að tryggja að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum til þess að stuðla að því að orka verði notuð með skynsamlegum og hagkvæmum hætti. Nákvæmar og samræmdar upplýsingar um orkunotkun munu auðvelda neytendum að bera saman rekstrarkostnað tækjanna. Varðandi aðra þætti er varða rekstur tækjanna er meðal annars átt við vatn og kemísk efni sem þarf vegna notkunar þeirra.

Um 2. gr.

Í greininni er sagt að lögin taki til heimilistækja, tækja og búnaðar sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Nauðsynlegt er að tilgreina nánar í reglugerð til hvaða tækja lögin taka á hverjum tíma þar sem reglugerðir hér verða settar í samræmi við tilskipanir Evrópubandalagsins og mun hver og ein þeirra aðeins ná til fárra tegunda tækja. Ljóst er að fyrsta reglugerðin mun taka til kæliskápa, frysta og sambyggðra kæli- og frystiskápa. Af því leiðir að lögin munu aðeins ná til þeirra tækja í byrjun en í kjölfarið munu koma reglugerðir um þvottavélar, uppþvottavélar, ljósabúnað, loftræstibúnað, ofna og vatnshitara. Síðar kunna einnig að verða settar reglur um önnur heimilistæki, svo sem eldavélar, bökunarofna og vatnsrúm.

Í 2. mgr. er kveðið sérstaklega á um að lögin nái ekki til notaðra tækja.

Um 3. gr.

Í grein þessari er rík upplýsingaskylda lögð á birgðasala. Skyldan tekur til hvers konar kaupa og leigu, þar með talin kaup með afborgunarskilmálum eða kaupleigu og einnig án tillits til þess hvernig staðið er að kaupum eða leigu, t.d. þótt vara sé keypt samkvæmt vörulista. Ekki er heldur gerður greinarmunur á kaupum til heimilisnota eða annars konar nota.

Merkimiðar þeir sem fylgja eiga tækjum verða allir með sama sniði á hinu Evrópska efnahagssvæði. Birgðasalar skulu láta þessar upplýsingar í té, en í því felst m.a. að þeir þurfa að sjá um þýðingu og prentun upplýsinganna á sinn kostnað.

Nánari reglur um upplýsingaskyldu verða settar í reglugerð samkvæmt heimild í 8. gr. laganna.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið á um að bannaðar séu merkingar um orkunotkun o.fl. sem samræmast ekki ákvæðum laganna. Þessu ákvæði er fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir að upplýsingar sé að finna á tækjum sem geta villt um fyrir neytendum.

Um 6. gr.

Með þessu ákvæði er ráðherra veitt heimild til að framselja vald sitt til eftirlits. Verði sú raunin mun nánar vera kveðið á um eftirlit og framkvæmd þess í reglugerð.

Um 7. gr.

Samkvæmt greininni getur sá aðili sem fer með eftirlit með því að fylgt sé reglum sem settar verða á grundvelli laganna krafist nauðsynlegra upplýsinga og tekið eintak af tæki eða búnaði til skoðunar, t.d. til að mæla orkunotkun þess, enda sé ástæða til að ætla að upplýsingar séu ekki réttar. Skoðun og mæling getur farið fram hjá aðilum sem eftirlitsaðilar ákveða enda teljist þeir fullnægja þeim kröfum sem til slíkra aðila verða gerðar.

Um 8. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er ráðherra skylt að setja reglugerð um framkvæmd laganna. Gera má ráð fyrir að sett verði sérstök reglugerð um hvern flokk tækja og búnaðar eins og greint er frá í athugasemd við 2. gr., auk almennrar reglugerðar um framkvæmd laganna.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til þess að leggja kostnað af eftirliti á birgðasala.

Samkvæmt 3. mgr. getur ráðherra sett reglur um hvert megi áfrýja ákvörðunum eftirlitsaðila. Hann getur t.d. ákveðið að skipa nefnd til að fjalla um kærur og að úrskurði nefndarinnar verði ekki unnt að kæra til ráðherra.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja.

Tilgangur væntanlegra laga er að stuðla að því að orka sé notuð með skynsamlegum og hagkvæmum hætti með því að tryggja að neytendur hafi greiðan aðgang að samræmdum upplýsingum um orkunotkun heimilistækja og annars er varðar rekstur þeirra. Þessu markmiði er áformað að ná með því að neytendum verði látnar í té upplýsingar varðandi orkunotkun og orkunýtni tækja og búnaðar sem eru seld eða leigð. Þessar upplýsingar ber að finna á merkimiðum er tengjast tækjum á sérstökum upplýsingablöðum og skulu þau fylgja öllum kynningarritum fyrir vörurnar. Skylt er að vekja athygli neytenda á þessum upplýsingum.

Að því er kostnað varðar er rétt að vekja athygli á ákvæði í frumvarpinu þess efnis að iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að birgðasali (framleiðandi, fulltrúi hans eða sá er markaðssetur vöru) skuli bera kostnað af eftirliti og skoðun og setja sérstaka gjaldskrá er það varðar. Gera verður ráð fyrir að þessi heimild verði nýtt og leiðir þetta ákvæði laganna þá ekki til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Einhverri ríkisstofnun verður að öllum líkindum falið að taka við kvörtunum frá neytendum verði þeir varir við að ákvæðum laganna sé ekki framfylgt. Leiðir það væntanlega til einhvers álags og aukins kostnaðar hjá viðkomandi stofnun. Á þessi stigi er hins vegar ekki unnt að meta þennan viðbótarkostnað.

832. Frumvarp til laga [533. mál]

um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi ná til vöru sem boðin er neytendum hér á landi í atvinnuskyni eða neytendum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins af aðilum sem staðfestu hafa hér á landi. Lögin taka einnig til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti.

Lögin ná ekki til matvæla, lyfja eða vöru sem nær eingöngu er notuð í atvinnurekstri.

2. gr.

Vörur sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í reglugerðum eða stöðlum um öryggi og vernd heilsu og umhverfis.

Með opinberri markaðsgæslu er leitast við að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur að þessu leyti.

3. gr.

Framkvæmd laga þessara og almenn mál er varða öryggi vöru og markaðsgæslu heyra undir viðskiptaráðherra.

Dagleg framkvæmd laga þessara er í höndum Löggildingarstofunnar og annarra eftirlitsstjórnvalda, sbr. IV. kafla.

Viðskiptaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

4. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Ábyrgðaraðili merkir aðila sem ber ábyrgð á markaðssetningu vöru hér á landi, hvort sem um er að ræða framleiðanda, fulltrúa hans eða innflytjanda.

Eftirlitsstjórnvald merkir stjórnvald sem hefur samkvæmt sérstökum lögum heimild eða skyldu til eftirlits á markaði með tilteknum vöruflokkum. Eftirlitsstjórnvald getur verið ráðuneyti, stofnun eða ráðuneyti og undirstofnun þess í sameiningu. Löggildingarstofan er eftirlitsstjórnvald fyrir alla vöruflokka sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda samkvæmt sérstökum lögum.

Faggilt prófunarstofa merkir fyrirtæki eða stofnun sem annast prófun og hefur verið faggilt til þess í samræmi við staðla og aðrar þær reglur sem um faggildingu fjalla.

Faggilt skoðunarstofa merkir fyrirtæki eða stofnun sem annast skoðun og hefur verið faggilt til þess í samræmi við staðla og aðrar þær reglur sem um faggildingu fjalla.

Framleiðandi merkir framleiðanda vöru og hvern annan aðila sem kynnir sig sem framleiðanda vöru með því að merkja vöruna með nafni sínu, viðskiptaheiti eða öðru kennimarki. Þá getur framleiðandi talist aðili sem endurgerir vöru eða er umboðsmaður framleiðanda með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins ef framleiðandi hefur ekki staðfestu á því svæði. Loks getur framleiðandi átt við aðra þá aðila í aðfangakeðju vöru sem hafa framleitt íhluti sem öryggi vörunnar byggist á.

Hættuleg vara merkir sérhverja vöru sem ekki fellur undir skilgreiningu laga þessara á öruggri vöru.

Markaðseftirlit merkir markvisst og skipulegt eftirlit með vörum á markaði. Það greinist í markaðsskoðun annars vegar og skipulega öflun upplýsinga um vörur á markaði hins vegar, m.a. með því að taka á móti ábendingum um vörur sem taldar eru hættulegar. Markaðseftirlit er framkvæmt af faggiltri skoðunarstofu.

Markaðsskoðun merkir rannsókn á vöru og ákvörðun um hvort hún samræmist sérstökum eða almennum kröfum. Mat á samræmi vöru er framkvæmt eftir föstum og skilgreindum verklagsreglum.

Neytandi merkir einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu í tengslum við vöruviðskipti enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu.

Opinber markaðsgæsla merkir skipulagða og skilgreinda viðleitni stjórnvalda til að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur um öryggi, heilsuvernd og umhverfisvernd. Opinber markaðsgæsla greinist í markaðseftirlit og stjórnvaldsaðgerðir. Opinber markaðsgæsla er ávallt á ábyrgð opinberra stjórnvalda.

Prófun merkir tæknilega framkvæmd sem felur í sér ákvörðun á einu eða fleiri einkennum tiltekinnar vöru, ferils eða þjónustu samkvæmt fyrir fram tilgreindum verklagsreglum.

Samvinnunefnd merkir samstarfsvettvang eftirlitsstjórnvalds, Löggildingarstofunnar og skoðunarstofu sem annast framkvæmd markaðseftirlits.

Seljandi merkir framleiðanda vöru, umboðsmann framleiðanda, innflytjanda, millilið á síðari stigum, dreifingaraðila og smásala.

Stjórnvaldsaðgerðir merkja ákvarðanir, úrskurði og aðgerðir eftirlitsstjórnvalds, sbr. 14. gr.

Vara merkir sérhverja framleiðsluvöru sem boðin er neytendum gegn gjaldi eða endurgjaldslaust í tengslum við atvinnurekstur seljanda, hvort sem hún er ný, notuð eða endurgerð. Þetta gildir ekki ef um er að ræða notaða vöru sem telst hafa fornmunagildi eða þarfnast lagfæringar fyrir notkun enda geri seljandi kaupanda grein fyrir því áður en viðskiptin fara fram eða kaupanda má vera það ljóst.

Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlilega eða fyrirsjáanlega notkun fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu og umhverfis.

III. KAFLI
Öryggi vöru.

5. gr.

Ábyrgðaraðilar og aðrir seljendur sem selja eða afhenda vöru á annan hátt í atvinnuskyni skulu gæta þess að vara þeirra sé örugg og er óheimilt að setja hættulega vöru á markað. Sömu aðilum er skylt að tilkynna tafarlaust eftirlitsstjórnvaldi eða skoðunarstofu ef þeir fá vitneskju um hættulega vöru sem þeir kunna að hafa sett á markað fyrir vangá eða af vanþekkingu og taka þátt í aðgerðum til að fjarlægja hana af markaði.

Við mat á öryggi vöru skal einkum taka tillit til eftirtalinna þátta:

1. Eðlis hennar, þar með talið samsetningu, umbúðir, samsetningarleiðbeiningar og viðhald.
2. Áhrifa hennar á aðrar vörur er ljóst þykir að hún verði notuð með.
3. Kynningar sem henni fylgja, svo sem merkingar á henni, leiðbeiningar um notkun og förgun og aðrar upplýsingar sem framleiðandi lætur í té.
4. Öryggis hennar gagnvart viðkvæmum notendum, svo sem börnum.

Við mat á öryggi vöru skal það ekki sjálfkrafa leiða til þess að hún sé metin hættuleg að til sé á markaði önnur vara sem sé talin enn fullkomnari með tilliti til öryggis eða unnt væri að auka öryggi hennar.

6. gr.

Falli vara ekki undir önnur eftirlitsstjórnvöld er viðskiptaráðherra heimilt að ákveða eftirfarandi í reglugerð:

1. Kröfur sem vara verður að uppfylla til að teljast örugg.
2. Aðferðir sem framleiðandi getur beitt til að sýna fram á samræmi vöru við settar reglur, t.d. með merkingu, vottorði, yfirlýsingu um samræmi, prófunarskýrslu, skjali með tæknilegum upplýsingum o.fl.
3. Merkingar vöru, leiðbeiningar og upplýsingar um notkun og förgun vöru, viðvaranir um hugsanlega hættu við notkun hennar og aðra þætti er varða upplýsingar til neytenda.

Heimilt er í reglugerð um framangreint efni að vísa til staðla sem gilda um öryggi vöru á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og samþykktir hafa verið sem íslenskir staðlar.

7. gr.

Falli vara ekki undir önnur eftirlitsstjórnvöld er viðskiptaráðherra heimilt að ákveða í reglugerð að vörum í ákveðnum vöruflokkum sem settar eru á markað hér á landi skuli fylgja tilteknar upplýsingar um eiginleika þeirra og notagildi til þess að auðvelda neytendum vöruval. Skal þá beita ákvæðum laga þessarra um markaðsgæslu eftir því sem við á í því skyni að hafa eftirlit með því að slík reglugerðarákvæði séu virt.

IV. KAFLI
Opinber markaðsgæsla.

8. gr.

Með opinberri markaðsgæslu skal vinna að því að vörur á markaði uppfylli settar reglur og skapi ekki hættu.

Löggildingarstofan og eftirlitsstjórnvald fara með stjórnvaldsþátt markaðsgæslu í samræmi við ákvæði 9. og 10. gr.

Skoðunarstofa annast markaðseftirlit í samræmi við 11. gr.

Samvinna Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu fer fram á vettvangi samvinnunefndar í samræmi við 12. gr.

9. gr.

Hlutverk eftirlitsstjórnvalds í opinberri markaðsgæslu er sem hér greinir:

1. Að setja reglur um þá vöruflokka sem það ber ábyrgð á samkvæmt sérlögum. Slíkar reglur taka að lágmarki til öryggis, verndar heilsu og umhverfis en geta einnig tekið til fleiri þátta, svo sem notagildis.
2. Að móta meginstefnu um áherslur í markaðseftirliti og umfang eftirlits með þeim vöruflokkum sem það ber ábyrgð á.
3. Að annast í samvinnu við Löggildingarstofuna samningsgerð við skoðunarstofu og greiða þann kostnað vegna hans sem ekki er greiddur af gjöldum skv. 16. og 17. gr.
4. Að fella úrskurði í einstökum málum, sbr. 14. gr., eftir að samvinnunefnd hefur fjallað um málið og lagt fram tillögu sína.

10. gr.

Hlutverk Löggildingarstofunnar í opinberri markaðsgæslu er:

1. Að vera eftirlitsstjórnvald fyrir alla vöruflokka sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda samkvæmt sérstökum lögum.
2. Að annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu í samvinnu við önnur eftirlitsstjórnvöld með því markmiði að tryggja hagkvæmni og samhæfingu.
3. Að hafa, í samstarfi við eftirlitsstjórnvöld, umsjón með samningum við skoðunarstofur og útbúa samningsgögn eftir því sem við á.
4. Að úrskurða hvaða eftirlitsstjórnvald ber ábyrgð á markaðsgæslu tiltekinnar vöru eða vöruflokks leiki vafi á slíku.
5. Að samhæfa aðgerðir eftirlitsstjórnvalda ef eiginleikar vöru eða vöruflokks eru slíkir að ábyrgð á markaðsgæslu sé í höndum fleiri en eins eftirlitsstjórnvalds.

11. gr.

Markaðseftirlit skal framkvæmt af faggiltri skoðunarstofu. Skoðunarstofa annast markaðsskoðun, aflar á skipulegan hátt upplýsinga um vörur á markaði og tekur við kvörtunum og ábendingum frá neytendum og öðrum aðilum.

Samið skal við eina eða fleiri skoðunarstofur um framkvæmd markaðseftirlits. Miðað skal við að framkvæmdin sé boðin út nema sérstakar aðstæður mæli gegn því. Löggildingarstofan og eftirlitsstjórnvald annast útboð og samningsgerð í sameiningu.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um markaðseftirlit og um skoðunarstofur sem framkvæma markaðseftirlit.

12. gr.

Samstarf Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu fer fram í sérstakri samvinnunefnd. Samvinnunefnd fjallar um starfsáætlanir í markaðseftirliti, athugasemdir sem gerðar eru við einstakar vörur og vöruflokka og gerir tillögur um stjórnvaldsaðgerðir til eftirlitsstjórnvalds sem tekur endanlega ákvörðun.

Að jafnaði skal starfa ein samvinnunefnd á verksviði hvers eftirlitsstjórnvalds en aðilar geta þó ákveðið aðra skipan, t.d. að hafa fleiri en eina samvinnunefnd ef vöruflokkar eru ólíkir eða hafa sameiginlega samvinnunefnd tveggja eða fleiri eftirlitsstjórnvalda.

Aðilar ákveða fjölda fulltrúa í samvinnunefnd. Samvinnunefnd velur formann úr hópi nefndarmanna.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan og starfsemi samvinnunefndar.

V. KAFLI
Markaðseftirlit.

13. gr.

Skoðunarstofu er heimilt að skoða vörur hjá seljanda og krefjast upplýsinga um ábyrgðaraðila, svo og að taka sýnishorn vöru til rannsóknar. Seljanda er skylt að halda skrá með upplýsingum um ábyrgðaraðila allra þeirra vara sem hann hefur á boðstólum.

Skoðunarstofa getur krafið ábyrgðaraðila um vottorð, yfirlýsingu um samræmi við reglur og staðla, prófunarskýrslu, tæknilegar upplýsingar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna öryggi vöru. Ábyrgðaraðila er skylt að halda skrá yfir allar vörur sem hann hefur á boðstólum.

Starfsmenn Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu eru bundnir þagnarskyldu um atriði er fram koma við rannsókn og viðskiptaleynd hvílir yfir. Það skal þó ekki vera því til fyrirstöðu að þeir birti opinberlega upplýsingar um hættulega vöru ef brýna nauðsyn ber til sökum þess að af vörunni stafar hætta fyrir öryggi, heilsu eða umhverfi.

VI. KAFLI
Stjórnvaldsaðgerðir.

14. gr.

Ef vara uppfyllir ekki formleg skilyrði um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi, prófunarskýrslur o.s.frv. getur eftirlitsstjórnvald bannað sölu hennar.

Ef ábyrgðaraðili torveldar skoðun eða rannsókn vöru eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar getur eftirlitsstjórnvald bannað sölu hennar.

Ef rökstuddur grunur leikur á að vara uppfylli ekki settar öryggisreglur getur eftirlitsstjórnvald ákveðið tímabundið bann við sölu hennar á meðan rannsókn fer fram í málinu.

Þyki ljóst að vara uppfylli ekki settar öryggisreglur getur eftirlitsstjórnvald bannað sölu hennar.

Ef vara er álitin sérstaklega hættuleg getur eftirlitsstjórnvald krafist tafarlausrar afturköllunar allra eintaka vörunnar. Ábyrgðaraðili skal lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru en hættulausa eða greiða kaupendum andvirði vörunnar. Eftirlitsstjórnvald getur þó ákveðið að óheimilt sé að lagfæra vöru eða endurnýta hana á annan hátt ef það telst hættulegt eða varhugavert að mati þess. Hægt er að skylda ábyrgðaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti ef nauðsyn þykir af eðli máls.

15. gr.

Eftirlitsstjórnvald skal, eftir því sem unnt er, hafa samvinnu við ábyrgðaraðila um málsmeðferð, svo sem öflun gagna, skoðun og prófun vöru og aðgerðir eins og stöðvun sölu og afturköllun vöru.

Eftirlitstjórnvaldi ber að tilkynna ábyrgðaraðila um rökstudda ákvörðun sína svo fljótt sem unnt er. Ákvörðunin skal studd viðeigandi gögnum sem eftir aðstæðum geta verið skoðunarskýrsla, prófunarskýrsla eða önnur gögn.

Ábyrgðaraðila skal veittur eðlilegur frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri en heimilt er að víkja frá því ef vara er álitin sérstaklega hættuleg.

Hafi eftirlitsstjórnvald bannað sölu vöru á grundvelli þess að hún uppfylli ekki öryggiskröfur er ábyrgðaraðila heimilt að krefjast þess að varan skuli prófuð af faggiltri prófunarstofu. Slík prófun frestar ekki framkvæmd ákvörðunar eftirlitsstjórnvalds.

Heimilt er eftirlitsstjórnvaldi að endurskoða ákvörðun ef breyttar aðstæður eru fyrir hendi.

Ákvörðunum lægra setts eftirlitsstjórnvalds má skjóta til úrskurðar viðkomandi ráðherra en málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

16. gr.

Ábyrgðaraðili ber kostnað vegna þeirra sýnishorna vöru sem tekin eru til rannsóknar. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum.

Ábyrgðaraðili ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal ábyrgðaraðili bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn, prófun, svo og annan kostnað. Heimilt er að ákveða gjöld fyrir einstaka þætti í rannsókn vöru með sérstakri gjaldskrá sem staðfest er af viðskiptaráðherra.

17. gr.

Heimilt er að leggja sérstakt markaðsgæslugjald á ábyrgðaraðila og aðra seljendur til að standa straum af greiðslum til skoðunarstofa, kostnaði samvinnunefnda og kostnaði Löggildingarstofunnar vegna almenns vöruöryggis.

Gjaldið skal miðast við umfang eftirlits með hverjum aðila sem ræðst af fjölda vöruflokka, vörutegunda og vörueintaka, stöðu í framleiðslu- og dreifingarkeðju og áhættumati. Gjaldið skal ákveðið í sérstakri gjaldskrá sem staðfest er af viðskiptaráðherra.

18. gr.

Sé fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds við framkvæmd laga þessara ekki hlítt má fylgja þeim eftir með ákvörðun viðkomandi ráðherra um dagsektir sem lagðar skulu á ábyrgðaraðila eða fyrirsvarsmenn hans. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 krónum á sólarhring samkvæmt nánari ákvörðun viðkomandi ráðherra. Er ákvörðunin aðfararhæf.

Ef mikil hætta er á að vara valdi verulegu tjóni og fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds skv. 14. gr. hefur ekki verið hlítt skal viðkomandi eftirlitsstjórnvald leitast við að koma í veg fyrir tjónið með tiltækum aðgerðum og getur það kvatt lögreglu sér til aðstoðar í því sambandi.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

19. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp til laga um öryggi framleiðsluvöru var lagt fyrir Alþingi á 115. og 116. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frumvarp þetta um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu er samið á grundvelli fyrra frumvarps en hefur verið breytt í nokkrum veigamiklum atriðum og hlotið nýtt heiti. Ástæður breytinganna eru nokkrar:

1. Við undirbúning að sameiginlegum markaði Evrópubandalagsins ákváðu aðildarríki þess að setja nýjar og ítarlegri reglur um þetta efni og var það gert hinn 29. júní 1992 með tilskipun ráðs Evrópubandalagsins (92/59/EBE) um öryggi framleiðsluvöru. Fyrra frumvarp hefur nú verið endursamið í því skyni að fella það betur að þeim meginreglum sem þessi tilskipun hefur að geyma.
2. Í frumvarpinu er kveðið á um reglur um öryggi vöru og þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti. Í fyrra frumvarpi var þjónusta hins vegar ekki þrengd með þessum hætti. Er það í samræmi við norræna löggjöf að hafa þjónustu einnig innifalda. Það er hins vegar ekki gert í tilskipun EB um öryggi framleiðslunnar.
3. Við umfjöllun um fyrra frumvarpið komu fram athugasemdir um að þar væru takmörkuð ákvæði um framkvæmd laganna. Úr þessu hefur nú verið bætt með ítarlegum ákvæðum um opinbera markaðsgæslu. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmd laganna verði í höndum Löggildingarstofunnar og við hefur verið bætt ákvæðum um fjármögnun.

Reglur um öryggi vöru á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frumvarp þetta er samið í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 2/1993. Samkvæmt 23. gr. og II. viðauka EES-samningsins skal samræma löggjöf aðildarríkjanna með tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru til margvíslegra vöruflokka. Samkvæmt 72. gr. og XIX. kafla II. viðauka EES-samningsins skal samræma löggjöf ríkja efnahagssvæðisins á sviði neytendamála. Tilgangur þessarar samræmingar er tvíþættur:

1. Að sömu kröfur séu gerðar til vöru í öllum aðildarríkjum EES-samningsins í því skyni að tryggja frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins og koma í veg fyrir tæknilegar viðskiptahindranir.
2. Að vörur uppfylli samræmdar kröfur um öryggi þannig að þær valdi ekki hættu fyrir neytendur, heilsutjóni eða skaða á umhverfi.

Segja má að reglur um öryggi vöru á Evrópsku efnahagssvæði séu þríþættar.

Í fyrsta lagi nákvæmar reglur um einstakar vörur eða vöruflokka. Undir þennan flokk fellur fjöldi tilskipana og annarra gerða. Þær byggja oftast á ítarlegum tæknilegum kröfum og lýsingum og eru því bæði umfangsmiklar og flóknar. Eftirlitskerfi og eftirlitsaðferðir, sem gert er ráð fyrir í gerðunum, eru af ýmsu tagi og samræming er takmörkuð. Oft hefur tekið mjög langan tíma að semja þessar tilskipanir og aðildarríki EB hafa þurft að samþykkja þær samhljóða.

Í öðru lagi tilskipanir samkvæmt hinni „nýju aðferð“ („New Approach“). Vegna þess hve ákvarðanataka við setningu tilskipana var seinvirk var í tengslum við undirbúning innri markaðar EB ákveðið að taka upp „nýja aðferð“ við gerð og setningu tilskipana. Meginþættir aðferðarinnar eru að aðeins eru settar grundvallarkröfur vegna heilbrigðis, öryggis og umhverfis en um allar tæknilegar kröfur er vísað til staðla. Hægt er að samþykkja tilskipanirnar með auknum meiri hluta og því er ákvarðanataka skjótvirkari.

Gerðar eru samræmdar kröfur um eftirlit í öllum tilskipunum. Samkvæmt hinni svonefndu einingaaðferð eru skilgreindar átta aðferðir sem framleiðendur geta notað til að sýna fram á að vara uppfylli settar reglur. Þessar aðferðir geta verið yfirlýsing framleiðanda, prófun, vottun, gæðastjórnun við framleiðslu o.fl. Í sérhverri tilskipun er gerð krafa um að framleiðendur noti eina eða fleiri af þessum aðferðum. Gerðar eru sömu kröfur til eftirlitsaðila (prófunarstofa, vottunarstofa og skoðunarstofa) í öllum ríkjunum og skulu þeir vera faggiltir. Allar vörur sem falla undir tilskipanirnar skulu merktar með svonefndu CE-merki sem staðfestir að vara uppfylli ákvæði viðkomandi tilskipunar.

Auk þeirra krafna sem gerðar eru til framleiðenda eru einnig gerðar kröfur um að opinber stjórnvöld í hverju ríki standi fyrir eftirliti með vörunum á markaði. Þau skulu fylgjast með að vörur á markaði uppfylli sett skilyrði (séu merktar með CE-merki) og séu öruggar. Finnist hættulegar vörur skal banna þær og senda tilkynningar um það til stofnana Evrópska efnahagssvæðisins (framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA). Ef rannsókn þessara aðila staðfestir úrskurð einstakra ríkja skal vara tekin af markaði á öllu svæðinu.

Og í þriðja lagi almenn tilskipun um öryggi vöru. Ekki er ætlunin að sérhæfðar tilskipanir verði settar um alla vöruflokka enda er slíkt tæpast mögulegt. Því hefur verið talið nauðsynlegt að hafa almennt eftirlit með öryggi vöru og að setja almennar öryggisreglur sem allar vörur verða að uppfylla. Margir vöruflokkar eru þess eðlis að þó að hætta af þeim sé í sjálfu sér takmörkuð er ekki hægt að útiloka að einstakar vörur geti verið hættulegar. Auk þess koma sífellt nýjar vörur á markað og um þær þurfa að gilda almennar öryggisreglur. Því samþykkti EB-ráðið hinn 29. júní 1992 tilskipun um öryggi framleiðsluvöru (92/59/EBE). Tilskipunin á að taka gildi 29. júní 1994 í Evrópubandalaginu og 1. júlí 1994 í öðrum aðildarríkjum EES.

Tilgangur laganna.

Tilgangur með lagafrumvarpinu er þríþættur:

1. að setja almenn lög um öryggi vöru,
2. að mynda lagalegan grunn fyrir tilskipanir um öryggi vöru sem ekki falla undir sérlög,
3. að setja í lög ákvæði um opinbera markaðsgæslu í samræmi við eftirlitsreglur samkvæmt nýju aðferðinni og almenna tilskipun um öryggi framleiðsluvöru.

Almenn ákvæði um öryggi vöru.

Hér á landi hafa ekki verið í gildi sérstök lög um öryggi vöru. Hins vegar hafa ákvæði laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, náð til þess að hluta og gilda þau enn. Í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga segir að þau séu sett til þess að „ekki séu hafðar á boðstólum eða seldar sviknar matvörur og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur er fyrir það skorti aðallega hollustu eða séu beinlínis skaðlegar heilbrigði manna enda má svo heita að til þessa hafi hér á landi ekkert opinbert eftirlit verið haft með slíku“. Frá gildistöku þeirra laga hafa þeir aðilar hér á landi sem ann-

ast hafa matvælaeftirlit, jafnframt sinnt í einhverjum mæli eftirliti með öðrum neyslu- og nauðsynjavörum hvað öryggi snertir. Hins vegar er nú þörf á miklu víðtækari heimildum í lögum til þess að sinna þessu hlutverki á þann hátt sem aðstæður á markaði krefjast.

Í tengslum við endurskoðun matvælalaga er gert ráð fyrir því að fyrrnefnd lög verði felld úr gildi. Því er nauðsynlegt að setja sérstakar reglur um öryggi annarrar vöru en matvæla. Í því efni er að sjálfsögðu eðlilegt að litið sé til tilskipunar EB um öryggi framleiðsluvöru enda er hún í viðbótarpakka vegna EES sem tekur gildi 1. júlí 1994. Ákvæði hennar þarf því að taka í íslenskan rétt. Þess má geta að á undanförnum árum hafa verið lögfest almenn lög í öðrum EES-ríkjum um öryggi vöru.

Aðrar reglur um öryggi vöru.

Auk almennra ákvæða um öryggi vöru er sértæk ákvæði um einstaka vöruflokka að finna í mörgum lögum hér á landi. Ábyrgð á framkvæmd laganna er í höndum ýmissa stjórnvalda sem hvert um sig ber ábyrgð á eftirliti með tilteknum vöruflokkum. Sem dæmi um vöruflokka sem fullnægja þurfa lögboðnum lágmarkskröfum um öryggi vöru samkvæmt ákvæðum núgildandi laga hér á landi má nefna eftirfarandi:

Vöruflokkur	Stjórnvald	Lög
1. Vélar, vinnuvélar, katlar, þrýstikútar o.fl.	Vinnueftirlit ríkisins	Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980
2. Eiturefni	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og eiturefnanefnd	Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988
3. Matvæli og aðrar neysluvörur	Hollustuvernd ríkisins	Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, og lög um eftirlit með matvælum, nr. 24/1936
4. Búnaður sem gefur frá sér jónandi geisla (m.a. örbylgjuofnar og lækningatæki)	Geislavarnir ríkisins	Lög um geislavarnir, nr. 117/1985
5. Ökutæki, barnabílstólar, hjólreiðahjálmar o.fl.	Dómsmálaráðuneytið	Umferðalög, nr. 50/1987
6. Byggingavörur	Umhverfisráðuneytið, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1985, og byggingarreglugerð, sett skv. byggingarlögum, nr. 54/1984
7. Notendabúnaður síma- og fjarskiptakerfis	Fjarskiptaeftirlit ríkisins	Fjarskiptalög nr. 73/1984, sbr. lög nr. 32/1993
8. Skotvopn, sprengiefni og skoteldar	Dómsmálaráðuneytið	Lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46/1977
9. Raffóng	Rafmagnseftirlit ríkisins	Lög um Rafmagnseftirlit ríkisins, nr. 60/1979
10. Vogir og önnur mælitæki	Löggildingarstofan	Lög um mál, vog og faggildingu, nr. 100/1992

Samkvæmt þessum lögum hafa stjórnvöld ýmist heimild til eða er gert skylt til að hafa eftirlit með vörum á markaði. Ákvæði um það hvernig eftirlitið fer fram eru í flestum tilfellum mjög takmörkuð.

Ákvæði um eftirlit með vörum á markaði er að finna í mörgum tilskipunum sem samkvæmt EES-samningnum ber að festa í íslenskum rétti. Mikilvægastar eru tilskipanir samkvæmt hinni nýju aðferð, hér á eftir nefndar nýtilskipanir. Sem dæmi um þær má nefna:

1. Tilskipun um notendabúnað til fjarskipta.
2. Tilskipun um leikföng.
3. Tilskipun um einföld þrýstihylki.
4. Tilskipun um ósjálfvirkan vogarbúnað.
5. Tilskipun um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka.
6. Tilskipun um tæki sem orsaka segulsvið.
7. Tilskipun um ígræðanleg lækningatæki.
8. Tilskipun um búnað véla.
9. Tilskipun um tæki sem brenna gasi.

Einnig má nefna tilskipun EB-ráðsins frá 25. júní 1987 (87/357/EBE) um vörur sem reynst gætu hættulegar heilsu og öryggi neytenda þar eð þær virðast aðrar en þær eru, oft nefndar hættulegar eftirlíkingar.

Að auki eru væntanlegar nýaðferðartilskipanir um fleiri vöruflokka. Meðal annars má nefna:

1. Tilskipun um lyftur og lyftubúnað.
2. Tilskipun um lækningatæki.
3. Tilskipun um bólstruð húsgögn.
4. Tilskipun um tæki á leikvöllum.
5. Tilskipun um tæki í skemmtigörðum.
6. Tilskipun um búnað skipa.
7. Tilskipun um togbrautabúnað.
8. Tilskipun um sjúkdómsgreiningarbúnað.
9. Tilskipun um þrýstigeyma.
10. Tilskipun um vélar.
11. Tilskipun um skemmtibáta.

Í nokkrum tilvikum er þegar kveðið á um öryggi ofangreindra vöruflokka og eftirlit með þeim í gildandi lögum, t.d. notendabúnaðar til fjarskipta og raffanga, en í öðrum tilvikum skortir lagaheimildir. Þetta á t.d. við um leikföng. Það hefur valdið því að ekki hefur reynst unnt að hrinda í framkvæmd ákvæðum EES-samningsins er lúta að öryggi leikfanga þótt Ísland hafi verið skuldbundið til þess þegar við gildistöku samningsins 1. janúar 1994.

Með frumvarpi þessu er lagt til að úr þessu verði bætt þannig að viðskiptaráðherra verði falið að setja fram kröfur um öryggi vöru í þeim tilvikum þegar ekki er sérstaklega kveðið á um slíkt í öðrum lögum.

Ákvæði um opinbera markaðsgæslu.

Með gagnkvæmri viðurkenningu á vottunum og prófunum á Evrópska efnahagssvæðinu fellur niður það eftirlit sem haft hefur verið með vöru í einstökum ríkum áður en hún kemur á markað. Slíkt eftirlit hefur gjarnan verið við landamæri aðildarríkjanna eða falist í endurprófunum og vottunum í einstökum ríkjum. Í stað þessa eftirlits er nauðsynlegt að haft sé eftirlit á markaði með því að varan uppfylli sett skilyrði og gildandi öryggiskröfur.

Í núgildandi lögum eru mjög takmörkuð ákvæði um hvernig staðið skuli að eftirliti á markaði, þ.e. hvernig eftirlit skuli framkvæmt og hvaða aðgerða stjórnvöld geti gripið til í einstökum tilfellum. Ákvæðin eru ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til markaðsgæslu samkvæmt nýaðferðartilskipunum. Oft er um að ræða óljósa heimild eða skyldu til að hafa eftirlit með því að vörur á markaði séu öruggar. Framkvæmdin er síðan útfærð í reglugerðum eða í ákvörðunum viðkomandi stjórnvalds.

Við núverandi aðstæður er öryggi í raun takmarkað þar sem ekki er unnið með skipulögðum hætti að eftirliti með vörum á markaði. Mikil hætta er á að falboðnar séu vörur sem ekki uppfylla settar reglur um öryggi. Í skýrum reglum felst einnig réttarbót fyrir þá aðila sem framleiða, flytja inn og selja vörur. Ljóst verður hvaða kröfur eru gerðar til þeirra og eftirlit opinberra aðila lýtur skilgreindum reglum. Aðgerðir, t.d. bann við sölu á vöru, verða að byggja á fullnægjandi rannsókn.

Eins og áður er nefnt er í mörgum tilskipunum gerð krafa til þess að einstök ríki komi á fót opinberri markaðsgæslu og því þykir nauðsynlegt að settar séu skýrar reglur um hana hér á landi. Opinber markaðsgæsla skiptist í markaðseftirlit annars vegar og stjórnvaldsaðgerðir gegn brotum hins vegar.

Markaðseftirlit byggist á markaðsskoðunum, þ.e. vörur eru skoðaðar af hæfum aðila á markaði. Skoðanir geta verið úrtaksskoðanir, skoðanir vegna sérstaks átaks og ábendinga. Sá aðili sem annast markaðseftirlit tekur á móti ábendingum frá almenningi og öðrum aðilum um vöru sem grunur leikur á að uppfylli ekki settar reglur. Skoðunaraðili skoðar vöru, metur hvort hún uppfylli forkröfur um merkingar og leiðbeiningar og hvort hún uppfylli settar öryggiskröfur.

Stjórnvaldsaðgerðir geta verið af ýmsu tagi. Stjórnvöld geta veitt leiðbeiningar, komið með ábendingar um úrbætur, bannað sölu vöru annaðhvort tímabundið eða varanlega eða krafist innköllunnar vörunnar af markaði og frá neytendum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að markaðseftirliti verði sinnt af óháðum faggiltum skoðunarstofum, einni eða fleiri. Gert er ráð fyrir að skoðunarstofur verði í flestum tilfellum reknar af einkaaðilum. Kostir þess að skoðunarstofur vinni að markaðseftirliti fremur en hefðbundnar opinberar stofnanir eru margvíslegir.

Nauðsynlegt er að skoðunaraðili sé faglega hæfur. Með faggildingu er tryggt að skoðunarstofa hafi á að skipa faglegri hæfni til að annast markaðseftirlit. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem ekki verður mögulegt að koma upp prófunarstofum á þeim fjölmörgu sviðum sem eftirlit beinist að.

Með því að fela skoðunarstofu markaðseftirlit eru hefðbundin stjórnsýsluverkefni skilin frá framkvæmd eftirlits. Náin tengsl stjórnsýslu og eftirlits eru óæskileg. Í eftirliti fer fram margháttað tæknilegt mat. Óheppilegt er að aðili, sem tekur ákvarðanir, beri beina ábyrgð á hinu tæknilega mati og mikilvægt er að skýr skil séu milli tæknilegs mats og stjórnsýslulegra ákvarðana. Að sjálfsögðu er í nokkrum mæli hægt að skilja þessa þætti að innan opinberra stofnana en reynslan sýnir að í fámennum stofnunum eins og á Íslandi er slíkur aðskilnaður yfirleitt vandkvæðum bundinn.

Af hálfu skoðunarstofu þarf ekki aðeins að sýna fram á hæfni, það verður einnig að sýna fram á að unnið sé eftir skýrum og skjalfestum reglum og hlutleysis gætt og jafnræðis í markaðseftirliti.

Sama skoðunarstofan getur unnið að markaðseftirliti fyrir mörg stjórnvöld. Með því fæst mikilvæg samþætting eftirlits með ýmsum vöruflokkum. Það segir sig sjálft að engin skynsemi er í því að margar stofnanir hafi eftirlitsmenn á sínum vegum sem hafa meira og minna eftirlit með vörum hjá sömu aðilum. Með samþættingu má lækka kostnað og einfalda mjög öll samskipti við stjórnvöld af hálfu seljenda almennrar neysluvöru.

Þess skal getið í þessu sambandi að viðskiptaráðuneytið gerði síðari hluta ársins 1992 samning við Bifreiðaskoðun Íslands hf. um þróunarverkefni á sviði markaðseftirlits með rafföngum. Þetta verkefni hefur gengið að óskum og að mati ráðuneytisins liggur nú að mestu ljóst fyrir hvaða verklagsreglum þurfi að fylgja við markaðseftirlit, hvernig hátta að skuli verksamningum við þá aðila sem taka að sér markaðseftirlit og hvernig skipuleggja skuli samstarf stjórnvalds og skoðunarstofu.

Gert er ráð fyrir því að samstarf stjórnvalds og skoðunarstofu fari fram í sérstakri samvinnunefnd. Þar er fjallað um starfsáætlanir og áherslur í eftirliti, rætt um athugasemdir sem gerðar eru um einstakar vörur og tillögur gerðar til stjórnvalds um aðgerðir. Stjórnvald tekur í öllum tilfellum endanlega ákvörðun um aðgerðir.

Verkaskipting stjórnvalda.

Þegar setja á almenn lög á sviði þar sem fyrir eru mörg sérlög þarf að draga hvar mörkin milli sérlaga og almennra laga eigi að liggja. Í þessu tilfelli þarf að móta hvaða þættir varðandi öryggi vöru eiga að vera í höndum Löggildingarstofunnar og hvaða þættir eiga að vera í höndum annarra stjórnvalda. Við undirbúning frumvarpsins voru nokkrar leiðir kannaðar.

Einfaldasta leiðin er e.t.v. að allt eftirlit með öryggi almenns neysluvarnings sé á ábyrgð sama aðila. Þessi aðferð hefur ýmsa kosti, svo sem samhæfingu og möguleika á hagkvæmni í eftirliti. Gallar hennar eru að hætt er við að farið sé á mis við mikilvæga sérþekkingu einstakra stjórnvalda sem þau hafa hvert á sínu sviði. Auk þess er ábyrgð þeirra á tilteknum vöruflokkum oft tengd öðrum viðfangsefnum þeirra.

Önnur leið er að gildissvið almennra ákvæða sé eins takmarkað og unnt er. Eftirlit er þá að öllu leyti í höndum stjórnvalda sem annast framkvæmd sérlaga nema varðandi þá vöruflokka sem ekki falla undir slík stjórnvöld. Þetta var að miklu leyti sú leið sem valin var í fyrra frumvarpi. Við nánari athugun hefur komið í ljós að þessi leið er ekki fær.

Ástæður þess eru margvíslegar en fyrst og fremst er nauðsynlegt að samhæfa ýmsa þætti markaðseftirlitsins og í því felst hagkvæmni í framkvæmd sem ekki er unnt að ná með öðru móti.

Þörf fyrir samhæfingu er af ýmsu tagi. Mikilvægt er að markaðseftirlit sé framkvæmt eftir samræmdum reglum og að reglurnar séu túlkaðar á samræmdan hátt. Í mörgum tilfellum er ekki ljóst undir hvaða stjórnvald tiltekin vara fellur og í öðrum tilfellum fellur vara undir fleiri en eitt stjórnvald. Augljóst er að einhver aðili verður að skera úr þegar ábyrgð skarast og samræma aðgerðir stjórnvalda í slíkum tilfellum. Samkvæmt tilskipun um öryggi framleiðsluvöru er gert ráð fyrir að einn aðili annist samskipti við stofnanir EES vegna skipta á upplýsingum um hættulegar vörur. Það er því nauðsynlegt að hér á landi sé einn aðili sem hafi yfirumsjón með eftirliti með öryggi vöru. Auk þess má nefna að það eru augljósir hagsmunir þeirra sem framleiða, dreifa og selja vöru að einn aðili beri yfirábyrgð á öllu markaðseftirliti.

Eins og nefnt var að framan er mikil hagkvæmni fólgin í því að samþætta markaðseftirlit. Eitt samræmt eftirlitskerfi starfar í stað margra ósamhæfðra. Enginn skynsemi er í því að margir eftirlitsaðilar hafi eftirlit með sömu versluninni. Með samþættu eftirliti má ná mun meiri árangri fyrir minna fé.

Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að tekin verði upp ákveðin verkaskipting milli Löggildingarstofunnar og ráðuneyta eða stofnana sem bera ábyrgð á eftirliti vöru samkvæmt sérlögum (nefnd eftirlitsstjórnvöld í frumvarpinu).

Verkaskiptingin er í stuttu máli sú að eftirlitsstjórnvöld (og viðkomandi ráðuneyti) setja reglur um þá vöruflokka sem undir þau heyra, móta meginstefnu um áherslur í markaðseftirliti, taka ákvarðanir um umfang eftirlits og fella úrskurði í einstökum málum.

Löggildingarstofan annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu, sker úr um undir hvaða eftirlitsstjórnvald vöruflokkur heyrir leiki vafi á slíku og sér um samhæfingu þegar vara heyrir undir fleiri en eitt eftirlitsstjórnvald. Löggildingarstofan er eftirlitsstjórnvald fyrir þá vöruflokka sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda samkvæmt sérlögum. Samningsgerð við skoðunarstofur annast eftirlitsstjórnvöld og Löggildingarstofan í sameiningu. Samvinna Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu fer fyrst og fremst fram í samvinnunefnd.

Kostnaður og fjármögnun.

Fjármögnun markaðseftirlits er nokkrum vandkvæðum bundin. Með niðurfellingu tæknilegra viðskiptahindrana næst umtalsverður sparnaður fyrir framleiðendur og innflytjendur og kostnaður við markaðseftirlit mun aðeins nema hluta af þessum sparnaði. Eftirlit með vöru á markaði er að vissu leyti eðlilegur kostnaðarþáttur vöru og því eðlilegt að kostnaðurinn komi að sem mestu leyti fram í verði vöru sem er þess eðlis að eftirlit með henni er talið nauðsynlegt. Að auki virðast engin rök hníga að því að kostnaður við markaðseftirlit sé borinn af heföbundnum skatttekjum ríkissjóðs. Kannaðar hafa verið leiðir til að leggja gjald á þær vörur sem haft verður eftirlit með. Þessi leið er ekki fær þar sem ekki er hægt að finna gjaldstofn sem hentar til þess. Lagt er til að fjármögnun markaðseftirlits verði einkum með þrennu móti:

1. Gert er ráð fyrir að þeir aðilar sem bera ábyrgð á vöru sem ekki uppfyllir settar reglur greiði þann kostnað sem hlýst af skoðun, prófun og öðrum nauðsynlegum þáttum vegna rannsóknar og aðgerða eftirlitsstjórnvalds.
2. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að innheimta sérstakt markaðseftirlitsgjald sem lagt verði á þá aðila sem framleiða, dreifa og selja þær vörur sem eftirlit er haft með. Gjaldið verður breytilegt eftir því hve umsvif hvers aðila eru mikil og eftir skoðanatíðni sem m.a. ræðst af niðurstöðum fyrri skoðana hjá viðkomandi aðila. Til að byrja með er áætlað að aflað verði um 20 m.kr. með þessum hætti og að gjaldið geti verið frá nokkrum þúsundum króna til nokkurra tuga þúsunda króna á hvern aðila. Þessu gjaldi er einkum ætlað að standa undir kostnaði vegna þeirra vöruflokka sem nú er ekki haft eftirlit með.
3. Þá er einnig gert ráð fyrir því að eftirlitsstjórnvöld greiði þann kostnað sem ekki er greiddur af gjöldum vegna markaðseftirlits. Eftirlitsstjórnvöld eiga nú þegar að hafa eftirlit með vörum á markaði og geta því af núverandi fjárveitingum staðið fyrir markaðseftirliti. Hversu mikið eftirlitsstjórnvöld leggja til markaðseftirlits fer að sjálfsögðu eftir forgangsröðun þeirra og áherslum.

Auk beins kostnaðar opinberra aðila mun nokkur kostnaður lenda á fyrirtækjum. Erfitt er að meta hversu hár slíkur kostnaður er, en hann ætti ekki að vera umtalsverður. Vert er að vekja athygli á því að sá kostnaður sem hér er gert ráð fyrir að lagt verði í er bein afleiðing af skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum og er hluti af áætlun sem ætlað er að draga úr kostnaði fyrirtækja við að koma vörum á markað. Þá er einnig rétt að minna á að markaðseftirlit er í eðli sínu fyrirbyggjandi starfsemi. Ekki þarf að koma í veg fyrir mörg slys á ári til að kostnaður við markaðseftirlit sparist í heilbrigðiskerfinu og annars staðar í þjóðfélaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lögin nái bæði til vöru og þjónustu sem veitt er í tengslum við viðskipti. Oft og tíðum eru skilin milli vöru og þjónustu óglögg og því þykir ekki rétt að afmarka gildissvið laganna við vöru eingöngu. Gott dæmi um tengsl vöru og þjónustu eru viðgerðir. Það skiptir miklu máli fyrir öryggi þeirrar vöru sem í hlut á að varahlutir séu í lagi og að viðgerðarþjónusta sé það einnig. Því þykir eðlilegt að spyrða þetta tvennt saman. Lögin ná hins vegar ekki til þjónustu sem veitt er ein og sér, t.d. bankaþjónustu og rekstrarráðgjöf. Rétt er að taka fram að í tilskipun EB um öryggi framleiðsluvöru frá 1992 (59/92/EBE) er eingöngu fjallað um vöru en ekki þjónustu.

Lagt er til að lögin nái jafnt til öryggis vara sem seldar eru hér á landi og vara sem settar eru á markað á Evrópska efnahagssvæðinu af aðilum sem hér hafa staðfestu í skilningi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Gera verður ráð fyrir að vörur sem hér eru framleiddar geti einnig farið á markað í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins enda um sameiginlegan markað að ræða. Verður því að gera sömu kröfur til útfluttra vara og þeirra sem ætlaðar eru fyrir innlendan markað.

Ekki er gert ráð fyrir því að lögin nái til matvæla eða lyfja. Um lyf gilda mjög sérhæfðar reglur og eftirlit með þeim er mun nákvæmara en það eftirlit sem lög þessi mæla fyrir um. Gert er ráð fyrir að ný almenn lög um matvæli taki gildi mjög fljótlega og því þykir ekki þörf á að ákvæði þessara laga taki til matvæla. Eftirlit með matvælum á markaði er í höndum heilbrigðisfulltrúa og ekki er ástæða til að breyta því fyrirkomulagi með þessu frumvarpi.

Þá er heldur ekki gert ráð fyrir að lögin nái til vöru sem nær eingögnu er notuð í atvinnurekstri. Í þessu felst að hráefni, tæki og aðrar vörur sem eru framleidd og seld til nota í atvinnurekstri og nær eingöngu notuð þar falla ekki undir gildissvið laganna. Slíkar vörur falla þá einungis undir sérlöggjöf eftir því sem við á, t.d. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lög um eftirlit með skipum. Ef vara er hins vegar bæði notuð í atvinnurekstri og af neytendum fellur hún undir gildissvið laganna. Þetta á t.d. við um skrifstofuhúsgögn, almennan tölvubúnað, handverkfæri, byggingarvörur og bifreiðar. Vert er að vekja athygli á því að skv. 2. gr. frumvarpsins taka lögin einnig til leigu og annarra afnota vöru. Lögin ná þannig til vöru sem notuð er í atvinnurekstri ef hún er leigð neytendum eða ef þeir nota hana á annan hátt í tengslum við viðskipti við eiganda hennar.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um þá meginreglu að vörur, sem ætlaðar eru til hvers konar sölu, leigu eða annarrar afhendingar á markaði í atvinnuskyni, verði að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra vegna almannahagsmuna í reglugerðum eða viðurkenndum stöðlum um öryggi og vernd heilsu og umhverfis. Í 2. mgr. er ákvæði um að komið skuli á fót opinberri markaðsgæslu sem er nauðsynleg forsenda þess að farið verði að settum reglum um öryggi vöru.

Um 3. gr.

Almenn framkvæmd laganna er í höndum viðskiptaráðherra en dagleg framkvæmd er í höndum Löggildingarstofunnar og eftirlitsstjórnvalda. Um verkaskiptingu þessara aðila vísast til athugasemda við 9. og 10. gr.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um ýmsar skilgreiningar orða sem notuð eru í frumvarpinu. Við samningu skilgreininganna er m.a. stuðst við ákvæði fyrrnefndrar tilskipunar EB um öryggi framleiðsluvöru.

Um 5. gr.

Hér er lögð sú ábyrgð á ábyrgðaraðila, en ábyrgðaraðili er sá aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu vöru, sbr. 4. gr., að þeir gæti þess að vara þeirra sé örugg og er óheimilt að setja hættulega vöru á markað. Þeim er jafnframt skylt að tilkynna um leið og þeir fá vitneskju um hættulega vöru sem þeir kunna að hafa sett á markað fyrir vangá eða vanþekkingu og taka þátt í aðgerðum til að fjarlægja hana af markaði. Þar eð margir aðilar geta komið að dreifingu vöru er sú regla sett að einn skuli verða ábyrgðaraðili og er það í flestum tilvikum framleiðandi eða innflytjandi. Einnig eru í greininni ákvæði um helstu þætti sem geta haft áhrif á öryggi vöru.

Um 6. gr.

Eins og rakið er í athugasemdum við frumvarpið er ekki ætlunin að breyting verði á verkaskiptingu ráðuneyta varðandi setningu reglna um öryggi vöru verði frumvarp þetta að lögum. Þvert á móti er gert ráð fyrir því að viðskiptaráðherra setji aðeins fram kröfur um öryggi vöru ef öðrum er ekki falið það verkefni með lögum. Þannig mun t.d. setning reglna um öryggi barnabílstóla áfram heyra undir dómsmálaráðuneytið á grundvelli umferðarlaga en hins vegar mun viðskiptaráðherra setja reglur um öryggi leikfanga á grundvelli ákvæða í þessu frumvarpi.

Í greininni er ráðherra heimilt að ákveða í reglugerð um kröfur sem gerðar eru til öruggrar vöru, aðferðir til að sýna fram á öryggi hennar og merkingar og leiðbeiningar sem vöru eiga að fylgja. Í slíkri reglugerð er heimilt að vísa til viðurkenndra staðla um öryggi vöru sem ætlað er að gilda á sameiginlegum markaði EES-ríkja. Slíkir staðlar eru jafnóðum gerðir að íslenskum stöðlum, sbr. lög nr. 97/1992, um staðla, og athugasemdir við frumvarp að þeim lögum sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að ráðherra fái heimild til þess að ákveða með reglugerð að vörum í ákveðnum vöruflokkum skuli fylgja upplýsingar um eiginleika þeirra og notagildi í því skyni að auðvelda neytendum vöruval. Hér er ekki skilyrði að upplýsingarnar fjalli um öryggi vörunnar heldur geta upplýsingarnar verið almenns eðlis, svo sem um hráefni sem notuð hafa verið til framleiðslu vörunnar, um orkunotkun tækja o.s.frv. Beita skal ákvæðum laganna um markaðsgæslu eftir því sem við á í því skyni að hafa eftirlit með því að ákvæði reglugerðarinnar séu virt.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um markmið opinberrar markaðsgæslu sem er að vörur á markaði uppfylli settar reglur og skapi ekki hættu.

Framkvæmd laganna er í höndum Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu. Samvinna þessara aðila fer fram í samvinnunefnd. Nánari ákvæði um framkvæmdina er í 9.–12. gr.

Um 9. gr.

Eftirlitsstjórnvald annast hinn raunverulega stjórnvaldsþátt opinberrar markaðsgæslu, þ.e. ákveður umfang og áherslur og tekur ákvarðanir sem beinast að vöru sem ekki uppfyllir settar reglur. Rétt er að taka fram að það eru einstök eftirlitsstjórnvöld sem ákveða hvort markaðseftirlit fari fram. Hafi þau t.d. heimildir í lögum eða reglugerðum til að samþykkja vöru eða skrá hana áður en hún fer á markað er e.t.v. ekki þörf á markaðseftirliti.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að Löggildingarstofan annist samhæfingarhlutverk í opinberri markaðsgæslu, auk þess að vera eftirlitsstjórnvald fyrir þá vöruflokka sem samkvæmt sérlögum falla ekki undir önnur eftirlitsstjórnvöld.

Sú tillaga að fela Löggildingarstofunni þetta verkefni er þáttur í áætlun iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta um að stofnuninni verði falið víðtækara hlutverk en verið hefur. Nú annast Löggildingarstofan mælifræðileg verkefni og faggildingu. Gert er ráð fyrir að eftir breytingar muni stofnunin auk þess annast mál sem snerta öryggi vöru í samræmi við frumvarp þetta.

Þótt ekki sé beinlínis kveðið á um það í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samskipti við eftirlitsstofnun EFTA, þar með talið að senda og taka við tilkynningum um hættulegar vörur, verði í höndum viðskiptaráðuneytisins. Hins vegar er líklegt að Löggildingarstofunni verði falið það verkefni að hluta til eða öllu leyti þegar fram líða stundir. Hið sama gildir um erlend samskipti vegna almenns vöruöryggis.

Um 11. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um að markaðseftirlit skuli framkvæmt af faggiltri skoðunarstofu. Í almennri greinargerð hefur verið fjallað ítarlega um þetta atriði og er vísað til þess.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um starfsemi samvinnunefndar. Gert er ráð fyrir að meginreglan verði sú að á starfssviði hvers eftirlitsstjórnvalds starfi ein samvinnunefnd. Þó er heimilt að víkja frá þessu, t.d. ef eftirlitsstjórnvald ber ábyrgð á vöruflokkum sem eru mjög ólíkir og kalla á ólíka sérþekkingu fulltrúa eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu í samvinnunefnd. Einnig geta eftirlitsstjórnvöld sameinast um samvinnunefnd sé slíkt talið henta. Með þessu móti er unnt að tryggja að verkefni hverrar samvinnunefndar séu hæfilega umfangsmikil og að fagleg sérþekking nefndarmanna sé tryggð.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um rétt og skyldur aðila sem framkvæma markaðsskoðun og jafnframt um skyldur ábyrgðaraðila, seljanda og dreifingaraðila. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um úrræði stjórnvalds ef í ljós kemur að vara er hættuleg eða rökstuddur grunur bendir til þess. Úrræðin eru tímabundið bann við sölu, varanlegt bann við sölu og loks afturköllun vöru.

Þá er kveðið á um skyldu ábyrgðaraðila til þess að lagfæra vöru svo að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru hættulausa eða greiða þeim andvirði vörunnar. Þá er hægt að skylda ábyrgðaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti ef nauðsynlegt þykir af eðli máls. Til slíks yrði gripið í sérstökum hættutilvikum.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um samskipti eftirlitsstjórnvalds og þess sem ábyrgð ber á markaðssetningu vöru og er þar lögð sú skylda á eftirlitsstjórnvald að tilkynna rökstudda ákvörðun sína svo fljótt sem unnt er. Einnig ber eftirlitsstjórnvaldi að gæta andmælaréttar ábyrgðaraðila nema ekki gefist tími til þess sökum þess að vara sé talin svo hættuleg að taka þurfi hana tafarlaust úr sölu og dreifingu. Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt að endurskoða ákvörðun á grundvelli nýrra gagna.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um kostnaðarskiptingu milli ábyrgðaraðila og þess sem annast markaðseftirlit. Ber ábyrgðaraðili kostnað vegna sýnishorna vöru sem hann lætur af hendi vegna rannsókna, en oft kallar rannsóknin á að taka verði vöruna í sundur og hún spillist sem söluvara. Að lokinni rannsókn skal skila vörunni eða eyðileggja eftir atvikum og er þar átt við að heilli og öruggri vöru sé skilað en hættuleg vara sé eyðilögð.

Reynist nauðsynlegt að afturkalla vöru ber ábyrgðaraðili allan kostnað af því og eins ber hann kostnað af rannsókn vöru ef hún reynist ekki vera í samræmi við settar reglur um öryggi vöru. Hins vegar ber hin opinbera markaðsgæsla kostnaðinn ef ekkert reynist athugavert við vöruna.

Lagt er til að heimilað sé að ákveða gjöld fyrir rannsókn vöru með gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra og er þar átt við að ákveðið sé fast verð fyrir hvern þátt í rannsókn vörunnar sem samsvari meðaltalskostnaði. Yrði slíkt til einföldunar jafnt fyrir markaðsgæslu sem ábyrgðaraðila.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um sérstakt markaðsgæslugjald sem gert er ráð fyrir að heimilt verði að leggja á ábyrgðaraðila og aðra seljendur. Eins og áður hefur komið fram þótti þetta skynsamlegasta leiðin til að fjármagna markaðseftirlit, þ.e. kostnað vegna skoðunarstofa og samvinnunefnda, og starf Löggildingarstofu vegna almenns vöruöryggis. Lagt er til að gjaldið verði breytilegt eftir umfangi eftirlits. Umfangið ræðst m.a. af fjölda eftirlitsskyldra vöruflokka sem aðili býður fram, fjölda vörutegunda (vöruliða) í hverjum vöruflokki og fjölda seldra vörueintaka. Um frekari skýringar er vísað til hinnar almennu greinargerðar.

Um 18. gr.

Í þessari grein er ráðherra heimilað að leggja á dagsektir, sem nema mega allt að 50.000 krónum á sólarhring, til þess að knýja ábyrgðaraðila eða forsvarsmenn hans til þess að hlíta fyrirmælum stjórnvalds við framkvæmd laganna. Ákvörðun um slíkar dagsektir er aðfararhæf.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að stjórnvald geti kvatt lögreglu sér til aðstoðar til að koma í veg fyrir verulegt tjón, hafi fyrirmælum þess samkvæmt lögunum ekki verið hlítt.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Frumvarp um öryggi framleiðsluvöru var lagt fram á 115. og 116. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frumvarp þetta er nokkuð breytt frá fyrri útgáfum eins og kemur fram í greinargerð. Með frumvarpinu er miðað að því að hér verði komið á kröfum um öryggi vöru og eftirliti með þeim sem sambærilegt er við það sem gildir í EES-ríkjum. Þetta þýðir að með tímanum verður komið á víðtæku gæða- og eftirlitskerfi sem nær til allrar framleiðsluvöru og miðar að því að tryggja öryggi vörunnar. Þegar er fyrir hendi víðtækt eftirlit með vörum þar sem almannahagur krefst öryggis, svo sem í matvöru, við byggingar, vélar og raftæki. Frumvarp þetta mun því ekki hafa í för með sér stórfellt viðbótareftirlit við það sem nú er og í mörgum tilfellum verður það einfaldara en áður, t.d. eftirlit með raftækjum. Á móti verður komið á eftirliti með ýmsum vörum sem til þessa hafa ekki verið háðar eftirliti, t.d. leikföng, eða aðeins að hluta, t.d. sjúkdómsgreiningartæki.

Samkvæmt IV. kafla frumvarpsins ber Löggildingarstofu að annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu, bæði þess þáttar sem heyrir undir viðskiptaráðuneytið svo og annast samræmingu við þá eftirlitsþætti sem heyra undir önnur ráðuneyti. Áætlað er að Löggildingarstofan verði að bæta við 1–2 störfum til að gegna þessu hlutverki, auk þess sem hún verður að koma sér upp gagnagrunni í þessum tilgangi. Í heild er talið að þessi kostnaður geti numið um 10 m.kr. á ári á fyrstu tveimur árunum meðan verið er að koma markaðsgæslukerfinu í gang, en verði þaðan í frá kostaður af sértekjum sem myndast við hið svokallaða markaðsgæslugjald sem ætlað er að leggja á skv. 17. gr.

Ekki er hins vegar enn ljóst hversu mikið sjálf markaðsgæslan mun kosta því að enn er eftir að móta reglur um gjöld skv. 17. gr. Það er stefna stjórnvalda að umrætt markaðsgæslugjald kosti að fullu þá markaðsgæslu sem höfð verður uppi og fjármagni algjörlega greiðslur til skoðunarstofa, samvinnunefnda og kostnað Löggildingarstofunnar sjálfrar af þessum starfsþætti hennar. Ekki er ætlað að til sérstakrar fjárveitingar úr ríkissjóði þurfi að koma vegna þessa.

833. Fyrirspurn [534. mál]

til fjármálaráðherra um skipan og störf yfirskattanefndar.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hve mörgum málum hefur verið vísað til yfirskattanefndar, hve mörgum málum hefur hún lokið, hve mörgum af úrskurðum hennar hefur verið áfrýjað til dómstóla?
2. Telur ráðherrann skipan yfirskattaefndar til þess fallna að aðilar að málum, sem hún fær til úrskurðar, telji hana óvilhallan úrskurðaraðila eða dómstól?
3. Telur ráðherrann koma til álita að breyta ákvæðum þar um í þá veru að hún verði skipuð ekki eingöngu einstaklingum er starfað hafa við skattheimtu heldur einnig einstaklingum er starfað hafa við gerð ársreikninga og við skattskil?
4. Telur ráðherrann þá koma til álita að skipa nefndina að fengnum tilnefningum samtaka slíkra aðila?

834. Frumvarp til laga [535. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, sbr. lög nr. 40/1986 og lög nr. 82/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Læst útsending sem boðin er gegn greiðslu: Hljóðvarps- eða sjónvarpsútsending ætluð almenningi þar sem hljóð- eða myndmerkjum hefur verið breytt í því skyni að veita einungis þeim aðgang að útsendingunni sem greitt hafa fyrir hana.

Myndlykill: Búnaður sem með einum eða öðrum búnaði er ætlað að veita aðgang að dagskrá læstrar útsendingar eða er aðlagaður sérstaklega í því skyni.

2. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Leyfi til útvarps verða ekki framseld.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Stofna skal dagskrárgerðarsjóð útvarpsstöðva.

4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva er að veita útvarpsstöðvum eða framleiðendum dagskrárefnis framlög til dagskrárgerðar, þeirrar er verða má til eflingar íslensku menningarlífi og aukinnar fræðslu um íslenskt þjóðlíf.

Framlög úr dagskrárgerðarsjóði útvarpsstöðva skulu veitt þeim útvarpsstöðvum sem fengið hafa leyfi útvarpsréttarnefndar til útvarpsreksturs, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. laga þessara, eða sjálfstæðum framleiðendum dagskrárefnis til afmarkaðra, tilgreindra viðfangsefna á sviði innlendrar dagskrárgerðar. Framlög skulu veitt til:

1. handritsgerðar,
2. greiðslu hluta framleiðslukostnaðar,
3. fullvinnslu dagskrárefnis.

Við úthlutun skv. 2. og 3. tölul. skal þess gætt að fyrir liggi staðfesting á sölu dagskrárefnis eða samvinnu við innlenda ljósvakamiðla um framleiðslu eða fullvinnslu þess. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð hve hátt hlutfall úthlutunarfjár rennur til sjálfstæðra framleiðenda vegna verkefna sem fyrirhugað er að flytja í Ríkisútvarpinu.

Framlög skulu vera styrkir en heimilt skal þó að veita lán eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnar.

Nú lýkur útvarpsstöð eða framleiðandi innlends dagskrárefnis ekki við gerð dagskrár innan hæfilegs tíma að mati sjóðstjórnar og er þá styrkhafa skylt að kröfu stjórnarinnar að endurgreiða styrk sem honum hefur verið veittur ásamt venjulegum vöxtum sem vera skulu jafnháir og meðalvextir banka og sparisjóða af óverðtryggðum útlánum eins og þeir eru reiknaðir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Sama á við þegar styrkur hefur verið veittur til kaupa á dagskrárefni.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði úthlutunar.

5. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Tekjur dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva eru tollar og/eða vörugjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Stjórn dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva skipa þrír menn, tveir tilnefndir af útvarpsréttarnefnd og einn af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Stjórn dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva skal skipuð til tveggja ára í senn.

7. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skal kveða nánar á um starfsreglur dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva í reglugerð.

8. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Ríkisútvarpið skal veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur almennrar þjóðfélagsumræðu. Það skal flytja menningar-, fræðslu- og skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Ríkisútvarpið skal leggja áherslu á innlenda dagskrárgerð, einkum á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu, auk tónlistar, bæði með eigin framleiðslu og með verk- og samstarfssamningum við sjálfstæða framleiðendur dagskrárefnis.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal Ríkisútvarpið – sjónvarp, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

9. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða eina sjónvarpsdagskrá og minnst eina hljóðvarpsdagskrá árið um kring.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps eða sjónvarps í lengri eða skemmri tíma til alls landsins eða hluta þess samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs í samráði við Póst- og símamálastofnun.

Ríkisútvarpið reisir eftir þörfum sendistöðvar og endurvarpsstöðvar að fenginni heimild Póst- og símamálastofnunarinnar fyrir tíðni og útgeislað afl í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar.

Ríkisútvarpið skal leita leiða til þess að tryggja starfsemi svæðisútvarpa í öllum landshlutum.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendinga.

10. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra samkvæmt tillögu menntamálaráðherra. Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess. Hann skal skipaður til fimm ára í senn en heimilt er að endurnýja skipun hans einu sinni til jafnlangs tíma.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út nánari reglur en kveðið er á um í lögum þessum um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

11. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Ráðið setur reglur eins og þurfa þykir til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 2.–7. mgr. 4. gr. og 15. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar. Útvarpsstjóri getur þó stöðvað gerð þegar samþykkts dagskrárefnis þyki sýnt að það reynist fjárhagslega ofviða.

12. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Ríkisútvarpið starfar í tveimur deildum, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild, undir yfirstjórn útvarpsstjóra.

Hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild annast öflun og útsendingu dagskrárefnis samkvæmt ákvörðun útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Gerð dagskrárefnis getur farið fram í deildunum sjálfum eða utan þeirra samkvæmt sérstökum verksamningum. Kappkosta skal að hlutur innlends efnis í dagskránni verði ætíð sem mestur og til þess vandað svo sem verða má.

Framkvæmdastjóri er fyrir hvorri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál sem fyrir hana verða lögð. Tveir fulltrúar starfsmanna, annar frá hljóðvarpsdeild, hinn frá sjónvarpsdeild, eiga sæti á fundum framkvæmdastjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdastjórar skulu ráðnir af útvarpsstjóra að fenginni tillögu útvarpsráðs. Framkvæmdastjórar skulu ráðnir til allt að fimm ára í senn en heimilt er að endurnýja ráðningu þeirra einu sinni til jafnlangs tíma. Aðrir starfsmenn Ríkisútvarpsins skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða.

13. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða.

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins endanlega í fjárlögum.

Menntamálaráðherra staðfestir útvarpsgjald að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

Útvarpsstjóri gefur út auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögum framkvæmdastjóra hljóðvarps- og sjónvarpsdeilda.

14. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal 10% af brúttótekjum stofnunarinnar í sjóð sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

15. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, er fæst við sölu viðtækja, skal tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins í fyrstu viku næsta mánaðar eftir sölumánuð hverjir séu kaupendur. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang kaupanda og seljanda, enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.

16. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Þegar mánuður er liðinn frá eindaga útvarpsgjalda getur innheimtustjóri krafist aðfarar fyrir ógreiddum gjöldum ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, og öllum kostnaði. Hafi gjaldandi eigi greitt á eindaga skal hann greiða dráttarvexti frá og með gjalddaga. Um aðför fer samkvæmt ákvæðum aðfararlaga nr. 90/1989.

17. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á viðtæki ef hlutaðeigandi aðili óskar eftir innsiglun viðtækis og hefur þar með sagt upp útvarpsafnotum.

18. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem heimild hefur til að reka útvarp samkvæmt lögum þessum, skal varðveita í a.m.k. níu mánuði hljóð- og/eða myndupptöku af öllu frumsömdu útsendu efni eftir því sem við á. Þó skal heimilt að varðveita fréttir í handriti. Skylt er að láta þeim sem telur misgert við sig í útsendingu í té afrit af hljóð- eða myndupptöku þeirrar útsendingar.

19. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að framleiða, afhenda, leigja, setja upp eða gera við myndlykla með það að markmiði að veita einhverjum utan hóps áskrifenda aðgang að innihaldi læstrar útsendingar sem boðin er gegn greiðslu.

Óheimilt er að taka með ólögmætum hætti á móti læstri sendingu sem send er út gegn greiðslu án þess að greiða áskriftargjaldið.

20. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

Óheimil hagnýting útvarpsefnis skv. 33. gr. varðar sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 33. gr.

Vanræksla á tilkynningum skv. 25. gr. varðar sektum.

Brot gegn ákvæðum 37. gr. varða sektum eða varðhaldi allt að einu ári. Tilraun til brots varðar sektum.

Hluti og búnað, sem notaðir hafa verið við brot gegn ákvæðum 37. gr., skal gera upptæka nema þeir séu eign aðila sem ekki er við brotið riðinn. Ávinning, sem aflað hefur verið með brotinu, skal gera upptækan. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal sá eiga forgang til andvirðisins ef bætur fást ekki á annan hátt.

Um mál vegna brota á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

21. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara er Menningarsjóður útvarpsstöðva lagður niður og fellur umboð stjórnar hans þar með niður. Stjórn dagskrárgerðarsjóðs skal skipuð í fyrsta sinni fyrir 1. ágúst 1994.

Dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva yfirtekur við gildistöku laga þessara eignir og skuldbindingar Menningarsjóðs útvarpsstöðva, þó þannig að skuld Menningarsjóðs útvarpsstöðva við ríkissjóð vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands er felld niður.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins skulu vera óbreytt næstu tvö ár frá gildistöku þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið af meiri hluta þeirrar nefndar sem skipuð var 29. apríl 1992 til að endurskoða útvarpslög. Í nefndinni áttu sæti þau Tómas Ingi Olrich alþingismaður, formaður, Baldvin Jónsson útvarpsstjóri, Guðni Guðmundsson rektor, Hjálmar Jónsson prófastur, Jóhann Óli Guðmundsson framkvæmdastjóri, Sólveig Pétursdóttir alþingismaður og Sigbjörn Gunnarsson alþingismaður sem skipaður var í nefndina 10. nóvember 1993 í stað Karls Steinars Guðnasonar alþingismanns. Skilagrein nefndarinnar er fskj. I með frumvarpi þessu en þar kemur fram að einn nefndarmanna Jóhann Óli Guðmundsson stendur ekki að tillögum nefndarinnar.

Meginefni þessa frumvarps er m.a. að núverandi Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður og þeirri kvöð, sem hvílt hefur á Ríkisútvarpinu og einkaútvarpsstöðvum að greiða 10% gjald af auglýsingatekjum til sjóðsins, verði aflétt. Þess í stað verði stofnaður nýr sjóður, dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva, sem hafi að meginstefnu til sama hlutverk og Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur haft, þó þannig að Ríkisútvarpið hef-

ur ekki heimild til þess að sækja um eða hljóta framlög úr sjóðnum. Tekjur hins nýja sjóðs verði tollar og/eða vörugjöld, áður aðflutningsgjöld, af innfluttum útvarpsviðtækjum eða hlutum í þau. Þá er einnig gert ráð fyrir að létt verði af dagskrárgerðarsjóðnum þeirri kvöð að greiða hlut Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Þær tillögur, sem felast í frumvarpi þessu, gera einnig ráð fyrir breytingum á innra skipulagi Ríkisútvarpsins þannig að stofnuninni verði skipt í tvær deildir, hljóðvarps- og sjónvarpsdeild, undir einni yfirstjórn útvarpsstjóra. Verkefni tækni- og fjármáladeilda færast þannig að stærstum hluta til megindeildanna en á skrifstofu útvarpsstjóra yrðu sameiginleg verkefni sem ekki væri talið hagkvæmt að skipta á milli megindeildanna. Tillögur þessar miða að því að auka fjármálalega og rekstrarlega ábyrgð framkvæmdastjóra og útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri og framkvæmdastjórar hljóðvarps og sjónvarps myndi framkvæmdastjórn sem samræmi reksturinn. Tveir starfsmanna hvorrar deildar sitji fundi framkvæmdastjórnar. Ráðning útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra verði tímabundin. Tillögur nefndarinnar fela það enn fremur í sér að afnotagjöld Ríkisútvarpsins hækki ekki á næstu tveimur árum frá gildistöku laganna.

Hvað varðar innheimtuúrræði Ríkisútvarpsins vegna vangoldinna afnotagjalda þá er gerð tillaga um að afnema heimild Ríkisútvarpsins til þess að innsigla tæki í innheimtutilgangi. Jafnframt fellur niður heimild til þess að leggja 10% álag á vangoldin afnotagjöld, sbr. 1. mgr. 29. gr. núgildandi útvarpslaga. Að öðru leyti er ekki gerð breyting á innheimtuúrræðum Ríkisútvarpsins frá því sem nú er en orðalag útvarpslaga er fært til samræmis við ákvæði núgildandi aðfararlaga.

Þá er lagt til það nýmæli að þeim útvarpsstöðvum, sem innheimta áskriftargjöld með sérstökum myndlyklabúnaði, er veitt sérstök vernd þannig að óheimilt er að koma upp myndlykli í þeim tilgangi að hagnýta læsta útsendingu án heimildar eða án greiðslu áskriftargjalds. Víða um heim hefur verið sett löggjöf af þessu tagi og hefur við samningu þessa frumvarps verið tekið mið af löggjöf í Svíþjóð, Frakklandi, Bretlandi og Hollandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Skilgreining á þeim tveimur hugtökum, sem hér er fjallað um, er nauðsynleg til þess að ná fram þeim markmiðum sem breytingar á 37. og 38. gr. útvarpslaga með frumvarpi þessu fjalla um, þ.e. um refsivernd læstra útsendinga sem boðnar eru gegn greiðslu.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að reglugerðarákvæði það, sem bannar framsal útvarpsleyfa, verði tekið upp í útvarpslög og þannig verði með ótvíræðum hætti kveðið á um það atriði.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður og í hans stað verði stofnaður dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva.

Um 4. gr.

Tillögur frumvarpsins gera ráð fyrir því að dagskrárgerðarsjóður hafi sama hlutverk og Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur haft. Það er þó nýmæli að lögfest er til hvers konar viðfangsefna framlög skuli veitt. Áskilið er að staðfesting á sölu dagskrárefnis eða samvinnu við innlenda ljósvakamiðla liggi fyrir, sbr. 2. og 3. tölul. 2. mgr. Þar með er

leitast við að tryggja dreifingu fullbúins dagskrárefnis í útvarpsstöðvum. Rétt er að taka það sérstaklega fram að sjóðnum er ætlað að veita framlög til hvers kyns menningar- og fræðsluefnis, þar með talið svokallað afþreyingar- eða skemmtiefni.

Önnur ákvæði þessarar greinar geyma fyllri reglur um hvaða aðilar geti sótt um framlög úr sjóðnum, en það eru einkareknar útvarpsstöðvar og allir framleiðendur innlends dagskrárefnis, þ.e. þeir aðilar sem vinna að gerð eða framleiðslu þess. Samkvæmt þessu ákvæði á Ríkisútvarpið þess ekki kost að sækja um framlög úr sjóðnum, þar með taldir fastráðnir starfsmenn stofnunarinnar og einstaklingar eða fyrirtæki sem eru á föstum verktakasamningi við Ríkisútvarpið. Þessi ákvæði girða ekki fyrir það að Ríkisútvarpið kaupi til sýninga dagskrárefni sem styrkt hefur verið af sjóðnum. Þar sem megintilgangur þessarar tilhögunar er að jafna möguleika einkarekinna útvarpsstöðva og Ríkisútvarpsins hvað dagskrárgerð snertir þykir rétt að heimila ráðherra að ákveða með reglugerð hversu hátt hlutfall dagskrárefnis, sem styrkt er úr sjóðnum, megi sýna í Ríkisútvarpinu. Þykir rétt að veita ráðherra þessa heimild þar sem framkvæmdin á eftir að leiða í ljós í hve ríkum mæli þetta úrræði kemur til með að bæta hag einkarekinna útvarpsstöðva.

Jafnframt er kveðið sérstaklega á um rétt sjóðsins til endurgreiðslu framlaga ef ekki er staðið við gerð dagskrárefnis og eru þau að mestu leyti í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar sem gilt hafa hingað til um Menningarsjóð útvarpsstöðva.

Um 5. gr.

Hér er gerð sú meginbreyting á tekjustofni sjóðsins að í stað 10% gjalds af auglýsingum í útvarpi falla til sjóðsins tollar og/eða vörugjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum, sbr. ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, og laga um vörugjald, nr. 97/1987, með áorðnum breytingum. Rétt er að árétta að í frumvarpi þessu er átt við þau gjöld sem áður voru nefnd aðflutningsgjöld í 2. mgr. 22. gr. núgildandi útvarpslaga en þetta orðalag þykir skýrara.

Þar sem reynslan hefur sýnt að viðurhlutamikið er að staðreyna og innheimta gjöld af auglýsingum, auk þess sem heppilegra þykir að útvarpsstöðvar ráðstafi aflafé sínu sjálfar, er með lagagrein þessari lagt til að í stað 10% gjalds renni tollar og/eða vörugjöld, áður aðflutningsgjöld, af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau til dagskrárgerðarsjóðsins. Aðflutningsgjöld hafa samkvæmt útvarpslögum verið einn af megintekjustofnum Ríkisútvarpsins, en þau hafa í raun alltaf, nema árið 1986, runnið í ríkissjóð samkvæmt ákvörðun Alþingis. Hér er lagt til að tollar og/eða vörugjöld, áður aðflutningsgjöld, sem greidd eru af viðtækjaeigendum nýtist til eflingar á innlendri dagskrárgerð og komi þannig íslenskum sjónvarps- og hljóðvarpsnotendum til góða.

Með þeim breytingum, sem í frumvarpi þessu felast, er aflétt þeirri kvöð, sem hvílt hefur á Menningarsjóði útvarpsstöðva, að greiða hlut Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Því er ekki gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands greiðist úr dagskrárgerðarsjóði útvarpsstöðva. Þessi kvöð, sem hvílt hefur á Menningarsjóði útvarpsstöðva, hefur nánast gert sjóðnum ókleift að sinna hlutverki því sem honum var falið með útvarpslögum. Skuld sjóðsins við ríkissjóð vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands er umtalsverð og sýnir að það er ekki forsvaranlegt að tengja starfsemi sjóðsins við rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands með þessum hætti. Í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að skuld Menningarsjóðs útvarpsstöðva vegna greiðslu hluta rekstrarkostnaðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði felld niður. Að öðru leyti yfirtaki dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva eignir og skuldbindingar Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

Að síðustu er lagt til að ekki verði kveðið á um viðskiptatengsl Ríkisútvarpsins við Sinfóníuhljómsveit Íslands í útvarpslögum og að Ríkisútvarpið verði jafnsett og aðrar útvarpsstöðvar við að ná samningum við Sinfóníuhljómsveit Íslands og njóti þar engra forréttinda.

Um 6. gr.

Með hliðsjón af stjórnsýslulögum, sem gera ríkar kröfur til sérstaks hæfis stjórnsýsluhafa og til þess að tryggja einfalda framkvæmd á skipan stjórnar sjóðsins, er hér lagt til að útvarpsréttarnefnd skipi tvo fulltrúa í stjórn dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva og að tilnefningarréttur Ríkisútvarpsins og einkastöðva á fulltrúum í sjóðstjórnina verði afnuminn.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um menningarhlutverk Ríkisútvarpsins. Efnislega er hlutverk Ríkisútvarpsins óbreytt frá því sem verið hefur en með breytingu á orðalagi í þessari grein frumvarpsins er þó lögð sérstök áhersla á að Ríkisútvarpið efli innlenda dagskrárgerð og flutning á fjölbreyttu innlendu dagskrárefni í sem víðtækustum menningarlegum skilningi. Af efni þessarar greinar er ljóst að það fellur ekki undir verksvið Ríkisútvarpsins að endurvarpa heildardagskrám erlendra sjónvarpsstöðva.

Um 9. gr.

Að mestu leyti er grein þessi í samræmi við ákvæði 16. gr. núgildandi útvarpslaga. Þó er hér lagt til að það sé fortakslaust tekið fram að Ríkisútvarpið sjónvarpi einvörðungu einni sjónvarpsdagskrá. Jafnframt er skylda Ríkisútvarpsins til þess að útvarpa tveimur hljóðvarpsdagskrám felld niður og skylda þess til að starfrækja fræðsluútvarp er afnumin.

Hvað varðar efni 4. mgr. þessarar greinar þá er hún óbreytt frá núgildandi lögum. Ekki þótti tímabært að fella þessa grein niður þar sem mál, er varða dreifikerfi stofnunarinnar, þarfnast gagngerrar endurskoðunar.

Þá er lagt til í 6. mgr. að ákvæði um að Ríkikútvarpinu beri að stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum verði breytt þannig að Ríkisútvarpinu beri að leita leiða til að tryggja starfsemi svæðisútvarpa í öllum landshlutum. Það byggist síðan á mati Ríkisútvarpsins með hvaða hætti landshlutum verði þjónað sem best í dagskrá, þ.e. hvort sérstakri aðstöðu verði komið upp eða hvort starfsemin verði tryggð með verksamningum við einstaklinga eða fyrirtæki. Þessi breyting er gerð með tilliti til tækniþróunar, en augljóst er að tækniframfarir hafa dregið úr mikilvægi þess að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar víða um land.

Þá þykir niðurlagsákvæði 8. mgr. 16. gr. núgildandi laga óþarft enda hefur það óljósa lagalega merkingu.

Um 10. gr.

Með grein þessari er lagt til að skipun útvarpsstjóra verði tímabundin.

Um 11. gr.

Breyting sú, sem gerð er á grein þessari, felur það í sér að útvarpsráði ber að auki að fylgjast með að reglum um auglýsingar sé fylgt í Ríkisútvarpinu.

Um 12. gr.

Í grein þessari er fjallað um meginbreytingu á skipulagi Ríkisútvarpsins sem er skipting stofnunarinnar í tvær deildir í stað fjögurra deilda áður. Breyting þessi felur í sér að framkvæmdastjórar hvorrar deildar, hljóðvarps- og sjónvarpsdeilda, fara bæði með málefnalega, tæknilega og fjármunalega stjórnun og ábyrgð á starfi hvorrar deildar fyrir sig. Þannig eykst valdsvið framkvæmdastjóra deildanna frá því sem verið hefur með því að fjármála- og tæknideildir eru lagðar niður og þar með stöður framkvæmdastjóra þeirra deilda. Þessar tvær megindeildir yrðu undir yfirstjórn útvarpsstjóra, en á vegum hans yrðu sameiginlegir þættir starfseminnar, eins og t.d. sameiginleg stefnumótun og innheimta afnotagjalda. Hlutverk framkvæmdastjórnar Ríkisútvarpsins breytist ekki með frumvarpinu og er þannig miðað við að með skipulögðu samráði væri tryggt að samstarf héldist milli aðila, t.d. um dagskrármál. Skipan framkvæmdastjórnarinnar breytist í samræmi við breytingar á fjölda deilda.

Með þessari breytingu yrðu skapaðir möguleikar á að þróa betur verkefnaskipulagningu innan stofnunarinnar þar sem framkvæmdastjórar og deildarstjórar væru ábyrgir fyrir kostnaði við gerð dagskrárefnis. Verkefnaskipulag gæti leyst af hólmi það deildaskipulag sem nú er þar sem fjármáladeildin fer með kostnaðareftirlit og gerir tillögur um útdeilingu tekna.

Þá er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að framkvæmdastjórar deilda verði ráðnir tímabundið af útvarpsstjóra að fenginni tillögu útvarpsráðs.

Um 13. gr.

Sú breyting, sem gerð er með þessu ákvæði, er að aðflutningsgjöld eru afnumin sem einn af megintekjustofnum Ríkisútvarpsins, en þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 22. gr. núgildandi laga hefur Ríkisútvarpið einungis einu sinni frá gildistöku laganna, þ.e. á árinu 1986, notið þessara tekna og vísast í því sambandi til almennra athugasemda hér að framan. Með þeim breytingum, sem lagt er til að gerðar verði á ákvæði 11. gr. útvarpslaganna, er gert ráð fyrir því að aðflutningsgjöld, þ.e. tollar og/eða vörugjöld, renni þess í stað í dagskrárgerðarsjóð útvarpsstöðva.

Ákvæði um staðfestingu á útvarpsgjaldi er óbreytt frá gildandi lögum en vegna breytinga, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir á innra skipulagi Ríkisútvarpsins með fækkun deilda, er útvarpsstjóra veitt heimild til þess að gefa út auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár að fengum tillögum framkvæmdastjóra hljóðvarps- og sjónvarpsdeilda.

Um 14. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs hafa numið 10% af afnotagjöldum og auglýsingum hljóðvarps og sjónvarps og á árinu 1994 er áætlað að þær tekjur verði 207 m.kr. Þar sem aðflutningsgjöld eru felld niður sem einn af tekjustofnum Ríkisútvarpsins, sbr. 22. gr. svo sem henni er breytt með frumvarpi þessu, er 2. mgr. 23. gr. núgildandi laga felld niður. Hlutverk Framkvæmdasjóðs er óbreytt frá því sem verið hefur.

Um 15. gr.

Í 2. mgr. kemur orðið: kennitölu, í stað „nafnnúmers“.

Um 16. gr.

Með breytingu þeirri, sem lagt er til að gerð verði á þessari grein laganna, er felld niður heimild til þess að leggja 10% álag á útvarpsgjald vegna kostnaðar af innheimtu. Þykir eðlilegra að kröfur af þessu tagi beri almenna dráttarvexti auk innheimtukostnaðar svo sem kveðið er á um í greininni samkvæmt frumvarpi þessu. Lagt er til að ákvæði 29. gr. verði færð til samræmis við ákvæði núgildandi aðfararlaga nr. 89/1990.

Um 17. gr.

Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði á 30. gr. útvarpslaga, er felld brott heimild til þess að innsigla viðtæki ef viðtæki er notað til móttöku án þess að það hafi verið tilkynnt Ríkisútvarpinu eða vanskil eru orðin á greiðslu afnotagjalds. Þessi heimild hefur í reynd verið lítið notuð og því ekki talin þörf á að hafa heimild þessa í lögum. Á hinn bóginn er ljóst að gagnvart notendum er sjálfsagt að það úrræði sé fyrir hendi að þeir geti leitað eftir innsiglun viðtækis ef þeir af einhverjum ástæðum hyggjast ekki nýta sér viðtækið til móttöku.

Um 18. gr.

Hér er gerð tillaga um að stytta þann tíma sem útvarpsstöðvum er gert skylt að geyma frumsamið útsent dagskrárefni í hljóð- eða myndbandsafriti eftir því sem við á. Í núgildandi lögum er kveðið á um 18 mánaða geymslutíma en reynslan hefur sýnt að sá tími er óhæfilega langur. Með hliðsjón af 29. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, um kærufrest, þykir hæfilegt að geymslutími sé 9 mánuðir.

Um 19. gr.

Efni þessarar greinar er nýmæli en hér er kveðið á um bann við óheimilli notkun myndlykla í þeim tilgangi að nota sjónvarpssendingar án heimildar og án greiðslu áskriftargjalda. Nauðsynlegt þykir að treysta stöðu þeirra útvarpsstöðva sem afla tekna með áskriftargjöldum og beita sérstökum myndlyklabúnaði í þeim tilgangi að veita einungis þeim aðgang að útsendingu sem hafa greitt fyrir hana. Mjög færist í vöxt að sjónvarpsstöðvar notfæri sér myndlyklabúnað til þess að treysta tekjuöflun sína, og eru því verulegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi að þeir geti beitt þessum búnaði og að þeim séu sköpuð réttarúrræði til þess vinna bug á óheimilli notkun myndlykla. Við samningu þessa lagaákvæðis var höfð hliðsjón af nýsettum lögum í Svíþjóð og lögum í Bretlandi, Frakklandi og Hollandi.

Með ákvæði þessu gerast bæði þeir aðilar, sem framleiða og koma á framfæri ólögmætum myndlyklum og þeir sem með ólögmætum hætti taka á móti læstum útsendingum án greiðslu áskriftargjalds, brotlegir við ákvæði þessarar greinar. Kveðið er á um refsingu og eignaupptöku ef um slík brot er að ræða í 3. mgr. og 4. mgr. 38. gr., sbr. 20. gr. frumvarps þessa.

Um 20. gr.

Fyrstu málsgreinar þessarar greinar eru óbreyttar frá ákvæðum 1. og 2. mgr. 37. gr. núgildandi útvarpslaga. 3. mgr. og 4. mgr. þessarar greinar fela í sér nýmæli og helgast efni þeirra af ákvæðum 37. gr. svo sem lagt er til að henni verði breytt með frumvarpi þessu. Við mat á refsingu var tekið mið af ákvæðum 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, um nytjastuld, en við samningu 4. mgr. var höfð hliðsjón af ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, um eignaupptöku. 5. mgr. þessarar greinar er efnislega samhljóða 3. mgr. 37. gr. núgildandi laga.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

2. mgr. felur það í sér að dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva yfirtekur eignir, réttindi og skuldbindingar Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Þó þykir óhjákvæmilegt að hinum nýja sjóði verði ekki gert að greiða skuldir Menningarsjóðs útvarpsstöðva vegna greiðslu hluta rekstrarkostnaðar við Sinfóníuhljómsveit Íslands enda er hinum nýja sjóði ekki ætlað að standa að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands líkt og Menningarsjóði útvarpsstöðva var ætlað.

Markmið 3. mgr. er að veita Ríkisútvarpinu ótvírætt aðhald til þess að taka á hagræðingar- og skipulagsmálum innan stofnunarinnar. Þetta ákvæði er og sett með hliðsjón af því að gert er ráð fyrir aukinni fjárhagslegri ábyrgð útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra deilda.

Fylgiskjal I.

Skilagrein útvarpslaganefndar til menntamálaráðherra.

Með skilagrein þessari fylgja tillögur nefndar, sem skipuð var með bréfi dags. 29. apríl 1992, til þess að endurskoða útvarpslög nr. 68 frá 1985.

Nefndin er þannig skipuð: Tómas Ingi Olrich alþingismaður, formaður, Baldvin Jónsson útvarpsstjóri, Guðni Guðmundsson rektor, Hjálmar Jónsson prófastur, Jóhann Óli Guðmundsson framkvæmdastjóri, Sólveig Pétursdóttir alþingismaður og Sigbjörn Gunnarsson alþingismaður sem skipaður var í nefndina 10. nóv. 1993 í stað Karls Steinars Guðnasonar alþingismanns.

Nefndin hafði sér til aðstoðar við störf sín Þórunni J. Hafstein, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, og Björgu Ellingsen stjórnarráðsfulltrúa. Auk þess veitti Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður nefndinni ráðgjöf.

Nefndinni var gert að fjalla um eftirtalda þætti:

1. Skilgreiningu á veigamiklum hugtökum útvarpsmiðlunar, til dæmis útvarp um þráð, móttöku og endurvarp útvarpsefnis, útsendingu, dagskrárefni og dagskrárliði.

2. Aðild Íslendinga að alþjóðasamningum og samstarf á sviði útvarps.
3. Hvernig bregðast megi við þróun útvarpsmála erlendis, einkum í Evrópu.
4. Hlutdeild ríkisins í útvarpsrekstri, þar með talið fjármögnun og rekstrarfyrirkomulag.
5. Skilyrði fyrir leyfisveitingu til útvarpsrekstrar.
6. Hvernig tryggja megi sem jafnasta aðstöðu ljósvakamiðla hér á landi.
7. Hvaða kröfur beri að gera um eignaraðild einkarekinna ljósvakamiðla, sérstaklega með tilliti til samþjöppunar eignarhalds á þessu sviði.
8. Hvert er menningarlegt hlutverk ljósvakafjölmiðla.
9. Eflingu innlendrar dagskrárgerðar.
10. Menningarsjóð útvarpsstöðva.
11. Ábyrgð á útvarpsefni.
12. Auglýsingar í ljósvakamiðlum.
13. Nauðsynlegar breytingar á löggjöf vegna tækninýjunga.

I.

Nefndin hélt samtals 49 fundi og boðaði til funda eftirtalda aðila:

— Árna Bergmann ritstjóra, Ellert B. Schram ritstjóra, Guðmund Heiðar Frímannsson menntaskólakennara, Hjálmar H. Ragnarsson tónskáld, Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmann, Jónas Ingimundarson pianóleikara, Pál Magnússon útvarpsstjóra, Stefán Jón Hafstein dagskrárstjóra, Styrmi Gunnarsson ritstjóra, Þorbjörn Broddason lektor og Þórhildi Þorleifsdóttur leikstjóra til að ræða menningarhlutverk fjölmiðla og markaðsaðstöðu fjölmiðla og rekstrarforsendur.
— Friðrik Þór Friðriksson frá Samtökum kvikmyndaleikstjóra, Eirík Thorsteinsson og Önnu Th. Rögnvaldsdóttur frá Félagi kvikmyndagerðarmanna, Sveinbjörn Baldvinsson frá Bandalagi íslenskra listamanna, Tómas Þorvaldsson, Ágúst Guðmundsson og Snorra Þórisson frá Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Johnny G. Wright frá First Baptist Church. Þessir aðilar höfðu sent erindi til nefndarinnar og var boðið að koma til að gera grein fyrir máli sínu.
— Hörð Vilhjálmsson fjármálastjóra, Eyjólf Valdimarsson tæknistjóra, Pétur Guðfinnsson framkvæmdastjóra og Elfu Björk Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra til að svara fyrirspurnum frá nefndarmönnum um ýmis málefni Ríkisútvarpsins.
— Kjartan Gunnarsson formann, Ingibjörgu Hafstað, Skúla B. Árnason og Sigrúnu Jónsdóttur frá útvarpsréttarnefnd til að ræða útvarpslög frá sjónarmiðum útvarpsréttarnefndar.
— Knút Hallsson, formann kvikmyndalaganefndar, til að ræða dagskrárgerðarsjóðinn út frá sjónarmiðum kvikmyndalaganefndar.
— Pál Bergþórsson veðurstofustjóra til að ræða öryggismál.
— Hörð Vilhjálmsson fjármálastjóra til að ræða fjármál Ríkisútvarpsins.
— Árna Pál Árnason ráðgjafa frá utanríkisráðuneytinu til að ræða áhrif EES á útvarpslög.
— Hörð Haraldsson og Guðmund Ólafsson frá fjarskiptaeftirliti Pósts og síma til að ræða um tæknimál.
— Gústav Arnar frá Póst- og símamálastofnun og Þórhall Jósepsson frá samgönguráðuneytinu til að segja álit sitt á tækniatriðum um endurvarp í frumvarpsdrögum.

— Sólveigu Ólafsdóttur framkvæmdastjóra og Hall A. Baldursson formann frá Sambandi íslenskra auglýsingastofa til að svara fyrir erindi sem sent var sambandinu um vægi ljósvakamiðla og markaðshlutdeild.
— Gústav Arnar og Þorvarð Jónsson frá Póst- og símamálastofnun til að fjalla um dreifikerfið.
— Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun til að ræða útvarpslögin út frá samkeppnissjónarmiðum.
— Elfu Björk Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra, Pétur Guðfinnsson framkvæmdastjóra og Snævar Guðmundsson frá Hagsýslu ríkisins til að ræða skýrslu um skipulag Ríkisútvarpsins.
— Kristján Jóhannsson lektor og Sæmund Óskarsson prófessor frá Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands til að ræða skýrslu um athugun á dreifingu útvarpsefnis.

Nefndin sendi erindi til eftirtalinna aðila:
— Fjármálaráðuneytis — athugun á nefskatti.
— Íslenska útvarpsfélagsins — óskað eftir upplýsingum um hlutfall íslensks efnis af heildarútsendingatíma sjónvarpsins.
— Pósts og síma — óskað eftir greinargerð um dreifingu útvarpsefnis og eignaraðild að tæknibúnaði.
— Pósts og síma — óskað eftir greinargerð um sjónarmið stofnunarinnar á tillögum nefndarinnar að breytingum á útvarpslögum með tilliti til tilskipunar Evrópubandalagsins.
— Ríkisútvarpsins — óskað eftir upplýsingum um fjárhag Ríkisútvarpsins 1991.
— Ríkisútvarpsins— óskað eftir greinargerð um starfsemi svæðisútvarps.
— Ríkisútvarpsins — óskað eftir upplýsingum um hlutfall íslensks efnis af heildarútsendingartíma sjónvarpsins.
— Sambands íslenskra auglýsingastofa, — um auglýsingamarkaðinn.
— Samgönguráðuneytis — óskað eftir greinargerð frá formanni endurskoðunarnefndar fjarskiptalaga á tillögum nefndarinnar að breytingum á útvarpslögum með tilliti til tilskipunar Evrópubandalagsins.
— SFH, Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda — hvort setja eigi hertar reglur um skil útvarpsstöðva á höfundagreiðslum.
— STEF, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar — hvort setja eigi hertar reglur um skil útvarpsstöðva á höfundagreiðslum.
— Samkeppnisstofnunar — óskað eftir áliti hvort gildandi útvarpslög brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga.
— Utanríkisráðuneytis — um heimild ríkisútvarpsins til að fjármagna sig bæði með afnotagjöldum og auglýsingum.
— Utanríkisráðuneytis — um milliríkjaviðskipti í sjónvarpssendingum.

Nefndin lét vinna fyrir sig eftirfarandi skýrslur:
— Skipulag Ríkisútvarpsins, unnið af Elfu Björk Gunnarsdóttur, Pétri Guðfinnssyni og Snævari Guðmundssyni.
— Athugun á dreifingu útvarpsefnis, unnið á vegum Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands.

Nefndarmenn fóru í kynnisferð í Ríkisútvarpið og skoðuðu þar aðstöðu bæði hljóðvarps og sjónvarps og ræddu við framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins. Einnig var farið í kynnisferð til Íslenska útvarpsfélagsins og aðstaða þar skoðuð og rætt við Pál Magnússon útvarpsstjóra.

II.

Nefndin skilaði tillögum að frumvarpi til laga um breytingu á útvarpslögum til menntamálaráðherra 29. október 1992. Í frumvarpinu er einkum fjallað um þær skuldbindingar sem fylgja aðild Íslands að hinu sameiginlega Evrópska efnahagssvæði, með vísan til 36. gr. EES samningsins, sbr. viðauka X þar sem Ísland fellst á að taka inn í löggjöf sína tilskipun ráðsins frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjum um sjónvarpsrekstur (89/552/EBE) og var tilskipunin fylgirit með frumvarpinu.

16. nóvember lagði ráðherra frumvarpið fyrir ríkisstjórn með tillögu um að frumvarpið yrði lagt fram sem stjórnarfrumvarp. Tillögurnar voru samþykktar, með smávægilegum breytingum, sem lög frá Alþingi þann 6. maí 1993.

III.

Nefndin skilar ráðherra hér með tillögum að frumvarpi. Sex af sjö nefndarmönnum standa að tillögunum, þó þannig að Baldvin Jónsson gerir grein fyrir sjónarmiðum sínum með sérstakri bókun. Einn nefndarmanna Jóhann Óli Guðmundsson stendur ekki að tillögum nefndarinnar og áskilur sér rétt til að skila séráliti síðar.

IV.

Af erindisbréfi nefndarinnar verður ráðið að henni er ætlað að fjalla um yfirgripsmikil málefni sem snerta annars vegar alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga og áhrif þeirra á íslensk útvarpsmál en á hinn bóginn stefnumörkun stjórnvalda í málefnum ljósvakamiðla og hlutdeild þessara miðla í menningarmálum. Að því er síðari málaflokkinn varðar er nefndinni ætlað að fjalla um stöðu íslenskra ljósvakamiðla, samkeppni ríkisfjölmiðils við einkastöðvar, en ekki síst framlag ljósvakamiðlanna til íslenskrar menningar og stöðu þeirra í samkeppni við erlenda ljósvakamiðla.

1. Skilgreining á veigamiklum hugtökum útvarpsmiðlunar, til dæmis um þráð, móttöku og endurvarp útvarpsefnis, útsendingu , dagskrárefni og dagskrárliði.

Lög nr. 82/1993 hafa að geyma skilgreiningar á nokkrum hugtökum, þar á meðal útvarpi, útvarpsstöð og útvarpsdagskrá. Þau hugtök, sem í erindisbréfinu greinir, eru út af fyrir sig ekki skilgreind sérstaklega, en efnislega er í lögunum fjallað um umrædda þætti útvarpsmiðlunar. Telur nefndin ekki þörf á því að aðhafast neitt frekar í þeim þætti málsins.

2. Aðild Íslands að alþjóðasamningum og samstarf á sviði útvarps.

Í framangreindum lögum voru útvarpslög löguð að þeim skuldbindingum sem fylgja aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði. Telur nefndin sig hafa fjallað um þá alþjóðlegu samninga sem Ísland á aðild að og hafa bein áhrif á íslenska löggjöf og gert viðeigandi tillögur þar að lútandi.

3. Hvernig bregðast megi við þróun útvarpsmála erlendis, einkum í Evrópu.

Nefndin leit svo á að hér væri átt annars vegar við samningsbundnar skuldbindingar vegna aðildar Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði en hins vegar aðstöðu íslenskrar ljósvakamiðlunar og íslenskrar dagskrárgerðar í samkeppni við erlenda ljósvakamiðla og erlent dagskrárefni. Nefndin hefur í störfum sínum leitast við að varpa sem skýrustu ljósi á vægi íslenskra ljósvakamiðla í menningarlífi þjóðarinnar. Hún hefur leitast við að fá glögga mynd af því með hvaða hætti efla mætti ljósvakamiðlana í samkeppni þeirra við erlent dagskrárefni um leið og leitað væri leiða til að jafna samkeppnisstöðu þeirra innbyrðis.

Staða íslenskra ljósvakamiðla í innbyrðis samkeppni um hlustendur eða áhorfendur og í samkeppni við erlenda ljósvakamiðla ræðst að mati útvarpslaganefndar fyrst og fremst af því hve sterkir þessir miðlar eru á sviði dagskrárgerðar. Það skiptir með öðrum orðum meginmáli hversu vönduð dagskráin er, hve vel og almennt hún höfðar til íslenskra hlustenda og hve sterk tengsl eru milli dagskrárefnis og íslenskrar menningar og þjóðlífs. En jafnframt er ljóst að styrk sinn sækja íslenskir fjölmiðlar einnig til vandaðs og fjölbreytilegs framboðs á erlendu efni.

Útvarpslaganefnd telur því að árangursríkast sé að bregðast við samkeppni erlendra ljósvakamiðla með því að tryggja sem best innlenda dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu og efla aðra íslenska ljósvakamiðla og sjálfstæða framleiðendur til dagskrárgerðar í samræmi við þær menningarlegu skyldur sem gildandi lög leggja þeim á herðar.

4. Hlutdeild ríkisins í útvarpsrekstri, þar með talin fjármögnun og rekstrarfyrirkomulag.

Þótt ólíkra sjónarmiða gæti innan útvarpslaganefndar um það hvort og í hve ríkum mæli ríkið eigi að blanda sér í útvarpsrekstur gengur nefndin út frá því í tillögum sínum að Ríkisútvarpið verði starfrækt áfram sem sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og að lögbundið hlutverk þess verði í stórum dráttum óbreytt. Þó leggur nefndin til að enn skýrar verði kveðið á um það en nú er gert að Ríkisútvarpið skuli leggja áherslu á innlenda dagskrárgerð, bæði með eigin framleiðslu og með verk- og samstarfssamningum við sjálfstæða framleiðendur. Er þar með hlutverk sjálfstæðra framleiðenda dagskrárefnis staðfest með lögum, svo og sú fjölbreytni sem af því hlýst að efla sem flesta til starfa við íslenska dagskrárgerð.

Nefndin leggur enn fremur til að felld verði úr lögum skylda Ríkisútvarpsins til að senda til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár. Ef tillögurnar yrðu samþykktar standa lög ekki í vegi fyrir því að Ríkisútvarpið leggi niður aðra hljóðvarpsrás sína ef það kýs að útvarpa á einni rás. Er þessi breyting gerð í samræmi við þá skoðun útvarpslaganefndar að Ríkisútvarpið gegni best því hlutverki sínu að vera samnefnari þjóðarinnar og sameiginlegur vettvangur þjóðmálaumræðu, upplýsinga og skoðanaskipta með því að höfða til breiðs hlustendahóps á einni rás. Nefndin tekur hins vegar enga afstöðu til þess hvort Ríkisútvarpið notar eina eða fleiri rásir til að uppfylla aðrar skyldur sínar, þar með talin ákvæði um starfsemi svæðisútvarps.

Samkvæmt útvarpslögum hefur Ríkisútvarpið sjálfstæðan fjárhag og eru meginstofnar þess lögum samkvæmt afnotagjöld, gjöld fyrir auglýsingar og aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau. Með lögum nr. 82/1993 var jafnframt í lög leitt að Ríkisútvarpinu sé heimilt að afla kostunar við gerð einstakra dagskrárgerðarliða.

Ítarlegar umræður fóru fram í nefndinni um tekjuöflun Ríkisútvarpsins, einkum um auglýsingar og um afnotagjöld eða opinber framlög í þeirra stað, annaðhvort í formi „nefskatts“ eða framlaga á fjárlögum. Nefndin gerir eftirfarandi tillögur til breytinga á þessum málum.

Lagt er til að aðflutningsgjöld verði afnumin sem tekjustofn fyrir Ríkisútvarpið og að þau renni þess í stað í dagskrárgerðarsjóð útvarpsstöðva en meginhlutverk hans er að styrkja ljósvakamiðla í einkaeign og sjálfstæða framleiðendur til dagskrárgerðar. Rétt er að taka fram að aðflutningsgjöld eru í tillögum nefndarinnar kölluð tollar og/eða vörugjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau. Ekki er lagt til að nein grundvallarbreyting verði á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins. Felld er úr lögum heimild til handa Ríkisútvarpinu til að innsigla viðtæki vegna vangoldinna útvarpsgjalda. Fellt er úr lögunum ákvæði um 10% álag vegna kostnaðar við innheimtu vangoldinna afnotagjalda. Þá er gerð tillaga um að afnotagjald verði óbreytt næstu tvö ár frá gildistöku laganna. Er það gert til að veita Ríkisútvarpinu aðhald og hvetja stofnunina til að vinna að hagræðingu í rekstri.

Að því er varðar rekstrarfyrirkomulag Ríkisútvarpsins hefur útvarpslaganefnd haft til hliðsjónar tillögur nefndar sem menntamálaráðherra skipaði að beiðni útvarpslaganefndar. Hefur að hluta til verið tekið tillit til ábendinga nefndarinnar að svo miklu leyti sem þær snerta útvarpslög. Leggur útvarpslaganefnd til að Ríkisútvarpið skiptist í tvær megindeildir, hljóðvarps- og sjónvarpsdeild, í stað fjögurra sem nú eru starfræktar, þar af þrjár samkvæmt lögum. Er með þessum breytingum verið að gera lagafyrirmæli um stjórn og skipulag Ríkisútvarpsins einfaldari og boðleiðir styttri, í þeim tilgangi að auka svigrúm stofnunarinnar til að ná niður kostnaði við yfirstjórn og umsýslu og efla dagskrárgerð. Er með þessu tekið undir það sjónarmið nefndarinnar, sem segir í skýrslu sinni: „Eitt aðalvandamál (Ríkisútvarpsins) er hve fastur kostnaður (þess) er mikill í hlutfalli við það fé sem rennur til dagskrárgerðar. Það felst í rekstri og bindingu fjármuna í illa nýttu húsnæði að Efstaleiti, mikilli yfirstjórn og að einhverju leyti í mannahaldi sem miðast við að geta annað miklu álagi, einkum í sjónvarpi.“ Staða framkvæmdastjóra fjármáladeildar og staða framkvæmdastjóra tæknideildar verða samkvæmt tillögunum lagðar niður, en verkefni tækni- og fjármáladeildar færast að stærstum hluta til megindeildanna tveggja, en á skrifstofu útvarpsstjóra yrðu sameiginleg verkefni. Útvarpsstjóri ásamt framkvæmdastjórum hljóðvarps og sjónvarps mynda framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Þá er einnig lagt til að ráðning útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra verði til fimm ára með heimild til endurráðningar einu sinni. Lagt er til að framkvæmdastjórar verði ráðnir af útvarpsstjóra.

Útvarpslaganefnd telur óráðlegt að ganga lengra til einföldunar, t.d. með því að sameina hljóðvarp og sjónvarp í eina deild. Liggja einkum til þess þær ástæður að hljóðvarp og sjónvarp eru í grundvallaratriðum ólíkir miðlar sem nálgast viðfangsefni sín, hvort sem um fréttir eða dagskrárgerð er að ræða, með ólíkum hætti. Er full ástæða til að ýta undir það með skipulagi að hvor deild fyrir sig njóti sérstöðu og nokkurs sjálfstæðis. Er það ekki síst gert með hagsmuni hljóðvarps í huga.

5. Skilyrði fyrir leyfisveitingu til útvarpsrekstrar.

Með lögum nr. 82/1993 voru gerðar nokkrar breytingar á þeim almennu skilyrðum sem leyfi til útvarps er háð, auk þess sem sett voru ákvæði um leyfi til starfrækslu útvarps þar sem einvörðungu er dreift viðstöðulaust óstyttri og óbreyttri heildardagskrá útvarpsstöðva og ákvæði um skilyrði fyrir slíkum leyfum.

Útvarpslaganefnd átti fund með fulltrúum útvarpsréttarnefndar þar sem þetta atriði var rætt sérstaklega. Niðurstaða þeirra viðræðna sem og umræðna innan nefndarinnar var sú að ekki væri ástæða til þess að setja frekari skilyrði fyrir leyfisveitingu til útvarpsrekstrar í útvarpslögum. Þó var á það bent í samtölum við fulltrúa útvarpsréttarnefndar að e.t.v. væri ástæða til þess að kveða á um í útvarpslögum að framsal útvarpsleyfa sé óheimilt. Nefndin leggur því til að reglugerðarákvæði það, sem nú gildir um bann við framsali útvarpsleyfa, verði tekið upp í útvarpslög.

6. Hvernig tryggja megi sem jafnasta aðstöðu ljósvakamiðla hér á landi.

Með erindisbréfi var útvarpslaganefnd gert að leita leiða til að tryggja sem jafnasta aðstöðu íslenskra ljósvakamiðla. Lög nr. 68/1985 kveða á um heimild til að veita öðrum aðilum en Ríkisútvarpinu leyfi til útvarps og mæla fyrir um skilyrði til slíkrar starfsemi. Þessum aðilum er heimilt að afla sér tekna með auglýsingum, afnotagjaldi (sem hér eftir verður nefnt áskriftargjald til aðgreiningar frá afnotagjaldi Ríkisútvarpsins), eða með sérstöku gjaldi vegna framleiðslu fræðslu- og skýringarefnis. Með lögum nr. 82/1993 voru sett ákvæði um kostun og auglýsingar og gilda samsvarandi ákvæði um þau mál hjá einkareknum ljósvakamiðlum og hjá Ríkisútvarpi.

Í lögum nr. 68/1985 voru jafnframt staðfestir megintekjustofnar Ríkisútvarpsins, en þeir eru gjöld fyrir útvarpsafnot, svokallað afnotagjald, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau, svo og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákvarða. Fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins er kynnt fyrir útvarpsráði og send menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum. Menntamálaráðherra staðfestir afnotagjald að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Í sjóð, sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar en í þann sjóð renna einnig samkvæmt útvarpslögum aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau.

Ríkisútvarpið er samkvæmt þessu B-hluta stofnun með sjálfstæðan fjárhag. Stofnuninni eru samkvæmt útvarpslögum tryggðir sérstakir tekjustofnar. Þess eru ekki dæmi að löggjafinn hafi svipt Ríkisútvarpið afnotagjaldinu eða hluta þess þótt þess séu dæmi að menntamálaráðherra hafi neitað að staðfesta afnotagjaldshækkun sem var innan ramma fjárhagsáætlunar Ríkisútvarpsins sem staðfest hafði verið af Alþingi. Að því er aðflutningsgjöldin varðar hafa þau aðeins einu sinni runnið til Ríkisútvarpsins eftir að lögin tóku gildi 1985 en það var árið 1986. Æ síðan hefur löggjafinn ákveðið að þrátt fyrir ákvæði útvarpslaga skuli aðflutningsgjöld renna í ríkissjóð.

Ljóst er að Ríkisútvarpið og ljósvakamiðlar í einkaeign eiga í harðri samkeppni á auglýsingamarkaði, bæði innbyrðis og við aðra auglýsingamiðla. Hljóðvarpsstöðvar í einkaeign hafa ekki aðra fjármögnunarmöguleika en auglýsingastarfsemi og finna því mun meira fyrir samkeppni við Ríkisútvarpið en sjónvarpsstöðvar sem hafa tækifæri á að fjármagna sig með áskriftum að lokaðri dagskrá auk auglýsinga.

Á auglýsingar í ljósvakamiðlum er lagt sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem rennur til Menningarsjóðs útvarpsstöðva, en ákvæði um hann er að finna í útvarpslögum. Veitir sjóðurinn framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð. Auk þess greiðist hlutur Ríkisútvarpsins af rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands af menningarsjóðsgjaldinu en samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands er hlutur Ríkisútvarpsins í rekstri hljómsveitarinnar 25% af kostnaði. Ljóst er að hlutfallslega hvílir þetta gjald á auglýsingar þyngra á einkareknum hljóðvarpsstöðvum en öðrum ljósvakamiðlum þar sem þær hafa ekki aðra tekjustofna.

Ýmsar ráðstafanir koma til greina til að jafna með lögum samkeppnisstöðu einkarekinna ljósvakamiðla gagnvart Ríkisútvarpinu. Í stórum dráttum stendur valið milli ákvæða sem miða að því að setja hömlur á samkeppnisstarfsemi ríkisfjölmiðilsins annars vegar og hins vegar ákvæða sem miða að því að bæta stöðu einkarekinna ljósvakamiðla. Verður hér getið nokkurra kosta, sem nefndin hefur íhugað.

Hægt er að afnema afnotagjöld Ríkisútvarpsins og gera því að fjármagna sig með gjöldum fyrir auglýsingar og áskriftargjöldum. Má segja að þá væri náð fullkomlega jafnri aðstöðu ríkisrekins og einkarekins sjónvarps en hljóðvarpsstöðvar án tengsla við sjónvarp byggju enn við skertan hlut þar sem þær eru reknar með auglýsingatekjum einum. Hægt er að takmarka eða banna með öllu auglýsingar í Ríkisútvarpinu. Má geta þess að í Bretlandi er BBC fjármagnað með afnotagjöldum og ríkisframlagi en stofnunin hefur ekki heimild til að afla sér tekna með auglýsingum. Samkvæmt lögum nr. 82/1993 er skilgreindur rammi um auglýsingastarfsemi sjónvarpsstöðva þar sem sett er hámark hlutfalls auglýsinga innan daglegs útsendingartíma og hámark hlutfalls auglýsinga innan tiltekins „klukkutíma skeiðs“. Þennan ramma mætti þrengja að því er varðar sjónvarpsstarfsemi Ríkisútvarpsins. Hægt er að setja hömlur á auglýsingastarfsemi með svipuðum hætti og gert er í Þýskalandi en þar hafa ríkissjónvarpsstöðvarnar ARD og ZDF, sem afla sér tekna með afnotagjaldi og auglýsingum, aðeins leyfi til að auglýsa ákveðna daga og innan ákveðinna tímamarka á sólarhring. Þá er einnig hægt að skerða auglýsingastarfsemi í hljóðvarpi sérstaklega, ellegar þrengja ramma um ákveðna tegund auglýsinga, svo sem leiknar auglýsingar í hljóðvarpi.

Þegar talað er um að takmarka auglýsingastarfsemi með lögum er rétt að taka það fram að erfitt getur verið að átta sig á áhrifum slíkra takmarkana á markaðinn. Bann við auglýsingum í Ríkisútvarpinu gæti haft áhrif á markaðinn og leitt til fákeppni á markaði sjónvarpsauglýsinga. Þrengjandi ákvæði um auglýsingastarfsemi, t.d. að því er varðar hámark hlutfalls auglýsinga á klukkustund eða sólarhring, geta haft þau áhrif að verðmæti auglýsinga á hinum skerta tíma eykst verulega og eftirsókn eftir þeim í samræmi við það.

Ekki er hægt að fjalla um starfsemi ljósvakamiðla sem hreinræktuð þjónustuviðskipti. Þeir hafa öðrum þræði með höndum mikilvæga menningarstarfsemi sem hefur veruleg áhrif á uppeldi, viðhorf, skoðanaskipti, menntun og málfar þjóðarinnar. Þessi menningarstarfsemi á í vaxandi samkeppni við erlenda alþjóðlega ljósvakamiðla. Umræður og ráðstafanir löggjafans í málefnum ljósvakamiðla hljóta að taka mið af þessum staðreyndum.

Hafa ber í huga að það sem ræður mestu um samkeppnisstöðu ljósvakamiðils á auglýsingamarkaði er öllu öðru fremur dagskrárstefna hans. Sé dagskráin fjölbreytt, vel sniðin að þörfum íslenskra hlustenda og áhorfenda og höfði til breiðs neytendahóps, er staða hans á auglýsingamarkaði sterk. Vandað framboð á efni, bæði innlendu og erlendu, skiptir því mestu um áhorf og markaðsstöðu þegar til lengri tíma er litið. Vægi innlendrar dagskrárgerðar er mikið í þessu sambandi.

Um takmarkanir á auglýsingastarfsemi Ríkisútvarpsins varð mikill ágreiningur í nefndinni. Nefndin hefur hvorki náð saman um tillögur um bann við auglýsingastarfsemi Ríkisútvarpsins né séð sér fært að móta sameiginlegar hugmyndir um takmarkanir á auglýsingastarfsemi stofnunarinnar. Á hinn bóginn telur útvarpslaganefnd nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að jafna samkeppnisstöðu annarra ljósvakamiðla gagnvart Ríkisútvarpinu. Leggur nefndin til að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar sem áfangar á þeirri braut að jafna aðstöðumuninn.

Lagt er til að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður. Þar með verði felld niður gjaldtaka af auglýsingum í útvarpi sem nú er 10%. Mun þessi ráðstöfun ein sér bæta stöðu einkarekinna hljóðvarpsstöðva sem einungis fjármagna starfsemi sína með auglýsingum. Enn fremur mun hún auka svigrúm á auglýsingamarkaði almennt en þar hefur gætt samdráttar að undanförnu.

Lagt er til að rofin verði rekstrarleg tengsl milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þessi tengsl hafa haft óheppileg áhrif á framlög Menningarsjóðs útvarpsstöðva til innlendrar dagskrárgerðar og sett stafsemi sjóðsins í nokkra óvissu. Þá hefur samband Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem kveðið er á um í lögum, reynst næsta lítilvirkt og ekki ástæða til að kveða á um það samband sérstaklega í útvarpslögum.

Frá menningarlegu sjónarmiði er það mikilvægt fyrir stjórnvöld að efla innlenda dagskrárgerð og hvetja til flutnings innlends efnis. Ef það fer saman að löggjafinn getur eflt innlenda dagskrárgerð og þar með bætt samkeppnisstöðu einkarekinna ljósvakamiðla er það í sjálfu sér leið til jöfnunar. Því er lagt til að stofnaður verði sérstakur dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva er styrki innlenda dagskrárgerð með svipuðum hætti og Menningarsjóður útvarpsstöðva gerði að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið geti sótt um styrki úr sjóðnum. Það geta hins vegar aðrir ljósvakamiðlar og sjálfstæðir framleiðendur útvarpsefnis. Lagt er til að í sjóðinn renni tollar og/eða vörugjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau sem samsvara aðflutningsgjöldum af sjónvarps- og hljóðvarpstækjum og hlutum í þau. Með þessum tillögum er fé til innlendrar dagskrárgerðar stóraukið og hlutur einkarekinna ljósvakamiðla verulega bættur. Enn fremur styrkist staða sjálfstæðra dagskrárgerðaraðila til muna. Sú ráðstöfun leiðir til valddreifingar í dagskrárgerð og ýtir undir fjölbreytni í framboði dagskrárefnis. Rétt er að taka það fram að með framleiðanda dagskrárefnis er átt við hvern þann er getur boðið efni til dagskrárgerðar ekki síður en tæknilega og faglega framleiðendur dagskrárefnis fyrir útvarp. Þjóðin á öflugan hóp fagfólks á sviði lista og listflutnings, vísinda, bókmennta og tækni sem æskilegt er að virkja til dagskrárgerðar fyrir ljósvakamiðla. Er gert ráð fyrir því í tillögum útvarpslaganefndar að slíkir aðilar geti sótt um styrki til dagskrárgerðar að því tilskildu að þeir tryggi sér faglega aðstoð og ráðgjöf við framleiðslu dagskrárefnis og fyrir liggi staðfesting ljósvakamiðla um útsendingu efnis.

Með þeirri breytingu á tekjustofnum Ríkisútvarpsins, sem hér er gerð tillaga um, og með stofnun dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva er verið að breyta í mikilvægum atriðum þeirri stefnu í opinberum stuðningi við dagskrárgerð sem útvarpslög kveða á um annars vegar gagnvart Ríkisútvarpinu og hins vegar gagnvart ljósvakamiðlum í einkaeign. Fram til þessa hafa gjöld sem leggjast á not sjónvarps og hljóðvarpstækja og á innflutning þessa búnaðar runnið samkvæmt útvarpslögum til Ríkisútvarpsins. Sú breyting er nú gerð á þessum málum að hluti þessarar heildargjaldtöku, þ.e. tollar og/eða vörugjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau, rennur til dagskrárgerðar á vegum annarra ljósvakamiðla en Ríkisútvarpsins og sjálfstæðra dagskrárgerðaraðila.

7. Hvaða kröfur beri að gera um eignaraðild einkarekinna ljósvakamiðla, sérstaklega með tilliti til samþjöppunar eignarhalds á þessu sviði.

Samkeppnislög gilda um einkarekna ljósvakamiðla jafnt sem önnur fyrirtæki. Nefndin telur ekki rétt að setja önnur og strangari skilyrði um eignaraðild einkarekinna ljósvakamiðla en gilda um aðra fjölmiðla eða atvinnufyrirtæki almennt.

8. Hvert er menningarlegt hlutverk ljósvakafjölmiðla.

Í lögum nr. 82/1993 segir að útvarpsstöðvar skuli stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Einnig segir að þær skuli kosta kapps um að meiri hluti útsendrar dagskrár sé íslenskt dagskrárefni og dagskrárefni frá Evrópu. Sérstök ákvæði eru í lögum um skyldur Ríkisútvarpsins að þessu leyti og eru þau fyllri en ákvæði um skyldur einkarekinna ljósvakamiðla.

Útvarpsstöðvum er úthlutað senditíðnum, sem verður að líta á sem takmörkuð gæði, þar sem rými á tíðnisviðinu er lítið. Hljóðvarp og sjónvarp er virkur þáttur í lífi og starfi sérhvers Íslendings. Hafa þessir miðlar þannig mjög veruleg áhrif á viðhorf almennings til flestra mála. Útvarpslaganefnd lítur svo á að sú almenna skilgreining á menningarhlutverki ljósvakamiðla, sem bundin er í lögum, sé æskileg og gerir ekki tillögur um að breyta henni.

Nefndin leggur áherslu á þær menningarlegu skyldur sem lagðar eru á ljósvakamiðla aðra en Ríkisútvarpið. Telur nefndin eðlilegt að styrkja þessa miðla til dagskrárgerðar mun meira en nú er gert með starfsemi Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Vísast þar um til þess kafla sem fjallar um dagskrárgerðarsjóð útvarpsstöðva.

9. Efling innlendrar dagskrárgerðar.

Nefndin fjallaði ítarlega um stöðu innlendrar dagskrárgerðar. Ljóst er að innlend dagskrárgerð á í vök að verjast í samkeppni við erlent dagskrárefni. Íslenskar útvarpsstöðvar styðjast við afar fámennan neytendahóp á takmörkuðu málsvæði. Framleiðslukostnaður er því hlutfallslega mjög hár og freistandi fyrir ljósvakamiðla að byggja dagskrá sína að mestu upp á erlendu efni.

Áhrifamáttur ljósvakamiðla á uppeldi og menntun þjóðarinnar er mikill. Þeir hafa m.a. sterk áhrif á stöðu móðurmálsins. Gætir nú þegar mikilla áhrifa ensku á málfar Íslendinga og má rekja þau áhrif að talsverðum hluta til sjónvarps.

Stuðningur hins opinbera við innlenda dagskrárgerð er því mikilvægt framlag til menningarmála. Þar sem hlutverk dagskrárgerðarsjóðs útvarpsstöðva er skilgreint í tillögum nefndarinnar ber að leggja almenna víðtæka merkingu í orðalagið íslenskt menningarlíf. Á það ekki síður við um framleiðslu afþreyingar- og skemmtiefnis en annað dagskrárefni. Er lögð áhersla á það hlutverk dagskrárgerðarsjóðs að efla framleiðslu fjölbreytilegs alþýðlegs menningarefnis sem á rætur í sem flestum sviðum íslensk þjóðlífs. Telur nefndin að með tillögum sínum um dagskrárgerðarsjóð og afnámi auglýsingagjalds séu möguleikar á framleiðslu innlends dagskrárefnis stórefldir.

10. Menningarsjóður útvarpsstöðva.

Útvarpslaganefnd leggur til að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður. Falla þar með niður ákvæði um að af Menningarsjóðsgjaldi skuli greiðast hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar, sbr. lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands, nr. 36/1982. Útvarpslaganefnd leggur til við menntmálaráðherra að framangreindum lögum um Sinfóníuhljómsveitina verði breytt á þann hátt á Ríkisútvarpið taki ekki þátt í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar. Að öðru leyti er ekki fjallað sérstaklega um Menningarsjóð útvarpsstöðva undir þessum lið en vísað til kafla um jöfnun samkeppnisstöðunnar í lið 6 hér að ofan og umfjöllunina um dagskrárgerðarsjóð útvarpsstöðva.

11. Ábyrgð á útvarpsefni.

Í gildandi útvarpslögum er kveðið á um að frumsamið útsent efni skuli geymt í 18 mánuði. Þar sem upptöku- og geymslukostnaður hefur reynst útvarpsstöðvum mjög dýr er talið rétt með hliðsjón m.a. af 29. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 að stytta þennan tíma um helming. Að öðru leyti hefur ekki þótt ástæða til þess að gera frekari breytingar á ábyrgðarreglum útvarpslaga.

12. Auglýsingar í ljósvakamiðlum.

Í lögum nr. 82/1993 er að finna ítarleg ávæði um auglýsingar og um kostun. Telur nefndin sig þar með hafa tekið á þeim þætti erindisbréfsins sem snertir auglýsingar í ljósvakamiðlum að öðru leyti en því sem lýtur að jöfnun samkeppnisstöðu, en að því er vikið áður í þessari skilagrein.

13. Nauðsynlegar breytingar á löggjöf vegna tækninýjunga.

Í lög nr. 82/1993 voru sett ákvæði sem heimila starfsemi svokallaðra endurvarpsstöðva og setja tæknilegan ramma um starfsemi þeirra, auk þess sem felldar voru niður takmarkanir á því hvaða tíðnisviðum Póst- og símamálastofnun úthlutar til útvarps. Enn fremur tók nefndin til ítarlegrar umfjöllunar þau nýju viðhorf í dreifikerfismálum sem lagning ljósleiðara hefur haft í för með sér. Þótt nefndin hafi ekki séð ástæðu til að breyta lögum að því er dreifingu útvarpsefnis varðar hefur hún fjallað sérstaklega um og samþykkt sérstakt álit um stefnu í þeim málum. Verður gerð sérstök grein fyrir þeim tillögum síðar í þessari skilagrein. Að öðru leyti telur nefndin ekki ástæðu til frekari breytinga á útvarpslögum vegna tækninýjunga en tekur það fram að mikilla breytinga er að vænta innan tiltölulega fárra ára með tilkomu stafræns hljóðvarps og sjónvarps. Tækninýjungar á sviði ljósvakamiðlunar eru örar en krafa um stöðlun og undirbúning hins vegar sterk vegna þess hve miklar fjárfestingar eru bundnar bæði í sendi-, dreifi- og móttökubúnaði. Það liggur því í hlutarins eðli að útvarpslög verður sífellt að endurskoða með tilliti til tækninýjunga.

Dreifikerfi.

Á vegum útvarplaganefndar vann Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands skýrslu um dreifikerfi Ríkisútvarpsins sem hefur að geyma athugun á því hvort þjóðhagslega hagkvæmt sé að Ríkisútvarpið dreifi sínu efni um ljósleiðarakerfi Pósts og síma. Samkvæmt 31. gr. útvarpslaga skulu Ríkisútvarpið, útvarpsréttarnefnd og Póst- og símamálastofnun hafa náið samstarf til að tryggja að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verið í heild sem hagkvæmust fyrir þjóðina.

Ljóst er að sú skipan mála, sem tíðkast hefur í samskiptum Ríkisútvarps og Pósts- og síma varðandi dreifingu útvarpsefnis, er óviðunandi. Fjárfesting ríkisins í ljósleiðara er illa nýtt á sama tíma og Ríkisútvarpið áformar að verja um 400 milljónum króna til að endurnýja að óþörfu dreifikerfi sitt um örbylgju. Útvarpslaganefnd taldi brýnt að varpa skýru ljósi á þetta mál og telur að það hafi verið gert með skýrslu Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands. Gerir nefndin tillögu um það til ráðherra hvernig unnið skuli að því að koma í veg fyrir fjárfestingamistök í dreifikerfismálum Ríkisútvarpsins. Nefndin telur hins vegar ekki rétt að gera nú breytingu á lögum að því er dreifingu útvarpsefnis varðar.

Innheimtuúrræði.

Þau ákvæði útvarpslaga um innheimtuúrræði vegna vangoldinna afnotagjalda þurfti að endurskoða m.a. með tilliti til nýrra aðfararlaga. Jafnframt er ljóst að það úrræði Ríkisútvarpsins að innsigla tæki í þvingunartilgangi hefur lítið sem ekkert verið nýtt og því er lagt til að heimild til þess að beita slíku úrræði verði fellt úr lögum. Útvarpsnotendur geta þó óskað eftir innsiglun viðtækis ef þeir hyggjast hætta útvarpsnotum.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar verður krafa vegna vangoldinna afnotagjalda aðfararhæf, svo sem verið hefur eftir gildistöku aðfararlaga nr. 89/1990, sbr. 10. tölul. 1. gr. þeirra laga, en gerð er tillaga um að ákvæði þess efnis í útvarpslögum verði færð til samræmis við aðfararlögin. Þá er ekki lagt til að breyting verði gerð á því að lögveðsréttur stofnist í kröfu vegna vangoldinna afnotagjalda.

Vernd læstra útsendinga.

Nefndin leggur til að í útvarpslög verði tekin upp ítarleg ákvæði um að læstar útsendingar, sem boðnar séu gegn greiðslu, njóti refsiverndar. Í tillögum nefndarinnar felst að heimildarlaus móttaka á læstum útsendingum sjónvarpsstöðvar, heimildarlaus framleiðsla og sala á tækjum til að að afrugla læstar útsendingar sjónvarpsstöðvar, heimildarlaus breyting á afruglurum í þeim tilgangi að afrugla útsendingu sjónvarpsstöðvar án þess að áskriftargjald til hennar sé greitt og tenging afruglara við fleiri en eitt heimili án leyfis viðkomandi sjónvarpsstöðvar sé refsivert athæfi. Jafnframt er veitt heimild til eignaupptöku á þeim búnaði sem nýttur er til þessa.

Tómas Ingi Olrich alþingismaður, formaður,
Baldvin Jónsson framkvæmdastjóri,
Guðni Guðmundsson rektor,
Hjálmar Jónsson prófastur,
Sigbjörn Gunnarsson alþingismaður,
Sólveig Pétursdóttir alþingismaður.

Bókun.

Undirritaður, sem stendur að frumvarpinu, er engu að síður þeirrar skoðunar að ekki sé með því gengið nógu langt í því að jafna samkeppnisstöðu Ríkisútvarpsins og annarra útvarpsstöðva.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögbundið afnotagjald Ríkisútvarpsins verði óbreytt.

Miðað við það hefði átt að skerða rétt Ríkisútvarpsins til að athafna sig á hinum frjálsa auglýsingamarkaði og kostunar efnis. Þá ætti væntanlegur dagskrárgerðarsjóður eingöngu að þjóna frjálsum útvarpsstöðvum og framleiðendum. En í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið hafi aðgang að sjóðnum í gegnum þriðja aðila.

Það er því mín skoðun að aðili, sem nýtur lögverndar á einu sviði, eigi ekki að vera í samkeppni á öðrum. Það eru að mínu mati óeðlilegir viðskiptahættir.

Ég tel því rétt að gera grein fyrir mínu sjónarmiði með þessari bókun.

Baldvin Jónsson.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, sbr. lög nr. 40/1986 og lög nr. 82/1993.

Frumvarpið er samið af útvarpslaganefnd sem skipuð var af menntamálaráðherra til að endurskoða útvarpslög, nr. 68/1985. Kostnaðarumsögn byggist á frumvarpinu og greinargerð með því en einnig að hluta til á skilagrein útvarpslaganefndar og undirnefndar hennar sem fjallaði um skipulag Ríkisútvarpsins.

Helstu þættir í frumvarpinu, er snerta útgjöld og tekjur, eru eftirfarandi:

1. Dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva.

Stofnaður verður nýr sjóður, dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva, í stað Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Hlutverk þessara sjóða eru hliðstæð en úthlutunarákvæði og skilyrði fyrir úthlutun úr dagskrárgerðarsjóði eru ítarlegri og skýrari. Sú veigamikla breyting er þó gerð að RÚV getur ekki fengið úthlutað úr sjóðnum. Ekki er heldur gert ráð fyrir að hluti rekstrarkostnaðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði greiddur úr hinum nýja sjóði.

Tekjur dagskrárgerðarsjóðs verða tollar og vörugjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau. Í núgildandi lögum er þetta markaður tekjustofn RÚV en tekjur hafa runnið í ríkissjóð þrátt fyrir ákvæði útvarpslaga. Tekjur þessar eru áætlaðar 110 m.kr. í fjárlögum 1994 sem er svipuð fjárhæð og 1993. Þetta þýðir samsvarandi tekjutap fyrir ríkissjóð ef gjöldin renna óskert í dagskrárgerðarsjóð útvarpsstöðva. Það hefur hins vegar engin áhrif á núverandi tekjur RÚV þar sem tekjustofninn hefur verið skertur að fullu nema árið 1986.

2. Menningarsjóður útvarpsstöðva.

Gert er ráð fyrir að sjóður þessi verði lagður niður en tekjur hans eiga að nema 10% af öllum auglýsingum í útvarpi. Ríkisútvarpið hefur á árunum 1988–1992 greitt 216,1 m.kr. í sjóðinn og fengið 95,8 m.kr. úthlutað úr honum. Á síðasta ári greiddi RÚV 35,4 m.kr. en fékk 22,9 m.kr. úthlutað. Ef tekið er mið af síðasta ári sparast um 12,5 m.kr. hjá RÚV vegna þessarar breytingar. Á móti kemur að sjóðurinn hefur greitt hlut RÚV í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á árunum 1988–1992 eru bókuð framlög Menningarsjóðs til hljómsveitarinnar 164,3 m.kr. en í ríkisreikningi 1992 er bókfærð skuld sjóðsins við hljómsveitina 97 m.kr. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhaldi nemur skuld sjóðsins við Sinfóníuhljómsveitina nú um 126 m.kr. Þessi skuld leiðir af sér samsvarandi skuld hljómsveitarinnar við ríkissjóð.

Hinn nýi dagskrárgerðarsjóður yfirtekur eignir og skuldbindingar Menningarsjóðs útvarpsstöðva að því undanskildu að skuld við ríkissjóð vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar, um 126 m.kr., er felld niður. Eignir sjóðsins eru einungis bankainnstæður sem nema 45–46 m.kr. í mars 1994. Útistandandi vanskil eru um 22 m.kr. þannig að eignir sjóðsins eru alls um 68 m.kr. Skuldbindingar Menningarsjóðs, að frátalinni skuld vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar, eru bindandi loforð um styrki að fjárhæð 20 m.kr. sem gilda út þetta ár. Skilyrði styrkjanna er að styrkþegar hafi útvegað nægilegt fjármagn annars staðar til að fjármögnun sé tryggð.

3. Tengsl Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins.

Samkvæmt lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, skal Ríkisútvarpið greiða 25% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar. Samkvæmt núgildandi útvarpslögum greiðir Menningarsjóður útvarpsstöðva hlut RÚV en gert er ráð fyrir að fella ákvæði um sjóðinn niður og fellur því þessi kvöð sjálfkrafa á RÚV að óbreyttum lögum um Sinfóníuhljómsveitina. Rekstrarkostnaður hljómsveitarinnar er áætlaður 178 m.kr. nettó í fjárlögum 1994 og er því hér um að ræða 44,5 m.kr. útgjaldaauka fyrir RÚV. Af skilagrein útvarpslaganefndar má ráða að nefndin telur að þessi kvöð eigi ekki að hvíla á RÚV en til að svo megi verða þarf að breyta lögum um Sinfóníuhljómsveitina.

4. Skipulag og rekstur Ríkisútvarpsins.

Í 9. gr. er ákvæði núgildandi laga um skyldu Ríkisútvarpsins til að reka tvær útvarpsrásir breytt á þá lund að stofnuninni er heimilt að reka aðeins eina rás. Ef rás 1 eða 2 verður lögð niður eða breytt verulega, hefur það að sjálfsögðu mikil áhrif á rekstrarkostnað en ógerlegt er að meta á þessu stigi hvort eða að hve miklu leyti útgjöld breytast þar sem það fer alfarið eftir með hvaða hætti þessi heimild verði nýtt. Í fjárlögum 1994 er velta beggja útvarpsrásanna, að frátöldum tækja- og búnaðarkaupum, áætluð tæpar 870 m.kr.

Áformað er að einfalda yfirstjórn stofnunarinnar og fækka um eina lögbundna deild þannig að deildirnar verði tvær. Í reynd eru deildirnar nú fjórar: Fjármáladeild, tæknideild, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild. Gert er ráð fyrir að fella verkefni fjármála- og tæknideildar undir tvær síðastnefndu deildirnar. Kostnaðaráhrif eru óljós þó ætla megi að einhver hagræðing hljótist af þessari breytingu. Á móti kemur að efla þarf fjármála- og tækniumsýslu í hvorri deild fyrir sig. Til lengri tíma ætti þetta að geta sparað verulega fjármuni ef stjórnun og skipulag verður skilvirkara en nú er. Í tillögum undirnefndar útvarpslaganefndar, sem fjallaði um skipulag Ríkisútvarpsins, er lagt til að skipaðir verði vinnuhópar til að útfæra nánar ýmis atriði sem fylgja í kjölfar þessarar breytingar og kæmi þá nánar í ljós hvaða áhrif það hefur á rekstrarkostnað stofnunarinnar.

Að lokum er rétt að benda á að í ákvæði til bráðabirgða segir að afnotagjöld skulu vera óbreytt næstu tvö ár frá gildistöku laganna. Þetta hefur ekki bein áhrif á rekstur RÚV á þessu stigi en getur sett stofnuninni þrengri ramma ef verulegar breytingar verða á útgjöldum af völdum verðlagsbreytinga eða annarra þátta. Á móti vegur svigrúm sem skapast af aukinni framleiðni sem ætla verður að eigi sér stað.

Það er mat fjármálaráðuneytis að frumvarpið muni leiða til um 32 m.kr. kostnaðarauka fyrir Ríkisútvarpið. Kostnaðarauki vegna reksturs Sinfóníuhljómsveitarinnar er um 44,5 m.kr. en á móti kemur sparnaður vegna niðurlagningar Menningarsjóðs, sbr. lið 2 hér að framan. Óvissuþættir eru þó margir, t.d. hvað varðar breytt skipulag RÚV. Að mati fjármálaráðuneytis mun árlegt tekjutap ríkissjóðs verða um 110 m.kr. vegna tolla og vörugjalda. Að auki fellur niður uppsöfnuð skuld vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar að fjárhæð 126 m.kr. sé tekið mið af stöðunni eins og hún er í mars 1994.

Í skilagrein útvarpslaganefndar er fjallað um tvö atriði sem geta haft veruleg áhrif á fjármál Ríkisútvarpsins. Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á lögum vegna þeirra og því skal aðeins bent á þessi atriði hér. Annars vegar er um að ræða dreifikerfi RÚV og hvort hagstæðara sé að dagskrárefni verði dreift um ljósleiðara í eigu Pósts og síma í stað þess að endurnýja örbylgjukerfi RÚV. Að mati Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands er fyrri kosturinn um 400 m.kr. ódýrari. Hitt atriðið varðar húsnæðismál Ríkisútvarpsins en talið er að flutningur allrar starfsemi í Efstaleitið geti kostað á annan milljarð

króna. Í skilagrein undirnefndar útvarpslaganefndar, sem fjallaði um skipulag RÚV, er fjallað um húsnæðismál, m.a. kosti og galla þess að halda núverandi fyrirkomulagi samanborið við að flytja alla starfsemina á einn stað.

835. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til húsaleigulaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn Sigurð Helga Guðjónsson hrl. og Inga Val Jóhannsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu. Nefndin hafði hliðsjón af umsögnum sem henni bárust á 116. og 117. löggjafarþingi frá Kennarasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, borgarstjórn Reykjavíkur, Húseigendafélaginu, Matsmannafélagi Íslands, bæjarstjórnum Keflavíkur, Akureyrar, Kópavogs, Akraness, Selfoss og Ísafjarðar, Neytendasamtökunum, Húsnæðisstofnun ríkisins, Öryrkjabandalagi Íslands, Leigjendasamtökunum, Dómarafélagi Íslands, Húseigendafélaginu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, bæjarlögmanni Akureyrar, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Verktakasambandi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Búseta sf., svæðisráði Reykjavíkur í málefnum fatlaðra, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Félagi einstæðra foreldra og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

1. Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að ákvæði þess um hjón eða maka eigi einnig við um sambúðarfólk. Að óbreyttu nær hugtakið sambúðarfólk aðeins til karls og konu sem búa saman og eru bæði ógift ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár. Breyting nefndarinnar, sem leggur til að hugtakið sambúðarfólk nái í lögum þessum einnig til annars sambúðarforms tveggja aðila, byggist á að skilgreining frumvarpsins þykir of þröng. Nefndin telur að ákvæðið eigi að ná t.d. til samkynhneigðra sambúðaraðila eða annars sambúðarforms tveggja einstaklinga, svo sem systkina. Má segja að breytingin feli í sér að ef tveir einstaklingar hafa búið saman í leiguíbúð í a.m.k. eitt ár, þannig að jafna megi sambúðinni hvað heimilisrétt varðar til hjúskapar eða óvígðrar sambúðar, skuli ákvæðum laganna um hjúskap eða óvígða sambúð beitt um slíka einstaklinga eftir því sem við getur átt. Taka má sem dæmi um áhrif þessarar breytingar að ákvæði 47. gr. um forgangsrétt til áframhaldandi leigu og heimild til að ganga inn í leigusamning við andlát maka eða sambúðaraðila nær þá einnig til þess konar sambúðarforms.
2. Lögð er til breyting á 56. gr. sem kveður á um eins mánaðar uppsagnarfrest ótímabundins leigusamnings. Orðalagsbreytingin í lok 1. tölul. byggist á að rétt þykir að um einstök herbergi gildi alltaf eins mánaðar uppsagnarfrestur án tillits til hvers herbergið er notað.

3. Lagðar eru til breytingar á 69. gr. Skv. 1. mgr. fer byggingarfulltrúi með úttektir þær sem frumvarpið mælir fyrir um. Sveitarstjórnum er þó heimilt að fela húsnæðisnefnd eða starfsmanni á hennar vegum þá framkvæmd. Í 2. og 3. mgr. er aftur á móti aðeins rætt um byggingarfulltrúa og er breytingunum ætlað að taka af tvímæli um að þær skyldur byggingarfulltrúa sem greindar eru í 2. mgr. og þær gjaldtökuheimildir sem sveitarstjórnum eru veittar í 3. mgr. eiga einnig við þegar öðrum en byggingarfulltrúa hefur verið falið að framkvæma úttektir.
4. Samkvæmt 85. gr. frumvarpsins er hlutverk kærunefndar húsaleigumála, sem kveður upp endanlega úrskurði á sviði stjórnsýslunnar, að gefa álit í ágreiningsmálum aðila leigusamningsins og beina tillögum til aðila um úrbætur. Breytingartillaga nefndarinnar felur í sér að við 85. gr. bætist ný málsgrein, er verði 7. mgr., þar sem kærunefndinni verði heimilað að taka fyrir mál að eigin frumkvæði og samkvæmt ábendingum eða tilmælum annarra aðila. Getur kærunefndin þá, á sama hátt og í ágreiningsmálum aðila leigusamnings, látið frá sér álit og tilmæli og er gert ráð fyrir að málsmeðferð samkvæmt greininni verði í báðum tilvikum sú sama.
5. Lögð er til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins þannig að lögin taki gildi um næstu áramót og skal endurskoðun eldri samninga fara fram fyrir 1. mars 1995. Er þetta í samræmi við ákvörðun um gildistöku frumvarps til laga um fjöleignarhús. Þykir með sama hætti og í því máli nauðsynlegt að vanda vel til undirbúnings að gildistöku, m.a. með kynningu og gerð nýrra samningsforma. Þá þykir eðlilegt að almenningur fái góðan aðlögunartíma, m.a. þar sem gert er ráð fyrir endurskoðun eldri samninga til samræmis við ákvæði frumvarpsins, en í mörgum tilvikum felur það í sér verulegar breytingar frá eldri lögum.

Guðjón A. Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. mars 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Gísli S. Einarsson.

Ingibjörg Pálmadóttir. Eggert Haukdal. Kristinn H. Gunnarsson.

Jón Kristjánsson. Guðjón Guðmundsson.

836. Breytingartillögur [144. mál]

við frv. til húsaleigulaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. Við greinina bætist: eða annað sambúðarform tveggja einstaklinga ef sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.
2. Við 56. gr. Í stað orðanna „sem ekki er atvinnuhúsnæði“ í lok 1. tölul. komi: til hvers sem það er notað.
3. Við 69. gr.
   a. Í stað „Byggingarfulltrúa ber að“ í 2. mgr. komi: Sá sem framkvæmir úttektir skal.

b. Á eftir orðinu „byggingarfulltrúi“ í 3. mgr. komi: eða annar aðili skv. 1. mgr.

4. Við 85. gr. Á eftir 6. mgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:

Kærunefndin getur einnig tekið fyrir mál að eigin frumkvæði og eftir tilmælum og ábendingum frá öðrum, svo sem félagsmálaráðuneytinu, Húsnæðisstofnun ríkisins, byggingarfulltrúum, leigumiðlurum, Húseigendafélaginu og Leigjendasamtökunum. Í slíkum málum getur nefndin látið frá sér fara álit og tilmæli og gilda um málsmeðferð fyrirmæli þessarar greinar eftir því sem við getur átt.

5. Við 87. gr.

a. Í stað „1. mars 1994“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: 1. janúar 1995.

b. Í stað „1. júní 1994“ í síðari málslið 1. mgr. komi: 1. mars 1995.

837. Skýrsla [536. mál]

starfshóps á vegum ríkisstjórnarinnar til þess að gera forkönnun á gerð fríverslunarsamninga við aðila að fríverslunarsamningi Norður-Ameríku (NAFTA), Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

SAMANTEKT OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Fríverslunarsamningur Norður-Ameríku (NAFTA), milli Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó, gekk í gildi 1. janúar 1994, á sama tíma og EES-samningurinn og fimm árum eftir að fríverslunarsamningur Bandaríkjanna og Kanada (FBK) gekk í gildi. Með þessum samningi er komið á fót fríverslunarsvæði í Norður-Ameríku með um 380 milljónir manns sem er álíka stórt og Evrópska efnahagssvæðið.

NAFTA-samningnum svipar að mörgu leyti til EES-samningsins. Báðir kveða á um frjáls vöru-, þjónustu- og fjármagnsviðskipti. Það sem skilur á milli þeirra er m.a. það að NAFTA-samningurinn nær yfir allt vörusviðið, þ. á m. sjávarafurðir og landbúnaðarvörur, en EES-samningurinn takmarkast að mestu leyti við iðnaðarvörur. Sá síðari kveður á um sameiginlegan vinnumarkað, svo og sameiginlegar reglur á mörgum sviðum, eins og t.d. samkeppnisreglur, tæknilega staðla og svokölluð jaðarmál, m.a. vinnumál, neytendamál og umhverfismál, en NAFTA-samningurinn gengur ekki svo langt. Stofnanaþátturinn er einnig þróaðri á Evrópska efnahagssvæðinu þannig að allt eftirlit með framkvæmd þess samnings er mun betur útfært, enda gerir hann meiri kröfur í því efni..

Frá reglum NAFTA-samningsins eru mikilvægar undantekningar, t.d. er heimilt í mörgum tilfellum að viðhalda gildandi löggjöf sem samrýmist ekki honum, sem er hliðstæð regla og gildir í GATT-samningnum. Einnig getur fylkislöggjöf verið undanþegin ákvæðum samningsins. Loks eru undanþágur í viðaukum og sérsamningum eins og nánar er útskýrt hér á eftir.

NAFTA-samningurinn markar enn eitt spor af hálfu Bandaríkjanna frá þeirri braut sem þau hafa fylgt frá lokum síðari heimsstyrjaldar að bjóða öllum ríkjum heims sömu viðskiptakjör, á grundvelli GATT-samningsins. Meginregla hans felst í bestu kjara ákvæðinu, sem kveður á um að ríki sem býður einu ríki ákveðin viðskiptakjör, t.d. með því að ákveða hámark tolla á vöru, verður að bjóða öllum öðrum aðildarríkum þessi sömu kjör. Bandaríkjamenn höfðu áður gert fríverslunarsamning við Ísrael árið 1985 og við Kanada árið 1988. Gerð fríverslunarsamninga byggist á heimildarákvæði í GATT-samningnum.

NAFTA-samningurinn er saminn með þeim hætti að öll ríki geta gerst aðilar. Honum svipar um margt til GATT-samningsins og er víða vísað til hans varðandi nánari útfærslu á

ýmsum reglum. Öll sérákvæði og undanþágur fyrir einstök ríki eru í viðaukum. Í sumum tilfellum gilda sérreglur milli Bandaríkjanna og Kanada eða Kanada og Mexíkó.

NAFTA-samningurinn er að mörgu leyti eins og Bandaríkin hefðu viljað að GATT-samningurinn yrði. NAFTA-samningurinn varð sterkur hvati fyrir aðildarríki að Úrúgvæviðræðunum til að ná samkomulagi og gerðist það einmitt að samkomulag tókst í þeim viðræðum skömmu eftir að Bandaríkjaþing samþykkti NAFTA-samninginn í nóvember 1993. Í Bandaríkjunum er einn stærsti og öflugasti markaður heims og voru þau í þeirri stöðu að geta boðið þeim ríkjum sem vildu aðild að NAFTA, ef ekki hefði tekist samkomulag um GATT, og gátu þannig haft veruleg áhrif á gang heimsviðskiptanna.

NAFTA-samningurinn hefur áhrif á þrjá meginþætti í samskiptum aðildarríkjanna innbyrðis og gagnvart þriðju ríkjum, þ.e. hinn stjórnmálalega og viðskiptalega og á fjárfestingarþáttinn. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að löndin þrjú eru mjög mismunandi hvað varðar fólksfjölda og þróunarstig. Í Bandaríkjunum búa tæpar 260 milljónir, í Kanada tæpar 30 og í Mexíkó rúmar 90. Þjóðartekjur á mann eru um sjö sinnum meiri í Bandaríkjunum og Kanada en í Mexíkó (USD 3.200 á mann í Mexíkó).

Áhrif NAFTA-samningsins fyrir aðildarríkin eru m.a. þau að bæði milliríkjaviðskipti og þjóðartekjur munu aukast. Hugsanlega mun eitthvað draga úr viðskiptum þeirra við önnur ríki. Þar sem fyrirtæki í Kanada og Mexíkó hafa beinan aðgang að Bandaríkjamarkaði munu þessi ríki laða að sér erlendar fjárfestingar, sérstaklega í Mexíkó. Fríverslunarsvæði Norður-Ameríku mun veita Evrópska efnahagssvæðinu mikla samkeppni hvað þetta varðar.

Á stjórnmálasviðinu má gera ráð fyrir að mikilvægi Mexíkó muni aukast. Þegar er ákveðið að Mexíkó verði næsta aðildarríki að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD, á undan Austur-Evrópuríkjunum.

Fyrir Bandaríkin hefur NAFTA-samningurinn tiltölulega litla þýðingu í efnahagslegu tilliti. Að vísu fara um 22% útflutnings Bandaríkjanna til Kanada og um 6% til Mexíkó. En þessi viðskipti eru tiltölulega lítið hlutfall af landsframleiðslu (heildarútflutningur Bandaríkjanna eru aðeins um 7% af landsframleiðslu, samanborið við 27% í Þýskalandi og á Íslandi). NAFTA-samningurinn hefur meiri stjórnmálalega þýðingu fyrir Bandaríkin sem hafa tengst nánari böndum við næstu nágrannaríki sín í gegnum hina efnahagslega samvinnu.

Tiltölulega lítil viðskipti eru á milli Mexíkó og Kanada en þau munu nú eitthvað aukast. Mikilvægt var fyrir Kanada að gerast aðili að fríverslunarsamningi milli Bandaríkjanna og Mexíkó til þess að viðhalda þeim ávinningi sem hafði náðst af fríverslunarsamningi

Bandaríkjanna og Kanada. Ef Kanada hefði orðið útundan hefði það getað dregið úr fjárfestingum þar vegna þess að aðeins fyrirtæki staðsett í Bandaríkjunum hefðu getað flutt út hindrunarlaust til allra ríkjanna þriggja.

Vel kemur til greina að fríverslunarsvæði Norður-Ameríku eigi eftir að stækka á næstu árum. Chíle hefur lýst áhuga á að verða næsta aðildarríkið og er ekki ólíklegt að fleiri Suður-Ameríkuríki fylgi í kjölfarið ef Chíle kemst inn. Bandaríkjastjórn kveðst ekki munu taka afstöðu til stækkunar NAFTA fyrr en GATT-samkomulagið hefur verið afgreitt á Bandaríkjaþingi. Síðasta ríkisstjórn hafði nefnt þann möguleika að ríki frá Asíu og Evrópu gerðust aðilar. Framtíðin mun leiða það í ljós með hvaða hætti og hversu hratt fjölgun verður meðal aðildarríkja NAFTA, en nýgerður GATT-samningur dregur eflaust úr þeim vexti, sem ella hefði orðið.

Meginrökin fyrir því að Ísland leitist eftir gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin eða aðild að NAFTA eru þessi:

(1) Bættur markaðsaðgangur fyrir íslenskar vörur og þjónustu. Tollar á núverandi útflutningi eru að vísu almennt ekki mjög háir en á vissum vörutegundum eru þeir það. Með lækkun þeirra gætu skapast aukin útflutningstækifæri, sérstaklega á unnum vörum.

(2) Jöfnuð yrði samkeppnisstaða Íslands og Kanada á Bandaríkjamarkaði.

(3) Ísland yrði vænlegri kostur fyrir erlendar fjárfestingar. Ísland gæti orðið eitt af fáum ríkjum með tollfrjálsan aðgang bæði að Bandaríkjamarkaði og innri markaði Evrópusambandsins.

(4) Gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin yrði eðlilegt framhald af EES-samningnum, enda Bandaríkin mikilvægasti markaður Íslands á eftir ESB og stærst þeirra ríkja sem við höfum ekki fríverslunarsamning við.

(5) Auk þess sem viðskiptatengsl hafa verið náin við Bandaríkin hafa stjórnmálatengsl verið það einnig, allt frá sjálfstæði landsins, fyrst og fremst á sviði varnarsamstarfs. Reynslan af samskiptum við Bandaríkin hefur verið góð og meiri óvissa ríkir nú um varnarsamstarfið en áður. Getur því verið skynsamlegt að treysta samskiptin á viðskiptasviðinu.

(6) Bandarísk fyrirtæki, íslenskir innflytjendur og neytendur munu njóta góðs af því að tollgreiðslur hér falla niður (rúmlega kr. 200 millj. miðað við innflutningstölur 1991). Ríkissjóður verður af tolltekjum á innflutningi frá Bandaríkjunum. Á móti kemur að þjóðhagslega hagkvæmast er að kaupa á sem lægsta verði og er verð gjarnan lægra í

Bandaríkjunum en í Evrópu.

(7) Fríverslunarsamningur við Bandaríkin yrði viss trygging gegn haftastefnu í milliríkjaviðskiptum sem gæti blossað upp hvenær sem er.

Ef til viðræðna um gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin kæmi þyrfti að hafa í huga að:

(a) Eðlilegt er að nota NAFTA-samningnum sem fyrirmynd við gerð tvíhliða fríverslunarsamnings við Bandaríkin eða a.m.k. að taka verulegt tillit til hans.

(b) Einfaldara kann að vera að semja við Bandaríkin ein frekar en að semja um NAFTA-aðild, sérstaklega ef fleiri bætast í NAFTA-hópinn. Tvíhliða fríverslunarsamningur gæti þróast í NAFTA-aðild síðar.

(c) Kanada er í nokkurri samkeppni við Ísland á Bandaríkjamarkaði um sölu á fiskafurðum. Sú staða gæti flækt þríhliða samningaviðræður.

(d) Nær engin viðskipti eru við Mexíkó. Þótt mikill tekjumunur sé á milli Íslendinga og Mexíkóbúa þá er hann ekki miklu meiri en gagnvart Tyrklandi, Portúgal eða Austur-Evrópuríkjum.

(e) Árangurinn af Úrúgvæviðræðunum minnkar nokkuð gildi fríverslunarsamnings við Bandaríkin sem því nemur. Úrúgvæsamningurinn nær m.a. til þjónustu, hugverka, opinberra innkaupa, tæknilegra viðskiptahindrana o.fl.

(f) Gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin myndi samrýmast öðrum alþjóðaskuldbindingum Íslands.

(g) Ekki er ástæða til þess að ætla að gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin hefði neikvæð áhrif á samskipti Íslands við Evrópusambandið, en gæti haft áhrif á þróun þeirra.

(h) Reikna má með því að kostnaður af gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin verði nokkur, sérstaklega ef slík samningsgerð dregst. Auk vinnu í Stjórnarráðinu og samningsgerðarinnar sjálfrar yrði sennilega að eiga samskipti við bandarískar þingnefndir og hugsanlega hagsmunaaðila í Bandaríkjunum. Ferðakostnaður yrði nokkur og eins þýðingarkostnaður. Þá má reikna með nokkrum kostnaði við framkvæmd samningsins að honum gerðum, m.a. stjórnsýslukostnaði.

TÍMAMÖRK

(i) Bandaríkjaforseta ber skv. lögum eigi síðar en 1. júlí 1994 að gera Bandaríkjaþingi grein fyrir þeim ríkjum sem æskilegt væri að gera fríverslunarsamninga við.

Viðskiptafulltrúi Bandaríkjanna á skv. lögum að skila sínum tillögum til forsetans um þetta efni fyrir 1. maí n.k. Æskilegt gæti verið fyrir Ísland að móta afstöðu til málsins vel fyrir þann tíma.

NIÐURSTAÐA

Niðurstaða starfshópsins er sú að það sé álitlegur kostur fyrir Ísland að gera fríverslunarsamning við Bandaríkin. Lagt er til að óskað verði eftir viðræðum um gerð slíks samnings það tímanlega að afstaða Íslands liggi fyrir þegar umfjöllun fer fram í Bandaríkjaþingi um mögulega viðsemjendur um gerð fríverslunar- og viðskiptasamninga nú í vor.

Við gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin væri eðlilegt að taka verulega mið af NAFTA-samningnum.

Starfshópurinn telur jafnframt að aðild að Fríverslunarsamningi Norður-Ameríku (NAFTA) komi til greina fyrir Ísland.

A. INNGANGUR

Í stefnuskrá og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar frá október 1991 segir að hún líti á það sem meginmarkmið sitt varðandi stefnu sína í utanríkisviðskiptum og markaðsmálum að tryggja íslenskum sjávarútvegi og öðrum útflutningsgreinum jafna samkeppnisaðstöðu á við erlenda keppinauta. Haldið verði vakandi hugmyndum um gerð fríverslunarsamninga við Bandaríkin, Kanada og Kyrrahafslöndin.

Hinn 26. október 1992 ákvað ríkisstjórnin að skipa starfshóp utanríkisráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis til þess að gera forkönnun á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin. Utanríkisráðherra skipaði starfshópinn 5. janúar 1993 svo, að fengnum tilnefningum viðkomandi ráðherra:

Pétur G. Thorsteinsson, sendifulltrúi í utanríkisráðuneyti, formaður;

Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti;

Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneyti;

Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti.

Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu til ríkisstjórnarinnar 11. maí 1993. Á þeim fundi var ákveðið að fulltrúi sjávarútvegsráðuneytisins taki sæti í starfshópnum. Sama dag skipaði utanríkisráðherra Arndísi Steinþórsdóttur, skrifstofustjóra í sjávarútvegsráðuneyti, í hópinn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra.

Á fundi sínum 11. maí 1993 samþykkti ríkisstjórnin tillögur starfshópsins um framhald málsins sem komu fram í áfangaskýrslunni:

1. Starfshópurinn skili forkönnun sinni til ríkisstjórnarinnar um sumarið eða snemma haustsins 1993;
2. Forkönnunin verði einnig látin ná til hugsanlegra fríverslunarsamninga við Kanada og/eða Mexíkó;
3. Starfshópurinn hafi óformlegt samráð við hagsmunaaðila;
4. Um sumarið eða snemma haustsins 1993 fari sendinefnd embættismanna til Washington og eftir atvikum til Ottawa;
5. Formleg beiðni verði send Bandaríkjunum, jafnvel Kanada, um könnunarviðræður haustið 1993 enda gefi niðurstöður forkönnunarinnar tilefni til þess.

Starfshópurinn taldi sig ekki geta skilað niðurstöðu fyrr en tækifæri hefði gefist til þess að hitta að máli bandaríska og eftir atvikum kanadíska embættismenn, bæði til þess að afla nánari upplýsinga um fríverslunarsamning Bandaríkjanna og Kanada (FBK) og um fríverslunarsamning Norður-Ameríku (NAFTA) og einnig að kanna hver yrðu hugsanleg viðbrögð þeirra við beiðni um könnunarviðræður um gerð fríverslunarsamnings.

Nokkuð dróst að hægt væri að koma við ferð vestur um haf í þessum tilgangi, einkum vegna þess að embættisskipanir Clinton-ríkisstjórnarinnar á sviði utanríkisviðskipta drógust alllangt fram á sumar og haust. Loks varð úr að Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og formaður nefndarinnar fóru til Washington og Ottawa 1.-5. nóvember 1993.

Staðan í byrjun nóvember var sú að nokkur óvissa ríkti um afdrif NAFTA-samningsins. Bandaríkjaþing átti eftir að samþykkja hann og nýskipaður forsætisráðherra Kanada hafði lýst ýmsum fyrirvörum við samninginn. Samningaviðræður um nýtt samkomulag um tolla og viðskipti (GATT), svonefndar Úrúgvæviðræður, voru í fullum gangi og jákvæð niðurstaða í þeim hefði haft veruleg áhrif á ávinning Íslands af gerð fríverslunarsamnings við ríki Norður-Ameríku. Starfshópurinn ákvað því í samráði við utanríkisráðherra að skila forkönnun sinni til ríkisstjórnarinnar í byrjun árs 1994, þegar betri upplýsingar lægju fyrir um árangur Úrúgvæviðræðnanna.

Starfshópurinn hefur leitast við að svara m.a. eftirfarandi meginspurningum:

* Er æskilegt að gera tvíhliða fríverslunarsamninga við Bandaríkin, Kanada og Mexíkó? Ætti að stefna að NAFTA-aðild?
* Hver er hagurinn af gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin, Kanada og Mexíkó? Hverjir eru gallarnir? Breytist sú staða eftir gerð Úrúgvæsamningsins?
* Hvernig myndu fríverslunarsamningar samrýmast öðrum alþjóðaskuldbindingum Íslands?
* Hvernig ætti samningarnir að vera? Hvaða fyrirmynd, ef nokkra, væri rétt að miða við?
* Er líklegt að gerð slíkra samninga raski stöðu Íslands gagnvart Evrópu í framtíðinni?
* Hvenær er rétti tíminn til að hreyfa málinu?

Í úttekt þessari hefur starfshópurinn gefið sér eftirfarandi forsendur varðandi hugsanlegan fríverslunarsamning við Bandaríkin.

Fríverslunarsamningar verða að uppfylla skilyrði GATT. Ákvæði b-liðar 8. tölul. 24. gr. samningsins hljóða svo:

Með fríverslunarsvæði er átt við hóp tveggja eða fleiri tollsvæða, þar sem tollar og aðrar opinberar aðgerðir, sem úr viðskiptum draga séu afnumin á verulegum hluta allra viðskipta milli þeirra landssvæða, sem hlut eiga að, með vörur sem uppruna sinn eiga á þeim landsvæðum.

Þetta ákvæði hafa Bandaríkjamenn viljað túlka þröngt og þrengra en fríverslunarsamningar EFTA byggja á. Þeir höfðu t.d. efasemdir um að EFTA-samningurinn uppfyllti þessi skilyrði á sínum tíma þar sem allur landbúnaður er undanskilinn.

Samningur við Bandaríkin yrði væntanlega að ná til landbúnaðar, með sérstakri bókun. Í EES-samningnum er landbúnaðinum haldið utan við samningssviðið með ákvæðum 8. gr., þar sem sagt er að sé ekki tekið fram um annað taki samningurinn einungis til 25.-97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni. Unnar landbúnaðarvörur eru síðan með sérstökum bókunum teknar með í fríverslun, þó með heimildum til að verðjafna landbúnaðarhráefni landanna.

Gera má ráð fyrir því að fríverslunarsamningur við Bandaríkin yrði a.m.k. að ná yfir önnur svið sem Úrúgvæsamningurinn nær til, einkum þau atriði sem Bandaríkjamenn hafa lagt áherslu á, m.a. þjónustuviðskipti og hugverkaréttindi. Líklega yrði að taka sterklega mið af fríverslunarsamningi Bandaríkjanna við Kanada og Mexíkó.

Spyrja mætti hvort réttast væri fyrir Ísland að stefna að NAFTA-aðild. Það myndi að vísu þýða fjórhliða viðræður eða enn flóknari eftir því hvar Ísland myndi lenda í röð þeirra landa sem sækjast eftir aðild að þeim samningi.

Benda má á að viðskipti Íslands við Kanada og Mexíkó eru mjög lítil en hafa farið vaxandi undanfarin ár (sjá töflu 2, bls. 17 og töflur 7-9, bls. 40-42) og má ætla að þau eigi eftir að aukast eitthvað með tilkomu NAFTA. Mexíkó gerðist aðili að GATT 1986 og hefur utanríkisverslun landsins aukist í kjölfarið. Erlendar fjárfestingar hafa aukist úr USD 17 milljörðum 1986 í USD 41 milljarð, fyrst og fremst frá Bandaríkjunum. Í Mexíkó búa rúmar 90 milljónir manna og fer þjóðarframleiðsla þar vaxandi. Af þessum ástæðum er rétt að taka framtíðarmöguleika Mexíkó með í reikninginn þegar NAFTA aðild er skoðuð. Ákveðið var hins vegar að miða þessa athugun fyrst og fremst við gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin, með Fríverslunarsamning Bandaríkjanna og Kanada sem fyrirmynd, þó þannig að gerð verður grein fyrir NAFTA-samningnum eftir því sem við á, á þeim sviðum þar sem hann gengur lengra en FBK-samningurinn.

B. FORSAGA

Allt frá gerð Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (GATT) 20. október 1947 var stefna Bandaríkjanna í utanríkisviðskiptum sú að beita reglum GATT gagnvart viðskiptalöndum sínum, þ.e. milliríkjaviðskipti á grundvelli bestu kjara. Þessi afstaða fór að breytast í upphafi níunda áratugarins. Árið 1983 gerðu Bandaríkin samninga við nokkur ríki í Karíbahafi þar sem þessum löndum voru veitt einhliða tollfríðindi, nokkurs konar þróunaraðstoð. Árið 1985 gerðu Bandaríkin sinn fyrsta eiginlega fríverslunarsamning, við Ísrael.

Á 108. löggjafarþingi 1985-86 flutti Gunnar G. Schram tillögu til þingsályktunar um gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á gerð slíks samnings. Einkum var bent á að lækka mætti tolla á íslenskum iðnaðarvörum, svo og möguleika á annars konar útflutningi en verið hefði og samstarfi við bandaríska aðila.

Hinn 6. janúar 1986 átti forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, fund með varaviðskiptaráðherra Bandaríkjanna, Merrifield, og lýsti áhuga á gerð fríverslunarsamnings.

Vorið 1986 var þingsályktunartillagan um gerð fríverslunarsamnings samþykkt.

Í framhaldi af þessu áttu ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins, Þórhallur Ásgeirsson, og sendiherra Íslands í Washington, Hans G. Andersen, viðræður við Michael Smith, varaviðskiptafulltrúa Bandaríkjanna (Deputy USTR).

Hinn 2. janúar 1988 gerðu bandarísk stjórnvöld fríverslunarsamning við Kanada (hér á eftir nefndur FBK).

Samningsgerðin við Kanada vakti athygli íslenskra stjórnvalda enda Kanadamenn í samkeppni við Íslendinga á fiskmörkuðum Bandaríkjanna. Að auki var samningurinn mun víðtækari en t.d. fríverslunarákvæði EFTA-samningsins og samnings Íslands við Efnahagsbandalagið þar sem hann náði m.a. til þjónustu- og fjárfestinga, auk landbúnaðar. Á þessum tíma var Efnahagsbandalagið að undirbúa innri markaðinn og nokkur óvissa ríkti um hvaða afleiðingar hann myndi hafa fyrir EFTA-ríkin.

Í opinberri heimsókn Þorsteins Pálssonar, forsætisráðherra, til Bandaríkjanna í ágúst

1988 var bryddað upp á því að kannaðir yrðu möguleikar á gerð fríverslunarsamnings.

Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráðherra, hitti George P. Shultz, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, 19. október 1988 í Washington D.C. og spurði m.a. hvort Bandaríkin væru til viðræðu um gerð fríverslunarsamnings. Hann ræddi aftur hugmyndina um gerð fríverslunarsamnings 11. febrúar 1989 við James Baker, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Árið 1991 hófust viðræður milli Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó um gerð fríverslunarsamnings.

Jón Sigurðsson, viðskiptaráðherra og starfandi utanríkisráðherra, ræddi gerð fríverslunarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna við Rockwell A. Schnabel, starfandi viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, 24. janúar 1992.

Í maí 1992 tilkynnti Bandaríkjastjórn að hún myndi hefja viðræður um gerð fríverslunarsamnings við Chíle eftir að lokið væri gerð fríverslunarsamningsins við Kanada og Mexíkó.

Í ágúst 1992 náðist samkomulag milli Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó um að bæta Mexíkó við fríverslunarsvæði Bandaríkjanna og Kanada (NAFTA-samningurinn). Samningurinn var undirritaður 17. desember 1992. Sumpart er hann þríhliða samningur en að öðru leyti eru sérsamningar milli Bandaríkjanna og Mexíkó og Kanada og Mexíkó. Hann gengur lengra í frjálsræðisátt en FBK á sviði þjónustuviðskipta, flutninga, hugverka og opinberra innkaupa en breytir ekki ákvæðum fríverslunarsamnings Bandaríkjanna og Kanada varðandi landbúnað eða orkumál.

Eftir að samkomulag tókst um NAFTA kom upp ný staða gagnvart hugmyndinni um fríverslunarsamninga milli Íslands og Bandaríkjanna. Annars vegar gerir NAFTA-samningurinn ráð fyrir því að öll ríki heims geti gerst aðilar. Hins vegar lýsti Bush, þáverandi Bandaríkjaforseti, því yfir að eftir samþykki þingsins á NAFTA-samningnum myndi hann beita sér fyrir gerð tvíhliða fríverslunarsamninga við fjölda ríkja, m.a. í Suður-Ameríku, við Pólland, Ungverjaland, Tékkóslóvakíu og ríki á Kyrrahafssvæðinu. Í kosningabaráttunni hafði Clinton, núverandi Bandaríkjaforseti, lýst því yfir að hann myndi í engu breyta utanríkisstefnu Bandaríkjanna, næði hann kjöri. Hann tjáði sig lítið um stefnu sína í utanríkisviðskiptamálum, annað en að hann myndi beita sér fyrir gerð nokkurra hliðarsamninga við NAFTA-samninginn.

Hinn 13. ágúst 1993 var tilkynnt að Bandaríkin, Kanada og Mexíkó hefðu náð samkomulagi um þrjá hliðarsamninga við NAFTA-samninginn, um samvinnu í

umhverfismálum, vinnumálum og um öryggisákvæði vegna skyndiaukningar á innflutningi.

Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráðherra, og Warren Christopher, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hittust í New York 28. septemer 1993, þar sem hugmyndin um gerð fríverslunarsamnings milli ríkjanna bar á góma. Christopher kvað bandarísk stjórnvöld ekki telja tímabært að ræða aukið samstarf í tvíhliða viðskiptum fyrr en Úrúgvæsamningur GATT og NAFTA-samningurinn væru í höfn.

Eftir harða og á tímum tvísýna baráttu á Bandaríkjaþingi var loks samþykkt löggjöf um framkvæmd NAFTA-samningsins upp úr miðjum nóvember 1993. Stuttu síðar, í byrjun desember, tilkynnti Chrétien, forsætisráðherra Kanada, að náðst hefði samkomulag við Bandaríkin um ýmsar hliðarráðstafanir sem gerðu honum kleift að láta hliðstæða löggjöf taka gildi í Kanada. NAFTA-samningurinn gékk í gildi 1. janúar 1994.

Hinn 15. desember 1993 náðist samkomulag í Úrúgvæviðræðunum. Ráðgert er að undirritun fari fram í Marrakess í Marókkó 12.-15. apríl n.k. og að það öðlist gildi á tímabilinu 1. janúar til 1. júlí 1995. Miðað við þessa gildistöku myndi Bandaríkjaþing afgreiða nauðsynlega löggjöf einhvern tímann fyrir n.k. áramót.

Viðbrögð Bandaríkjanna til þessa gagnvart hugmyndinni um gerð fríverslunarsamnings við Ísland hafa verið þau að æskilegt sé að ljúka Úrúgvæviðræðum GATT fyrst. Viðræðum um fríverslunarsamning hefur aldrei verið hafnað. Bandarísk stjórnvöld hafa bent á að Ísland þurfi að óska formlega eftir viðræðum og að reka þurfi málið í Washington, að Bandaríkjaþing verði að samþykkja samningaviðræður og að viðskiptafulltrúi Bandaríkjanna (USTR) myndi annast þær, en embættið sé fáliðað og geti ekki sinnt viðræðum við mörg ríki í einu. Óskir um gerð fríverslunarsamnings verði teknar fyrir í þeirri röð sem þær berast.

TÍMAMÖRK

Um vorið 1993, þegar Bandaríkjastjórn leitaði eftir heimild þingsins til þess að semja um nýjan GATT-samning, mun hafa komið til tals meðal ráðamanna að leita einnig eftir heimild til þess að gera fleiri fríverslunarsamninga. Niðurstaðan varð sú að gera það ekki en í staðinn var sett ákvæði í lögin um framkvæmd NAFTA-samningsins. Samkvæmt því á ríkisstjórnin gefa þinginu skýrslu um hvaða ríki gætu komið til greina sem frekari aðilar að samningnum. Í 108 gr. laganna segir m.a.:

> Stefna Bandaríkjanna í utanríkisviðskiptamálum á að gera ráð fyrir leiðum til þess

að bæta markaðsaðgang fyrir útfluttar vörur og þjónustu frá Bandaríkjunum og möguleika til fjárfestinga sem tengjast útflutningi fyrir Bandaríkjamenn.

Meðal þessara leiða ætti að vera kerfi tvíhliða og marghliða viðskiptasamninga sem veita betri markaðsaðgang fyrir útflutning frá Bandaríkjunum og möguleika til fjárfestinga sem tengjast útflutningi fyrir Bandaríkjamenn.

...

Eigi síðar en 1. maí 1994 og 1. maí 1997 skal viðskiptafulltrúinn senda forsetanum og efnahagsnefnd öldungadeildarinnar og efnahagsnefnd fulltrúadeildarinnar (hér eftir nefndar „viðeigandi þingnefndir") skýrslu sem tilgreinir þau erlendu ríki ... þar sem mest mætti auka útflutning vara og þjónustu og möguleika til fjárfestingar sem tengjast útflutningi frá Bandaríkjunum með frekari opnum markaða þeirra, ýmist með beinum hætti eða jákvæðu fordæmi.

Forsetinn skal, á grundvelli skýrslunnar sem viðskiptafulltrúinn útbýr skv. [næstu málsgrein á undan], ákveða við hvaða erlenda eða erlendu ríki, ef nokkur, Bandaríkin eigi að leitast við að gera fríverslunarsamning eða -samninga við.

Eigi síðar en 1. júlí 1994 og 1. júlí 1997 skal forsetinn senda viðeigandi þingnefndum skriflega skýrslu sem felur í sér:

(a) tillögur um samninga um fríverslunarsvæði við hvert erlent ríki sem tilgreint er skv. [næstu málsgrein á undan];

(b) að því er varðar þau erlendu ríki sem tilgreind eru, þau samningsmarkmið sem eru nauðsynleg til þess að Bandaríkin geti náð markmiðum sínum skv. þessari grein.

Gagnvart Íslandi er staðan nú þannig að ef ákveðið yrði að leitast eftir gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin gætu samningaviðræður væntanlega ekki hafist fyrr en á næsta ári, ef á slíkar viðræður er fallist, þ.e. eftir að Bandaríkjaþing hefur afgreitt nauðsynlegar lagabreytingar vegna Úrúgvæsamningsins. Þetta útilokar þó ekki að könnunarviðræður geti hafist fyrir þann tíma.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að meta hvort rétt sé að óska eftir viðræðum um gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin fyrir 1. maí n.k., eins og Chíle hefur gert, til þess að freista þess að Ísland verði meðal ríkja þeirra sem til greina koma, þegar viðskiptafulltrúi Bandaríkjanna sendir forsetanum skýrslu um mögulega viðsemjendur samkvæmt ofangreindum lögum.

Tafla 1.

Vöruútflutningur Íslands 1992-93

(í millj. kr., fob, gengi hvers tíma, hlutfall heildarútflutnings)

	1992		1993		Breyting
A. EES	**64.507,9**	**73,4%**	**61.671,8**	**65,1%**	**-4,4%**
Bretland	22.021,5	25,1%	20.467,6	21,6%	-7,1%
Þýskaland	10.940,4	12,5%	10.450,2	11,0%	-4,5%
Frakkland	8.666,5	9,9%	7.795,6	8,2%	-10,0%
Danmörk	4.943,1	5,6%	5.325,6	5,6%	7,7%
Spánn	4.502,8	5,1%	4.617,6	4,9%	2,5%
Holland	1.774,5	2,0%	2.082,9	2,2%	17,4%
Ítalía	2.456,3	2,8%	1.934,6	2,0%	-21,2%
Portúgal	2.531,1	2,9%	1.549,1	1,6%	-38,8%
Belgía	1.288,2	1,5%	1.415,4	1,5%	9,9%
Grikkland	1.012,0	1,2%	780,5	0,8%	-22,9%
Írland	79,7	0,1%	97,2	0,1%	22,0%
Lúxemborg	73,6	0,1%	97,2	0,1%	32,0%
Noregur	1.956,6	2,2%	3.187,3	3,4%	62,9%
Svíþjóð	1.377,3	1,6%	1.103,8	1,2%	-19,9%
Finnland	843,9	1,0%	672,8	0,7%	-20,3%
Austurríki	40,4	0,0%	94,5	0,1%	134,0%
B. EFTA	**2.217,1**	**2,5%**	**3.464,5**	**3,7%**	**56,3%**
Sviss	2.217,1	2,5%	3.464,5	3,7%	56,3%
Liechtenstein	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,0%
Samtals A+B	66.725,0	76,0%	65.136,3	68,8%	-2,4%
C. Fríverslunarsamningar	**688,1**	**0,8%**	**562,7**	**0,6%**	**-18,2%**
Færeyjar	441,8	0,5%	247,7	0,3%	-43,9%
Ísrael	64,5	0,1%	127,7	0,1%	98,0%
Grænland	84,5	0,1%	78,7	0,1%	-6,8%
Pólland	25,5	0,0%	38,6	0,0%	51,5%
Rúmenía	5,3	0,0%	33,4	0,0%	530,0%
Tékkland	34,0	0,0%	18,8	0,0%	-44,6%
Tyrkland	1,3	0,0%	13,6	0,0%	944,4%
Ungverjaland	13,5	0,0%	3,7	0,0%	-72,7%
Búlgaría	17,7	0,0%	0,4	0,0%	-97,9%
Slóvakía	*	*	0,0	0,0%	0,0%
Samtals A+B+C	67.413,1	76,8%	65.699,0	69,4%	-2,5%
D. NAFTA	**10.358,2**	**11,8%**	**15.663,9**	**16,5%**	**51,2%**
Bandaríkin	10.038,8	11,4%	15.164,4	16,0%	51,1%
Kanada	301,8	0,3%	499,5	0,5%	65,5%
Mexíkó	17,6	0,0%	0,0	0,0%	-100,0%
Samtals A+B+C+D	77.771,3	88,5%	81.362,9	85,9%	4,6%
E. Rússland	**267,9**	**0,3%**	**282,3**	**0,3%**	**5,4%**
F. Japan	**6.628,0**	**7,5%**	**8.777,1**	**9,3%**	**32,4%**
G. Kína o.fl.	**1.493,8**	**1,7%**	**1.904,4**	**2,0%**	**27,5%**
Taívan	1.476,0	1,7%	1.845,8	1,9%	25,1%
Hong Kong	11,8	0,0%	49,9	0,1%	323,1%
Alþýðulýðveldið	6,0	0,0%	8,6	0,0%	43,9%
H. Önnur lönd	**1.671,9**	**1,9%**	**2.376,5**	**2,5%**	**42,1%**
Nígería	685,9	0,8%	853,4	0,9%	24,4%
Suður-Kórea	89,1	0,1%	225,7	0,2%	153,3%
Brasilía	131,0	0,1%	184,0	0,2%	40,5%
Kýpur	293,8	0,3%	160,3	0,2%	-45,5%
Nýja-Sjáland	5,2	0,0%	109,6	0,1%	2007,7%
Önnur	466,9	0,5%	843,5	0,9%	80,7%
ALLS	**87.832,9**	**100,0%**	**94.703,2**	**100,0%**	**7,8%**

*Sameiginlegar tölur fyrir Tékkland og Slóvakíu.

C. ÍSLENSKAR ÁHERSLUR

Ísland gerðist aðili árið 1968 að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT) frá 1947. Aðildin að GATT tryggir Íslandi svonefnd „bestu kjör" í útflutningsverslun sinni og má segja að hún sé einn hornsteinninn í íslenskri utanríkisviðskiptastefnu. Það samkomulag sem náðist í Úrúgvælotu GATT 15. desember 1993 mun færa Íslandi aukin útflutningstækifæri, bæði á vörum og þjónustu.

Samkvæmt GATT-samningnum er ríkjum heimilt að stjórna innflutningi með tollum. Þau lönd sem vilja ganga lengra í því að efla utanríkisverslun er heimilt samkvæmt GATT að gera samninga um tollabandalög eða fríverslunarsvæði. Ísland hefur valið þennan kost með því að gera fjölda fríverslunarsamninga við helstu viðskiptalönd sín á undanförnum áratugum.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) er mikilvægasti fríverslunar-samningur Íslands. Hann öðlaðist gildi 1. janúar 1994. Ísland hefur þar með tryggt sér aðgang að innri markaði Evrópusambandsins (ESB) sem er jafnframt mikilvægasti útflutningsmarkaðurinn fyrir íslenskar vörur og þjónustu.

Fyrsti fríverslunarsamningur Íslands var gerður við EFTA-ríkin árið 1970. Árið 1972 bættist við fríverslunarsamningur við aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu (EBE) sem öðlaðist gildi 1973 (bókun 6 um vissar sjávarafurðir öðlaðist gildi árið 1976). Eftir það hafa verið gerðir eftirfarandi tvíhliða fríverslunarsamningar sem ná yfir sama vörusvið og samningurinn við EBE: Grænland (1985), Tyrkland (1991), Færeyjar, Ísrael, Pólland, Tékkland og Slóvakía (1992), Ungverjaland, Búlgaría og Rúmenía (1993). Viðræður eru í gangi um gerð fríverslunarsamninga við Eistland, Lettland, Litháen og Slóveníu.

Ísland hefur því samtals gert fríverslunarsamninga við 28 ríki og til þeirra fóru um 77% útflutnings frá Íslandi árið 1992 (sjá töflu 1, bls. 13). Af þessum 28 ríkjum eru 15 í hópi 20 mikilvægustu útflutningsríkjanna fyrir Ísland, miðað við útflutningsverðmæti 1992. Af þeim fimm löndum, sem eftir standa, eru Bandaríkin mikilvægasti markaðurinn (í 3. sæti með 11,4% útflutnings og fór hann upp í 2. sætið með 16,0% útflutnings árið 1993). Hin löndin eru Japan (5. sæti), Taíwan (13. sæti), Nígería (18. sæti) og Kanada (20. sæti).

Með því að gera fríverslunarsamninga við Bandaríkin, Kanada og Mexíkó mundu 88,5%

vöruútflutnings Íslands njóta tollfríðinda í samræmi við sérstaka fríverslunarsamninga, miðað við útflutningstölur 1992. Gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin eða aðild að NAFTA væri því eðlilegt framhald af þeirri þróun sem hefur orðið í utanríkisverslun Íslendinga síðustu þrjá áratugina. Ef til slíks samnings eða samninga kæmi má ætla að áherslur Íslands yrðu svipaðar og í þeim samningaviðræðum sem nýlokið er vegna EES-samningsins. Þær voru eftirfarandi:

a. Fríverslun með fisk.

Fríverslun með iðnaðarvörur, sjávarafurðir og vissar unnar landbúnaðarvörur var þegar fyrir hendi milli Íslands og EFTA. Með EES-samningnum urðu um 98% útflutnings sjávarafurða til ESB tollfrjáls. FBK og NAFTA-samningurinn kveða m.a. á um tollfrjáls viðskipti með fisk í áföngum, að mestu á 10 árum. Möguleiki ætti því að vera á að semja um tollfrjáls viðskipti með fisk við NAFTA-ríkin.

b. Landbúnaðarvörur yrðu almennt utan samnings.

Samkvæmt FBK falla landbúnaðarvörur undir þau almennu ákvæði samningsins að löndin skuldbinda sig til þess að hafa afnumið tolla að fullu 1. janúar 1998, að loknum tíu ára aðlögunartíma. Óunnar landbúnaðarvörur falla hins vegar ekki undir EES-samninginn og vissar unnar vörur koma inn með sérstakri bókun. Samkvæmt FBK verður Kanada m.a. heimilt að beita innflutningstakmörkunum fyrir viðkvæmar afurðir. Væntanlega yrði að semja um sérstakar undanþágur fyrir Ísland vegna landbúnaðarins.

c. Erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi óheimilar.

Meginregla FBK er frelsi í fjárfestingum, en hins vegar eru settar takmarkanir á eignaraðild útgerðarfyrirtækja bæði í FBK og NAFTA-samningunum. Væntanlega yrði einnig að semja um undanþágu fyrir Ísland vegna sjávarútvegsins.

d. Öryggisákvæði vegna erlendra fjárfestinga í orkulindum.

Hér gildir sama og í c-lið. Mögulegt ætti að vera að fá undanþágu vegna orkulinda þar eð slíkt ákvæði er í NAFTA-samningnum varðandi Mexíkó.

e. Öryggisákvæði vegna röskunar á fasteignamarkaði.

Hér gæti þurft að semja um sérstakar undanþágur vegna jarða og hlunninda.

f. Öryggisákvæði vegna röskunar á vinnumarkaði.

FBK og NAFTA-samningarnir gera ekki ráð fyrir sameiginlegum vinnumarkaði heldur vissu frelsi fyrir viðskiptamenn til þess að starfa í aðildarríkjum. Ákvæði á þessu sviði eru ekki líkleg til þess að valda Íslandi sérstökum erfiðleikum.

g. Framsal á ríkisvaldi

FBK og NAFTA-samningarnir virðast ekki fela í sér framsal á ríkisvaldi eða sérstakt vandamál fyrir Ísland á þessu sviði. Borið saman við EES-samninginn hafa sameiginlegar stofnanir lítið verksvið.

Tafla 2.

Vöruviðskipti við Bandaríkin, Kanada og Mexíkó 1987-1992

(í millj. kr., fob fyrir útflutning, cif fyrir innflutning/hlutfallstölur)

Bandaríkin	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Vöruútflutningur	9.677,9	8.372,6	11.435,5	9.176,9	11.504,7	10.038,8
	18,2%	13,6%	14,3%	9,9%	12,6%	11,4%
Vöruinnflutningur	4.367,1	5.185,8	8.823,3	13.949,5	13.100,0	8.012,1
	7,1%	7,5%	11,0%	14,4%	10,3%	8,3%

Kanada	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Vöruútflutningur	155,2	174,0	226,0	286,7	313,5	301,8
	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%
Vöruinnflutningur	253,3	290,9	429,6	510,2	766,0	985,3
	0,4%	0,4%	0,5%	0,5%	0,8%	1,0%

Mexíkó	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Vöruútflutningur	0,8	0,1	0,1	2,6	51,4	17,6
	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%
Vöruinnflutningur	10,4	2,9	15,7	21,0	41,5	52,4
	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%

Tafla 3.

Nokkrar hagtölur fyrir Bandaríkin, Kanada, Mexíkó, Ísrael og Ísland

	Bandaríkin	Kanada	Mexíkó	Ísrael	Ísland
Mannfjöldi (milljónir)	256,6	27,4	92,4	4,7	0,3
Verg þjóðarframleiðsla (milljarðar USD)	5.600	521	289	54,6	5,5
Þjóðarframleiðsla á mann	22.470	19.400	3.200	12.500	20.900
Innflutningur (milljarðar USD)	553	124	36,7	18,1	1,3
Þar af frá Bandaríkjunum		69%	69%	16%	9%
Útflutningur (milljarðar USD)	447	134	27	12,1	2,2
Þar af til Bandaríkjanna		75%	68%	30%	16%

Heimild: World Almanac 1994; Hagstofan. Tölur eiga við 1991-1993.

D. AFSTAÐA BANDARÍKJANNA, KANADA OG MEXÍKÓ

Í kafla B hér að framan var rakið hver svör Bandaríkjamanna hafa verið á undanförnum árum þegar hugmyndinni um fríverslunarsamning hefur verið hreyft. Að neðan eru hugleiðingar um hver yrði afstaða Bandaríkjanna gagnvart hugmyndinni um gerð fríverslunarsamnings, miðað við aðstæður og fyrri reynslu. Fyrst skal þó greint stuttlega frá bandarískri löggjöf á þessu sviði.

Samkvæmt bandarískum lögum (Trade and Tariff Act frá 1984) geta fríverslunarsamningar hlotið flýtimeðferð í þinginu. Þegar samningur fær þessa meðferð verður að afgreiða hann innan tiltekins frests og getur þingið ekki komið að breytingum. Ýmis skilyrði eru í þessum lögum, t.d. verður Bandaríkjaforseti að sýna fram á að tilteknir hagsmunir séu í húfi fyrir Bandaríkin. Samkvæmt lögunum er gangur málsins þessi (19 USC § 2112 & 2191):

1. Óskað er formlega eftir samningaviðræðum.
2. Könnunarviðræður fara fram (geta tekið nokkur ár).
3. Forsetinn tilkynnir þingnefndum beggja deilda þingsins að hann ætli í samningaviðræður.
4. Forsetinn hefur samráð við þingnefndirnar um viðræðurnar (þær geta tekið nokkur ár). Þingnefndirnar geta hafnað flýtimeðferð samningsins (svokallað „fast-track process“).
5. Forsetinn verður að tilkynna báðum þingdeildum um að hann ætli að gera samninginn með a.m.k. 90 daga fyrirvara.
6. Eftir að samningurinn hefur verið gerður sendir forsetinn þinginu lagafrumvarp um framkvæmd samningsins, greinargerð um nauðsynlegar ráðstafanir innan stjórnkerfisins, skýringar á því hvaða áhrif frumvarpið hefur á gildandi lög, hvernig samningurinn þjónar bandarískum hagsmunum og hvers vegna samningurinn sé nauðsynlegur og viðeigandi.
7. Um leið og frumvarpið er sent þinginu er það lagt fyrir báðar þingdeildir og vísað til nefnda.
8. Nefndir hafa 45 þingdaga til þess að taka afstöðu til frumvarpsins.

9. Eftir umfjöllun í nefndum verður þingið að greiða atkvæði um frumvarpið innan 15 þingdaga. Umræður eru takmarkaðar við 20 klst., sem skiptist jafnt milli meðmælenda og andmælenda. Engar breytingartillögur eru leyfðar.

Í B-kafla hér að framan var einnig getið um löggjöfina um framkvæmd NAFTA-samningsins („North American Free Trade Agreement Implementation Act", 19 USC 3301, frá 8. desember 1993). Þar segir í 108. gr. að marghliða viðræður hafi ekki leitt til samninga sem fullnægi að öllu leyti viðskiptamarkmiðum Bandaríkjanna. Hér er væntanlega átt við Úrúgvæviðræðurnar, en þess ber þó að geta að þessi lög voru samþykkt áður en niðurstaða fékkst í þeim viðræðum 15. desember 1993. Í þessari sömu lagagrein er lýst markmiðum Bandaríkjanna við gerð frekari viðskiptasamninga. Þau eru að ná fram:

1. Hagstæðari markaðsaðgangi fyrir bandarískar vörur.
2. Jafnréttiskjörum og, þegar við á, jafnri samkeppnisstöðu fyrir bandaríska þjónustu og beina erlenda fjárfestingu bandarískra aðila.
3. Afnámi viðskiptahindrana fyrir vörur og þjónustu með stöðlum, prófunum, merkingum og vottunarskyldum.
4. Stefnu og framkvæmd við opinber innkaup sem mismunar ekki bandarískum vörum og þjónustu.
5. Afnámi annarra viðskiptahindrana fyrir bandarískar vörur og þjónustu og afnámi hindrana í beinum fjárfestingum bandarískra aðila.
6. Afnámi laga, stefnu og framkvæmd sem koma í veg fyrir eðlilegan markaðsaðgang, þ. á m. þegar erlend ríki leyfa einkafyrirtækjum að koma í veg fyrir samkeppni þannig að hindruð séu kaup þeirra á bandarískum vörum og þjónustu, á öðrum en viðskiptaforsendum.
7. Fullnægjandi og skilvirkri vernd hugverkaréttinda bandarískra aðila og sanngjörnum markaðsaðgangi fyrir Bandaríkjamenn sem byggja á hugverkavernd.
8. Afnámi erlendra útflutningsstyrkja og innanlandsstyrkja sem skekkja alþjóðviðskipti með bandarískar vörur og þjónustu eða skaða bandarískan iðnað.
9. Afnámi allra útflutningsskatta.
11. Afnámi laga, stefnu og framkvæmd sem hyglar útflutningi.
12. Eftirliti og lausn deilumála sem hvetur til þess að ofangreind atriði verði virt.

Framangreind markmið Bandaríkjanna í alþjóðaviðskiptum, ef þau nást fram í viðskiptasamningum á gagnkvæmisgrundvelli, virðast vel fara saman við íslenska hagsmuni.

Verður þá vikið að líklegum sjónarmiðum Bandaríkjanna við gerð fríverslunarsamnings við Ísland.

a. Umfang viðskiptanna

Viðskipti landanna eru lítil á bandarískum mælikvarða (sjá töflu 3, bls. 17 og töflur 5-6, bls. 38-39). Umfang þeirra eitt og sér myndi mæla gegn fríverslunarsamningi enda er gerð slíks samnings töluvert þung í vöfum eins og að framan hefur verið lýst. Að auki er embætti viðskiptafulltrúa Bandaríkjanna fremur fáliðað og mun ekki geta átt í viðræðum við mörg ríki í einu, að sögn fulltrúa Bandaríkjanna.

Á móti kemur að þar sem íslenskur útflutningur til Bandaríkjanna yrði aldrei mikill á þarlendum mælikvarða yrði hann ekki líklegur til að erta hagsmunaaðila í Bandaríkjunum.

b. Aðflutningsgjöld á Íslandi

Við gerð EES-samningsins voru fjáröflunartollar felldir niður á vörum frá aðildarríkjum samningsins en vörugjöld lögð á í staðinn. Tollar voru jafnframt lækkaðir á vörum frá Bandaríkjunum og eru þeir nú á bilinu 7,5 - 15%. Þessar nýju reglur eru bandarískum vörum í óhag og er samkeppnisstaða þeirra lakari en vara frá EES-löndum sem þessum tollum nemur. Aftur á móti eru tollar á íslenskum vörur í Bandaríkjunum mjög lágir. Viss hagur er því af gerð fríverslunarsamnings fyrir Bandaríkin að þessu leyti.

c. Aðgangur að innri markaði ESB

Hugsanlega er það kostur fyrir bandarísk fyrirtæki ef Ísland verður eina EES-landið utan ESB. Vera má að til sé sú framleiðsla sem ber tiltölulega háa tolla í Evrópusambandinu, bæði á fullunninni vöru og aðföngum. Þá gæti verið hagstætt að fjárfesta á Íslandi, flytja aðföng inn tollfrjálst, vinna þau frekar hér þannig að upprunareglum sé fullnægt og flytja síðan út til Evrópusambandsins. Bandarísk fyrirtæki eiga þó einnig þann kost að fjárfesta í einhverju ESB-landinu, sem öll reyna að laða til sín fjárfestingar erlendis frá.

d. Ákjósanlegt fordæmi

Samningur við Ísland gæti verið nokkurs konar prófsteinn á útfærslu fríverslunarsamninga Bandaríkjanna og þannig haft aukið vægi. Slíkur fríverslunarsamningur gæti hugsanlega haft fordæmisgildi gagnvart öðrum Evrópuríkjum eða smærri ríkum annars staðar.

e. Hvalamálið

Sú stefna íslenskra stjórnvalda að hefja hvalveiðar á ný kynni að hafa áhrif á samningaviðræður við Bandaríkin.

f. Stjórnmálaleg sjónarmið

Vegna smæðar íslenska markaðarins eru stjórnmálaleg sjónarmið líkleg til þess að ráða afstöðu Bandaríkjamanna til fríverslunarsamnings við Ísland. Stjórnmálaleg sjónarmið hafa ekki síður verið mikilvæg en viðskiptaleg, jafnvel ráðandi, við gerð fyrri fríverslunarsamninga Bandaríkjanna, við Ísrael, Kanada og Mexíkó. Varnarsamstarf við Bandaríkin hefur verið farsælt í hálfa öld. Nú þegar mikilvægi varnarsamstarfsins fer minnkandi er hugsanlegt að eðlilegt þyki að nánara viðskiptasamstarf komi að einhverju leyti í staðinn.

Í A-kaflanum hér að framan sagði frá því að Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og formaður nefndarinnar fóru til Washington og Ottawa 1.-5. nóvember 1993. Þeir áttu fundi með eftirfarandi embættismönnum:

1. Joanna Shelton (Deputy Assistant Secretary for Trade and Commercial Affairs) í bandaríska utanríkisráðuneytinu.
2. Franklin Vargo (Deputy assistant Secretary for Europe) í bandaríska viðskiptaráðuneytinu.
3. Peter F. Allgeier (Assistant U.S. Trade representative for Europe and the Mediterranean) á skrifstofu viðskiptafulltrúa Bandaríkjanna.

Í kanadíska utanríkisráðuneytinu:

4. R.A. Kilpatrick (Deputy Minister for International Trade and Associate Under-Secretary of State for External Affairs).
5. Robert G. Clark (Deputy Chief Negotiator, North American Free trade Negotiations).
6. Jim Curtis, yfirmann GATT-samningaviðræðna.

Á þessum tíma, í nóvember 1993, var NAFTA-samningurinn fyrir Bandaríkjaþingi, Úrúgvæviðræðurnar voru í fullum gangi og óvíst var með stuðning hins nýja forsætisráðherra Kanada við NAFTA-samninginn óbreyttan. Á þessum tíma höfðu hvorki bandarísk eða kanadísk stjórnvöld mótað afstöðu til frekari fríverslunarsamninga. Fulltrúi bandaríska utanríkisráðuneytisins taldi þó eðlilegt fyrir sitt leyti að þau Evrópuríki utan ESB sem vildu gerðust aðilar að NAFTA í framtíðinni, sæktu um.

Fulltrúar Bandaríkjanna töldu að ekki yrði tímabært að hefja viðræður um fríverslunarsamning fyrr en þingmeðferð bæði NAFTA- og Úrúgvæsamninganna yrði lokið. Jafnframt bentu þeir á að auðveldara væri að taka á tvíhliða viðskiptamálum landanna með samningum sem þyrftu ekki þingmeðferð, eins þung í vöfum og hún væri í þeirra stjórnkerfi.

Fulltrúar Kanada töldu ólíklegt að viðræður hefjist um stækkun NAFTA fyrr en að

einhverjum tíma liðnum eftir gildistöku.

Ekki er vitað um afstöðu Mexíkó gagnvart útvíkkun NAFTA-samningsins til austurs. Chíle hefur lýst áhuga á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin eða NAFTA-aðild og hefur Bandaríkjastjórn tekið jákvætt undir slíkar viðræður þótt ákvörðunar sé ekki að vænta fyrr en síðar á þessu ári eða eftir næstu áramót.

E. SAMSKIPTI VIÐ EVRÓPUSAMBANDIÐ

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið felur ekki í sér tollabandalag. Hann hindrar ekki að Ísland geri fríverslunarsamninga við ríki utan EES-svæðisins. Í formálsorðum EES-samningsins segir m.a.:

> ...samningur þessi takmarkar hvorki sjálfræði samningsaðila til ákvarðanatöku né rétt þeirra til að gera samninga, samanber þó ákvæði samnings þessa og takmarkanir sem leiðir af reglum þjóðaréttar.

Í EES-samningnum eru ítarleg ákvæði um tæknilega staðla. Staðlar eru almennt ekki samræmdir milli Bandaríkjanna og Evrópu. Hins vegar veitir NAFTA-samningurinn aðildarríkjum rúmt svigrúm til þess að ákveða eigin staðla. T.d. segir í 1. mgr. 904. gr.:

> Sérhvert aðildarríki getur skv. þessum samningi samþykkt, haldið eða beitt hvers konar stöðlum, þ. á m. stöðlum sem varða öryggi, vernd á lífi eða heilsu manna, dýra og plantna, umhverfið eða neytendur, og gripið til hvers konar annarra aðgerða til þess að framfylgja þeim og framkvæma. Slíkar aðgerðir mega m.a. ná til þess að banna innflutning á vöru frá öðru aðildarríki eða þjónustu frá þjónustuveitanda í öðru aðildarríki sem uppfyllir ekki viðkomandi skilyrði eða prófunarkröfur aðildarríkisins.

Samkvæmt þessu ætti aðild að NAFTA-samningnum geta farið saman við EES-aðild Íslands. Ísland mætti beita stöðlum EES-samningsins gagnvart innflutningi frá Bandaríkjunum svo framarlega sem öðrum ríkjum eru ekki veitt betri kjör. Í NAFTA-samningnum er ákvæði um að ekki megi mismuna með stöðlum gagnvart eigin framleiðslu eða innflutningi frá þriðja ríki.

Evrópusambandið hefur gert skýrslu um NAFTA-samninginn (COM(93)188, dags. 12. maí 1993). Evrópuþingið hefur einnig fjallað um samninginn (þingskýrsla A3-0378/92). Meginniðurstöður skýrslunnar frá 12. maí eru eftirfarandi.

NAFTA-samningurinn er sagður frábrugðinn þeim viðskiptasamningum sem þekkjast

í Evrópu. Áhrif hans á aðildarríkin, Evrópusambandið og á önnur ríki eru sögð stjórnmálaleg, viðskiptaleg og varða fjárfestingar. Til skemmri tíma eru áhrifin talin lítil fyrir Evrópusambandið. Hins vegar til lengri tíma litið er ekki talið útilokað að NAFTA-samningurinn gæti haft áhrif á útflutning til Bandaríkjanna og Kanada. Gagnvart Mexíkó myndi samningurinn væntanlega ekki hafa áhrif fyrr en frekari þróun hefur átt sér stað í mexíkönskum framleiðslu- og viðskiptaháttum.

Hins vegar er talið líklegt að NAFTA-samningurinn muni hafa áhrif á stjórnmálaleg samskipti ESB við Mexíkó. Iðnþróunarstig Mexíkó er talið munu færast nær stigi hinna aðildarríkjanna að NAFTA og samskipti Mexíkó við hin Norður-Ameríkuríkin verða mikilvægari. Samskipti ESB við Mexíkó gætu einnig orðið mikilvægari sem mótvægi við þau.

Með því að ná tollfrjálsum aðgangi að einum mikilvægasta markaði heims er Mexíkó orðinn einn ákjósanlegasti staðurinn til þessa að fjárfesta. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar þar af hálfu Evrópusambandsins muni halda áfram að aukast.

Í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um NAFTA er gagnrýnt að fyrirtæki í erlendri eigu standa betur ef eigendurnir eru ríkisborgara NAFTA-ríkja. Niðurstaða skýrslunnar er að mestu hver áhrif NAFTA-samningsins fyrir ESB eru talin verða á samskipti þess við Mexíkó og eru þau áhrif almennt séð jákvæð.

Ekki er víst að margar hliðstæðar séu í samskiptum ESB við NAFTA annars vegar og við Ísland sem aðildarríki bæði að EES og NAFTA hins vegar. Þó má benda á það sem kom fram í ofangreindri skýrslu um að ákjósanlegra verði nú að fjárfesta í Mexíkó vegna tollfrjáls aðgangs þar að Bandaríkjamarkaði.

Rétt er að minna á þingsályktun Alþingis um tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið frá 5. maí 1993. Hún hljóðar svo:

> Alþingi ályktar að í framhaldi af gerð samnings um Evrópska efnahagssvæðið skuli teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samskipti þess og Íslands, einkum með hliðsjón af því að Austurríki, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa sótt um aðild að bandalaginu. Því felur Alþingi ríkisstjórninni að undirbúa slíkar viðræður um hugsanlegan tvíhliða samning og tilkynna framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um þennan vilja Alþingis.

Á meðan aðild Íslands að Evrópusambandinu er ekki í sjónmáli er ekkert því til fyrirstöðu að Ísland geri fríverslunarsamning við Bandaríkin, ef vilji er fyrir hendi af beggja hálfu. Slíkur samningur myndi hins vegar ekki samrýmast aðild að Evrópusambandinu, enda um tollabandalag að ræða. Ef til slíkrar aðildar kæmi einhvern tímann í framtíðinni yrði því að semja upp á nýtt um suma þætti fríverslunarsamningsins eða segja honum upp, líkt og Austurríki, Finnland, Noregur og Svíþjóð munu segja upp EFTA-aðild sinni við inngönguna í ESB.

1992	EES	NAFTA
Fólksfjöldi	372,3 millj.	372,0 millj.
Verg landsframleiðsla	7.501 milljarðar USD	6.581 milljarðar USD
Flatarmál	3,6 millj. km^2	21,3 millj. km^2
Innflutningur*	1.679,5 milljarðar USD	723,8 milljarðar USD
Útflutningur*	1.615,9 milljarðar USD	586,2 milljarðar USD
Viðskiptajöfnuður	-63,6 milljarðar USD	-137,6 milljarðar USD
Útflutningur á mann	3.878 USD	1.683 USD

* Utanríkisverslun milli aðildarríkja meðtalin. Heimild: EFTA Bulletin.

F. ÁHRIF ÚRÚGVÆSAMNINGSINS

Áður hefur komið fram að Bandaríkin vildu ljúka við gerð Úrúgvæsamningsins og lagasetningu í því sambandi áður en þau hefja samningaviðræður um gerð frekari fríverslunarsamninga eða stækkun NAFTA. Það er skiljanleg afstaða út frá mörgum sjónarhornum. Ein mikilvægasta ástæðan er sú að Úrúgvæsamningurinn fjallar um mörg þau sömu mál sem fríverslunarsamningar fjalla um: Lækkun tolla, frjáls þjónustuviðskipti, afnám tæknilegra viðskiptahindrana, frjálsari markaðsaðgang, hugverkaréttindi og stofnanir til lausnar deilumála.

Samkomulag tókst í Úrúgvæviðræðunum 15. desember 1993. Tollar lækka á iðnaðarvörum sumpart samkvæmt almennum reglum og sumpart samkvæmt tvíhliða viðræðum aðildarríkja. Sjávarafurðir falla undir síðari hópinn. Tollalækkun, sem eitt aðildarríki veitir öðru, gildir jafnframt gagnvart öllum, samkvæmt bestu kjara reglu GATT-samningsins. Tilboðum um tollalækkanir var skilað inn í desember s.l., en sum ríki, þ.m.t. Bandaríkin, Japan og Kanada, héldu áfram samningaviðræðum sín á milli.

Skrifstofa GATT hefur slegið á ávinninginn fyrir Ísland af þessum tvíhliða viðræðum. Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:

Bandaríkin (viðmiðunarár: 1989)

Sjávarafurðir: ..... Óvegin tollalækkun: 42,7%; vegin: 99,1%.

Iðnaðarvörur: ..... Óvegin tollalækkun: 32,6%; vegin: 16,2%.

Sjávarafurðir og iðnaðarvörur alls: ..... Óvegin tollalækkun: 33,2%; vegin: 68,5%.

Kanada (viðmiðunarár: 1988)

Sjávarafurðir: ..... Óvegin tollalækkun: 33,7%; vegin: 33,7%.

Iðnaðarvörur: ..... Óvegin tollalækkun: 44,8%; vegin: 44,2%.

Sjávarafurðir og iðnaðarvörur alls: ..... Óvegin tollalækkun: 44,5%; vegin: 40,1%.

Ekki hefur verið reiknað út hversu miklir tollar voru greiddir af íslenskum sjávarafurðum á viðmiðunarárunum. Tölur eru hins vegar til fyrir Bandaríkin árið 1991 sem geta gefið einhverja vísbendingu (sjá töflu 11, bls 77). Í Bandaríkjunum voru greiddir 1,026

millj. dala í tolla af sjávarafurðum. Miðað við sams konar útflutning og 1989 myndu tollgreiðslur lækka um 1 millj. í 10 þús. dali eftir að Úrúgvæsamningurinn hefur komið til framkvæmda.

Minnt skal á í þessu sambandi að tollar á þeim sjávarafurðum, sem hér um ræðir, eru almennt lágir í Bandaríkjunum og Kanada. Útflutningur iðnaðarvara til Bandaríkjanna og Kanada bera yfirleitt hærri tolla en sjávarafurðir (sjá töflur 11 og 12, bls. 77 og 87).

Miðað við framangreindar tölur og með þeim fyrirvara að endanlegir útreikningar liggur ekki fyrir á ávinningi Íslands af Úrúgvæsamningnum þá virðist allt benda til þess að tollar á íslenskum útflutningi til Bandaríkjanna myndu ekki lækka verulega með gerð fríverslunarsamnings enda er stærsti hlutinn sjávarafurðir. Tollalega séð myndi ávinningurinn fyrst og fremst felast í þeim auknu útflutningstækifærum sem gætu skapast fyrir unnar afurðir sem bera almennt hærri tolla en hráefni sjávarafurða.

Einnig á öðrum sviðum mun Úrúgvæsamningurinn greiða fyrir milliríkjaviðskiptum milli Íslands og Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó. Hann nær m.a. til þjónustuviðskipta, tæknilegra staðla o.fl. sem fyrr segir. Ekki hefur gefist tækifæri til þess í þessari úttekt að skoða nákvæmlega áhrif þessara þátta Úrúgvæsamningsins á samskipti Íslands við Norður-Ameríkuríkin. Það breytir því ekki að fríverslunarsamningur við þessi ríki myndi væntanlega skapa svigrúm til þess að tryggja enn betur markaðsaðgang fyrir íslenskar vörur og þjónustu og auk þess veita betri kjölfestu fyrir viðskipti ríkjanna.

Tafla 4.

Vöruviðskipti við Bandaríkin sem hlutfall af heildarvöruviðskiptum Íslendinga

	1940	1945	1950	1955	1960	1965	1970	1975	1980	1985	1990
Vöruútflutningur	13,6%	9,5%	13,2%	11,7%	14,1%	16,5%	30,0%	29,3%	21,6%	27,1%	9,9%
Vöruinnflutningur	26,6%	57,0%	19,1%	22,4%	13,7%	13,0%	8,2%	9,3%	9,4%	6,8%	14,4%

	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Vöruútflutningur	18,2%	13,6%	14,3%	9,9%	12,6%	11,4%
Vöruinnflutningur	7,1%	7,5%	11,0%	14,4%	10,3%	8,3%





G. VIÐSKIPTI ÍSLANDS VIÐ BANDARÍKIN, KANADA OG MEXÍKÓ

1. Sögulegt yfirlit

Þótt Íslendingar hafi fyrst átt í viðskiptum í Ameríku um árið 1000 er það fyrst í fyrri heimsstyrjöldinni að viðskipti Íslands og Bandaríkjanna hefjast svo að um muni vegna erfiðleika á innflutningi frá Evrópu. Á árunum 1916-1920 var útflutningurinn til Bandaríkjanna þannig 5,5% af heildarútflutningnum en innflutningurinn 22,5% af heildarinnflutningnum. Árið 1918 var útflutningurinn til Bandaríkjanna kominn upp í um 15% af heildarútflutningi Íslands en innflutningurinn þaðan var um þriðjungur af heildarinnflutningnum. Viðskiptin milli landanna minnkuðu mjög mikið á árunum milli fyrri og síðari heimsstyrjaldarinnar en byrjuðu að aukast aftur skömmu fyrir síðari heimsstyrjöldina. Á árunum 1936-1940 var útflutningurinn til Bandaríkjanna þannig kominn upp í 10,5% af heildarútflutningnum og innflutningurinn þaðan upp í 6,8% af heildarinnflutningnum.

Á heimsstyrjaldarárunum 1941-1945 jókst útflutningurinn til Bandaríkjanna aðeins lítið eitt, var 11,4% af heildarútflutningnum, enda var útflutningi sjávarafurða þá beint til Bretlands (82,8%). Innflutningurinn frá Bandaríkjunum margfaldaðist hins vegar og urðu Bandaríkin helsta innkaupaland Íslendinga (49,6% af heildarinnflutningnum). Á sama tímabili komu 9,3% af heildarinnflutningnum frá Kanada en frá Bretlandi 36,6%. Ef aðeins er litið á árin 1943 og 1944 komu jafnvel 2/3 af heildarinnflutningnum til Íslands frá Bandaríkjunum. Samningur Íslendinga og Bandaríkjamanna frá 21. nóvember 1941 varðandi láns- og leiguaðstoð í þágu varna Íslands greiddi mjög fyrir utanríkisviðskiptum Íslands á stríðsárunum. Þá gerðu löndin með sér tvíhliða viðskiptasamning árið 1943 þar sem gert var ráð fyrir bestu kjörum í viðskiptum.

Eftir styrjöldina lækkaði hlutfall útflutningsins til Bandaríkjanna nokkuð en fór síðan upp í 17,4% á árunum 1951-1955. Það lækkaði svo á nýjan leik. Frá og með tímabilinu 1966-1970 jókst útflutningurinn þó fyrir alvöru. Hann var 36,7% af heildarútflutningnum 1971 og var 20-30% á hverju fimm ára tímabili til og með 1986. Síðan hefur útflutningurinn minnkað jafnt og þétt, var aðeins 9,9% af heildarútflutningnum 1990 en fór síðan upp í 12,6% 1991 og 16,0% 1993.

Eftir heimsstyrjöldina síðari lækkaði einnig hlutfall innflutnings frá Bandaríkjunum, var þannig rösk 20% á árunum 1946-1950 og 1951-1955 og lækkaði síðan jafnt og þétt. Hefur hlutfallið verið innan við 10% af heildarinnflutningnum á hverju fimm ára tímabili frá og með 1971-1975. Innflutningshlutfallið hefur þó aukist nokkuð á allra síðustu árum, var þannig 10,9% 1989, 14,4% 1990 og 12,6% 1991 en féll síðan í 8,3% 1992.

Nefna má að Marshallaðstoðin hafði áhrif varðandi kaup Íslendinga á bandarískum vörum á árunum 1948 - 1952. Eftir að Ísland varð fullgildur aðili að GATT 1968 og tvíhliða viðskiptasamningurinn féll úr gildi hafa viðskipti landanna verið byggð á GATT-samningnum sem yfir 100 ríki eiga nú aðild að. Tókst að ná fram tollalækkunum á íslenskum útflutningsvörum í Kennedyviðræðunum, sem lauk 1967, og Tókýóviðræðunum, sem lauk 1979. Áttundu viðræðurnar, Úrúgvæviðræðurnar, hafa staðið frá 1986.

Bandaríkin hafa um langt skeið verið einn aðalmarkaður Íslendinga fyrir fryst botnfiskflök. Af öðrum sjávarafurðum, sem fluttar hafa verið þangað, má nefna humar, rækjur og hörpudisk, svo og ýmsar tegundir lagmetis. Einnig má nefna ferskan fisk á síðari árum. Þar hefur verið góður markaður fyrir íslenskar ullarvörur sem hafa verið helsta iðnaðarvaran. Einnig má nefna vélar og tæki í sjávarútvegi og húsgögn. Af landbúnaðarvörum hefur ostaútflutningur verið áberandi.

Innflutningur frá Bandaríkjunum hefur verið mjög fjölbreytilegur. Má nefna vindlinga, vélar og tæki, farartæki og ávexti.

Lengst af hafa Íslendingar flutt miklu meira út til Bandaríkjanna en þeir hafa flutt þaðan (sjá töflu 4, bls. 28).

Í samantekt landsnefndar Alþjóðaverslunarráðsins á Íslandi 1986 kom ýmislegt fróðlegt fram um viðskipti Íslands og Bandaríkjanna 1984. Þar sést að tollur af íslenskum útflutningi til Bandaríkjanna var aðeins 2% af útflutningsverðmætinu. Þegar litið var á sjávarafurðir einar var tollurinn af útflutningsverðmæti þeirra aðeins um 1%. Af verðmæti landbúnaðarafurða var tollurinn um 7%. Flestar landbúnaðarvörur voru tollfrjálsar eða báru lága tolla en tollur á ostum var hins vegar rösk 9%. Tollur af iðnaðarvörum var hæstur eða rösk 11% af verðmæti. Á rúmlega 36% af útflutningsverðmæti íslenskrar vöru var enginn tollur lagður. Samkvæmt þessu var talið ljóst að framleiðendur íslenskrar iðnaðarvöru mundu aðallega njóta góðs af því ef tækist að lækka tollana í Bandaríkjunum. Bent var á að gott verð gæti fengist fyrir íslenskar vörur í Bandaríkjunum. Athyglisvert er að í samantektinni kom fram að tollar á verðmæti innflutnings frá Bandaríkjunum hér á landi voru 18% eða

miklu hærri en tollar í Bandaríkjunum (2% af útflutningsverðmætinu eins og áður segir). Í tölum voru tollarnir af útflutningnum til Bandaríkjanna á árinu 1984 129 millj. ísl. kr. eða 4 millj. dala en tollur af innflutningnum frá Bandaríkjunum 323 millj. kr. eða 10 millj. dala. Ef miðað hefði verið við verndartolla við innflutning til Íslands eingöngu eins og gert hefur verið við innflutning frá EB-og EFTA-ríkjum hefði niðurfelling verndartolla aðeins numið 20 millj. kr. eða 0,6 millj. dala, þ.e. sjö sinnum lægri fjárhæð en niðurfelling tolla af íslenskum vörum í Bandaríkjunum. Ekki er við því að búast að unnt hefði verið að fella niður tolla á bandarískum vörum í ríkara mæli en gagnvart fríverslunarríkjunum í Evrópu.

2. Fríverslunarsamningar Bandaríkjanna við önnur ríki

Sumt af því sem hér segir var rakið í kafla B að framan.

Árið 1983 gerðu Bandaríkin fríverslunarsamninga við nokkur ríki á Karíbahafi og í Mið-Ameríku þar sem þessum þróunarlöndum voru veitt einhliða fríðindi af hálfu Bandaríkjamanna. Eru samningar þessir því eins konar þróunaraðstoð og verður ekki fjallað nánar um þá hér.

Í nóvember 1983 ákváðu stjórnvöld í Bandaríkjunum og Ísrael að hefja viðræður um tvíhliða fríverslunarsamning. Viðræðurnar tóku röskt ár, stóðu frá janúar 1984 - febrúar 1985. Samningurinn var áritaður í mars 1985 en formlega undirritaður 22. apríl 1985 og hefur síðan gengið í gildi. Samningurinn tekur til iðnaðarvara eins og fríverslunarsamningar Íslands við Evrópuríkin. Athyglisvert er hins vegar að tollar eru felldir niður á landbúnaðarafurðum og stefnt er að frjálsræði í þjónustuviðskiptum á grundvelli sérstakrar yfirlýsingar. Yfirlýsingin er ekki lagalega bindandi. Ýmis sérákvæði eru í samningnum sem er lýst í ítarlegu máli í samantekt landsnefndar Alþjóðaverslunarráðsins á Íslandi frá 19. febrúar 1986.

Fríverslunarsamningur Bandaríkjanna og Kanada gekk í gildi 1. janúar 1989. Samningurinn hafði verið undirritaður ári fyrr eða 2. janúar 1988. Könnunarviðræður höfðu hafist tveim árum áður eða í febrúar 1986 en samningaviðræður síðan tekið við. Áður en viðræður hófust höfðu farið fram óformlegar þreifingar milli aðila og stóðu þær langan tíma. Samningurinn tekur ekki aðeins til niðurfellingar tolla á iðnaðarvörum á ákveðnu aðlögunartímabili heldur nær hann einnig til landbúnaðarvara, m.a. niðurfellingar tolla, svo og frelsis í þjónustuviðskiptum. Reglurnar um landbúnaðarvörur eru því í aðalatriðum frábrugðnar ákvæðum fríverslunarsamninga Íslands gagnvart EFTA- og ESB-ríkjunum og ákvæðum EES-samningsins, en þessir samningar ná ekki til landbúnaðarvara (nema fáeinna unninna

landbúnaðarvara).

Hinn 1. janúar 1994 gekk fríverslunarsamningur Norður-Ameríku (NAFTA) í gildi, þ.e. fríverslunarsamningur milli Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó en íbúar þeirra ríkja eru um 370 milljónir manna eða álíka margir og íbúar EES-ríkjanna. Samningnum svipar efnislega mjög til fríverslunarsamnings Bandaríkjanna og Kanada. Ákvæði, sem snerta viðskipti Bandaríkjanna og Kanada, hafa þó verið endurskoðuð um sumt. Fríverslunarsamningur Norður-Ameríku gengur lengra en fríverslunarsamningur Bandaríkjanna og Kanada á sviði þjónustu, flutninga á landi, hugverkaréttar og opinberra innkaupa en geymir sömu reglur og í fríverslunarsamningi Bandaríkjanna og Kanada á sviðum eins og landbúnaði og orkumála. Þar við bætast samningsákvæði um tengsl Bandaríkjanna og Mexíkó annars vegar og tengsl Kanada og Mexíkó hins vegar.

Ekki er sérstakt ákvæði í samningnum sem heimilar öðrum ríkjum að gerast aðilar að NAFTA-samningnum á einfaldan hátt svipað og verið hefur í GATT. Hins vegar er hann almennt orðaður og geta öll ríki heims gerst aðilar að honum, sem gildir ekki um FBK-samninginn. Sérákvæði sem varða einstök ríki eru í viðaukum við NAFTA-samninginn. Semja þyrfti um aðild við núverandi aðildarríki og bera undir þing allra landanna þriggja. Er ferlið því hugsanlega flóknara en ef gera ætti eingöngu fríverslunarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna.

3. Viðskipti Íslands við Bandaríkin

Á töflunum sem fylgja skýrslu þessari kemur fram ítarlegt yfirlit yfir viðskipti Íslands við Bandaríkin. Á töflu 4 (bls. 28) kemur m.a. fram að útflutningur Íslands til Bandaríkjanna 1987-1992 hefur verið um 10-18% af heildarútflutningi en innflutningur á sama tíma var um 7-14%. Útflutningur árið 1993 nam kr. 15 milljörðum (16% heildarútflutnings) en innflutningur kr. 8,5 milljörðum (9% heildarinnflutnings).

Viðskiptajöfnuðurinn hefur verið Íslandi í hag s.l. 30 ár (fyrir utan árið 1991 vegna flugvélakaupa). Miðað við einstök lönd hafa Bandaríkin verið 2. eða 3. mikilvægasti útflutningsmarkaður Íslands, á eftir Bretlandi og Þýskalandi, 1990-1992. Íslendingar fluttu mest frá Bandaríkjunum bæði árin 1990 og 1991 en 1992 urðu Bandaríkin í 5. sæti (m.a. vegna innflutnings á olíuvörum frá Noregi).

Um 90% útflutnings til Bandaríkjanna hafa verið sjávarafurðir en 1990-1992 hafa vélar og tæki verið á bilinu 45-75% innflutnings frá Bandaríkjunum. Tollar á íslenskum útflutningi

til Bandaríkjanna eru að vísu ekki mjög háir en nokkuð breytilegir eftir vörutegundum (sjá töflu 11, bls. 77). Á árinu 1991 voru greiddar samtals $1,5 millj. í tolla (um kr. 106 millj. á gengi í mars 1994) af íslenskum vörum. Sú fjárhæð svarar til 0,7% af verðmæti útflutnings til Bandaríkjanna. Tollar voru 7,5% af útflutningsverðmæti landbúnaðarvara, 0,6% af sjávarafurðum og 1,5% af öðrum vörum. Þessar tölur gefa hins vegar villandi mynd af hugsanlegum ávinningi af gerð fríverslunarsamnings vegna þess að tollar á einstökum vörum geta verið mjög háir og hindrað viðskipti með þær. Algengir tollar á unnum sjávarafurðum eru á bilinu 10-15%. Tollar á fiskstautum í raspi, eins og Coldwater selur í Bandaríkjunum, eru 15% en á sumum tegundum lax í loftþéttum umbúðum 12,5%. Tollar á netum, eins og Hampiðjan myndi velja selja til Bandaríkjanna eru 17%. Svo háir tollar hindra slíkan útflutning.

Þrátt fyrir minni útflutning Bandaríkjamanna eru tolltekjur mun hærri á Íslandi en í Bandaríkjunum. Á árinu 1991 borguðu íslenskir innflytjendur rúmlega kr. 865 millj. í tolla (USD 14,6 millj. á meðalgengi 1991), þ.e. tífalt hærri upphæð (sjá töflu 15, bls. 109). Þegar breytingarnar á tollalögunum tóku gildi í kjölfar EES-samningsins minnkuðu tollarnir hins vegar í rúmlega kr. 200 millj. miðað við innflutningstölur 1991 vegna upptöku vörugjalda í staðinn (miðað við 7,5% toll).

Viðskipti Íslands og Bandaríkjanna 1991 eru sem hér segir (sjá töflur 5 og 6, bls. 38-9):

Fluttar voru út vörur til Bandaríkjanna fyrir 11,5 milljarða króna og var útflutningurinn þangað 12,6% af heildarútflutningnum samkvæmt verslunarskýrslum. Miðað við meðalgengi var verðmæti útflutningsins um 195 milljónir Bandaríkjadala fob. Samkvæmt bandarískum skýrslum var verðmætið 209 milljónir dala cif.

Samkvæmt bandarísku heimildunum var meðaltollur af útflutningsverðmætinu 0,7% og hefur því lækkað úr 2% 1984 (sjá töflu 11, bls. 77). Sjávarafurðir voru 88,1% af heildarútflutningnum og var meðaltollur af þeim 0,6%. Landbúnaðarvörur í þrengri merkingu samkvæmt bandarísku heimildunum (sjávarafurðir ekki taldar með og heldur ekki unnar landbúnaðarvörur samkvæmt 17., 19. og 22. kafla tollskrárinnar, þ.e. sælgæti, kex, drykkjarvörur og vín) voru aðeins 0,4% af heildarútflutningnum. Meðaltollurinn af landbúnaðarvörunum var 7,5%. Af einstökum vörum var aðeins tilgreindur tollur á ostum, 10%.

Iðnaðarvörur í víðari merkingu (áðurgreindar unnar landbúnaðarvörur samkvæmt 17., 19. og 22. kaflar tollskrárinnar taldir með) voru 11,5% af heildarútflutningnum. Tollarnir á iðnaðarvörum hafa verið háir á prjónavörum úr ull, 20%, ullarteppum, 15%, og lopa og bandi,

9%, auk þess sem einhver magntollur hefur bæst við aðrar vörur en lopa og band. Samkvæmt bandarískum skýrslum var hins vegar meðaltollur af útfluttum iðnaðarvörum frá Íslandi 1991 einungis 1,5%.

Af einstökum sjávarafurðum, sem Íslendingar fluttu út til Bandaríkjanna, má nefna að af ferskum eða kældum fiski er meðaltollur 0,0%. Hér undir féllu aðallega lax og ýsa, sem Íslendingar fluttu út til Bandaríkjanna. Á karfa var tollurinn 1,1 sent á kg. Á frystum fiski var meðaltalstollur einnig 0,0%. Aðallega var hér um að ræða lúðu en einnig hrogn og lifur. Meðaltalstollur á útfluttum fiskflökum, nýjum eða kældum, var 0,6%. Aðallega var hér um að ræða ýsuflök með 4,134 sent/kg sem samsvarar 0,6% verðtolli. Af aðalútflutningsvörunni eða nær þriðjungi af útflutningnum, frystum flökum, var meðaltollurinn 0,6%. Aðalvaran í þeim flokki voru óroðflett fryst þorskflök með 4,134 sent/kg sem samsvarar 0,7% verðtolli. Sami magntollur var á frystum ýsu- og ufsaflökum. Verðtollur á ýsuflökunum reyndist sá sami og á þorskflökunum, 0,7%, en á ufsaflökunum reyndist verðtollurinn 1,2%. Reyktur lax var í 5% tolli en saltaður lax í 3% tolli. Enginn tollur var á blautverkuðum saltfiski eða saltfiskflökum. Þá var enginn tollur á humri, rækjum og hörpudiski og heldur ekki á lýsi. Á grásleppuhrognum var 2,5% tollur.

Sé litið á einstakar iðnaðarvörur, sem Íslendingar fluttu út til Bandaríkjanna, sést að sælgæti er í 7% tolli, vatn tollfrjálst, vodka með 67,6 senta magntoll á lítrann, málning í 3,1% tolli, plastkassar í 3,0% tolli, lopi og garn í 9% tolli, fiskinet í 17,0% tolli, ullarteppi með 4,4 sent/kg og 15%, prjónavörur í 61. flokki tollskrárinnar með 18,7% meðaltoll og vogir með 4,4% tolli.

Hér hafa verið nefndir tollar á ýmsum útflutningsvörum Íslands til Bandaríkjanna á árinu 1991 og einkum vikið að tollum þar sem eitthvað kveður að útflutningi. Ber þeim tölum um flest saman við eldri upplýsingar um tolla sem viðskiptaráðuneytið lét gera á sínum tíma. Nú er meðaltal tolla á útfluttum iðnaðarvörum hins vegar miklu lægra eða 1,5% af verðmæti en var talið rösk 11% 1984. Skýringin getur falist í breytingu á útflutningi. Til dæmis er miklu minna flutt út til Bandaríkjanna nú af ullarvörum en áður var en þær vörur bera háa tolla. Þegar tollatölur voru nefndar hér að framan voru einnig nefndar nokkrar tölur þar sem tollarnir voru mjög háir en útflutningur lítill. Þar sem tollar eru mjög háir getur slíkt að sjálfsögðu spillt fyrir útflutningi og jafnvel komið í veg fyrir hann. Rétt er og að undirstrika að meðaltöl tolla segja ekki alla söguna.

Minnt skal á að auk vöruviðskipta eru þjónustuviðskipti milli landanna. Í því sambandi

má m.a. minna á starfsemi Flugleiða, tekjur af ferðamönnum, vexti af lánum og leigu á tækjum. Í svari utanríkisráðherra við fyrirspurn á Alþingi haustið 1992 kom fram að í gildi er loftferðasamningur milli Íslands og Bandaríkjanna sem veitir Íslendingum möguleika á allri venjulegri flugþjónustu. Þá segir þar að öll flutningastarfsemi á sjó sé líka frjáls í venjulegum viðskiptatilgangi en sérstakar reglur gildi um flutninga fyrir bandarísk hermálayfirvöld. Varðandi aðra þjónustu sé ekki um formlegan samning að ræða en hins vegar sé tiltölulega frjálst fyrir Íslendinga að stunda þjónustustarfsemi í Bandaríkjunum að uppfylltum almennum skilyrðum. Þess skal getið að þjónustuviðskipti eru hluti af nýja Úrúgvæsamningi GATT. Nánar verður vikið að þessum atriðum síðar.

4. Viðskipti Íslands við Kanada

Útflutningur íslenskra vara til Kanada er aðeins lítill hluti af heildarútflutningi Íslands (0,3% samkvæmt hagskýrslum á hverju ári 1988-1992). Innflutningurinn frá Kanada var sömuleiðis lítill, rösk 0,6% af heildarinnflutningnum til Íslands 1988-1992. Sjá töflur 7 og 8, bls. 40-41.

Sé miðað við útflutning á sömu vörum til Kanada árið 1991 og fluttar voru á því ári út til Bandaríkjanna frá Íslandi sést að meðaltollur á útfluttum sjávarafurðum hefði orðið 0,1% (0,6% í Bandaríkjunum), á landbúnaðarvörum 2,4% (7,5% í Bandaríkjunum), á iðnaðarvörum 3,6% (1,5% í Bandaríkjunum) en af útflutningsvörum almennt 0,5% (0,7% í Bandaríkjunum). Tollar eru því ekki mjög háir almennt í Kanada á þeim vörum sem Ísland kynni að flytja út (sjá töflu 12, bls. 87).

Sé litið á útflutning Íslands til Kanada á árunum 1990-1992 sést að hlutur sjávarafurða hefur farið vaxandi, fer úr röskum 30% 1990 í rösk 40% 1991 og rúmlega 50% 1992. Vægi einstakra sjávarafurða er óstöðugt. Þannig var frystur humar helsta útflutningsvaran 1990, tæp 30% af heildarútflutningnum til Kanada, en minnkar í tæp 17% 1991 og fer niður í rúmlega 1% 1992. Saltfiskur var hins vegar eina sjávarafurðin sem skipti máli 1992 (tæp 48% af heildarútflutningi vara til Kanada) en svo til ekkert var flutt þangað hin árin. Fryst fiskflök og heilfrystur fiskur hafa verið flutt út á þessu tímabili í svolitlum mæli.

Enginn tollur er á saltfiski, 8% tollur á frystum humri og enginn tollur á frystum flökum eða heilfrystum fiski. Á frystri lifur og hrognum er 5% tollur, enginn tollur á frystum rækjum, um 7,5% tollur á þorskalýsi o.þ.u.l., 6% tollur á niðursoðinni reyktri síld og 5% tollur á kavíar.

Nefna má að tollar á ostum virðast vera lágir í Kanada, jafnvel um 3%.

Á árunum 1990-1992 var útflutningur iðnaðarvara um eða yfir 50% af heildarútflutningnum til Kanada. Ál hefur verið einhver mikilvægasta útflutningsvaran en þó talsverður munur milli ára. Sævogir hafa einnig verið mikilvæg útflutningsvara, svo og fiskvinnsluvélar. Einnig hefur verið nokkur skinnaútflutningur. Prjónavörur úr ull hafa aðeins verið um 4-5% af heildarútflutningi Íslands til Kanada. Af tollum á einstökum vörum í Kanada má nefna, með fyrirvara um nákvæma flokkun, að á sælgæti er 16,7% tollur, á gosdrykkjum 17,5%, á vodka 2,9%, málningu 9,2%, fiskikörum úr plasti 13,6%, vissum tegundum gúmmífatnaðar 22,5%, vissum tegundum ullarbands 11,0%, netum 25%, prjónuðum peysum og yfirhöfnum úr ull, svo og fatnaði úr ull sem er ekki prjónaður, 25% eða þar um bil, ullarteppum 22,5% og sævogum 10,2% en ál er tollfrjálst.

Á árunum 1990-1992 voru mikilvægustu innflutningsvörur frá Kanada trjávörur, um 25% af innflutningnum fyrstu tvö árin en um 10% síðasta árið. Fisk- og kornvörur voru einnig mikilvægar innflutningsvörur og ýmiss konar vélar og tæki. Að öðru leyti vísast til taflna 7 og 8, bls. 39-40, hér á eftir um viðskipti landanna.

5. Viðskipti Íslands við Mexíkó

Útflutningur Íslands til Mexíkó verið mjög lítill hluti af heildarútflutningnum (0,0% í hagskýrslum á hverju ári 1988-1990, 0,1% 1991 og 0,0% 1992). Innflutningurinn frá Mexíkó hefur verið mjög lítill hluti af heildarinnflutningi Íslands (0,0% á hverju ári 1988-1991 en 0,1% 1992). Sjá töflu 9, bls. 42.

Ef miðað er við útflutning á sömu vörum til Mexíkó árið 1991 og fluttar voru á því ári út til Bandaríkjanna frá Íslandi kemur í ljós að meðaltollur á útfluttum sjávarafurðum hefði orðið 20% í Mexíkó (0,6% í Bandaríkjunum, 0,1% í Kanada). Meðaltollur á landbúnaðarvörum hefði orðið 17,5% (7,5% í Bandaríkjunum, 2,4% í Kanada). Á iðnaðarvörum hefði tollurinn orðið 8,6% (1,5% í Bandaríkjunum, 3,6% í Kanada). Tollar almennt á sömu vörum og fluttar voru út til Bandaríkjanna á þessu ári hefðu orðið 18,7% í Mexíkó (0,7% í Bandaríkjunum, 0,5% í Kanada). Af þessum tölum má sjá að tollar í Mexíkó virðast vera miklu hærri en í Bandaríkjunum og Kanada (sjá töflu 13, bls. 97).

Af einstökum útflutningsvörum má nefna að á árinu 1990 voru flutt út til Mexíkó 15 tonn af þorskalýsi en 20 tonn árið 1991. Tollur af lýsinu er 10%. Á árinu 1991 voru flutt tæp 800 tonn af lambakjöti en rösk 500 tonn 1992. Tollurinn af lambakjötinu er sömuleiðis 10%.

Af tollum á einstökum vörum má auk þess nefna að 20% tollur er á osti, heilfrystum fiski og frystum flökum, m.a. þorskflökum, saltfiski og saltfiskflökum, og frystum humri og rækjum, 10% tollur á fiskolíum, 20% tollur á lagmeti, m.a. kavíar, 20% tollur á fiskkörum úr plasti, 15% á garni, 20% á netum, 20% á prjónavörum og sami tollur á fatnaði, sem er ekki prjónaður, 20% á ullarteppum og 20% á sævogum.

Á árunum 1990-1992 var brennt kaffi langmikilvægasta innflutningsvaran frá Mexíkó. Að öðru leyti vísast til töflu 9, bls. 42 hér á eftir um viðskipti landanna.

6. Viðskipti Íslands við önnur Ameríkuríki

Útflutningurinn til Brasilíu hefur verið um 0,2% af heildarútflutningnum undanfarið. Til Panama fóru 0,1% af heildarútflutningnum 1988 og til Chíle 0,1% 1989. Útflutningur til annarra ríkja í Ameríku náði ekki 0,1% af heildarútflutningi Íslendinga á þessum árum. Segja má því að útflutningur Íslands til Ameríkuríkja sé því sem næst eingöngu bundinn við Bandaríkin, Kanada og Brasilíu. Þó búa t.d. 90 milljónir manna í Mexíkó og þjóðartekjur á mann eru um 3200 dalir.

Svipaða sögu er að segja um innflutninginn frá Ameríkuríkjum til Íslands á árunum 1988-1991. Hann er svo til eingöngu bundinn við Bandaríkin og var frá um 8-14% af heildarinnflutningnum til Íslands, sem fyrr segir (sjá töflu 4, bls. 28). Næst kemur Kanada með um rösk 0,5% af heildarinnflutningnum til Íslands. Í þriðja sæti er Brasilía með rösk 0,3% af heildarinnflutningnum. Að öðru leyti náði innflutningur frá Ameríkuríkjum ekki 0,1% á þessum árum.

Þess má geta að innflutningur frá Kanada var mun meiri fyrr á árum en útflutningur þangað hefur ætíð verið mjög lítill. Þá voru viðskipti við Brasilíu mun meiri hér áður fyrr. Komust þau þannig upp í 2,7% af heildarútflutningnum og 2,1% af heildarinnflutningnum á árunum 1951-1955. Það skal tekið fram að talsvert hefur verið flutt út af þurrkuðum saltfiski til Brasilíu en oft hafa verið erfiðleikar í útflutningi þangað vegna innflutningsreglna Brasilíumanna, m.a. innborgunarskyldu. Möguleikar á öðrum mörkuðum og á annars konar verkun hafa og haft sín áhrif.

Tafla 5.

Vöruútflutningur til Bandaríkjanna 1990, 1991 og 1992

FOB verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

Vörutegundir	1990.			1991.			1992.		
	Tonn	Verðmæti	%	Tonn	Verðmæti	%	Tonn	Verðmæti	%
Sjávarafurðir	**33.287,2**	**8.311,0**	**90,6%**	**34.426,5**	**10.527,2**	**91,5%**	**33.473,9**	**8.897,7**	**88,6%**
Fryst fiskflök	30.657,0	7.395,0	80,6%	31.553,7	9.261,9	80,5%	28.116,0	7.813,0	77,8%
Frystur fiskur heill	39,6	5,4	0,1%	252,9	83,7	0,7%	2,9	0,5	0,0%
Ferskur fiskur þ.m.t. flök	1.685,3	516,8	5,6%	1.673,6	560,0	4,9%	1.232,9	408,8	4,1%
Saltfiskur og skreið	92,6	23,0	0,3%	121,2	43,4	0,4%	196,0	97,8	1,0%
Rækja fryst	105,7	41,5	0,5%	338,8	144,9	1,3%	59,9	29,7	0,3%
Humar frystur	173,6	194,6	2,1%	277,7	366,4	3,2%	237,1	252,9	2,5%
Hörpudiskur frystur	173,8	75,6	0,8%	18,6	10,1	0,1%	240,9	107,4	1,1%
Lýsi	106,0	18,7	0,2%	0,0	0,0	0,0%	3.253,9	66,2	0,7%
Grásleppuhrogn söltuð	98,7	21,2	0,2%	84,3	41,5	0,4%	37,2	20,6	0,2%
Síld söltuð	134,7	9,1	0,1%	95,1	6,6	0,1%	82,1	5,9	0,1%
Sjávarafurðir ót.a.	20,2	10,1	0,1%	10,6	8,7	0,1%	15,0	94,9	0,9%
Landbúnaðarafurðir		**407,1**	**4,4%**		**354,6**	**3,1%**		**252,2**	**2,5%**
Ostur og kaseín	222,9	26,4	0,3%	322,4	37,5	0,3%	439,9	53,8	0,5%
Hross lifandi (fjöldi)	(10).	1,8	0,0%	(6).	0,4	0,0%	(12)	0,7	0,0%
Lax og silungur	1.144,7	364,1	4,0%	863,9	281,2	2,4%	570,9	175,1	1,7%
Landbúnaðarafurðir ót.a.	26,9	14,8	0,2%	38,8	35,5	0,3%	23,8	22,6	0,2%
Iðnaðarvörur	**2.227,5**	**441,7**	**4,8%**	**6.027,7**	**601,4**	**5,2%**	**17.155,3**	**842,3**	**8,4%**
Ullar- og prjónavörur; annar fatnaður	77,7	85,5	0,9%	70,9	84,7	0,7%	46,8	54,3	0,5%
Lagmeti (fiskmeti)	532,0	184,0	2,0%	292,9	109,9	1,0%	159,5	64,4	0,6%
Þang og þaramjöl	258.0	8,2	0,1%	140,0	4,3	0,0%	400,0	10,6	0,1%
Fiskkassar, trollkúlur og netahringir	51,3	7,8	0,1%	41,0	10,1	0,1%	11,1	2,8	0,0%
Fiskinet og -línur, kaðlar o.þ.h.	9,4	3,5	0,0%	11,8	4,9	0,0%	20,9	10,3	0,1%
Kísiljárn	0,0	0,0	0,0%	3.300,2	92,8	0,8%	14.544,7	419,8	4,2%
Loðsútuð skinn	11,4	19,9	0,2%	6,0	9,9	0,1%	21,6	38,4	0,4%
Rafeindavogir	1,2	10,7	0,1%	3,2	34,1	0,3%	4,7	37,7	0,4%
Vélar til flokkunar og vinnslu sjávaraf.	40,7	27,7	0,3%	47,5	44,9	0,4%	48,3	26,0	0,3%
Aðrar iðnaðarvörur, ót.a.	1.245,8	94,4	1,0%	2.114,2	205,8	1,8%	1.897,7	178,0	1,8%
Aðrar vörur	**17,4**	**17,2**	**0,2%**	**12,9**	**21,5**	**0,2%**	**208,2**	**46,7**	**0,5%**
Flugvélar og hlutar til þeirra	0,4	1,1	0,0%	0,5	0,8	0,0%	2,5	1,5	0,0%
Ýmsar vörur ó.t.a	17,0	16,1	0,2%	12,4	20,7	0,2%	205,7	45,2	0,5%
Vöruútflutningur alls		**9.177,0**	**100%**		**11.504,7**	**100%**		**10.038,9**	**100%**
% af heildar vöruútflutningi		9,9%			12,6%			11,4%	

Tafla 6.

Vöruinnflutningur frá Bandaríkjunum 1990, 1991 og 1992

CIF verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

Vörutegundir	1990.		1991.		1992.	
	Verðmæti	%	Verðmæti	%	Verðmæti	%
Vélar og tæki, þ.m.t. flutningatæki	**10.067,0**	**72,2%**	**5.812,3**	**55,3%**	**3.353,9**	**27,1%**
aflvélar og tilheyrandi búnaður	184,9	1,3%	174,9	1,7%	150,0	1,9%
vélar til sérstakra atvinnugreina	372,6	2,7%	238,9	2,3%	201,6	2,5%
málmsmíðavélar	33,7	0,2%	118,6	1,1%	33,3	0,4%
ýmsar vélar til atvinnurekstrar	343,2	2,5%	371,0	3,5%	377,6	4,7%
skrifstofuvélar og skýrsluvélar	679,0	4,9%	867,9	8,3%	817,8	10,2%
fjarskiptatæki, hljóðupptökutæki, hljóðflutningstæki	165,4	1,2%	157,7	1,5%	354,0	4,4%
rafmagnsvélar og tæki ót.a.	336,3	2,4%	448,5	4,3%	351,3	4,4%
flutningatæki á vegum	840,5	6,0%	1.343,3	12,8%	781,8	9,8%
önnur flutningatæki	7.111,4	51,0%	2.091,5	19,9%	286,5	3,6%
Matvæli	**806,5**	**5,8%**	**996,6**	**9,5%**	**924,1**	**11,5%**
fiskur og unnið fiskmeti	135,1	1,0%	193,8	1,8%	115,0	1,4%
korn og unnar kornvörur	235,2	1,7%	252,0	2,4%	268,9	3,4%
ávextir og grænmeti	320,1	2,3%	401,5	3,8%	374,5	4,7%
kaffi, te, kakaó, krydd og vörur úr slíku	23,6	0,2%	25,0	0,2%	31,1	0,4%
ýmis önnur matvæli	92,5	0,7%	124,3	1,2%	134,6	1,7%
Tóbak og drykkjarvörur	**582,9**	**4,2%**	**693,2**	**6,6%**	**723,8**	**9,0%**
tóbak og unnar tóbaksvörur	503,8	3,6%	593,2	5,6%	620,4	7,7%
drykkjarvörur	79,1	0,6%	100,0	1,0%	103,4	1,3%
Trjáviður, pappír og pappírsvörur	**200,9**	**1,4%**	**351,9**	**3,3%**	**374,3**	**4,7%**
Ýmsar vörur	**2.292,2**	**16,4%**	**2.655,2**	**25,3%**	**3.821,0**	**47,7%**
kol, koks og mótöflur	259,4	1,9%	214,5	2,0%	186,5	2,3%
unnar málmvörur ót.a.	200,9	1,4%	229,4	2,2%	200,1	2,5%
plastefni, óunnin eða hálfunnin	55,6	0,4%	108,2	1,0%	74,8	0,9%
unnar gúmvörur ót.a.	190,7	1,4%	235,9	2,2%	215,4	2,7%
ljósmyndavörur og sjóntæki, úr og klukkur	137,1	1,0%	121,1	1,2%	104,6	1,3%
spunagarn, vefnaður, tilbúnir vefnaðarmunir o.fl.	98,2	0,7%	115,5	1,1%	108,1	1,3%
fatnaður	127,8	0,9%	172,0	1,6%	204,0	2,5%
jarðolía og jarðolíuafurðir	12,6	0,1%	16,2	0,2%	12,3	0,2%
rokgjarnar olíur jurtak. og ilmefni; snyrtiv. sápa o.þ.h.	100,7	0,7%	126,1	1,2%	137,2	1,7%
unnar vörur úr ómálmkendum jarðefnum ót.a.	55,6	0,4%	42,2	0,4%	50,1	0,6%
vísinda og mælitæki	310,3	2,2%	229,3	2,2%	268,1	3,3%
aðrar vörur	743,3	5,3%	1.044,8	9,9%	2.527,9	31,6%
Vöruinnflutningur alls	**13.949,5**	**100%**	**10.509,2**	**100%**	**8.012,0**	**100%**
% af heildar vöruinnflutningi	14,4%		10,3%		8,3%	

Tafla 7.

Vöruútflutningur til Kanada
1990, 1991 og 1992

FOB verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

Vörutegundir	1990.			1991.			1992.		
	Tonn	Verðmæti	%	Tonn	Verðmæti	%	Tonn	Verðmæti	%
Sjávarafurðir	**78,6**	**88,2**	**30,8%**	**260,7**	**126,3**	**40,3%**	**810,9**	**151,2**	**50,1%**
Fersk fiskflök	0,0	0,0	0,0%	1,8	0,6	0,2%	0,1	0,0	0,0%
Frystur fiskur, heill	0,0	0,0	0,0%	47,8	15,9	5,1%	0,0	0,0	0,0%
Fryst fiskflök	0,0	0,0	0,0%	103,1	35,5	11,3%	4,3	1,3	0,4%
Saltfiskur og skreið	2,0	1,8	0,6%	2,9	1,9	0,6%	754,2	143,6	47,6%
Rækja fryst	0,0	0,0	0,0%	22,3	16,2	5,2%	0,0	0,0	0,0%
Humar frystur	59,8	85,3	29,8%	32,8	52,5	16,7%	3,4	3,7	1,2%
Síld söltuð	12,4	0,9	0,3%	50,0	3,7	1,2%	27,1	2,1	0,7%
Sjávarafurðir ót.a.	4,4	0,2	0,1%	0,0	0,0	0,0%	21,8	0,5	0,2%
Landbúnaðarafurðir		**39,2**	**13,7%**		**17,4**	**5,6%**		**8,9**	**2,9%**
Lax og silungur	0,0	0,0	0,0%	11,1	4,2	1,3%	7,6	2,6	0,9%
Hross lifandi (fjöldi)	.(36)	3,8	1,3%	.(3)	1,1	0,4%	.(43)	1,9	0,6%
Þurrkuð skinn	9,2	34,1	11,9%	2,1	11,4	3,6%	0,9	4,1	1,4%
Landbúnaðarafurðir ót.a.	3,3	1,3	0,5%	0,8	0,7	0,2%	0,3	0,3	0,1%
Iðnaðarvörur	**681,1**	**154,0**	**53,7%**	**366,7**	**169,1**	**53,9%**	**615,0**	**140,3**	**46,5%**
Ullar- og prjónavörur; annar fatnaður	21,7	14,8	5,2%	16,2	11,6	3,7%	13,1	11,0	3,6%
Lagmeti (fiskmeti)	5,2	2,9	1,0%	28,6	10,1	3,2%	5,3	1,9	0,6%
Loðsútuð skinn	0,1	0,2	0,1%	0,2	0,6	0,2%	10,6	23,8	7,9%
Fiskkassar, trollkúlur og netahringir	48,7	10,3	3,6%	67,6	15,6	5,0%	52,5	10,5	3,5%
Fiskinet og -línur, kaðlar o.þ.h.	74,2	25,3	8,8%	78,0	23,3	7,4%	31,0	11,1	3,7%
Rafeindavogir	1,9	17,4	6,1%	7,4	34,9	11,1%	8,0	32,1	10,6%
Ýmis búnaður til fiskveiða	0,2	1,7	0,6%	6,8	6,9	2,2%	5,0	4,5	
Vélar til fiskverkunar	3,3	19,3	6,7%	9,7	38,6	12,3%	1,4	1,1	0,4%
Ál	440,7	48,9	17,1%	0,0	0,0	0,0%	420,4	37,7	12,5%
Álpönnur	8,7	3,7	1,3%	10,3	4,5	1,4%	6,9	2,8	0,9%
Óáfengir drykkir	73,4	3,6	1,3%	129,8	7,0	2,2%	37,0	1,1	
Aðrar iðnaðarvörur, ót.a.	3,0	5,9	2,1%	12,1	16,0	5,1%	23,8	2,7	0,9%
Aðrar vörur	**2,1**	**5,3**	**1,8%**	**0,2**	**0,7**	**0,2%**	**1,4**	**1,4**	**0,5%**
Ýmsar vörur ó.t.a	2,1	5,3	1,8%	0,2	0,7	0,2%	1,4	1,4	0,5%
Vöruúflutningur alls		**286,7**	**100%**		**313,5**	**100%**		**301,8**	**100%**
% af heildar vöruútflutningi		0,3%			0,3%			0,3%	

Tafla 8.

Vöruinnflutningur frá Kanada
1990, 1991 og 1992

CIF verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

Vörutegundir	1990.		1991.		1992.	
	Verðmæti	%	Verðmæti	%	Verðmæti	%
Vélar og tæki, þ.m.t. flutningatæki	**64,2**	**12,6%**	**104,2**	**13,6%**	**181,4**	**18,4%**
aflvélar og tilheyrandi búnaður	2,1	0,4%	7,3	1,0%	107,8	10,9%
vélar til sérstakra atvinnugreina	16,1	3,2%	25,0	3,3%	7,8	0,8%
málmsmíðavélar	0,0	0,0%	0,4	0,1%	0,0	0,0%
ýmsar vélar til atvinnurekstrar	7,2	1,4%	10,2	1,3%	16,3	1,7%
skrifstofuvélar og skýrsluvélar	2,9	0,6%	9,0	1,2%	15,1	1,5%
fjarskiptatæki, hljóðupptökutæki, hljóðflutningstæki	1,8	0,4%	10,1	1,3%	3,2	0,3%
rafmagnsvélar og tæki ót.a.	9,2	1,8%	20,9	2,7%	5,1	0,5%
flutningatæki á vegum	23,3	4,6%	16,1	2,1%	24,9	2,5%
önnur flutningatæki	1,6	0,3%	5,2	0,7%	1,2	0,1%
Matvæli og drykkjarvörur	**237,0**	**46,5%**	**270,6**	**35,3%**	**232,7**	**23,6%**
fiskur og unnið fiskmeti	84,3	16,5%	128,9	16,8%	101,7	10,3%
korn og unnar kornvörur	105,9	20,8%	89,4	11,7%	81,5	8,3%
ávextir og grænmeti	33,8	6,6%	44,4	5,8%	47,7	4,8%
ýmis önnur matvæli	11,8	2,3%	6,4	0,8%	1,8	0,2%
drykkjarvörur	1,2	0,2%	1,5	0,2%	0,0	0,0%
Trjáviður, pappír og pappírsvörur	**125,5**	**24,6%**	**211,6**	**27,6%**	**105,1**	**10,7%**
Ýmsar vörur	**83,5**	**16,4%**	**179,6**	**23,4%**	**466,1**	**47,3%**
kol, koks og mótöflur	0,3	0,1%	59,3	7,7%	44,8	4,5%
járn og stál	1,9	0,4%	2,7	0,4%	28,2	2,9%
unnar málmvörur ót.a.	9,4	1,8%	28,7	3,7%	26,2	2,7%
unnar gúmvörur ót.a.	4,4	0,9%	9,3	1,2%	1,9	0,2%
lyfja og lækningavörur	6,7	1,3%	4,8	0,6%	7,4	0,8%
ljósmyndavörur og sjóntæki, úr og klukkur	1,0	0,2%	2,4	0,3%	2,3	0,2%
spunagarn, vefnaður, tilbúnir vefnaðarmunir o.fl.	6,5	1,3%	4,2	0,5%	1,9	0,2%
Húshl., pípul-, hreinl.- og hilunartæki, ljósabúnaður	0,0	0,0%	0,0	0,0%	264,6	26,9%
fatnaður	4,7	0,9%	4,6	0,6%	8,6	0,9%
vísinda og mælitæki	22,8	4,5%	19,8	2,6%	16,8	1,7%
aðrar vörur	25,8	5,1%	43,8	5,7%	63,4	6,4%
Vöruinnflutningur alls	**510,2**	**100%**	**766,0**	**100%**	**985,3**	**100%**
% af heildar vöruinnflutningi	0,5%		0,8%		1,0%	

Tafla 9.

Icelandic trade in goods with Mexico
1990, 1991 and 1992

Value in millions of kr.
Current rate of exchange

Exports (Fob)

	1990.			1991.			1992.		
	Tonnes	Value	%	Tonnes	Value	%	Tonnes	Value	%
Cod-liver oil	15,0	2,6	100%	20,5	2,4	4,7%	0,0	0,0	0,0%
Mutton and lamb, frozen	0,0	0,0	0,0%	783,4	49,0	95,3%	517,0	17,6	100%
Total	**15,0**	**2,6**	**100%**	**803,9**	**51,4**	**100%**	**517,0**	**17,6**	**100%**
% of total exports of goods	0,00%	0,00%		0,11%	0,06%		0,06%	0,02%	

Imports (CIF)

	1990.		1991.		1992.	
	Value	%	Value	%	Value	%
Fruit and vegetables	0,5	2,4%	1,2	2,9%	0,0	0,0%
Coffee, tea, cocoa, spices etc.	4,3	20,5%	27,9	67,2%	38,9	74,2%
Beverages	1,4	6,7%	1,6	3,9%	1,3	2,5%
Crude animal; vegetable materials	0,0	0,0%	0,5	1,2%	0,9	1,7%
Organic chemicals	0,0	0,0%	0,3	0,7%	0,0	0,0%
Chemical materials and products n.e.s.	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,2	0,4%
Paper, paperboard; manuf.thereof	0,0	0,0%	0,1	0,2%	0,0	0,0%
Textile yarn, fabrics, etc.	3,8	18,1%	0,3	0,7%	0,0	0,0%
Non-metallic mineral manufact.	1,4	6,7%	0,7	1,7%	1,3	2,5%
Manufactures of metal, n.e.s.	1,0	4,8%	0,0	0,0%	0,0	0,0%
Office machines; data pr. equipm.	0,0	0,0%	2,1	5,1%	0,2	0,4%
Telecommunic.; sound rec. app.	0,0	0,0%	0,3	0,7%	0,0	0,0%
Electrical machinery, n.e.s.	0,9	4,3%	0,8	1,9%	0,9	1,7%
Clothing	0,1	0,5%	0,2	0,5%	1,1	2,1%
Footwear	0,5	2,4%	0,2	0,5%	0,5	1,0%
Photographic apparatus; watches	3,2	15,2%	3,4	8,2%	3,7	7,1%
Other commodities	3,9	18,6%	1,9	4,6%	3,4	6,5%
Total	**21,0**	**100%**	**41,5**	**100%**	**52,4**	**100%**
% of total imports of goods	0,02%		0,04%		0,05%	

H. FRÍVERSLUNARSAMNINGUR BANDARÍKJANNA OG KANADA

Við mat á því hvernig fríverslunarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna gæti litið út getur verið gagnlegt að skoða fríverslunarsamning Bandaríkjanna og Kanada (FBK) sem fyrirmynd. Að vísu er það svo að NAFTA-samningurinn er bæði yngri og víðtækari og er því nauðsynlegt að skoða ákvæði hans einnig hér (sjá og næsta kafla).

I. Tilgangur og gildissvið

1. Tilgangur og gildissvið

Tilgangur samningsins er að:

a) afnema höft í viðskiptum með vörur og þjónustu;

b) jafna samkeppnisskilyrði á svæðinu;

c) auka frjálsræði í fjárfestingum;

d) kveða á um eftirlit með samningnum og lausn deilumála;

e) leggja grundvöll að frekara tvíhliða og marghliða samstarfi.

2. Skilgreiningar

Nokkur samningshugtök eru skilgreind í þessum kafla.

II. Vöruviðskipti

Í þessum hluta samningsins er fjallað um vöruviðskipti milli landanna og er hann efnislega hliðstæður II. hluta EES-samningsins. Meginmunur samninganna er að gildissvið FBK er mun víðtækara varðandi landbúnaðarvörur og sjávarafurðir en EES-samningurinn sem takmarkast við iðnaðarvörur í 25.-97. kafla samræmdu tollskrárinnar (HS) þótt fjallað sé um viðskipti um vissar sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur í bókunum við samninginn.

Í II. hluta er fjallað um upprunareglur, landamærareglur, jafnræðiskjör, tæknilega staðla, landbúnað, vín og áfengi, ökutæki, öryggisákvæði og undantekningar.

3. Upprunareglur

Upprunareglur FBK byggjast á sömu grundvallarreglum og upprunareglur EES-samningsins, sbr. bókun 4 með þeim samningi. Hin almenna regla FBK er að varan sé að fullu upprunnin í landinu eða að innflutt vara hafi breyst það mikið eða hlotið það mikla aðvinnslu að hún færist milli kafla eða vöruliða innan HS-kerfisins samkvæmt nánari ákvæðum samningsins.

Fiskur og önnur sjávardýr teljast að fullu upprunnin í landinu hafi þau verið veidd af skipi sem skráð er í landinu og siglir undir fána þess. Ef fiskur er unninn um borð í skipi er þess einnig krafist að það skip sé skráð í landinu og sigli undir fána þess. Sérstök skilyrði um eignarhald á skipum og þjóðerni skipshafnar virðast ekki gerð með sama hætti og í EES-samningnum.

4. Landamærareglur

Í þessum kafla er fjallað um viðskipti yfir landamæri ríkjanna. Er þar fjallað um niðurfellingu tolla og tollafgreiðslugjalda, bann við tollundanþágum og endurgreiðslum, formsatriði við tollafgreiðslu og inn- og útflutningstakmarkanir.

a. Niðurfelling tolla og tollafgreiðslugjalda

Samkvæmt samningnum eru tollar á vöruviðskipti milli landanna felldir niður annaðhvort að fullu frá 1. janúar 1989 eða á vissum vöruflokkum í áföngum til 1. janúar 1993 eða 1998.

Tollafgreiðslugjöld eru felld niður í áföngum og voru að fullu horfin 1. janúar 1994.

Þá er í samningnum ákvæði um að á innflutning vöru sem ætluð er til endurútflutnings til mótaðilans skuli við innflutninginn leggja sömu gjöld og á vöru sem ætluð er til nota innanlands og óheimilt sé að endurgreiða þau gjöld við útflutning.

Ákvæði þessi eru hliðstæð ákvæðum EES-samningsins um sama efni.

b. Útflutningstakmarkanir og útflutningstollar

Samningurinn staðfestir ákvæði GATT um að takmarka ekki útflutning nema undir sérstökum kringumstæðum. Takmörkunum, sem leyfðar eru samkvæmt GATT, má þó aðeins beita ef þær minnka ekki útflutning vörunnar til samningsaðilans sem hlutfall af heildarútflutningi miðað við það sem var áður en takmörkun var sett. Ennfremur mega slíkar takmarkanir ekki trufla venjulega aðfangaöflun og ekki má nota þær til að krefjast hærra verðs fyrir útflutning en við sölu innanlands.

Setji samningsaðili takmarkanir á útflutning vöru til þriðja aðila getur hann sett það sem skilyrði fyrir útflutningi til samningsaðila að varan verði notuð í landi hans.

Samningsaðilar hafa áskilið sér rétt til að viðhalda vissum útflutningstakmörkunum.

EES-reglur banna útflutningstakmarkanir án tilvísunar til GATT (bannið nær þó ekki til sjávarafurða). Í þeim reglum eru þó ákvæði sem ná til takmarkana vegna skorts og til tryggingar á takmörkun á útflutningi til þriðja aðila.

Líklegt er að áhrif ákvæða um útflutningstakmarkanir í FBK og EES-reglna séu í framkvæmd mjög áþekk.

Samkvæmt FBK má samningsaðili ekki leggja skatt eða önnur gjöld á útflutning nema sami skattur sé einnig lagður á vöruna við sölu til nota innanlands.

Útflutningstollar eru bannaðir í EES-samningnum.

5. Jafnréttiskjör

Löndin skuldbinda sig til þess að vörur frá landi samningsaðilans fái sömu meðferð og innlendar vörur í samræmi við III. gr. GATT (jafnréttiskjör við eigin borgara að því er varðar innlenda skattlagningu og reglugerðir) sem er gerð að hluta af samningnum.

Í EES-samningnum eru ekki bein ákvæði um jafnréttiskjör en þar sem hér er um að ræða staðfestingu á ákvæðum GATT, sem gilda einnig á milli EES-aðila, er ekki um að ræða frávik frá því sem þar gildir.

6. Tæknilegar viðskiptahindranir

Í þessum kafla (601.-609. gr.) er fjallað um tæknilega staðla. Í 601. gr. um umfang staðlanna segir að ákvæði kaflans taki til staðla sem snerti vörur. Þó eru undanskildar landbúnaðarvörur, matvæli, drykkjarvörur og vissar skyldar vörur. EFTA-reglurnar taka hins vegar einnig til landbúnaðarvara en ekki vinnslu- og framleiðsluaðferða eins og bandarísk-kanadísku reglurnar. Athyglisvert er að samkvæmt sömu grein falla tæknistaðlar fylkjanna í Bandaríkjunum og Kanada ekki undir samninginn. Er ekki einu sinni, eins og í Tampere-samningi EFTA-ríkjanna frá 15. júní 1988, ákvæði um góða viðleitni í þessu sambandi. Nokkuð er því á huldu hvort þessi takmörkun getur valdið erfiðleikum í útflutningi til Bandaríkjanna.

Í 602. gr. fríverslunarsamningsins staðfesta Bandaríkin og Kanada réttindi sín og skyldur á grundvelli sérstaks GATT-samnings um tæknileg viðskiptahöft. Samningurinn er

afrakstur Tókýóviðræðnanna sem lauk 1979. Ísland er ekki aðili að honum en hann verður hluti af Úrúgvætexta GATT.

Samkvæmt 603. gr. skulu samningsaðilar hvorki halda uppi né setja reglur eða gera ráðstafanir á sviði staðla sem skapa ónauðsynlegar hindranir í viðskiptum þegna landanna. Það telst ekki ónauðsynleg hindrun ef markmið með aðgerðunum er réttmætt innanlandsmarkmið, þau snerta t.d. heilsu, öryggi, umhverfi eða neytendur. Þannig er spornað við duldum viðskiptahöftum.

Sé litið á staðla varðandi bifreiðar í Bandaríkjunum annars vegar og samkvæmt EES-samningnum hins vegar er staðan þannig nú að Íslendingar viðurkenna bandaríska staðla sem sambærilega við Evrópustaðlana og fullgilda, t.d. varðandi ljósabúnað, sem Evrópuríkin gera almennt ekki. Þannig eru bandarískir bílar með rauð stefnuljós að aftan en Evrópubílarnir með gul ljós. Eflaust yrði það ekki talið andstætt framangreindu samningsákvæði ef Íslendingar gerðu kröfu um Evrópustaðla við innflutning bíla frá Bandaríkjunum.

Samkvæmt 604. gr. samningsins skulu samningsaðilar leitast við að samræma reglur sínar og ráðstafanir varðandi viðurkenningu vöru í eins ríkum mæli og unnt er og þá að teknu tilliti til alþjóðlegrar þróunar á þessu sviði.

Samkvæmt 605. gr. samningsins skulu aðilar viðurkenna faggildingarkerfi hvors um sig varðandi prófunar-, eftirlits- og vottunarstofnanir. Í Tamperesamningi EFTA-ríkjanna er aðeins gert ráð fyrir faggildingu rannsóknarstofa. Samkvæmt FBK-samningnum er ekki unnt að krefjast þess að viðkomandi prófunarstofur o.s.frv. séu staðsettar innan landamæra innflutningsríkisins. Taka má hóflegt gjald fyrir þjónustu sem veitt er.

Samkvæmt 606. gr. þarf að gefa skriflega skýringu ef ekki er unnt að taka niðurstöður prófunar gildar sem grundvöll fyrir vottun eða gerðarviðurkenningu.

Um upplýsingaskipti og tilkynningarskyldu er fjallað í 607. gr. samningsins. Aðalreglan er sú að láta skal texta fyrirhugaðra ráðstafana um gerðarviðurkenningu í té með 60 daga fyrirvara. Í EFTA- og EB-reglum er miðað við 90 daga. Í undantekningartilvikum þarf samkvæmt samningnum ekki að tilkynna ráðstafanirnar fyrirfram. Þá skal leitast við að tilkynna ráðstafanir fylkja sem haft geti umtalsverð áhrif á viðskipti samningsaðila.

Samkvæmt 608. gr. samningsins geta farið fram frekari viðræður samningsaðila til að tryggja það að markmiðin varðandi tæknilega staðla náist.

Í 609. gr. er að finna skilgreiningar á hugtökum.

Við lauslega athugun virðast engir óyfirstíganlegir erfiðleikar varðandi tæknilega staðla

en athuga þyrfti þó fleiri svið en bifreiðastaðla með hliðsjón af Evrópusamstarfinu.

Í fríverslunarsamningi Norður-Ameríku eru ekki gerðar minni kröfur til staðla á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismála. Auk þess á samningurinn að tryggja að ekki sé um mismunun að ræða við beitingu sjálfvalinna iðnaðarstaðla. Samkvæmt samningnum eiga sérstakar tæknilegar deilunefndir að fjalla um deilumál á sviði iðnaðarstaðla eða heilsu- og öryggisstaðla.

Í Evrópusambandinu eru settir staðlar fyrir allan ESB-markaðinn á sviðum þar sem hætta þykir steðja að heilsu, öryggi eða umhverfi hins evrópska neytanda. Vörur verða einnig merktar þannig að sjá megi að þær séu í samræmi við ESB-staðal. Hins vegar er ekki stefnt eins hátt í fríverslunarsamningi Norður-Ameríku. Er ekki þegar í upphafi stefnt að því að setja staðal fyrir Norður-Ameríku á sérhverju sviði.

Í þessu sambandi er vert að huga að bókun 12 í EES-samningnum en samkvæmt henni er unnt að semja við þriðju ríki um samræmismat (conformity assessment), þ.e. hvernig metið er, eða úr því er skorið, að tiltekin vara standist staðalkröfur. Ýmsar þreifingar hafa verið í gangi í þessum efnum af hálfu ESB (t.d. við Bandaríkin, Kanada og Japan) en engir samningar eru í sjónmáli. Það sem gerir slíka samninga meðal annars erfiðari við Bandaríkin er að samræmisreglur þar í landi eru taldar gerólíkar þeim sem tíðkast í Evrópu. Að óbreyttu mundu amerískir útflytjendur njóta miklu betri aðstöðu á evrópskum markaði heldur en útflytjendur þar á markaði fyrir vestan.

Á vegum Alþjóðastöðlunarstofnunarinnar (ISO) starfar sérstök nefnd, ISO Council Committee on conformity assessment (ISO/CASCO). Að eindregnum óskum seljenda og notenda vottunar-, skráningar- og fagildingarþjónustu víðs vegar um heim, og einkum í þróunarlöndum, hefur ISO-ráðið falið nefndinni að gera víðtæka úttekt á því hvernig unnt væri að greiða fyrir og koma á gagnkvæmri viðurkenningu þeirra sem annast samræmismat þar sem lögð yrði sérstök áhersla á að koma á alþjóðlegu kerfi til að faggilda skráningaraðila gæðakerfa og stuðla að öðru leyti að því að niðurstöður þeirra njóti gagnkvæmrar viðurkenningar.

Til skamms tíma (Tampere- og EES-samningarnir eru undantekningar) hefur gagnkvæm viðurkenning á mati gæðakerfa og tilheyrandi skráningar verið byggð á tvíhliða samningum. Í fríverslunarsamningi við Bandaríkin verður því enn sem komið er að ganga frá slíkum málum á tvíhliða grunni þar sem tekið er tillit til þegar settra alþjóðlegra staðla sem hér eiga við.

Með Úrúgvæsamningi GATT fylgir samningur um tæknilegar viðskiptahindranir. Ísland gerðist á sínum tíma ekki aðili að sérsamningi GATT um tæknilegar viðskiptahindranir á grundvelli Tókýóviðræðnanna sem lauk 1979 en ákvæðin nú byggjast m.a. á reglum þess samnings. Ákvæðin eru talin auka öryggi í viðskiptum og eru jákvæð fyrir Ísland.

7. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál

a. Landbúnaður

FBK eykur viðskiptamöguleika með landbúnaðarvörur milli landanna, einkum þó möguleika Bandaríkjanna til að flytja út vörur til Kanada þar sem innflutningstakmarkanir þar hafa verið meiri en í Bandaríkjunum.

Í samningnum er tekið fram að ríkin skuldbindi sig til þess að afnema með öllu útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir í viðskiptum sín á milli. Þetta hefur sérstaka þýðingu fyrir viðskipti með korn sem nýtur útflutningsbóta bæði beinna og í formi flutningsstyrkja, einkum frá vesturströnd Bandaríkjanna. Þá er einnig kveðið á um að óheimilt sé að selja landbúnaðarvörur á undirverði í viðskiptum milli landanna. Landbúnaðarvörur falla undir þau almennu ákvæði samningsins að löndin skuldbinda sig til þess að hafa afnumið tolla að fullu 1. janúar 1998 að loknum tíu ára aðlögunartíma.

Sérstök ákvæði eru um sölu og dreifingu á bjór sem er undanþeginn ákvæðum samningsins. Þó er ekki heimilt að setja á strangari viðskiptahömlur með bjór en voru í gildi í október 1987.

Í samningunum koma fram sérstaklega ákvæði um frjálsari viðskipti með kornvörur. Innflutningstakmörkunum á höfrum á að ljúka á fyrsta ári samningsins. Innflutningstakmörkunum á byggi og hveiti á að ljúka síðar en viðskipti með korn og vörur úr því verða frjáls sem mun leiða til verulega aukinna viðskipta milli landanna.

Samkvæmt samningnum verður Kanada heimilt að beita innflutningstakmörkunum áfram vegna eggja og annarra afurða alifugla, þó þannig að innflutningur aukist umfram það sem gildandi kvótar leyfa við upphaf gildistíma samningsins. Þá er sérstaklega samið um aukinn innflutning á vínum og eimuðu áfengi og aukinn jöfnuð í verðlagningu.

Í grundvallaratriðum er samningurinn ólíkur EES-samningnum varðandi landbúnaðarvörur. Í EES-samningnum eru landbúnaðarvörur almennt undanþegnar samningsákvæðunum en þar er samið um sérstakt fyrirkomulag viðskipta með vissar unnar landbúnaðarvörur í bókun 3. Samkvæmt bókuninni er heimilt að beita jöfnunargjöldum til

að vega upp mismunandi kostnaðarverð landbúnaðarhráefnis.

Í samningum eru skýr ákvæði um að samningsaðilar skulu samræma eftirlit með samsetningu, efnisinnihaldi og hvers konar heilbrigðiskröfur fyrir afurðir jurta og dýra og vegna viðskipta með tilbúinn áburð á samningstímanum. Samræming reglna á að tryggja það að ekki myndist tæknilegar viðskiptahindranir milli landanna og auðvelda eftirlit vegna gagnkvæmni. Við gerð EES-samningsins fékk Ísland undanþágu frá því að taka upp reglur ESB um heilbrigði dýra en skal taka upp reglur varðandi framleiðslu á tilbúnum áburði, heilbrigði plantna og almenn ákvæði um lyf og eiturefni við framleiðslu á matvælum. Hversu sá hluti er samræmanlegur reglum FBK þyrfti sérstakrar könnunar við.

b. Sjávarútvegur

Samningurinn er talinn hafa veruleg hagræn áhrif til hagsbóta fyrir sjávarútveginn, einkum í Kanada. Þannig verður markaðsaðgangur Kanada til Bandaríkjanna betri en annarra fiskveiðiþjóða svo sem Íslands, Noregs og Danmerkur, jafnvel stórum betri varðandi unnar sjávarafurðir. Við afnám tolla í viðskiptum landanna batnar einkum samkeppnisstaða sjávarútvegsins fyrir unnar fiskafurðir og unnt er að auka virði afurðanna fyrir útflutning. Í samningnum eru einnig ákvæði sem tryggja réttlátari meðferð í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma vegna undirboðs- og jöfnunartolla sem til þessa hafa bitnað á kanadískum sjávarútvegi.

Samningurinn felur í sér eftirfarandi:

1. Tollar skulu að fullu afnumdir á sjávarafurðum í viðskiptum landanna 1. janúar 1998 í þremur áföngum. Hluti þeirra féll niður við gildistöku samningsins 1989, aðrir féllu niður á 5 ára tímabili eftir það og það sem eftir stendur fellur niður innan 10 ára frá gildistöku.

Mestur hluti viðskiptanna í dag er í hálfunnum afurðum vegna hærri tolla á fullunninni vöru. Á því kunna að verða einhverjar breytingar við afnám tollanna.

Í samningnum eru þýðingarmikil ákvæði um beitingu jöfnunar- og undirboðstolla séð frá sjónarhóli Kanada. Heimilt er að krefjast þess að settur sé upp sameiginlegur óhlutdrægur gerðardómur til að fjalla um beitingu á jöfnunar- og undirboðstollum sé dregið í efa réttmæti þeirrar aðgerðar af hálfu annars hvors aðilans. Í samningnum felast þýðingarmikil ákvæði fyrir Kanada sem heimila stjórnvöldum stuðning við dreifðari byggðir og aðgerðir sem stuðla að því að draga úr atvinnuleysi, t.d. með stuðningi við sjávarútveg.

Tafla 10.

Tollur fellur niður:	í Kanada	í Bandaríkjunum
I. Við gildistöku		
Ferskur/frosinn flatfiskur (ekki flök)	0	1,1c/kg
Fiskimjöl	5%	0 til 6%
Fiskolía	7,3 til 7,5%	0 til 5%
II. Innan fimm ára		
Fersk/frosin botnfiskflök	0	4,1 c/kg eða 6%
Lax	3%	3 til 12%
Skelfiskur	10%	3,5 til 14%
III. Innan 10 ára		
Túnfiskur	7 til 14%	1,1 c/kg eða 35%
Fiskblokk (stangir)	11%	10 til 15%
Tilbúnar máltíðir	6 til 7,5%	10%
Sardínur	2 c/kg eða 11%	2,5 til 20%
Síld	8%	4 til 8%
Krabbi	8 til 8,2%	5 til 11%

Samningurinn skuldbindur löndin til þess að taka ekki upp innflutningstakmarkanir á fisk og fiskafurðum og felur í sér vissar heimildir til sérreglna til takmörkunar á flutningi hráefnis eftir svæðum. Um er að ræða heimildir til áframhaldandi takmörkunar á flutningi á fiski sem hráefni inn á svæði sem tilheyra Atlantshafsstrandarfylkjum Kanada og Québec vegna þýðingar sjávarútvegs í atvinnulífi þessara svæða.

Í samningnum eru ákvæði um að löndin viðhaldi reglum til varnar heilbrigði manna, dýra og jurta. Stefnt verði að samræmingu þessara reglna eftir föngum og því að þær myndi ekki tæknilegar viðskiptahindranir. Þ.á m. eru tæknistaðlar í sjávarútvegi sem hafa verið hindrun við útflutning á sjávarafurðum til Bandaríkjanna.

Í samningnum eru engin ákvæði um skipti á veiðiheimildum í fiskveiðilögsögu samningsaðila. Þrátt fyrir almenna heimild til gagnkvæmrar fjárfestingar milli ríkjanna eru í samningnum ákvæði sem takmarka fjárfestingu í sjávarútvegi Kanada. Þannig er Kanada áfram heimilt að hindra meirihlutaeign útlendinga í fiskiskipum eða fyrirtækjum sem eiga eða hafa umráð yfir fiskiskipum sem hafa rétt til veiða í kanadískri lögsögu.

8. Vín og eimað áfengi

Í kafla þessum eru ýmis ákvæði um sölu, verðlagningu, dreifingu og blöndun víns og eimaðra áfengra drykkja.

9. Orkumál

Umfang þessa kafla tekur aðeins til ráðstafana varðandi svokallaðar orkuvörur. Þær vörur eru síðan skilgreindar sem vörur í 27. kafla samræmdu tollskrárinnar sem tekur til eldsneytis, m.a. olíuvara. Undanskildar eru þó vörur í tollskrárnr. 27.07 (bensól o.fl.) og 27.12 (vaselín, parafín o.fl.). Einnig falla undir skilgreininguna á orkuvörum tollskrárnr. 2612.10 (úrangrýti o.fl.), 2844.10- 2844.50 (úran og úransambönd) og loks tollskrárnr. 2845.10 (þungt vatn).

Ákvæði er um innflutnings- og útflutningstakmarkanir á orkuvörum í 902. gr. samningsins. Aðilar staðfesta þar réttindi sín og skyldur samkvæmt GATT-samningnum varðandi bann eða takmarkanir á viðskiptum með orkuvörur nema frekari réttindi eða skyldur sé að finna í fríverslunarsamningnum. M.a. er tekið fram að samkvæmt GATT-reglum séu með vissum skilyrðum bannað að ákveða lágmarksverð við útflutning og innflutning. Tekið er á viðskiptum við þriðja aðila. Þá er gert ráð fyrir samráði milli samningsaðila í tengslum við viðskipti annars hvors við þriðja aðila ef slík viðskipti hafa óæskileg áhrif í hinu samningsríkinu.

Í 908. gr. samningsins um alþjóðlegar skuldbindingar greina aðilar frá því að þeir hafi ekki í hyggju neitt misræmi milli ákvæða kaflans og samningsins um alþjóðlega orkuáætlun. Skuli ákvæði samningsins um alþjóðlega orkuáætlun gilda ef um misræmi sé að ræða. Sá samningur er frá 1974 og tengist Alþjóðaorkustofnuninni í París en hún er sjálfstæð stofnun í tengslum við OECD. Ísland er ekki aðili að samningnum sem gerir ráð fyrir að ríki aðstoði hvort annað eftir þörfum ef olíuskortur verður í vissum tilvikum. Einnig er fjallað um orkusparnað í samningnum. Ekki er líklegt að Ísland þyrfti að gerast aðili að þessum samningi þótt til fríverslunarsamnings kæmi við Bandaríkin.

Almennt má segja um þennan kafla að hann virðist ekki geta valdið sérstökum vandkvæðum.

10. Bifreiðar

Sérstakar reglur gilda um bifreiðar. Bifreiðasamningur ríkjanna frá 1965 er látinn halda

sér en tollar eru felldir niður að öðru leyti í áföngum, m.a. á dekkjum og notuðum bílum. Upprunareglurnar eru hertar (skilyrði um að 50% verðmætis skapist í löndunum).

11. Öryggisákvæði

Í þessum kafla er öryggisákvæði sem heimilar hækkun tolla ef niðurfelling tolla leiðir til verulegs tjóns fyrir iðnað innflutningslands.

12. Undanþágur

Hér eru undanþáguákvæði XX. gr. GATT tekin upp í samninginn ásamt fleiri undanþágum sem voru m.a. í gildi við gildistöku GATT.

III. Opinber innkaup

Í III. hluta samningsins er fjallað um opinber innkaup. Tekur hann aðeins til vörukaupa en ekki einnig til útboða á framkvæmdum eins og EES-samningurinn.

13. Opinber innkaup

Ákvæði samningsins taka til kaupa á vörum og þjónustu, sem tengist afhendingu á vöru. Samningurinn felur í sér staðfestingu á reglum GATT um opinber útboð en er víðtækari og gerir báðum samningsaðilum fært að vinna að auknu frjálsræði í opinberum útboðum og að semja um úrbætur á ákvæðum tvíhliða fríverslunarsamninga eftir að fjölþjóðasamningar hafa náðst.

Samningurinn eykur fjölda útboða, sem eiga að vera opin fyrir samkeppni frá báðum löndunum, með því að lækka hámarksfjárhæð útboðs úr $ 171.000 (röskar 12 m.kr.) samkvæmt GATT í $ 25.000 (tæpar 2 m.kr.) þegar um er að ræða vörur sem falla undir GATT-reglur. Öll opinber vörukaup, sem eru hærri en þessi mörk, skulu vera opin fyrir samkeppni nema þau séu sérstaklega ætluð smærri fyrirtækum eða útilokuð af öryggisástæðum.

EES-samningurinn byggir eins og FBK á GATT-reglunum sem kveða á um útboð á innkaupum tiltekinna vöruflokka ef verðmætið er yfir 131.000 ECU(tæpar 11 m.kr.). Hann víkur frá þeim reglum með því að gera útboðsskyldu víðtækari miðað við hærri verðmætamörk vegna innkaupa opinberra aðila sem ekki falla undir GATT-reglur eða þegar um er að ræða vörur utan gildissviðs GATT.

Mismunur samninganna er nokkur. FBK heldur sig við vörusvið GATT- reglnanna en lækkar viðmiðunarmörkin. EES-samningurinn útvíkkar vörusviðið við hærri verðmætamörk.

IV. Þjónusta, fjárfesting og tímabundin dvöl

Í þessum hluta eru ákvæði um þjónustu, fjárfestingu og tímabundna dvöl viðskiptamanna. Í V. hluta samningsins er hins vegar fjallað um fjármálaþjónustu.

14. Þjónusta

Í 14. kafla samningsins (1401.-1408. gr.) er fjallað um þjónustu, þó ekki fjármálaþjónustu.

Í 1401. gr. er fjallað um umfang þjónustustarfseminnar en í viðauka 1408 er greinin útfærð og taldar upp 150 þjónustugreinar, þ. á m. á sviði landbúnaðar, t.d. uppskeruþjónusta. Meðal annarra þjónustugreina eru byggingarþjónusta, vátryggingarþjónusta, fasteignaþjónusta, tölvuþjónusta, háþróuð fjarskiptaþjónusta, auglýsingaþjónusta, hótelpantanir, sérfræðiþjónusta, svo sem þjónusta verkfræðinga og arkitekta, bókhaldara og endurskoðenda, bókavarða og landbúnaðarráðgjafa, þjónusta á sviði upplýsingatengsla, viðgerða- og viðhaldsþjónusta, og stjórnunarþjónusta er tengist gistihúsum, byggingum og jafnvel smásöluverslun.

Undanþegin er menningarþjónusta, grundvallarþjónusta í fjarskiptum, svo sem símaþjónusta, flutningaþjónusta, lagaleg þjónusta og þjónusta stjórnvalda. Fyrir þrjár þjónustugreinar eru sérstakir viðaukar, þ.e. fyrir húsagerðarlist, ferðaþjónustu og loks tölvuþjónustu og þróaða þjónustu á grundvelli fjarskiptakerfis. Taka þessir viðaukar til vissra atriða varðandi þjónustugreinarnar og kveða á um viðbótarskyldur. Hvatt er til þess að fleiri þjónustugreinaviðaukar séu gerðir. Þá er skýrt nánar í greininni hvað felist í þjónustu, hún taki t.d. til sölu og afhendingar á þjónustu. Í skrá með viðauka 1408 kemur fram að í sumum greinum takmarkast þjónustufrelsið við stjórnunarstörf.

Í 1.-3. mgr. 1402. gr. um réttindi og skyldur felst að veita skal aðila frá öðru samningsríkinu jafnréttiskjör í hinu samningsríkinu, þ.e. eigi lakari kjör en innlendum aðilum. Í fylkjum má eigi veita aðilum frá hinu samningsríkinu lakari kjör en innlendum aðilum úr öðrum fylkjum samningsríkis. Í vissum tilvikum má gera undantekningar frá jafnréttiskjarameðferð, m.a. af heilbrigðis- og öryggisástæðum eða neytendaverndarsjónarmiðum. Á þeim aðila, sem vill veita aðilum frá hinu samningsríkinu

lakari kjör, hvílir samkvæmt 4. mgr. 1402. gr. sönnunarbyrði um það að slíkt sé í samræmi við undanþáguákvæði samningsins.

Athyglisvert ákvæði er í 5. mgr. 1402. gr. Segir þar að ákvæði 1.-3. mgr. 1402. gr. um jafnréttiskjör taki ekki til gildandi reglna sem veiti ekki slík kjör, heldur ekki til framlengingar á eða skjótrar endurnýjunar á slíku lakara ákvæði eða breytingu á slíku ákvæði svo framarlega sem breytingin feli ekki í sér að kjör aðila frá hinu samningsríkinu versni frá því sem verið hefur. Þetta er mikilvæg undantekning frá aðalreglunni um jafnréttiskjör á sviði þjónustustarfsemi. Sönnunarbyrðin í þessu sambandi hvílir á þeim samningsaðila sem vill veita lakari kjör. Ákvæðin um jafnréttiskjör taka og til fyrirtækja.

Þótt ákvæði 1.-3. mgr. 1402. gr. um jafnréttiskjör séu uppfyllt skulu ráðstafanir aðila, m.a. krafa um viðskiptalega návist, ekki fela í sér gerræðisfulla eða óréttlætanlega mismunum milli aðila samningsríkjanna né dulin höft á tvíhliða þjónustuviðskipti í þeim greinum sem samningurinn tekur til. Ákvæði kaflans fela hvorki í sér skyldur né réttindi samningsaðila með tilliti til reglna um opinber innkaup eða styrki.

Í 1403. gr. um leyfi og viðurkenningu kemur fram að ráðstafanir samningsaðila varðandi leyfi og viðurkenningu á einstaklingum, sem láta í té samningsbundna þjónustu, skuli aðallega snúa að hæfni þessara einstaklinga eða getu þeirra til að láta þjónustuna í té. Ekki á að mismuna þeim varðandi möguleika á að fá leyfi eða viðurkenningu. Þá er hvatt til gagnkvæmrar viðurkenningar á kröfum um leyfi til handa einstaklingunum og viðurkenningu á þeim. Einstaklingar merkja hér þá sem eru ríkisborgarar eða hafa heimilisfesti í samningsríki.

Í 1404. gr. segir að ákvæði 14. kafla taki til viðauka varðandi einstakar þjónustugreinar nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim viðaukum.

Samkvæmt 1405. gr. skulu aðilar leitast við að auka skyldur samkvæmt þjónustukaflanum og stefna að því að breyta eða fella niður ráðstafanir sem eru í ósamræmi við meginregluna um þjóðleg kjör, svo og semja nýja þjónustugreinaviðauka. Þá skulu aðilar reglulega athuga og ráðgast við um ákvæði kaflans í því skyni að bæta nýjum þjónustugreinum á lista og kanna möguleika á enn betri aðgangi að þjónustumörkuðum hvor annars.

Samkvæmt 1406. gr. má neita um fríðindi samkvæmt þjónustukaflanum ef þjónusta er óbeint veitt af einstaklingi eða fyrirtæki frá þriðja landi. Sönnunarbyrðin hvílir á þeim samningsaðila sem vill ekki veita fríðindi.

Í 1407. gr. segir að ákvæði þjónustukaflans taki ekki til nýrra skatta enda sé ekki með

skattheimtunni verið að mismuna aðilum frá samningsríkjunum með gerræðislegum eða óréttlætanlegum hætti ellegar skattarnir feli í sér dulin höft í þeim þjónustuviðskiptum ríkjanna sem falla undir samninginn.

Skilgreiningar er að finna í 1408. gr., þar á meðal á þeirri þjónustu sem samningurinn tekur til (tilvísun í viðauka 1408).

Fríverslunarsamningur Norður-Ameríku gengur lengra en fríverslunarsamningur Bandaríkjanna og Kanada og er viðbótin fólgin í opnun nýrra þjónustumarkaða kanadíska ríkisins og fylkjanna.

Fríverslunarsamningur Norður-Ameríku nær ekki til flutninga í lofti eða á sjó nema landþjónustu í höfnum, t.d. fermingu, affermingu og hafnarbakkaþjónustu.

Hvað snertir byggingar- og verkfræðiþjónustu opnar fríverslunarsamningur Norður-Ameríku innan tíu ára ríkisinnkaupamarkaði fyrir vörur og þjónustu sem tengjast byggingastarfsemi. Við þetta getur opnast umfangsmikill aðgangur að verkefnum á sviði orkumála og í vegagerð. Kanada samþykkti að ganga lengra en gert er í fríverslunarsamningi Bandaríkjanna og Kanada þannig að bandarísk fyrirtæki gætu látið í té byggingarþjónustu í Kanada. Samkvæmt samningnum skal fella úr gildi fyrir 1996 allar kröfur um heimilisfesti þeirra sem láta í té sérfræðiþjónustu. Þetta gildir þó ekki um venjulega verkamenn í byggingariðnaði.

Hér skal ítreka að í svari utanríkisráðherra til Alþingis haustið 1992 kom fram að í gildi er loftferðasamningur milli Íslands og Bandaríkjanna sem veitir Íslendingum möguleika á allri venjulegri flugþjónustu. Þá segir í svarinu að öll flutningastarfsemi á sjó sé líka frjáls í venjulegum viðskiptatilgangi en sérstakar reglur gildi um flutninga fyrir bandarísk hermálayfirvöld. Varðandi aðra þjónustu sé ekki um formlegan samning að ræða en hins vegar sé tiltölulega frjálst fyrir Íslendinga að stunda þjónustustarfsemi í Bandaríkjunum að uppfylltum almennum skilyrðum. Fara þarf nánar í saumana á þessu með tilliti til ákvæða fríverslunarsamnings Bandaríkjanna og Kanada, m.a. varðandi undanþáguákvæði um flutningastarfsemi. Einnig segir í svarinu að í Úrúgvæviðræðunum liggi fyrir drög að samningi um þjónustuviðskipti sem nái til allra sviða þjónustustarfsemi. Úrúgvæviðræðunum lauk 15. desember 1993 og verður Úrúgvæsamningurinn undirritaður á ráðherrafundi í Marokkó 12.-15. apríl 1994. Gert er ráð fyrir að samningurinn öðlist gildi á fyrri helmingi ársins 1994, eins og áður er rakið í kafla F.

EFTA-samningurinn og fríverslunarsamningur Íslands við EBE taka ekki á

þjónustuviðskiptum eins og fríverslunarsamningur Bandaríkjanna og Kanada sem reyndar snýr að framtíðarráðstöfunum. Þjónustufrelsisákvæði EES-samningsins ganga mun lengra. Taka má fram að í EFTA-samningnum er kveðið á um jafnréttiskjör í sambandi við stofnun og rekstur fyrirtækja á nánar tilteknu sviði sem tengist vöruviðskiptum samningsaðila. Athyglisvert er að ákvæði 18. kafla fríverslunarsamningsins milli Bandaríkjanna og Kanada varðandi lausn deilumála taka til þjónustuviðskipta.

Eitt af afsprengjum Úrúgvæviðræðnanna er sérstakur samningur um þjónustuviðskipti, sem fyrr segir, þannig að um þessa mikilvægu tegund heimsviðskipta munu gilda alþjóðlegar reglur sem svipar til þeirra sem gilda um viðskipti með vörur. Til þjónustu teljast m.a. þjónusta ýmissa sérfræðinga, fjarskipti, flutningastarfsemi og fjármálaþjónusta. Gerður hefur verið rammasamningur um þjónustuviðskipti í heild sinni sem kallast „Hið almenna samkomulag um þjónustuviðskipti“ (General Agreement on Trade in Services - GATS). Rammasamningnum fylgja síðan viðaukar um einstök þjónustusvið og upphafsskuldbindingar um markaðsaðgang o.fl. sem festar eru á sérstakar skrár. Aðalreglan í rammasamningnum er reglan um bestu kjör sem er hliðstæð aðalreglu GATT-samningsins um vörur. Í reglunni felst að óheimilt er að mismuna ríkjum þannig að einu ríki séu veitt ákveðin réttindi eða ívilnanir, t.d. í formi markaðsaðgangs fyrir ákveðna tegund þjónustu, heldur verður að veita öllum öðrum aðilum að þjónustusamkomulaginu sömu kjör á jafnréttisgrunni. Unnt er þó að semja um frávik frá reglunni sem birt eru í skrám. Í samkomulaginu eru magntakmarkanir í þjónustuviðskiptunum bannaðar sem aðalregla. Undanþágur þarf að birta í skrám. Ekki má mismuna erlendum þjónustuaðilum sem fengið hafa markaðsaðgang og eru í samkeppni við innlenda þjónustuaðila. Undanþágumöguleiki er fyrir hendi. Þá er í samkomulaginu m.a. gert ráð fyrir samningaviðræðum um aukið frelsi frá því sem yrði í upphafi.

Með rammasamningnum fylgja sex viðaukar varðandi einstök þjónustusvið og er þar tekið tillit til sérstaks eðlis þeirra með sérstökum lausnum. Viðaukarnir eru um 1) undanþágur frá II. gr. samningsins, en í II. gr. er að finna regluna um bestu kjör, 2) starfsréttindi einstaklinga í þjónustugreinum en atvinna sérhæfðs starfsfólks getur verið nauðsynlegur þáttur í veitingu þjónustu og þar af leiðandi aðgangi að þjónustumarkaði, 3) fjármálaþjónustu, 4) fjarskipti, 5) flugþjónustu og 6) samningaviðræður um grunn þjónustu fyrir fjarskipti. Norðurlöndin höfðu frumkvæði að samningu draga að viðauka um flutninga á sjó en svo fór að ekki náðist samkomulag með samningsaðilum um hve langt ætti að ganga á því sviði og var það að lokum fellt niður. Þó var ákveðið að taka aftur upp viðræður og skal ljúka þeim

innan sex mánaða frá gildistöku samningsins. Sama niðurstaða varð á sviði kvikmynda- og sjónvarpsefnis. Þá var sett inn bráðabirgðaákvæði varðandi fjármálaþjónustu en samningsaðilar hafa rétt til að breyta tilboðum sínum fjórum mánuðum eftir gildistöku samningsins og hafa til þess sextíu daga.

Auk samningákvæða í rammasamkomulaginu og sérstöku viðaukunum hafa ríki lagt fram sérstakar skrár um upphafsskyldur í þjónustuviðskiptum eins og áður sagði. Í skránum er tilgreint hvernig aðgangi að þjónustumarkaði sé háttað. Þannig er það frelsi, sem fyrir hendi er, fest í sessi og einnig er stefnt að aukningu þess. Samningaviðræðurnar um upphafsskyldurnar fóru einkum fram tvíhliða á grundvelli tilboða og krafna. Lagði Ísland auk annarra ríkja fram tilboð.

Í Úrúgvæviðræðunum var m.a. stefnt að því að setja nýjar reglur um lausn deilumála til að auka réttaröryggi. Slíkt kann einkum að gagnast smærri ríkjum. Þá er gert ráð fyrir því að sérstakri stofnun verði komið á fót Alþjóðaviðskiptastofnuninni (World Trade Organization - WTO) er taki við starfsemi GATT, sem ekki hefur talist formleg stofnun, og nýrri starfsemi á grundvelli samningaviðræðanna, m.a. starfsemi á sviði þjónustuviðskipta.

15. Atvinnuréttur

Í 15. kafla samningsins (1501.-1506. gr.) er fjallað um tímabundna dvöl viðskiptamanna í öðru samningsríki en sínu eigin.

Samkvæmt 1501. gr. um almenna grundvallarreglu segir að ákvæði kaflans endurspegli sérstök viðskiptatengsl samningsaðilanna, svo og nauðsyn þess að auðvelda tímabundna dvöl viðskiptamanna og setja skýrar reglur þar um, tryggja öryggi á landamærum, vernda innlent vinnuafl og tryggja stöðuga atvinnu.

Samkvæmt 1506. gr. merkir viðskiptamaður þann ríkisborgara samningsríkis sem fæst við viðskipti með vörur eða þjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi.

Í 1502. gr. er vísað í viðauka 1502.1 sem afmarkar hverjir séu viðskiptaaðilar. Þar er í skrá 1 rætt um sjö mismunandi starfssvið. Um er að ræða: 1) rannsóknir og hönnun, 2) ræktun og framleiðslu, 3) markaðssetningu, 4) sölustarfsemi, 5) dreifingu, 6) þjónustu eftir sölu og 7) almenna þjónustu. Að sjálfsögðu þarf að gæta reglna á sviði heilbrigðismála, öryggismála og þjóðaröryggismála. Hvor aðili um sig þarf að birta lög sín og reglur og láta í té skýringargögn. Gjöld vegna meðferðar umsókna skal miða við kostnað. Veita skal hinum aðilanum upplýsingar um þessi mál eftir þörfum og varast að draga úr eða tefja

viðskipti með vörur eða þjónustu, svo og fjárfestingarstarfsemi samkvæmt samningnum.

Um fjóra flokka viðskiptamanna mun vera að ræða: 1) viðskiptaferðamenn, viðskiptaaðila og fjárfesta sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við eftirlit, stjórnun eða hafa nauðsynlega hæfileika eða þeir eiga að þróa eða stýra starfsemi, 2) sérfræðinga sem skráðir eru á sérstakri skrá og 3) menn sem fluttir eru til innan fyrirtækis enda uppfylli þeir viss skilyrði, séu t.d. meira en ár í starfi.

Samkvæmt 1503. gr. er gert ráð fyrir samráði milli starfsmanna útflytjendaeftirlits samningsaðilanna a.m.k. einu sinni á ári.

Samkvæmt 1504. gr. um lausn deilumála geta samningsaðilar nýtt sér ákvæði 18. kafla samningsins, stofnanaákvæðin, í tengslum við framkvæmd ákvæðanna um tímabundna dvöl viðskiptamanna. Þó má ekki láta reyna á ákvæði 1806. og 1807. gr. um gerð og deilunefnd vegna neitunar á tímabundinni dvöl nema um meira en einangrað tilvik sé að ræða og leitað hafi verið allra leiða til að leysa mál innan stjórnsýslunnar.

Í 1505. gr. er fjallað um tengsl 15. kafla við aðra kafla samningsins. Ákvæði þessa kafla samningsins eru ekki sambærileg við ákvæði EFTA-samningsins þar sem EFTA-reglurnar um frjálsa för framkvæmdastjóra og annarra lykilstarfsmanna takmarkast við starfsemi sem snerta vöruviðskipti. EFTA-reglurnar taka heldur ekki til þjónustu. Þá ná ákvæði EFTA-samningsins um fjárfestingu mjög skammt. Vinnufrelsisákvæði EES-samningsins ná hins vegar lengra, eru ekki takmörkuð við viðskiptamenn.

Samkvæmt fríverslunarsamningi Norður-Ameríku verður auðveldara fyrir viðskiptamenn að dveljast í öðrum samningsríkjum og gagnast það einkum þeim sem dveljast alllangan tíma þar og veita þjónustu. Þarf jafnvel ekki annað en að sanna ríkisborgararétt sinn í samningsríki og sýna fram á viðskiptatilgang til að geta unnið fimm ár í viðkomandi ríki. Í samningnum er skrá um einstaklinga sem koma hér til greina og þurfa menn yfirleitt að hafa háskólagráðu eða sérfræðimenntun. Meðal slíkra einstaklinga teljast arkitektar, rannsóknamenn, hönnuðir, markaðssérfræðingar, sölumenn, þeir sem veita sérstaka þjónustu eftir sölu, einstaklingar sem veita fjármálaþjónustu, sérfræðingar á sviði almannatengsla, ferðaskrifstofumenn, túlkar, tannlæknar, læknar, vísindamenn og kennarar.

Svo sem fram kemur annars staðar er í Úrúgvæviðræðunum GATT gert ráð fyrir sérstökum viðauka á þjónustusviðinu til að tryggja starfsréttindi sérhæfðs starfsfólks.

16. Fjárfestingar

Samkvæmt 1601. gr. er aðalreglan sú að ákvæði kaflans taki til hvers kyns ráðstafana samningsaðila varðandi fjárfestingar. Undantekningar eru fjárfesting sem snertir fjármálaþjónustu að undantekinni tryggingaþjónustu. Fjárfesting, sem snertir opinber innkaup eða flutningaþjónustu, fellur heldur ekki undir þennan kafla samningsins. Þá þarf fjárfesting á þjónustusviði að tengjast þeim þjónustugreinum sem falla undir samninginn.

Samkvæmt 1. mgr. 1602. gr. skulu fjárfestingaraðilar njóta jafnréttiskjara, þ.e. ekki lakari kjara en innlendir aðilar í hinu samningsríkinu að því er varðar stofnun nýrra viðskiptafyrirtækja, kaup á slíkum fyrirtækjum, rekstur þeirra og sölu.

Samkvæmt 2. mgr. 1602. gr. er aðalreglan sú að ekki skuli gera kröfu um eignaraðild innlendra aðila að viðskiptafyrirtækjum. Þá skal heldur ekki samkvæmt 3. mgr. sömu greinar knýja fjárfesta sökum þjóðernis síns einvörðungu til að selja eða ráðstafa á annan hátt fjárfestingu í hinum samningsríkjunum.

Samkvæmt 4. mgr. 1602. gr. skal fylki í Bandaríkjunum eða Kanada veita aðila frá hinu samningsríkinu jafngóð kjör varðandi fjárfestingu og veitt er aðila frá öðrum fylkjum sama ríkis. Samkvæmt 5. mgr. getur Kanada gert ráðstafanir er tengjast fyrirtækjum í rekstri á gildistökudegi samningsins þótt andstæðar séu meginreglunni um þjóðleg kjör í 1. mgr. og reglunni í 2. mgr. enda snerti ráðstöfunin beina eða óbeina eignaraðild að viðkomandi viðskiptafyrirtæki. Samkvæmt 6. mgr. skal hin nýja ráðstöfun þó ekki fela í sér auknar takmarkanir með hliðsjón af 1. og 2. mgr. né auknar takmarkanir varðandi eignarhaldsmöguleika. Átt er við fyrirtæki í eigu Kanada, fylkis þar eða ríkisfyrirtækis. Undantekning felst í 7. mgr. þannig að ákvæði 1. og 2. mgr. gildi.

Í 8. mgr. er að finna möguleika á mismunandi kjörum með hliðsjón m.a. af heilbrigðis, öryggis- eða neytendasjónarmiðum. Sönnunarbyrðin hvílir á þeim sem veita vill mismunandi kjör.

Í 1603. gr. er fjallað um svokallaðar árangurskröfur. Samkvæmt þeirri grein má m.a. ekki gera kröfu til þess að ákveðinn hluti vöru eða þjónustu sé fluttur út eða keypt sé vara og þjónusta í dvalarlandinu í staðinn fyrir innflutta vöru eða þjónustu. Jafnvel getur verið nauðsynlegt að takmarka kröfur til fjárfesta frá þriðja ríki til að komast hjá því að krafan hafi umtalsverð áhrif á viðskipti milli samningsríkjanna tveggja.

Samkvæmt 1604. gr. um eftirlit má fara fram á upplýsingar frá fjárfestingaraðila. Gæta skal nauðsynlegs trúnaðar varðandi meðferð upplýsinga.

Samkvæmt 1605. gr. skal hvorki beint né óbeint þjóðnýta fjárfestingu eða taka hana eignarnámi nema almannaheill krefji og fleiri skilyrði séu til staðar.

Í 1606. gr. segir að hvorugur samningsaðila skuli girða fyrir yfirfærslu ágóða o.fl. úr landi nema þegar slíkar takmarkanir leiðir af reglum um gjaldþrot, skattgreiðslur o.fl.

Í 1607. gr. segir að ákvæði 1602.-1606. gr. um fjárfestingu, þar á meðal aðalreglan um jafnréttiskjör, taki ekki til gildandi reglna sem séu í ósamræmi við aðalregluna né um framlengingu, skjóta endurnýjun eða breytingar á þeim enda feli breytingarnar ekki í sér enn lakari kjör en verið hafi. Sönnunarbyrðin hvílir á þeim samningsaðila sem vill halda fram lakari kjörum en samkvæmt meginreglu samningsins. Í greininni er einnig að finna ákvæði sem snertir endurkaup Kanadamanna á fyrirtækjum í svokölluðum menningariðnaði en samningurinn tekur ekki til hans.

Ákvæði 1608. gr. fjalla um deilumál. Þar er að finna ákvæði um ákvörðunarvald Kanada í tengslum við kanadísku fjárfestingarlögin en þá kemur ekki til lausnar deilumála á grundvelli samningsins. Einnig er í greininni m.a. vísað til GATT-reglna um lausn deilumála. Þá er vikið að lausn deilumála á grundvelli starfs gerðardóms eða sérstakrar deilunefndar.

Í 1609. gr. um skattlagningu og styrki er aðalreglan sú að ákvæði 16. kafla taki ekki til nýrra skatta enda feli þeir ekki í sér gerræðisfulla eða óréttlætanlega mismunun milli fjárfesta samningsríkjanna eða duldar takmarkanir á því hagræði sem fjárfestum er veitt í samningnum. Þá er aðalreglan nú sú að ákvæði kaflans taki ekki til styrkja. Svipaðar undantekningar eru um skattlagningu.

Aðilar skulu samkvæmt 1610. gr. leitast við að gera umbætur á reglum um fjárfestingu í Úrúgvæviðræðunum og á grundvelli annars alþjóðlegs samstarfs.

Ýmsar skilgreiningar eru að finna í 1611. gr. Í skilgreiningu á fjárfestingu felst m.a. það skilyrði að fjárfestir stýri viðkomandi fjárfestingu. Fjárfestingaraðili getur og verið annað hvort samningsríkjanna eða stofnun þess og fylki í öðru hvoru ríkinu eða stofnun viðkomandi fylkis. Þá er vísað í 2012. gr. varðandi skilgreiningu á menningariðnaði sem samkvæmt þeirri grein tekur m.a. til útgáfu bóka, tímarita og dagblaða, framleiðslu og sýningar kvikmynda, framleiðslu myndbanda og hljómplatna, svo og starfsemi hljóðvarps og sjónvarps. Menningariðnaðurinn er almennt undanþeginn samningnum samkvæmt 2005. gr. hans.

Samkvæmt 2010. gr. samningsins geta samningsríkin haldið við eða sett á stofn einkasölufyrirtæki. Tilkynningarskylda er fyrir hendi í vissum tilvikum og þess skal gætt að ráðstafanir á þessu sviði hafi ekki óheppileg áhrif með tilliti til fríverslunarsamningsins.

Engin sambærileg ákvæði varðandi fjárfestingu eru í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við Efnahagsbandalag Evrópu.

Í fríverslunarsamningi Norður-Ameríku felast rýmri möguleikar en í fríverslunarsamningi Bandaríkjanna og Kanada að því er varðar fjárfestingu í Kanada, nánar tiltekið á sviði fasteigna- og verðbréfaviðskipta, tækni og annarra greina.

Í fríverslunarsamningi Norður-Ameríku er m.a. gert ráð fyrir því að Bandaríkjamenn og Kanadamenn geti fjárfest í raforkuframleiðslu í Mexíkó með vissum takmörkunum. Einnig geta opnast vissir fjárfestingarmöguleikar á sviði olíuefnaframleiðslu.

Í Norður-Ameríkusamningnum eru þó ýmsar undanþágur á frelsi til fjárfestingar, t.d. hvað Kanada varðar á sviði náttúruauðlinda, m.a. í orkumálum. Þá hafa öll samningsríkin þrjú takmarkanir varðandi eignaraðild aðila frá hinum samningsríkjunum í skipafélögum, flugfélögum, útvarpi og útgerðarfyrirtækjum.

Eftirlit með fjárfestingum af hálfu stjórnvalda er bundið við hátt mark, t.d. 150 milljónir Bandaríkjadala þegar fjárfest er í Mexíkó. Þetta getur greitt fyrir fjárfestingum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Á svið fjárfestingarmála er gert ráð fyrir sérstakri aðferð við lausn deilumála. Sérstök gerðarnefnd útkljáir deilumál um þjóðnýtingu eða fjárfestingarvandamál af öðru tagi. Hefur nefndin fjárhagslegt úrskurðarvald.

V. Fjármálaþjónusta

Í V. hluta samningsins og jafnframt 17. kafla (1701.-1706. gr.) hans er fjallað um fjármálaþjónustu.

17. Fjármálaþjónusta

Í 1701. gr. segir að ákvæði 1701.-1706. gr., svo og nokkrar aðrar greinar, fjalli um fjármálaþjónustu en aðrar greinar ekki. Hinar tilgreindu greinar eru 1601. gr. um svið fjárfestingar, 2001. gr. um skattasamninga, 2002. gr. um greiðslujafnvægi, 2003. gr. um hugverkaréttindi, 2010. gr. um einkasölur, 2101. gr. um hagskýrslur, 2104. gr. um viðauka, 2105. gr. um gildistöku samningsins og 2106. gr. um gildistíma og uppsögn hans. Þá segir í sömu grein að ákvæði V. hluta, að undanskilinni 1601. gr. um fjárfestingu sem vísað er til í 1701. gr., taki ekki til stjórnmálalegra umdæma í samningsríkjunum.

Í 1702. gr. er greint frá skyldum Bandaríkjanna á sviði fjármálaþjónustu. Heimila skal bönkum að versla með verðbréf Kanada og umdæma þar í landi. Þá skulu bankar, sem stýrt

er frá Kanada, ekki njóta lakari kjara en þeir höfðu 4. október 1987 varðandi stofnun eða rekstur útibúa. Þá skulu fjármálastofnanir, sem stýrt er frá Kanada, njóta sömu kjara og bandarískar fjármálastofnanir. Réttindi á sviði fjármálastofnana skulu haldast.

Samkvæmt 1703. gr. um skuldbindingar Kanada skulu bandarískir aðilar, sem venjulega hafa aðsetur í Bandaríkjunum, ekki sæta takmörkunum varðandi eignarhald í fjármálastofnunum sem Kanadamenn fara með yfirráð í. Þessi skuldbinding nær þó ekki til fjármálastofnana sem komið er upp í fylkjum Kanada.

Samkvæmt 2. mgr. 1703. gr. gilda takmarkanir á eignaraðild í erlendum útibúum banka í Kanada ekki um útibú sem Bandaríkjamenn hafa yfirráð í.

Kanada skal ekki nota eftirlitsvald í tengslum við stjórnun fjármálastofnana undir bandarískum yfirráðum á þann hátt að það samræmist ekki markmiðum samningsins um fjármálaþjónustu. Þetta er mælt fyrir um í 3. mgr. 1703. gr.

Í 4. mgr. 1703. gr. segir að fjármálastofnanir undir bandarískum yfirráðum skuli njóta þeirra réttinda sem þær hafi í Kanada.

Samkvæmt þessu halda fjármálastofnanir viðkomandi landa réttindum þeim sem þær höfðu 4. október 1987 í hinu landinu. Einnig mun aukið frjálsræði í fjármálaþjónustu síðar falla í skaut fjármálastofnana sem borgarar hins samningsaðilans hafa yfirráð yfir. Hugtakið bankaþjónusta er skylt samsvarandi hugtaki í 2. bankatilskipun ESB en þar er hugtakið þó víðara og skýrgreint í meiri smáatriðum.

Reglur samningsins um lausn deilumála ná ekki til fjármálaþjónustu, að undanskilinni vátryggingarþjónustu, en þess í stað hafa báðir aðilar samið um að hafa samráð hvor við annan í því skyni að leysa deilumálin.

Samkvæmt fríverslunarsamningi Norður-Ameríku er gert ráð fyrir sérstöku kerfi, er stjórnvöld standa að, til lausnar deilumála svo að unnt sé að leysa hratt deilur á sviði banka-, verðbréfa- og tryggingarmála.

Svo sem áður hefur komið fram tekur Úrúgvæsamningurinn á vegum GATT til þjónustu, m.a. fjármálaþjónustu.

VI. Stofnanir

18. Stofnanir

Stofnsett er viðskiptanefnd sem fjallar um framkvæmd samningsins og deilumál. Aðilum er frjálst að fara með deilur fyrir hana eða GATT. Í nefndinni sitja viðskiptaráðherrar

landanna og kemur hún saman a.m.k. einu sinni á ári. Ef lausn finnst ekki getur annar hvor aðilinn krafist að málið fari fyrir gerðardóm. Málið fer síðan aftur fyrir nefndina og ef ekki finnst lausn eru engin úrræði önnur en að fella niður framkvæmd samningsins að hluta (hliðstætt EES-samningnum).

19. Lausn deilumála

Sérákvæði gilda um undirboðs- og jöfnunartolla. Beita skal ákvæðum GATT.

VII. Önnur ákvæði

20. Önnur ákvæði

Í þessum kafla eru ýmis undantekningaákvæði varðandi öryggismál og menningarmál.

VIII. Lokaákvæði

21. Lokaákvæði

Hér eru ákvæði um birtingu og gildistöku.

I. NAFTA-SAMNINGURINN

(1) AÐALSAMNINGUR

Að neðan er samantekt á Fríverslunarsamningi Norður-Ameríku (North American Free Trade Agreement - NAFTA) milli Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó. Notast er við sömu kaflaskiptingu og í samningnum.

I. Almennur hluti

1. Markmið

Að koma á með formlegum hætti á fríverslunarsvæði milli Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó í samræmi við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT), að afnema viðskiptahindranir, að stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum og auka tækifæri til fjárfestinga. Samningurinn kveður á um að NAFTA skuli hafa forgang yfir aðra samninga að svo miklu leyti sem þeir stangast á.

2. Skilgreiningar

Í þessum kafla eru skilgreind orð og hugtök sem varða samninginn.

II. Vöruviðskipti

3. Jafnréttiskjör og markaðsaðgangur fyrir vörur

Aðildarríki skulu veita vörum frá öðrum aðildarríkjum jafnréttiskjör („national treatment", sbr. III. gr. GATT). Tollar verða annaðhvort afnumdir strax eða smátt og smátt á 5 eða 10 árum, en á 15 árum fyrir viðkvæmar vörur, frá 1. janúar 1994 þegar samningurinn gekk í gildi.

a. Viðauki 300-A: Viðskipti og fjárfesting í bílaiðnaði

Aðildarríkin hafa samþykkt að afnema smátt og smátt viðskiptahindranir sín á milli á þessu sviði en hafa jafnframt hert á upprunareglum sem varða þriðju ríki (sbr. 4. kafla um upprunareglur).

b. Viðauki 300-B: Vefnaðarvörur og fatnaður

Fjallað er um viðskipti með spunaefni, garn, vefnað og fatnað á Norður-Ameríkumarkaðinum. Gildissvið NAFTA verður þannig að samningurinn hefur forgang yfir núverandi samninga eða framtíðarsamninga um viðskipti með vefnaðarvörur eða fatnað, þ. á m. vefnaðarvörusamninginn („Multi-Fibre Agreement").

4. Upprunareglur

Þær grundvallarreglur, sem gilda í NAFTA um uppruna vöru, eru þær sömu og gilda innan EES. Til þess að reikna út virðisaukann skv. NAFTA er bæði beitt viðskiptavirðisaðferðinni („Transaction Value Method") og nettókostnaðaraðferðinni („Net Cost Method"). Varðandi bifreiðar hins vegar er skylt að nota nettókostnaðaraðferðina. Norður-amerískt innihald bifreiða hefur verið ákveðið 62,5% samanborið við aðeins 50% í fríverslunarsamningi Bandaríkjanna og Kanada (þótt útreikningsaðferðinni hafi verið breytt þannig að beinn samanburður er ekki mögulegur).

5. Tollameðferð

Upprunavottorð verða notuð sem staðfesta að vörur séu upprunar í einu þriggja aðildarríkja að samningnum. Ekki verður nauðsynlegt að nota slík vottorð þegar vörur eru innan við $US 1000 (um 70.000 kr.) virði. Þessi kafli er einnig um framkvæmdareglur og efndir samningsins, staðfestingu uppruna, viðurlög, eftirlit, áfrýjanir og almennar skilgreiningar.

6. Orkumál og grundvallarolíuvörur

Það sérstaka fyrirkomulag sem gildir um orkuviðskipti milli Bandaríkjanna og Kanada, sem lýst er í orkukaflanum í fríverslunarsamningi Bandaríkjanna og Kanada, mun gilda áfram milli þeirra. Í NAFTA er beitt GATT-reglunum. Ef gripið er til aðgerða vegna þjóðaröryggis mega þær ekki fela það í sér að samningsaðili grípi til eða viðhaldi innflutningshindrunum á orku eða grundvallarolíuvörum frá öðrum samningsaðila. Mexíkó hefur hins vegar tryggt sér undanþágu frá þessu ákvæði og er laust við allar skuldbindingar á þessu sviði.

7. Landbúnaður og heilbrigðisreglur dýra og plantna

Reglur fríverslunarsamnings Bandaríkjanna og Kanada um tolla og aðrar

viðskiptahindranir en tolla munu gilda áfram varðandi viðskipti með landbúnaðarvörur milli landanna. NAFTA-aðildarríkin þrjú hafa ákveðið að afnema alla tolla og aðrar viðskiptahindranir en tolla á landbúnaðarvörum á 15 ára tímabili nema varðandi mjólkurvörur, egg, kjúklinga og sykur.

Hvert aðildarríki má setja heilbrigðisreglur dýra og plantna sem eru nauðsynlegar til þess að vernda fólk, dýr og plöntur, þ. á m. strangari reglur en felast í alþjóðlegum stöðlum, leiðbeiningarreglum eða tillögum sem gilda á alþjóðavettvangi.

8. Öryggisráðstafanir

Ef innflutningur frá einu NAFTA-ríki skapar tjón eða gæti skapað tjón hjá iðnaði annars aðildarríkis getur það aðildarríki gripið til öryggisráðstafana þannig að tollalækkanir falla niður til bráðabirgða eða þeir tollar, sem giltu fyrir gildistöku NAFTA-samningsins, eru settir aftur á.

III. Tæknilegar viðskiptahindranir

9. Staðlar

Þessi kafli kveður á um rétt til þess að láta taka gildi staðla sem banna innflutning á vörum frá öðru aðildarríki sem uppfylla ekki skilyrði innflutningslands.

IV. Opinber innkaup

10. Opinber innkaup

Samningurinn um opinber innkaup nær lengra en núgildandi GATT-samningur um opinber innkaup sem bæði Bandaríkin og Kanada (en ekki Mexíkó) eru aðilar að. Hann nær eingöngu til fyrirtækja sem eru stofnsett á landssvæði hinna þriggja aðildarríkja NAFTA.

V. Fjárfestingar, þjónusta og skyld mál

11. Fjárfestingar

Aðildarríki skulu ekki mismuna fjárfestum í NAFTA og fjárfestingum þeirra gagnvart sínum eigin fjárfestum (jafnréttiskjarameðferð) eða fjárfestum frá þriðju ríkjum (bestu kjara meðferð).

12. Þjónustuviðskipti á milli landa

Ákvæðin um þjónustuviðskipti milli landa kveða á um grundvallarreglur og skyldur til þess að auðvelda slík viðskipti milli landanna þriggja. Aðildarríki skulu veita þjónustuaðilum annars aðildarríkis kjör sem ekki eru verri en það veitir eigin þjónustuaðilum.

Skilgreining hugtaksins þjónustuviðskipti milli landa nær til farar einstaklinga. Samkvæmt samningnum má ekkert aðildarríkin ákveða að þjónustaðili annars aðildarríkis setji upp eða viðhaldi skrifstofu eða sé búsettur í landinu sem skilyrði fyrir þjónustuviðskiptum milli landanna. Ákvæði þessa kafla eiga ekki við um fjármálaþjónustu, sbr. 14. kafla.

13. Fjarskipti

Hvert aðildarríki skal hafa aðgang að og not af opinberum fjarskiptakerfum og þjónustu (þ. á m. rásum sem leigðar eru til einkanota) sem veitt er á landssvæði þess eða yfir landamæri aðildaríkis.

Þessi ákvæði eiga eingöngu við þróaða þjónustu (eða virðisaukaþjónustu). Fjarskiptakerfin sjálf eru utan samningsins.

14. Fjármálaþjónusta

Almennt er viðurkennd sú meginregla að fjárfestar í einu aðildarríki geti sett upp fjármálastofnun á landsvæði annars NAFTA-ríkis.

Kanadamenn munu afnema hömlur á erlendri eignaraðild í kanadískum fjármálastofnunum og á heildareignum erlendra bankaútibúa í Kanada eingöngu gagnvart fyrirtækjum sem er stjórnað af bandarískum eða mexíkönskum ríkisborgurum (gildir ekki um bandarísk og mexíkönsk dótturfyrirtæki fjármálastofnana utan NAFTA).

15. Samkeppnisstefna, einkasölur og ríkisfyrirtæki

Aðildarríkin munu grípa til og viðhalda aðgerðum gegn viðskiptaháttsemi sem er skaðleg samkeppni og munu eiga samstarf varðandi framkvæmd samkeppnislöggjafar og önnur samkeppnismál.

Að því er varðar einkasölur og ríkisfyrirtæki er ekkert í samningnum sem kemur í veg fyrir að aðilar viðhaldi eða stofni slík fyrirtæki.

16. Bráðbirgðadvöl viðskiptamanna

NAFTA-samningurinn auðveldar á gagnkvæmisgrundvelli bráðabirgðadvöl viðskiptamanna á landsvæðum samningsaðilanna sem eru ríkisborgarar hinna þriggja aðildaríkja. Samningurinn skapar ekki sameiginlegan vinnumarkað.

VI. Hugverk

17. Hugverk

Til þess að vernda á fullnægjandi hátt hugverkaréttindi kveður NAFTA á um vissar skuldbindingar, þ. á m. varðandi höfundarétt, einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

Samþykkt var undanþága fyrir Kanada frá ákvæðum um hugverkaréttindi fyrir menningariðnaðinn.

VII. Ákvæði um framkvæmdaratriði og stofnanamál

18. Birting, tilkynningar og lagaframkvæmd

Heföbundnar reglur gilda á þessu sviði.

19. Málskot og lausn deilumála varðandi undirboðs- og jöfnunartolla

Aðildarríki halda réttinum til þess að beita undirboðs- og jöfnunartollalöggjöf sinni varðandi vörur sem eru fluttar inn frá landsvæði annars aðildarríkis.

Aðildarríki, sem greinir á, geta ákveðið að skjóta ágreiningi til NAFTA-nefndar frekar en að nota þau úrræði sem að gilda skv. GATT.

20. Stofnanamál og lausn deilumála

Komið er á stofnunum sem sjá um framkvæmd samningsins, þ. á m. viðskiptanefnd (þar sem sitja ráðherrar eða embættismenn á ráðherrastigi sem eru tilnefndir af hverju aðildarríki) og skrifstofu sem starfar fyrir nefndina.

XIII. Önnur ákvæði

21. Undanþágur

Undanþágur ná m.a. til ákvæða um þjóðaröryggi, skattamál og greiðslujöfnuð. Að því er varðar hugverkaiðnaðinn þá gilda ákvæði fríverslunarsamnings Bandaríkjanna og Kanada.

22. Lokaákvæði

Meðal lokaákvæða eru:

(a) Aðild. Hvaða ríki eða ríkjahópur sem er getur gerst aðili að samningnum með þeim skilmálum og skilyrðum sem um semst milli upprunalegu NAFTA-ríkjanna og slíks ríkis eða ríkjahóps.

(b) Uppsögn. Aðildarríki geta sagt upp samningnum sex mánuðum eftir að það tilkynnir skriflega hinum samningsaðilanum um uppsögn. Ef það segir upp samningnum þá heldur samningurinn gildi milli þeirra aðila sem eftir eru.

(2) HLIÐARSAMNINGAR

Eftir að Clinton Bandaríkjaforseti tók við völdum snemma á s.l. ári tilkynnti hann að bæta þyrfti NAFTA-samninginn á nokkrum sviðum, m.a. á sviði umhverfismála, atvinnumála og skynidiaukningu innflutnings. Afraksturinn varð gerð þriggja hliðarsamninga við NAFTA-samninginn sem samkomulag náðist um haustið. Aðildarríki NAFTA eru einnig aðilar að þessum samningum.

1. Samningur Norður-Ameríku um samvinnu í umhverfismálum

Með samningnum er sett á stofn samvinnunefnd umhverfismála, umhverfismálaráð, þar sem eiga sæti æðstu embættismenn landanna þriggja á sviði umhverfismála, og skrifstofa umhverfismála ásamt framkvæmdastjóra. Samningurinn felur m.a. í sér eftirfarandi skuldbindingar:

a. Réttur einstaklinga til þess að fara með það fyrir dómstóla ef aðildarríki framkvæma ekki skuldbindingar á umhverfissviðinu eða til þess að sækja bætur fyrir tjón.

b. Setning laga og reglna um umhverfismál verði með opnum hætti.

c. Reglur á umhverfissviðinu setji ströng skilyrði.

d. Aðildarríkin framkvæmi reglurnar. Reglur um lausn deilumála eiga að tryggja slíka framkvæmd.

e. Fylki og héruð mega setja strangari umhverfiskröfur.

f. Aðildarríki verða að gefa skýrslur um umhverfismál og hvetja til rannsókna á því sviði.

g. Unnið skal að því að takmarka viðskipti með eiturefni sem bönnuð eru innanlands.

2. Samningur Norður-Ameríku um samvinnu í vinnumálum

Stofnanir þessa samnings eru hliðstæðar og í samningnum um samvinnu í umhverfismálum. Í ráðinu sitja ráðherrar landanna sem hafa með vinnumál að gera. Tilgangur samningsins er að bæta vinnumálalöggjöf í aðildarríkjum og aðbúnað á vinnustað, að tryggja að lögunum sé framfylgt, að hvetja til samkeppni á grundvelli bættra afkasta og gæða o.fl.

3. Samkomulag milli aðildarríkja Fríverslunarsamnings Norður-Ameríku varðandi 8. kafla: Öryggisráðstafanir.

Með þessum samningi er komið á nýju fyrirkomulagi til samráðs milli aðildarríkjanna ef skyndiaukning verður á innflutningi frá öðru aðildarríki. Vinnuhópur er settur á stofn til þess að fylgjast með því hvernig öryggisákvæði NAFTA-samningsins virka í framkvæmd og gera tillögur til úrbóta eftir þörfum.

J. SAMRÁÐ VIÐ HAGSMUNAAÐILA

Nefndin hefur m.a. haft samráð við eftirfarandi hagsmunaaðila varðandi gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin eða aðild að NAFTA:

1. Friðrik Pálsson, forstjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna;
2. Benedikt Sveinsson, framkvæmdastjóra Íslenskra sjávarafurða;
3. Hauk Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda;
4. Pál Sigurjónsson, stjórnarformaður Útflutningsráðs Íslands
5. Vilhjálm Egilsson, framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands;
6. Halldór Eyjólfsson, framkvæmdastjóra Samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi;
7. Harald Sumarliðason, formann Samtaka iðnaðarins.

Samráð var með þeim hætti að FBK og NAFTA-samningurinn voru kynntir og leitast var eftir viðbrögðum við þeirri hugmynd að Ísland gerði hliðstæðan fríverslunarsamning við Bandaríkin og/eða Kanada og Mexíkó, þó þannig að sóst yrði eftir sams konar undanþágum og náðust í EES-samningnum, t.d. varðandi fjárfestingar í sjávarútvegi.

Undirtektir voru jákvæðar hjá öllum sem talað var við, með fyrirvara um niðurstöðu samningaviðræðna. Vegna mikilvægis bandarískra markaðarins fyrir Ísland var talið eðlilegt að reyna að gera fríverslunarsamning við Bandaríkin. Einnig þótti eðlilegt að stefna að aðild að NAFTA.

Einstakir nefndarmenn hafa ennfremur kynnt NAFTA-samninginn á fundum með félögum sem þess hafa óskað, m.a. Alþjóðanefnd Verslunarráðsins og Félagi íslenskra stórkaupmanna. Á þeim fundum kom fram verulegur áhugi á gerð fríverslunarsamninga við ríki Norður-Ameríku.

K. HELSTU VALKOSTIR

Viðskiptaumhverfi Íslands er að verða fyrir miklum breytingum. Hinn 1. janúar s.l. tóku gildi bæði EES- og NAFTA-samningarnir. Ísland er í þeirri ákjósanlegu stöðu að liggja mitt á milli þessara tveggja stærstu markaðssvæða heims. Úrúgvæsamningur GATT mun taka gildi á næsta ári. Þessir þrír samningar marka vissulega þáttaskil í sögu heimsviðskiptanna og munu móta þau að verulegu leyti næstu árin. Íslensk stjórnvöld standa nú frammi fyrir því að ákveða með hvaða hætti íslenskir hagsmunir verði best tryggðir í þessu nýja umhverfi í framtíðinni.

Hver svo sem niðurstaðan verður, hvort Ísland ákveður að styrkja tengsl sín við Evrópu enn frekar en orðið er eða ekki, þá er afar mikilvægt að tryggja sem best viðskiptatengslin við Bandaríkin. Útflutningur íslenskra afurða getur sveiflast verulega milli ára og hlutfallsleg skipting útflutnings milli Bandaríkjanna og Evrópu. Útflutningur jókst um 51,1% til Bandaríkjanna milli áranna 1992 og 1993 og má ekki síst rekja það til sterkari stöðu dollars.

En hverra kosta er völ við eflingu viðskiptatengsla vestur um haf? Nefna má eftirfarandi:

(1) Tvíhliða fríverslunarsamningur

Tvíhliða fríverslunarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna, svipaður fríverslunarsamningi Norður-Ameríku, er ein leið sem kemur til greina. Eflaust verður hægt að taka tilliti til sérstakra hagsmuna Íslands á sama hátt og fordæmi eru fyrir í öðrum fríverslunarsamningum Bandaríkjanna. Íslendingar gætu m.a. haldið fram nálægðarsjónarmiðum svipað og gert var varðandi gerð fríverslunarsamnings Bandaríkjanna og Kanada. Þá kann að vera að sú staðreynd að Ísland tengist Evrópuríkjunum með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið auki líkurnar á því að Bandaríkin vilji ganga til samninga um fríverslun við Ísland.

(2) Fríverslunarsamningur Norður-Ameríku

Hugsanlega væri rétt að stefna að aðild að fríverslunarsamningi Norður-Ameríku (NAFTA) fremur en að gera tvíhliða viðskiptasamning við Bandaríkin og síðar hugsanlega

við fleiri ríki, t.d. Kanada og Brasilíu, sbr. gerð fríverslunarsamninga við Tyrkland og nokkur Evrópuríki. Í NAFTA-samningnum koma nýjustu fríverslunarhugmyndir Bandaríkjamanna fram. Samningurinn tekur til iðnaðarvara en einnig landbúnaðarafurða og sjávarafurða. Er hann hvað síðarnefnda atriðið snertir því nokkuð frábrugðinn Evrópusamningunum. Í þessu sambandi má samt hafa í huga GATT-niðurstöðurnar varðandi breytingu á viðskiptum með landbúnaðarvörur og reglur um þjónustuviðskipti. Einn af ókostunum við þennan valkost er sá að semja þarf við þrjá aðila, Bandaríkjamenn, Kanadamenn og Mexíkóbúa, í stað Bandaríkjamanna einna. Hið jákvæða er hins vegar að auknir möguleikar geta skapast á viðskiptum við Mexíkó þótt viðskiptin milli Íslands og Mexíkó hafi verið lítil sem engin að undanförnu. Tollar eru háir þar nú. Þá ber og að líta til þess að fleiri ríki í Ameríku gætu orðið aðilar að samningnum þegar fram líða stundir, t.d. Brasilía sem Ísland hefur samkvæmt framansögðu átt nokkur viðskipti við um langt skeið. Þótt um þróunarlönd sé að ræða eru þjóðartekjur á mann þar mjög misjafnar og geta verið vissir möguleikar á sölu íslenskra afurða til þessara landa. Stjórnsýsluvinna hér á landi myndi aukast nokkuð við aðild nýrra ríkja að fríverslunarsamningi Norður-Ameríku væri Ísland aðili að þeim samningi.

(3) Rammasamningur

Nefna má að Bandaríkjamenn gerðu hinn 6. nóvember 1987 rammasamning ("Framework Understanding") við Mexíkó þar sem gert er ráð fyrir grundvallarreglum um samráð varðandi tvíhliða viðskipti ríkjanna og ákvæðum um hvernig leysa eigi úr viðskiptadeilum. Ekki er einungis fjallað um viðskipti í þrengri merkingu heldur líka fjárfestingarmál. Samningurinn nær einnig til landbúnaðar. Slíkan samning kann að vera tiltölulega auðvelt að gera og getur hann síðar þróast yfir í fríverslunarsamning eins og gerðist hjá Bandaríkjunum og Mexíkó. Rammasamningur gæti verið sveigjanlegur hvað umfang snerti og kynni jafnvel að leiða til sérsamninga á einstökum sviðum síðar og þá í samræmi við GATT-reglur.

Bandaríkjamenn kunna þó að vilja fara þessa einföldu samningaleið þar eð hagsmunir þeirra af gerð fríverslunarsamnings eru ekki eins miklir og fyrir Ísland. Ef ekki tekst að ná slíkum samningi við Bandaríkin má ætla að þetta sé næst besti kosturinn fyrir Ísland.

Ókosturinn við þessa aðferð er fyrst og fremst sá að ekki er hægt að semja um sérstök kjör umfram aðrar þjóðir á vissum sviðum t.d. varðandi tolla. Slíkt myndi ekki samrýmast bestu kjara ákvæðum GATT. Sams konar ákvæði er í Úrúgvæsamningnum á þjónustusviðinu.

(4) Tvíhliða samningar um einstök mál

Einnig mætti hugsa sér að í stað þess að gera fríverslunarsamning við Bandaríkin þá yrðu gerðir margir smærri samningar til þess að leysa afmörkuð vandamál, t.d. um að bandarísk stjórnvöld viðurkenni heilbrigðisskoðun á Íslandi fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarvörur.

Þess skal getið að sjávarútvegsráðuneytið hefur hafið undirbúningsviðræður við matvælaeftirlit Bandaríkjanna (Food and Drug Administration) um gerð samnings sem m.a. myndi leiða til þess að eftirlitskerfi með framleiðslu íslenskra sjávarafurða verði viðurkennt af þeirra hálfu. Þannig yrði Fiskistofa samþykkt sem viðurkenndur eftirlitsaðili fyrir hönd bandarískra stjórnvalda hér. Megintilgangur samningsins er að tryggja að sjávarafurðir sem ætlaðar eru til neyslu í Bandaríkjunum uppfylli nýjar hertar reglur um meðferð og framleiðslu sjávarafurða sem taka gildi í byrjun næsta árs. Bandaríkjamenn hafa óskað eftir því að samningnum veri lokið um það leyti.

Annað dæmi væri samningur um gagnkvæmar fjárfestingar. Slíkur samningur getur m.a. auðveldað útgáfu dvalarleyfa í Bandaríkjunum fyrir íslenska viðskiptamenn.

Þessa leið, að gera marga tvíhliða samninga, reyndu Kanadamenn í upphafi, áður en til fríverslunarsamningsins kom, en hún reyndist ófær. Ástæðan var sú hagsmunaaðilar settu sig yfirleitt upp á móti öllu því sem annar aðilinn vildi gefa eftir. Þess vegna var nauðsynlegt að fjalla um viðskiptin heildstætt, til þess að geta sýnt fram á að þegar gefið er eftir á einu sviði, þá fékkst annað í staðinn á öðru.

(5) Engin frekari samningsgerð

Sé ekkert að gert getur það hugsanlega hamlað þróun útflutnings til Bandaríkjanna, bæði á núverandi framleiðslu og þeirri sem hér gæti verið unnin síðar. Tollar geta verið umtalsverðir á sumum vörutegundum, t.d. á ullarvörum virðast tollarnir í Bandaríkjunum nú vera frá um 10 til um 20% þrátt fyrir lækkun tolla á síðasta áratug, en munu nú væntanlega eitthvað lækka í kjölfar Úrúgvæsamningsins. Útflutningur þessara vara til Bandaríkjanna 1991 er að vísu mjög lítill, um 1/2% af heildarútflutningnum, og hefur því dregist mjög saman. Tilbúnir fiskréttir bera talsvert háa tolla eða allt að 15%, enda útflutningur þeirra mjög lítill. Ekki er endilega víst að slíkur útflutningur verði arðbær á næstu árum.

NIÐURSTAÐA

Chíle óskaði eftir því á sínum tíma að gera tvíhliða fríverslunarsamning við Bandaríkin, en lét þess jafnframt getið að NAFTA-aðild kæmi einnig til greina. Ekkert virðist vera því til fyrirstöðu fyrir Ísland að fylgja þessu fordæmi. Upphaflega var það svo, þegar Bandaríkin ákváðu að gera fríverslunarsamning við Mexíkó, þá voru það Kanadamenn sem óskuðu eftir því að koma að þeim samningi. Þeir töldu hættu á að missa þau fríðindi sem höfðu áunnist með FBK-samningnum. Ef Kanada hefði ekki orðið aðili að samningi Bandaríkjanna og Mexíkó þá hefði það getað dregið úr fjárfestingum þar. Eingöngu fyrirtæki staðsett í Bandaríkjunum hefðu haft tollfrjálsan aðgang að báðum mörkuðum.

Segja má að þessi afstaða Kanadamanna sýni í hnotskurn eitt meginviðfangsefni flestra ríkja hins vestræna heims undanfarin ár: að tryggja aðstöðu til erlendra fjárfestinga og tryggja markaðsaðgang fyrir sín fyrirtæki til þess að skapa aukin atvinnutækifæri og bæta lífskjör almennings. Ísland, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, er í þessari samkeppni. Það verður að tryggja atvinnurekstrinum samkeppnishæf rekstrarskilyrði á heimsmælikvarða hvort sem þau eru í eigu innlendra aðila eða erlendra. Að öðrum kosti er vandséð hvernig unnt er að tryggja íbúum landsins bætt lífskjör í framtíðinni.

Tafla 11.

L. TÖFLUVIÐAUKI

Ministry for Foreign Affairs
Trade Department - 2/3/93/HA

1991 U.S. Imports from Iceland
(General Import Value, Quantity and Duty)

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD'000	Duty %
Agricultural products				
Chapter 1. Live animals				
0101-1900.90 -- Horses	No. = 6	6,6	0,0	0,0%
0106-0050.60 -- Oher live animals	X	50,0	0,0	0,0%
Total live animals	*	**56,6**	**0,0**	**0,0%**
Chapter 2. Meat and edible meat offal				
0206-4900.00 -- Offal of swine except livers, edible, frozen	12,9	41,2	0,0	0,0%
Total Chapter 2	**12,9**	**41,2**	**0,0**	**0,0%**
Chapter 4. Dairy produce; Birds eggs; Natural honey; Edible products of animal origin nesoi				
0406-9080.60 -- Cheese substitues inc mxtes nesoi cnt cows mlk etc	322,3	625,5	62,6	10,0%
Total Chapter 4	**322,3**	**625,5**	**62,6**	**10,0%**
Chapter 12. Oil seeds and oleaginous fruits; Miscellaneous grains, seeds and fruit; Industrial or medicinal plants; Straw and fodder				
1212.200.00 -- Seaweeds & other algae frsh or dried w/not ground	136,6	92,3	0,0	0,0%
Total Chapter 12	**136,6**	**92,3**	**0,0**	**0,0%**
Chapter 13. Gums; Resins and other vegetable saps and extracts				
1301-9090.30 -- Natural gum, tragacanth	18,3	13,1	0,0	0,0%
Total Chapter 13	**18,3**	**13,1**	**0,0**	**0,0%**
Total agricultural products	**490,1**	**828,7**	**62,6**	**7,5%**
Marine products				
Chapter 3. Fish and crustaceans. molluscs and other aquatic invertebrates				
Fish, fresh or chilled, not fillets and other in 0304				
0302-1100.90 -- Trout except farmed reinbow trout	5,9	41,1	0,0	0,0%
0302-1200.02 -- Atlantic salmon	395,6	2.037,5	0,0	0,0%
0302-1200.03 -- Atlantic salmon, farmed	256,4	1.211,3	0,0	0,0%
0302-1200.04 -- Atlantic salmon, not farmed	27,3	140,8	0,0	0,0%
0302-1200.54 -- Coho (silver) salmon, not farmed	0,4	1,7	0,0	0,0%
0302-1200.62 -- Salmon, nesoi	12,6	81,5	0,0	0,0%
0302-1900.00 -- Salmonidae, nesoi	57,4	318,3	0,0	0,0%
0302-2100.10 -- Atlantic halibut (Hippoglossus hippoglossus)	22,2	208,0	0,0	0,0%

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD'000	Duty %
0302-2100.90 -- Greenland trubot (Greenland halibut)	17,4	124,4	0,0	0,0%
0302-4000.00 -- Herrings	10,1	10,7	0,0	0,0%
0302-5000.10 -- Atlantic cod	1,9	10,8	0,0	0,0%
0302-5000.90 -- Cod nesoi	0,3	1,7	0,0	0,0%
0302-6200.00 -- Haddock	195,3	1.117,8	0,0	0,0%
0302-6940.30 -- Ocean perch	2,7	8,6	0,0	1,1c/kg
0302-6940.70 -- Fish nesoi	2,6	20,4	0,0	1,1c/kg
0302-6940.95 -- Fish nesoi	1,8	12,0	0,0	1,1c/kg
Total fresh or chilled	**1.009,9**	**5.346,6**	**0,1**	**0,0%**
Fish, frozen, not fillets and other in 0304				
0303-2200.00 -- Atlantic and Danube salmon	7,1	21,5	0,0	0,0%
0303-2900.00 -- Salmonidae, nesoi	0,7	5,7	0,0	0,0%
0303-3100.10 -- Atlantic halibut (Hippoglossus hippoglossus)	176,1	1.048,5	0,0	0,0%
0303-3100.30 -- Greenland trubot (Greenland halibut)	18,5	126,4	0,0	0,0%
0303-3900.10 -- Flounder	34,5	88,7	0,4	1,1c/kg
0303-3900.90 -- Falt fish, nesoi	18,6	111,2	0,2	1,1c/kg
0303-7200.00 -- Haddock	18,9	50,8	0,0	0,0%
0303-8040.95 -- Fish livers and roes	39,0	419,8	0,0	0,0%
Total frozen	**313,4**	**1.872,6**	**0,6**	**0,0%**
Fish fillets and other fish meat				
Fresh or chilled:				
0304-1010.20 -- Atlantic ocean perch	126,6	488,8	5,2	4,134c/kg
0304-1010.44 -- Atlantic cod	33,2	176,4	1,4	4,134c/kg
0304-1010.48 -- Cod nesoi	2,3	15,8	0,1	4,134c/kg
0304-1010.50 -- Haddock	1.156,5	7.273,0	47,8	4,134c/kg
0304-1010.55 -- Cusk and pollock	0,3	1,9	0,0	4,134c/kg
0304-1040.35 -- Other perch nesoi	0,3	1,4	0,0	0,0%
0304-1040.80 -- Greenland trubot (Greenland halibut)	18,5	89,6	0,0	0,0%
0304-1040.85 -- Falt fish, nesoi	7,7	44,1	0,0	0,0%
0304-1040.90 -- Fish nesoi	58,6	349,3	0,0	0,0%
Total fresh or chilled	**1.404,0**	**8.440,3**	**54,5**	**0,6%**
Frozen fillets:				
0304-2020.11 -- Atlantic cod fillets, skinned, block ov4.5kg	3.784,8	17.915,5	0,0	0,0%
0304-2020.12 -- Cod nesoi, fillets, skinned, blocks ov4.5kg,	17,7	94,1	0,0	0,0%
0304-2020.21 -- Greenland turbot (Greenland halibut) sknd blk ov4.5kg	5,3	11,9	0,0	0,0%
0304-2020.23 -- Sole fillets, skinned, blocks ov4.5kg	3,6	8,0	0,0	0,0%
0304-2020.25 -- Flounder fillets, skinned, block ov4.5kg	3,3	7,0	0,0	0,0%
0304-2020.27 -- Halibut fillets, skinned, blocks ov4.5kg	5,4	33,6	0,0	0,0%
0304-2020.30 -- Haddock fillets skinned, blocks ov4.5kg cut in even pcs	1.295,2	6.891,5	0,0	0,0%
0304-2020.33 -- Ocean catfish (wolf) fillets skinned block ov4.5kg	57,5	170,6	0,0	0,0%
0304-2020.48 -- Pollock fillets nesoi skinned block ov4.5kg to procsd	897,7	2.688,8	0,0	0,0%
0304-2020.60 -- Atlantic ocean perch fillets, skinned block ov4.5kg	197,0	547,9	0,0	0,0%
0304-2020.66 -- Fish nesoi fillets skinned, blocks ov4.5kg	28,5	84,2	0,0	0,0%
0304-2030.20 -- Atlangic ocean perch (rosefish) fillets nesoi	884,1	3.200,2	36,5	4,134c/kg
0304-2030.30 -- Atlantic cod fillets, nesoi	12.055,5	70.343,2	498,4	4,134c/kg
0304-2030.35 -- Cod (except Atlantic cod) fillets, nesoi	237,9	1.371,6	9,8	4,134c/kg
0304-2030.62 -- Haddock fillets, nesoi	4.332,5	26.713,2	179,1	4,134c/kg
0304-2030.68 -- Pollock fillets, nesoi	5.194,8	17.390,2	214,8	4,134c/kg
0304-2060.07 -- Salmonidae nesoi fillets, nesoi	1,6	13,3	0,0	0,0%
0304-2060.55 -- Greenland trubot (Greenland halibut) fillets nesoi	62,0	313,2	0,0	0,0%
0304-2060.58 -- Flounder fillets, nesoi	114,1	544,2	0,0	0,0%
0304-2060.59 -- Halibut fillets, nesoi	12,5	77,5	0,0	0,0%
0304-2060.61 -- Trubot fillets, nesoi	15,6	77,0	0,0	0,0%
0304-2060.64 -- Flatfish nesoi, fillets, nesoi	8,1	37,8	0,0	0,0%
0304-2060.70 -- Ocean catfish (Wolf fish) fillets, nesoi	185,3	1.054,0	0,0	0,0%
0304-2060.71 -- Ocean perch (Ex Atlantic persh) fillets nesoi	0,3	1,5	0,0	0,0%
0304-2060.85 -- Fish nesoi fillets nesoi	37,2	115,6	0,0	0,0%
Total frozen fillets	**29.437,5**	**149.705,6**	**938,6**	**0,6%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD'000	Duty %
Other fish meat:				
0304-9010.11 -- Cod meat minced in bulk or containers ov6.8kg, frozen	427,2	743,4	0,0	0,0%
0304-9010.12 -- Cod meat not minced in bulk/cont. ov6.8kg, frozen	1.651,0	4.118,0	0,0	0,0%
0304-9010.20 -- Haddock meat in bulk or containers ov6.8kg, frozen	169,6	296,3	0,0	0,0%
0304-9010.44 -- Pollock meat minced in bulk or containers ov6.8kg, frozen	342,3	418,0	0,0	0,0%
0304-9010.48 -- Pollock meat nesoi in bulk or containers ov6.8kg, frozen	165,0	244,0	0,0	0,0%
0304-9010.71 -- Ocean perch meat minced in bulk/cont. ov6.8kg, frozen	32,3	29,3	0,0	0,0%
0304-9010.89 -- Fish meat nesoi in bulk or containers ov6.8kg, frozen	483,8	635,4	0,0	0,0%
Total other fish meat	**3.271,2**	**6.484,4**	**0,0**	
Total fish fillets and oher fish meat	**34.112,7**	**164.630,3**	**993,1**	**0,6%**
Fish, dried, salted or in brine; smoked fish				
0305-2040.60 -- Fish livers/roes nesoi	32,3	191,5	0,0	0,0%
0305-3060.30 -- Cod fillets, dried, salted or in brine	2,4	27,0	0,0	0,0%
0305-3060.80 -- Fish fillets nesoi, dried salted or in brine	0,5	8,2	0,0	0,0%
0305-4100.00 -- Pacific, Atlantic and Danube salmon, smoked	36,7	614,1	30,7	5,0%
0305-4940.40 -- Fish including fillets, smoked, nesoi	5,1	56,7	0,0	0,0%
0305-5100.00 -- Cod, dried, wheter or not salted but not smoked	22,7	196,3	0,0	0,2c/kg
0305-6140.00 -- Herrings, salted, not dried/smoked, in brine nesoi	54,4	64,4	0,0	0,0%
0305-6200.10 -- Cod whole/processed salted not dried/smk moisture>50%	40,0	232,2	0,0	0,0%
0305-6200.50 -- Cod salted not dried/smoked, brine, nesoi moisture>50%	20,0	107,3	0,0	0,0%
0305-6910.22 -- Pollock whole/simply processed salted not dried/smk brine	27,4	76,2	0,0	0,0%
0305-6940.00 -- Salmon, salted but not dried or smoked, in brine	4,1	27,8	0,8	3,0%
Total dried, salted or in brine; smoked	**245,6**	**1.601,7**	**31,6**	**2,0%**
Crustaceans				
0306-1100.00 -- Rock lobster and other sea crawfish, frozen	7,7	103,1	0,0	0,0%
0306-1300.03 -- Shrimps/prawns shell-on count size < 33 per kg, frozen	348,6	4.022,4	0,0	0,0%
0306-1300.40 -- Shrumps and prawns, peeled, frozen	159,3	1.495,1	0,0	0,0%
0306-1900.90 -- Crustaceans, nesoi, frozen	129,7	2.684,1	0,0	0,0%
Total crustaceans	**645,3**	**8.304,7**	**0,0**	**0,0%**
Aquatic invertebrates other than crustaceans				
0307-2900.00 -- Scallops incl queen, frozen/dried/salted/in brine	20,3	180,5	0,0	0,0%
Total aquatic invertebrates	**20,3**	**180,5**	**0,0**	**0,0%**
Total Chapter 3	**36.347,2**	**181.936,4**	**1.025,4**	**0,6%**

Chapter 15. Animal or vegetable fats and oils and their cleavage products

Fats and oils of fish and marine mammals				
1504-1020.00 -- Cod liver oil & fractions not chemically modified	37,5	72,8	0,0	0,0%
1504-2020.00 -- Cod fats & oils ex liver oil not chemically modified	104,9	33,5	0,0	0,0%
Total fats and oils	**142,4**	**106,3**	**0,0**	**0,0%**

Chapter 16. Preparations of meat, of fish or of crusteans, mulluscs or other aquatic invertebrates

Prepared or preserved fish; caviar and caviar substitutes				
1604-1260.50 -- Herrings, kipper snacks	251,7	1.539,3	0,0	0,0%
1604-1260.90 -- Herrings nesoi	104,8	178,1	0,0	0,0%
1604-1980.00 -- Fish whole/pieces not minched nesoi	0,3	3,1	0,2	6,0%
1604-2010.00 -- Fish pastes	2,3	14,7	0,0	0,0%
1604-2020.00 -- Fish balls/cakes etc no oil in airtight cntr not ov6.8kg	1,3	4,5	0,0	0,0%
1604-3030.00 -- Caviar substitutes, boild, in airtight containers	0,2	2,6	0,1	2,5%
1604-3040.00 -- Caviar substitutes, nesoi	26,7	336,5	0,0	0,0%
Total prepared or preserved	**387,3**	**2.078,8**	**0,3**	**0,0%**
Total marine products	**36.876,9**	**184.121,5**	**1.025,6**	**0,6%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD'000	Duty %

Other products

Chapter 17. Sugars and sugar confectionery

1704-9020.05 -- Confections or sweetmeats put up for retail sale	22,2	155,8	10,9	7,0%
Total sugars and sugar confectionery	**22,2**	**155,8**	**10,9**	**7,0%**

Chapter 19. Preparations of cereals, flour, starch or milk; Bakers wares

1905-3000.40 -- Sweet biscuts, waffles and wafers	6,3	23,9	0,0	0,0%
Total bakers wares	**6,3**	**23,9**	**0,0**	**0,0%**

Chapter 22. Beverages, spirits and vinegar

Waters and waters contaning added sugar				
2201-1000.00 -- Water, mineral & aerated natrl/artfcl not swtn/flav	405,0	396,6	1,6	0,4c/l
2201-9000.00 -- Waters not sweetend or flavored nesoi, ice and snow	18,8	356,0	0,0	0,0%
2202-1000.30 -- Carbonated soft drinks	924,5	766,6	2,8	0,3c/l
Total waters and soft drinks	**1.348,3**	**1.519,2**	**4,4**	**0,3%**
Spirits				
2208-9060.00 -- Vodka in contaners not over 4 liters val not ov$2.05/l	0,0	3,4	1,6	67,6c/l
2208-9065.00 -- Vodka in contaners not over 4 liters val ov$2.05/l	34,7	201,9	6,9	13,2c/l
Total spirits	**34,7**	**205,3**	**8,5**	**4,1%**

Chapter 28. Inorganic chemicals; Organic or inorganic compounds of prcious metals, of rare-earth metals of radioactive elements or of isotopes

2827-2000.00 -- Calcium chloride	127,5	14,8	0,0	0,0%
2836-4010.00 -- Dipotassium carbonate	19,0	11,9	0,2	1,9%
Total chemicals	**146,5**	**26,7**	**0,2**	**0,8%**

Chapter 31. Fertilizers

3101.0000.00 -- Animal/veg fertilizer, mixed/not cemically treated	82,0	45,7	0,0	0,0%
Total fertilezers	**82,0**	**45,7**	**0,0**	**0,0%**

Chapter 32. Tanning or dyeing extracts; Tannins and their derivatives; Dyes, pigments and other coloring matters; Paints and varnishes; Putty and other mastics; Inks

3212-9000.50 -- Pigments, nonaqueus, oth coloring mat, retail	1,7	19,2	0,6	3,1%
Total chapter 32	**1,7**	**19,2**	**0,6**	**3,1%**

Chapter 37. Photographic or cinematographic goods

3706-9000.60 -- Motion-picture film, expos & develp, < 35mm	250 mtr	5,0	0,0	0,0%
Total chapter 37	**0,0**	**5,0**	**0,0**	**0,0%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD'000	Duty %
Chapter 38. Miscellaneous chemical products				
3823-9050.50 -- Chem products & prep of chem/allied industry, nesoi	17,0	64,6	0,0*	5,0%
Total chapter 38	**17,0**	**64,6**	**0,0**	**0,0%**
Chapter 39. Plastics and articles thereof				
3919-1010.50 -- Tape in rolls not excd 20 cm w, light-reflect	*	1,3	0,1	6,6%
3923-1000.00 -- Boxes, cases, crates & similar articles, of plastic	*	83,3	2,5	3,0%
3923-9000.00 -- Art for conveying or packing of goods, plastic	*	6,3	0,2	3,0%
3926-9090.50 -- Other articles of plastic, nesoi	*	49,5	2,6	5,3%
3926-9090.90 -- Oterh articles of plastic, nesoi	*	19,8	1,0	5,3%
Total chapter 39	*	**160,2**	**6,4**	**4,0%**
Chapter 40. Rubber and articles thereof				
4001-2200.25 -- Technically specified natural rubber, grade 20	108,4	81,1	0,0	0,0%
4002-9900.00 -- Synthetic rub & fatice derived from oils, nesoi	35,0	4,3	0,0	0,0%
4010-1010.30 -- Power transmission belts, nesoi	No = 123	0,4	0,0	5,1%
4012-9010.00 -- Solid or cushion tiers, of rubber	No = 32457	64,4	0,0	0,0%
4015-9000.50 -- Article of apparel, exc apron, vulcanize rub, nesoi	Doz = 325	354,6	17,7	5,0%
Total chapter 40		**504,8**	**17,8**	**3,5%**
Chapter 42. Articles of leather; Saddlery and harness; Travel goods, handbags and similar containers; Artilces of animal gut (other than silkworm gut)				
4203-1040.30 -- Men's & Boys coats/jackets of leather, exc reptile	No = 75	0,9	0,1	6,0%
Total chapter 42		**0,9**	**0,1**	**6,0%**
Chapter 43. Furskins and artificaial fur; Manufactures thereof				
4301-1000.20 -- Mink furskins nesoi, raw, whole	No = 5097	127,4	0,0	0,0%
4301-6060.00 -- Fox furskins, raw, whole, nesoi	No = 328	24,6	0,0	0,0%
4302-1960.00 -- Furskins nesoi whole tanned not assembled not dyed	No = 1665	44,1	2,2	5,0%
4302-1975.00 -- Furskins nesoi whole tanned, not assembled dyed	No = 15618	101,4	2,4	2,4%
Total chapter 43		**297,5**	**4,6**	**1,6%**
Chapter 49. Printed books, newspapers, pictures and other products of the printing industry; Manuscripts, typescripts and plans				
4901-1000.40 -- Printed matter nesoi, in single sheets	*	65,1	0,0	0,0%
4901-9900.50 -- Technical, scientific and professional books	No = 1000	7,2	0,0	0,0%
4901-9900.70 -- Hardbound books, nesoi	No = 3000	48,0	0,0	0,0%
4901-9900.92 -- Printed books nesoi 5-48 pages each excluding cover	No = 2515	8,7	0,0	0,0%
4901-9900.93 -- Printed books nesoi 49 og more pages each excluding cover	No = 12000	26,9	0,0	0,0%
4902-9020.40 -- Business etc periodicals, nesoi single issues tied	No = 9350	27,8	0,0	0,0%
4911-1000.60 -- Tourist/other lit/posters re travel etc outside us	*	5,1	0,0	0,0%
4911-1000.80 -- Trade advertising material, printed, nesoi	*	61,5	0,0	0,0%
4911-9140.20 -- Posters, printed not over 20 years, nesoi	0,2	4,1	0,1	3,1%
4911-9140.40 -- Pictures/designs/photographs not over 20 years, nesoi	0,1	2,1	0,1	3,1%
Total chapter 49		**256,5**	**0,2**	**0,1%**
Chapter 51. Wool, fine or coarse animal hair; Horshair yarn and woven fabric				
5103-2000.00 -- Waste of wool other waste of wool/fine animal hair	11,7	13,7	0,5	4c/kg
5106-1000.90 -- Yarn carded wool not retail sale >85% by wt wool neoi	0,4	4,8	0,4	9,0%
5107-1000.00 -- Yarn combed wool not retail sale >85% by wt wool	22,5	268,0	24,1	9,0%

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD'000	Duty %
5109-1060.00 -- Yarn other animal hair not < 85% wt for retail sale	0,7	10,1	0,9	9,0%
5109-9060.00 -- Yarn otehr animal heir nto <85% by wt retail sale	0,4	5,5	0,5	9,0%
5111-1960.80 -- N-hnd wv fb crd wl/fah con >=85% w/fah wt >400g/m2	m2 = 11	0,3	0,1	36,1%
Total chapter 51		**302,4**	**26,5**	**8,8%**

Chapter 52. Cotton

5209-5900.90 -- Woven fab cot 85%> cot >200g/m2 prt other fab nesoi	m2 = 17	0,9	0,1	8,9%
Total chapter 52		**0,9**	**0,1**	**8,9%**

Chapter 56. Wadding, felt and nonwovens; Special yarns; Twine, cordage, ropes and cables and articles thereof

5607-4930.00 -- Cordage etc of poylethylene/polyproplene nesoi	0,5	2,9	0,2	7,2%
5608-1910.20 -- Fish netting nesoi of manmade textile materials	13,0	92,7	15,8	17,0%
Total chapter 56	**13,5**	**95,6**	**16,0**	**16,7%**

Chapter 61. Articles of apparel and clothing accessories, knitted or crochetted

6101-1000.00 -- Men's or boys overcoats, carcoats etc of wool/fah, knitted	doz = 5	4,7	1,0	7,2c/kg+20%
6102-1000.00 -- Womens or girls overcoats, carcoats etc of wool/fah, knitted	doz = 409	111,2	25,6	8,3c/kg+20%
6102-2000.10 -- Women's overcoats, carcoats, etc of cotton, knitted	dos = 8	0,6	0,1	16,9%
6104-5100.00 -- Women's or girls skirts and diveded skirts of wool, knitted	doz = 1	0,3	0,1	17,0%
6106-2020.10 -- Women's blouses of other manmade fibers, knitted	doz = 2	1,2	0,4	34,6%
6110-1010.20 -- Women's or girls sweaters wholly of cashmere, knitted	doz = 13	4,4	0,3	7,5%
6110-1020.10 -- Men's sweaters of other wool or fah, knitted	doz = 107	42,8	7,3	17,0%
6110-1020.30 -- Women's sweaters of other wool or fah, knitted	doz = 504	137,5	23,4	17,0%
6110-1020.80 -- Women's or girls sweatshirts & sim art of oth wool or fah, k	doz = 4	2,0	0,3	17,0%
6110-2010.20 -- Women's or girls sweaters of cot cont 36% mor flax fibers	doz = 1	1,0	0,1	5,0%
6110-2020.10 -- Men's sweaters of other cotton, knitted	doz = 44	14,4	3,0	20,7%
6110-2020.20 -- Women's sweaters of other cotton, knitted	doz = 136	42,3	8,8	20,7%
6115-9100.00 -- Socks & other hosry & ftwr appld sls wool, knitted	dpr = 127	8,6	1,0	12,0%
6116-9100.00 -- Mittens and mitts of wool or fine animal hair, knitted	dpr = 24	1,4	0,1	,1c/kg+7,4%
6117-1010.00 -- Shawls scarves mufflers mantillas veils wool, knitted	doz = 76	21,1	2,2	10,2%
Total chapter 61		**393,5**	**73,6**	**18,7%**

Chapter 62. Articles of apparel and clothing accessories, not knitted or crochetted

6202-1100.10 -- Women's overcoats carcoat & similar coat wool	doz = 4	4,6	1,0	6,3c/kg+21%
6202-9220.60 -- Women's anorak & similar article cotton nesoi	doz = 5	0,5	0,0	9,5%
6202-9350.10 -- Women's anorak & similar art mmf <36% wool/fah	doz = 17	1,9	0,6	29,5%
6204-4440.10 -- Women's dresses of ot art fib <36% by wigt of wool/fah	doz = 6	0,4	0,1	17,0%
6204-6925.40 -- Women's shorts art fiber cont <36% wool	doz = 8	0,3	0,1	30,4%
6206-3030.40 -- Women's woven cotton blouses + shirts	doz = 11	2,5	0,4	16,4%
6206-4030.30 -- Women's blouses of mmf <36% flax fib	doz = 29	1,4	0,4	28,6%
6210-2010.10 -- Men's or boys overcoats etc mmf surface impreg rbr/plas	doz = 3	0,5	0,0	7,6%
6210-3020.20 -- Women's or girls overcoats etc tex flt/n/wcn n impreg rbr/plas	doz = 105	37,8	2,5	6,6%
6210-4020.10 -- Men's or boys garments nesoi rubberized tex mrtl ex mmf	doz = 833	164,0	10,8	6,6%
6210-4020.20 -- Men's or boys anoraks & similar art rubberized tex mtrl	doz = 3	0,9	0,1	6,6%
6210-4020.35 -- Men's or boys trousers rubberized tex mtrl ex mmf	doz = 1	0,4	0,0	6,6%
6210-5010.10 -- Women's or girls garments nesoi mmf impreg rubber/plas	doz = 18	4,7	0,4	7,6%
6210-5020.10 -- Women's or girls germents nesoi tex mtrl ex mmf impreg rbr	doz = 403	76,8	5,1	6,6%
6216-0080.00 -- Gloves of wool or fine animal hair	dpr = 3	0,6	0,0	3,7%
Total chapter 62		**297,3**	**21,5**	**7,2%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD'000	Duty %
Chapter 63. Other made up textile articles; Needlecraft sets; Worn clothing and worn textile articles; Rags				
6301-2000.10 -- Blanket n/elec & travel rug wool f/hair nt>3m length	No = 11912	324,0	49,6	4,4c/kg+15%
6301-3000.20 -- Blanket n/elec & travel rugs of cotton, nesoi	No = 637	15,2	1,4	9,5%
6302-2120.40 -- Sheets of print cotton not trimmed, etc not napped	No = 13472	53,7	4,1	7,6%
6307-1020.05 -- Shop towels for use garages filling stations, cotton	No = 500000	45,0	4,7	10,5%
Total chapter 63		**437,9**	**59,9**	**13,7%**
Chapter 64. Footwear, gaiters and the like; Parts og such articles				
6403-9960.40 -- Footwear sol r/p up lthr exc pigskin tenis-gym shoe me	prs = 10806	80,8	6,9	8,5%
6406-9915.40 -- Parts of footwear of tixtile materials-mmf other	doz = 75	3,9	0,7	17,0%
6406-9915.80 -- Parts of footwear of textile materials-other nesoi	doz = 3	0,3	0,1	17,0%
Total chapter 64		**85,0**	**7,6**	**8,9%**
Chapter 65 Headgear and parts thereof				
6505-9030.90 -- Knitted or crocheted wool headgear, nesoi	doz = 734	11,8	2,7	7c/kg+15,4%
6505-9060.40 -- Hats etc ex baby mmf knit/crch in piece nt in braid	doz = 35	0,8	0,1	7c/kg+14,1%
Total chapter 65		**12,6**	**2,9**	**22,7%**
Chapter 70. Glass and glassware				
7011-1010.00 -- Glass bulbs w/out fittings, for incandescent lamps	hnd = 2	1,3	0,0	3,7%
7011-9000.00 -- Glass envelopes, open, a parts, w/o fittings, nesoi	hnd = 1	1,7	0,1	6,6%
7014-0030.00 -- Lenses, filters a parts, glass, nt optic elem n wkd	No = 379	24,4	1,6	6,7%
Total chapter 70		**27,4**	**1,8**	**6,6%**
Chapter 71. Natural or cultured pearls, precious or semiprecious stones, precious metals, metals clad with precious metal, and articles thereof; Imitation jewelry; Coin				
7113-1150.00 -- Silver jewelry etc value over $18 per doz pcs	*	3,1	0,2	6,5%
Total chapter 71		**3,1**	**0,2**	**6,5%**
Chapter 72. Iron and steel				
7217-1170.90 -- Wire is na u.25p cn.pln rnd 1.5mm ao diam nt ht-trtd	21,4	11,5	0,2	1,5%
Total chapter 72	**21,4**	**11,5**	**0,2**	**1,5%**
Chapter 73. Articles of iron or steel				
7320-9050.60 -- Springs of iron or steel, other than of wire nesoi	23,0	29,3	0,0*	5,7%
7326-9045.00 -- Horse and mule shoes of iron or steel	0,2	1,5	0,0	0,0%
7326-9090.90 -- Other articles of iron or steel, nesoi	30,8	107,0	6,1	5,7%
Total chapter 73	**54,0**	**137,8**	**6,1**	**4,4%**
Chapter 84. Nuclear reactors, boilers, machinery and mechanical appliances; Parts thereof				
8418-6900.15 -- Icemaking machines, nesoi	No = 1	6,0	0,2	2,9%
8421-2100.00 -- Water filtering or purifying machinery & apparatus	No = 1	8.000,0	0,0*	3,9%
8421-3900.10 -- Dust collection and air purification equipment	*	36,0	1,4	3,9%
8421-3900.90 -- Filtering or purifying machinery & apparatus, gas, nesoi	*	36,0	1,4	3,9%
8423-2000.00 -- Scales fr continous weighing of goods on conveyor	No = 2	21,5	0,9	4,4%
8423-8100.40 -- Digital elec scales, weight capasity not exc 30 kg, nesoi	No = 1	6,1	0,3	4,4%

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD'000	Duty %
8423-8200.10 -- Digital elec type weighing mach, wdht n/exc 5.000kg	No = 44	363,2	16,0	4,4%
8423-8200.50 -- Weighing mach wght cap exc 30 not exc 5.000kg, nesoi	No = 5	31,6	1,4	4,4%
8423-8900.50 -- Weighing machines, nesoi	No = 42	357,9	15,7	4,4%
8423-9000.40 -- Digital weight indicators	No = 14	3,1	0,2	5,5%
8423-9000.80 -- Parts of weighing mach exc digital wight indicat	*	55,4	3,0	5,5%
8425-3100.00 -- Winches and capstans powered by electric motors	No = 6	15,3	0,3	2,0%
8425-3900.00 -- Winches and capstans not powered by electric motor	No = 23	61,4	1,2	2,0%
8431-1000.90 -- Parts of winches, capstans and jacks	*	9,8	0,2	2,0%
8431-4100.80 -- Bukets, shovels, grabs and grips, nesoi	No = 23	2,3	0,1	2,5%
8433-6000.10 -- Machines for cleaning, sorting or grading eggs	No = 3	32,0	0,0	0,0%
8436-8000.90 -- Agril, hort mach inc germinat plt fit with eq, nesoi	No = 55	38,4	0,0	0,0%
8436-9900.90 -- Pts of ag, hort, mach inc germ plt with mech/thrm eq	*	38,7	0,0	0,0%
8438-1000.10 -- Bakery machinery	No = 2	15,8	0,6	3,5%
8438-5000.90 -- Mach for the preparation of meat or poultry, nesoi	No = 2	33,9	1,2	3,5%
8438-8000.00 -- Ind prep, manuf food, drink exc ext, prep anim, veg oil	No = 9	552,8	22,1	4,0%
9438-9090.60 -- Parts of machs for preparation of meat or poultry	*	6,1	0,2	3,5%
8438-9090.90 -- Parts ind prep, mfg food, drink exc ext, prep anim, veg oil	*	11,4	0,4	3,5%
8471-2000.60 -- Digital adp mch w cpu & input/output, crt exc color	No = 5	3,2	0,1	3,9%
8471-9100.90 -- Digital proc unt w storage, input/output unt, w/o crt	No =1	1,6	0,1	3,9%
8473-3080.00 -- Parts of adp mach and units incorporationg a crt	*	1.785,8	0,0*	3,9%
8479-8990.90 -- Machines and mechanical appliances, nesoi	No = 2	33,5	1,2	3,7%
8479-9080.90 -- Parts of mach & mechanical appl, nesoi	*	231,2	0,0*	3,7%
Total chapter 84		**11.790,0**	**68,2**	**0,6%**

Chapter 85. Electrical machinery and equipment and parts thereof; Sound recorders and reproducers, television image and sound recorders and reproducers, and parts and accessories of such articles

8507-2000.20 -- Lead acid storage batteries,used, nesoi, recovery	No = 2000	2,0	0,1	5,3%
8512-2020.00 -- Motor vehicle lighting equipment	*	17,2	0,0	0,0%
8512-2020.40 -- Lightg.equip. 8701-20,8702,8703,8704,8705 or 8711	*	62,7	0,0	0,0%
8517-8200.80 -- Telegraphic apparatus, nesoi	*	2,3	0,1	4,7%
8524-9040.80 -- Other recorded media, nesoi	No = 12574	47,8	0,0	9,7c/m2
8536-4900.55 -- Relays > 60 V, & contacts < 10 A nesoi	No = 58	1,3	0,1	5,3%
Total chapter 85		**133,3**	**0,3**	**0,2%**

Chapter 87. Vehicles other than railway or tramway rolling-stock, and parts and accessories thereof

8708-2900.60 -- Parts and accessories, nesoi, of bodies hdg 8701,8705	*	8,2	0,3	3,1%
8708-9950.80 -- Parts, nesoi, of motor vehicles, nesoi, hds 8701,8705	*	7,2	0,2	3,1%
8710-0000.90 -- Parts of armore fihting vehicles, morotized	*	14,7	0,0	0,0%
Total chapter 87		**30,1**	**0,5**	**1,6%**

Chapter 88. Aircraft, spacecraft, and parts thereof

8803-3000.10 -- Parts, nesoi, of airplanes of helicopters, civil	*	16,0	0,0	0,0%
8803-3000.50 -- Parts, neoi, of airplanes or helicopters, military	*	471,7	0,0	0,0%
Total chapter 88		**487,7**	**0,0**	**0,0%**

Chapter 89. Ships, boats and floating structures

8907-9000.90 -- Floating structures, nesoi	*	27,6	1,0	3,8%
Total chapter 89	**0,0**	**27,6**	**1,0**	**3,8%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD'000	Duty %
Chapter 90. Optical, photographic, cinematographic, measuring, checking, prcision, medical or surgical instuments and apparatus; Parts and accessories thereof				
9018-1100.80 -- Parts and accessories for electrocardiographs	*	2,4	0,1	4,2%
9018-1980.20 -- Patient monitoring system, temperature, pulse, etc	*	86,6	3,6	4,2%
9021-1100.00 -- Artificial joints and parts and accessories	*	26,2	1,9	7,2%
9021-3000.00 -- Other artifical parts of the body & parts & accessories	*	171,3	9,9	5,8%
9023-0000.00 -- Instruments, appts&models, for demonstrational use & parts	*	420,0	0,0	0,0%
9026-8020.00 -- Elec inst, measuring/checking variable of liquids or gases	No = 1	2,0	0,1	4,9%
9028-2000.00 -- Liquid meters	No = 52	14,6	1,0	45c,each+7%
9028-9000.80 -- Parts & Accessories, gas, liquid or production meters	*	18,7	1,7	9,0%
9031-8000.80 -- Measure/check inst, appln&machines, nesoi in chapter 90	*	1,6	0,1	4,9%
9032-1000.90 -- Thermostats, nesoi	No = 5	2,0	0,1	4,8%
9033-0000.00 -- Parts, nesoi for machines, appln, inst/appts of chapter 90	*	3,5	0,2	4,9%
Total chapter 90		**748,9**	**18,7**	**2,5%**
Chapter 93. Arms and ammunition; Parts and accessories thereof				
9301-0090.90 -- Military weapons, exc arms of heading 9307, nesoi	No = 826	245,5	0,0*	3,4%
9305-1020.00 -- Part and accessories of revolvers/pistols of 9302	*	2,0	0,2	8,4%
9306-2100.00 -- Shotgun cartridges and parts thereof	Ths = 69	12,0	0,0*	5,0%
9306-3040.40 -- Empty cartridges shells for rifles or pistols	Ths = 356	23,7	1,2	5,0%
9306-3040.60 -- Cartridges and empty cartridge shells, nesoi	Ths = 960	40,8	2,0	5,0%
9306-9000.60 -- Parts for guided missiles	*	2.411,5	0,0*	3,6%
Total chapter 93		**2.735,5**	**3,4**	**0,1%**
Chapter 94. Furniture; Bedding, mattresses, mattress supports, cushions and similar stuffed furnishings; Lamps and lighting fittings, not elsewhere specified or included; Illuminated signs, illuminated nameplates and the like; Prefabricated buldings				
9403-2000.10 -- Houshold metal furniture	*	3,7	0,1	4,0%
9405-4080.00 -- Electric lamps and lighting fittings, nesoi	No = 326	45,6	1,8	3,9%
9405-5040.00 -- Non-electric lamps & lighting fittings, nesoi	No = 50	5,3	0,4	7,6%
Total chapter 94		**54,6**	**2,3**	**4,3%**
Chapter 97. Works of art, colletors pieces and antiques				
9701-1000.00 -- Paintings, drawing and pastels exc of heading 4906	*	69,3	0,0	0,0%
Total chapter 97		**69,3**	**0,0**	**0,0%**
Chapter 98. Articles exported and returnd; Animals exported and returned				
9801-0010.35 -- Products of U.s. returned after being exproted, nesoi	*	916,9	0,0	0,0%
9801-0010.84 -- Us goods in chapter 84 returned after being exported	*	43,3	0,0	0,0%
9801-0010.85 -- Us goods in chapter 85 returned after being exported	*	54,2	0,0	0,0%
9801-0010.88 -- Us goods in chapter 88 returned after being exported	*	212,0	0,0	0,0%
9801-0010.90 -- Us goods in chapter 90 returned after being exported	*	1.005,2	0,0	0,0%
9801-0010.99 -- Products of U.s. returned after being exproted, nesoi	*	194,9	0,0	0,0%
9810.0060.00 -- Inst & apprts not mfgr in usa for nonprofit inst	*	5,2	0,0	0,0%
Total chapter 98		**2.431,7**	**0,0**	**0,0%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD'000	Duty %
Chapter 99. Temporary legislation; Temporary modifications established pursuant to trade legislation; Additional import restrictions established pursuant to section 22 of the agricultural adjustment act, as amended				
9999-0015.00 -- Equipment and repairs of vessels, nesoi	*	11,6	5,8	Tímabundið
9999-9500.00 -- Estimate of low valued items	*	355,7	0,0	Tímabundið
Total chapter 99		367,3	5,8	
Total other products		23.966,3	370,2	1,5%
Total US imports from Iceland		208.916,5	1.458,4	0,7%

* Tollfrjálst í innflutningi samkvæmt túlkun frá USA, þrátt fyrir að annað komi fram í tollskrá

Umreiknað í íslenskar krónur á núgengi (23/3/94):

USD 1.458.400 * ISK 72,53/USD = ISK 105.777.752

Tafla 12.

Ministry for Foreign Affairs
Trade Department - 23/3/94/HA - ÞJ

Effect of Canadian import duties on Icelandic exports

Based on levels of 1991 U.S. Imports from Iceland (General Import Value, Quantity and Duty)

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty,value USD'000	Can.Duty %
Agricultural products				
Chapter 1. Live animals				
0101-1900.90 -- Horses	No. = 6	6,6	0,0	0,0%
0106-0050.60 -- Oher live animals	X	50,0	0,0	0,0%
Total live animals	*	56,6	0,0	0,0%
Chapter 2. Meat and edible meat offal				
0206-4900.00 -- Offal of swine except livers, edible, frozen	12,9	41,2	0,0	0,0%
Total Chapter 2	12,9	41,2	0,0	0,0%
Chapter 4. Dairy produce; Birds eggs; Natural honey; Edible products of animal origin nesoi				
0406-9080.60 -- Cheese substitues inc mxtes nesoi cnt cows mlk etc	322,3	625,5	19,6	7,72c/kg
Total Chapter 4	322,3	625,5	19,6	3,1%
Chapter 12. Oil seeds and oleaginous fruits; Miscellaneous grains, seeds and fruit; Industrial or medicinal plants; Straw and fodder				
1212.200.00 -- Seaweeds & other algae frsh or dricd w/not ground	136,6	92,3	0,0	0,0%
Total Chapter 12	136,6	92,3	0,0	0,0%
Chapter 13. Gums; Resins and other vegetable saps and extracts				
1301-9090.30 -- Natural gum, tragacanth	18,3	13,1	0,0	0,0%
Total Chapter 13	18,3	13,1	0,0	0,0%
Total agricultural products	490,1	828,7	19,6	2,4%
Marine products				
Chapter 3. Fish and crustaceans. molluscs and other aquatic invertebrates				
Fish, fresh or chilled, not fillets and other in 0304				
0302-1100.90 -- Trout except farmed reinbow trout	5,9	41,1	0,0	0,0%
0302-1200.02 -- Atlantic salmon	395,6	2.037,5	0,0	0,0%
0302-1200.03 -- Atlantic salmon, farmed	256,4	1.211,3	0,0	0,0%
0302-1200.04 -- Atlantic salmon, not farmed	27,3	140,8	0,0	0,0%
0302-1200.54 -- Coho (silver) salmon, not farmed	0,4	1,7	0,0	0,0%
0302-1200.62 -- Salmon, nesoi	12,6	81,5	0,0	0,0%
0302-1900.00 -- Salmonidae, nesoi	57,4	318,3	0,0	0,0%
0302-2100.10 -- Atlantic halibut (Hippoglossus hippoglossus)	22,2	208,0	0,0	0,0%

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty,value USD'000	Cus.Duty %
0302-2100.90 -- Greenland trubot (Greenland halibut)	17,4	124,4	0,0	0,0%
0302-4000.00 -- Herrings	10,1	10,7	0,0	0,0%
0302-5000.10 -- Atlantic cod	1,9	10,8	0,0	0,0%
0302-5000.90 -- Cod nesoi	0,3	1,7	0,0	0,0%
0302-6200.00 -- Haddock	195,3	1.117,8	0,0	0,0%
0302-6940.30 -- Ocean perch	2,7	8,6	0,0	0,0%
0302-6940.70 -- Fish nesoi	2,6	20,4	0,0	0,0%
0302-6940.95 -- Fish nesoi	1,8	12,0	0,0	0,0%
Total fresh or chilled	**1.009,9**	**5.346,6**	**0,0**	**0,0%**
Fish, frozen, not fillets and other in 0304				
0303-2200.00 -- Atlantic and Danube salmon	7,1	21,5	0,0	0,0%
0303-2900.00 -- Salmonidae, nesoi	0,7	5,7	0,0	0,0%
0303-3100.10 -- Atlantic halibut (Hippoglossus hippoglossus)	176,1	1.048,5	0,0	0,0%
0303-3100.30 -- Greenland trubot (Greenland halibut)	18,5	126,4	0,0	0,0%
0303-3900.10 -- Flounder	34,5	88,7	0,0	0,0%
0303-3900.90 -- Falt fish, nesoi	18,6	111,2	0,0	0,0%
0303-7200.00 -- Haddock	18,9	50,8	0,0	0,0%
0303-8040.95 -- Fish livers and roes	39,0	419,8	21,0	5,0%
Total frozen	**313,4**	**1.872,6**	**21,0**	**1,1%**
Fish fillets and other fish meat				
Fresh or chilled:				
0304-1010.20 -- Atlantic ocean perch	126,6	488,8	0,0	0,0%
0304-1010.44 -- Atlantic cod	33,2	176,4	0,0	0,0%
0304-1010.48 -- Cod nesoi	2,3	15,8	0,0	0,0%
0304-1010.50 -- Haddock	1.156,5	7.273,0	0,0	0,0%
0304-1010.55 -- Cusk and pollock	0,3	1,9	0,0	0,0%
0304-1040.35 -- Other perch nesoi	0,3	1,4	0,0	0,0%
0304-1040.80 -- Greenland trubot (Greenland halibut)	18,5	89,6	0,0	0,0%
0304-1040.85 -- Falt fish, nesoi	7,7	44,1	0,0	0,0%
0304-1040.90 -- Fish nesoi	58,6	349,3	0,0	0,0%
Total fresh or chilled	**1.404,0**	**8.440,3**	**0,0**	**0,0%**
Frozen fillets:				
0304-2020.11 -- Atlantic cod fillets, skinned, block ov4.5kg	3.784,8	17.915,5	0,0	0,0%
0304-2020.12 -- Cod nesoi, fillets, skinned, blocks ov4.5kg,	17,7	94,1	0,0	0,0%
0304-2020.21 -- Greenland turbot (Greenland halibut) sknd blk ov4.5kg	5,3	11,9	0,0	0,0%
0304-2020.23 -- Sole fillets, skinned, blocks ov4.5kg	3,6	8,0	0,0	0,0%
0304-2020.25 -- Flounder fillets, skinned, block ov4.5kg	3,3	7,0	0,0	0,0%
0304-2020.27 -- Halibut fillets, skinned, blocks ov4.5kg	5,4	33,6	0,0	0,0%
0304-2020.30 -- Haddock fillets skinned, blocks ov4.5kg cut in even pcs	1.295,2	6.891,5	0,0	0,0%
0304-2020.33 -- Ocean catfish (wolf) fillets skinned block ov4.5kg	57,5	170,6	0,0	0,0%
0304-2020.48 -- Pollock fillets nesoi skinned block ov4.5kg to procsd	897,7	2.688,8	0,0	0,0%
0304-2020.60 -- Atlantic ocean perch fillets, skinned block ov4.5kg	197,0	547,9	0,0	0,0%
0304-2020.66 -- Fish nesoi fillets skinned, blocks ov4.5kg	28,5	84,2	0,0	0,0%
0304-2030.20 -- Atlangic ocean perch (rosefish) fillets nesoi	884,1	3.200,2	0,0	0,0%
0304-2030.30 -- Atlantic cod fillets, nesoi	12.055,5	70.343,2	0,0	0,0%
0304-2030.35 -- Cod (except Atlantic cod) fillets, nesoi	237,9	1.371,6	0,0	0,0%
0304-2030.62 -- Haddock fillets, nesoi	4.332,5	26.713,2	0,0	0,0%
0304-2030.68 -- Pollock fillets, nesoi	5.194,8	17.390,2	0,0	0,0%
0304-2060.07 -- Salmonidae nesoi fillets, nesoi	1,6	13,3	0,0	0,0%
0304-2060.55 -- Greenland trubot (Greenland halibut) fillets nesoi	62,0	313,2	0,0	0,0%
0304-2060.58 -- Flounder fillets, nesoi	114,1	544,2	0,0	0,0%
0304-2060.59 -- Halibut fillets, nesoi	12,5	77,5	0,0	0,0%
0304-2060.61 -- Trubot fillets, nesoi	15,6	77,0	0,0	0,0%
0304-2060.64 -- Flatfish nesoi, fillets, nesoi	8,1	37,8	0,0	0,0%
0304-2060.70 -- Ocean catfish (Wolf fish) fillets, nesoi	185,3	1.054,0	0,0	0,0%
0304-2060.71 -- Ocean perch (Ex Atlantic persh) fillets nesoi	0,3	1,5	0,0	0,0%
0304-2060.85 -- Fish nesoi fillets nesoi	37,2	115,6	0,0	0,0%
Total frozen fillets	**29.437,5**	**149.705,6**	**0,0**	**0,0%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty,value USD'000	Can.Duty %
Other fish meat:				
0304-9010.11 -- Cod meat minced in bulk or containers ov6.8kg, frozen	427,2	743,4	0,0	0,0%
0304-9010.12 -- Cod meat not minced in bulk/cont. ov6.8kg, frozen	1.651,0	4.118,0	0,0	0,0%
0304-9010.20 -- Haddock meat in bulk or containers ov6.8kg, frozen	169,6	296,3	0,0	0,0%
0304-9010.44 -- Pollock meat minced in bulk or containers ov6.8kg, frozen	342,3	418,0	0,0	0,0%
0304-9010.48 -- Pollock meat nesoi in bulk or containers ov6.8kg, frozen	165,0	244,0	0,0	0,0%
0304-9010.71 -- Ocean perch meat minced in bulk/cont. ov6.8kg, frozen	32,3	29,3	0,0	0,0%
0304-9010.89 -- Fish meat nesoi in bulk or containers ov6.8kg, frozen	483,8	635,4	0,0	0,0%
Total other fish meat	**3.271,2**	**6.484,4**	**0,0**	
Total fish fillets and oher fish meat	**34.112,7**	**164.630,3**	**0,0**	**0,0%**
Fish, dried, salted or in brine; smoked fish				
0305-2040.60 -- Fish livers/roes nesoi	32,3	191,5	9,6	5,0%
0305-3060.30 -- Cod fillets, dried, salted or in brine	2,4	27,0	0,0	0,0%
0305-3060.80 -- Fish fillets nesoi, dried salted or in brine	0,5	8,2	0,0	0,0%
0305-4100.00 -- Pacific, Atlantic and Danube salmon, smoked	36,7	614,1	0,0	0,0%
0305-4940.40 -- Fish including fillets, smoked, nesoi	5,1	56,7	0,0	0,0%
0305-5100.00 -- Cod, dried, wheter or not salted but not smoked	22,7	196,3	0,0	0,0%
0305-6140.00 -- Herrings, salted, not dried/smoked, in brine nesoi	54,4	64,4	0,0	0,0%
0305-6200.10 -- Cod whole/processed salted not dried/smk moisture>50%	40,0	232,2	0,0	0,0%
0305-6200.50 -- Cod salted not dried/smoked, brine, nesoi moisture>50%	20,0	107,3	0,0	0,0%
0305-6910.22 -- Pollock whole/simply processed salted not dried/smk brine	27,4	76,2	0,0	0,0%
0305-6940.00 -- Salmon, salted but not dried or smoked, in brine	4,1	27,8	0,0	0,0%
Total dried, salted or in brine; smoked	**245,6**	**1.601,7**	**9,6**	**0,6%**
Crustaceans				
0306-1100.00 -- Rock lobster and other sea crawfish, frozen	7,7	103,1	8,2	8,0%
0306-1300.03 -- Shrimps/prawns shell-on count size < 33 per kg, frozen	348,6	4.022,4	0,0	0,0%
0306-1300.40 -- Shrumps and prawns, peeled, frozen	159,3	1.495,1	0,0	0,0%
0306-1900.90 -- Crustaceans, nesoi, frozen	129,7	2.684,1	0,0	0,0%
Total crustaceans	**645,3**	**8.304,7**	**8,2**	**0,1%**
Aquatic invertebrates other than crustaceans				
0307-2900.00 -- Scallops incl queen, frozen (0%)/dried/salted/in brine(6%)	20,3	180,5	0,0	0,0%
Total aquatic invertebrates	**20,3**	**180,5**	**0,0**	**0,0%**
Total Chapter 3	**36.347,2**	**181.936,4**	**38,8**	**0,0%**

Chapter 15. Animal or vegetable fats and oils and their cleavage products

Fats and oils of fish and marine mammals				
1504-1020.00 -- Cod liver oil & fractions not chemically modified	37,5	72,8	5,5	7,5%
1504-2020.00 -- Cod fats & oils ex liver oil not chemically modified	104,9	33,5	2,4	7,3%
Total fats and oils	**142,4**	**106,3**	**7,9**	**7,4%**

Chapter 16. Preparations of meat, of fish or of crusteans, mulluscs or other aquatic invertebrates

Prepared or preserved fish; caviar and caviar substitutes				
1604-1260.50 -- Herrings, kipper snacks	251,7	1.539,3	92,4	6,0%
1604-1260.90 -- Herrings nesoi	104,8	178,1	14,2	8,0%
1604-1980.00 -- Fish whole/pieces not minched nesoi	0,3	3,1	0,3	11,0%
1604-2010.00 -- Fish pastes	2,3	14,7	1,6	11,0%
1604-2020.00 -- Fish balls/cakes etc no oil in airtight cntr not ov6.8kg	1,3	4,5	0,5	11,0%
1604-3030.00 -- Caviar substitutes, boild, in airtight containers	0,2	2,6	0,1	5,0%
1604-3040.00 -- Caviar substitutes, nesoi	26,7	336,5	16,8	5,0%
Total prepared or preserved	**387,3**	**2.078,8**	**126,0**	**6,1%**
Total marine products	**36.876,9**	**184.121,5**	**172,7**	**0,1%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty,value USD'000	Can.Duty %

Other products

Chapter 17. Sugars and sugar confectionery

1704-9020.05 -- Confections or sweetmeats put up for retail sale	22,2	155,8	26,0	16,7%
Total sugars and sugar confectionery	**22,2**	**155,8**	**26,0**	**16,7%**

Chapter 19. Preparations of cereals, flour, starch or milk; Bakers wares

1905-3000.40 -- Sweet biscuts, waffles and wafers	6,3	23,9	1,2	5,0%
Total bakers wares	**6,3**	**23,9**	**1,2**	**5,0%**

Chapter 22. Beverages, spirits and vinegar

Waters and waters contaning added sugar				
2201-1000.00 -- Water, mineral & aerated natrl/artfcl not swtn/flav	405,0	396,6	0,0	0,0%
2201-9000.00 -- Waters not sweetend or flavored nesoi, ice and snow	18,8	356,0	36,3	10,2%
2202-1000.30 -- Carbonated soft drinks	924,5	766,6	134,2	17,5%
Total waters and soft drinks	**1.348,3**	**1.519,2**	**170,5**	**11,2%**
Spirits				
2208-9060.00 -- Vodka in contaners not over 4 liters val not ov$2.05/l	0,0	3,4	0,0	19,19c/l
2208-9065.00 -- Vodka in contaners not over 4 liters val ov$2.05/l	34,7	201,9	5,9	19,19c/l
Total spirits	**34,7**	**205,3**	**5,9**	**2,9%**

Chapter 28. Inorganic chemicals; Organic or inorganic compounds of prcious metals, of rare-earth metals of radioactive elements or of isotopes

2827-2000.00 -- Calcium chloride	127,5	14,8	1,9	12,5%
2836-4010.00 -- Dipotassium carbonate	19,0	11,9	0,0	0,0%
Total chemicals	**146,5**	**26,7**	**1,9**	**6,9%**

Chapter 31. Fertilizers

3101.0000.00 -- Animal/veg fertilizer, mixed/not cemically treated	82,0	45,7	0,0	0,0%
Total fertilezers	**82,0**	**45,7**	**0,0**	**0,0%**

Chapter 32. Tanning or dyeing extracts; Tannins and their derivatives; Dyes, pigments and other coloring matters; Paints and varnishes; Putty and other mastics; Inks

3212-9000.50 -- Pigments, nonaqueus, oth coloring mat, retail	1,7	19,2	1,8	9,2%
Total chapter 32	**1,7**	**19,2**	**1,8**	**9,2%**

Chapter 37. Photographic or cinematographic goods

3706-9000.60 -- Motion-picture film, expos & develp, < 35mm	250 mtr	5,0	0,0	0,0%
Total chapter 37	**0,0**	**5,0**	**0,0**	**0,0%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty value USD'000	Cau.Duty %
Chapter 38. Miscellaneous chemical products				
3823-9050.50 -- Chem products & prep of chem/allied industry, nesoi	17,0	64,6	0,0*	0,0%
Total chapter 38	**17,0**	**64,6**	**0,0**	**0,0%**
Chapter 39. Plastics and articles thereof				
3919-1010.50 -- Tape in rolls not excd 20 cm w, light-reflect	*	1,3	0,3	25,0%
3923-1000.00 -- Boxes, cases, crates & similar articles, of plastic	*	83,3	11,3	13,6%
3923-9000.00 -- Art for conveying or packing of goods, plastic	*	6,3	0,9	13,6%
3926-9090.50 -- Other articles of plastic, nesoi	*	49,5	4,6	9,2%
3926-9090.90 -- Oterh articles of plastic, nesoi	*	19,8	2,7	13,6%
Total chapter 39	*	**160,2**	**19,8**	**12,3%**
Chapter 40. Rubber and articles thereof				
4001-2200.25 -- Technically specified natural rubber, grade 20	108,4	81,1	0,0	0,0%
4002-9900.00 -- Synthetic rub & fatice derived from oils, nesoi	35,0	4,3	0,0	0,0%
4010-1010.30 -- Power transmission belts, nesoi	No = 123	0,4	0,1	17,5%
4012-9010.00 -- Solid or cushion tiers, of rubber	No = 32457	64,4	7,2	11,2%
4015-9000.50 -- Article of apparel, exc apron, vulcanize rub, nesoi	Doz = 325	354,6	79,8	22,5%
Total chapter 40		**504,8**	**87,1**	**17,2%**
Chapter 42. Articles of leather; Saddlery and harness; Travel goods, handbags and similar containers; Artilces of animal gut (other than silkworm gut)				
4203-1040.30 -- Men's & Boys coats/jackets of leather, exc reptile	No = 75	0,9	0,2	22,5%
Total chapter 42		**0,9**	**0,2**	**22,5%**
Chapter 43. Furskins and artificaial fur; Manufactures thereof				
4301-1000.20 -- Mink furskins nesoi, raw, whole	No = 5097	127,4	0,0	0,0%
4301-6060.00 -- Fox furskins, raw, whole, nesoi	No = 328	24,6	0,0	0,0%
4302-1960.00 -- Furskins nesoi whole tanned not assembled not dyed	No = 1665	44,1	2,2	5,0%
4302-1975.00 -- Furskins nesoi whole tanned, not assembled dyed	No = 15618	101,4	5,1	5,0%
Total chapter 43		**297,5**	**7,3**	**2,4%**
Chapter 49. Printed books, newspapers, pictures and other products of the printing industry; Manuscripts, typescripts and plans				
4901-1000.40 -- Printed matter nesoi, in single sheets	*	65,1	0,0	0,0%
4901-9900.50 -- Technical, scientific and professional books	No = 1000	7,2	0,0	0,0%
4901-9900.70 -- Hardbound books, nesoi	No = 3000	48,0	0,0	0,0%
4901-9900.92 -- Printed books nesoi 5-48 pages each excluding cover	No = 2515	8,7	0,0	0,0%
4901-9900.93 -- Printed books nesoi 49 og more pages each excluding cover	No = 12000	26,9	0,0	0,0%
4902-9020.40 -- Business etc periodicals, nesoi single issues tied	No = 9350	27,8	0,0	0,0%
4911-1000.60 -- Tourist/other lit/posters re travel etc outside us	*	5,1	0,0	0,0%
4911-1000.80 -- Trade advertising material, printed, nesoi	*	61,5	0,0	0,0%
4911-9140.20 -- Posters, printed not over 20 years, nesoi	0,2	4,1	0,5	11,3%
4911-9140.40 -- Pictures/designs/photographs not over 20 years, nesoi	0,1	2,1	0,2	11,3%
Total chapter 49		**256,5**	**0,7**	**0,3%**
Chapter 51. Wool, fine or coarse animal hair; Horshair yarn and woven fabric				
5103-2000.00 -- Waste of wool other waste of wool/fine animal hair	11,7	13,7	0,0	0,0%
5106-1000.90 -- Yarn carded wool not retail sale >85% by wt wool neoi	0,4	4,8	0,5	11,0%
5107-1000.00 -- Yarn combed wool not retail sale >85% by wt wool	22,5	268,0	29,5	11,0%

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty,value USD'000	Can.Duty %
5109-1060.00 -- Yarn other animal hair not < 85% wt for retail sale	0,7	10,1	1,1	11,0%
5109-9060.00 -- Yarn otehr animal heir nto <85% by wt retail sale	0,4	5,5	0,6	11,0%
5111-1960.80 -- N-hnd wv fb crd wl/fah con >=85% w/fah wt >400g/m2	m2 = 11	0,3	0,1	23,5%
Total chapter 51		**302,4**	**31,8**	**10,5%**

Chapter 52. Cotton

5209-5900.90 -- Woven fab cot 85%> cot >200g/m2 prt other fab nesoi	m2 = 17	0,9	0,1	16,0%
Total chapter 52		**0,9**	**0,1**	**16,0%**

Chapter 56. Wadding, felt and nonwovens; Special yarns; Twine, cordage, ropes and cables and articles thereof

5607-4930.00 -- Cordage etc of poylethylene/polyproplene nesoi	0,5	2,9	0,6	21,0%
5608-1910.20 -- Fish netting nesoi of manmade textile materials	13,0	92,7	23,2	25,0%
Total chapter 56	**13,5**	**95,6**	**23,8**	**24,9%**

Chapter 61. Articles of apparel and clothing accessories, knitted or crochetted

6101-1000.00 -- Men's or boys overcoats, carcoats etc of wool/fah, knitted	doz = 5	4,7	1,2	25,0%
6102-1000.00 -- Womens or girls overcoats, carcoats etc of wool/fah, knitted	doz = 409	111,2	27,8	25,0%
6102-2000.10 -- Women's overcoats, carcoats, etc of cotton, knitted	dos = 8	0,6	0,2	25,0%
6104-5100.00 -- Women's or girls skirts and diveded skirts of wool, knitted	doz = 1	0,3	0,1	25,0%
6106-2020.10 -- Women's blouses of other manmade fibers, knitted	doz = 2	1,2	0,3	25,0%
6110-1010.20 -- Women's or girls sweaters wholly of cashmere, knitted	doz = 13	4,4	1,1	25,0%
6110-1020.10 -- Men's sweaters of other wool or fah, knitted	doz = 107	42,8	10,7	25,0%
6110-1020.30 -- Women's sweaters of other wool or fah, knitted	doz = 504	137,5	34,4	25,0%
6110-1020.80 -- Women's or girls sweatshirts & sim art of oth wool or fah, k	doz = 4	2,0	0,5	25,0%
6110-2010.20 -- Women's or girls sweaters of cot cont 36% mor flax fibers	doz = 1	1,0	0,3	25,0%
6110-2020.10 -- Men's sweaters of other cotton, knitted	doz = 44	14,4	3,6	25,0%
6110-2020.20 -- Women's sweaters of other cotton, knitted	doz = 136	42,3	10,6	25,0%
6115-9100.00 -- Socks & other hosry & ftwr appld sls wool, knitted	dpr = 127	8,6	1,7	20,0%
6116-9100.00 -- Mittens and mitts of wool or fine animal hair, knitted	dpr = 24	1,4	0,4	25,0%
6117-1010.00 -- Shawls scarves mufflers mantillas veils wool, knitted	doz = 76	21,1	5,3	25,0%
Total chapter 61		**393,5**	**97,9**	**24,9%**

Chapter 62. Articles of apparel and clothing accessories, not knitted or crochetted

6202-1100.10 -- Women's overcoats carcoat & similar coat wool	doz = 4	4,6	1,2	25,0%
6202-9220.60 -- Women's anorak & similar article cotton nesoi	doz = 5	0,5	0,1	22,5%
6202-9350.10 -- Women's anorak & similar art mmf <36% wool/fah	doz = 17	1,9	0,5	25,0%
6204-4440.10 -- Women's dresses of ot art fib <36% by wigt of wool/fah	doz = 6	0,4	0,1	25,0%
6204-6925.40 -- Women's shorts art fiber cont <36% wool	doz = 8	0,3	0,1	22,5%
6206-3030.40 -- Women's woven cotton blouses + shirts	doz = 11	2,5	0,6	22,5%
6206-4030.30 -- Women's blouses of mmf <36% flax fib	doz = 29	1,4	0,4	25,0%
6210-2010.10 -- Men's or boys overcoats etc mmf surface impreg rbr/plas	doz = 3	0,5	0,1	24,0%
6210-3020.20 -- Women's or girls overcoats etc tex flt/n/wcn n impreg rbr/plas	doz = 105	37,8	9,2	24,3%
6210-4020.10 -- Men's or boys garments nesoi rubberized tex mrtl ex mmf	doz = 833	164,0	39,9	24,3%
6210-4020.20 -- Men's or boys anoraks & similar art rubberized tex mtrl	doz = 3	0,9	0,2	24,3%
6210-4020.35 -- Men's or boys trousers rubberized tex mtrl ex mmf	doz = 1	0,4	0,1	24,3%
6210-5010.10 -- Women's or girls garments nesoi mmf impreg rubber/plas	doz = 18	4,7	1,1	24,2%
6210-5020.10 -- Women's or girls germents nesoi tex mtrl ex mmf impreg rbr	doz = 403	76,8	18,6	24,2%
6216-0080.00 -- Gloves of wool or fine animal hair	dpr = 3	0,6	0,2	25,0%
Total chapter 62		**297,3**	**72,2**	**24,3%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty value USD'000	Can.Duty %
Chapter 63. Other made up textile articles; Needlecraft sets; Worn clothing and worn textile articles; Rags				
6301-2000.10 -- Blanket n/elec & travel rug wool f/hair nt>3m length	No = 11912	324,0	72,9	22,5%
6301-3000.20 -- Blanket n/elec & travel rugs of cotton, nesoi	No = 637	15,2	3,4	22,5%
6302-2120.40 -- Sheets of print cotton not trimmed, etc not napped	No = 13472	53,7	12,1	22,5%
6307-1020.05 -- Shop towels for use garages filling stations, cotton	No = 500000	45,0	10,1	22,5%
Total chapter 63		**437,9**	**98,5**	**22,5%**
Chapter 64. Footwear, gaiters and the like; Parts og such articles				
6403-9960.40 -- Footwear sol r/p up lthr exc pigskin tenis-gym shoe me	prs = 10806	80,8	18,4	22,8%
6406-9915.40 -- Parts of footwear of tixtile materials-mmf other	doz = 75	3,9	0,6	15,9%
6406-9915.80 -- Parts of footwear of textile materials-other nesoi	doz = 3	0,3	0,0	15,9%
Total chapter 64		**85,0**	**19,1**	**22,5%**
Chapter 65 Headgear and parts thereof				
6505-9030.90 -- Knitted or crocheted wool headgear, nesoi	doz = 734	11,8	2,4	20,0%
6505-9060.40 -- Hats etc ex baby mmf knit/crch in piece nt in braid	doz = 35	0,8	0,2	25,0%
Total chapter 65		**12,6**	**2,6**	**20,3%**
Chapter 70. Glass and glassware				
7011-1010.00 -- Glass bulbs w/out fittings, for incandescent lamps	hnd = 2	1,3	0,1	10,2%
7011-9000.00 -- Glass envelopes, open, a parts, w/o fittings, nesoi	hnd = 1	1,7	0,2	10,2%
7014-0030.00 -- Lenses, filters a parts, glass, nt optic elem n wkd	No = 379	24,4	0,0	0,0%
Total chapter 70		**27,4**	**0,3**	**1,1%**
Chapter 71. Natural or cultured pearls, precious or semiprecious stones, precious metals, metals clad with precious metal, and articles thereof; Imitation jewelry; Coin				
7113-1150.00 -- Silver jewelry etc value over $18 per doz pcs	*	3,1	0,4	13,3%
Total chapter 71		**3,1**	**0,4**	**13,3%**
Chapter 72. Iron and steel				
7217-1170.90 -- Wire is na u.25p cp pln rnd 1.5mm ao diam nt ht-trtd	21,4	11,5	0,7	5,7%
Total chapter 72	**21,4**	**11,5**	**0,7**	**5,7%**
Chapter 73. Articles of iron or steel				
7320-9050.60 -- Springs of iron or steel, other than of wire nesoi	23,0	29,3	0,0*	9,2%
7326-9045.00 -- Horse and mule shoes of iron or steel	0,2	1,5	0,2	10,2%
7326-9090.90 -- Other articles of iron or steel, nesoi	30,8	107,0	10,9	10,2%
Total chapter 73	**54,0**	**137,8**	**11,1**	**8,0%**
Chapter 84. Nuclear reactors, boilers, machinery and mechanical appliances; Parts thereof				
8418-6900.15 -- Icemaking machines, nesoi	No = 1	6,0	0,8	12,6%
8421-2100.00 -- Water filtering or purifying machinery & apparatus	No = 1	8.000,0	0,0*	9,2%
8421-3900.10 -- Dust collection and air purification equipment	*	36,0	0,0	0,0%
8421-3900.90 -- Filtering or purifying machinery & apparatus, gas, nesoi	*	36,0	3,3	9,2%
8423-2000.00 -- Scales fr continous weighing of goods on conveyor	No = 2	21,5	2,2	10,2%
8423-8100.40 -- Digital elec scales, weight capasity not exc 30 kg, nesoi	No = 1	6,1	0,6	10,2%

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty,value USD'000	Can.Duty %
8423-8200.10 -- Digital elec type weighing mach, wdht n/exc 5.000kg	No = 44	363,2	37,0	10,2%
8423-8200.50 -- Weighing mach wght cap exc 30 not exc 5.000kg, nesoi	No = 5	31,6	3,2	10,2%
8423-8900.50 -- Weighing machines, nesoi	No = 42	357,9	36,5	10,2%
8423-9000.40 -- Digital weight indicators	No = 14	3,1	0,3	10,0%
8423-9000.80 -- Parts of weighing mach exc digital wight indicat	*	55,4	5,5	10,0%
8425-3100.00 -- Winches and capstans powered by electric motors	No = 6	15,3	1,4	9,2%
8425-3900.00 -- Winches and capstans not powered by electric motor	No = 23	61,4	5,6	9,2%
8431-1000.90 -- Parts of winches, capstans and jacks	*	9,8	0,9	9,2%
8431-4100.80 -- Bukets, shovels, grabs and grips, nesoi	No = 23	2,3	0,2	9,2%
8433-6000.10 -- Machines for cleaning, sorting or grading eggs	No = 3	32,0	2,9	9,2%
8436-8000.90 -- Agril, hort mach inc germinat plt fit with eq, nesoi	No = 55	38,4	0,0	0,0%
8436-9900.90 -- Pts of ag, hort, mach inc germ plt with mech/thrm eq	*	38,7	0,0	0,0%
8438-1000.10 -- Bakery machinery	No = 2	15,8	1,5	9,2%
8438-5000.90 -- Mach for the preparation of meat or poultry, nesoi	No = 2	33,9	3,1	9,2%
8438-8000.00 -- Ind prep, manuf food, drink exc ext, prep anim, veg oil	No = 9	552,8	37,6	6,8%
8438-9090.60 -- Parts of machs for preparation of meat or poultry	*	6,1	0,6	9,2%
8438-9090.90 -- Parts ind prep, mfg food, drink exc ext, prep anim, veg oil	*	11,4	1,0	9,2%
8471-2000.60 -- Digital adp mch w cpu & input/output, crt exc color	No = 5	3,2	0,1	3,9%
8471-9100.90 -- Digital proc unt w storage, input/output unt, w/o crt	No =1	1,6	0,1	3,9%
8473-3080.00 -- Parts of adp mach and units incorporationg a crt	*	1.785,8	0,0*	3,9%
8479-8990.90 -- Machines and mechanical appliances, nesoi	No = 2	33,5	3,1	9,2%
8479-9080.90 -- Parts of mach & mechanical appl, nesoi	*	231,2	0,0*	5,5%
Total chapter 84		11.790,0	147,7	1,3%

Chapter 85. Electrical machinery and equipment and parts thereof; Sound recorders and reproducers, television image and sound recorders and reproducers, and parts and accessories of such articles

8507-2000.20 -- Lead acid storage batteries,used, nesoi, recovery	No = 2000	2,0	0,2	10,8%
8512-2020.00 -- Motor vehicle lighting equipment	*	17,2	1,6	9,2%
8512-2020.40 -- Lightg.equip. 8701-20,8702,8703,8704,8705 or 8711	*	62,7	5,8	9,2%
8517-8200.80 -- Telegraphic apparatus, nesoi	*	2,3	0,0	0,0%
8524-9040.80 -- Other recorded media, nesoi	No = 12574	47,8	0,0	9,5%
8536-4900.55 -- Relays > 60 V, & contacts < 10 A nesoi	No = 58	1,3	0,1	10,3%
Total chapter 85		133,3	7,7	5,8%

Chapter 87. Vehicles other than railway or tramway rolling-stock, and parts and accessories thereof

8708-2900.60 -- Parts and accessories, nesoi, of bodies hdg 8701,8705	*	8,2	0,0	0,0%
8708-9950.80 -- Parts, nesoi, of motor vehicles, nesoi, hds 8701,8705	*	7,2	0,0	0,0%
8710-0000.90 -- Parts of armore fihting vehicles, morotized	*	14,7	0,0	0,0%
Total chapter 87		30,1	0,0	0,0%

Chapter 88. Aircraft, spacecraft, and parts thereof

8803-3000.10 -- Parts, nesoi, of airplanes of helicopters, civil	*	16,0	0,0	0,0%
8803-3000.50 -- Parts, neoi, of airplanes or helicopters, military	*	471,7	0,0	0,0%
Total chapter 88		487,7	0,0	0,0%

Chapter 89. Ships, boats and floating structures

8907-9000.90 -- Floating structures, nesoi	*	27,6	6,9	25,0%
Total chapter 89	0,0	27,6	6,9	25,0%

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty value USD'000	Can.Duty %
Chapter 90. Optical, photographic, cinematographic, measuring, checking, prcision, medical or surgical instuments and apparatus; Parts and accessories thereof				
9018-1100.80 -- Parts and accessories for electrocardiographs	*	2,4	0,0	0,0%
9018-1980.20 -- Patient monitoring system, temperature, pulse, etc	*	86,6	0,0	0,0%
9021-1100.00 -- Artificial joints and parts and accessories	*	26,2	0,0	0,0%
9021-3000.00 -- Other artifical parts of the body & parts & accessories	*	171,3	0,0	0,0%
9023-0000.00 -- Instruments, appts&models, for demonstrational use & parts	*	420,0	0,0	0,0%
9026-8020.00 -- Elec inst, measuring/checking variable of liquids or gases	No = 1	2,0	0,0	0,0%
9028-2000.00 -- Liquid meters	No = 52	14,6	1,0	10,3%
9028-9000.80 -- Parts & Accessories, gas, liquid or production meters	*	18,7	1,9	10,3%
9031-8000.80 -- Measure/check inst, appln&machines, nesoi in chapter 90	*	1,6	0,2	10,3%
9032-1000.90 -- Thermostats, nesoi	No = 5	2,0	0,2	9,2%
9033-0000.00 -- Parts, nesoi for machines, appln, inst/appts of chapter 90	*	3,5	0,3	9,2%
Total chapter 90		**748,9**	**3,6**	**0,5%**
Chapter 93. Arms and ammunition; Parts and accessories thereof				
9301-0090.90 -- Military weapons, exc arms of heading 9307, nesoi	No = 826	245,5	0,0*	11,3%
9305-1020.00 -- Part and accessories of revolvers/pistols of 9302	*	2,0	0,1	5,5%
9306-2100.00 -- Shotgun cartridges and parts thereof	Ths = 69	12,0	0,0*	11,3%
9306-3040.40 -- Empty cartridges shells for rifles or pistols	Ths = 356	23,7	2,7	11,3%
9306-3040.60 -- Cartridges and empty cartridge shells, nesoi	Ths = 960	40,8	4,6	11,3%
9306-9000.60 -- Parts for guided missiles	*	2.411,5	0,0*	9,2%
Total chapter 93		**2.735,5**	**7,4**	**0,3%**
Chapter 94. Furniture; Bedding, mattresses, mattress supports, cushions and similar stuffed furnishings; Lamps and lighting fittings, not elsewhere specified or included; Illuminated signs, illuminated nameplates and the like; Prefabricated buldings				
9403-2000.10 -- Household metal furniture	*	3,7	0,5	12,6%
9405-4080.00 -- Electric lamps and lighting fittings, nesoi	No = 326	45,6	5,2	11,3%
9405-5040.00 -- Non-electric lamps & lighting fittings, nesoi	No = 50	5,3	0,5	10,2%
Total chapter 94		**54,6**	**6,2**	**11,3%**
Chapter 97. Works of art, colletors pieces and antiques				
9701-1000.00 -- Paintings, drawing and pastels exc of heading 4906	*	69,3	0,0	0,0%
Total chapter 97		**69,3**	**0,0**	**0,0%**
Chapter 98. Articles exported and returnd; Animals exported and returned				
9801-0010.35 -- Products of U.s. returned after being exproted, nesoi	*	916,9	0,0	0,0%
9801-0010.84 -- Us goods in chapter 84 returned after being exported	*	43,3	0,0	0,0%
9801-0010.85 -- Us goods in chapter 85 returned after being exported	*	54,2	0,0	0,0%
9801-0010.88 -- Us goods in chapter 88 returned after being exported	*	212,0	0,0	0,0%
9801-0010.90 -- Us goods in chapter 90 returned after being exported	*	1.005,2	0,0	0,0%
9801-0010.99 -- Products of U.s. returned after being exproted, nesoi	*	194,9	0,0	0,0%
9810.0060.00 -- Inst & apprts not mfgr in usa for nonprofit inst	*	5,2	0,0	0,0%
Total chapter 98		**2.431,7**	**0,0**	**0,0%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty,value USD'000	Can.Duty %
Chapter 99. Temporary legislation; Temporary modifications established pursuant to trade legislation; Additional import restrictions established pursuant to section 22 of the agricultural adjustment act, as amended				
9999-0015.00 -- Equipment and repairs of vessels, nesoi	*	11,6	5,8	Tímabundið
9999-9500.00 -- Estimate of low valued items	*	355,7	0,0	Tímabundið
Total chapter 99		367,3	5,8	
Total other products		23.966,3	865,9	3,6%
Total US imports from Iceland		208.916,5	1.058,2	0,5%

Samantekt og útreikningur á tollum af ímynduðum innflutningi til Kanada

Samkvæmt ofangreindri töflu myndu tollar af innflutninngi til Kanada sambærilegum við innflutning til Bandaríkjanna hafa verið í Bandaríkjadölum USD 1.058.200

Sé tekið mið af mannfjöldamun í Bandaríkjunum og Kanada fæst með hlutfallareikningi:
(Gert er ráð fyrir sömu innkaupum á hvert mannsbarn)
Tollar af *innflutningi m.t.t. mannfjölda*:
26,5m/250m=0,11 ; 0,11* USD 1.058.200= USD 116.402

Mannfjöldi	
Kanada	**Bandaríkin**
26,5 milljónir	250 milljónir

Sé tekin með í reikningin mismunandi kaupgeta fæst með samanburði á GDP per capita
(gert er ráð fyrir að innflutningur væru í réttu hlutfalli við GDP)
Tollar af innflutningi m.t.t. mannfjölda og kaupgetu:
USD 21.418/USD 21.449 = 0,999; 0,999* USD 116.402 = USD 116.234

Þjóðartekjur á mann (GDP)	
Kanada	**Bandaríkin**
21.418,0	21.449,0

Umreiknað í íslenskar krónur á núgengi (23/3/94):

USD 116.234 * ISK 72,53/USD = ISK 8.430.435

Ath. nokkur óvissa er sums staðar um ákvörðun á réttu tollnúmeri þegar bornar eru saman bandarísku og kanadísku tollskrárnar.

Tafla 13.

Ministry for Foreign Affairs
Trade Department - 23/3/94/HA-ÞJ

Effects of Mexican import duties on Icelandic exports

Based on levels of 1991 U.S. Imports from Iceland
(General Import Value, Quantity and Duty)

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty. value USD '000	Mex.Duty %
Agricultural products				
Chapter 1. Live animals				
0101-1900.90 -- Horses	No. = 6	6,6	0,7	10,0%
0106-0050.60 -- Oher live animals	X	50,0	5,0	10,0%
Total live animals	*	56,6	5,7	10,0%
Chapter 2. Meat and edible meat offal				
0206-4900.00 -- Offal of swine except livers, edible, frozen	12,9	41,2	4,1	10,0%
Total Chapter 2	12,9	41,2	4,1	10,0%
Chapter 4. Dairy produce; Birds eggs; Natural honey; Edible products of animal origin nesoi				
0406-9080.60 -- Cheese substitues inc mxtes nesoi cnt cows mlk etc	322,3	625,5	125,1	20,0%
Total Chapter 4	322,3	625,5	125,1	20,0%
Chapter 12. Oil seeds and oleaginous fruits; Miscellaneous grains, seeds and fruit; Industrial or medicinal plants; Straw and fodder				
1212.200.00 -- Seaweeds & other algae frsh or dried w/not ground	136,6	92,3	9,2	10,0%
Total Chapter 12	136,6	92,3	9,2	10,0%
Chapter 13. Gums; Resins and other vegetable saps and extracts				
1301-9090.30 -- Natural gum, tragacanth	18,3	13,1	1,3	10,0%
Total Chapter 13	18,3	13,1	1,3	10,0%
Total agricultural products	**490,1**	**828,7**	**145,4**	**17,5%**
Marine products				
Chapter 3. Fish and crustaceans. molluscs and other aquatic invertebrates				
Fish, fresh or chilled, not fillets and other in 0304				
0302-1100.90 -- Trout except farmed reinbow trout	5,9	41,1	8,2	20,0%
0302-1200.02 -- Atlantic salmon	395,6	2.037,5	407,5	20,0%
0302-1200.03 -- Atlantic salmon, farmed	256,4	1.211,3	242,3	20,0%
0302-1200.04 -- Atlantic salmon, not farmed	27,3	140,8	28,2	20,0%
0302-1200.54 -- Coho (silver) salmon, not farmed	0,4	1,7	0,3	20,0%
0302-1200.62 -- Salmon, nesoi	12,6	81,5	16,3	20,0%
0302-1900.00 -- Salmonidae, nesoi	57,4	318,3	63,7	20,0%
0302-2100.10 -- Atlantic halibut (Hippoglossus hippoglossus)	22,2	208,0	41,6	20,0%

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD '000	Mex.Duty %
0302-2100.90 -- Greenland trubot (Greenland halibut)	17,4	124,4	24,9	20,0%
0302-4000.00 -- Herrings	10,1	10,7	2,1	20,0%
0302-5000.10 -- Atlantic cod	1,9	10,8	2,2	20,0%
0302-5000.90 -- Cod nesoi	0,3	1,7	0,3	20,0%
0302-6200.00 -- Haddock	195,3	1.117,8	223,6	20,0%
0302-6940.30 -- Ocean perch	2,7	8,6	1,7	20,0%
0302-6940.70 -- Fish nesoi	2,6	20,4	4,1	20,0%
0302-6940.95 -- Fish nesoi	1,8	12,0	2,4	20,0%
Total fresh or chilled	**1.009,9**	**5.346,6**	**1.069,3**	**20,0%**
Fish, frozen, not fillets and other in 0304				
0303-2200.00 -- Atlantic and Danube salmon	7,1	21,5	4,3	20,0%
0303-2900.00 -- Salmonidae, nesoi	0,7	5,7	1,1	20,0%
0303-3100.10 -- Atlantic halibut (Hippoglossus hippoglossus)	176,1	1.048,5	209,7	20,0%
0303-3100.30 -- Greenland trubot (Greenland halibut)	18,5	126,4	25,3	20,0%
0303-3900.10 -- Flounder	34,5	88,7	17,7	20,0%
0303-3900.90 -- Falt fish, nesoi	18,6	111,2	22,2	20,0%
0303-7200.00 -- Haddock	18,9	50,8	10,2	20,0%
0303-8040.95 -- Fish livers and roes	39,0	419,8	84,0	20,0%
Total frozen	**313,4**	**1.872,6**	**374,5**	**20,0%**
Fish fillets and other fish meat				
Fresh or chilled:				
0304-1010.20 -- Atlantic ocean perch	126,6	488,8	97,8	20,0%
0304-1010.44 -- Atlantic cod	33,2	176,4	35,3	20,0%
0304-1010.48 -- Cod nesoi	2,3	15,8	3,2	20,0%
0304-1010.50 -- Haddock	1.156,5	7.273,0	1.454,6	20,0%
0304-1010.55 -- Cusk and pollock	0,3	1,9	0,4	20,0%
0304-1040.35 -- Other perch nesoi	0,3	1,4	0,3	20,0%
0304-1040.80 -- Greenland trubot (Greenland halibut)	18,5	89,6	17,9	20,0%
0304-1040.85 -- Falt fish, nesoi	7,7	44,1	8,8	20,0%
0304-1040.90 -- Fish nesoi	58,6	349,3	69,9	20,0%
Total fresh or chilled	**1.404,0**	**8.440,3**	**1.688,1**	**20,0%**
Frozen fillets:				
0304-2020.11 -- Atlantic cod fillets, skinned, block ov4.5kg	3.784,8	17.915,5	3.583,1	20,0%
0304-2020.12 -- Cod nesoi, fillets, skinned, blocks ov4.5kg,	17,7	94,1	18,8	20,0%
0304-2020.21 -- Greenland turbot (Greenland halibut) sknd blk ov4.5kg	5,3	11,9	2,4	20,0%
0304-2020.23 -- Sole fillets, skinned, blocks ov4.5kg	3,6	8,0	1,6	20,0%
0304-2020.25 -- Flounder fillets, skinned, block ov4.5kg	3,3	7,0	1,4	20,0%
0304-2020.27 -- Halibut fillets, skinned, blocks ov4.5kg	5,4	33,6	6,7	20,0%
0304-2020.30 -- Haddock fillets skinned, blocks ov4.5kg cut in even pcs	1.295,2	6.891,5	1.378,3	20,0%
0304-2020.33 -- Ocean catfish (wolf) fillets skinned block ov4.5kg	57,5	170,6	34,1	20,0%
0304-2020.48 -- Pollock fillets nesoi skinned block ov4.5kg to procsd	897,7	2.688,8	537,8	20,0%
0304-2020.60 -- Atlantic ocean perch fillets, skinned block ov4.5kg	197,0	547,9	109,6	20,0%
0304-2020.66 -- Fish nesoi fillets skinned, blocks ov4.5kg	28,5	84,2	16,8	20,0%
0304-2030.20 -- Atlangic ocean perch (rosefish) fillets nesoi	884,1	3.200,2	640,0	20,0%
0304-2030.30 -- Atlantic cod fillets, nesoi	12.055,5	70.343,2	14.068,6	20,0%
0304-2030.35 -- Cod (except Atlantic cod) fillets, nesoi	237,9	1.371,6	274,3	20,0%
0304-2030.62 -- Haddock fillets, nesoi	4.332,5	26.713,2	5.342,6	20,0%
0304-2030.68 -- Pollock fillets, nesoi	5.194,8	17.390,2	3.478,0	20,0%
0304-2060.07 -- Salmonidae nesoi fillets, nesoi	1,6	13,3	2,7	20,0%
0304-2060.55 -- Greenland trubot (Greenland halibut) fillets nesoi	62,0	313,2	62,6	20,0%
0304-2060.58 -- Flounder fillets, nesoi	114,1	544,2	108,8	20,0%
0304-2060.59 -- Halibut fillets, nesoi	12,5	77,5	15,5	20,0%
0304-2060.61 -- Trubot fillets, nesoi	15,6	77,0	15,4	20,0%
0304-2060.64 -- Flatfish nesoi, fillets, nesoi	8,1	37,8	7,6	20,0%
0304-2060.70 -- Ocean catfish (Wolf fish) fillets, nesoi	185,3	1.054,0	210,8	20,0%
0304-2060.71 -- Ocean perch (Ex Atlantic persh) fillets nesoi	0,3	1,5	0,3	20,0%
0304-2060.85 -- Fish nesoi fillets nesoi	37,2	115,6	23,1	20,0%
Total frozen fillets	**29.437,5**	**149.705,6**	**29.941,1**	**20,0%**

IIS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD '000	Mex.Duty %
Other fish meat:				
0304-9010.11 -- Cod meat minced in bulk or containers ov6.8kg, frozen	427,2	743,4	148,7	20,0%
0304-9010.12 -- Cod meat not minced in bulk/cont. ov6.8kg, frozen	1.651,0	4.118,0	823,6	20,0%
0304-9010.20 -- Haddock meat in bulk or containers ov6.8kg, frozen	169,6	296,3	59,3	20,0%
0304-9010.44 -- Pollock meat minced in bulk or containers ov6.8kg, frozen	342,3	418,0	83,6	20,0%
0304-9010.48 -- Pollock meat nesoi in bulk or containers ov6.8kg, frozen	165,0	244,0	48,8	20,0%
0304-9010.71 -- Ocean perch meat minced in bulk/cont. ov6.8kg, frozen	32,3	29,3	5,9	20,0%
0304-9010.89 -- Fish meat nesoi in bulk or containers ov6.8kg, frozen	483,8	635,4	127,1	20,0%
Total other fish meat	**3.271,2**	**6.484,4**	**1.296,9**	**20,0%**
Total fish fillets and other fish meat	**34.112,7**	**164.630,3**	**32.926,1**	**20,0%**
Fish, dried, salted or in brine; smoked fish				
0305-2040.60 -- Fish livers/roes nesoi	32,3	191,5	38,3	20,0%
0305-3060.30 -- Cod fillets, dried, salted or in brine	2,4	27,0	5,4	20,0%
0305-3060.80 -- Fish fillets nesoi, dried salted or in brine	0,5	8,2	1,6	20,0%
0305-4100.00 -- Pacific, Atlantic and Danube salmon, smoked	36,7	614,1	122,8	20,0%
0305-4940.40 -- Fish including fillets, smoked, nesoi	5,1	56,7	11,3	20,0%
0305-5100.00 -- Cod, dried, wheter or not salted but not smoked	22,7	196,3	39,3	20,0%
0305-6140.00 -- Herrings, salted, not dried/smoked, in brine nesoi	54,4	64,4	12,9	20,0%
0305-6200.10 -- Cod whole/processed salted not dried/smk moisture>50%	40,0	232,2	46,4	20,0%
0305-6200.50 -- Cod salted not dried/smoked, brine, nesoi moisture>50%	20,0	107,3	21,5	20,0%
0305-6910.22 -- Pollock whole/simply processed salted not dried/smk brine	27,4	76,2	15,2	20,0%
0305-6940.00 -- Salmon, salted but not dried or smoked, in brine	4,1	27,8	5,6	20,0%
Total dried, salted or in brine; smoked	**245,6**	**1.601,7**	**320,3**	**20,0%**
Crustaceans				
0306-1100.00 -- Rock lobster and other sea crawfish, frozen	7,7	103,1	20,6	20,0%
0306-1300.03 -- Shrimps/prawns shell-on count size < 33 per kg, frozen	348,6	4.022,4	804,5	20,0%
0306-1300.40 -- Shrumps and prawns, peeled, frozen	159,3	1.495,1	299,0	20,0%
0306-1900.90 -- Crustaceans, nesoi, frozen	129,7	2.684,1	536,8	20,0%
Total crustaceans	**645,3**	**8.304,7**	**1.660,9**	**20,0%**
Aquatic invertebrates other than crustaceans				
0307-2900.00 -- Scallops incl queen, frozen (0%)/dried/salted/in brine(6%)	20,3	180,5	36,1	20,0%
Total aquatic invertebrates	**20,3**	**180,5**	**36,1**	**20,0%**
Total Chapter 3	**36.347,2**	**181.936,4**	**36.387,3**	**20,0%**

Chapter 15. Animal or vegetable fats and oils and their cleavage products

Fats and oils of fish and marine mammals				
1504-1020.00 -- Cod liver oil & fractions not chemically modified	37,5	72,8	7,3	10,0%
1504-2020.00 -- Cod fats & oils ex liver oil not chemically modified	104,9	33,5	3,4	10,0%
Total fats and oils	**142,4**	**106,3**	**10,6**	**10,0%**

Chapter 16. Preparations of meat, of fish or of crusteans, mulluscs or other aquatic invertebrates

Prepared or preserved fish; caviar and caviar substitutes				
1604-1260.50 -- Herrings, kipper snacks	251,7	1.539,3	307,9	20,0%
1604-1260.90 -- Herrings nesoi	104,8	178,1	35,6	20,0%
1604-1980.00 -- Fish whole/pieces not minched nesoi	0,3	3,1	0,6	20,0%
1604-2010.00 -- Fish pastes	2,3	14,7	2,9	20,0%
1604-2020.00 -- Fish balls/cakes etc no oil in airtight cntr not ov6.8kg	1,3	4,5	0,9	20,0%
1604-3030.00 -- Caviar substitutes, boild, in airtight containers	0,2	2,6	0,5	20,0%
1604-3040.00 -- Caviar substitutes, nesoi	26,7	336,5	67,3	20,0%
Total prepared or preserved	**387,3**	**2.078,8**	**415,8**	**20,0%**
Total marine products	**36.876,9**	**184.121,5**	**36.813,7**	**20,0%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD '000	Mex.Duty %

Other products

Chapter 17. Sugars and sugar confectionery

1704-9020.05 -- Confections or sweetmeats put up for retail sale	22,2	155,8	31,2	20,0%
Total sugars and sugar confectionery	**22,2**	**155,8**	**31,2**	**20,0%**

Chapter 19. Preparations of cereals, flour, starch or milk; Bakers wares

1905-3000.40 -- Sweet biscuits, waffles and wafers	6,3	23,9	2,4	10,0%
Total bakers wares	**6,3**	**23,9**	**2,4**	**10,0%**

Chapter 22. Beverages, spirits and vinegar

Waters and waters contaning added sugar				
2201-1000.00 -- Water, mineral & aerated natrl/artfcl not swtn/flav	405,0	396,6	79,3	20,0%
2201-9000.00 -- Waters not sweetend or flavored nesoi, ice and snow	18,8	356,0	35,6	10,0%
2202-1000.30 -- Carbonated soft drinks	924,5	766,6	153,3	20,0%
Total waters and soft drinks	**1.348,3**	**1.519,2**	**268,2**	**17,7%**
Spirits				
2208-9060.00 -- Vodka in contaners not over 4 liters val not ov$2.05/l	0,0	3,4	0,7	20,0%
2208-9065.00 -- Vodka in contaners not over 4 liters val ov$2.05/l	34,7	201,9	40,4	20,0%
Total spirits	**34,7**	**205,3**	**41,1**	**20,0%**

Chapter 28. Inorganic chemicals; Organic or inorganic compounds of prcious metals, of rare-earth metals of radioactive elements or of isotopes

2827-2000.00 -- Calcium chloride	127,5	14,8	1,5	10,0%
2836-4010.00 -- *Dipotassium carbonate*	19,0	11,9	1,2	10,0%
Total chemicals	**146,5**	**26,7**	**2,7**	**10,0%**

Chapter 31. Fertilizers

3101.0000.00 -- Animal/veg fertilizer, mixed/not cemically treated	82,0	45,7	4,6	10,0%
Total fertilezers	**82,0**	**45,7**	**4,6**	**10,0%**

Chapter 32. Tanning or dyeing extracts; Tannins and their derivatives; Dyes, pigments and other coloring matters; Paints and varnishes; Putty and other mastics; Inks

3212-9000.50 -- Pigments, nonaqueus, oth coloring mat, retail	1,7	19,2	2,9	15,0%
Total chapter 32	**1,7**	**19,2**	**2,9**	**15,0%**

Chapter 37. Photographic or cinematographic goods

3706-9000.60 -- Motion-picture film, expos & develp, < 35mm	250 mtr	5,0	0,8	15,0%
Total chapter 37	**0,0**	**5,0**	**0,8**	**15,0%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD '000	Mer.Duty %
Chapter 38. Miscellaneous chemical products				
3823-9050.50 -- Chem products & prep of chem/allied industry, nesoi	17,0	64,6	0,0*	15,0%
Total chapter 38	**17,0**	**64,6**	**0,0**	**0,0%**
Chapter 39. Plastics and articles thereof				
3919-1010.50 -- Tape in rolls not excd 20 cm w, light-reflect	*	1,3	0,2	15,0%
3923-1000.00 -- Boxes, cases, crates & similar articles, of plastic	*	83,3	16,7	20,0%
3923-9000.00 -- Art for conveying or packing of goods, plastic	*	6,3	1,3	20,0%
3926-9090.50 -- Other articles of plastic, nesoi	*	49,5	7,4	15,0%
3926-9090.90 -- Otcrh articles of plastic, nesoi	*	19,8	3,0	15,0%
Total chapter 39	*	**160,2**	**28,5**	**17,8%**
Chapter 40. Rubber and articles thereof				
4001-2200.25 -- Technically specified natural rubber, grade 20	108,4	81,1	0,0	0,0%
4002-9900.00 -- Synthetic rub & fatice derived from oils, nesoi	35,0	4,3	0,6	15,0%
4010-1010.30 -- Power transmission belts, nesoi	No = 123	0,4	0,1	15,0%
4012-9010.00 -- Solid or cushion tiers, of rubber	No = 32457	64,4	12,9	20,0%
4015-9000.50 -- Article of apparel, exc apron, vulcanize rub, nesoi	Doz = 325	354,6	70,9	20,0%
Total chapter 40		**504,8**	**84,5**	**16,7%**
Chapter 42. Articles of leather; Saddlery and harness; Travel goods, handbags and similar containers; Artilces of animal gut (other than silkworm gut)				
4203-1040.30 -- Men's & Boys coats/jackets of leather, exc reptile	No = 75	0,9	0,2	20,0%
Total chapter 42		**0,9**	**0,2**	**20,0%**
Chapter 43. Furskins and artificaial fur; Manufactures thereof				
4301-1000.20 -- Mink furskins nesoi, raw, whole	No = 5097	127,4	12,7	10,0%
4301-6060.00 -- Fox furskins, raw, whole, nesoi	No = 328	24,6	2,5	10,0%
4302-1960.00 -- Furskins nesoi whole tanned not assembled not dyed	No = 1665	44,1	4,4	10,0%
4302-1975.00 -- Furskins nesoi whole tanned, not assembled dyed	No = 15618	101,4	10,1	10,0%
Total chapter 43		**297,5**	**29,8**	**10,0%**
Chapter 49. Printed books, newspapers, pictures and other products of the printing industry; Manuscripts, typescripts and plans				
4901-1000.40 -- Printed matter nesoi, in single sheets	*	65,1	0,0	0,0%
4901-9900.50 -- Technical, scientific and professional books	No = 1000	7,2	0,0	0,0%
4901-9900.70 -- Hardbound books, nesoi	No = 3000	48,0	0,0	0,0%
4901-9900.92 -- Printed books nesoi 5-48 pages each excluding cover	No = 2515	8,7	0,0	0,0%
4901-9900.93 -- Printed books nesoi 49 og more pages each excluding cover	No = 12000	26,9	0,0	0,0%
4902-9020.40 -- Business etc periodicals, nesoi single issues tied	No = 9350	27,8	0,0	0,0%
4911-1000.60 -- Tourist/other lit/posters re travel etc outside us	*	5,1	0,5	10,0%
4911-1000.80 -- Trade advertising material, printed, nesoi	*	61,5	12,3	20,0%
4911-9140.20 -- Posters, printed not over 20 years, nesoi	0,2	4,1	0,8	20,0%
4911-9140.40 -- Pictures/designs/photographs not over 20 years, nesoi	0,1	2,1	0,4	20,0%
Total chapter 49		**256,5**	**14,1**	**5,5%**
Chapter 51. Wool, fine or coarse animal hair; Horshair yarn and woven fabric				
5103-2000.00 -- Waste of wool other waste of wool/fine animal hair	11,7	13,7	1,4	10,0%
5106-1000.90 -- Yarn carded wool not retail sale >85% by wt wool ncoi	0,4	4,8	0,7	15,0%
5107-1000.00 -- Yarn combed wool not retail sale >85% by wt wool	22,5	268,0	40,2	15,0%

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD '000	Mex.Duty %
5109-1060.00 -- Yarn other animal hair not < 85% wt for retail sale	0,7	10,1	1,5	15,0%
5109-9060.00 -- Yarn otehr animal heir nto <85% by wt retail sale	0,4	5,5	0,8	15,0%
5111-1960.80 -- N-hnd wv fb crd wl/fah con >=85% w/fah wt >400g/m2	m2 = 11	0,3	0,0	15,0%
Total chapter 51		**302,4**	**44,7**	**14,8%**

Chapter 52. Cotton

5209-5900.90 -- Woven fab cot 85%> cot >200g/m2 prt other fab nesoi	m2 = 17	0,9	0,1	15,0%
Total chapter 52		**0,9**	**0,1**	**15,0%**

Chapter 56. Wadding, felt and nonwovens; Special yarns; Twine, cordage, ropes and cables and articles thereof

5607-4930.00 -- Cordage etc of poylethylene/polyproplene nesoi	0,5	2,9	0,4	15,0%
5608-1910.20 -- Fish netting nesoi of manmade textile materials	13,0	92,7	18,5	20,0%
Total chapter 56	**13,5**	**95,6**	**19,0**	**19,8%**

Chapter 61. Articles of apparel and clothing accessories, knitted or crochetted

6101-1000.00 -- Men's or boys overcoats, carcoats etc of wool/fah, knitted	doz = 5	4,7	0,9	20,0%
6102-1000.00 -- Womens or girls overcoats, carcoats etc of wool/fah, knitted	doz = 409	111,2	22,2	20,0%
6102-2000.10 -- Women's overcoats, carcoats, etc of cotton, knitted	dos = 8	0,6	0,1	20,0%
6104-5100.00 -- Women's or girls skirts and diveded skirts of wool, knitted	doz = 1	0,3	0,1	20,0%
6106-2020.10 -- Women's blouses of other manmade fibers, knitted	doz = 2	1,2	0,2	20,0%
6110-1010.20 -- Women's or girls sweaters wholly of cashmere, knitted	doz = 13	4,4	0,9	20,0%
6110-1020.10 -- Men's sweaters of other wool or fah, knitted	doz = 107	42,8	8,6	20,0%
6110-1020.30 -- Women's sweaters of other wool or fah, knitted	doz = 504	137,5	27,5	20,0%
6110-1020.80 -- Women's or girls sweatshirts & sim art of oth wool or fah, k	doz = 4	2,0	0,4	20,0%
6110-2010.20 -- Women's or girls sweaters of cot cont 36% mor flax fibers	doz = 1	1,0	0,2	20,0%
6110-2020.10 -- Men's sweaters of other cotton, knitted	doz = 44	14,4	2,9	20,0%
6110-2020.20 -- Women's sweaters of other cotton, knitted	doz = 136	42,3	8,5	20,0%
6115-9100.00 -- Socks & other hosry & ftwr appld sls wool, knitted	dpr = 127	8,6	1,7	20,0%
6116-9100.00 -- Mittens and mitts of wool or fine animal hair, knitted	dpr = 24	1,4	0,3	20,0%
6117-1010.00 -- Shawls scarves mufflers mantillas veils wool, knitted	doz = 76	21,1	4,2	20,0%
Total chapter 61		**393,5**	**78,7**	**20,0%**

Chapter 62. Articles of apparel and clothing accessories, not knitted or crochetted

6202-1100.10 -- Women's overcoats carcoat & similar coat wool	doz = 4	4,6	0,9	20,0%
6202-9220.60 -- Women's anorak & similar article cotton nesoi	doz = 5	0,5	0,1	20,0%
6202-9350.10 -- Women's anorak & similar art mmf <36% wool/fah	doz = 17	1,9	0,4	20,0%
6204-4440.10 -- Women's dresses of ot art fib <36% by wigt of wool/fah	doz = 6	0,4	0,1	20,0%
6204-6925.40 -- Women's shorts art fiber cont <36% wool	doz = 8	0,3	0,1	20,0%
6206-3030.40 -- Women's woven cotton blouses + shirts	doz = 11	2,5	0,5	20,0%
6206-4030.30 -- Women's blouses of mmf <36% flax fib	doz = 29	1,4	0,3	20,0%
6210-2010.10 -- Men's or boys overcoats etc mmf surface impreg rbr/plas	doz = 3	0,5	0,1	20,0%
6210-3020.20 -- Women's or girls overcoats etc tex fl/n/wcn n impreg rbr/plas	doz = 105	37,8	7,6	20,0%
6210-4020.10 -- Men's or boys garments nesoi rubberized tex mrtl ex mmf	doz = 833	164,0	32,8	20,0%
6210-4020.20 -- Men's or boys anoraks & similar art rubberized tex mtrl	doz = 3	0,9	0,2	20,0%
6210-4020.35 -- Men's or boys trousers rubberized tex mtrl ex mmf	doz = 1	0,4	0,1	20,0%
6210-5010.10 -- Women's or girls garments nesoi mmf impreg rubber/plas	doz = 18	4,7	0,9	20,0%
6210-5020.10 -- Women's or girls germents nesoi tex mtrl ex mmf impreg rbr	doz = 403	76,8	15,4	20,0%
6216-0080.00 -- Gloves of wool or fine animal hair	dpr = 3	0,6	0,1	20,0%
Total chapter 62		**297,3**	**59,5**	**20,0%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD '000	Max.Duty %
Chapter 63. Other made up textile articles; Needlecraft sets; Worn clothing and worn textile articles; Rags				
6301-2000.10 -- Blanket n/elec & travel rug wool f/hair nt>3m length	No = 11912	324,0	64,8	20,0%
6301-3000.20 -- Blanket n/elec & travel rugs of cotton, nesoi	No = 637	15,2	3,0	20,0%
6302-2120.40 -- Sheets of print cotton not trimmed, etc not napped	No = 13472	53,7	10,7	20,0%
6307-1020.05 -- Shop towels for use garages filling stations, cotton	No = 500000	45,0	9,0	20,0%
Total chapter 63		**437,9**	**87,6**	**20,0%**
Chapter 64. Footwear, gaiters and the like; Parts og such articles				
6403-9960.40 -- Footwear sol r/p up lthr exc pigskin tenis-gym shoe me	prs = 10806	80,8	16,2	20,0%
6406-9915.40 -- Parts of footwear of textile materials-mmf other	doz = 75	3,9	0,6	15,0%
6406-9915.80 -- Parts of footwear of textile materials-other nesoi	doz = 3	0,3	0,0	15,0%
Total chapter 64		**85,0**	**16,8**	**19,8%**
Chapter 65 Headgear and parts thereof				
6505-9030.90 -- Knitted or crocheted wool headgear, nesoi	doz = 734	11,8	2,4	20,0%
6505-9060.40 -- Hats etc ex baby mmf knit/crch in piece nt in braid	doz = 35	0,8	0,2	20,0%
Total chapter 65		**12,6**	**2,5**	**20,0%**
Chapter 70. Glass and glassware				
7011-1010.00 -- Glass bulbs w/out fittings, for incandescent lamps	hnd = 2	1,3	0,1	10,0%
7011-9000.00 -- Glass envelopes, open, a parts, w/o fittings, nesoi	hnd = 1	1,7	0,3	15,0%
7014-0030.00 -- Lenses, filters a parts, glass, nt optic elem n wkd	No = 379	24,4	2,4	10,0%
Total chapter 70		**27,4**	**2,8**	**10,3%**
Chapter 71. Natural or cultured pearls, precious or semiprecious stones, precious metals, metals clad with precious metal, and articles thereof; Imitation jewelry; Coin				
7113-1150.00 -- Silver jewelry etc value over $18 per doz pcs	*	3,1	0,6	20,0%
Total chapter 71		**3,1**	**0,6**	**20,0%**
Chapter 72. Iron and steel				
7217-1170.90 -- Wire is na u.25p cn pln rnd 1.5mm ao diam nt ht-trtd	21,4	11,5	1,2	10,0%
Total chapter 72	**21,4**	**11,5**	**1,2**	**10,0%**
Chapter 73. Articles of iron or steel				
7320-9050.60 -- Springs of iron or steel, other than of wire nesoi	23,0	29,3	0,0*	10,0%
7326-9045.00 -- Horse and mule shoes of iron or steel	0,2	1,5	0,2	10,0%
7326-9090.90 -- Other articles of iron or steel, nesoi	30,8	107,0	16,1	15,0%
Total chapter 73	**54,0**	**137,8**	**16,2**	**11,8%**
Chapter 84. Nuclear reactors, boilers, machinery and mechanical appliances; Parts thereof				
8418-6900.15 -- Icemaking machines, nesoi	No = 1	6,0	1,2	20,0%
8421-2100.00 -- Water filtering or purifying machinery & apparatus	No = 1	8.000,0	0,0*	10,0%
8421-3900.10 -- Dust collection and air purification equipment	*	36,0	5,4	15,0%
8421-3900.90 -- Filtering or purifying machinery & apparatus, gas, nesoi	*	36,0	5,4	15,0%
8423-2000.00 -- Scales fr continous weighing of goods on conveyor	No = 2	21,5	3,2	15,0%
8423-8100.40 -- Digital elec scales, weight capasity not exc 30 kg, nesoi	No = 1	6,1	1,2	20,0%

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD '000	Mex.Duty %
8423-8200.10 -- Digital elec type weighing mach, wdht n/exc 5.000kg	No = 44	363,2	72,6	20,0%
8423-8200.50 -- Weighing mach wght cap exc 30 not exc 5.000kg, nesoi	No = 5	31,6	6,3	20,0%
8423-8900.50 -- Weighing machines, nesoi	No = 42	357,9	71,6	20,0%
8423-9000.40 -- Digital weight indicators	No = 14	3,1	0,6	20,0%
8423-9000.80 -- Parts of weighing mach exc digital wight indicat	*	55,4	5,5	10,0%
8425-3100.00 -- Winches and capstans powered by electric motors	No = 6	15,3	3,1	20,0%
8425-3900.00 -- Winches and capstans not powered by electric motor	No = 23	61,4	9,2	15,0%
8431-1000.90 -- Parts of winches, capstans and jacks	*	9,8	1,0	10,0%
8431-4100.80 -- Bukets, shovels, grabs and grips, nesoi	No = 23	2,3	0,3	15,0%
8433-6000.10 -- Machines for cleaning, sorting or grading eggs	No = 3	32,0	4,8	15,0%
8436-8000.90 -- Agril, hort mach inc germinat plt fit with eq, nesoi	No = 55	38,4	5,8	15,0%
8436-9900.90 -- Pts of ag, hort, mach inc germ plt with mech/thrm eq	*	38,7	3,9	10,0%
8438-1000.10 -- Bakery machinery	No = 2	15,8	3,2	20,0%
8438-5000.90 -- Mach for the preparation of meat or poultry, nesoi	No = 2	33,9	6,8	20,0%
8438-8000.00 -- Ind prep, manuf food, drink exc ext, prep anim, veg oil	No = 9	552,8	55,3	10,0%
8438-9090.60 -- Parts of machs for preparation of meat or poultry	*	6,1	0,6	10,0%
8438-9090.90 -- Parts ind prep, mfg food, drink exc ext, prep anim, veg oil	*	11,4	1,1	10,0%
8471-2000.60 -- Digital adp mch w cpu & input/output, crt exc color	No = 5	3,2	0,6	20,0%
8471-9100.90 -- Digital proc unt w storage, input/output unt, w/o crt	No =1	1,6	0,3	20,0%
8473-3080.00 -- Parts of adp mach and units incorporationg a crt	*	1.785,8	0,0*	10,0%
8479-8990.90 -- Machines and mechanical appliances, nesoi	No = 2	33,5	3,4	10,0%
8479-9080.90 -- Parts of mach & mechanical appl, nesoi	*	231,2	0,0*	10,0%
Total chapter 84		**11.790,0**	**272,5**	**2,3%**

Chapter 85. Electrical machinery and equipment and parts thereof; Sound recorders and reproducers, television image and sound recorders and reproducers, and parts and accessories of such articles

8507-2000.20 -- Lead acid storage batteries,used, nesoi, recovery	No = 2000	2,0	0,2	10,0%
8512-2020.00 -- Motor vehicle lighting equipment	*	17,2	2,6	15,0%
8512-2020.40 -- Lightg.equip. 8701-20,8702,8703,8704,8705 or 8711	*	62,7	9,4	15,0%
8517-8200.80 -- Telegraphic apparatus, nesoi	*	2,3	0,2	10,0%
8524-9040.80 -- Other recorded media, nesoi	No = 12574	47,8	0,0	10,0%
8536-4900.55 -- Relays > 60 V, & contacts < 10 A nesoi	No = 58	1,3	0,1	10,0%
Total chapter 85		**133,3**	**12,5**	**9,4%**

Chapter 87. Vehicles other than railway or tramway rolling-stock, and parts and accessories thereof

8708-2900.60 -- Parts and accessories, nesoi, of bodies hdg 8701,8705	*	8,2	1,2	15,0%
8708-9950.80 -- Parts, nesoi, of motor vehicles, nesoi, hds 8701,8705	*	7,2	1,1	15,0%
8710-0000.90 -- Parts of armore fihting vehicles, morotized	*	14,7	1,5	10,0%
Total chapter 87		**30,1**	**3,8**	**12,6%**

Chapter 88. Aircraft, spacecraft, and parts thereof

8803-3000.10 -- Parts, nesoi, of airplanes of helicopters, civil	*	16,0	1,6	10,0%
8803-3000.50 -- Parts, neoi, of airplanes or helicopters, military	*	471,7	47,2	10,0%
Total chapter 88		**487,7**	**48,8**	**10,0%**

Chapter 89. Ships, boats and floating structures

8907-9000.90 -- Floating structures, nesoi	*	27,6	4,1	15,0%
Total chapter 89	**0,0**	**27,6**	**4,1**	**15,0%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD '000	Mex.Duty %
Chapter 90. Optical, photographic, cinematographic, measuring, checking, prcision, medical or surgical instuments and apparatus; Parts and accessories thereof				
9018-1100.80 -- Parts and accessories for electrocardiographs	*	2,4	0,4	15,0%
9018-1980.20 -- Patient monitoring system, temperature, pulse, etc	*	86,6	8,7	10,0%
9021-1100.00 -- Artificial joints and parts and accessories	*	26,2	2,6	10,0%
9021-3000.00 -- Other artifical parts of the body & parts & accessories	*	171,3	17,1	10,0%
9023-0000.00 -- Instruments, appts&models, for demonstrational use & parts	*	420,0	42,0	10,0%
9026-8020.00 -- Elec inst, measuring/checking variable of liquids or gases	No = 1	2,0	0,3	15,0%
9028-2000.00 -- Liquid meters	No = 52	14,6	1,0	20,0%
9028-9000.80 -- Parts & Accessories, gas, liquid or production meters	*	18,7	1,9	10,0%
9031-8000.80 -- Measure/check inst, appln&machines, nesoi in chapter 90	*	1,6	0,2	10,0%
9032-1000.90 -- Thermostats, nesoi	No = 5	2,0	0,2	10,0%
9033-0000.00 -- Parts, nesoi for machines, appln, inst/appts of chapter 90	*	3,5	0,4	10,0%
Total chapter 90		**748,9**	**74,7**	**10,0%**
Chapter 93. Arms and ammunition; Parts and accessories thereof				
9301-0090.90 -- Military weapons, exc arms of heading 9307, nesoi	No = 826 *	245,5	24,6	10,0%
9305-1020.00 -- Part and accessories of revolvers/pistols of 9302	*	2,0	0,4	20,0%
9306-2100.00 -- Shotgun cartridges and parts thereof	Ths = 69	12,0	2,4	20,0%
9306-3040.40 -- Empty cartridges shells for rifles or pistols	Ths = 356	23,7	4,7	20,0%
9306-3040.60 -- Cartridges and empty cartridge shells, nesoi	Ths = 960	40,8	8,2	20,0%
9306-9000.60 -- Parts for guided missiles	*	2.411,5	482,3	20,0%
Total chapter 93		**2.735,5**	**522,6**	**19,1%**
Chapter 94. Furniture; Bedding, mattresses, mattress supports, cushions and similar stuffed furnishings; Lamps and lighting fittings, not elsewhere specified or included; Illuminated signs, illuminated nameplates and the like; Prefabricated buldings				
9403-2000.10 -- Household metal furniture	*	3,7	0,7	20,0%
9405-4080.00 -- Electric lamps and lighting fittings, nesoi	No = 326	45,6	9,1	20,0%
9405-5040.00 -- Non-electric lamps & lighting fittings, nesoi	No = 50	5,3	1,1	20,0%
Total chapter 94		**54,6**	**10,9**	**20,0%**
Chapter 97. Works of art, colletors pieces and antiques				
9701-1000.00 -- Paintings, drawing and pastels exc of heading 4906	*	69,3	10,4	15,0%
Total chapter 97		**69,3**	**10,4**	**15,0%**
Chapter 98. Articles exported and returnd; Animals exported and returned				
9801-0010.35 -- Products of U.s. returned after being exported, nesoi	*	916,9	91,7	10,0%
9801-0010.84 -- Us goods in chapter 84 returned after being exported	*	43,3	4,3	10,0%
9801-0010.85 -- Us goods in chapter 85 returned after being exported	*	54,2	5,4	10,0%
9801-0010.88 -- Us goods in chapter 88 returned after being exported	*	212,0	21,2	10,0%
9801-0010.90 -- Us goods in chapter 90 returned after being exported	*	1.005,2	100,5	10,0%
9801-0010.99 -- Products of U.s. returned after being exproted, nesoi	*	194,9	19,5	10,0%
9810.0060.00 -- Inst & apprts not mfgr in usa for nonprofit inst	*	5,2	0,5	10,0%
Total chapter 98		**2.431,7**	**243,2**	**10,0%**

HS -- Commodity	Quantity tonnes	Cust. value USD'000	Duty, value USD '000	Mex.Duty %
Chapter 99. Temporary legislation; Temporary modifications established pursuant to trade legislation; Additional import restrictions established pursuant to section 22 of the agricultural adjustment act, as amended				
9999-0015.00 -- Equipment and repairs of vessels, nesoi	*	11,6	5,8	Tímabundið
9999-9500.00 -- Estimate of low valued items	*	355,7	0,0	Tímabundið
Total chapter 99		367,3	5,8	
Total other products		23.966,3	2.049,6	8,6%
Total US imports from Iceland		208.916,5	39.008,7	18,7%

Samantekt og útreikningur á tollum af ímynduðum innflutningi til Mexíkó:

Samkvæmt ofangreindri töflu myndu tollar af innflutninngi til Mexíkó sambærilegum við innflutning til Bandaríkjanna hafa verið í Bandaríkjadölum USD 39.008.700

Sé tekið mið af mannfjöldamun í Bandaríkjunum og Mexíkó fæst með hlutfallareikningi:
(Gert er ráð fyrir sömu innkaupum á hvert mannsbarn)
Tollar af innflutningi m.t.t. mannfjölda:
86,2m/250m=0,34 ; 0,34* USD 39.008.700= USD 13.450.183

Mannfjöldi	
Mexíkó	**Bandaríkin**
86,2 milljónir	250 milljónir

Sé tekin með í reikningin mismunandi kaupgeta fæst með samanburði á GDP per capita
(gert er ráð fyrir að innflutningur væru í réttu hlutfalli við GDP)
Tollar af innflutningi m.t.t. mannfjölda og kaupgetu:
USD 2930/USD 21449= 0,14; 0,14* USD 13.450.183= USD 1.837.337

Þjóðartekjur á mann (GDP)	
Mexíkó	**Bandaríkin**
2.930 USD	21.449 USD

Umreiknað í íslenskar krónur á núgengi (23/3/94):

USD 1.837.337 * ISK 72,53/USD = ISK 133.262.032

Ath. nokkur óvissa er sums staðar um ákvörðun á réttu tollnúmeri þegar bornar eru saman bandarísku og mexíkósku tollskrárnar.

Tafla 14.

Fjármálaráðuneytið, Tekju- og lagaskrifstofa 27.4.93

Vöruinnflutningur frá Bandaríkjunum 1991

Eftir vöruflokkum

Tollnúmer	Vöruflokkur	Magn	Fob-verð	Cif-verð	Tollur
3 Samtals	Fiskur og krabbadýr	2.935.114	168.003.454	188.929.658	0
4 Samtals	Mjólkurafurðir	2.884	707.032	873.612	0
5 Samtals	Vörur úr dýraríkinu	370	933.083	1.061.540	0
6 Samtals	Lifandi tré og plöntur	7.879	1.999.070	3.026.958	0-30
7 Samtals	Matjurtir	606.599	33.200.091	48.476.053	0-30
8 Samtals	Ávextir	2.390.042	173.829.605	226.378.906	0
9 Samtals	Kaffi, te	10.113	2.625.752	3.138.237	0
10 Samtals	Korn	615.656	33.635.159	40.644.575	0
11 Samtals	Malaðar vörur	403.015	10.632.978	15.224.315	0
12 Samtals	Olíufræ, -aldin	11.780	2.438.874	2.956.523	0
13 Samtals	Kvoðulakk, gúmmíkv.	8.606	2.695.891	2.858.028	0
14 Samtals	Flétticefni úr jurtar.	857	184.582	279.485	0
15 Samtals	Feiti og olíur	202.679	14.264.050	17.120.236	0
16 Samtals	Framl. úr kjöti og f.	27.023	4.842.283	5.188.413	0
17 Samtals	Sykur og sælndi	21.705	2.352.861	3.353.270	0-20
18 Samtals	Kakaó og -vörur	108.699	18.893.426	21.860.064	0-20
19 Samtals	Framl. úr korni og mj.	1.119.045	155.709.618	198.699.640	0-20
20 Samtals	Framl. úr matjurtum	1.143.021	121.411.773	143.781.311	0-20
21 Samtals	Ýmis matvælaframl.	658.984	86.876.809	99.282.967	0-20
22 Samtals	Drykkjarvörur, áfengi	1.153.881	85.602.526	100.064.034	0-20
24 Samtals	Tóbak	473.294	576.937.212	593.221.206	10 - 50
25 Samtals	Vörur úr steinaríki	67.453	1.536.148	2.728.781	0
26 Samtals	Málmgrýti	39	9.836	16.241	0
27 Samtals	Eldsneyti úr steinar.	40.329.551	163.840.571	231.334.404	0
28 Samtals	Ólífræn efni	79.599	8.834.479	9.897.613	0
29 Samtals	Lífræn efni	30.906	7.944.208	9.215.973	0
30 Samtals	Vörur til lækninga	32.458	61.219.925	66.887.713	0
31 Samtals	Áburður	1.179	353.518	420.238	0
32 Samtals	Sútunar- og litakjarnar	87.311	23.694.079	28.505.984	0-5
33 Samtals	Rokgjarnar olíur	260.578	81.381.041	94.388.853	0-10
34 Samtals	Sápa og þvottaefni	224.297	34.479.643	41.385.158	0-10
35 Samtals	Albúmínkennd efni	11.396	4.830.139	6.017.923	0-5
36 Samtals	Sprengiefni	66.962	6.684.840	8.105.049	5 -10
37 Samtals	Ljósmynda- og kvikm.	54.971	50.324.613	55.626.590	0-20
38 Samtals	Ýmsar kemískar vörur	141.081	38.684.386	45.061.544	0-5
39 Samtals	Plast og -vörur	725.331	174.289.780	200.725.523	0-15
40 Samtals	Gúmmí og -vörur	1.022.744	214.824.638	239.303.805	0-10
41 Samtals	Óunnar húðir	45	11.141	12.677	0-5
42 Samtals	Vörur úr leðri	12.539	13.309.822	15.554.635	10 - 15
43 Samtals	Loðskinn	226	1.740.445	1.824.046	5 - 15
44 Samtals	Viður og -vörur	5.278.970	162.945.123	202.808.573	0-10
45 Samtals	Korkur og -vörur	535	198.446	232.771	0-10
46 Samtals	Vörur úr strái, -flétticf.	567	84.780	165.840	10
48 Samtals	Deig úr viði, - úr sellul.	2.801.818	169.627.926	207.963.990	0-10
49 Samtals	Bækur og blöð	163.885	105.309.494	131.091.714	0-10
50 Samtals	Spunaefni	75	272.723	286.602	0
51 Samtals	Ull, dýrahár	765	744.654	827.063	0
52 Samtals	Baðmull	54.434	25.513.420	29.430.116	0
54 Samtals	Tilbúnir þræðir	32.701	9.352.781	10.587.200	0
55 Samtals	Tilb. stutttrefjar	5.192	3.480.710	4.059.387	0
56 Samtals	Vatt og flóki	14.658	10.321.478	11.697.919	0
57 Samtals	Gólfteppi úr spunaefn.	23.218	8.032.493	9.558.896	10
58 Samtals	Ofinn dúkur, sérstakur	3.415	6.055.414	6.830.186	0
59 Samtals	Gengdreyptur dúkur	4.797	4.174.571	4.917.202	0-5
60 Samtals	Prjón. eða hekl. dúkar	4.192	2.954.709	3.469.984	0

61 Samtals	Fatnaður prjón.,hekl.	39.866	56.792.537	63.877.208	5-15
62 Samtals	Fatnaður ekki prjónað	31.159	69.965.821	76.345.362	10-15
63 Samtals	Aðrar fullunnar spunav.	25.905	29.171.686	33.986.625	0-10
64 Samtals	Skófatnaður	8.311	14.521.506	16.527.743	15
65 Samtals	Höfuðfatnaður	4.685	7.387.029	8.655.486	15
66 Samtals	Regnhlífar, svipur ofl.	965	536.834	695.672	10
67 Samtals	Unnar fjaðrir, blóm ofl.	1.255	1.408.850	1.842.973	10-30
68 Samtals	Vörur úr steini, gipsi ofl.	100.257	9.044.351	11.077.155	0-10
69 Samtals	Leirvörur	15.132	6.732.805	8.364.908	0-10
70 Samtals	Gler og -vörur	71.763	18.621.768	22.987.896	0-10
71 Samtals	Perlur, eðalsteinar, gull	2.784	14.398.077	15.495.181	0-10
72 Samtals	Járn og stál	69.899	7.066.115	7.928.888	0
73 Samtals	Vörur úr járni og stáli	438.501	110.743.232	129.940.579	0-30
74 Samtals	Kopar og -vörur	2.377	2.358.587	2.790.749	0-30
75 Samtals	Nikkill og -vörur	2	34.376	36.613	0
76 Samtals	Ál og -vörur	91.988	29.199.020	33.297.816	0-10
78 Samtals	Blý og -vörur	29	14.423	20.448	0
79 Samtals	Sink og -vörur	3.045	291.781	325.358	0
80 Samtals	Tin og -vörur	1.103	343.448	396.536	0
81 Samtals	Aðrir óðýrir málmar	670	242.591	288.793	0
82 Samtals	Verkfæri og áhöld	97.548	59.578.132	68.487.600	0-10
83 Samtals	Ýmsar vörur óð. málmi	56.270	30.722.284	35.809.166	0-30
84 Samtals	Vélbúnaður og tæki	1.242.620	1.570.484.894	1.694.627.280	0-30
85 Samtals	Rafbún. hljóm og mynd	682.046	765.955.871	827.526.029	0-30
86 Samtals	Eimreiðar	575	256.327	355.433	0
87 Samtals	Ökutæki ofl.	2.863.986	1.212.748.664	1.353.159.386	0-30
88 Samtals	Loftför, geimför ofl.	130.626	4.670.945.155	4.680.757.212	0
89 Samtals	Skip, bátar	2.202	806.515	1.130.019	0-10
90 Samtals	Optísk tæki	56.266	331.621.630	353.510.236	0
91 Samtals	Klukkur og úr	2.042	5.851.794	6.522.911	0-10
92 Samtals	Hljóðfæri	7.629	14.326.168	16.832.456	0
93 Samtals	Vopn og skot	17.086	18.710.518	20.909.720	30
94 Samtals	Húsgögn ofl.	173.080	62.990.177	76.114.680	5-10
95 Samtals	Leikföng	72.952	59.031.924	68.813.029	10
96 Samtals	Ýmsar framl. vörur	31.231	23.577.517	27.328.417	0-30
97 Samtals	Listaverk, fornmunir	101	691.376	799.240	0
99 Samtals		16.940	13.685.853	14.422.937	
Samandregið:					
1-5	*Dýr og vörur úr dýraríkinu*	2.938.368	169.643.569	190.864.810	
6-14	Vörur úr jurtaríkinu	4.054.547	261.242.002	342.983.080	
15-24	Matvæli, feiti, olíur, áfengi, tóbak	5.123.534	1.083.805.897	1.203.208.207	
25-40	Ólífrænar vörur, plast, gúmmí	43.135.856	872.931.844	1.039.621.392	
41-49	Skinnvörur, viðarvörur, pappírsvörur	8.258.585	453.227.177	559.654.246	
50-67	Spunavörur, fatnaður o.fl.	255.593	250.687.216	283.595.624	
68-83	Vörur úr steinefnum og málmum	951.368	289.390.990	337.247.686	
84-85	Vélbúnaður og tæki	1.924.666	2.336.440.765	2.522.153.309	
86-89	Ökutæki	2.997.389	5.884.756.661	6.035.402.050	
90-97(99)	*Aðrar vörur*	377.327	530.486.957	585.253.626	
	Samtals	70.017.233	12.132.613.078	13.099.984.030	

Tafla 15.

Fjármálaráðuneytið, tekju- og lagaskrifstofa 21.3.94

Tolltekjur vegna innfl. frá USA 1991
Rauntölur og tekjur m.v. hám. toll 7,5%
Ökutæki ekki meðtalin

Tollflokkur	Tolltekj. kr.	Tolltekj. max 7,5%
3-000	0	0
4-000	0	0
5-000	0	0
6-000	886.258	221.564
7-000	14.542.816	3.635.704
8-000	0	0
9-000	0	0
10-000	0	0
11-000	0	0
12-000	0	0
13-000	0	0
14-000	0	0
15-000	0	0
16-000	979.519	367.320
17-000	404.480	151.680
18-000	4.291.085	1.609.157
19-000	38.568.619	14.463.232
20-000	26.360.631	8.473.593
21-000	10.658.860	3.997.073
22-000	13.599.638	5.099.864
23-000	0	0
24-000	293.985.859	44.491.590
25-000	0	0
26-000	0	0
27-000	0	0
28-000	0	0
29-000	0	0
30-000	5.695.146	2.636.185
31-000	0	0
32-000	1.058.978	1.058.978
33-000	9.264.194	6.948.146
34-000	3.813.509	2.931.045
35-000	236.176	236.176
36-000	592.564	498.908
37-000	3.939.961	1.499.027
38-000	828.560	828.560
39-000	7.560.411	6.561.688
40-000	22.319.251	16.683.228
41-000	0	0
42-000	1.603.701	1.095.373
43-000	153.729	106.834
44-000	9.373.237	9.350.137
45-000	22.880	17.160
46-000	16.584	12.438
47-000		
48-000	7.959.230	6.536.014
49-000	892.216	669.162
50-000	0	0

51-000	0	0
52-000	0	0
53-000		
54-000	0	0
55-000	0	0
56-000	126.793	95.094
57-000	955.890	716.917
58-000	0	0
59-000	0	0
60-000	0	0
61-000	9.581.581	4.790.791
62-000	11.451.804	5.725.902
63-000	3.398.663	2.548.997
64-000	2.468.645	1.234.322
65-000	1.298.009	649.004
66-000	69.567	52.175
67-000	510.765	138.223
68-000	417.576	313.182
69-000	651.837	488.985
70-000	1.427.858	1.167.690
71-000	1.120.789	840.592
72-000	0	0
73-000	9.829.422	3.526.231
74-000	31.459	25.021
75-000	0	0
76-000	987.494	501.409
77-000		
78-000	402	302
79-000	2.822	2.117
80-000	36.409	27.306
81-000	0	0
82-000	373.447	280.085
83-000	4.134.080	1.408.616
84-000	33.324.231	11.465.037
85-000	68.717.240	28.003.509
86-000	0	0
87-000	0	0
88-000	0	0
89-000	113.002	84.751
90-000	0	0
91-000	0	0
92-000	0	0
93-000	6.272.916	1.568.229
94-000	7.611.468	5.708.601
95-000	6.658.365	4.993.774
96-000	5.158.826	2.023.098
97-000	3.158	2.368
98-000		
99-000	0	0
Samtals:	**656.342.610**	**218.562.166**

838. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur lokið umfjöllun sinni um tillöguna sem lýtur að endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda. Að lokinni athugun nefndarinnar á tillögunni og að fengnum skýringum fjármálaráðuneytis og Framkvæmdasýslu ríkisins mælir nefndin með því að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu sem nefndin leggur til á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. mars 1994.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Hermann Níelsson.
Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.	Guðmundur Bjarnason.
Guðrún Helgadóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Jón Kristjánsson.
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.		Guðjón A. Kristjánsson.

839. Breytingartillaga [41. mál]

við till. til þál. um endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda.

Frá fjárlaganefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 63 frá 1970, um skipan opinberra framkvæmda. Við endurskoðun laganna verði lögð áhersla á að styrkja framkvæmd laganna með breyttri skipan við undirbúning, mat verktilboða og gerð langtímaáætlana um opinberar framkvæmdir, bæði nýbyggingar og viðhald.

840. Frumvarp til laga [412. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

(Eftir 2. umr., 28. mars.)

1. gr.

4. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Sá er rétt kjörinn rektor sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri sem flest atkvæði fengu og er þá sá rétt kjörinn sem flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun rektorskjörs.

2. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Deildarráð getur leyft undanþágu frá tímamörkum ef til þess eru gildar ástæður.

3. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna fellur niður og tvær síðari málsgreinar orðast svo:

Um námsgreinar í almennu kennaranámi, skiptingu þeirra á svið og skipan æfingakennslu skal ákveða í reglugerð að fenginni tillögu skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Í námsskrá, er skólaráð setur að fengnum tillögum kennslustjóra, skal gerð grein fyrir námsskipan og kennsluháttum, svo og námsefni í einstökum greinum.

4. gr.

Síðari málsliður fyrri málsgreinar 28. gr. laganna orðast svo: Deildarráð getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Deildarráð metur, að höfðu samráði við kennslustjóra og hlutaðeigandi greinakennara, hvort viðurkenna skuli nám sem nemandi hefur lokið í öðrum háskóla eða sérkennaraskóla og að hvaða leyti.

6. gr.

3. og 4. mgr. 32. gr. laganna falla niður og í stað þeirra kemur málsgrein sem orðast svo:

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita umsækjenda og rannsókna, svo og námsferli þeirra og störfum, megi ráða að þeir séu hæfir til að gegna embættinu eða starfinu. Skólaráð fjallar um umsækjendur sem dómnefnd telur hæfa og eiga fulltrúar stúdenta þá ekki atkvæðisrétt. Engum má veita prófessorsembætti, dósentsstarf eða lektorsstarf við Kennaraháskóla Íslands nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti viðstaddra á skólaráðsfundi greiði honum atkvæði í embættið eða starfið. Ef fleiri umsækjendur en tveir eru í kjöri við atkvæðagreiðsluna og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Nú fellst menntamálaráðherra ekki á tillögu skólaráðs og skal þá auglýsa embættið eða starfið að nýju.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í XI. kafla laganna orðast svo:

Ákvæði 13. gr. koma til framkvæmda innan 10 ára frá gildistöku laga nr. 29/1988 samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra, nema annað hafi verið ákveðið með lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

841. Tillaga til þingsályktunar [537. mál]

um fullgildingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn.

(Lögð fram á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið sem samþykkt var í Brussel 21. mars 1994.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

A. Inngangur

Þann 1. janúar 1994 tók gildi samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn). Í viðaukum við samninginn voru þær ESB-gerðir sem tekið höfðu gildi fyrir 1. ágúst 1991. Frá upphafi hefur verið ljóst að til þess að ná markmiðum samningsins þyrfti stöðugt að halda við því samræmingarstarfi sem hófst með EES-samningnum og fella inn í hann þá texta Evrópusambandsins sem snerta samningssviðið með viðeigandi bókunum og breytingum. Þetta var kynnt í frumvarpi til laga um Evrópska efnahagssvæðið og úttekt á helstu textum sem útlit var fyrir að bætast mundu við samninginn var dreift á Alþingi á meðan á umræðu um hann stóð. Lagt er til að Alþingi ályktí að ríkisstjórninni sé heimilt að fullgilda ákvörðun Sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á einni bókun og tilteknum viðaukum við EES-samninginn. Ákvörðunin, ásamt 20 viðaukum við hana, er birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Þær gerðir sem vísað er til í ákvörðuninni eru prentaðar í fylgiriti.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var fullgiltur með heimild í lögum nr. 2/1993. Þær gerðir sem hér er um að ræða fela ekki í sér breytingu á þeim meginreglum sem í samningnum felast. Í flestum tilvikum er ekki þörf á lagabreytingum þeirra vegna.

B. Áhrif ákvörðunar Sameiginlegu EES-nefndarinnar á einstök svið EES-samningsins

Tilgangur EES-samningsins er sá að skapa sömu samkeppnisskilyrði og samræma þær reglur sem gilda um atvinnustarfsemi til þess að tryggja fullt viðskiptafrelsi með vörur og þjónustu, frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa för launafólks milli ríkjanna átján sem aðild eiga að samningnum. Grunnur er lagður að þessu frelsi í þeim reglugerðum og tilskipunum Evrópusambandsins sem vísað er til í viðaukum og bókunum EES-samningsins. Samningurinn nær þó aðeins til þeirra gerða sem samþykktar höfðu verið og birtar innan Evrópusambandsins fyrir 1. ágúst 1991. Eftir gildistöku EES-samningsins skapast aðgangur EFTA-ríkja að mótunarferli nýrra ákvarðana á öllu EES-svæðinu en

sérstaklega verður að taka á þeim textum sem samþykktir hafa verið frá 1. ágúst 1991 fram að gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994. Stöðugar samningaviðræður hafa átt sér stað á þessu tímabili um frágang þessa viðbótarpakka milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins. Um er að ræða hátt í 500 texta, bindandi og óbindandi, sem varða samningssviðið. Í langflestum tilfellum er verið að ganga frá framkvæmd þeirra meginreglna sem felast í samningnum sjálfum og samþykkt þeirra felur því ekki í sér nema óverulegar breytingar á íslenskri löggjöf.

Hér fer á eftir yfirlit helstu efnisþátta þessara viðbóta flokkað eftir því hvort þær varða vöruviðskipti, þjónustuviðskipti og fjármagnsflutninga, frjálsa för launafólks eða jaðarverkefni.

(1) Vöruviðskipti

Flestar gerðirnar í viðbótarpakkanum varða vöruviðskipti eða tveir þriðju hlutar. Mest fer fyrir þeim gerðum sem snerta breytingar og viðbætur vegna reglugerða og tilskipana um heilbrigði dýra og plantna annars vegar og tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottorð hins vegar en þeir textar eru samtals hátt í tvöþúsund síður. Ísland hefur undanþágu frá samræmingu reglna um heilbrigði dýra en textar þar eru um þúsund síður. Aðrir textar sem vöruviðskipti varða fjalla um upprunareglur, ríkisaðstoð, opinber útboð og viðurkenningu höfundaréttar.

Um I. viðauka
Heilbrigði dýra og plantna

I. viðauka er skipt upp í þrjá meginkafla, þ.e. heilbrigði dýra, fóðurvörur og heilbrigði plantna. Eins og kunnugt er munu EFTA-ríki fella allar reglur ESB um heilbrigði dýra inn í löggjöf sína nema Ísland, sem mun halda sinni löggjöf óbreyttri. Frá þessu er þó vikið þegar sjávarafurðir eiga í hlut. Ísland tekur því yfir nokkrar gerðir sem mikilvægar eru vegna markaðssetningar og útflutnings sjávarafurða og verður þar tillit tekið til reglna Evrópusambandsins við reglugerðasmíð á Íslandi.

Í samningnum sjálfum er vísað til þriggja tilskipana sem Ísland mun taka yfir í þessum kafla en þar af fjallar ein um heilbrigðiskröfur í fiskeldi. Með viðbótarpakkanum bætast við 25 tilskipanir er varða heilbrigðiskröfur vegna sjávarafurða. Flestar þeirra fjalla um sjúkdóma í fiskum. Auk þess yfirtekur Ísland hluta af þremur tilskipunum þar sem settar eru fram heilbrigðiskröfur við framleiðslu og markaðssetningu fiskimjöls. Þessar tilskipanir tryggja að Ísland standi jafnfætis öðrum EES-ríkjum hvað varðar framleiðslu fiskimjöls fyrir markað ESB. Það verður því ekki framkvæmdastjórn ESB sem tekur út íslenskar fiskimjölsverksmiðjur og veitir þeim heimild til að framleiða fyrir markað sambandsins. Þess í stað munu íslensk stjórnvöld ábyrgjast að framleiðsla íslenskra fiskimjölsverksmiðja uppfylli tilteknar lágmarkskröfur með sama hætti og gildir varðandi aðra fiskvinnslustarfsemi í landinu.

Um II. viðauka
Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun

Undir EES-samninginn falla um 700 gerðir í viðauka II og með viðbótarpakkanum

bætast þar 200 við. Of langt yrði upp að telja alla undirflokka en viðaukinn setur öryggisreglur við framleiðslu tækja, lyfja, leikfanga og neysluvarnings ýmiss konar, svo dæmi séu nefnd. Helstu flokkar eru taldir upp hér að neðan.

Vélknúin ökutæki

Hér er einkum um að ræða endurskoðaðar reglur um gerðaviðurkenningu ökutækja, þ.e.a.s. hvaða skilyrði sett eru um útbúnað o.fl. til þess að hægt sé að tryggja hindrunarlaus viðskipti með vélknúin ökutæki á svæðinu. Reglur um útblástur eru hertar bæði hvað varðar mengun og hávaða. Einnig hafa nú verið settar reglur um gerðaviðurkenningu mótorhjóla sem ekki voru til áður.

Matvæli

Auk nokkurra breytinga á gildandi gerðum er hér einnig um að ræða hrein nýmæli s.s. varðandi lífræna framleiðslu, vísindalegt samstarf á sviði matvælarannsókna, nýja heilbrigðistilskipun og nýja eftirlitstilskipun. Þessar tilskipanir eiga að geta auðveldað sölu íslenskrar landbúnaðarframleiðslu inn á Evrópumarkað og viðurkenningu þeirra sem lífrænt ræktaðra afurða á þeim markaði.

Með tilskipun 93/43/EBE um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla er gerð krafa um innra eftirlit við framleiðslu og dreifingu matvæla. Tilskipun 93/99/EBE um opinbert matvælaeftirlit kveður á um að allar viðurkenndar prófanir verði að framkvæma á rannsóknastofum sem hlotið hafi faggildingu. Reglugerðir 91/2092/EBE og 92/94/EBE ásamt breytingum 92/1535/EBE, 92/2083/EBE og 93/207/EBE varða allar lífræna ræktun matvæla.

Lyf

Í EES-samningnum miða aðgerðir í lyfjamálum að þremur meginmarkmiðum:

- Lyfjamarkaðurinn í Evrópu starfi innbyrðis á samræmdari hátt, auk þess að neytendur og læknar fái betri upplýsingar til að stuðla að skynsamlegri notkun lyfja en hingað til;

- Samkeppni aukist og upplýsingar um markaðinn verði aðgengilegri á sameiginlega markaðinum á sviði verðlagningar og þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði;

- Aðgangur nýrra lyfjategunda verði greiðari inn á hinn stækkaða sameiginlega markað og þaðan inn á heimsmarkaðinn með betra skipulagi markaðsleyfa í Evrópu, m.a. fyrir atbeina Lyfjastofnunar Evrópu;

Í viðbótarpakkanum eru ákvæði EES-samningsins nánar útfærð og þeim komið í endanlega mynd t.d. að því er varðar auglýsingar, kynningu, merkingu, skráningu og heildsölu lyfja.

Upplýsingatækni, fjarskipti o. fl.

Þær gerðir sem hér bætast við lúta einkum að því að tryggja að nýjasta tækni á sviði neytendabúnaðar fyrir fjarskipti verði tekin upp með samræmdum hætti m.a. með setningu svonefndra sameiginlegra tæknireglugerða.

Almenn ákvæði á sviði tæknilegra viðskiptahindrana

Í þessum kafla ber hæst tilskipun um vöruöryggi, þar sem m.a. eru ákvæði um það hvernig við skuli brugðist ef hættulegar eða viðsjárverðar vörur eru að berast á markaðinn. Þessari tilskipun tengjast tvær tilskipanir sem miða að því að efla samskipti og samstarf

markaðseftirlits og tolleftirlits.

Tóbak

Í tilskipun 89/662/EBE er fjallað um merkingu á tóbaksvörum. Með tilskipun 92/41/EBE eru gerðar breytingar á henni. Í breytingunum felst m.a. að sérstakar viðvörunarmerkingar eiga að fylgja öllum tóbaksvörum en ekki aðeins vindlingum, jafnframt eru gerðar ákveðnari kröfur um stærð merkinga. Þá er í tilskipuninni lagt bann við markaðssetningu á tilteknum tegundum munntóbaks. Ísland, Noregur og Svíþjóð hafa gert fyrirvara sem heimilar að markaðssetja munntóbak en hins vegar verða þessi lönd að leggja bann við útflutningi munntóbaks til annarra aðildarríka samningsins.

Áfengir drykkir

Í reglugerðum þeim sem varða áfenga drykki og eru hluti af viðbótarpakkanum er m.a. verið að breyta þeim reglugerðum ESB sem þegar eru hluti af samningnum og fjalla um framleiðslu, skilgreiningu og kynningu á brenndum drykkjum.

CE-merkið

Með tilskipun 93/68/EBE eru settar samræmdar reglur um notkun CE-merkisins. Koma þær í stað mismunandi reglna sem voru í einstökum nýaðferðartilskipunum um notkun slíks merkis. Merkið á að sýna að vara uppfylli settar kröfur um öryggi, hollustuhætti og umhverfisvernd. Nýju reglurnar ganga í gildi 1. janúar 1995 en eldri reglum um merkingar má beita samhliða fram til 1. janúar 1997.

Umhverfisvernd

Tilskipun ráðsins 93/12/EBE frá 23. mars 1993, fjallar um samræmingu á lögum um brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti. Ísland hefur aðlögunartíma fram til 1. október 1999, m.a. vegna notkunar óhreinsaðrar olíu. Samningsaðilar skulu endurskoða stöðu mála fyrir lok aðlögunartímans.

Í þessari tilskipun er kveðið á um að leyfilegt hámarksbrennisteinsinnihald díselolíu á bíla og tæki lækki í 0,2% frá og með 1. október 1994 og aftur í 0,05% tveimur árum síðar (1.10.1996). Mörkin fyrir gasolíu, sem notuð eru fyrir skip, til húsahitunar, í iðnaði o.s.frv., skulu vera 0.2% frá og með 1. október 1994.

Um bókun 47
Afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

Breytingar á bókun 47 lúta að viðbót um gagnkvæmt samstarf eftirlitsaðila með vínframleiðslu og sölu. Gert er ráð fyrir að eftirlitsaðili í hverju aðildarríki fari með eftirlit með innflutningi og framleiðslu víns í viðkomandi landi.

Um IV. viðauka
Orka

Tilskipanir á þessu sviði eru tvær. Tilskipun 92/42 fjallar um orkunýtni nýrra heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti og gerir ráð fyrir lágmarkskröfum um hagkvæmni í orkunýtingu. Tilskipun 92/75 fjallar um staðla á sviði merkingar á heimilistækjum um orkunotkun þeirra.

Um XIV. viðauka
Samkeppni

Almennar samkeppnisreglur eru settar í meginmáli EES-samningsins, m.a. til þess að hindra ólöglegt samráð fyrirtækja, en nánar er kveðið á um útfærslu þeirra með gerðum í XIV. viðauka. Í viðbótarpakkanum eru ýmsar gerðir sem útfæra og skýra nánar þær samkeppnisreglur sem samningurinn kveður á um. Þar er m.a. tekið á eftirtöldum atriðum:

Samvinna flugfélaga varðandi fjárfestingar og rekstur tölvuskráningakerfa fyrir flugáætlanir, farskráningar og farseðlaútgáfu er ekki talin brjóta í bága við samkeppnisreglur sé vissum skilyrðum fullnægt um aðgang annarra að kerfinu.

Reglugerð 4975/87/EBE um samkeppnisreglur flugfélaga er útvíkkuð þannig að gildissvið hennar nær til innanlandsflugs en ekki eingöngu loftflutninga milli einstakra aðildarríkja.

Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir flugfélaga varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlanaflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum eru talin samrýmast samkeppnireglum EES sé vissum skilyrðum fullnægt.

Með reglugerð er stórfyrirtækjum gefið meira svigrúm til samráðs til að auðvelda hagræðingu við framleiðslu, nýtingu niðurstaðna úr sameiginlegum rannsóknum og við þróun og útbreiðslu tækniþekkingar.

Undanþágur frá samkeppnisreglum eru veittar í viðbótarpakkanum gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða tryggingafyrirtækja, t.d. um almenna iðgjaldataxta eða staðlaða tryggingaskilmála.

Um XV. viðauka
Ríkisaðstoð

Á sviði ríkisstyrkja hafa verið gerðar breytingar á reglum um aðstoð við stáliðnaðinn. Hinar nýju reglur heimila t.d. að veitt sé aðstoð til hagræðingar og umhverfisverndar í stáliðnaði. Eðli málsins samkvæmt hafa þessar reglur lítið gildi hérlendis. Framkvæmdastjórnin gefur reglulega út bréf, tilkynningar og viðmiðanir þar sem hún túlkar nánar meginreglur Rómarsáttmálans um ríkisstyrki og skýrir nánar þær undanþágur sem í sáttmálanum felast. Það er hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA að semja slíkar leiðbeiningar fyrir EFTA-ríkin og eru þær reglur sem samdar hafa verið af framkvæmdastjórninni frá gerð EES-samningsins því ekki hluti af viðbótarpakkanum. Þess skal hins vegar getið að í þeim er ekki að finna neinar grundvallarbreytingar á þeim reglum sem gilt hafa um ríkisstyrki innan ESB.

Um XVI. viðauka
Opinber innkaup

Á sviði opinberra innkaupa hafa verið settar nokkrar nýjar tilskipanir sem eru hluti af viðbótarpakkanum

Í tilskipun 92/13/EBE um samræmingu laga- og stjórnsýslufyrirmæla varðandi beitingu reglna bandalagsins við opinber innkaup yfirvalda sem reka vatnssveitur, orkuveitur, flutninga- og fjarskiptafyrirtæki eru settar reglur um eftirlit með opinberum

innkaupum þessara aðila. Reglunum er ætlað að tryggja að ekki eigi sér stað mismunun á framangreindum sviðum og koma í veg fyrir brot á settum reglum. Áður höfðu verið settar sambærilegar reglur á öðrum sviðum þannig að hér er í rauninni eingöngu verið að víkka út gildissvið eldri reglna. Framvegis verða því allir opinberir aðilar háðir eftirliti.

Settar hafa verið nýjar reglur um opinber vörukaup og framkvæmdir sem afnema núgildandi tilskipanir á þessu sviði. Hér er þó ekki um eiginlegar efnisbreytingar að ræða heldur er fyrst og fremst verið að sameina í eina tilskipun annars vegar þær tilskipanir sem gilt hafa um opinber vörukaup og hins vegar um opinberar framkvæmdir. Þannig kemur tilskipun 93/36/EBE um vörukaup í stað tilskipunar 77/62/EBE um sama efni og fellir í einn samfelldan texta þær breytingar sem á henni hafa verið gerðar og skýrir ýmis atriði hennar nánar. Sama á við varðandi tilskipun 93/37/EBE um opinberar framkvæmdir. Þar er verið að fella saman eldri tilskipanir og gera textann skýrari.

Mun meiri breytingar felast í tilskipun 93/38/EBE um reglur um innkaup stofnana sem sinna vatnsveitum, flutningum og fjarskiptum. Hún kemur í stað tilskipunar 90/531/EBE um sama efni en gildissviðið er víkkað þannig að hin nýja tilskipun tekur einnig til þjónustuviðskipta stofnana í þessum geira. Áður hafði verið sett tilskipun um þjónustukaup annarra opinberra aðila. Var það gert með tilskipun 92/50/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um þjónustu. Þessi tilskipun gerir ráð fyrir því að boðin séu út á Evrópumarkaði innkaup á þjónustu þegar verðmæti hennar fer yfir 16 milljónir króna án virðisaukaskatts. Hún er hluti af viðbótarpakkanum og felur tvímælalaust í sér veigamestu breytinguna á sviði opinberra innkaupa þar sem áður hafa engar slíkar reglur gilt.

Um XVII. viðauka
Hugverkaréttindi

Á sviði hugverkaréttinda er að finna 9 bindandi gerðir auk tveggja sem samningsríkjunum ber að taka mið af. Í flestum tilvikum er um að ræða minniháttar breytingar, tæknilegs eðlis. Þá er um að ræða tilskipun 92/100 um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi sem tengjast höfundarrétti á sviði hugverkagerðar sem miðar að því að treysta betur en nú er réttarstöðu rétthafa gagnvart óheimilli leigu og láni á hugverkum. Þá er að finna tilskipun 93/83 sem samræmir tilteknar reglur varðandi höfundarétt og tengd réttindi vegna útsendinga um gervihnött og endurvarps um kapal.

(2) Þjónustu- og fjármagnsviðskipti

Þær gerðir varðandi þjónustu- og fjármagnsviðskipti (fjármála-, flutninga- og nýtækniþjónustu, fjármagnshreyfingar og félagarétt) sem féllu undir EES-samninginn við gildistöku hans tryggðu staðfesturéttinn og settu grundvallarreglur fyrir þjónustustarfsemi á mörkuðum EES. Markaðsaðgangur var hins vegar aðeins tryggður á nokkrum sviðum, s.s. fyrir banka og sjóflutninga. Fyrir flesta aðra þætti þjónustuviðskipta næst fullur markaðsaðgangur ekki fyrr en með viðbótarpakkanum.

Viðbótarpakkinn mun hafa mikil efnahagsleg áhrif á þjónustusviðinu. Þetta á ekki síst við um tryggingar og verðbréfaviðskipti þar sem einum sameiginlegum markaði verður

komið á, með fjárhagslegu eftirliti heimaríkis og frelsi til að veita og fá þjónustu hvar sem er á svæðinu. Rétt er að geta þess að samhliða því að hömlum er aflétt verður eftirlit og neytendavernd efld og eftirlitsstjórnvöld, s.s. banka- og tryggingaeftirlitið, hafa áfram ríkar heimildir til afskipta í samræmi við gildandi löggjöf heima fyrir.

Um IX. viðauka
Fjármálaþjónusta

Vátryggingastarfsemi

Viðbótarpakkinn hefur að geyma tvær mikilvægar tilskipanir sem miða að því að koma á einum vátryggingarmarkaði á EES-svæðinu, þ.e.a.s. tilskipun 92/49/EBE um skaðatryggingar og 92/96/EBE um líftryggingar sem kallaðar hafa verið þriðja kynslóð tilskipana á þessu sviði. Þessar gerðir hafa veigamiklar breytingar í för með sér. Þær eru einkum fólgnar í eftirfarandi:

Gefið er út eitt starfsleyfi sem gildir alls staðar á EES-svæðinu í nánar tilgreindum greinaflokkum vátrygginga og einstökum vátryggingagreinum. Eftirlitsstjórnvöld heimaríkisins hafa eftirlit með allri starfsemi félagsins á EES-svæðinu. Reglur um eftirlit og fjárhagsskilyrði eru samræmdar á þann hátt að gagnkvæm viðurkenning starfsleyfa getur átt sér stað og hliðstæðar eftirlitsreglur gilda á öllu svæðinu. Vátryggingastarfsemi er þannig rekin án fyrirfram eftirlits með iðgjöldum og skilmálum vátrygginga.

Á tryggingasviðinu er einnig tilskipun 91/674/EBE um ársreikning og samstæðureikningsskil vátryggingafélaga og tilmæli 92/48/EBE um vátryggingamiðlara sem tengjast framangreindum tilskipunum.

Breytingarnar hafa það í för með sér að tryggingafyrirtæki sem hafa starfsleyfi í einu EES-landi geta boðið þjónustu sína hvar sem er á EES-svæðinu og neytendur geta að sama skapi keypt hana að vild svo framarlega sem tryggingafyrirtæki vilja veita þjónustu.

Þess skal að lokum getið að frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi og síðan aftur á 117. löggjafarþingi lítið breytt hlaut ekki afgreiðslu fyrir áramót eins og ráðgert hafði verið. Það frumvarp gerði ráð fyrir breytingum á landsrétti sem nauðsynlegar voru vegna gildistöku samningsins um EES 1. janúar s.l. Hins vegar var ekki tekið tillit til þeirra breytinga sem felast í viðbótarpakkanum. Af þeim sökum var frumvarpið endurskoðað með hliðsjón af því og verður lagt fram sem nýtt frumvarp með öllum þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til samræmis við framangreindar tilskipanir auk eldri reglna sem þegar hafa tekið gildi á EES-svæðinu.

Bankar og aðrar lánastofnanir

Í viðbótarpakkanum eru fjórar tilskipanir á sviði bankamála og snerta þær eigið fé lánastofnana (tvær tilskipanir), eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli og eftirlit með stórum áhættum lánastofnana. Allar eru þessar tilskipanir liður í því að samræma sem mest þær reglur sem gilda um starfsemi allra lánastofnana, þ.e. banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, innan EES.

Með tilskipun 91/633/EBE um framkvæmd tilskipunar 89/299/EBE um eigið fé lánastofnana og tilskipun 92/16/EBE um breytingu á tilskipun 89/299/EBE voru annars

vegar gerðar tæknilegar breytingar á tilskipuninni um eigið fé lánastofnana og hins vegar kveðið nánar á um eitt tiltekið atriði hennar. Þessar breytingar voru hafðar til hliðsjónar við setningu laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði og laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Gildistaka viðbótarpakkans kallar því ekki á lagabreytingu hér á landi hvað þessar tilskipanir varðar.

Í tilskipun 92/30/EBE um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli er kveðið á um eftirlit með lánastofnunum sem hafa starfsleyfi innan svæðisins, eignarhaldsfélaga fjármálafyrirtækja og eignarhaldsfélaga með blandaðri starfsemi sem hafa höfuðstöðvar sínar innan svæðisins. Markmiðið er að fá yfirsýn yfir alla starfsemi bankasamsteypu, fjárhagslega uppbyggingu hennar og þá fjárhagslegu áhættu sem er innan samsteypunnar, áhættu sem um síðir gæti komið niður á fjárhagslegum styrk banka innan samsteypunnar. Meðal annars er kveðið á um að eftirlitsaðili með banka sem er hluti af samsteypu beiti þeim varúðarhlutföllum og takmörkunum sem í gildi eru á grundvelli samstæðureikninga fyrir alla samsteypuna. Þá er kveðið á um skyldur eftirlitsaðila með öllum tegundum fjármálafyrirtækja að vinna saman og skiptast á upplýsingum. Loks er kveðið á um skiptingu ábyrgðar á framkvæmd eftirlits með fjölþjóðasamsteypum. Við setningu laga nr. 43/1993 og laga nr. 123/1993 var höfð hliðsjón af efni þessarar tilskipunar og í 66. og 92. gr. laganna eru fullnægjandi ákvæði til að hrinda henni í framkvæmd hér á landi.

Í tilskipun 93/121/EBE um eftirlit með stórum áhættum lánastofnana er kveðið á um nauðsyn þess að takmarka áhættu lánastofnana af útlánastarfsemi og efla eftirlit þar að lútandi. Í henni eru stór áhættulán skilgreind og ákveðin viðmiðunarmörk sett um það hversu hátt hlutfall hvert einstakt áhættulán eða samtala áhættulána má vera af eigin fé stofnunar. Í 46. gr. laga nr. 43/1993 er heimild til handa viðskiptaráðherra að setja reglur um efni tilskipunarinnar. Hliðstæð heimild er í lögum nr 123/1993.

Verðbréfamarkaðir

Í tilskipun 93/6/EBE um lágmarks eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana er kveðið á um eiginfjárkröfur þeirra fyrirtækja sem stunda verðbréfaviðskipti. Hér á landi eru það viðskiptabankar og sparisjóðir á grundvelli laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði, verðbréfafyrirtæki á grundvelli laga nr. 9/1993 um verðbréfaviðskipti, og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir á grundvelli laga nr. 123/1993. Með tilskipuninni er í raun verið að gera svipaðar eiginfjárkröfur til verðbréfafyrirtækja og þegar gilda um viðskiptabanka og sparisjóði. Er þetta liður í áformum um að skapa sameiginlegan markað fyrir þjónustu verðbréfafyrirtækja með hliðstæðum hætti og þegar gildir um banka og sparisjóði. Þó er gengið skrefi lengra og ákveðnar kröfur gerðar varðandi verðbréfaviðskipti og gjaldeyrisjöfnuð. Gilda þær kröfur jafnt um verðbréfafyrirtæki sem banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir. Við setningu laga um verðbréfaviðskipti lágu einungis fyrir drög að þessari tilskipun og var ekki tekið tillit til þeirra. Því þarf að endurskoða ákvæði laganna í ljósi hennar. Rétt er að benda á að gildistaka hennar er ekki fyrr en í árslok 1995. Einnig kann að reynast nauðsynlegt að endurskoða ákvæði um eigið fé í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, og lögum um aðrar lánastofnanir.

Með tilskipun 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta er

verið að skapa sameiginlegt markaðssvæði fyrir verðbréfafyrirtæki með líkum hætti og þegar gildir um banka og sparisjóði. Meginreglan verður sú að starfsleyfi útgefið í einu aðildarríkja EES gildir í hinum ríkjunum. Þá verður eftirlit með starfsemi verðbréfafyrirtækja í höndum eftirlitsaðila í heimaríki hlutaðeigandi fyrirtækis. Á grundvelli starfsleyfis í heimaríkinu verður því unnt að bjóða fram þjónustu í öllum aðildarríkjunum án þess að sækja um leyfi á ný í gistiríkinu. Annað mikilvægt markmið tilskipunarinnar er að auðvelda verðbréfafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi í heimaríki aðgang að kauphöll í gistiríkinu. Þá er kveðið á um opinbera birtingu auglýsinga vegna viðskipta á opinberum verðbréfamörkuðum og settar lágmarksreglur um tilkynningar til kauphalla um viðskipti utan þeirra. Tilskipunin er nátengd tilskipun 93/6/EBE um lágmarks eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana. Við setningu laga um verðbréfaviðskipti, nr. 9/1993, var að hluta til höfð hliðsjón af drögum að þessari tilskipun. Engu að síður er ljóst að endurskoða þarf ýmis ákvæði laganna og færa þau í svipað horf og er að finna í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Þetta á sérstaklega við um ákvæði um starfsemi erlendra verðbréfafyrirtækja hér á landi og innlendra fyrirtækja erlendis. Rétt er að benda á að tilskipunin tekur ekki gildi fyrr en í árslok 1995.

Um XI. viðauka
Fjarskiptaþjónusta

Nýtækniþjónusta er það svið þjónustuviðskipta sem er í hvað mestum vexti. Undir hana falla fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun, póst- og upplýsingaþjónusta. Með EES-samningnum var lagður grunnur að markaðsumhverfi hljóðmiðlunar og upplýsingaþjónustu. Í viðbótarpakkanum er í tilskipun 92/44/EBE gert ráð fyrir frekari markaðsopnun með því að tryggja aukinn og jafnan aðgang að fjarskiptaneti sem jafnframt eykur möguleika á frekari þróun í veitingu þjónustu á þessu sviði. Þá verður samkvæmt tilskipun 92/264/EBE komið á samræmdu númeri fyrir alþjóðleg símtöl (verður 00 allsstaðar á EES-svæðinu sem mun leysa númerið 90 af hólmi hér á landi). Þá eru á þessu sviði ýmsar gerðir sem aðildarríkjunum ber að taka mið af en eru ekki bindandi. Þar má t.d. nefna framtíðarvinnuáætlun fyrir fjarskipti, sem felur m.a. í sér það markmið að koma á fullu frelsi á því sviði fyrir 1998.

Tvær ákvarðanir, nr. 91/691/EBE og 92/242/EBE í viðbótarpakkanum varða upplýsingaþjónustu. Sú fyrri (kölluð IMPACT 2) setur fram áætlun sem kemur á einum innri markaði í upplýsingaþjónustu og sú seinni varðar öryggi kerfa á þessu sviði.

Um XIII. viðauka
Flutningastarfsemi

Flutningar á láði, legi og í lofti eru veigamikill hluti viðbótarpakkans.

Aðgangur að flutningamarkaðnum verður rýmkaður og frelsi í vegaflutningum í Evrópu verður aukið, sbr. reglugerð 881/92/EBE. Þannig verða möguleikar Íslands til vöruflutninga milli ríkja Evrópu tryggðir, sú var ekki raunin áður. Íslensk vöruflutningafyrirtæki geta því framvegis flutt vörur ekki aðeins til Evrópuhafnar heldur heim á hlað viðtakanda. Með reglugerð 3118/93/EBE verður EFTA-ríkjum ennfremur í

fyrsta sinn veittur aðgangur að vöruflutningum innan einstakra ríkja EES. Með tilskipun ráðsins 91/439/EBE eru innlend ökuskírteini samræmd og gagnkvæmri viðurkenningu þeirra verður komið á 1. júlí 1996. EFTA-ríkjunum er heimilt að nota aðra fyrirmynd en bandalagsfyrirmyndina að hinum samræmdu ökuskírteinum, en EES-nefndin endurskoðar stöðu mála fyrir 1. júlí 1994. Aðrar gerðir varða ríkisstyrki, eftirlit með flutningi hættulegra efna, öryggismál og tæknistaðla farþegaflutninga í langferðabifreiðum o.fl.

Með reglugerð 3577/92/EBE er komið á frelsi í strandflutningum. Aðrar reglugerðir eða tilskipanir sem snerta sjóflutninga varða skráningu skipa (rg. 2158/93/EBE), lágmarkskröfur til skipa sem flytja hættuleg efni og mengandi vörur (tilsk. 93/75/EBE).

Varðandi loftflutninga verður staða austurríska, finnska og íslenska flugfélaga tryggð til jafns á við önnur flugfélög innan ESB. Þetta markmið næst með þremur reglugerðum ESB sem fjalla um sameiginlegar reglur varðandi veitingu flugleyfa til handa flugfélögum 2407/92/EBE, um aðgang að flugleiðum innan ESB 2408/92/EBE og aukið frelsi í fargjalda- og farmgjaldaálagningu 2409/92/EBE. Norðmenn og Svíar, hafa með aðild sinni að flugfélaginu SAS þegar tryggt sér slíka stöðu á markaðnum með þríhliða samningi sem fellur inn í EES þegar viðbótarpakkinn tekur gildi. Framkvæmdastjórn ESB hefur með bréfi lýst því yfir að hún muni gera það sem í hennar valdi stendur til að tryggja jafna stöðu EES-ríkja á þessum markaði þar til viðbótarpakkinn tekur gildi. Aðrar reglugerðir og tilskipanir varða úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum, tölvuskráningarkerfi, samræmingu á reglum varðandi tæknistaðla og öryggismál, gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum fyrir flugliða o.fl. Samþykkt er að tilskipun 93/65/EBE um stjórnun flugumferðar skuli ekki eiga við um Ísland þar sem það tilheyrir öðru flugumferðarstjórnunarsvæði en hin EES-löndin.

Loks skal nefnt að í viðbótarpakkanum eru gerðir sem varða flutninga á járnbrautum og eftir skipgengum vatnaleiðum.

Um XXII. viðauka
Félagaréttur

Með gildistöku EES-samningsins voru réttarreglur á sviði félagaréttar samræmdar í því skyni að efla vernd hluthafa og lánardrottna sem talið er skapa jafnari samkeppnisaðstöðu félaga í mismunandi ríkjum. Í viðbótarpakkanum er ein tilskipun á þessu sviði, 92/101/EBE, sem er um breytingu á tilskipun 77/91/EBE um stofnun almenningshlutafélaga, tilskilið hlutafé þeirra og breytingar á því. Tilskipun þessi kallar ekki á frekari breytingar á íslenskum rétti en þegar er orðið vegna EES-samningsins.

(3) Frjáls för launafólks

Þær reglur sem fjalla um frjálsa för launafólks teljast til hornsteina Evrópusamvinnunnar. Það ber að árétta í þessu samhengi að EES-samningurinn gildir ekki eingöngu milli aðildarríkja EFTA og EB heldur einnig í samskiptum EFTA-ríkjanna innbyrðis. EES-samningurinn greiðir því enn þá braut sem rudd var með samþykkt hins sameiginlega norræna vinnumarkaðar á sínum tíma. Í formála EES-samningsins kemur berlega í ljós sú mikla áhersla sem samningsríkin leggja í þennan þátt fjórfrelsins.

Viðbótarpakkinn á þessu sviði hefur að geyma löggjöf sem ætlað er að styrkja hinn sameiginlega vinnumarkað. Þar má helst nefna viðbótarreglur um samstarf á sviði almannatrygginga og gagnkvæm viðurkenning prófskírteina og starfsvottorða fyrir þá hópa sem ekki hafa langskólanám að baki. Markmið þessara reglna er að greiða götu launafólks og þeirra sem starfa á eigin vegum.

Í flestum tilvikum er um að ræða gerðir sem fela í sér einfaldar breytingar á eldri gerðum án þess að um verulegar efnislegar breytingar sé að ræða. Stærsta undantekningin frá þessu er tilskipun 92/51/EBE um annað almennt kerfi fyrir viðurkenningu starfsmenntunar og þjálfunar til viðbótar tilskipun 89/48/EBE. Síðarnefnda tilskipunin fjallar um kerfi fyrir viðurkenningu á starfsmenntun á grundvelli a.m.k. þriggja ára háskólanáms. Nýju tilskipuninni er ætlað að koma á kerfi til viðurkenningar á starfsréttindum allra annarra. Hún tekur því til allra starfsréttinda sem fengin eru að loknu einhvers konar námi eða þjálfun, svo fremi sem námið nái ekki þremur árum í háskóla. Ísland setti fyrirvara við samþykkt tilskipunarinnar, þar sem talið var að ekki væru heimildir fyrir hendi til að krefjast þekkingar á íslenskum byggingareglum af iðnaðarmönnum sem hér vildu starfa sem launþegar. Evrópubandalagið féllst að lokum á að gerð yrði sameiginleg yfirlýsing um að þrátt fyrir ákvæði tilskipunarinnar taki bandalagið á sig að kynna sínum þegnum sem ætla að hefja störf sem launþegar í byggingariðnaði á Íslandi að ráðlegt sé og æskilegt að þeir kynni sér íslenskar reglur á þessu sviði. Ekki er búist við að mjög reyni á þessa sameiginlegu yfirlýsingu. Íslenskar byggingareglur eru mjög strangar hvað varðar ábyrgð meistara á byggingu og ekki fyrirsjáanlegt annað er að þær reglur dugi til að hættum sé forðað. Unnið er að því að kanna á hvern hátt sé best að koma upplýsingum um íslenskar byggingareglur á framfæri.

Um V. viðauka
Frelsi launþega til flutninga

Reglugerð 2434/92 felur í sér breytingar á reglugerð 1612/68/EBE um frjálsa för launþega í bandalaginu. Breytingarnar snerta ýmsa þætti atvinnuráðninga og vinnumiðlunar milli aðildarríkjanna. Breytingarnar eru tæknilegs eðlis og lúta fyrst og fremst að verklagsreglum sem settar eru fyrir þjónustuskrifstofur á sviði vinnumiðlunar. Þessi reglugerð hefur í för með sér að breyta þarf lögum nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem ákvæði reglugerðar nr. 1612/68/EBE voru lögtekin í heild með þeim lögum.

Um VI. viðauka
Félagslegt öryggi

Reglugerðir 1247/92/EBE, 1248/92/EBE, 1249/92/EBE og 1945/93/EBE fela í sér breytingar á reglugerð ráðsins 1408/71/EBE um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja. Reglugerðir 1248/92/EBE og 1249/92/EBE breyta einnig reglugerð ráðsins 574/72/EBE sem kveður á um framkvæmd almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja.

Í reglugerð 1247/92/EBE er m.a. bætt við skilgreiningu á því hver teljist

aðstandandi þegar um er að ræða bætur vegna fatlaðs fólks auk þess sem þar er að finna endurskoðun á þeim flokkum trygginga sem reglugerð nr. 1408/71/EBE nær til.

Reglugerð 1248/92/EBE felur í sér einföldun á því hvernig ellilífeyris- og örorkulífeyrisbætur eru ákvarðaðar og útreiknaðar.

Reglugerð nr. 1249/92/EBE felur annars vegar í sér aðlögun á bráðabirgðarákvæðum 94. gr. og 95. gr. rg. 1408/71/EBE vegna sameiningar Þýskalands og breytingar á viðauka vegna einstakra ríkja EB og hins vegar er um að ræða breytingu á 10. gr. rg. 574/72/EBE, þar sem kveðið er skýrar á um hvaða reglur gilda þegar réttur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga til fjölskyldubóta eða fjölskyldugreiðslna skarast.

Um VII. viðauka
Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi

Til þessa viðauka telst tilskipun 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og þjálfun sem ætlað er að vera grundvöllur gagnkvæmrar prófaviðurkenningar á margvíslegri sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem tekur skemmri tíma að öðlast en sú þriggja ára eða lengri sérfræðimenntun og starfsþjálfun sem tilskipun 89/48/EBE tekur til. Iðnnám og fóstrunám fellur undir þessa tilskipun, svo dæmi sé tekið. Þá er í VII. viðauka að finna tilskipun 93/16/EBE sem hefur að markmiði að auðvelda frjálsa för lækna og gagnkvæma viðurkenningu menntunar þeirra.

Um VIII. viðauka
Staðfesturéttur

Á sviði staðfesturéttar er að finna tilskipun 93/96/EBE um búseturétt stúdenta, sem kemur í stað tilskipunar 90/366/EBE um sama efni. Nýja tilskipunin kemur í kjölfar dóms dómstóls Evrópusambandsins sem ógilti fyrri tilskipun, þar sem hún var ekki byggð á fullnægjandi lagaheimild.

(4) Jaðarmál

Svokölluð jaðarmálefni falla ekki undir neitt eitt svið fjórþætta frelsisins. Þetta samstarf er mjög mikilvægt til þess að markmið innri markaðar um jafna samkeppnisstöðu náist, þó það snerti ekki hinar eiginlegu leikreglur atvinnulífs og framleiðslu. Samstarfið nær til félagsmála, umhverfismála, neytendaverndar og hagskýrslna. Meðal markmiða þessa samstarfs er útrýming atvinnuleysis, bætt starfsumhverfi, jafnrétti á vinnumarkaði, starfsmenntun, og jöfn tækifæri íbúa á öllu svæðinu.

Jáðarmálefni ná einnig til samvinnu utan marka fjórþætta frelsisins. Þar er um að ræða samstarf á fleiri sviðum en þeim þremur sem hér voru nefnd að ofan, m.a. samstarf þjóðanna á sviði menntamála, rannsókna og þróunar, lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ferðamála og hljóð- og myndmiðlunar. Í bókun 31 við EES-samninginn er gerð grein fyrir þessu samstarfi, en það byggist einkum á samstarfssamningum og stefnuyfirlýsingum sem ekki eru bindandi fyrir aðildarríkin.

Hvað varðar viðbótarpakkann eru nýjar gerðir á þessu almenna samstarfssviði

samningsins helst á sviði umhverfismála, félagsmála og hagskýrslugerðar. Á sviði félagsmála má nefna að EFTA-ríkjunum býðst að taka þátt í nýju samstarfsverkefni um aldraða og stöðu þeirra. Þá er í pakkanum að finna gerðir sem miða að því að bæta öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum t.d. fyrir barnshafandi konur. Á sviði umhverfismála hafa verið samþykktar mikilvægar gerðir er fjalla um eftirlit með flutningi á hættulegum úrgangi, takmörkun hávaða frá sérstökum tegundum af flugvélum og umhverfismerkingar (umhverfismerki ESB).

Með EES-samningum opnuðust EFTA-ríkjunum möguleikar til að taka þátt í margvíslegum áætlunum ESB og í viðbótarpakkanum er að finna nýja áætlun sem miðar að því að bæta viðskiptaumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og samkeppnisstöðu þeirra á svæðinu. Ferðamál eru mikið til umræðu hér á landi og í viðbótarpakkanum opnast í fyrsta skipti möguleiki fyrir Íslendinga til að taka þátt í ferðamálaáætlun bandalagsins. Hún miðast aðallega við óhefðbundna ferðaþjónustu þ.e. „vistvæna" ferðaþjónustu og ferðaþjónustu í sveitum.

Um XVIII. viðauka
Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna

Flestar gerðirnar sem bætast við á sviði félagsmála í XVIII. viðauka varða öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, tvær varða vinnurétt en ekkert bættist við á sviði jafnréttismála. Nýmæli á síðastnefnda sviðinu eru þó á döfinni.

Hér er um að ræða tilskipun ráðsins 91/533/EBE um skyldu vinnuveitenda til að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi, tilskipun ráðsins 92/104/EBE um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar og skylda tilskipun (92/91/EBE) um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi með borunum. Einnig má nefna tilskipun ráðsins 92/58/EBE um lágmarkskröfur um uppsetningu öryggis- og heilbrigðismerkja á vinnustöðum, tilskipun ráðsins 92/57/EBE um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum, breytingu á tilskipun um hópuppsagnir (92/56/EBE) og tilskipun ráðsins 92/29/EBE um lágmarkskröfur um öryggi- og hollustu til að bæta læknismeðferð um borð í skipum. Ný er einnig tilskipun ráðsins 92/85/EBE um að hvetja til aukinna umbóta varðandi öryggi og hollustu á vinnustöðum fyrir barnshafandi konur, konur sem nýlega hafa alið barn og konur með börn á brjósti.

Um XIX. viðauka
Neytendavernd

Við XIX. viðauka um neytendavernd bætist við tilskipun 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum, auk nokkurra óbindandi gerða sem aðildarríkjum ber að taka tillit til.

Um XX. viðauka
Umhverfismál

Í XX. viðauka samningsins er fjallað um umhverfismál. Þar munu bætast við nokkrar nýjar gerðir.

Almennt

Tilskipun ráðsins 91/692/EBE fjallar um samræmingu og hagræðingu í skýrslugerð um framkvæmd tiltekinna tilskipana á sviði umhverfismála. Fyrsta tímabilið er frá 1993 til 1995 og skal skýrslugjöf lokið 9 mánuðum eftir að skýrslutímabili lýkur. Einnig bætist við reglugerð um kerfi um veitingu umhverfismerkis ESB (ECO). Áformað er að það stuðli að hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og notkun varnings sem skaðar umhverfið sem minnst frá framleiðsludegi til þess að honum er hent. Merkið er hægt að veita framleiðsluvörum sem uppfylla ákveðin skilyrði, en reglugerðin nær þó ekki til matvöru, drykkja eða lyfja. Síðan bætast við gerðir í framhaldi af þessari sem fjalla um veitingu umhverfismerkis fyrir þvottavélar og uppþvottavélar, gerð er fjallar um staðalsamning með skilmálum um notkun umhverfismerkis og að lokum reglugerð um frjálsa aðild iðnfyrirtækja að viststýringar- og úttektarkerfi bandalagsins.

Vatn

Við bætist gerð um verndun vatns gegn mengun nítrata frá landbúnaði (tilskipun 91/676/EBE) og ákvörðun ráðsins 92/446/EBE um samræmda upplýsingagjöf varðandi tilskipanir um vatnsmálefni.

Loft

Ný gerð um loftmengun af ósoni og snertir hún eftirlit með upplýsingaskiptum, upplýsingamiðlun og viðvörunarkerfi fyrir almenning varðandi loftmengun af völdum ósons. Einnig bætist við ákvörðun framkvæmdastjórnar sem útfærist nánar flokkunarreglur tilskipunar 90/219/EBE um einangraða notkun erfðabreyttra örvera en sú tilskipun er hluti af EES-samningnum. Frestur er gefinn til 1. janúar 1995 til að gera nauðsynlegar ráðstafanir. Loks bætast við ákvarðanir ráðsins varðandi svið samantektarskýrslu um tilkynningu vegna erfðabreyttra örvera sem sleppt er af ásettu ráði út í umhverfið. Hér hefur Ísland sama aðlögunartíma og fyrr segir.

Úrgangur

Þrjár gerðir bætast hér við, og varða þær skilgreiningu hættulegs úrgangs, samræmingu áætlana til að draga úr og hugsanlega stöðva mengun af völdum úrgangs frá títandíoxíðiðnaði og eftirlit og umsjón með sendingum á úrgangsförmum innan, inn á og út af EES-svæðinu.

Hávaðamengun

Þá bætist við nýr liður í umfjöllun um umhverfismál, varnir gegn hávaðamengun, sbr. tilskipun ráðsins 92/14/EBE um takmarkanir á flugumferð.

Um XXI. viðauka
Hagskýrslugerð

Í XXI. viðauka er fjallað um hagskýrslur og þar bætast við þó nokkuð margar gerðir um söfnun ýmissa hagtalna á svæðinu.

C. EES-frumvörp á 117. löggjafarþingi 1993-94.

Á 117. löggjafarþingi er gert ráð fyrir að neðangreind EES-frumvörp og verði til afgreiðslu. Þau frumvörp eru stjörnumerkt sem tengjast EES-viðbótarpakkanum.

1. Félagamálaráðuneytið

1.1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 47/1993.*

1.2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hópuppsagnir nr. 95/1992.*

2. Fjármálaráðuneyti

2.1. Frumvarp til laga um ársreikninga.

2.2 Frumvarp til laga um bókhald.

3. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

3.1. Frumvarp til laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.*

3.2. Frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi.*

3.3. Frumvarp til lyfjalaga.*

3.4. Frumvarp til laga um matvæli.

3.5. Frumvarp til laga um brunatryggingar.

4. Iðnaðarráðuneyti

4.1. Frumvarp til laga um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

4.2. Frumvarp til laga um virkjunarrétt vatnsfalla.[1]

4.3. Frumvarp til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu.[1]

4.4. Frumvarp til laga um réttindi starfsstétta í byggingariðnaði (í athugun).

5. Landbúnaðarráðuneyti

5.1. Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

5.2. Frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.[1]

6. Menntamálaráðuneyti

6.1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1993.*

7. Samgönguráðuneyti

7.1. Frumvarp til laga um alferðir.

7.2. Frumvarp til laga um vöruflutninga á landi.*

7.3. Frumvarp til laga um tölvufarskráningarkerfi.*

8. Sjávarútvegsráðuneyti

8.1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, nr. 123/1989.

9. Umhverfisráðuneyti

9.1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988.

9.2. Frumvarp til laga um notkun erfðabreyttra lífvera.

---

[1] Ekki nauðsynlegt vegna EES-samnings en leiðir af honum.

10. Utanríkisráðuneyti

10.1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið.*

11. Viðskiptaráðuneyti

11.1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög.

11.2. Frumvarp til laga um eignarhlutafélög.

11.3. Frumvarp til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

11.4. Frumvarp til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Á 118. löggjafarþingi er gert ráð fyrir að neðangreind 2 EES-frumvörp verði til afgreiðslu.

1. Menntamálaráðuneyti

1.1. Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972.*

2. Viðskiptaráðuneyti

2.1. Frumvarp til laga um breytingu á samningalögum nr. 7/1936.*

Þingsályktunartillögu þessari fylgdi texti ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn.

Um textann vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Enn fremur verður textinn ásamt viðaukum prentaður í C-deild Stjórnartíðinda.

842. Frumvarp til laga [538. mál]

um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Í stað a-liðar 4. tölul. bókunar 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. fskj. II við lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, kemur nýr a-liður, svohljóðandi:

a. Þegar aðildarríki EB ber að veita framkvæmdastjórn EB upplýsingar skal EFTA-ríki veita eftirlitsstofnun EFTA slíkar upplýsingar og hún koma þeim áleiðis til fastanefndar EFTA-ríkjanna. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að annast sendingu upplýsinga. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum sem þeim hafa borist frá aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjunum eða þar til bærum yfirvöldum.

2. gr.

Á eftir 3. gr. laganna bætist ný grein sem verður 4. gr., svohljóðandi:

Birting breytinga og viðbóta við EES-samninginn í sérstöku blaði, sem gefið verður út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA, telst fullgild birting.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast gildi 1. júlí 1994 að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni.

Eftir það öðlast 1. gr. laganna gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir að síðasta tilkynningin berst EES-nefndinni.

Ákvæði 2. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með 2. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, var bókun 1 við EES-samninginn lögfest. Hinn 8. febrúar 1994 tók sameiginlega EES-nefndin þá ákvörðun að breyta a-lið 4. tölul. bókunarinnar með gildistöku 1. júlí 1994 að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Samkvæmt núgildandi a-lið 4. tölul. bókunar 1 er gert ráð fyrir að EFTA-ríki og þar til bær yfirvöld veiti bæði eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA þar til greindar upplýsingar. Breytingin felst í því að nægjanlegt er að veita eftirlitsstofnun EFTA slíkar upplýsingar, en henni er síðan falið að koma upplýsingunum til fastanefndar EFTA. Hér er því einungis um tæknilega breytingu að ræða.

Allar breytingar og viðbætur við EES-samninginn verða birtar á íslensku í sérstöku blaði sem gefið verður út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA. Rétt þykir að láta þessar birtingar nægja og ekki þurfti einnig að birta slíkar breytingar og viðbætur í C-deild Stjórnartíðinda. Breytingar og viðbætur á þeim hluta EES-samningsins sem hefur lagagildi, sbr. 2. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið, þarf hins vegar að birta einnig í A-deild Stjórnartíðinda. Varðandi gildistökuákvæðið er það að segja, að gildistaka 1. gr. verður tilkynnt með auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993.

Með frumvarpi þessu er gerð sú breyting (2. gr.) að framvegis verði breytingar og viðbætur við EES-samninginn birtar í sérstöku blaði gefnu út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA og teljist það fullgild birting. Þetta þýðir að ekki verður lengur nauðsynlegt að endurbirta viðkomandi gögn í C-deild Stjórnartíðinda sem með tímanum mun spara ómælda tvíbirtingu og tilheyrandi skriffinnsku. Ekki er mælanlegt hver sparnaður kann að hljótast þar af. Önnur kostnaðaráhrif eru ekki sýnileg.

843. Svar [486. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Athugasemdirnar snertu einkum fjögur viðfangsefni. Í fyrsta lagi er athugasemd við bókhaldsmál Skógræktar ríkisins. Í öðru lagi var gerð athugasemd við bókhaldsmál, fjárfestingar, akstur o.fl. hjá Landgræðslu ríkisins. Í þriðja lagi var gerð athugasemd við rekstur Stóðhestastöðvar ríkisins. Að lokum var gerð athugasemd um stöðu 300 millj. kr. láns til fiskeldisstöðva á árunum 1992 og 1993.

Ráðuneytið tók þessar athugasemdir þegar í stað til meðferðar og hefur lagt vinnu í að færa mál til betra horfs, ásamt viðkomandi stofnunum.

Að mati ráðuneytisins hefur vel til tekist og má segja að í öllum aðalatriðum hafi athugasemdirnar verið teknar til greina og að þessir hlutir séu nú í því horfi, eða verði væntanlega, sem til er ætlast.

Meðfylgjandi eru greinargerðir stofnana eða ábyrgðaraðila í tilefni þessarar fyrirspurnar. Þar koma fram svör við öllum atriðum sem spurt er um.

Greinargerð um rekstur fiskeldisstöðva.

Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 5. júní 1991 var ákveðið að lána 300 millj. kr. á árunum 1991 og 1992 til reksturs fiskeldisstöðva. Skyldi ráðstöfun fjárins ákveðin af sérstökum starfshópi.

Varðandi úthlutun þessara lána til fiskeldisfyrirtækja er rétt að taka fram:

Þegar úthlutun lánanna var ákveðin blasti við rekstrarstöðvun hjá fyrirtækjunum. Rekstrarlán í formi ríkisábyrgða, sem áður höfðu verið veitt, reyndust fiskeldisfyrirtækjum ofviða vegna mikils kostnaðar við lánin, en hann var 25–30% á ári. Rekstrarlán á bærilegum kjörum voru því nauðsynleg til að forðast hrun í greininni.

Varðandi endurgreiðslu lánanna er rétt að taka fram að um 50% þeirra er í skilum. Unnið er að skuldbreytingu hjá þeim fyrirtækjum sem ekki hafa getað greitt af lánunum.

Landbúnaðarráðuneytið hefur eftirlit með stöðu þeirra fyrirtækja sem fengu sérstök rekstrarlán. Safnað er upplýsingum um eldisstofn þeirra og reynt að fylgjast með þeim án þess þó að kostnaður við slíkt eftirlit verði óhóflegur.

Sem fyrr segir blasti við rekstrarstöðvun hjá fiskeldisfyrirtækjum ef ekki hefði komið til úthlutun sérstakra rekstrarlána. Rétt er að taka fram að frá því að úthlutun rekstrarlánanna hófst árið 1991 til dagsins í dag er útflutningsverðmæti eldisfisks um 2,5 milljarðar kr. Líklegt er að þessi útflutningur hefði að mestu lagst af ef ekki hefði komið til úthlutun þessara rekstrarlána.

Þegar úthlutunin fór fram var öllum aðilum gerð grein fyrir því að um áhættulán væri að ræða. Það hefur síðan komið í ljós að endurgreiðsla lánanna er meiri en reiknað var með og gagnsemin ótvíræð.

Steinþór Pétursson fjármálastjóri:

Greinargerð frá Skógrækt ríkisins.
(18. mars 1994.)

Varðandi fyrirspurn um það hvað gert hafi verið til úrbóta vegna þeirra athugasemda sem Ríkisendurskoðun og yfirskoðunarmenn ríkisreiknings gerðu fyrir árið 1992 skal eftirfarandi upplýst:

Á árinu 1993 var gert átak í því að koma bókhaldsmálum Skógræktarinnar í gott form og var afraksturinn sá að búið var að loka og undirrita afstemmdan ársreikning fyrir árið 1993 í febrúar 1994 og honum skilað innan tilskilins frests.

Á árinu 1993 voru þrjár af deildum Skógræktarinnar látnar byrja að færa í Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins (BÁR) í stað fyrra kerfis að beiðni landbúnaðarráðuneytis, Ríkisendurskoðunar og ríkisbókhalds. Á árinu 1994 voru þrjár deildir í viðbót teknar inn í BÁR og eru þá aðeins tvær deildir eftir í gamla kerfinu og er stefnt að því að þær fari að nota BÁR innan skamms. Er vonast til að með tilkomu BÁR verði bókhald Skógræktarinnar skilvirkara en áður.

Varðandi athugasemdir, sem gerðar voru við bókhald Skógræktarinnar, er það að segja að gengið var í það á árinu 1993 að loka bankareikningum sem ekki höfðu verið notaðir lengi. Auk þess var þess gætt af kostgæfni að bankareikningar, sem hafa verið í notkun hjá Skógræktinni, væru afstemmdir mánaðarlega.

Um áritanir fylgiskjala er það að segja að þar sem því er hægt að koma við hefur það verið gert, en eins og gefur að skilja getur verið erfitt að fylgja eftir kröfu þar að lútandi þar sem sami aðili er skógarvörður og bókari.

Á árinu 1993 voru ferðareikningar yfir erlendar ferðir gerðir strax en einhver misbrestur hafði verið á frágangi þeirra á fyrri árum.

Reynt er af fremsta megni að krefjast löglegra reikninga og er það alltaf gert þegar hægt er, en bókhaldslög eru þess eðlis að erfitt getur verið í sumum tilvikum að fylgja þessari kröfu eftir í botn.

Um fyrirframgreiðslu launa er ekki að ræða hjá Skógrækt ríkisins nema í þeim tilvikum þegar dráttur verður á að starfsmaður komist inn á launaskrá og brúa þarf bil þar til laun berast eðlilega leið. Í þeim tilvikum er tekin ávísun frá starfsmanninum sem síðan er innleyst þegar fyrir liggur að hann hafi fengið greidd laun. Eitt dæmi er um þetta á árinu 1993.

Mikið kapp var lagt á að koma viðskiptareikningum á hreint en ljóst var að sumar viðskiptakröfur voru vegna vanmáttar aðila til að greiða skuld sína, t.d. vegna gjaldþrota. Voru margar þessara krafna mjög gamlar og var hafist handa við að fara reglulega yfir viðskiptamannareikninga Skógræktarinnar og þær settar í innheimtu eða afskrifaðar eftir því sem úr vannst. Var þetta gert í samráði við Ríkisendurskoðun. Þetta er tímafrekt verk þegar litið er til allra deilda og er því ekki að fullu lokið en gert ráð fyrir að áfram verði haldið þessari tiltekt á árinu 1994.

Gert var átak á árinu 1993 í því að uppfæra eignaskrár Skógræktarinnar og geta menn séð þær í ársreikningi hennar en þar eru þær fylgirit. Varðandi þá athugasemd Ríkisendurskoðunar að ekki sé nægilega vel fylgst með þeim eignum sem Skógræktin hefur í sinni vörslu og hlunnindum af þeim er það að segja að yfirleitt er um að ræða jarðir sem Skógræktin er að gróðursetja í eða er að vernda skógarleifar á og fer hver skógarvörður með eftirlit með eignum á sínu svæði. Varðandi hlunnindi af þessum jörðum er það að segja að sumar þeirra gefa verulegar tekjur af sér sem standa undir stórum hluta af rekstri Skógræktarinnar og nægir að nefna tekjur af veiði í því sambandi. Í öðrum tilvikum er ekki um slíka gullmola að ræða sem Ríksendurskoðun virðist halda þar sem húsakostur á jörðum, sem nýtast vel til skógræktar eða verndunar, er orðinn ónýtur eða það lélegur að ekki svarar kostnaði að setja hluta af takmörkuðu fjármagni Skógræktarinnar, sem ætlaður er til viðhalds, í þessar húseignir. Af þessum sökum er ekki hægt að hafa tekjur af þessum eignum þar sem þær eru ekki íbúðarhæfar en í öðrum tilvikum getur verið afar erfitt að leigja eignir út vegna staðsetningar.

Þá má geta þess að farið hefur verið fram á það við landbúnaðarráðuneytið að það óski eftir því við Ríkisendurskoðun að gerðar verði hliðstæðar kannanir á kostnaði við framleiðslu á trjáplöntum hjá öðrum gróðrarstöðvum og gerðar voru á Hallormsstað á síðasta ári.

Í skemmstu máli sagt þá hefur verið gert mikið átak í bókhaldsmálum Skógræktar ríkisins á árinu 1993 en vandfundið er það bókhald sem er fullkomið því alltaf má gera betur og er það stefnan á árinu 1994 að gera enn betur en þó búið er að gera.

Sveinn Runólfsson:

Greinargerð frá Landgræðslu ríkisins.

1. Í kjölfar athugasemda Ríkisendurskoðunar aðstoðaði landbúnaðarráðuneytið Landgræðslu ríkisins við að vinna úr tímabundnum erfiðleikum þegar stofnunin fór fram úr fjárheimildum ársins 1992. Landgræðslan var síðan vel innan fjárheimilda á árinu 1993 eins og stofnunin hafði verið á árunum fyrir 1992.

Skýring á því hvers vegna stofnunin fór fram úr fjárheimildum ársins 1993 er uppbygging á fræverkunarstöð í Gunnarsholti. Fjárveitingar fengust á fjárlögum áranna 1989–1992 til að byggja upp aðstöðu til að framleiða landgræðslufræ þannig að meginlínur uppbyggingarinnar lágu fyrir.

Árið 1990 samþykkti Alþingi ályktun um stöðvun hraðfara jarðvegseyðingar fyrir aldamót sem síðar var áréttað í stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar. Ein meginforsenda þess að unnt verði að takast á af fullu afli við jarðvegseyðinguna er að hafa yfir miklu magni fræs að ráða, einkum melfræs. Fræ af þeim tegundum, sem rannsóknir hafa sýnt að nýtast best hér á landi, eru ekki til á fræmörkuðum erlendis.

Ákvörðun var því tekin um að hraða uppbyggingu stöðvarinnar eins og frekast væri kostur og treyst á að sala á grasfræi innan lands og til Alaska, auk framlaga frá nokkrum stuðningsaðilum Landgræðslunnar, nægðu til að brúa bilið milli fjárveitinga úr ríkissjóði og framkvæmdakostnaðar. Því miður skiluðu framlög frá stuðingsaðilum sér seinna en ráð var fyrir gert.

Með því að halda þannig uppi fullum framkvæmdahraða komst fræframleiðslan á ökrum í Gunnarsholti og verkun fræsins fullum tveimur árum fyrr í gagnið en ella og sá tími er dýrmætur í kapphlaupi við jarðvegseyðingu og þau markmið sem Alþingi og ríkisstjórnin hafa sett. Þess má jafnframt geta að aðstaðan í fræverkunarstöðinni skapar 15 ársverk heima í héraði bæði fyrir fagfólk stofnunarinnar og verkafólk.

Landbúnaðarráðuneytið og Landgræðslan brugðust þegar í stað við athugasemdum Ríkisendurskoðunar og gerðu áætlun um að ná niður skuldum fræverkunarstöðvarinnar án þess að slíkt kæmi niður á þýðingarmestu verkefnum Landgræðslunnar.

Nær einn þriðji af framkvæmdafé Landgræðslunnar er framlög og gjafir sem ýmist eru skilyrt til ákveðinna framkvæmda eða ekki. Landgræðslustjóri mat það svo að uppbygging fræverkunarstöðvar væri forgangsverkefni sem yrði að hraða en því miður skiluðu framlög og sala á fræi til Alaska sér ekki fyrr en á árinu 1993.

2. Starfsmenn ráðuneytis hafa aðstoðað við framkvæmd bókhalds í kjölfar athugasemda.

3. Hross Gunnarsholtsbúsins hafa flest verið seld og lýkur sölunni á þessu ári.

4. Varðandi málefni fóður- og fræframleiðslunnar hefur fjármálaráðherra verið skrifað bréf og óskað eftir afgreiðslu málsins í samræmi við heimild á fjárlögum ársins 1994.

5. Í kjölfar athugasemda Ríkisendurskoðunar voru tafarlaust gerðir aksturssamningar við alla starfsmenn. Verulegur hluti af aksturskostnaði er af starfsemi Landgræðslu ríkisins út um allt land og ekki óeðlilegt að um mikinn akstur sé að ræða hjá þessari stofnun. Ríkisbifreið var keypt og hagræðingu komið á við flutning á starfsfólki til og frá vinnu.

6. Landbúnaðarráðuneytið tók húsaleigumál til endurskoðunar og var starfsmönnum sagt upp leigusamningum með eðlilegum fyrirvara.

Sveinn Runólfsson:

Greinargerð frá Stóðhestastöð ríkisins.

Stjórn Stóðhestastöðvarinnar hefur komið til funda í ráðuneytinu til viðræðna um framtíð stöðvarinnar. Á árinu 1993 gekk rekstur stöðvarinnar mun betur en árið áður en ekki hafðist upp í fullar afskriftir.

Haldinn var fjölmennur fundur með hagsmunaaðilum búgreinarinnar þar sem farið var fram á að þeir tækju frekari þátt í rekstri stöðvarinnar. Hagsmunaaðilar hafa skipað nefnd til þess að fjalla um það og er hún að störfum. Áhersla verður lögð á að teknar verði ákvarðanir um framtíðarrekstrarform stöðvarinnar á miðju þessu ári.

844. Fyrirspurn [539. mál]

til samgönguráðherra um varnir gegn ágangi sjávar og heftingu sandfoks við Vík í Mýrdal.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hefur ríkisstjórnin ráðgert aðgerðir til að verja þorpið í Vík fyrir ágangi sjávar og hefta sandfok sem veldur miklum skaða á mannvirkjum staðarins?

845. Fyrirspurn [540. mál]

til samgönguráðherra um gjaldskrá Pósts og síma.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

1. Hverjar breytingar hafa orðið á gjaldskrá Pósts og síma frá 1990?
2. Eru breytingar fyrirhugaðar á gjaldskrá Pósts og síma á árinu 1994 og ef svo er þá hverjar?

Skriflegt svar óskast.

846. Svar [487. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

1. Aflað hefur verið fullnaðarupplýsinga um leigutekjur héraðsskóla af hótelrekstri á árunum 1992 og 1993. Þær upplýsingar hafa þegar verið sendar Ríkisbókhaldi.

2. Athugasemdir Ríkisendurskoðunar við aksturskostnað fræðsluskrifstofanna hafa oftlega verið ræddar á fundum ráðuneytisins með fræðslustjórum. Þess er vænst að gerð aksturssamninga og annað sem varðar akstur starfsmanna verði komið í fastan farveg á þessu ári. Hvað varðar athugasemd um greiðslu lífeyrisiðgjalda frá fræðsluskrifstofu Vesturlands er það að segja að þegar hefur verið gengið frá greiðslu umræddra gjalda.

3. Ríkisendurskoðun gerði athugasemd við innheimtu Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tekjum sem henni eiga að berast gegnum menningarsjóð útvarpsstöðva. Haldnir hafa verið fundir með fulltrúum Sinfóníuhljómsveitarinnar og menningarsjóðsins. Niðurstaða hefur ekki enn fengist en áfram er unnið að málinu.

4. Bókhaldstæknilegar athugasemdir, sem gerðar voru við einstakar færslur í bókhaldi Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Ríkisútvarpsins og byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðu, eru í athugun og til umfjöllunar hjá ríkisbókhaldi og Ríkisendurskoðun.

847. Svar [181. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um aðstöðu til verknámskennslu í framhaldsskólum.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvaða aðstöðu hafa framhaldsskólar til verknámskennslu?*
2. *Er um að ræða eigið húsnæði eða leiguhúsnæði?*
3. *Hvaða breytingar hafa orðið á aðstöðunni frá árinu 1988?*
4. *Hvaða áform eru uppi til að bæta aðstöðuna þar sem hún er ófullnægjandi?*

Svar óskast sundurliðað eftir iðngreinum og skólum.

Tekið skal fram að í þessu svari er eingöngu fjallað um almenna framhaldsskóla, þ.e. ekki er fjallað um sérskóla á sviði verknáms, svo sem stýrimannaskóla, vélskóla eða fiskvinnsluskóla. Einnig er íþróttarými og heimavistum sleppt í meðfylgjandi yfirliti.

1.–2. Í yfirlitinu kemur fram húsrými framhaldsskólanna á landinu, bæði til bóklegrar og verklegrar kennslu, eftir kjördæmum og einstökum skólum. Verknámsrými í framhaldskólum er skólaárið 1993–94 alls 17.738 m^2 og þar af er leiguhúsnæði 1.593 m^2.

3. Breytingar á aðstöðu til verklegrar kennslu frá árinu 1988 eru í stórum dráttum eftirfarandi:

a. Við Fjölbrautaskóla Suðurnesja var tekin í notkun nýbygging haustið 1992 samtals 3.029 m^2, þar af 1.250 m^2 til verklegrar kennslu.
b. Við Fjölbrautaskóla Suðurlands hefur húsnæði til verklegrar kennslu aukist um 300 m^2.
c. Við Iðnskólann í Hafnarfirði hefur húsnæði til verklegrar kennslu aukist um 260 m^2.
d. Við Iðnskólann í Reykjavík hefur húsnæði til verklegrar kennslu aukist um 287 m^2.

4. Á næstu árum eru eftirfarandi framkvæmdir áætlaðar er taka til verknámsaðstöðu í framhaldsskólum:

a. Í Reykjavík verður reistur framhaldsskóli þar sem bæði fer fram bókleg og verkleg kennsla. Gert er ráð fyrir 3.000–3.500 m^2 til verklegrar kennslu. Þegar þessi skóli verður kominn í notkun mun rýmkast verulega bæði í Iðnskólanum í Reykjavík og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.
b. Við Menntaskólann í Kópavogi er verið að byggja 4.700 m^2 verknámshús sem mun hýsa matvælagreinar. Þegar það verður tekið í notkun mun Hótel- og veitingaskólinn flytja þangað úr leiguhúsnæði við Suðurlandsbraut og bakara- og kjötiðnaðarnám flyst úr Iðnskólanum í Reykjavík í Kópavog.
c. Við Framhaldsskóla Vestfjarða er í undirbúningi bygging fyrir verknám og er gert ráð fyrir 400–500 m^2 í fyrri áfanga. Þegar það verður tilbúið mun losna leiguhúsnæði sem skólinn notar nú.
d. Við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki verður tekið í notkun nýtt bóknámshús haustið 1994 og þá flyst bóknám úr verknámshúsi og eykst þá húsnæði til verknáms um 700 m^2.
e. Við Verkmenntaskólann á Akureyri er gert ráð fyrir að hafist verði handa við byggingu verknámsrýmis þegar nýbyggingu við Menntaskólann á Akureyri verður lokið. Gert er ráð fyrir að byggt verði 900 m^2 húsnæði og er fyrirhugaður byggingartími á árunum 1997–1999.
f. Við Verkmenntaskóla Austurlands er verið að byggja heimavist. Þegar þeim framkvæmdum lýkur er gert ráð fyrir að hafist verði handa við byggingu verknámshúsnæðis fyrir skólann.
g. Við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum verður á næstunni hafist handa um nýbyggingu og þar er gert ráð fyrir 800 m^2 húsnæði til verknámskennslu.
h. Við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi verður tekin í notkun nýbygging haustið 1994 sem er 3.000 m^2 og við það mun rými aukast til verknámskennslu (veitingatækni o.fl.).

Gera má ráð fyrir að byggt verði verknámshúsnæði að flatarmáli 10.000 m^2 á öllu landinu á næstu fimm árum.

Menntamálaráðuneytið 23.03.94

HÚSRÝMI FRAMHALDSSKÓLANNA
FERMETRAR BRÚTTÓ

	Yfirlit *)	Bóknám og stjórnun		Verknámsrými		Samtals	Þar af
		Eigið	Leigt	Eigið	Leigt		leigt
I	Reykjavík	46.667	670	6.980	803	55.120	1.473
II	Reykjanes	15.008	1.000	2.533	0	18.541	1.000
III	Vesturland	4.280	0	1.480	0	5.760	0
IV	Vestfirðir	2.950	0	0	470	3.420	470
V	Norðurland-vestra	730	740	300	80	1.850	820
VI	Norðurland-eystra	13.170	0	3.037	0	16.207	0
VII	Austurland	4.135	0	75	160	4.370	160
VIII	Suðurland	7.605	0	1.740	80	9.425	80
	Samtals:	**94.545**	**2.410**	**16.145**	**1.593**	**114.693**	**4.003**

*) *Án framhaldsdeilda*

Menntamálaráðuneytið — HÚSRÝMI FRAMHALDSSKÓLANNA FERMETRAR BRÚTTÓ — 23.03.94

		Bóknám og stjórnun		Verknámsrými			þar af
		Eiglð	Leigt	Eiglð	Leigt	Samtals	leigt
I	Reykjavík						
	Menntaskólinn í Reykjavík	3.850	0	0	0	3.850	0
	Kvennnaskólinn í Reykjavík	2.534	0	0	0	2.534	0
	Fjölbrautaskólinn í Ármúla	3.820	0	0	0	3.820	0
	Menntaskólinn við Sund	4.820	0	0	0	4.820	0
	Menntaskólinn í Hamrahlíð	7.170	0	0	0	7.170	0
	Iðnskólinn í Reykjavík	7.563	0	5.900	357	13.820	357
	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	9.360	0	1.080	0	10.440	0
	Hótel- og veitingaskóli Ísl.	0	670	0	446	1.116	1.116
	Verslunarskóli Íslands	7.550	0	0	0	7.550	0
Alls	Reykjavík	46.667	670	6.980	803	55.120	1.473
II	Reykjanes						
	Menntaskólinn í Kópavogi	3.452	0	0	0	3.452	0
	Iðnskólinn í Hafnarfirði	1.417	0	1.283	0	2.700	0
	Flensborgarskóli	4.340	0	0	0	4.340	0
	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1.280	1.000	0	0	2.280	1.000
	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4.519	0	1.250	0	5.769	0
Alls	Reykjanes	15.008	1.000	2.533	0	18.541	1.000
III	Vesturland						
	Fjölbrautaskóli Vesturlands	4.280	0	1.480	0	5.760	0
Alls	Vesturland	4.280	0	1.480	0	5.760	0
IV	Vestfirðir						
	Framhaldsskóli Vestfjarða	2.950	0	0	470	3.420	470
Alls	Vestfirðir	2.950	0	0	470	3.420	470

Menntamálaráðuneytið			HÚSRÝMI FRAMHALDSSKÓLANNA FERMETRAR BRÚTTÓ					23.03.94
			Bóknám og stjórnun		Verknámsrými		Samtals	Þar af leigt
			Eigið	Leigt	Eigið	Leigt		
V	**Norðurland-vestra**							
	Fjölbr.sk. Norðurlands-vestra	án nýb	730	740	300	80	1.850	820
Alls	Norðurland-vestra		730	740	300	80	1.850	820
VI	**Norðurland-eystra**							
	Menntaskólinn á Akureyri		3.660	0	0	0	3.660	0
	Verkmenntask. á Akureyri	m. 7. á	6.380	0	2.797	0	9.177	0
	Framhaldsskólinn á Laugum		1.430	0	0	0	1.430	0
	Framhaldsskólinn á Húsavík		1.700	0	240	0	1.940	0
Alls	Norðurland-eystra		13.170	0	3.037	0	16.207	0
VII	**Austurland**							
	Menntaskólinn á Egilsstöðum		2.430	0	0	0	2.430	0
	Verkmenntaskóli Austurlands		1.095	0	75	160	1.330	160
	Framhaldsskoli A-Skaft.		610	0	0	0	610	0
Alls	Austurland		4.135	0	75	160	4.370	160
VIII	**Suðurland**							
	Framhaldsk. í Vestm.eyjum		1.910	0	530	0	2.440	0
	Fjölbrautaskóli Suðurlands	án nýb	3.445	0	1.210	80	4.735	80
	Menntaskólinn á Laugarvatni		2.250	0	0	0	2.250	0
Alls	Suðurland		7.605	0	1.740	80	9.425	80

848. Framhaldsnefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá 4. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað á ný um þetta frumvarp á milli 2. og 3. umræðu vegna breytingartillögu á þskj. 758. Þessi tillaga er borin fram í þeim tilgangi að eyða vafa sem upp er kominn um túlkun á þskj. 672, en sá vafi er orðinn til vegna tveggja nefndarálita sem fela í sér mismunandi túlkun á frumvarpinu. Fyrra álitið er frá 1. minni hluta landbúnaðarnefndar, þskj. 671, og hið síðara frá 2. minni hluta, þskj. 696. Hið fyrra nefndarálit er samið með leiðsögn frá lögfræðingunum Gunnlaugi Claessen hrl., Tryggva Gunnarssyni hrl. og Sveini Snorrasyni hrl. sem unnu að lögfræðilegri útfærslu á breytingartillögum á þskj. 672 fyrir landbúnaðarnefnd. Hið síðara er hins vegar samið að meginhluta til undir handleiðslu utanríkisráðherra, Jóns Baldvins Hannibalssonar, og aðstoðarmanns hans, Þrastar Ólafssonar. Tilgangur þess er augljóslega að hindra eins og frekast er unnt að komið verði á verðjöfnunarkerfi sem tryggi stöðu landbúnaðar á Íslandi þegar opnað verður fyrir innflutning samkvæmt þeim milliríkja- og fríverslunarsamningum sem fyrir liggja, annaðhvort þegar samþykktir af Alþingi eða tilbúnir til undirritunar og staðfestingar Alþingis í framhaldi af því. Í nefndarálitinu má víða sjá túlkun sem gengur langt umfram efni laganna og stangast í mikilvægum atriðum á við nefndarálit 1. minni hluta landbúnaðarnefndar. Þess vegna er 4. minni hluti efnislega samþykkur því sem áðurnefnd breytingartillaga felur í sér, að hafa skuli hliðsjón af nefndaráliti á þskj. 671 ef ágreiningur kemur upp við túlkun laganna og til að tryggja rétta framkvæmd þeirra.

Fleira kemur hins vegar til. Á fundi landbúnaðarnefndar, sem haldinn var milli umræðna, mættu þeir lögfræðingar sem áður eru nefndir og auk þeirra Markús Sigurbjörnsson prófessor. Tvennt í máli þeirra ber að hafa til hliðsjónar við afgreiðslu á breytingartillögu á þskj. 758.

Í fyrsta lagi kom skýrt fram af þeirra hálfu að nefndarálit 1. minni hluta landbúnaðarnefndar á þskj. 671 væri það nefndarálit sem í reynd fylgdi breytingartillögum á þskj. 672. Nefndarálit 2. minni hluta á þskj. 696 verði ekki skoðað á sama hátt, enda sé það með dæmalausum fyllyrðingum sem rétt sé að vekja sérstaka athygli á. Í því megi m.a. lesa þá fullyrðingu „að ekki liggi ljóst fyrir hvort þær rúmu heimildir, sem landbúnaðarráðherra eru veittar í frumvarpi á þskj. 672, standist ákvæði stjórnarskrárinnar“. Flutningsmaður nefndarálitsins stendur þó að breytingartillögum á þskj. 672 en ætla má að það sé einsdæmi í sögu íslenskrar lagasetningar að flutningsmaður láti í ljós efa sinn í nefndaráliti um að lagasetning, sem hann ætlar að standa að, standist stjórnarskrá landsins.

Í öðru lagi kom fram í máli lögmannanna að lögfesting á sérstakri reglu um skýringu laga, eins og lögð er til, sé andstæð hefðum í lagasetningu hér á landi. Þeir upplýstu að líklega sé einu hliðstæðuna að finna í 3. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið þar sem hafi verið sett regla sem komist nærri því að vera áþekk tillögunni, en þar er boðið að skýra eigi lög og reglur til samræmis við EES-samninginn eftir því sem við á. Þetta ákvæði telur 4. minni hluti ekki vera til eftirbreytni frekar en annað sem í þeim samningi er.

Að teknu tilliti til þessara tveggja atriða mun 4. minni hluti ekki taka afstöðu með eða á móti við afgreiðslu á breytingartillögu á þskj. 758.

Í þessari deilu um búvörulög hefði verið besta leiðin að taka miðuppkast lögfræðinganna sem voru að störfum fyrir landbúnaðarnefnd og gera það að lögum. Allir nefndarmenn voru því hlynntir utan fulltrúi Alþýðuflokksins. Það hefði verið eðlilegast að skilja Alþýðuflokkinn eftir í málinu á þeim punkti. Sá undansláttur, sem fólst í þriðja uppkasti lögfræðinganna gagnvart Alþýðuflokknum, mun viðhalda deilunum áfram.

Ástæða er til þess að minna á að undirritaður er andvígur EES-samningnum og þeim neikvæðu áhrifum sem hann hefur fyrir íslenskan landbúnað. Enn á ný reynir utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, að notfæra sér ákvæði EES-samningsins til breytinga á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að klekkja á íslenskum landbúnaði.

Fjórði minni hluti vísar til afstöðu sinnar sem fram kemur í nefndaráliti á þskj. 703 um fyrirliggjandi breytingar á lögum nr. 99/1993 í þskj. 672. Þar er rakið í þremur aðalatriðum í hverju tillagan víki frá þeim tillögum að breytingum sem voru kynntar í landbúnaðarnefnd en síðan dregnar að hluta til baka að kröfu formanns Alþýðuflokksins.

Fjórði minni hluti mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu og breytingum á því og leggja til að það verði fellt, nema því aðeins að því verði breytt í samræmi við þær breytingartillögur lögfræðilegra ráðgjafa landbúnaðarnefndar sem voru undanfari breytingartillögu á þskj. 672, þ.e. miðuppkasti lögfræðinganna.

Atkvæði 4. minni hluta er mótmæli gegn vinnubrögðum Jóns Baldvin Hannibalssonar utanríkisráðherra og þeirri undanlátssemi sem honum er jafnan sýnd.

Alþingi, 28. mars 1994.

Eggert Haukdal.

849. Tillaga til þingsályktunar [541. mál]

um fullgildingu samnings um opna lofthelgi.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um opna lofthelgi sem var undirritaður í Helsinki 24. mars 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga um samninga um gagnkvæma notkun flugvéla til eftirlits með hernaðarumsvifum var fyrst lögð fram af bandarískum stjórnvöldum á sjötta áratugnum en var þá vísað á bug af sovéskum stjórnvöldum. Það var ekki fyrr en í maí 1989 að Bush, þáverandi Bandaríkjaforseti, endurvakti þessa hugmynd með tillögu um opnun lofthelgi sem hefði í för með sér að samningsaðilar leyfðu gagnkvæmt flug óvopnaðra könnunarflugvéla, útbúnar myndavélum og skynjurum, hver yfir landsvæði annars.

Að frumkvæði kanadískra stjórnvalda hófust samningaviðræður aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um opna lofthelgi í Ottawa 12. febrúar 1990. Viðræðunum var haldið áfram í Búdapest vorið 1990 og var lokið í Vín veturinn 1991–1992 þannig að samningurinn um opna lofthelgi var tilbúinn til undirritunar á framhaldsfundi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE) í Helsinki. Samningurinn var undirritaður 24. mars 1992 fyrir hönd sextán aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, auk Búlgaríu, Georgíu, Hvíta-Rússlands, Póllands, Rúmeníu, Rússneska sambandslýðveldisins, Tékkóslóvakíu, Ungverjalands og Úkraínu.

Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd með fyrirvara um fullgildingu. Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samningsins. Hann er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari. Ekki er talin ástæða til að birta viðauka við samninginn enda varða þeir tæknilega útfærslu.

Tilgangur.

Tilgangurinn með gerð samningsins um opna lofthelgi er að stuðla að upplýsingaskiptum milli aðildarríkjanna á hernaðarsviðinu með því að heimila eftirlit úr lofti með herjum, hergögnum og hernaðarmannvirkjum á landsvæði þeirra í því skyni að auka traust þeirra í millum og öryggi almennt. Opin lofthelgi gerir aðildarríkjum kleift að afla frekari upplýsinga en þau gera nú þegar, t.d. með gervihnöttum, og styrkir eftirlitsákvæði afvopnunarsamninga í nútíð og framtíð.

Samningurinn um opna lofthelgi auðveldar mun markvissara og sveigjanlegra eftirlit en fæst með hátæknibúnaði í háloftunum, eins og t.d. gervihnöttum. Enn fremur gefur samningurinn ýmsum ríkjum, sem ekki ráða yfir slíkum hátæknibúnaði, tækifæri til að afla af eigin rammleik upplýsinga um herlið, búnað og mannvirki á svæðum sem varða beinlínis öryggi þeirra.

Opin lofthelgi er athyglisverð nýbreytni. Um leið og upplýsingastreymi milli aðildarríkjanna er aukið á hernaðarsviðinu geta gagnkvæmar skuldbindingar af þessu tagi rennt styrkari stoðum undir átakavarnir og stjórnun á hættutímum. Samningurinn er því að öðrum þræði traustvekjandi aðgerð. Að auki gerir samningurinn ráð fyrir að hann geti orðið víðtækari, þ.e. að gagnkvæmt eftirlit úr lofti geti náð til fleiri sviða, eins og t.d. umhverfismála.

Íslensk stjórnvöld studdu frá upphafi frumkvæðið að opinni lofthelgi en jafnframt byggðist aðild Íslands að viðræðunum, og síðar samningnum sjálfum, fyrst og fremst á aðildinni að Atlantshafsbandalaginu.

Viðræðurnar.

Samningaviðræðurnar um opnun lofthelgi fóru hægt af stað. Stjórnvöld í Sovétríkjunum fyrrverandi virtust andstæð grundvallaratriðum í fyrstu tillögunni og komu um skeið í veg fyrir árangur. Lengst af kröfðust sovésk stjórnvöld þess að stórir hlutar Sovétríkjanna yrðu undanþegnir eftirliti og að fjöldi eftirlitsferða yrði í lágmarki. Á hinn bóginn vildu aðildarríki Atlantshafsbandalagsins engar undanþágur og lögðu áherslu á leyfilega notkun næmra skynjunartækja.

Í samningnum um hefðbundinn herafla í Evrópu (CFE) er gert ráð fyrir eftirliti með framkvæmd hans úr lofti en ekki tókst að ganga frá útfærslu þessa ákvæðis. Þegar leið að undirritun CFE-samningsins og sovésk stjórnvöld hófu stórfellda flutninga á hergögnum austur fyrir Úralfjöll töldu Atlantshafsbandalagsríkin brýnna en nokkru sinni fyrr að flýta viðræðunum um opna lofthelgi. Bandalagsríkin buðu til málamiðlunar að upplýsingar sem fengust samkvæmt væntanlegum samningi um opna lofthelgi yrðu aðgengilegar fyrir öll aðildarríki og að notaðar yrðu sovéskar flugvélar í eftirliti yfir Sovétríkjunum. Þrátt fyrir þetta héldu sovésk stjórnvöld fast við fyrri afstöðu um undanþegin landsvæði, fáar eftirlitsferðir, takmarkaðan skynjunarbúnað og kröfu um eftirlit með herstöðvum aðildarríkja í þriðju ríkjum.

Í kjölfar misheppnaðs valdaráns í Sovétríkjunum í ágúst 1991 varð stefnubreyting hjá þarlendum stjórnvöldum og fljótlega varð ljóst að hægt yrði að ljúka gerð samnings um opna lofthelgi fyrir Helsinki-fundinn vorið 1992. Af hálfu Sovétríkjanna var fallist á að samningurinn næði til alls landsvæðis aðildarríkjanna en Atlantshafsbandalagsríkin gáfu eftir hvað varðar fjölda eftirlitsferða og næmni skynjunartækja. Hlé var gert á viðræðunum síðla árs 1991 þegar Sovétríkin voru formlega leyst upp en í upphafi árs 1992 komu fulltrúar Rússneska sambandslýðveldisins til fundar í stað fulltrúa Sovétríkja fyrrverandi og stuttu síðar bættust fulltrúar Hvíta-Rússlands og Úkraínu í hópinn. Þess má geta að áheyrnarfulltrúar Svíþjóðar og Finnlands fylgdust vel með lokastigum samningagerðarinnar.

Þegar dró að Helsinki-fundinum hafði náðst almenn samstaða um að ljúka viðræðunum með ásættanlegum samningstexta. Leysa þurfti fjölda tæknilegra vandamála en að auki þurfti að ákveða kostnaðarskiptingu, tegundir og skilvirkni skynjunarbúnaðar, skiptingu eftirlitsferða milli aðildarríkja og hvernig hægt yrði að tryggja hugsanlega aðild annarra þátttökuríkja CSCE.

Samningurinn.

Í samningnum um opnun lofthelgi eru alls nítján greinar, ásamt þrettán viðaukum, sem varða aðallega tæknilega þætti í framkvæmd eftirlits úr lofti.

Í I.–VIII. gr. eru settar reglur um virka og óvirka könnunarflugskvóta, þ.e. annars vegar fjölda eftirlitsferða sem hverju aðildarríki er heimilt að framkvæma og hins vegar þann fjölda sem hvert ríki er skuldbundið til að taka við, leyfileg skynjunartæki, tegundir flugvéla og undirbúning og framkvæmd yfirflugs.

Í IX. gr. er kveðið á um hvernig megi beita skynjunartækjum til að afla upplýsinga og hvernig slíkar upplýsingar séu síðan notaðar.

Í X. gr. er lagður grunnur að stofnun sérstakrar samráðsnefndar sem ætlað er að fylgjast með og aðstoða við framkvæmd samningsins, þar á meðal hugsanlega endurskoðun yfirflugskvóta.

Í XI.–XIX. gr. er fjallað um samninginn sjálfan, þ.e. gildistöku, aðild annarra ríkja o.s.frv.

Könnunarflugskvótar.

Fyrsta skipting virkra könnunarflugskvóta endurspeglar málamiðlun sem fólst í því að úthluta minni kvótum en mörg ríki óskuðu eftir, a.m.k. til ársloka 1994. Ástæða þessa var fyrst og fremst að mikill áhugi aðildarríkja á eftirliti yfir Rússlandi var í engu samræmi við óvirkan kvóta Rússlands en jafnframt var mörgum aðildarríkjum í mun að takmarka yfirflug yfir eigin landsvæði.

Ísland óskaði ekki eftir og var ekki úthlutað virkum kvóta en á hinn bóginn leyfir óvirki kvótinn allt að fjögur könnunarflug á ári yfir Íslandi. Ef kæmi til slíks eftirlits annarra aðildarríkja yrðu íslensk stjórnvöld skuldbundin til að taka við eftirlitsmönnum og virða forréttindi og friðhelgi þeirra á sama hátt og við á um samninginn um heföbundinn herafla í Evrópu. Af þessu tilefni hefur ríkisstjórnin lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um réttindi eftirlitsmanna vegna samningsins. Samningurinn kveður á um að yfirflugi sé háttað í samræmi við reglur og skilyrði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

Þess má geta að enn hefur ekki komið til eftirlits á Íslandi með framkvæmd samninga um afvopnun eða traustvekjandi aðgerðir. Það breytir ekki þeim skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa tekist á hendur. Eðli málsins samkvæmt kæmi það í hlut utanríkisráðuneytis og samgönguráðuneytis að annast framkvæmd þessa samnings ef önnur aðildarríki óskuðu eftir könnunarflugi hér á landi. Í slíku tilfelli yrði kostnaður íslenskra stjórnvalda óverulegur enda mundi eftirlitsaðili leggja til eigin flugvél og skynjunartæki. Að ósk rússneskra stjórnvalda leyfir samningurinn að aðildarríki, sem er vettvangur eftirlits, megi krefjast þess að könnunaraðilar noti innlenda flugvél og tæki en þau þurfa þá að uppfylla ýtrustu kröfur samningsins.

Í samningnum er nákvæmlega tilgreint hvers konar skynjunartæki sé heimilt að nota í könnunarflugi. Það er grundvallaratriði að einungis megi nota tæki sem séu öllum aðildarríkjum aðgengileg, þ.e. séu seld á opnum markaði. Þá er kveðið á um að aðildarríki sem tekur við könnunaraðilum fái aðgang að öllum upplýsingum sem fást á fluginu og það á reyndar við um önnur aðildarríki samningsins sem þess óska. Gert er ráð fyrir að samráðsnefnd aðildarríkja samningsins, sem kemur saman einu sinni í mánuði í Vín, fylgist með frekari þróun skynjunartækni og úrskurði hvaða tæki verði leyfileg á hverjum tíma þannig að eðlilegar tækniframfarir orsaki ekki stöðuga endurskoðun samningsins.

Samkvæmt 2. kafla III. gr. samningsins er hópum aðildarríkja heimilt að taka saman höndum við framkvæmdina með samnýtingu flugvéla, skynjunartækja og könnunarflugskvóta. Það þarf mikið fjármagn og tæknigetu til að samningurinn nýtist sem skyldi og því hafa sum aðildarríki tekið þennan kostinn. Þannig hafa Rússland og Hvíta-Rússland samið um samstarf og aðildarríki Vestur-Evrópusambandsins hafa í hyggju að fjárfesta í sameiginlegum búnaði.

Aðildarríki.

Tilgangurinn með samningnum um opna lofthelgi var í upphafi að stuðla að auknum upplýsingaskiptum, eftirliti og eflingu trausts milli aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins annars vegar og Varsjárbandalagsins fyrrverandi hins vegar. Breyttar aðstæður við lok samningaviðræðnanna, m.a. vegna upplausnar Sovétríkjanna, ollu því að nýfrjálsum ríkjum var boðin aðild að samningnum. Þá var samþykkt að öll þátttökuríki Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu skyldu eiga þess kost að hafa áheyrnarfulltrúa þar sem fjallað væri um efni eða framkvæmd samningsins en síðan gætu þau gerst fullir aðilar sex mánuðum eftir formlega gildistöku. Þess má geta að tuttugu og sjö ríki hafa undirritað samninginn og þar af hafa fjórtán ríki fullgilt hann. Miðað er við að hann taki gildi þegar fullgildingu tuttugu ríkja er lokið og í þeim hópi verða að vera öll þau ríki sem hafa fleiri en átta óvirka kvóta.

Til að auðvelda fljótlega framkvæmd samningsins hafa aðildarríki samþykkt að hann gildi til bráðabirgða til 23. október 1994. Þegar hann hefur formlega tekið gildi er gert ráð fyrir að gildistíminn verði ótakmarkaður en endurskoðunarráðstefna verði haldin þremur árum eftir gildistöku og svo á fimm ára fresti.

Með þingsályktunartillögu þessari var prentaður sem fylgiskjal samningur um opna lofthelgi sem undirritaður var í Helsinki 24. mars 1992.

Um samninginn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Enn fremur verður samningurinn prentaður í C-deild Stjórnartíðinda.

850. Tillaga til þingsályktunar [542. mál]

um staðfestingu samnings um Svalbarða.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um Svalbarða sem gerður var í París 9. febrúar 1920.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings um Svalbarða frá 9. febrúar 1920. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Meðal þeirra deilna sem ræddar voru á friðarráðstefnunni í Versölum eftir lok heimsstyrjaldarinnar fyrri var langvarandi togstreita um yfirráð yfir Svalbarða. Í framhaldi af friðarsamningunum var samningur um Svalbarða gerður 9. febrúar 1920. Upphafleg aðildarríki voru Noregur, Bandaríkin, Danmörk, Frakkland, Ítalía, Japan, Holland, Bretland og Svíþjóð. Fleiri ríki gerðust aðilar að samningnum í kjölfarið og eru aðildarríki nú 40.

Samningurinn um Svalbarða hefur að markmiði uppbyggingu eyjaklasans og friðsamlega nýtingu hans. Samningurinn kveður á um yfirráð Norðmanna yfir eyjaklasanum, en frá þeirri meginreglu eru mikilvægar undantekningar. Ríkisborgarar aðildarríkjanna og skip þeirra eiga sama rétt og Norðmenn til veiða, á sjó og landi, en Norðmönnum er heimilt að grípa til verndaraðgerða sem þó verða að koma jafnt niður á borgurum aðildarríkjanna. Þá er ríkisborgurum allra aðildarríkja heimil atvinnustarfsemi á Svalbarða og nýting auðlinda, þar á meðal námuvinnsla. Í samningnum er lagt bann við herstöðvum á eyjunum og skattalögsaga Norðmanna er mjög takmörkuð.

Markmiðið með aðild Íslands að samningnum um Svalbarða er að leitast við að tryggja hlutdeild í aðgerðum á grundvelli samningsins. Norðmenn hafa lýst yfir 200 mílna fiskverndarsvæði umhverfis Svalbarða. Aðild að samningnum felur ekki í sér viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á réttmæti þeirrar aðgerðar, enda er ágreiningur um rétt Norðmanna á svæðinu og almennt um gildi samningsins á hafsvæði utan landhelgi.

Sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari var birtur samningurinn um Svalbarða sem gerður var í París 9. febrúar 1920.

Um samninginn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Enn fremur verður samningurinn prentaður í C-deild Stjórnartíðinda.

851. Tillaga til þingsályktunar [543. mál]

um fullgildingu samnings um líffræðilega fjölbreytni.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Rio de Janeiro 5. júní 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samnings um líffræðilega fjölbreytni sem lagður var fram til undirritunar í Rio de Janeiro 5. júní 1992. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Árið 1987 stofnaði Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna vinnuhóp sérfræðinga til að kanna þörfina á alþjóðlegum samningi um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Í framhaldi af starfi vinnuhópsins var stofnuð samninganefnd ríkja um gerð samnings um líffræðilega fjölbreytni sem hóf störf í júní 1991. Samkomulag náðist um lokagerð hans í maí 1992. Samningurinn var lagður fram til undirritunar á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro 3.–14. júní 1992. Eiður Guðnason umhverfisráðherra undirritaði samninginn fyrir Íslands hönd 12. júní 1992. Samningurinn öðlaðist gildi 29. desember 1993.

Markmið samningsins er þríþætt: að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda og að stuðla að sanngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær.

Fullveldisregla Stokkhólmsyfirlýsingarinnar frá 1972 er sett sem aðalregla í framkvæmdahluta samningsins. Þar er kveðið á um að ríki hafi rétt til að nýta eigin auðlindir svo fremi sem starfsemin innan lögsagnarumdæma og eftirlitssvæða þeirra skaði ekki

umhverfi annarra ríkja. Hvað sjávarsvæði varðar skal framkvæmd samningsins vera í samræmi við réttindi og skyldur ríkja eins og kveðið er á um í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982. Ísland hefur fullgilt hafréttarsamninginn og mun hann taka gildi 16. nóvember 1994, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1985, þar sem samningurinn er birtur, og 40/1993.

Almennar skuldbindingar samningsins er að finna í 6.–14., 17.–18., 20. og 26. gr. hans. Þær fela í sér að sérhver samningsaðili skuli:

— Þróa áætlanir, löggjöf, aðferðir og önnur stjórntæki, sem ná til allra sviða samfélagsins, til að stuðla að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni í samræmi við markmið og ákvæði samningsins.
— Stjórna og hafa eftirlit með notkun og losun erfðabreyttra lífvera.
— Stuðla að og auka rannsóknir og vöktun á líffræðilegri fjölbreytni, vista og viðhalda upplýsingum og efla fræðslu og menntun um líffræðilega fjölbreytni.
— Kanna, m.a. með lögbundnu mati á umhverfisáhrifum, þær athafnir sem kunna að hafa skaðleg áhrif á vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni.
— Þróa neyðaráætlanir og koma á fót neyðarvörnum til að koma í veg fyrir alvarleg áföll fyrir líffræðilega fjölbreytni.
— Veita fjárhagslega aðstoð og miðla tækni til þróunarlanda til að gera þeim kleift að sinna skuldbindingum sínum á sviði verndar og sjálfbærrar notkunar á líffræðilegri fjölbreytni.
— Tilkynna samningsaðilum um yfirvofandi hættu og aðgerðir innan lögsögu þeirra sem gætu haft alvarleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni þeirra.
— Miðla opinberum upplýsingum er varða vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni.
— Leggja reglulega fyrir fund aðildarríkja skýrslu um framkvæmd ákvæða samningsins og um árangur hennar.
— Taka þátt í samvinnu ríkja um vernd, fræðslu, rannsóknir, vöktun, gerð neyðaráætlana og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni og um aðstoð við þróunarlöndin á þessum sviðum.

Samningurinn hefur einnig að geyma sértækari ákvæði um eftirfarandi:

— Aðgang ríkja að erfðafræðilegum auðlindum innan lögsögu annarra ríkja, sbr. 15. gr. Slíkur aðgangur er háður samþykki og löggjöf viðkomandi ríkis og skal aðgangur þeirra ríkja sem láta í té erfðafræðilegar auðlindir tryggður að rannsóknaniðurstöðum og hagnaði sem hlýst af nýtingu þessara auðlinda skipt réttlátlega með þeim.
— Aðgang að og miðlun tækni, og þá sérstaklega líftækni, sem varðar vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni eða nýtingu erfðafræðilegra auðlinda, sbr. 16. og 19. gr. Ákvæðin miða að því að auðvelda aðgang samningsaðila, og þá einkum þróunarlanda, að slíkri tækni, þar með taldri tækni sem vernduð er af einkaleyfum og öðrum hugverkarétti. Jafnframt miðar ákvæðið að því að gera þeim kleift að taka þátt í rannsóknarstörfum á sviði líftækni, að auðvelda þeim aðgang að niðurstöðum slíkra rannsókna og stuðla að því að þau njóti hagnaðar af líftækni sem byggir á erfðafræðilegum auðlindum sem þau hafa látið í té.
— Upplýsingaskyldu um möguleg skaðleg áhrif lífvera sem fluttar eru til annarra samningsaðila, sbr. 19. gr.

Loks hefur samningurinn að geyma ákvæði um lausn deilumála og eru ýmsir valkostir taldir upp, sbr. 27. gr. Ekki er ráðgert að Ísland samþykki gerðardómsmeðferð eða lögsögu Alþjóðdómstólsins í Haag vegna deilna sem upp koma vegna túlkunar eða framkvæmdar samningsins, sbr. 3. tölul. 27. gr. Hins vegar verður deilum vísað til sáttameðferðar skv. 4. tölul. 27. gr., sbr. 2. hluta viðauka II, nema deiluaðilar komi sér saman um annað.

Samningnum fylgja tveir viðaukar. Viðauki I hefur að geyma nánari skilgreiningar er varða vöktun og vernd líffræðilegrar fjölbreytni og viðauki II fjallar um gerðardóm.

Lagalegar skuldbindingar samningsins eru í meginatriðum uppfylltar í lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd. Einnig stuðla lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, og lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, að fullnægingu skuldbindinga samningsins. Auk þess er unnið á vegum umhverfisráðuneytisins að gerð frumvarps til laga um ráðstafanir gegn óæskilegum áhrifum vegna erfðabreyttra lífvera og erfðabreyttra veirna. Jafnframt liggur fyrir Alþingi frumvarp að lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum, en efni þess samræmist meginreglum samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Á 9. náttúrverndarþingi, sem haldið var í október 1993, kynnti umhverfisráðherra nýja stefnu á sviði náttúruverndar sem tekur m.a. mið af samningnum um líffræðilega fjölbreytni. Stefna þessi byggir á þeim grunni sem lagður hefur verið til að styrkja vísindalegan grunn náttúruverndar hér á landi og bæta stjórnsýslulega skipan þessa málaflokks, m.a. með lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Stefnan felur m.a. í sér breytingar á gildandi lögum um náttúruvernd til að styrkja þau ákvæði laganna sem lúta að vernd líffræðilegrar fjölbreytni og skilvirkari verkaskiptingu á milli stofnana ráðuneytisins er sinna náttúruvernd. Ráðherra hefur lagt fram á 117. löggjafarþingi frumvarp sem felur í sér þessar breytingar á lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd. Auk þess hafa verið lögð drög að víðtækri áætlun um vernd líffræðilegrar fjölbreytni hér á landi í samræmi við meginskuldbindingu samningsins.

Ríkisstjórnin hefur einnig samþykkt stefnu í umhverfismálum þar sem m.a. er lögð áhersla á ýmsar aðgerðir til að auka og bæta náttúruvernd sem nú eru í undirbúningi á vegum umhverfisráðuneytisins. Stefnan kveður jafnframt á um að gerð verði framkvæmdaáætlun fyrir hvern atvinnuveg er stuðli að sjálfbærri þróun hans, m.a. með tilliti til verndar og sjálfbærrar notkunar líffræðilegrar fjölbreytni, og framkvæmdaáætlun um menntun og fræðslu á sviði umhverfismála. Gerð þessara framkvæmdaáætlana er hafin og er stefnt að því að undirbúningi þeirra verði lokið vorið 1994.

Ákvæði samningsins um aðgang að og miðlun líftækni stangast ekki á við ákvæði einkaleyfislöggjafarinnar nr. 17/1991 því að samningurinn felur ekki í sér lagalegar takmarkanir á veitingu einkaleyfa fyrir líftæknilegar uppfinningar. Af 16. gr. samningsins má ráða að gert er ráð fyrir slíkum einkaleyfum. Jafnframt er í þeirri grein gert ráð fyrir að ríki hafi samvinnu um að tryggja að einkaleyfakerfi vinni ekki gegn tilgangi samningsins. Samningurinn útilokar og ekki greiðslur fyrir hagnýtingu einkaleyfa, sbr. ákvæði

20. og 21. gr. um fjárhagslega aðstoð við þróunarlönd til að rísa undir framkvæmd á ákvæðum samningsins. Loks er vert að benda á ákvæði 1. tölul. 22. gr. samningsins, en þar er svo kveðið á um að ákvæði samningsins skuli ekki hafa áhrif á gildandi réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt alþjóðasamningum nema þar sem beiting slíkra réttinda eða kvaða mundi ógna eða skaða líffræðilega fjölbreytni.

Sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari var birtur samningur um líffræðilega fjölbreytni sem lagður var fram til undirritunar í Rio de Janeiro 5. júní 1992.

Um texta samningsins vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Samningurinn verður enn fremur prentaður í C-deild Stjórnartíðinda.

852. Frumvarp til laga [544. mál]

um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Flutningskostnaður á olíuvörum innan lands skal jafnaður eins og nánar greinir í lögum þessum.

Jöfnun á flutningskostnaði nær til flutninga á bifreiðabensíni, gasolíu, öðrum olíum og blöndum til brennslu og flugsteinolíu (þotueldsneyti) til innanlandsflugs, þó ekki á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga, millilandaflugs, erlendra skipa og erlendra flugvéla.

Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til flutnings á olíuvörum sjóleiðis frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem geta tekið við olíuvörum með olíuleiðslu úr tankskipi. Jafnframt nær jöfnun flutningskostnaðar til landflutninga með tankbifreið frá næstu innflutningshöfn eða höfn sem getur tekið við olíuvörum frá tankskipi úr olíuleiðslu til verslunarstaða þeirra er hér greinir:

Hveragerði, Selfoss, Laugarvatn, Laugarás, Flúðir, Hella, Hvolsvöllur, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustur, Fagurhólsmýri, Egilsstaðir, Ásbyrgi, Reykjahlíð við Mývatn, Laugar í Suður-Þingeyjarsýslu, Brjánslækur, Króksfjarðarnes, Skriðuland, Búðardalur, Reykholt í Borgarfirði, Borgarnes.

2. gr.

Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allar olíuvörur, sem fluttar eru til landsins og ætlaðar eru til nota innan lands, sbr. 1. gr., og rennur gjaldið í sérstakan sjóð — flutningsjöfnunarsjóð olíuvara.

Samkeppnisstofnun, að fenginni tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara, ákveður gjald á olíuvörum skv. 1. mgr. fyrir minnst þrjá mánuði í senn og skal fjárhæð flutningsjöfnunargjalds hvers flokks, sbr. 4. gr., við það miðuð að tekjur af gjaldinu nægi til

að greiða flutningskostnað á því magni af framangreindum olíuvörum sem flytja þarf frá næstu innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirra olíuhafna eða verslunarstaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þeim olíuvörum sem dreift er þaðan.

3. gr.

Innflytjendur, sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, sbr. 1. gr., skulu reikna og greiða flutningsjöfnunargjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virkum degi að þremur mánuðum liðnum frá lokum sölumánaðar.

Aðrir innflytjendur bensíns og olíu, sbr. 1. gr., skulu greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn.

Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast innheimtu gjaldsins og skulu þeir skila því til flutningsjöfnunarsjóðs.

4. gr.

Greiða skal úr flutningsjöfnunarsjóði olíuvara kostnað við flutning olíu frá innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirra olíuhafna og verslunarstaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til samkvæmt lögum þessum.

Mynda skal innan flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara sérstaka reikninga fyrir eftirfarandi flokka: 1) bifreiðabensín, 2) gasolíu, 3) aðrar olíur og blöndur til brennslu og 4) flugsteinolíu (þotueldsneyti). Færa skal tekjur af flutningsjöfnunargjaldi hvers flokks á sérstakan reikning og sömuleiðis útgjöld vegna jöfnunar flutningskostnaðar. Stefnt skal að því að ná jafnvægi milli álagðra flutningsjöfnunargjalda og útgjalda vegna flutningsjöfnunar hvers flokks innan almanaksársins.

5. gr.

Ekki má leggja flutningsjöfnunargjald á einn flokk til að greiða flutningskostnað á öðrum flokki skv. 4. gr. Verði tekjuafgangur á reikningum flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara í árslok skal hann yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins á almanaksári hrökkva ekki fyrir útgjöldum skal greiða það sem á vantar af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

Nú hrekkur flutningsjöfnunargjald af einum flokki ekki til greiðslu á kröfum þess flokks og skulu þá innstæður á reikningum annarra flokka notaðar til greiðslu þessara krafna til bráðabirgða. Slíkar bráðabirgðagreiðslur skulu endurgreiddar af hækkuðu flutningsjöfnunargjaldi af umræddum flokki á næsta flutningsjöfnunartímabili.

6. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara skal skipuð þremur mönnum sem viðskiptaráðherra skipar til tveggja ára í senn. Einnig skal skipa varamenn. Forstjóri Samkeppnisstofnunar eða staðgengill hans er formaður stjórnarinnar, ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar en jafnframt situr í henni einn stjórnarmaður, tilnefndur sameiginlega af þeim olíufélögum, sem annast olíudreifingu í öllum landshlutum, eða meiri hluta félaganna. Þó má viðskiptaráðherra ákveða að í stað eins sameiginlegs fulltrúa sitji í stjórninni einn fulltrúi frá hverju slíku olíufélagi. Olíufélögin sameiginlega eða meiri hluti þeirra fer saman með eitt atkvæði við ákvarðanatöku í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara og Samkeppnisstofnun sjá um daglegan rekstur og greiðslur á kostnaði við flutningsjöfnun í samræmi við lög þessi, reglur og ákvarðanir stjórnar sjóðsins.

8. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara úrskurðar hvað teljast skuli flutningskostnaður. Er stjórninni skylt að ákveða að jöfnun flutningskostnaðar milli innflutningshafnar, olíuhafnar og verslunarstaða skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem ódýrastir eru á hverjum tíma. Enn fremur skal stjórninni heimilt að synja um greiðslu tiltekins kostnaðar úr sjóðnum að hluta til eða að fullu ef stjórnin telur að um misnotkun á jöfnunarkerfinu sé að ræða.

9. gr.

Allur kostnaður af starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara greiðist af tekjum sjóðsins og skal tekið tillit til þess við ákvörðun flutningsjöfnunargjalds.

Fé það sem á hverjum tíma er í flutningsjöfnunarsjóði skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

10. gr.

Að undanteknum fyrirmælum um jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum skal um verðlagningu á olíuvörum fara eftir samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

11. gr.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Þar er m.a. heimilt að fella niður flutningsjöfnunargjald af olíuvörum í sérstökum tilvikum sem byggjast á samningum um rekstur olíufrekra iðjuvera hér á landi. Flutningsjöfnunarsjóður jafnar ekki flutningskostnað í slíkum tilvikum. Það er jafnframt heimilt að ákveða að fjölga eða fækka verslunarstöðum sem jöfnun flutningskostnaðar með tankbifreið nær til að fenginni tillögu þar um frá stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar að þremur mánuðum liðnum frá samþykkt þeirra. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 81 4. júlí 1985, um flutningsjöfnunarsjóð og innflutningsjöfnun olíu og bensíns.

Ákvæði til bráðabirgða.

Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara tekur frá gildistöku laga þessara við eignum og skuldbindingum flutningsjöfnunarsjóðs olíu og bensíns, sbr. lög nr. 81 4. júlí 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Innflutningur á olíuvörum var gefinn frjáls 1. janúar 1992. Sú tilhögun kom í stað fyrirkomulags þar sem innflutningur gasolíu og svartolíu var bundinn leyfum og var í raun stýrt á þann veg að viðskiptaráðuneytið samdi um olíukaup við sovéska ríkisolíufélagið Soyuznefteexport. Var samningurinn síðan framseldur í hendur olíufélaganna þriggja sem starfa hér á landi. Sama fyrirkomulag gilti um bifreiðabensín en því var breytt 1. janúar 1991 þegar Sovétríkin voru ekki lengur aflögufær um þá vöru. Innflutningur á olíuvörum frá Sovétríkjunum stóð frá árinu 1953 og voru innflutningshömlur á olíu frá öðrum framleiðslusvæðum byggðar á útflutningshagsmunum Íslendinga. Aðstæður hafa breyst og því voru innflutningstakmarkanir felldar úr gildi en ákveðið að gefa olíuviðskipti frjáls.

Verðlagsyfirvöld felldu af þessu tilefni úr gildi hámarksverð á olíuvörum en samkeppnisyfirvöld beita nú ákvæðum nýrra samkeppnislaga nr. 8 frá 25. febrúar 1993 um bann við samráði olíufélaganna um verðlagningu og fleira. Ákvæði eldri laga um innkaupajöfnun hafa misst gildi sitt og þörf er á að fella niður þau ákvæði úr eldri lögum um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns, nr. 81 4. júlí 1985.

Jafnframt hlýtur jöfnun flutningskostnaðar olíu að koma til endurskoðunar. Í frumvarpi þessu er lagt til að flutningsjöfnun nái til flutnings á olíuvörum sjóleiðis með tankskipi frá innflutningshöfn til olíuhafnar sem getur tekið við olíu gegnum olíuleiðslu frá tankskipi. Olíufélögin geta því komið sér upp nýrri aðstöðu í höfnum landsins eða flutt þá sem er fyrir. Flutningur sjóleiðis getur tekið breytingum í samræmi við eftirspurn í landinu á hverjum tíma. Vegna mismunandi fjarlægðar verslunarstaða og upplands þeirra frá höfnum landsins er nauðsyn á að flutningsjöfnun taki einnig til olíuflutninga á landi með tankbifreiðum til lykilverslunarstaða inni í landi eða verslunarstaða við ströndina þar sem hafnaraðstöðu til móttöku olíuskipa verður ekki komið við. Viðskiptaráðherra er heimilt að fenginni tillögu frá stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara að fjölga eða fækka verslunarstöðum, sem jöfnun flutningskostnaðar á landi með tankbifreiðum nær til, í samræmi við breyttar aðstæður og eftirspurn. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að dreifingarkostnaður innan olíuhafnar, verslunarstaða og nágrennis þeirra greiðist af álagningu olíufélaganna eða dreifingaraðila þeirra eins og verið hefur. Olíufélögin eru í dag með fjölmargar olíuhafnir umhverfis landið og hafa þau með þessu frumvarpi möguleika á að reisa nýjar birgðastöðvar á stöðum sem hagkvæmni sjóflutninga og eftirspurn markaðarins krefst hverju sinni. Fjölmargar olíuhafnir og þeir verslunarstaðir án hafna, sem flutningsjöfnun nær til, tryggja að flutningsjöfnun olíuvara nái til allra hvar sem þeir búa á landinu. Með þessari lagabreytingu er reynt að sníða mestu vankanta af núgildandi flutningsjöfnun samhliða því að tryggja að ákvæði nýrra samkeppnislaga nái að hafa áhrif á verðlagningu og auka samkeppni á milli olíufélaganna í landinu og smásöluaðila þeirra með tilliti til verðs og þjónustu.

Það er skoðun viðskiptaráðuneytisins að sú einföldun á jöfnun flutningskostnaðar olíuvara, sem hér er lögð til, muni leiða til aukinnar hagræðingar í dreifingu olíuvara og lægri kostnaðar þegar til heildarinnar og framtíðar er litið.

Lagt er til að afnumið skuli ákvæði í gildandi lögum um að söluverð á olíuvörum skuli vera hið sama til sömu nota hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans hvar sem er á landinu. Þetta ákvæði hefur hindrað að sjálfstæðir smásalar með olíuvörur hafi náð fótfestu hér á landi eins og í öðrum nágrannalöndum okkar. Verðlagning dreifingaraðila olíufélaganna hefur verið háð verðlagningu olíufélaganna og þau í raun skammtað þeim álganingu eftir geðþótta, óháð þjónustu og tilkostnaði við smásöluna á hverjum stað.

Eðlilegri þróun í smásöludreifingu olíuvara hér á landi hafa því verið takmörk sett hvað varðar afgreiðslumáta, opnunartíma og tengsl við sölu á öðrum vörum.

Flutningsjöfnunargjald er nú 1,00 kr. af hverjum lítra bensíns sem er 1,55% af söluverði 92 oktana bensíns. Gjaldið af gasolíu er 0,95 kr. á hvern lítra sem er 4,80% af söluverði frá leiðslu. Flutningsjöfnunargjald af svartolíu er 1,00 kr. á hvert kg, þ.e. 7,19% af söluverði olíunnar frá leiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að jöfnun flutningskostnaðar á olíuvörum nái framvegis til flutningskostnaðar innan lands milli olíuinnflutningshafna og olíuhafna sem geta tekið á móti olíuskipum og jafnframt til ákveðinna lykilverslunarstaða sem eru án viðunandi hafnar. Þetta kemur í stað núgildandi skipunar þar sem jöfnun flutningskostnaðar nær til allra staða hvar sem er á landinu, inni á hálendi eða á ystu nesjum, óháð tilkostnaði við dreifingu olíunnar. Ábyrgð á hagræðingu í dreifingu olíuvara mun færast í auknum mæli á hendur olíufélaganna með nýju fyrirkomulagi og þá um leið lækkar kostnaður við flutningsjöfnunina samhliða aukinni samkeppni.

Um 2. gr.

Hér er lögð til svipuð skipun og verið hefur. Breytt er um nafn á flutningsjöfnunarsjóði til aðgreiningar frá fyrri sjóði og ákvörðun flutningsjöfnunargjalds hvers flokks er lögð í hendur Samkeppnisstofnunar. Flutningsjöfnun olíuvara nær nú einungis til flutninga frá olíuinnflutningshöfn til olíuhafnar sjóleiðis, svo og flutninga á landi frá olíuinnflutningshöfn eða næstu olíuhöfn til tiltekinna verslunarstaða. Dreifingaraðilar á viðkomandi olíuinnflutningshöfn, olíuhöfn eða á þeim verslunarstöðum, sem um getur í 1. gr., skulu tryggja að eftirspurn frá stöðunum sé fullnægt á þeim olíuvörum sem dreift er þaðan.

Um 3.–5. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Í þessari grein er í aðalatriðum byggt á núverandi ákvæðum um skipun stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs. Tekið er þó mið af því sem tíðkast hefur að fulltrúar olíufélaganna þriggja hafa setið í stjórn sjóðsins. Eru sett skýr ákvæði um meðferð atkvæðisréttar í þessu sambandi. Þá er gert ráð fyrir skipun varamanna í stjórnina.

Um 7. gr.

Lagt er til að Samkeppnisstofnun ásamt stjórn annist rekstur og greiðslur úr flutningsjöfnunarsjóði olíuvara eftir reglum sem stjórn sjóðsins setur. Í eldri lögum, sem hafa verið felld úr gildi, annaðist Verðlagsstofnun þennan þátt.

Um 8.–9. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Í þessari grein er ítrekað að samkeppnislög, nr. 8 frá 25. febrúar 1993, gilda um olíuviðskipti með því fráviki sem af jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum leiðir. Það er því í höndum samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar að fjalla um verðlagningu og samkeppnisaðstæður við sölu á olíuvörum.

Um 11. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar að öðru leyti en því að samkvæmt samningum um álverið í Straumsvík skal það undanþegið álagningu flutningsjöfnunargjalds af olíuvörum. Árlega flytur álverið inn nokkurt magn af olíuvörum til starfsemi sinnar og þykir æskilegt að hafa almenna heimild til að gera ráð fyrir slíkum samningsbundnum undanþágum í reglugerð. Viðskiptaráðherra er jafnframt heimilt að ákveða nýja verslunarstaði sem jöfnun flutningskostnaðar nær til með tankbifreið að fenginni tillögu frá stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Um 12. gr.

Til hagræðis og til að auðvelda breytingu á flutningsjöfnun samkvæmt þessum lögum er mælt með því að gildistaka laganna miðist við fyrsta dag næsta mánaðar að þremur mánuðum liðnum frá samþykkt þeirra svo að nægur tími gefist til að undirbúa framkvæmd þeirra.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að flutningsjöfnunarsjóður olíuvara taki við eignum og skuldbindingum flutningsjöfnunarsjóðs olíu og bensíns.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Verði frumvarpið að lögum er því ætlað að koma í stað laga nr. 81/1985, um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að jöfnun flutningskostnaðar á olíuvörum nái eftirleiðis til flutningskostnaðar innan lands milli olíuflutningshafna og olíuhafna sem geta tekið á móti olíuskipum og jafnframt til ákveðinna lykilverslunarstaða sem eru án viðunandi hafnar. Samkvæmt núgildandi skipan nær jöfnun flutningskostnaðar til allra staða hvar sem er á landinu. Þeir staðir sem flutningskostnaðarjöfuninni verður ætlað að ná til eru tilgreindir í 1. gr. frumvarpsins, en viðskiptaráðherra fær heimild í 11. gr. þess til að breyta þessu fyrirkomulagi.

Í 5. gr. núgildandi laga frá 4. júlí 1985 segir að allur kostnaður af starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs greiðist af eigin fé og skal tekið tillit til þessa kostnaðar við ákvörðun flutningskostnaðargjaldsins. Áþekkt ákvæði er í 9. gr. frumvarpsins. Hér er því ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður verði fyrir fjárútlátum vegna þessarar starfsemi og er það óbreytt. Hins vegar má gera ráð fyrir að mismunur geti orðið á verði þessara vara eftir því hvar sala þeirra fer fram á landinu.

853. Framhaldsnefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Eftir afgreiðslu frumvarpsins við 2. umræðu kom fram skrifleg beiðni fimm nefndarmanna um að nefndin kæmi saman til fundar á ný um málið. Jafnframt var eftir því leitað að á fundinn kæmu Tryggvi Gunnarsson hrl., Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður, Sveinn Snorrason hrl. og Markús Sigurbjörnsson prófessor.

Á fundinum svöruðu áðurgreindir sérfræðingar fyrirspurnum nefndarmanna. Að umræðum loknum var eftir því leitað að þeir létu nefndinni í té greinargerðir með hliðsjón af þeim fyrirspurnum. Til frekari skýringa birtast sem fylgiskjöl með áliti þessu svör þau sem nefndinni bárust.

Alþingi, 28. mars 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Guðjón A. Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Greinargerð Markúsar Sigurbjörnssonar.

(23. mars 1994.)

Samkvæmt beiðni landbúnaðarnefndar mætti ég ásamt öðrum á fund hennar 18. mars sl. til að svara fyrirspurnum um lögfræðileg atriði í tengslum við tillögu á þskj. 758 um breyting á frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem hér verða nefnd búvörulög. Þér hafið óskað eftir að ég láti í té skriflega samantekt um það helsta sem ég lagði til mála á fundi nefndarinnar, og fer hún hér á eftir.

Svo sem kunnugt er á breytingartillagan á þskj. 758 þann aðdraganda að fyrr á þessu ári var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp til laga um breyting á búvörulögum á þskj. 533. Landbúnaðarnefnd klofnaði í afstöðu sinni til frumvarpsins. Þannig lögðu 1. og 2. minni hluti nefndarinnar fram sameiginlegar tillögur um breytingar á frumvarpinu sem eru á þskj. 672. Hvor minni hlutinn skilaði þó sínu nefndaráliti, 1. minni hluti á þskj. 671 og 2. minni hluti á þskj. 696. Frá 3. minni hluta nefndarinnar komu fram aðrar tillögur um breytingar á frumvarpinu á þskj. 702, en nefndarálit frá þeim hluta nefndarinnar er á þskj. 701. Loks kom fram nefndarálit frá 4. minni hluta nefndarinnar á þskj. 703. Við umfjöllun á Alþingi um fram komnar breytingartillögur úr landbúnaðarnefnd munu hafa komið upp sjónarmið um að sú staða að 1. og 2. minni hluti nefndarinnar standi að sameiginlegum tillögum en hvor á grundvelli síns álits geti síðar meir valdið óvissu um skýringu á búvörulögum ef tillögur þeirra ná fram að ganga. Þetta virðist vera kveikjan að breytingartillögunni á þskj. 758, en í henni er ráðgert að svohljóðandi ný grein bætist við frumvarpið: „Rísi ágreiningur um túlkun þessara laga skal aðallega hafa hliðsjón af þeim skýringum sem koma fram á þskj. 671 á 117. löggjafarþingi.“

Á fyrrnefndum fundi með landbúnaðarnefnd lýsti ég þeirri skoðun að þessi breytingartillaga á þskj. 758 væri óþörf, auk þess sem lagasetning í þessum búningi væri óæskileg. Þessa skoðun skýrði ég nánar á fundinum með vísan til eftirfarandi þriggja atriða.

Í fyrsta lagi var bent á að eftir hljóðan þessarar breytingartillögu á hún að taka af vafa um að ef tillögur á þskj. 672 ná fram að ganga verði skýring á viðkomandi ákvæðum búvörulaga byggð á umfjöllun í áliti 1. minni hluta landbúnaðarnefndar á þskj. 671 en ekki á áliti 2. minni hluta á þskj. 696. Um það hvort yfirleitt sé tilefni til að taka þetta fram verður að vekja athygli á að þótt athugasemdir við lagafrumvörp, nefndarálit og umræður á Alþingi geti skipt máli um skýringu á lögum reynir ekki á slík lögskýringargögn nema lagatexti, sem þau varða, sé óljós eða merking hans orki tvímælis. Eins og hér háttar til fæ ég ekki séð að tilefni sé til að óttast að síðar geti komið upp vafi um merkingu einstaka ákvæða í sameiginlegum breytingartillögum 1. og 2. minni hluta landbúnaðarnefndar á þskj. 672 sem kynni að þurfa að grípa til lögskýringargagna um. Textinn í þessum tillögum er að mínu mati nægilega skýr til að merking ákvæðanna geti talist ljós án hjálpargagna af þessum toga.

Í öðru lagi hélt ég fram að sú aðstaða að hér liggja fyrir tvö nefndarálit um sömu breytingartillögurnar feli í raun ekki í sér neina hættu á óvissu um skýringu ákvæðanna sem eru lögð til ef svo færi að grípa yrði síðar til lögskýringargagna vegna vafa um merkingu þeirra. Þessa skoðun byggi ég á því að í nefndaráliti 1. minni hluta landbúnaðarnefndar á þskj. 671 eru meðal annars skýringar á einstaka atriðum í þessum ákvæðum. Í nefndaráliti 2. minni hluta eru vissulega gerðar margvíslegar athugasemdir við nefndarálit 1. minni hluta, en sérstakur kafli í þskj. 696 er helgaður þessum athugasemdum sem eru settar fram í sjö liðum. Það er þó aðeins í einum af þessum sjö liðum sem ég fæ séð að 2. minni hluti nefndarinnar láti í ljós að hann sé ósammála útskýringum í áliti 1. minni hluta á merkingu einstaka ákvæða í breytingartillögunum. Þetta er nánar tiltekið í lið með fyrirsögninni „Undirverð“ í þskj. 696 þar sem er vikið að merkingu ákvæðis í lið 2.4 í tillögu um hljóðan 72. gr. búvörulaga í þskj. 672, en rétt er að taka fram að í ljósi orðalags ákvæðisins get ég á engan hátt samsinnt þeirri skoðun sem 2. minni hluti landbúnaðarnefndar heldur þar fram um skýringu þess. Að öðru leyti varða athugasemdirnar í þskj. 696 aðallega umfjöllun í þskj. 671 um skýringu á núgildandi reglum í búvörulögum sem er stefnt að breytingum á og um atriði sem tengjast svokölluðum GATT-samningi, en athugasemdirnar snúa á hinn bóginn ekki að skýringu á tillögum um breytingar á búvörulögum sem eru gerðar í þskj. 672. Í þessu ljósi leiðir álit 2. minni hluta landbúnaðarnefndar í þskj. 696 að mínu mati ekki til neins vafa um að styðjast mætti við umfjöllun í þskj. 671 ef síðar þyrfti að leita skýringa á einstaka atriðum í fyrirhuguðum breytingum á búvörulögum og er lögfesting reglu til að árétta þetta með öllu óþörf.

Í þriðja lagi vakti ég athygli á að lagaákvæði á borð við það sem er lagt til í þskj. 758 yrði algert einsdæmi í íslenskri löggjöf að því leyti að þar er vísað til ákveðins gagns um skýringu á tilteknum lögum. Á fundi landbúnaðarnefndar var að vísu bent á 3. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, sem eins konar fyrirmynd að þessu ákvæði, en að mínu mati á sá samjöfnuður ekki rétt á sér. Því til stuðnings má vísa til þess að í 3. gr. laga nr. 2/1993 er mælt fyrir um að skýra eigi lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Efnislega felst í þessu að eftir því sem unnt er og þörf krefur eigi að skýra ákvæði í eldri lögum til samræmis við EES-samninginn sem fékk ásamt tilteknum bókunum og viðaukum lagagildi með lögum nr. 2/1993. Með 3. gr. laga nr. 2/1993 er því aðeins verið að

árétta *að eftir þörfum eigi að skýra öll eldri lög í samræmi við tiltekin yngri lög.* Með tillögunni á þskj. 758 er á hinn bóginn stefnt að lögfestingu reglu um *að skýra eigi tiltekin lög, sem er verið að setja, í samræmi við gögn sem hafa ekki lagagildi.* Af þessu má sjá að verulegur eðlismunur er á þessum tveimur reglum. Fremur en að stíga slíkt óhefðbundið skref í lagasetningu, sem fælist í samþykkt tillögunnar á þskj. 758, má benda á að ná mætti því markmiði, sem er stefnt að með henni, með öðrum úrræðum. Eigi tillagan rætur að rekja til þess að einhver ákvæðanna, sem eru lögð til á þskj. 672, þyki ekki nægilega ljós má eflaust lagfæra þau í meðförum Alþingis. Eigi tillagan á hinn bóginn að taka af tvímæli um að einstaka þingmenn styðji fyrirhugaðar breytingar á búvörulögum á þeim pólitísku forsendum sem 1. minni hluti landbúnaðarnefndar byggir á í áliti sínu, en ekki á forsendum 2. minni hluta er unnt að koma því nægilega á framfæri með því að þeir geri þannig grein fyrir atkvæði sínu.

Fylgiskjal II.

Greinargerð Gunnlaugs Claessen ríkislögmanns, Sveins Snorrasonar hrl. og Tryggva Gunnarssonar hrl.

(24. mars 1994.)

Á fundi landbúnaðarnefndar Alþingis 18. mars sl. svöruðum við munnlega fyrirspurnum sem beint var til okkar í tilefni af fyrirliggjandi nefndarálitum um frumvarp til breytinga á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Þess var jafnframt óskað að við létum uppi skriflega umsögn um þau atriði sem svör okkar beindust að. Ekki er hins vegar kostur á að fjalla hér nema um helstu atriði þeirra fyrirspurna sem beint var til okkar og fram komu í svörum okkar. Hér verður því eingöngu fjallað um eftirfarandi atriði:

Í upphafi fundarins var spurt að því hvort tvö „mismunandi" nefndarálit flutningsmanna breytingartillagna leiddu til réttaróvissu.

Tilvist slíkra nefndarálita veldur ekki sem slík réttaróvissu. Til lögskýringargagna eins og nefndarálita er ekki gripið nema lagatextinn sjálfur sé óskýr. Við teljum að í þessu tilviki sé orðalag breytingartillögu Egils Jónssonar o.fl. skýrt og það eigi því að vera unnt að leysa úr ágreiningi um túlkun á grundvelli texta þeirra.

Sem dæmi um þetta má vísa til orðalags 1. mgr. 72. gr. þar sem segir að ráðherra fái heimild til „að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðar*vörur* sem tilgreindar *eru* í viðaukum I og II með lögum þessum og jafnframt *eru* framleidd*ar* hér á landi. Verðjöfnun á unnum og/eða samsettum *vörum* miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra." Þarna segir beint að heimildin til að leggja gjaldið á sé bundið við vörur, en einstök hráefni í vörunni koma síðan við sögu þegar fjárhæð verðjöfnunargjalds er reiknuð út eins og nánar verður fjallað um hér á eftir.

Annað dæmi er orðalag liðar 2.4 varðandi svonefnda þriggja mánaða reglu. Þar segir að komi í ljós að framleiðendur vöru *eigi kost á* að kaupa hráefni á lægra verði en birtu viðmiðunarverði *í að minnsta kosti* þrjá mánuði sé ráðherra o.s.frv. Þarna segir ekki að framleiðendur verði að hafa átt kost á að kaupa, heldur aðeins að þeir eigi kost á. Af beinu orðalagi leiðir því að framleiðendur þurfa að eiga kost á þessu verði í að minnsta kosti þrjá mánuði, hvort sem þar er um að ræða liðinn tíma eða framtíðina. Aðalatriðið er að íslensk stjórnvöld verða að geta sýnt fram á að þetta verð sé til staðar í þrjá mánuði að lágmarki.

Það að uppi hafi verið deilur á Alþingi um túlkun lagabreytinga kann að leiða til þess að aðilar, sem undir lögunum þurfa að búa, ákveði frekar að láta reyna á einhver atriði fyrir dómstólum eða deilur verði milli stjórnvalda um framkvæmd þessara mála. Frá lögfræðilegu sjónarmiði er hins vegar ekki um að ræða réttaróvissu nema lagareglurnar séu óskýrar.

Spurt var um valdsvið landbúnaðarráðherra við álagningu verðjöfnunargjalda samkvæmt breytingartillögunum og hvort heimilt væri að verðjafna vegna hráefna sem ekki eru framleidd hér á landi.

Eins og fram kemur í áður tilvitnuðum texta 1. mgr. 72. gr. er heimild landbúnaðarráðherra til að leggja verðjöfnunargjald á vöru til staðar þegar eftirfarandi þrjú skilyrði eru uppfyllt:

a. Varan er innflutt.
b. Varan er tilgreind í tollskrárnúmerum í viðaukum I eða II með lögunum.
c. Varan er jafnframt framleidd hér á landi.

Reglur 72. gr. fjalla um verðjöfnun vegna mismunar á innlendu og erlendu verði þeirra hráefna sem notuð eru í viðkomandi vöru. Til þess að unnt sé að reikna út og staðreyna að gjaldið sé innan þess hámarks sem lögin setja þurfa tvær stærðir að vera fyrir hendi, þ.e. innlent verð hráefnisins og erlent verð hráefnisins. Sé annar þátturinn ekki finnanlegur er ekki grundvöllur til að reikna út verðjöfnunargjald á þátt viðkomandi hráefnis í vörunni eða vöruna ef hún er eingöngu þetta tiltekna hráefni.

Innlent viðmiðunarverð hráefnis skal ákveðið samkvæmt þeim reglum sem fram koma í liðum 1.1 til og með 1.3 í 3. mgr. 72. gr. Þannig er, sbr. lið 1.3, unnt eftir reglu 6. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjöld, að finna innlent viðmiðunarverð á hráefnum sem eru framleidd, unnið að á einhvern hátt eða pakkað hér á landi.

Þess eru dæmi að sérstaklega hafi verið samið um tiltekið innlent viðmiðunarverð í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og bókunum við þá og taka til hlutaðeigandi innflutnings. Þessi aðstaða varð tilefni þess að liður 1.1 var settur inn í tillöguna. Í þeim tilvikum er hugsanlegt að samið hafi verið um slíkt viðmiðunarverð óháð því hvort viðkomandi hráefni sé framleitt hér á landi. Dæmi um slíkt er jurtaolía sem heimilað er að taka inn í verðjöfnun samkvæmt bókun 3 við EES-samninginn. Þannig eru ákveðnar tegundir af vörunni smjörlíki í viðauka II og sé smjörlíki í þessum sömu tollskrárnúmerum framleitt hér á landi er heimilt að verðjafna vegna hráefnisins jurtaolíu í innfluttu smjörlíki. Innlent viðmiðunarverð á hráefninu jurtaolíu er þá fundið eftir hinum sérstöku reglum bókunar 3.

Spurt var um gildi ákvæðanna um verðjöfnunargjöld samkvæmt breytingartillögunum gagnvart væntanlegum Úrúgvæ-samningi GATT.

Þetta eru almenn lög um verðjöfnun á þeim vörum sem undir ákvæðin falla og tekið er fram að álagning verðjöfnunargjalda skuli vera í samræmi við þá skilmála sem kveðið er á um í fríverslunar- og milliríkjasamningum og takmarkast hverju sinni af því að verðjöfnunargjald að viðbættum innflutningsgjöldum sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Verði breytingartillögurnar samþykktar standa þær sem innlend lög þar til þeim verður breytt aftur af Alþingi. Leiði Úrúgvæ-samningur GATT til þess að heimildir Íslands til að beita verðjöfnun eða til að leggja gjöld á innfluttar vörur verði t.d. þrengdar ber landbúnaðarráðherra að taka tillit til þess við beitingu verðjöfnunargjaldaheimildanna.

Af gefnu tilefni skal tekið fram að við höfðum ekki fyrir fundinn haft aðstöðu til þess að kynna okkur umræður á Alþingi um breytingartillögurnar eða nefndarálitin og vorum því ekki í stakk búnir til að tjá okkur um þær eða þýðingu einstakra yfirlýsinga sem þar hafa komið fram. Við teljum því ekki rétt að tjá okkur sérstaklega um þær.

854. Breytingartillaga [341. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá Ragnari Arnalds, Guðna Ágústssyni og Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Við 3. gr.

a. Síðari málsliður 1. efnismgr. orðist svo: Verðjöfnun á unnum og/eða samsettum vörum miðast við þátt allra landbúnaðarhráefna, innlendra og erlendra, í verði viðkomandi vöru.
b. Við lið 2.3. í 3. efnismgr. bætist: þar á meðal samkvæmt Úrúgvæ-lotu Gatt-samningsins, ef þeir taka gildi hér á landi.

855. Nefndarálit [499. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32/1991, um Héraðsskóga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 29. mars 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Ragnar Arnalds.	Eggert Haukdal.
Guðjón A. Kristjánsson.	Guðni Ágústsson.	Árni M. Mathiesen.

856. Frumvarp til laga [545. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa á ökumælum, vegna ný-

skráningar bifreiða, tengi- eða festivagna eða vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á ökumælum í bifreiðar, tengi- eða festivagna.

Heimilt er að endurgreiða útlagðan kostnað að fullu hafi kaupin átt sér stað innan hálfs árs fyrir upptöku olíugjalds, verði lög um það sett, en að hálfu hafi kaupin átt sér stað innan hálfs árs þar á undan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á vegum fjármálaráðherra er starfandi nefnd sem falið var að skoða núverandi þungaskattskerfi með það í huga að kanna hvort rétt væri að leggja það niður í núverandi mynd og taka þess í stað upp skattlagningu á orkugjafann sjálfan, þ.e. olíuna. Ein aðalástæða þess að rétt hefur verið talið að skoða nýjar leiðir varðandi þess skattlagningu er sú að almennt er talið að núverandi kerfi sé mjög óskilvirkt og undandráttur mjög mikill. Önnur ástæða er sú að ljóst er að núverandi þungaskattskerfi er mjög óhagstætt fyrir dísilfólksbíla sem sést best á því að af um 130.000 fólksbílum, sem skráðir eru á landinu, eru einungis 6.000 dísilbílar.

Hagsmunaaðilar í landflutningum hafa kvartað mikið yfir því að vegna þess að tiltölulega auðvelt sé að komast hjá skattheimtu í þungaskattskerfinu án þess að upp komist sé samkeppnisstaða þeirra sem fara vilja að lögum nánast vonlaus. Til úrbóta hefur verið bent á þrjár leiðir. Í fyrsta lagi að leggja gjald á olíuna þar sem sú olía sem ekki er notuð af ökutækjum yrði lituð og merkt. Í öðru lagi hefur verið bent á að leggja gjald á alla olíu sem mögulegt er að nota á ökutæki, án þess að lita eða merkja olíuna, en síðan yrði þeim aðilum sem ekki eiga að bera gjaldið endurgreitt í gegnum virðisaukaskattskerfið. Og í þriðja lagi hefur verið bent á þá leið að viðhalda núverandi kerfi en gera á því nauðsynlegar endurbætur til að bæta skilvirkni þess.

Fjármálaráðherra hefur lýst áhuga á olíugjaldsleiðinni en nefndin hefur enn ekki skilað áliti. Ljóst er að ef tekin verður ákvörðun um að leggja til að lagt verði gjald á olíuna og núverandi kerfi lagt niður þá þarfnast slík breyting nokkurs undirbúnings áður en hún tekur gildi. Samkvæmt þessu frumvarpi er einungis verið að opna fyrir þann möguleika ef tekin verður ákvörðun um að leggja á olíugjald að unnt sé að koma til móts við þá aðila sem samkvæmt núverandi þungaskattskerfi eiga að vera með ökumæla og þyrftu því að kaupa sér ökumæli eftir að slík ákvörðun um olíugjald hefur verið tekin en er ekki komin til framkvæmda. Miðað við verð ökumæla í dag, sem er u.þ.b. 30.000 kr. með ísetningu og að árlega sé þörf fyrir að endurnýja 1.000 mæla, mundi kostnaður vegna þessarar breytingar vera 22,5 m.kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er opnuð heimild til að endurgreiða aðilum ökumæla sem þeir hafa keypt á síðasta ári fyrir upptöku olíugjaldskerfis. Alls staðar þar sem olíugjaldið hefur verið tekið upp hefur með einum eða öðrum hætti verið komið til móts við mælaskylda aðila.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

857. Frumvarp til laga [546. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „2,85“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 2,95.
b. 1. málsl. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Ferðaþjónusta, nánar tiltekið hótelgisting, veitingarekstur og útleiga bifreiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1994 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds frá og með þeim tíma og álagningu tryggingagjalds á árinu 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum, var m.a. gerð sú breyting að álagning virðisaukaskatts á fólksflutninga innan lands og starfsemi ferðaskrifstofa, sem koma átti til framkvæmda 1. janúar 1994 samkvæmt lögum nr. 111/1992, var felld niður. Jafnframt var í lögunum fallið frá því að lækka tryggingagjald á ferðaþjónustu annarri en hótelgistingu úr 6,35% í 2,85% eins og einnig hafði verið ákveðið í lögum nr. 111/1992 enda var lækkun tryggingagjalds ætlað að draga úr áhrifum þess að tekinn var upp virðisaukaskattur á starfsemina.

Æskilegt er að sama tryggingagjald taki til starfsemi sem er jafntengd og gisting og veitingasala. Þykir rétt að leggja til lækkun tryggingagjalds á veitingasölu. Samkvæmt því felur frumvarp þetta í sér að auk hótelgistingar verði veitingarekstur og útleiga bifreiða í lægra þrepi tryggingagjalds. Lækkun tryggingagjaldsins nú bætir því rekstrarskilyrði þessara greina.

Áætlað er að þessi ráðstöfun lækki kostnað þessara greina og þar með skatttekjur ríkissjóðs um 80 m.kr. miðað við heilt ár. Til þess að mæta þessu tekjutapi er gert ráð fyrir að hækka tryggingagjald í lægri gjaldflokki um 0,10%, eða úr 2,85% í 2,95%.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að tryggingagjald í sérstökum gjaldflokki hækki úr 2,85% í 2,95%. Þegar þetta tryggingagjald var lögtekið var gert ráð fyrir að sú ráðstöfun að hafa tilteknar atvinnugreinar í sérstökum lægri gjaldflokki væri tímabundin og stefnt skyldi að því að sami gjaldflokkur yrði fyrir allar atvinnugreinar. Sú stefna er raunar hluti af þeirri almennu stefnu í skattamálum sem hefur verið ríkjandi undanfarin ár og gengur út á breiða skattstofna með fáum undanþágum. Með því er skapaður grundvöllur fyrir lægri skatthlutföll. Sú breyting sem hér er lögð til er skref í þessa átt. Í þessu sambandi verður og að hafa í huga að tekjum af tryggingagjaldi er varið til tiltekinna málaflokka, þ.e. til að standa straum af Atvinnuleysistryggingasjóði, Vinnueftirliti ríkisins og slysa- og sjúkratryggingum Tryggingastofnunar ríkisins. Stefna ber að því að allar atvinnugreinar beri jafnþunga ábyrgð á þessum málaflokkum að þessu leyti.

Í b-lið er gert ráð fyrir lækkun tryggingagjalds á veitingarekstri og útleigu bifreiða.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein öðlast lögin gildi 1. maí 1994. Því mun tryggingagjald af veitingarekstri og útleigu bifreiða lækka í staðgreiðslu frá og með þeim tíma. Jafnframt mun almenn hækkun á skattprósentunni koma til framkvæmda frá sama tíma. Við álagningu tryggingagjalds á árinu 1995 mun því þurfa að leggja tryggingagjald á að hluta til með tveimur skattprósentum.

858. Frumvarp til laga [547. mál]

um breyting á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 115. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr. sem orðast svo:
   Ráðherra er enn fremur heimilt að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á erlend þjónustuviðskipti að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda um vöruviðskipti samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
b. Í stað núverandi 3. og 4. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 4. mgr. sem orðast svo:
   Ákvarðanir ráðherra um þetta efni gilda frá og með þeim degi sem þær eru birtar í Stjórnartíðindum og skulu ekki gilda lengur en í fimm ár.
c. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 5. mgr. sem orðast svo:
   Ráðherra getur skipað nefnd til að rannsaka kærur um innflutning vara á undirboðskjörum eða með styrkjum og gera tillögur til ráðherra um álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla. Um störf nefndarinnar, réttindi og skyldur, skulu gilda ákvæði laga þessara eftir því sem við á.

2. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 118. gr. laganna orðast svo: Slíka bráðabirgðatolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en 12 mánaða.

3. gr.

119. gr. laganna orðast svo:

Undirboðs- og jöfnunartolla skal ekki leggja á með afturvirkum hætti nema:

a. Þegar vara hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og boðin fram á undirboðskjörum sem valdið hefur tjóni innan lands. Í slíkum tilvikum má leggja undirboðstolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á undirboðskjörum.

b. Þegar vara sem notið hefur útflutningsverðlauna, uppbóta, endurgreiðslna o.þ.h. hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og valdið tjóni sem erfitt er að bæta. Í slíkum tilvikum má leggja jöfnunartolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á vörum sem njóta styrkja með þessum hætti.
c. Þegar loforð um að hætta innflutningi sem fellur undir 1.–3. mgr. 115. gr. hefur verið vanefnt.

Undirboðs- eða jöfnunartollar, sem lagðir eru á með afturvirkum hætti, geta náð til innflutnings sem fluttur hefur verið til landsins allt að 90 dögum áður en kæra barst fjármálaráðuneytinu um innflutning sem fellur undir 1.–3. mgr. 115. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 22. desember sl., skipaði fjármálaráðherra nefnd til að semja reglur sem íslensk stjórnvöld gætu farið eftir við athugun á því hvort beita eigi jöfnunartollum og hvernig álagningu þeirra skuli háttað og eftirliti með framkvæmd þeirra. Óskað var eftir því að nefndin hraðaði störfum sínum þannig að unnt væri að taka afstöðu til tillagna nefndarinnar fyrir þinglok vorið 1994.

Í erindisbréfi nefndarinnar kom fram að umræddar reglur skyldu taka til eftirfarandi atriða:

— skilyrða fyrir álagningu jöfnunartolla, m.a. sannana á tilvist ríkisstyrkja og tjóni sem af þeim leiðir,
— hvenær rannsókn skuli fara fram, hverjir geti farið fram á hana og hvaða gögn þeir þurfa að leggja fram,
— rannsókna stjórnvalda, gagnaöflunar, réttinda aðila til að koma að upplýsingum o.s.frv.,
— álagningar jöfnunartolla, fjárhæða, tímamarka, tilkynninga o.fl.,
— aðgerða til bráðabirgða og afturvirkra ráðstafana.

Nefndin hefur útbúið drög að reglugerð um undirbúning og framkvæmd álagningar og innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla. Í reglugerðinni eru sett ákvæði um hvernig beita eigi þessum aðgerðum. Ef setja á þessar reglur er nauðsynlegt að gera breytingar á tollalögum eins og lagt er til í þessu frumvarpi.

Í frumvarpinu felast fjórar efnisbreytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að heimilt verði að beita undirboðs- og jöfnunartollum þegar um er að ræða þjónustuviðskipti. Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að láta ákvörðun um undirboðs- og jöfnunartolla gilda lengur en nú er heimilt. Í þriðja lagi er gerð tillaga um að heimilt sé að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á með afturvirkum hætti og í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra geti skipað nefnd til að rannsaka kærur um innflutning á vörum eða þjónustu með undirboðskjörum eða með styrkjum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru lagðar til þrjár breytingar á lögunum. Í fyrsta lagi er lagt til að heimild til að leggja á undirboðs- og jöfnunartolla taki ekki aðeins til vöru heldur einnig til þjónustuviðskipta. Í öðru lagi er lagt til að sá tími sem heimilt er að beita undirboðs- og verðjöfnunartollum verði lengdur úr sex mánuðum í fimm ár. Í þriðja lagi er lagt til að sett verði ákvæði í lögin sem heimila fjármálaráðherra að skipa sérstaka nefnd sem hafi það hlutverk að rannsaka kærur um innflutning á vörum eða þjónustu á undirboðskjörum eða með styrkjum.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að sá tími sem heimilt er að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á til bráðabirgða verði lengdur úr einum mánuði í eitt ár.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að tekið verði upp ákvæði í lögin sem fjalli um við hvaða aðstæður heimilt sé að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á með afturvirkum hætti. Nauðsynlegt er að heimilt sé að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á afturvirkt, t.d. þegar vara hefur verið flutt inn á undirboðskjörum í miklu magni á stuttum tíma. Þrátt fyrir þetta er talið rétt að takmarka þessa heimild þannig að afturvirkni geti einungis tekið til 90 daga áður en kært er.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

859. Frumvarp til laga [548. mál]

um Lífeyrissjóð sjómanna.

(Lagt fram á Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í lögum þessum og reglugerð um sjóðinn.

2. gr.

Sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir en starfa að viðhaldi og viðgerð skips eða öðrum störfum í þágu útgerðar.

Yfirmönnum á skipum ríkissjóðs sem við gildistöku laga þessara greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilt að vera sjóðfélagar í þeim sjóði. Um heimild þessa að öðru leyti fer skv. 4. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Sjómönnum sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hefur veitt undanþágu frá aðild að þessum sjóði, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingarskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs viðkomandi byggðarlags.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. fimm ár og áunnið sér a.m.k. þrjú stig.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þessum sökum. Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa íslenskum sjómönnum, sem starfa á erlendum skipum, að greiða iðgjöld til sjóðsins.

3. gr.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim ásamt eigin iðgjaldahluta. Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip ef krafa kemur fram um það frá sjóðnum.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á viðkomandi skipi án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

4. gr.

Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur og lífeyrisgreiðslur eru undanþegnar fjárnámi.

5. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð sem stjórn sjóðsins semur og staðfest er af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og fjármálaráðherra.

6. gr.

Lög þessi taka gildi 1. september 1994 og frá sama tíma falla úr gildi lög um Lífeyrissjóð sjómanna, nr. 49/1974, með síðari breytingum, enda hafi reglugerð um sjóðinn, sbr. 5. gr. laga þessara, verið staðfest með gildistöku frá sama tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið að tilhlutan stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna í þeim tilgangi að fella úr gildi núgildandi lög um sjóðinn og lögfesta ný lög og síðan á grundvelli þeirra laga að setja reglugerð um starfsemi sjóðsins. Í reglugerð um sjóðinn verði síðan gerðar breytingar á ýmsum reglum er um sjóðinn gilda, m.a. til þess að bæta fjárhagsstöðu hans.

Um nokkurn tíma hefur stjórn sjóðsins verið þeirrar skoðunar að óeðlilegt væri að sérstök lög giltu um sjóðinn, eðlilegra væri að hann starfaði á grundvelli reglugerðar eins og flestir lífeyrissjóðir gera. Undir það sjónarmið hefur verið tekið, bæði á Alþingi og í fjármálaráðuneyti. Lögum sjóðsins var síðast breytt með lögum nr. 44/1992 og í framhaldi af þeirri lagasetningu óskaði stjórn sjóðsins eftir áliti lagadeildar Alþingis á því hvort rétt væri að fella niður lög um sjóðinn og taka upp reglugerð í staðinn. Byggðist sú ósk m.a. á athugasemdum sem fram komu á Alþingi við meðferð lagafrumvarpsins um sjóðinn. Í áliti lagadeildar þingsins kom m.a. fram að þrátt fyrir að Lífeyrissjóður sjómanna hafi um margt sérstöðu, t.d. varðandi tíð sjó- og vinnuslys og ellilífeyrisréttindi frá 60 ára aldri í sérstökum tilvikum, verði ekki séð að almenn rök standi til þess að halda í lögbindingu reglna um skipulag og starfsemi Lífeyrissjóðs sjómanna fremur en annarra starfsstétta né að ástæða sé til þess að Alþingi fjalli um breytingar á reglum þess sjóðs fremur en flestra annarra lífeyrissjóða. Þó var bent á að í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna væru ákvæði sem aðeins geta staðið í lögum en ekki reglugerð og er þar sérsteklega átt við ákvæði um lögveð í skipum til tryggingar innheimtu iðgjalda. Í því sambandi var bent á að heppilegast væri að flytja frumvarp til nýrra laga um Lífeyrissjóð sjómanna þar sem kveðið væri á um tilvist sjóðsins og höfð inni ákvæði sem nauðsynlegt væri að hafa lögbundin. Á grundvelli laganna yrði síðan sett reglugerð þar sem kveðið væri á um aðrar reglur sem gilda ættu um starfsemi sjóðsins.

Í framhaldi af áliti lagadeildar Alþingis samþykkti stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna að stefna að því að felld yrðu úr gildi núgildandi lög sjóðsins en sett yrðu í staðinn stutt lög og síðan reglugerð í þeim tilgangi að auðvelda nauðsynlegar breytingar á reglum sjóðsins án atbeina Alþingis. Samhliða þessum breytingum yrðu reglur sjóðsins endurskoðaðar í heild, sérstaklega í ljósi fjárhagsstöðu hans.

Í frumvarpi þessu til nýrra laga um Lífeyrissjóð sjómanna eru þau ákvæði sem rétt þykir að bundin séu í lögum en aðrar reglur um starfsemi sjóðsins verða síðan settar í reglugerð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæðið um hverjir skuli vera sjóðfélagar þykir rétt að hafa lögbundið, sérstaklega í ljósi þess að á þessu ákvæði byggist einnig heimild sjómanna í ákveðnum stöðum og ákveðnum landshlutum til þess að greiða í aðra lífeyrissjóði. Ákvæðið er að mestu leyti efnislega samsvarandi núgildandi 2. gr. laga sjóðsins nr. 49/1974, með síðari breytingum.

Meginreglan samkvæmt ákvæðinu er sú að allir sjómenn, sem ráðnir eru á íslensk skip, skulu vera sjóðfélagar. Undanþága frá þessu ákvæði er tvenns konar. Annars vegar geta tilteknir yfirmenn á ríkisreknum skipum verið félagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Hér er þó ekki um sjálfstæðan rétt til aðildar að þeim sjóði að ræða heldur ræðst hún af því hvort stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins veiti þeim aðild að sjóðnum, sbr. 4. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hins vegar er sjómönnum, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, heimilt að vera utan við sjóðinn enda fullnægi þeir tryggingarskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs viðkomandi byggðarlags. Þeir sjóðir sem um ræðir og flestir sjómenn í viðkom-

andi landshlutum greiða til eru þessir: Lífeyrissjóður Austurlands, Lífeyrissjóður Bolungarvíkur, Lífeyrissjóður Norðurlands (áður Lífeyrissjóður stéttarfélaga í Skagafirði), Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Lífeyrissjóður Vestmannaeyinga og Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra.

Í greininni er það nýmæli að lagt er til að stjórn sjóðsins sé heimilt að leyfa íslenskum sjómönnum, sem starfa á erlendum skipum, að greiða iðgjöld til sjóðsins. Á undanförnum árum hefur fjölgað mjög íslenskum sjómönnum sem starfa á erlendum skipum og þykir eðlilegt að þessum sjómönnum sé heimilað, ef þeir óska þess, að greiða iðgjöld til sjóðsins. Sjóðfélaginn er þá sjálfur ábyrgur fyrir iðgjaldagreiðslunni og öðlast engin réttindi berist ekki greiðslur frá viðkomandi.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. er fjallað um skyldur launagreiðenda til þess að standa skil á iðgjöldum launþega til sjóðsins og heimild sjóðstjórnar til þess að koma í veg fyirr lögskráningu á skip ef um vanskil af hálfu útgerðar er að ræða. Samsvarandi ákvæði hefur lengi verið í lögum sjóðsins.

Í 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. kemur fram að iðgjaldakröfur sjóðsins hvíli sem lögveð á viðkomandi skipi og gangi fyrir öllum öðrum veðum. Sams konar ákvæði er í núgildandi lögum sjóðsins. Hins vegar er nýmæli í 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. þar sem sjóðnum er veitt bein uppboðsheimild. Ástæða þess að þessi breyting er lögð til er sú að með setningu laga nr. 90/1991, um nauðungasölu, voru felld úr gildi lög 49/1951, um sölu lögveða án undangengins lögtaks, en á þeim lögum byggðist réttur Lífeyrissjóðs sjómanna til þess að krefjast nauðungarsölu á skipum vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda án undangengins lögtaks. Í 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 er ákvæði sem samkvæmt greinargerð með frumvarpi til þeirra laga svarar efnislega til fyrirmæla í 1. gr. laga nr. 49/1951. Þó hefur sú breyting orðið að samkvæmt nefndum 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 má krefjast nauðungarsölu samkvæmt ákvæðum laga sem veita lögveðrétt í viðkomandi eign fyrir kröfu ríkisins, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja þeirra ef fjárhæð kröfunnar er ákveðin í lögum, reglugerð eða gjaldskrá samþykktri af ráðherra. Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 er hins vegar heimild til þess að krefjast nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms ef lögin sem veita lögveðrétt í eigninni heimila slíkt. Tryggingastofnun ríkisins sá um rekstur Lífeyrissjóðs sjómanna samkvæmt lögum sjóðsins til 31. des. 1993 og gat stofnunin f.h. sjóðsins krafist nauðungarsölu á skipum á grundvelli 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna nr. 90/1991. Í ársbyrjun 1994 flutti sjóðurinn starfsemi sína frá Tryggingastofnun og því er nauðsynlegt að í lög sjóðsins verði sett bein heimild til þess að krefjast nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Engin breyting verður við þetta á réttarstöðu sjóðsins frá því sem verið hefur sl. þrjá áratugi en breytingin er nauðsynleg vegna breytinga á nauðungarsölulögum og flutningi sjóðsins frá Tryggingastofnun. Því til viðbótar má nefna að ef sjóðurinn fær ekki þessa heimild verður innheimta iðgjalda mun kostnaðarsamari, sérstaklega fyrir launagreiðendur sem greiða innheimtukostnað vegna vangreiddra iðgjalda.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Hér er ákvæði sem kveður á um að setja skuli í reglugerð nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi. Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðsins semji þá reglugerð en hún verði að hljóta staðfestingu fjármálaráðherra, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og að auki þeirra samtaka atvinnurekenda og launþega sem tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins samkvæmt núgildandi lögum.

Um 6. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

860. Frumvarp til laga [549. mál]

um breytingu á lögum nr. 35/1993, um eftirlit með skipum.

Flm.: Páll Pétursson.

1. gr.

Úr 8. gr. laganna falla brott orðin „Eigi má flytja inn fiskiskip sem er 15 ára eða eldra.“

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur það færst mjög í vöxt að Íslendingar kaupi fiskiskip í útlöndum eldri en 15 ára og geri þau út til veiða utan landhelgi. Þeir neyðast til að skrá þau undir hentifánum vegna hins úrelta ákvæðis um aldurshámark. Ekki verður með rökum fullyrt að skip eldra en 15 ára sé aldurs vegna hættulegt. Það er miklu eðlilegra að miða við ákveðnar flokkunarreglur hjá alþjóðlegum flokkunarfélögum sem gera kröfur um viðhald og skoðun samkvæmt alþjóðlegum samræmdum stöðlum. Að sjálfsögðu verður að uppfylla eðlilegar öryggiskröfur og ekki er lagt til að slakað verði á þeim.

Í Danmörku og Svíþjóð gilda engar hámarksreglur um aldur innfluttra skipa. Hins vegar er í Noregi 20 ára aldurshámark og í ráði er að setja í Evrópusambandinu 20 ára reglu. Siglingamálastofnun getur samkvæmt gildandi lögum heimilað 21 árs aldurshámark á ákveðinni stærð kaupskipa.

Úthafsveiðar hentifánaskipa í alíslenskri eigu er orðin staðreynd. Sá háttur að skrá skip undir hentifána skapar útgerðum aukinn kostnað og fyrirhöfn. Okkur ber að efla íslenskt atvinnulíf svo sem frekast er kostur og úthafsveiðar eru þáttur í því. Eðlilegt er að skip í íslenskri eigu sigli undir íslenskum fána. Ekki er ætlast til að umrædd skip fái fiskveiðiréttindi í fiskveiðilögsögu Íslands.

Veiðireynsla skipa undir hentifánum á fjarlægum miðum nýtist ekki Íslendingum í framtíðinni.

861. Frumvarp til laga [550. mál]

um leikskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Er þá miðað við 1. september það ár sem börnin verða 6 ára. Leikskóli annast í samræmi við lög þessi að ósk foreldra uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í leikskólauppeldi.

II. KAFLI
Markmið.

2. gr.

Samkvæmt lögum þessum skal meginmarkmið með uppeldi í leikskóla vera:

— að veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði,
— að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara,
— að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar,
— að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna,
— að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
— að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

III. KAFLI
Yfirstjórn.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Það gætir þess að farið sé eftir ákvæðum sem lög þessi og reglugerð með þeim mæla fyrir um, sbr. 6. gr.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla, sinnir þróunar- og tilraunastarfi og mati á uppeldisstarfi leikskóla og er stjórnendum þeirra til ráðuneytis um starfsemina.

Uppeldisstefnan er fagleg stefnumörkun. Þar skal kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans, gildi leiksins og meginstefnu varðandi starfshætti og innra gæðamat.

Menntamálaráðuneytið hefur uppeldisstefnu leikskóla stöðugt til endurskoðunar, sér um útgáfu hennar og breytingar þegar þörf er talin á.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið stuðlar að þróunar- og tilraunastarfi innan leikskólans. Í því skyni skal árlega varið fé í þróunarsjóð með fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis. Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu fjárins.

6. gr.

Menntamálaráðherra skal, að fengnum tillögum starfshóps menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, setja reglugerð um starfsemi leikskóla. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um gæðaeftirlit menntamálaráðuneytisins með starfsemi leikskóla, gerð áætlana um uppbyggingu leikskóla, samstarf leikskóla við foreldra og grunnskóla, um heilsugæslu, um öryggi barna, um lágmarkskröfur til húsnæðis og aðbúnaðar barna og starfsfólks í leikskólum að svo miklu leyti sem kjarasamningar taka ekki til þeirra atriða, um lengd daglegs dvalartíma barna í leikskólum, um aðstoð og þjálfun barna skv. 16. gr., um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla og starfssvið hennar og um starfsemi, húsnæði og starfsmannahald í leikskólum með sérstöku tilliti til fatlaðra barna sem þar dvelja.

IV. KAFLI
Hlutverk sveitarfélaga. Stofnun og rekstur leikskóla.

7. gr.

Bygging og rekstur leikskóla skal vera á kostnað og í umsjón sveitarstjórna og sjá þær um framkvæmd þessara laga hver í sínu sveitarfélagi, þeim er skylt að hafa forustu um að tryggja börnum dvöl í góðum leikskóla. Heimilt er öðrum aðilum að reka leikskóla að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Tilkynna skal menntamálaráðuneytinu um stofnun nýs leikskóla. Sveitarstjórnir skulu árlega senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu um starfsemi leikskóla.

8. gr.

Sveitarfélög skulu ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti meta þörf fyrir leikskólarými. Á grundvelli þess mats verði gerð áætlun til þriggja ára í senn um uppbyggingu leikskóla í viðkomandi sveitarfélagi og skal við gerð hennar höfð hliðsjón af heildarhagsmunum sveitarfélagsins. Endurskoða skal áætlunina á tveggja ára fresti. Áætlun um uppbyggingu leikskóla skal send menntamálaráðuneytinu.

9. gr.

Leikskólanefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Einn fulltrúi starfsfólks leikskóla og einn fulltrúi foreldra leikskólabarna eiga rétt til setu á fundum leikskólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

10. gr.

Sveitarstjórn/skólaskrifstofur skulu stuðla að eðlilegum tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla og vera samstarfsvettvangur þeirra í viðkomandi sveitarfélagi.

11. gr.

Í sveitarfélögum skulu að jafnaði starfa leikskólafulltrúar sem eru starfsmenn sveitarfélaga. Leikskólafulltrúi skal í umboði leikskólanefndar og í samvinnu við leikskólastjóra sinna ráðgjöf og eftirliti með starfsemi í leikskólum innan sveitarfélagsins og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis. Sveitarfélög geta ráðið sameiginlegan leikskólafulltrúa, hvort sem þau reka sameiginlegan leikskóla eða ekki. Leikskólafulltrúi skal hafa leikskólakennaramenntun.

V. KAFLI
Starfsfólk leikskóla og samstarf við foreldra.

12. gr.

Við hvern leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi leikskólans í umboði rekstraraðila eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerð er sett verður samkvæmt þeim. Leikskólastjóri og það starfslið er annast uppeldi og menntun barna skal hafa menntun leikskólakennara.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að gera áætlanir um uppeldisstarf leikskólans í samræmi við lög þessi. Leikskólastjóri skal árlega gera rekstraraðila grein fyrir starfsemi leikskóla.

Sveitarstjórn setur starfsfólki leikskóla erindisbréf í samræmi við lög þessi og reglugerð er sett verður samkvæmt þeim.

13. gr.

Leikskólastjóri skal halda reglulega fundi með starfsfólki um starfsemi leikskólans og velferð hvers barns.

14. gr.

Leikskólastjóra er skylt að stuðla að samstarfi milli foreldra barnanna og starfsfólks leikskólans með velferð barnanna að markmiði. Sé óskað eftir stofnun foreldrafélags skal leikskólastjóri aðstoða við stofnun þess.

VI. KAFLI
Réttur leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar. Ráðgjafarþjónusta.

15. gr.

Börn á leikskólaaldri sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.

16. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir leikskóla skal veita foreldrum barna og starfsfólki leikskóla nauðsynlega ráðgjöf og þjónustu sem nánar verður kveðið á um í reglugerð um starfssvið þjónustunnar. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir leikskóla getur verið rekin sameiginlega með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla.

17. gr.

Leikskólar skulu þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt fötluðum börnum.

VII. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1991. Lög þessi raska ekki gildi ákvæði laga nr. 112/1976 sem lúta að skóladagheimilum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í lögum þessum tekur starfsheitið leikskólakennari til þeirra sem lokið hafa viðurkenndu fóstrunámi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 5. janúar 1993 skipaði menntamálaráðherra, Ólafur G. Einarsson, nefnd til að endurskoða lög nr. 48/1991, um leikskóla. Nefndinni var falið að taka mið af lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, meðal annars með tilliti til þess að saman fari frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð. Einnig var nefndinni falið að fjalla um hlutverk og ábyrgð menntamálaráðuneytisins, foreldra, leikskólakennara, sveitarfélaga og annarra rekstraraðila varðandi faglega og rekstrarlega þætti leikskóla.

Í nefndinni voru: Anna K. Jónsdóttir, skipuð án tilnefningar, Ágúst Jónsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir, tilnefnd af Foreldrasamtökunum, Hilmar Sigurðsson, skipaður án tilnefningar, formaður nefndarinnar, Sesselja Hauksdóttir, tilnefnd af Fóstrufélagi Íslands, Sigrún Sveinbjörnsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Svandís Skúladóttir, deildarstjóri, skipuð án tilnefningar. Elín Skarphéðinsdóttir stjórnarráðsfulltrúi var ritari nefndarinnar.

Nefndin samdi tillögu að frumvarpi til laga um leikskóla sem hér er lagt fram með smávægilegum frávikum.

Skýringar við frumvarp til laga um leikskóla.

1. Uppeldisstefna /markmið.

Frumvarp til laga um leikskóla byggir á hugmyndafræði og markmiðum sem lýst er í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla sem kom fyrst út árið 1985 á vegum menntamálaráðuneytisins og var endurútgefin í apríl 1993.

Uppeldisáætlunin er fagleg stefnumörkun og starfsrammi. Sérhver leikskóli gerir síðan eigin áætlanir um uppeldisstarfið í samræmi við þau markmið sem fram koma í áætluninni og þær þarfir og aðstæður sem fyrir hendi eru.

Uppeldisstarf í leikskólum á að stuðla að því — í samvinnu við heimili barnanna — að efla andlegan og líkamlegan þroska barna og búa þeim öruggt, hlýlegt og lærdómsríkt umhverfi þar sem þau njóta sín sem einstaklingar og í hópi með öðrum börnum. Lögð er áhersla á bæði frjálsan og skipulagðan leik sem er kjarninn í starfi leikskóla, markmið og leið í uppeldisstarfinu. Nám og starf barnsins fer aðallega fram í leik og sköpun í máli, myndum, tónum og hreyfingu. Barnið aflar sér reynslu og þekkingar í leik og starfi með öðrum börnum, auk þess sem það nýtur fræðslu fóstrunnar og tekur þátt í daglegum störfum fullorðinna eftir því sem það hefur þroska og færni til.

Í uppeldisstefnunni felst að leikskólinn aðstoðar foreldra við uppeldi barna þeirra og hann er fyrir öll börn án tillits til getu þeirra og þroska en engu barni er skylt að vera í leikskóla.

Í leikskólanum á barnið einnig að öðlast þá færni að geta síðar glímt við nám í grunnskóla. Lögð er áhersla á tengsl milli leikskóla og grunnskóla til þess að skörp skil verði ekki á milli þessara skólastiga.

2. Hlutverk ríkisins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn leikskóla eins og verið hefur. Það skal móta uppeldisstefnu leikskóla, styrkja þróunar- og tilraunastarf og sjá um að mat fari fram á leikskólastarfi. Í því skyni er lagt til að menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir gerð gæðastaðals. Menntamálaráðuneytið skal setja leikskólum uppeldisáætlun þar sem sett eru fram markmið sem stefna ber að í uppeldisstarfi leikskóla og fjallað er um helstu uppeldis- og námssvið, grundvallarviðhorf og meginleiðir í uppeldi ungra barna. Menntamálaráðuneytið skal stuðla að samfellu í starfsháttum leikskóla og grunnskóla og sjá um að fullnægt sé ákvæðum laga um leikskóla.

3. Hlutverk sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bygging og rekstur leikskóla skuli vera verkefni sveitarstjórna eins og er samkvæmt gildandi lögum. Þeim er gert að stofna og reka leikskóla, meta þörf fyrir leikskólarými og gera áætlun um uppbyggingu þeirra. Sveitarstjórnir skulu sjá um framkvæmd þessara laga innan síns umdæmis, leita hagkvæmra leiða varðandi hönnun, byggingar og rekstur leikskóla og gera áætlun til þriggja ára í senn um uppbyggingu leikskóla í viðkomandi sveitarfélagi. Það er ákvörðun sveitarstjórnar hvenær þær ná því markmiði að nægilegt leikskólarými sé fyrir öll börn sem foreldrar óska eftir plássi fyrir.

Sveitarstjórn veitir leyfi til reksturs leikskóla og getur heimilað einkaaðilum, félagasamtökum og öðrum aðilum rekstur leikskóla innan sveitarfélagsins. Sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, ráða leikskólafulltrúa sem hefur með höndum ráðgjafarstörf og eftirlit með starfsemi leikskóla og sinnir verkefnum sem umdæmisfóstrum er ætlað samkvæmt gildandi lögum.

Helstu breytingar í þessu frumvarpi frá gildandi lögum um leikskóla eru:

1. Samkvæmt frumvarpinu skulu sveitarfélög gera áætlun um uppbyggingu leikskóla með hliðsjón af heildarhagsmunum sveitarfélagsins og taka ákvörðun um hvenær það markmið næst að öll börn öðlist rétt til að vera í góðum leikskóla. Í gildandi lögum er sveitarfélögum gert að stefna að því að ná þessu markmiði innan 10 ára frá setningu laganna.
2. Leyfisveiting fyrir rekstri leikskóla er færð frá menntamálaráðuneytinu til sveitarstjórna og geta þær heimilað öðrum aðilum rekstur leikskóla.
3. Með þessu frumvarpi er lagt til að leikskólanefnd fari með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórna eins og er í gildandi lögum. Það ákvæði í gildandi lögum að sveitarstjórn geti falið félagsmálanefnd að fara með málefni leikskóla er ekki í þessu frumvarpi. Nefndin leggur áherslu á tengsl leikskóla og grunnskóla og það að sérstök leikskólanefnd, eða sameiginleg nefnd leikskóla og grunnskóla, fari með þennan málaflokk í umboði sveitarstjórna. Lögð er meiri áhersla á en í gildandi lögum að einn fulltrúi foreldra og einn fulltrúi starfsfólks eigi rétt til setu á fundum leikskólanefndar með málfrelsi og tillögurétt.

4. Með tilliti til þeirrar stefnu stjórnvalda að sameina sveitarfélög og að grunnskólinn verði að fullu fluttur yfir til sveitarfélaga er lagt til að starfsemi leikskóla tengist skólaskrifstofum viðkomandi sveitarfélaga en ekki fræðsluskrifstofum eins og er í gildandi lögum. Einnig skal ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir leikskóla rekin í samvinnu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla.
5. Ekki er lagt til að ráðnar verði sérstakar umdæmisfóstrur á vegum ríkisins eins og er í gildandi lögum (hefur reyndar ekki verið framkvæmt) en lagt er til að sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, ráði til sín leikskólafulltrúa sem sinni þeim verkefnum sem umdæmisfóstrum er ætlað samkvæmt gildandi lögum. Með þessari breytingu er felld niður aðkoma ríkisins í öllu er varðar fjárhagslegan stuðning við rekstur og byggingu leikskóla.
6. Fellt er niður ákvæði í 7. gr. gildandi laga sem kveður á um að menntamálaráðuneytið sinni rannsóknum á leikskólastarfi þar sem horft er til þess að þessi þáttur falli undir verksvið Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Leikskólar eru skv. 1. gr. uppeldis- og menntastofnanir fyrir börn.

Leikskóli annast uppeldi og menntun leikskólabarna að ósk foreldra og er viðbót við uppeldi og menntun sem veitt er á heimilum barnanna. Í leikskólum starfar sérmenntað fólk í leikskólauppeldi.

Hugtakið menntun nær í frumvarpi þessu yfir uppeldi, umönnun, þjálfun og kennslu sem í leikskóla fer einkum fram í leik og öðru starfi sem hæfir best börnum á leikskólaaldri.

Í 1. gr. er skilgreining á hugtakinu leikskóli og öðrum skólum eða stofnunum, sem ekki starfa samkvæmt lögum um leikskóla, er óheimilt að bera heitið leikskóli.

Um 2. gr.

Markmiðin með starfsemi leikskóla, sem sett eru í 2. gr. frumvarpsins, eru hin sömu og í gildandi lögum um leikskóla. Meginmarkmið í lögum um leikskóla miða að því að tryggja leikskólabörnum sem best uppeldis- og leikskilyrði sem örvi alhliða þroska hvers barns. Skýr markmið eru til þess ætluð að tryggja sem best fjölbreytt og markvisst uppeldisstarf í leikskólum landsins. Markmið eru útfærð og leiðir skilgreindar í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla, sbr. 4. gr.

Um 3. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn málefna leikskóla. Með því er stuðlað að því að leikskólinn þróist sem uppeldis- og menntastofnun og að sem mest samfella verði í uppeldi og menntun barna á öllum skólastigum.

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með rekstri leikskóla og setur í því skyni gæðastaðal til nota við eftirlitið. Gæðaeftirlitinu er ætlað að tryggja sem best leikskólastarf og sem jöfnust uppeldis- og menntunarskilyrði leikskólabarna.

Í frumvarpinu er sú breyting gerð að leyfisveiting fyrir rekstri leikskóla færist frá menntamálaráðuneytinu til sveitarfélaga, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í fyrstu málsgrein 4. gr. felst að menntamálaráðuneytið markar heildarstefnu í uppeldismálum leikskóla og myndar sveigjanlegan starfsramma. Uppeldisstefnan grundvallast á þeim markmiðum sem sett eru í 2. gr. frumvarpsins en auk þess er lögð áhersla á að fram fari innra gæðamat í leikskólunum sem leikskólakennarar hafi með höndum. Á grundvelli uppeldisstefnunnar gera leikskólakennarar hvers leikskóla sér eigin áætlanir og setja markmið í samræmi við aðstæður á hverjum stað og hverjum tíma. Það er álit fræðimanna og frumkvöðla leikskólauppeldis að börn að sex ára aldri þroskist og læri mest og best í leik. Uppeldisstefnu leikskóla er ætlað að taka mið af því.

Með síðustu málsgrein 4. gr. er menntamálaráðuneytinu gert að tryggja að uppeldisstefnan taki á hverjum tíma mið af því sem best er vitað um leikskólauppeldi. Skal menntamálaráðuneytið fylgjast með nýjungum og rannsóknum á sviði leikskólamála innan lands og utan í þessu skyni.

Um 5. gr.

Tilgangur þróunarsjóðs er að stuðla að þróun og gæðum í starfi leikskóla. Úr þróunarsjóði er veitt fjármagni til að standa straum af kostnaði við þróunar- og tilraunastarf innan leikskólanna.

Menntamálaráðuneytið metur umsóknir um styrki úr sjóðnum og ákveður skiptingu þess fjármagns sem hverju sinni er veitt í hann með fjárlögum.

Um 6. gr.

Hér eru talin ýmis atriði sem kveða þarf nánar á um með reglugerð um leikskóla. Upptalningin er að sjálfsögðu ekki tæmandi. Sveitarstjórnum eru lagðar mikilvægar skyldur á herðar með leikskólalögum og er því nauðsynlegt að fulltrúar þeirra komi að gerð tillagna um reglugerðarákvæði. Er þess vegna gert ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga myndi starfshóp um samningu tillagna til ráðherra.

Verði frumvarp þetta að lögum er mikilvægt að í beinu framhaldi af gildistöku þeirra verði gefin út reglugerð samkvæmt þessari grein.

Um 7. gr.

Með 7. gr. er kveðið á um að bygging og rekstur leikskóla skuli vera verkefni sveitarstjórna eins og er samkvæmt gildandi lögum og að þær skuli hver um sig sjá um framkvæmd laganna innan síns sveitarfélags. Miðað er við að framkvæmd af hendi sveitarfélags sé í samræmi við áætlanir skv. 8. gr. á hverjum tíma.

Sveitarstjórn getur heimilað öðrum rekstur leikskóla innan sveitarfélagsins. Ekki er lengur gert ráð fyrir sérstöku leyfi menntamálaráðuneytisins til reksturs leikskóla svo sem er samkvæmt núgildandi lögum en senda ber ráðuneytinu tilkynningu um hvern nýjan leikskóla sem settur er á fót. Rekstur leikskóla er háður umsögn heilbrigðisnefndar.

Um 8. gr.

Á tveggja ára fresti láta sveitarstjórnir fara fram athugun innan síns sveitarfélags á þörf fyrir leikskólarými. Getur það ýmist verið með því að yfirfara reglulega skráningu þar um með sérstakri athugun eða könnun hjá foreldrum barna á leikskólaaldri eða með annarri aðferð sem hentar í viðkomandi sveitarfélagi. Á grundvelli slíkrar könnunar skal sveitarstjórn meta þörf fyrir leikskólarými í sveitarfélaginu til næstu þriggja ára. Við mat

á því er rétt að sveitarstjórnir einskorði sig ekki við niðurstöðu könnunar á leikskólarýmisþörf, heldur horfi einnig til annarra þátta í rekstri sveitarfélagsins og byggi áætlanir um uppbygginu leikskóla á heildstæðu mati á þörfum sveitarfélagsins. Tilgangur áætlunarinnar er fyrst og fremst sá að marka sveitarstjórnum raunhæfa stefnu að teknu tilliti til heildarhagsmuna sveitarfélagsins. Áætlunina skal senda menntamálaráðuneytinu.

Um 9. gr.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna skal nýkjörin sveitarstjórn kjósa sérstaka leikskólanefnd sem fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Þar sem sveitarfélög hafa sameinast um rekstur leikskóla skulu bæði eða öll viðkomandi sveitarfélög eiga fulltrúa í nefnd þeirri sem fer með málefni leikskóla.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nánu samstarfi leikskóla og grunnskóla, sbr. 6. og 10. gr. frumvarpsins.

Starfsfólk leikskóla í hverju sveitarfélagi og foreldrar barna í leikskólum eiga rétt á því að einn fulltrúi frá hvorum aðila sitji fundi þegar fjallað er um málefni leikskóla í nefnd þeirri sem til þess er kjörin. Þessir áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Um 10. gr.

Skólaskrifstofur í hverju sveitarfélagi eiga að hafa frumkvæði að því að eðlileg tengsl og samstarf verði á milli leikskóla og grunnskóla. Leikskólinn er fyrsta skólastig barna og er skólaskrifstofa því eðlilegur samstarfsvettvangur þessara skólastiga.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir því að sveitarfélög ráði að jafnaði sérstaka leikskólafulltrúa sem hafi einkum með höndum ráðgjafarstörf og eftirlit með starfsemi í leikskólum sveitarfélagsins og stuðli annars vegar að samstarfi þeirra innbyrðis og hins vegar við grunnskóla innan sveitarfélagsins. Einkum er við því að búast að stærri sveitarfélög ráði slíkan starfsmann en einnig geta sveitarfélög, tvö eða fleiri, sameinast um ráðningu eins leikskólafulltrúa fyrir sveitarfélögin.

Að því er varðar ráðningu leikskólafulltrúa og menntun hans er ekki raunhæft að krafa um leikskólamenntaðan leikskólafulltrúa í hverju sveitarfélagi sé undantekningalaus þótt það sé aðalreglan. Reikna verður með að í fámennari sveitarfélögum geti orðið erfitt að uppfylla kröfur um ráðningu leikskólafulltrúa með tilskilda menntun og má búast við að verkefni leikskólafulltrúa flytjist þá a.m.k. að einhverju leyti yfir til leikskólanefnda.

Um 12. gr.

Leikskólastjóri gegnir veigamiklu forustuhlutverki í uppeldisstarfi leikskólans jafnframt því sem hann hefur á hendi margþætt stjórnunarstarf sem hann ber ábyrgð á gagnvart rekstraraðila. Hann ber einnig ábyrgð á gerð áætlunar um uppeldisstarf leikskólans að höfðu samráði við rekstraraðilann og að áætlunin sé í samræmi við gildandi lög.

12. gr. tekur til menntunar þeirra er sinna uppeldi og menntun barna í leikskólum. Gert er ráð fyrir því að sveitarstjórn setji þeim og öðru starfsfólki leikskóla erindisbréf.

Um 13. gr.

Til þess að markmiðum 2. gr. verði náð er nauðsynlegt að leikskólastjóri og starfsfólk hans fundi reglulega um starfsemi leikskólans og velferð hvers barns.

Um 14. gr.

Eitt af markmiðum leikskólans skv. 2. gr. frumvarps þessa er „að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við þarfir þeirra“. Leikskólinn er fyrir börnin og til þess að hagur þeirra sé sem bestur er gott samstarf á milli foreldra barnanna og starfsfólks leikskólans nauðsynlegt. Leikskólastjóri skal stuðla að slíku samstarfi og getur hann í því skyni beitt sér fyrir stofnun foreldrafélags. Hann skal einnig veita foreldrum sem þess óska aðstoð við stofnun slíks félags.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er kveðið á um rétt leikskólabarna með sérþarfir á sérstakri aðstoð og þjálfun. Hér er ekki kveðið sérstaklega á um markmið þjálfunarinnar og framkvæmd svo sem gert er í 14. gr. í gildandi lögum. Frumvarpið felur þó ekki í sér annað viðhorf til þjálfunar og aðstoðar barna sem 15. gr. tekur til en fram kemur í núgildandi lögum en gert er ráð fyrir því að nánar verði kveðið á um þessi atriði í reglugerð, m.a. með hliðsjón af lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Þessi grein gerir ráð fyrir að börn með sérþarfir njóti handleiðslu sérmenntaðs starfsfólks (sérfræðinga) innan leikskólans. Þar er átt við þroskaþjálfa, iðjuþjálfa og aðra starfsmenn með sérþekkingu sem nýtist við uppeldi, umönnun og þjálfun.

Um 16. gr.

Í 16. gr. frumvarpsins er gengið út frá því að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir leikskóla tengist ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla víðs vegar um landið. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta grunnskóla var lögfest 1974 og hefur þróast og eflst í nærri 20 ár en hún er kostuð af ríkinu. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta leikskóla var fyrst lögfest með gildandi leikskólalögum 1991 og er þróun starfseminnar skammt á veg komin. Sum sveitarfélög hafa rekið slíka þjónustu eða vísi að henni á sinn kostnað en fæst sveitarfélög hafa þó slíka þjónustu.

Til þess að fatlað barn og önnur börn með sérþarfir og foreldrar þeirra njóti samfelldrar þjónustu og til þess að tengja betur en gert er skólastigin tvö, leikskóla og grunnskóla, er eðlilegt að tengja saman ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skólastiganna beggja þannig að hún verði ein heild.

Skipulagning þjónustunnar verður á ábyrgð rekstraraðila hennar en getur verið mismunandi eftir stærð rekstrareiningar. Rekstrareiningar geta t.d. verið einstök sveitarfélög, héraðssambönd eða önnur starfs- eða þjónustusvæði skv. 5. gr. laga um málefni fatlaðra. Í 17. gr. frumvarpsins er hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu ekki skilgreint en gert er ráð fyrir að kveðið verði á um starfssvið þjónustunnar í reglugerð svo sem hverjir skulu starfa þar og við hvaða verkefni.

Um 17. gr.

Í 17. gr. er gert ráð fyrir að allir leikskólar skuli þannig byggðir og reknir að fatlaðir komist þar um, enda er það í anda byggingarlaga og laga um málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir því að öll fötluð börn eigi rétt á leikskóladvöl með börnum sem ekki eru fötluð enda fái þau að auki sérstaka þjónustu við hæfi hvers og eins, en í reglugerð verði kveðið nánar á um starfsemi, húsnæði og starfsmannahald í leikskólum vegna veru fatlaðra barna þar.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Á vegum Fóstrufélags Íslands fór fram almenn atkvæðagreiðsla í júní 1993 þar sem fóstrur völdu á milli starfsheitanna fóstra og leikskólakennari. Niðurstaðan varð sú að yfirgnæfandi meiri hluti kaus starfsheitið leikskólakennari. Að tilmælum formanns Fóstrufélags Íslands hefur verið tekið tillit til þessa við samningu frumvarpsins. Leikskólakennari og önnur samsvarandi hugtök í frumvarpinu taka því jafnt til þeirra sem hlotið hafa viðurkennda fóstrumenntun og hafa borið starfsheitið fóstra og þeirra sem síðar kunna að útskrifast frá námi með starfsheitið leikskólakennari.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla.

Með frumvarpi þessu er ætlað að laga lög um leikskóla að breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að saman fari frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð á rekstri leikskóla.

Samkvæmt frumvarpinu verður verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga á þann veg að menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn leikskólamála (3. gr.) en sveitarfélög kosti alfarið byggingu og rekstur leikskóla og sjá um framkvæmd laganna, hvert í sínu sveitarfélagi. Núverandi leikskóladeild menntamálaráðuneytisins mun starfa áfram. Þá fellur niður ákvæði í 7. gr. gildandi laga þess efnis að menntamálaráðuneytið sinni rannsóknum á leikskólastarfi. Í framtíðinni verður það á verksviði Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála. Engin áform eru um að fjármunir færist milli þessara tveggja aðila vegna þess.

Fjárveiting til þróunarsjóðs leikskóla (liður 02 720 1.33) nemur 3,2 m.kr. á fjárlögum 1994. Gert er ráð fyrir að hún haldist áfram en styrkir úr sjóðnum eru veittir árlega. Þá nemur fjárveiting til dagvistar fatlaðra forskólabarna (liður 02 750 1.40) 83,6 m.kr. á fjárlögum 1994. Ekki er áformað að fjárveiting þessi breytist að sinni verði frumvarp þetta að lögum. Samið verður síðar við sveitarfélög um fjármögnun þessa verkefnis þegar grunnskólar og málefni fatlaðra færast til sveitarfélaga.

862. Frumvarp til laga [551. mál]

um breyting á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Fyrri málsgrein 1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf

til og falla undir tilskipanir 89/48/EBE eða 92/51/EBE sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið nær til og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, svo og norrænir ríkisborgarar, sem uppfylla skilyrði þessara tilskipana eða samninga sem falla undir 1. gr., eiga rétt á að gegna hér á landi starfi sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til, hvort heldur er sjálfstætt eða sem launþegar, með sömu skilmálum og gilda um íslenska ríkisborgara.

3. gr.

Fyrri málsgrein 4. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra, sem í hlut á, getur með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum að því er varðar ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í tilskipunum þeim eða samningum sem falla undir 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 116. löggjafarþingi 1992 var lagt fram frumvarp til laga um gagnkvæma viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi. Samkvæmt frumvarpinu áttu lögin að gilda um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu þyrfti til og féllu undir tilskipanir sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið næði til án þess að tilskipanir væru sérstaklega nefndar.

Í meðferð þingsins var frumvarpinu breytt þannig að það tók aðeins til tilskipunar 89/48/EBE sem fjallar um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár. Tilskipunin tók gildi innan Evrópubandalagsins í ársbyrjun 1991.

Í júní 1992 samþykkti Evrópubandalagið tilskipun 92/51/EBE sem fjallar um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE. Þessi nýja tilskipun tekur til starfa sem krefjast starfsþjálfunar og menntunar á framhaldsskólastigi eða háskólastigi og tekur skemmri tíma en þrjú ár og tekur hún gildi í júní á þessu ári. Tilskipunin er hluti EES-viðbótarpakkans sem gert er ráð fyrir að taki gildi 1. júlí nk. Það er því þörf á að breyta lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, fyrir vorið þannig að þau taki einnig til þessarar síðarnefndu tilskipunar með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Með lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, var ákveðið að menntamálaráðuneytið skyldi sjá um að samræma framkvæmd þeirrar tilskipunar og samninga sem féllu undir 1. gr. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir því að menntamálaráðuneytinu verði einnig falið að sjá um og samræma framkvæmd tilskipunar 92/71/EBE.

Til frekari skýringar fara hér á eftir almennar athugasemdir sem fylgdu frumvarpinu sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi:

Frumvarp þetta er sniðið eftir dönsku frumvarpi um sama efni sem danska þingið samþykkti í maí 1991. Auk þess er stuðst við frumvarp til laga um starfsréttindi norrænna ríkisborgara sem lagt var fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92 en hlaut ekki afgreiðslu.

Markmiðið með frumvarpinu er í fyrsta lagi að koma tilskipun 89/48/EBE, sjá fskj. I, til framkvæmda en hún fjallar um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna menntunar er veitir starfsréttindi að loknu þriggja ára námi á æðra skólastigi og í öðru lagi að afla heimildar til að koma í framkvæmd hliðstæðum reglum sem EB samþykkti nýlega og taka til prófskírteina sem tilskipun 89/48/EBE tekur ekki til svo og sambærilegum samningum sem samþykktir hafa verið af Norðurlandaráði og staðfestir af stjórnvöldum norrænna ríkja, sjá fskj. II og IV.

Hinn 29. ágúst 1990 samþykkti Norðurlandaráð hliðstæðan samning sem gildir fyrir ríkisborgara á Norðurlöndum. Samningurinn var undirritaður í Kaupmannahöfn 24. október 1990. Þá hefur að undanförnu verið unnið að því á vegum Norðurlandaráðs að undirbúa samning hliðstæðan þeim sem nýlegar var samþykktur af EB og áður er vikið að. Þar eð þessar tilskipanir og samningar eru nátengdir þykir rétt að fá heimild með einni löggjöf til að framfylgja þeim.

Með samþykkt tilskipunar 89/48/EBE hefur EB horfið frá því að samræma menntun og starfsþjálfun til undirbúnings einstökum afmörkuðum störfum. Af tilskipunum um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum fyrir einstakar starfsstéttir má nefna lækna, hjúkrunarfræðinga, tannlækna, ljósmæður, lyfjafræðinga, dýralækna og arkitekta. Heimild til að stunda eitthvert þeirra starfa sem hér um ræðir í öðru landi sé fullnægt tilskipun 89/48/EBE gildir ekki um þessi störf.

Með framkvæmd þeirra tilskipana og samninga sem hér um ræðir verður auðveldara en nú er fyrir íslenska ríkisborgara að fá heimild til að starfa í einhverju öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins eða á Norðurlöndum.

Lagt er til að menntamálaráðuneytinu verði falið að framfylgja nefndum tilskipunum og samningum og mun það þá gefa út nánari reglur um einstaka þætti framkvæmdarinnar. Gert er ráð fyrir að haft verði náið samstarf við aðila vinnumarkaðarins um meðferð og afgreiðslu umsókna útlendinga um heimild til að mega stunda starf hér á landi.

Tilskipunin tekur aðeins til löggiltra starfa í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar er um að ræða lögverndað starf ef þess er krafist í lögum eða með ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalds að til þess að mega stunda starfið þurfi viðkomandi að hafa skírteini er votti að hann hafi lokið tilskilinni menntun og starfsþjálfun.

Þar eð tilskipunin fjallar aðeins um lögvernduð störf verða það ekki mörg störf hér á landi sem hún tekur til, sjá fskj. III. Það ber þó að hafa í huga að hugtakið æðra skólastig hefur ekki verið skilgreint almennt af EB og er það því ákvörðun hvers lands fyrir sig hvernig það er skilgreint og til hvaða starfa tilskipunin tekur.

Þau fylgiskjöl sem vitnað er til í tilvitnuninni hér að ofan fylgja hér með og auk þess tilskipun 92/51/EBE sem fskj. V.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greinina er bætt inn orðunum eða 92/51/EBE þannig að með þessari breytingu taka lögin til starfa sem falla undir tilskipunina 89/47/EBE og einnig starfa sem falla undir tilskipun 91/51/EBE. Önnur ákvæði greinarinnar standa óbreytt.

Um 2. og 3. gr.

Á þessum greinum er aðeins gerð orðalagsbreyting til samræmis við breytingu á 1. gr. laganna.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Með lagafrumvarpi þessu voru birt sex fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt tilskipun ráðs Evrópubandalaganna frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur a.m.k. í þrjú ár, á fskj. II samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi, gerður í Kaupmannahöfn 24. október 1990, á fskj. III bráðabirgðayfirlit yfir starfsheiti sem falla undir tilskipun 89/48/EBE og/eða norræna samninginn frá 1990 og á fskj. IV yfirlit yfir eldri samninga um norrænan vinnumarkað. Um fskj. I, II, III og IV vísast til þskj. 79, 77. máls 116. löggjafarþings, bls. 958–973 í A-deild Alþt. 1992–93.

Á fskj. V var birt tilskipun ráðs Evrópubandalaganna, 92/51/EBE, frá 18. júní 1992, um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE.

Fylgiskjal VI.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir breytingu á íslenskum lögum í samræmi við breytta skipan EB og EES á viðurkenningu menntunar og prófskírteinum. Aðalefni frumvarpsins er að tilskipun 92/51/EBE verði tekin inn í íslensk lög. Með því verður gerð sú breyting að gagnkvæm viðurkenning á menntun og prófskírteinum er útvíkkuð. Áður náði hún aðeins til æðra náms er tók þrjú ár eða lengur og var á háskóla- eða öðru sambærilegu stigi. Með frumvarpinu, verði það að lögum, verður skilgreining þessi útvíkkuð þannig að inn er tekið nám sem tekur skemmri tíma en þrjú ár.

Framfylgd á lögum þeim sem hér á að breyta er í höndum nokkurra ráðuneyta sem annast munu sannprófun prófskírteina og hæfnisvottorða. Menntamálaráðuneytið mun halda utan um málið í heild sinni og annast samráð milli ráðuneyta í málinu. Heildarumfang þessarar vinnu verður ekki meira en svo að ráðuneytin eiga að geta annast hana með núverandi starfsliði. Gera verður ráð fyrir að komið verði á samráðsnefnd milli ráðuneyta um mál þau er falla undir frumvarp þetta. Mun hún hittast nokkrum sinnum á ári og laun hennar verða óveruleg.

Því verður ekki séð að frumvarp þetta né heldur lög þau sem það á að breyta hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

863. Frumvarp til laga [552. mál]

um framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til skólastarfs á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er undir lög þessi falla. Þeir eru: fjölbrautaskólar, iðn- og verkmenntaskólar, menntaskólar, svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. Einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki. Setja skal reglugerð um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Hlutverk.

2. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

Framhaldsskólinn skal leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til stöðugrar þekkingarleitar.

III. KAFLI

Starfstími.

3. gr.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal eigi vera skemmri en tíu mánuðir og kennsludagar ekki færri en 160.

IV. KAFLI
Stjórnun.

4. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og ber ábyrgð á aðalnámskrá, eftirliti með skólastarfi og námsefni, ráðgjöf um þróunarstarf í framhaldsskólum, söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf.

Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla og annast fjárhagslegt eftirlit, svo og eftirlit með því að framhaldsskólar hafi fullnægjandi aðstöðu hvað varðar húsnæði og búnað.

5. gr.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla, skipuð skólameisturum (rektorum og skólastjórum) undir forsæti menntamálaráðherra eða staðgengils hans, fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræmir störf þeirra.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Ráðherra getur heimilað sveitarstjórn/sveitarstjórnum að tveir eða fleiri skólar sameinist um eina skólanefnd.

Í skólanefnd skulu sitja fimm menn. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum. Nefndin kýs sér formann til eins árs í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans, hinn tilnefndur af nemendafélagi skólans. Áheyrnarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

7. gr.

Skólanefnd markar áherslur í starfi skólans. Hún gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára sem háð er samþykki menntamálaráðherra. Skólanefnd gerir í upphafi hvers árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt. Skólanefnd skal gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. í febrúar og ágúst.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í framhaldsskóla, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og hlut nemenda í efniskostnaði vegna verklegrar kennslu í samræmi við reglur er menntamálaráðherra setur. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Gjöld til nemendasjóða eru ákveðin af nemendafélögum skóla sem sjá um innheimtu og meðferð fjárins. Bókhald nemendafélags skal háð sömu endurskoðun og aðrar fjárreiður skólans.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um skipan og störf skólanefnda.

8. gr.

Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórn skóla. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara og nemenda, svo og aðstoðarskólameistara og áfangastjóra, starfi þeir við skólann. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti.

9. gr.

Almennur kennarafundur í framhaldsskóla fjallar um stefnumörkun í starfi skólans, um námsskipan, kennsluhætti, þar með talið námsmat og aðra starfsemi. Kennarafund skal halda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á hverju skólaári. Skylt er skólameistara að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólaráði eða þriðjungur fastra kennara skólans krefjast þess.

10. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla, nemendafélög, setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

V. KAFLI
Starfsfólk.

11. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni.

Menntamálaráðherra ræður skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar. Kennari sem ráðinn er skólameistari skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma er hann gegnir starfi skólameistara.

Skólameistari ræður kennara, námsráðgjafa, skólasafnverði og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd. Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til fimm ára í senn og áfangastjóra til allt að fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd.

Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara. Setja skal í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið námsráðgjafa og skólasafnvarða. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið annarra starfsmanna.

Menntamálaráðherra setur skólameistara og kennurum erindisbréf, svo og öðrum starfsmönnum skóla eftir því sem við á.

12. gr.

Hafi kennari starfað a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt námsorlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um námsorlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja námsorlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum námsorlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðherra getur veitt kennara, er námsorlofs nýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við námsorlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar njóti hann ekki sambærilegs styrks frá öðrum. Beiðni um námsorlof skal hafa borist menntamálaráðuneytinu fyrir 1. október ár hvert. Að loknu námsorlofi er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín á námsorlofstíma.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara og annarra stjórnenda skóla. Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd námsorlofs kennara.

13. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal rækja heilsuvernd. Sé heilsugæslustöð starfandi í nágrenni skólans skal fela henni að annast heilsuverndina.

Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi. Starfsfólk við heilsuvernd í skólum skal hafa náið samstarf við skólameistara um framkvæmdina.

14. gr.

Nemendum í framhaldsskóla skal standa til boða ráðgjöf og leiðsögn um náms- og starfsval og persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Slíka þjónustu veita námsráðgjafar, kennarar og annað starfsfólk eftir því sem við á.

VI. KAFLI
Inntökuskilyrði.

15. gr.

Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.

Inntaka nemenda á einstakar námsbrautir framhaldsskólans ákvarðast af þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi. Í reglugerð skal kveðið á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Heimilt er skólameistara að undangengnu mati að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu í einstakar námsbrautir framhaldsskóla þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.

Nemendum sem ekki hafa náð tilskildum árangri við lok grunnskóla skal standa til boða fornám eða nám í sérstökum deildum á framhaldsskólastigi. Inntaka nemenda í framhaldsskóla er á ábyrgð skólameistara.

VII. KAFLI
Námsskipan.

16. gr.

Námsbrautir framhaldsskóla skiptast í starfsnámsbrautir, bóknámsbrautir, og almenna námsbraut. Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót náms.

Á starfsnámsbrautum er nám í löggiltum iðngreinum og annað starfsnám sem lýkur með skilgreindum prófum. Námslengd í starfsnámi skal tilgreind í aðalnámskrá. Þeir sem lokið hafa sveinsprófi eða öðru starfsnámi, sem nánar er tilgreint í reglugerð, skulu eiga kost á viðbótarnámi til stúdentsprófs. Iðnsveinar skulu eiga kost á námi til meistaraprófs í grein sinni. Í reglugerð skal kveða á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar.

Bóknámsbrautir eru skipulagðar sem þriggja ára nám sem veitir undirbúning að námi á háskólastigi og lýkur með stúdentsprófi. Bóknámsbrautir eru þrjár: tungumálabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut.

Almenn námsbraut er eins árs bóklegt og verklegt nám og lýkur með framhaldsskólaprófi. Almenn námsbraut veitir undirbúning fyrir nám á bók- og starfsnámsbrautum eða er hluti af því námi.

Við ákvörðun um stofnun námsbrauta skal tekið mið af eðlilegri sérhæfingu og verkaskiptingu framhaldsskólanna.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

17. gr.

Námsbrautir framhaldsskóla skulu skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins. Þær skiptast í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Hlutfall milli þessara þátta er ákveðið í aðalnámskrá og getur verið mismunandi eftir brautum.

Brautarkjarni er skyldunám brautar. Þar eru sérgreinar brautarinnar og námsgreinar sem stuðla að almennri menntun og undirbúa nemendur undir þátttöku í samfélaginu. Áherslur í almennum greinum skulu miðast við lokamarkmið námsbrautar.

Kjörsvið er frekari sérhæfing á brautinni. Það er skipulagt sem heild, ýmist með samröðun námsáfanga eða í stórum heildstæðum áföngum með áherslu á fræðileg viðfangsefni. Starfsnám eða viðurkennt listnám á framhaldsskólastigi má meta til kjörsviðs í námi á bóknámsbrautum að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind eru í aðalnámskrá.

Frjálst val námsgreina, sem skilgreindar eru í aðalnámskrá framhaldsskóla og kenndar eru í viðkomandi skóla, gefur nemendum kost á að kynnast list-, verk- og fræðasviðum að eigin vali.

18. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun og starfrækslu fornáms við framhaldsskóla. Fornám er skipulagt sem eins árs nám fyrir nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um fornám og skilyrði fyrir stofnun þess.

19. gr.

Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun sérstakra deilda við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur. Menntamálaráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um kennslu og nám fatlaðra nemenda í framhaldsskólum.

VIII. KAFLI
Námskrár og mat.

20. gr.

Aðalnámskrá, er menntamálaráðherra setur, er meginviðmiðun skólastarfs. Í henni eru útfærð markmið framhaldsskóla og skilgreind markmið einstakra námsbrauta og námsgreina. Í aðalnámskrá skulu vera almennar reglur um réttindi og skyldur nemenda.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um uppbyggingu einstakra námsbrauta, samhengi í námi og meðallengd námstíma á hverri braut. Þar er ákveðinn lágmarksfjöldi kennslustunda í einstökum námsgreinum, inntak í megindráttum, stígandi í náminu og kennsluskipan.

Í aðalnámskrá skal mælt fyrir um námsmat, þar með talin próf og vitnisburðir. Þar komi fram hvaða kröfur nemandi þarf að uppfylla til þess að hann teljist hafa lokið einstökum áföngum náms með fullnægjandi árangri og lágmarkskröfur til þess að standast tiltekin lokapróf. Þar skal kveðið á um hversu oft nemandi má endurtaka próf og birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófúrlausnir sínar.

Í aðalnámskrá eru ákvæði um mat á starfsþjálfun sé hún hluti námsins, mat á námi þegar nemendur flytjast milli skóla og skilyrði þess að flytjast milli námsbrauta. Í aðalnámskrá skal setja viðmiðunarreglur um skólanámskrár og mat á skólastarfi.

21. gr.

Í hverjum skóla skal gefa út skólanámskrá þar sem gerð er grein fyrir námsframboði, lengd og innihaldi námsáfanga og skiptingu námsgreina á námsannir og/eða námsár. Þar skal einnig gerð grein fyrir kennsluháttum, námsmati og stjórnunarháttum, svo sem gæðastjórnun.

Í skólanámskrá geri skólar grein fyrir hvernig ná skuli því markmiði framhaldsskóla að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Skólanámskrá skal samþykkt af skólanefnd sem fylgist með framkvæmd hennar.

22. gr.

Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal utanaðkomandi aðili gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

23. gr.

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara og deildarstjóra. Matið byggir á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá.

Lokapróf úr framhaldsskóla er veitt geta rétt til frekara náms eða réttindi til starfa skulu vera samræmd í tilteknum greinum sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur umsjón með gerð samræmdra prófa fyrir framhaldsskóla og úrvinnslu samræmdra lokaprófa. Í reglugerð skal kveðið nánar á um framkvæmd samræmdra prófa í framhaldsskólum.

IX. KAFLI
Starfsnám.

24. gr.

Starfsnám skal stuðla að almennri menntun nemenda, veita þeim undirbúning til tiltekinna starfa og innsýn í hlutverk fyrirtækja og starfsfólks í atvinnulífi. Náminu er jafnframt ætlað að hvetja nemendur til að viðhalda þekkingu sinni og bæta við hana með endurmenntun eða áframhaldandi námi.

Starfsnám skiptist á skóla og vinnustað eða fer fram eingöngu í skóla. Námið er bóklegt og verklegt og skal mynda sem samfelldasta heild svo að nemendur fái betur skilið tengsl fræðilegra og hagnýtra þátta. Áhersla skal lögð á að innihald starfsnáms taki mið af þörfum starfsgreina fyrir fagmenntun starfsfólks til einstakra starfa á hverjum tíma.

25. gr.

Menntamálaráðherra skipar samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð 18 fulltrúum, þar af 12 tilnefndum af eftirtöldum aðilum atvinnulífs: 5 frá Alþýðusambandi Íslands, þar af skal 1 vera fulltrúi nema, 1 frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 5 frá Vinnuveitendasambandi Íslands og 1 frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Leitast skal við að fulltrúar atvinnulífsins komi úr sem flestum atvinnugreinum. Auk þess sitja í nefndinni 1 fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og 5 fulltrúar skipaðir án tilnefningar og skal a.m.k. einn þeirra vera starfsmenntakennari og einn stjórnandi starfsmenntaskóla. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Samtök atvinnurekenda, launþega og sveitarfélaga greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í samstarfsnefndinni, en menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af störfum fulltrúa menntamálaráðherra og leggur nefndinni til skrifstofuþjónustu.

26. gr.

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi stuðlar að tengslum skóla og atvinnulífs og er menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms. Nefndin gerir tillögur um skipan starfsgreina í starfsgreinaflokka í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega í viðkomandi greinum, forgangsröðun verkefna í starfsnámi svo og sérstakar tilraunir og þróunarverkefni. Nefndin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi við staðfestingu menntamálaráðherra.

27. gr.

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Allar starfsgreinar sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi skulu eiga kost á fulltrúaaðild að starfsgreinaráði og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Formaður skal kjörinn úr hópi fulltrúa til tveggja ára í senn. Ef ekki tekst að skipa starfsgreinaráð er menntamálaráðherra heimilt að skipa tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs.

Samtök atvinnurekenda og launþega greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í starfsgreinaráði og menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af fulltrúa menntamálaráðherra og af sérfræðilegri vinnu við námskrárgerð.

28. gr.

Starfsgreinaráð skilgreinir þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setur fram markmið starfsnáms.

Starfsgreinaráð gerir tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, svo og um tilhögun námsmats og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis. Það gerir einnig tillögur að skiptingu náms í skóla og á vinnustað, svo og reglum um vinnustaðanám, viðurkenningu á vinnustöðum til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning og aðstöðu, búnað og kennarakost skóla sem annast starfsnám.

Starfsgreinaráð skal hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðið heyra.

Að fengnum tillögum starfsgreinaráðs gefur menntamálaráðherra út námskrá í sérgreinum starfsnáms sem hluta af aðalnámskrá framhaldsskóla og reglur um framkvæmd starfsnáms í einstökum starfsgreinum.

29. gr.

Til að stuðla að sem bestu samstarfi skóla og atvinnulífs er skólanefnd heimilt að setja á fót eina eða fleiri ráðgjafarnefndir við skóla með fulltrúum atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Skólar leiti til starfsgreinaráða um tilnefningar fulltrúa í ráðgjafarnefndir í byggðarlagi.

30. gr.

Menntamálaráðherra getur að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og stofnaðila gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Í samráði við starfsgreinaráð hefur kjarnaskóli forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir í starfsnámi og aðstoðar aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði.

Í samningi er menntamálaráðherra gerir við þá stofnun er tekur að sér hlutverk kjarnaskóla skal verkefnið skilgreint, stjórnun þess, lengd samningstíma og hvernig úttekt þess skuli háttað. Hagsmunaaðilar á vinnumarkaði geta átt aðild að slíkum samningi.

31. gr.

Verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggir á ákvæðum aðalnámskrár og reglum um vinnustaðanám í viðkomandi starfsgrein. Um vinnustaðanám skal gera sérstakan starfsþjálfunarsamning milli skóla og vinnustaðar eða námssamning milli nema og vinnuveitanda.

Námssamningur skal undirritaður við upphaf vinnustaðanáms og staðfestur innan eins mánaðar. Þar skal tilgreindur reynslu- og gildistími samningsins. Ákvæði um laun og önnur starfskjör skulu vera í samræmi við gildandi kjarasamninga að því er varðar nema í viðkomandi starfsnámi.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skulu vera ákvæði um starfsþjálfunarsamninga. Þar skal einnig kveðið á um form, staðfestingu og skráningu námssamninga, svo og samningsslit og meðferð ágreiningsefna er upp kunna að koma varðandi framkvæmd samnings. Áður en reglugerð þessi er sett skal leitað umsagnar aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda.

X. KAFLI
Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

32. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að bjóða nám í öldungadeildum fyrir nemendur 20 ára og eldri. Nám í öldungadeildum skal vera jafngilt námi á einstökum námsleiðum framhaldsskólans, en skipulagning náms og kennsluhættir taki mið af því að um fullorðna nemendur er að ræða.

Fyrir kennslu í slíku námi skulu nemendur greiða kennslugjald sem nemur sem næst þriðjungi kennslulauna, allan efniskostnað og kennslugögn sín. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skulu sett í reglugerð.

33. gr.

Framhaldsskóla er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar nám í samráði eða samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa, t.d. með farskólasniði.

Halda skal kostnaði vegna þessara námskeiða aðgreindum frá öðrum rekstri skólans og skal hann greiddur að fullu af þeim aðilum er að námskeiðum standa með skólanum eða með þátttökugjöldum.

Gera skal samning milli samstarfsaðila og skólans þar sem gengið er frá fyrirkomulagi og full greiðsla kostnaðar tryggð.

XI. KAFLI
Skólasafn.

34. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla. Í tengslum við húsnæði skólasafns skal vera lesaðstaða með aðgangi að upplýsingaritum á skólasafni.

Í starfsemi skólasafns skal leggja áherslu á að þjálfa nemendur í sjálfstæðri leit upplýsinga og notkun gagnabanka.

XII. KAFLI
Stofnun og bygging framhaldsskóla.

35. gr.

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla, en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 39. gr.

Standi ríki og sveitarfélag/félög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn framkvæmda, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárlaganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla og heimavista við þá skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaður) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast undirbúning og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á undirbúningi verks og stjórnar fram-

kvæmdum án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað, sem af því kann að leiða, skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur og hann staðfestur af menntamálaráðuneytinu.

Menntamálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og málsmeðferð varðandi undirbúning framkvæmda samkvæmt þessari grein. Menntamálaráðuneytið skal að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglur um viðmiðun stofnkostnaðar og búnaðar (norm) er skipting áætlaðs byggingakostnaðar miðist við.

36. gr.

Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsnáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

XIII. KAFLI
Rekstur framhaldsskóla.

37. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur til fjárveitingar á fjárlögum til hvers skóla á grundvelli samþykktrar kennslu- og fjárhagsáætlunar skólans til þriggja ára. Áætlun þessi skal endurskoðuð árlega með tilliti til nemendafjölda skólans.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað vegna kennslu, stjórnunar og annarra starfa. Menntamálaráðherra skal gefa út reglugerð þar sem settar eru fram reglur (reiknilíkan) til að reikna út kennslukostnað skóla. Við útreikninga þessa skal miðað við fjölda nemenda, lengd og tegund náms, fjölda kennslustunda á viku samkvæmt aðalnámskrá, kostnað sem leiðir af kjarasamningum og annað sem kann að skipta máli. Í reglugerð þessari skulu einnig vera viðmiðunarreglur um framlög til annarra starfa en kennslu.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað skóla, svo og viðhald húsa og tækja. Rekstrarframlag er greitt til skóla samkvæmt ákvæðum í samningi er gerður skal við menntamálaráðuneytið.

Meiri háttar viðhald framhaldsskóla í eigu ríkissjóðs skal greitt af sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis sem ákveðin er í fjárlögum í samræmi við sérstaka viðhaldsáætlun til þriggja ára í senn sem menntamálaráðherra gerir. Um undirbúning viðhaldsframkvæmda og umsjón með þeim fer með sama hætti og aðrar slíkar framkvæmdir á vegum ríkisins.

Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann undir stjórn skólameistara.

38. gr.

Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist við framhaldsskóla er ríkið rekur greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum og rekstri mötuneyta samkvæmt sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setur.

Skólameistari hefur umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis nemenda.

XIV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

39. gr.

Einkaaðilar og/eða samtök geta stofnað skóla á framhaldsskólastigi, enda uppfylli þessir skólar ákvæði laga og reglugerða um námsframboð, kennsluskipan og eftirlit og hafi hlotið starfsleyfi menntamálaráðuneytis. Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til þessara skóla. Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

40. gr.

Samtök atvinnurekenda og launþega geta gerst aðilar að stofnun og/eða rekstri framhaldsskóla eða hluta hans. Um slíka aðild skal gerður samningur milli aðila er kveði á um framlög og aðild að stjórnun hans ef um slíkt á að vera að ræða.

41. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til þess að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði gilda sömu ákvæði og um aðra framhaldsskóla varðandi rekstrar- og stofnkostnað, sbr. 35. og 37. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlun um rekstur skólanna og fé verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði. Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu þessara laga og samkvæmt námsskrám og reglugerðum sem settar verða.

Verði skólar þessir lagðir niður eða húsnæði þeirra eigi nýtt til kennslu eða heimavistar fær ríkissjóður eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ríki ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptingu og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Skal einn skólanefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðherra en eignaraðilar skipa hina. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólameistara svo og kennara í samráði við hann. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

42. gr.

Heimilt er að nýta skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma, enda greiðist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis.

Hagnaði af leigu skólahúsnæðis og heimavista, sbr. 38. gr., skal verja til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

43. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Um fjárframlög til tilraunastarfs af þessu tagi fer samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og í leyfi kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

44. gr.

Árlega skal veita fé á fjárlögum til þróunarsjóðs framhaldsskóla og heyrir hann undir menntamálaráðherra sem setur reglur um styrkveitingar úr sjóðnum.

45. gr.

Menntamálaráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti.

XV. KAFLI
Gildistaka, brottfallin lög o.fl.

46. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. ágúst 1995 og skulu komin að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 1999–2000.

47. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, með áorðnum breytingum.

XVI. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði í 15. gr. um styttingu heildarnámstíma á námsbrautum framhaldsskóla skal taka gildi fyrir þá nemendur sem hefja nám í framhaldsskóla skólaárið 1998–1999, enda sé þá búið að semja við kennarasamtök um lengdan árlegan starfstíma framhaldsskóla.

II.

Ákvæði í 23. gr. um samræmd lokapróf úr framhaldsskóla skulu ekki komin að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 1999–2000.

III.

Ákvæði um starfsnám í 24.–31. gr. skulu vera komin til fullra framkvæmda innan fjögurra ára frá gildistöku laga þessara. Menntamálaráðherra setur í reglugerð áætlun um framkvæmd ákvæða greina þessara að höfðu samráði við samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sbr. 25. gr. Ef þörf þykir skal fara fram endurskoðun þessara lagagreina í kjölfar úttektar á framkvæmd þeirra.

IV.

Næstu fjögur ár frá gildistöku laganna getur menntamálaráðherra veitt heimild til að umsækjandi gangi undir verklegt sveinspróf í löggiltri iðngrein án undangengins skólanáms, enda liggi fyrir: (a) vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár undir stjórn meistara; (b) vottorð iðnmeistara um að hann telji umsækjanda hæfan til að ganga undir sveinspróf og (c) umsagnir viðkomandi sveinafélags og starfsgreinaráðs. Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir þó ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið af nefnd sem Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra skipaði hinn 11. mars 1992 til að endurskoða lög um grunn- og framhaldsskóla og móta menntastefnu. Nefnd um mótun menntastefnu skilaði áfangaskýrslu í janúar 1993 og voru þar reifaðar helstu hugmyndir hennar um áherslur í skólastarfi. Var skýrslan víða kynnt og send fjölmörgum aðilum til umsagnar. Frumvarpið var unnið á grundvelli áfangaskýrslunnar, umsagna um hana og viðræðna við fjölmarga aðila. Í lokaskýrslu nefndarinnar er sett fram heildstæð skólastefna fyrir grunn- og framhaldsskóla. Nefnd um mótun menntastefnu skipa: Sigríður Anna Þórðardóttir alþingismaður, formaður nefndarinnar, Arnar Þórisson viðskiptafræðingur, Árni Sigfússon, formaður skólamálaráðs Reykjavíkur, Björn Búi Jónsson, kennari við Menntaskólann í Reykjavík, Björn L. Halldórsson lögfræðingur, Halldóra J. Rafnar, menntamálafulltrúi VSÍ, Haukur Helgason, skólastjóri Öldutúnsskóla í Hafnarfirði, Helgi Jónasson, fræðslustjóri Reykjanesumdæmis, Ingibjörg Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi MFA, Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Linda Rós Mikaelsdóttir, kennari í Álftamýrarskóla í Reykjavík, María Þ. Gunnlaugsdóttir, aðstoðarskólameistari Flensborgarskóla í Hafnarfirði, Ólafur H. Jóhannsson, endurmenntunarstjóri Kennaraháskóla Íslands, Sigurveig Sæmundsdóttir, kennari í Hofstaðaskóla í Garðabæ, Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Stefán Baldursson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Trausti Þorsteinsson, fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis eystra, Þórleifur Jónsson, viðskiptafræðingur hjá Samtökum iðnaðarins.

Með nefndinni störfuðu Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, ráðgjafi menntamálaráðherra í skólamálum, Kristrún Ísaksdóttir og Margrét Harðardóttir, deildarsérfræðingar í menntamálaráðuneytinu. Þá starfaði Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri með nefndinni til loka janúar 1993. Auk þess veittu Hörður Lárusson, deildarstjóri framhaldsskóladeildar, og fleiri starfsmenn skrifstofu menntamála- og vísinda, nefndinni ýmis góð ráð og ábendingar.

Tillaga að frumvarpi til laga um framhaldsskóla var samþykkt samhljóða á fundi nefndarinnar þann 15. febrúar 1993. Björn Búi Jónsson og María Þ. Gunnlaugsdóttir skiluðu séráliti um 3. gr. og 3. efnisgr. 16. gr. og Björn Halldórsson tók ekki afstöðu til 37. gr. Menntamálaráðherra sendi frumvarpsdrögin til helstu hagsmunaaðila og hefur verið tekið mið af ábendingum þeirra við endanlega gerð frumvarpsins.

Heildarendurskoðun grunn- og framhaldsskólalaga.

Síðastliðin tvö ár hefur verið unnið að heildarendurskoðun á lögum um grunn- og framhaldsskóla á vegum menntamálaráðuneytis. Við endurskoðunina var tekið mið af rannsóknum sem til eru um þessi skólastig, viðhorfum til skólastarfs innan lands og utan, svo og reynslu kennara, skólastjórnenda, aðila atvinnulífs og almennings af skólastarfi og árangri þess.

Endurskoðun grunnskólalaga felur fyrst og fremst í sér breytingu á stjórnun grunnskóla sem er afleiðing af áætlaðri yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga. Að öðru leyti eru ekki fyrirsjáanlegar miklar breytingar á grunnskólalögum. Hins vegar er gert ráð fyrir að við endurskoðun námskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla verði hugað meira að tengslum beggja skólastiga og reynt að líta á skólagöngu nemenda frá upphafi grunnskóla til loka framhaldsskóla sem heildstætt ferli þar sem nemendur þroskast og verða sjálfstæðari eftir því sem lengra dregur í náminu. Skólarnir eru uppeldis- og menntastofnanir sem gegna veigamiklu hlutverki í því að vekja ungt fólk til ábyrgrar og virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Skólastefnu skortir fyrir framhaldsskóla.

Kröfur til framhaldsskólans hafa breyst mjög á síðastliðnum árum. Breidd nemendahópsins hefur farið vaxandi og lætur nærri að um 85% árgangs sæki nú nám í framhaldsskólum. Um er að ræða alþjóðlega þróun, en aukin aðsókn í framhaldsskóla hér á landi hófst skömmu fyrir 1970. Frá miðjum áttunda áratugnum var sú skólagerð sem nú er ríkjandi á framhaldsskólastiginu að þróast, án þess að til væri heildarlöggjöf um þetta skólastig. Víða um land voru stofnaðir fjölbrautaskólar eða aðrir framhaldsskólar sem ætlað var að bjóða fjölbreyttar námsleiðir á sviði bók- og starfsnáms. Markmið með stofnun fjölbrautaskóla var að tengja saman námsheðir bóknáms og starfsnáms með það að leiðarljósi að gera báðum jafn hátt undir höfði. Þessu marki hefur ekki verið náð, þar sem vægi bóknáms hefur stóraukist. Svo virðist sem stór hluti nemendahópsins fái ekki nám við hæfi í framhaldsskólum. Í skýrslunni *Námsferill í framhaldsskóla* kemur t.d. fram að í árgangi nemenda sem fæddir eru 1969 hafa 58% pilta og 50% stúlkna ýmist ekki farið í framhaldsskóla, hætt námi eða ekki tekist að ljúka því sex árum eftir að þau luku grunnskóla.[1]

Í skýrslu OECD frá árinu 1987 um menntastefnu á Íslandi er bent á að framhaldsskólinn sé það stig íslenska skólakerfisins þar sem mest skorti ákveðna og formlega stefnu. Þar segir m.a. að framhaldsskólar hafi ekki „verið skuldbundnir til að fylgja afmarkaðri stefnu“[2] og að aðstandendur framhaldsskólanna „greini enn á um í hverju framhaldsmenntun skuli vera fólgin og hver skuli vera markmið hennar og skipulag“[3]. Nú sjö árum síðar á þessi gagnrýni enn við rök að styðjast þótt sett hafi verið lög um framhaldsskólastigið. Gildandi lög um framhaldsskóla voru samþykkt árið 1988 og þeim síðan breytt árið 1989. Þau marka þó ekki skólastefnu fyrir framhaldsskólann, heldur var

---

[1]Jón Torfi Jónasson (1992): *Námsferill í framhaldsskóla.* Helstu niðurstöður. Félagsvísindastofnun. Töflur 4.1 og 4.3.

[2]Menntamálaráðuneyti/OECD (1987): Menntamálanefnd: Skýrsla um menntastefnu á Íslandi. Efnahags- og framfarastofnunin, bls. 21.

[3]Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): bls. 21.

þeim fyrst og fremst ætlað að setja ramma utan um það skólastarf sem þegar fór fram í framhaldsskólum og hafa því haft lítil mótandi áhrif á innihald þess og skipan.

Stefnumörkun um markmið, skipulag og framkvæmd náms.

Það frumvarp sem nú er lagt fram felur í sér breytingu frá gildandi lögum þar sem nú er mörkuð skýr stefna um skólastarf á framhaldsskólastigi, hlutverk þess, skipulag og starfshætti. Í hlutverkagrein frumvarpsins (2. gr.) er lögð aukin áhersla á almennt menntunarhlutverk framhaldsskólans, auk þess sem honum er áfram ætlað að búa nemendur undir störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám. Þau námsmarkmið framhaldsskólans sem einkum eiga að stuðla að almennri menntun nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi eru sameiginleg á öllum námsbrautum. Þau skulu skilgreind í aðalnámskrá, en skólum ætlað að útfæra þau eftir aðstæðum, bæði í sérstökum námsáföngum og sem hluta af námi í einstökum námsgreinum.

Markmiðum og skipulagi framhaldsmenntunar eru gerð mun nákvæmari skil í frumvarpi þessu (VI. og VII. kafli) en í gildandi lögum. Lögð er áhersla á skýrari námsuppbyggingu í framhaldsskólum og breyttar áherslur í námsframboði. Frumvarpið kveður á um að öllum nemendum sem lokið hafa grunnskólanámi skuli tryggður aðgangur að námi í framhaldsskóla, en sett eru ákveðin inntökuskilyrði á námsbrautir hans (15. gr.). Kveðið er á um mismunandi tegundir námsbrauta og hlutverk þeirra (16. gr.), lögð áhersla á að allar námsbrautir framhaldsskólans skuli skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins (17. gr.), en horfið frá því ákvæði gildandi laga að námsefni og kennsla hvers áfanga skuli nýtast sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Nemendur sem ekki hafa tilskilinn undirbúning til að hefja nám á námsbrautum framhaldsskóla skulu eiga kost á eins árs fornámi (15. og 18. gr.) Loks er kveðið á um að fötluðum nemendum skuli standa til boða nám í sérstökum deildum (19. gr.) og er þar um að ræða lögfestingu á námsframboði sem hefur verið að þróast á síðustu árum.

Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum. Þar eru ákvæði um aðalnámskrá framhaldsskóla (20. gr.) sem skólastarf á framhaldsskólastigi byggist á. Í henni skal skilgreint allt nám sem í boði er í hinu opinbera framhaldsskólakerfi, markmið einstakra námsbrauta og uppbygging þeirra, svo og markmið einstakra námsgreina og námsþátta. Skólanámskrár (21. gr.) skulu unnar í skólunum undir faglegri forustu skólameistara og er ætlað að útfæra nánar markmið aðalnámskrár fyrir hið daglega skólastarf, svo og að marka áherslur í starfi skólans. Skólanámskrá er hvort tveggja í senn innra stjórntæki skóla og upplýsingarit fyrir nemendur og almenning um áherslur í starfi skólans, skipulag og sérstöðu. Í þessum kafla frumvarpsins er og kveðið á um að skólar skuli taka upp aðferðir til að meta sitt innra starf (22. gr.), en í nágrannalöndunum er lögð mikil áhersla á innra gæðamat, sem fyrst og fremst er í höndum starfsfólks skólanna og þykir gefa góðan raun í bættu skólastarfi.

Frumvarpið felur einnig í sér nýja stefnumörkun um starfsnám á framhaldsskólastigi, stjórnun þess og framkvæmd (IX.kafli). Þar er gert ráð fyrir mun virkari þátttöku aðila atvinnulífs í tillögugerð og stefnumótun, og skapaður vettvangur fyrir samstarf aðila atvinnulífs og skólamanna um framkvæmd starfsnáms.

Tengsl skóla og samfélags.

Í skýrslu OECD kom fram að einangrun skólanna var talin mikið vandamál í íslensku skólakerfi. Í henni fólst ábending til íslenskra stjórnvalda um að efla bæri tengsl menntunar við samfélagið í heild, „þ.e. tengsl við fjölskylduna, vinnumarkaðinn og menninguna“[4]. Nefnd OECD taldi nám í framhaldsskólum vera yfirborðskennt, þar væri „lítið tillit tekið til þarfa sérhvers einstaklings eða þarfa hins íslenska vinnumarkaðar“ og samráð skorti milli háskóla og framhaldsskóla.[5]

Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla eru skapaðar forsendur til að auka tengsl framhaldsskólans við það þjóðfélag sem hann þjónar. Stefnt er að því að gera skólastarfið sýnilegra og vinna þannig að auknum skilningi á starfi skólanna, m.a. með aukinni upplýsingamiðlun til almennings. Skólar skulu gefa út skólanámskrá sem veitir upplýsingar um áherslur skólans og starfshætti (21. gr.), en menntamálaráðuneyti er falið að dreifa upplýsingum um skólastarf í framhaldsskólum (4. gr.). Einnig eru tengsl skólanna við nánasta umhverfi aukin verulega með breyttu hlutverki skólanefnda. Skólanefnd, sem í sitja fimm fulltrúar úr sveitarfélögum sem að skólanum standa, tilnefndir af sveitarstjórn og menntamálaráðherra, fær nú það hlutverk að ákveða áherslur í starfi skólans og fylgjast með að þeirri stefnumótun sé framfylgt. Þannig eru ákvarðanir um innra starf skólanna ekki teknar einhliða af skólafólki, heldur ber því á hverjum tíma að rökstyðja stefnumörkun skólans fyrir fulltrúum þess samfélags sem skólinn þjónar. Tengsl framhaldsskólans við atvinnulífið eru einnig stóraukin, með aukinni aðild fulltrúa þeirra að stefnumótun, stjórnun og framkvæmd starfsnáms. Þá eru skapaðar forsendur til betri tengsla framhaldsskóla og háskóla, með tilkomu samræmdra lokaprófa úr framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að val á greinum til samræmdra stúdentsprófa og prófkröfur verði ákvarðaðar m.a. í samráði við fulltrúa háskólastigsins.

Ábyrgð og stjórnun: aukið sjálfstæði skóla.

Stefnt er að því að auka sjálfstæði skólanna um ákvarðanatöku í eigin málefnum. Forsenda fyrir auknu sjálfstæði skólanna er að stjórn þeirra verði styrkari. Í frumvarpinu er þess freistað að tengja betur völd og ábyrgð en hingað til hefur verið gert og afmarka eins og kostur er hlutverk og ábyrgð skólameistara og skólanefndar, en völd skólanefndar eru aukin frá því sem nú er.

Skólameistarar eru forstöðumenn skóla og bera ábyrgð á faglegri stjórnun og daglegum rekstri (8. gr.). Ráðningarvald skólameistara er aukið þar sem ráðning starfsmanna er nú að öllu leyti á þeirra ábyrgð (11. gr.). Hins vegar er æviráðning skólameistara afnumin og gert ráð fyrir að þeir verði ráðnir eingöngu til 5 ára í senn (11. gr.). Skólameisturum til stuðnings við stjórnun skóla eru skólaráð, sem einkum er ætlað að fjalla um innri málefni skólans og mál einstakra nemenda, og skólanefndir.

Skólanefndir fá aukna ábyrgð á stjórnun skóla. Þeim er ætlað að marka áherslur í starfi skólans m.a. með því að samþykkja skólanámskrá sem unnin er af fagfólki skólans. Þær gera árlega starfs- og fjárhagsáætlanir til þriggja ára og senda menntamálaráðuneyti til samþykkis og fylgjast með að skólahald sé í samræmi við faglega stefnumörkun, þ.e. skólanámskrá, og samþykktan fjárhagsramma sem skólanum er ætlað að starfa eftir (7. gr. og 21. gr.). Þannig má segja að núverandi valdsvið ráðuneytis sé að hluta til sett í

[4]Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): bls. 40.

[5]Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): bls. 22.

hendur skólanefndar. Skólameistari er framkvæmdastjóri skólanefndar, undirbýr fundi hennar og fylgir eftir ákvörðunum hennar. Nýmæli er að skólanefndir skili árlega starfs- og fjárhagsáætlun til ráðherra til þriggja ára í senn. Þess er vænst að aukin festa náist í starfi skólanna þegar starfsáætlanir eru unnar nokkur ár fram í tímann, þó svo að þær kunni að verða endurskoðaðar ef forsendur breytast milli ára.

Gert er ráð fyrir aukinni verkaskiptingu framhaldsskóla og að þeir sérhæfi sig í framboði tiltekinna námsbrauta og kjörsviða (16. gr.). Verkaskipting er talin forsenda þess að unnt verði að halda uppi í landinu framhaldsskólanámi sem stenst alþjóðlegar kröfur um gæði, ekki síst þá kröfu að kennslan sé í höndum kennara sem hafa sérhæfða menntun til kennslu í viðkomandi námsgreinum. Menntamálaráðuneytið veitir skólum heimild til að halda uppi tilteknu námi með því að samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun skóla.

Í frumvarpinu er nýjung er varðar fjárveitingar til skóla þar sem gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji sérstaka reglugerð er kveði á um hvernig kennslukostnaður skóla skuli reiknaður (37. gr.). Þar með er horfið frá því að setja fastar viðmiðanir í lög, heldur reynt að nálgast kennslukostnað einstakra skóla með hjálp reiknilíkans. Þróun hlutlægra aðferða við að reikna út fjárveitingar til skóla og aukin stjórnunarábyrgð í skólum er forsenda þess að unnt verði að auka sjálfstæði skóla og koma á valddreifingu í skólakerfinu.

Öflugra innra skólastarf.

Innra starf framhaldsskóla er fyrst og fremst mótað af skólameisturum, kennurum og öðru starfsfólki skólanna. Brýnt er að skólafólk fái hvatningu til að leggja sitt af mörkum til að skólastarfið verði sem metnaðarfyllst. Fulltrúum OECD þótti sem andrúmsloft í íslenskum framhaldsskólum væri óþvingað og notalegt, en að námi og kennsluháttum væri í ýmsu ábótavant.[6]

Í frumvarpi þessu eru ákvæði sem miða að því að auka frumkvæði og ábyrgð skólafólks á mótun innra starfs skólanna og hvetja til umbótastarfs í skólum. Ber þar fyrst að nefna ákvæði um skólanámskrá (21. gr.) sem unnin skal af starfsfólki skólanna undir faglegri forustu skólameistara. Vinna við gerð skólanámskrár er mikilvægur þáttur í gæðastjórnun hvers skóla. Í öðru lagi eru í frumvarpinu ákvæði um reglulegt sjálfsmat starfsfólks á starfsháttum skóla (21. gr.) sem gerir skólastjórnendur, kennara og annað starfsfólk ábyrgt fyrir því að fram fari stöðug endurskoðun á innra starfi skólans. Í þriðja lagi er í frumvarpinu lögð áhersla á stöðugt þróunar- og tilraunastarf til að efla skólastarf á framhaldsskólastigi. Gert er ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur þróunarsjóður fyrir framhaldsskóla (44. gr.) þar sem skólar geti sótt um styrki og er þannig hvatt til nýbreytnistarfa í skólum. Einnig er ákvæði um að menntamálaráðherra geti veitt skólum heimild til að gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga (43. gr.). Skilyrði fyrir slíkri heimild er að tilraunin sé takmörkuð við tiltekinn tíma og að úttekt verði gerð á árangri hennar.

Brýnt er að auka endurmenntun kennara í framhaldsskólum þar sem öflug og skipuleg endurmenntun er mikilvæg leið til að innleiða nýja starfshætti í skólum. Huga þarf að því hvernig tengja megi betur endurmenntun kennara við þarfir skólans á hverjum tíma.

---

[6]Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): bls. 21–22.

Eftirlit með skólastarfi.

Á síðustu árum hafa aukist mjög kröfur um eftirlitsskyldu stjórnvalda með skólahaldi, þannig að tryggt verði að allir skólar uppfylli lágmarksgæðakröfur. Frumvarpið gerir ráð fyrir að eftirlit með skólastarfi verði aukið á öllum stigum framhaldsskólakerfisins. Skólum er gert skylt að veita skólanefnd, nemendum og aðstandendum þeirra reglulega upplýsingar um skólastarfið, m.a. með útgáfu skólanámskrár (21. gr.) Einnig skulu þeir taka upp viðurkenndar aðferðir til að meta skólastarfið innan frá, en slíkt mat verður m.a. hægt að tengja aðferðum altækrar gæðastjórnunar eða innleiðslu vottunarhæfra gæðakerfa (22. gr.). Úttekt skal gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti af utanaðkomandi aðila. Nánar er kveðið á um eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytis, en það ber ábyrgð á ytra eftirliti með skólastarfi og námsefni, svo og dreifingu upplýsinga um skólastarf (4. gr.). Gert er ráð fyrir samræmdum lokaprófum í framhaldsskólum (23. gr.), en það er sjálfsagt réttlætismál fyrir nemendur, foreldra, viðtökuskóla og atvinnulíf að lokapróf allra framhaldsskóla séu jafngild. Loks er í frumvarpinu kveðið á um að menntamálaráðherra geri Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti (45. gr.), en brýnt er að Alþingi fylgist reglulega með framkvæmd skólahalds í landinu. Reglubundið eftirlit með skólastarfi og árangri þess miðar að því að tryggja að nám í framhaldsskólum sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.

Réttur nemenda til náms sem uppfyllir gæðakröfur.

Nokkuð virðist skorta á að nemendum framhaldsskólans sé tryggt nám við hæfi þótt gildandi lög kveði á um rétt allra nemenda til náms. Lögin hafa verið túlkuð á þann veg að nemendur eigi rétt á að hefja hvaða nám sem er á framhaldsskólastigi óháð árangri í grunnskóla. Skólar hafa ekki verið í stakk búnir til að veita stórum hópi nemenda viðhlítandi þjónustu, mikið fall er við upphaf framhaldsskóla, nemendur eru oft mun lengur að ljúka námi en námskrá segir til um og margir hverfa frá námi án formlegra námsloka. Meðfylgjandi tafla[7] sýnir hlutfall þeirra nemenda sem ekki hafa lokið námi sex árum eftir grunnskólapróf. Þar kemur fram að íslenskir nemendur virðast skila sér álíka vel inn í framhaldsskóla og í nágrannalöndum, Danmörku og Noregi. Hins vegar ljúka hlutfallslega mun færri nemendur skilgreindum prófum í framhaldsskóla hér á landi. Þessi vandi hefur að sumu leyti ekki verið sýnilegur í íslensku samfélagi því að ungu fólki hefur reynst auðvelt að fá vinnu þótt það hafi ekki haft formlegt lokapróf sem býr það undir ákveðin störf á vinnumarkaðnum. Með samdrætti á vinnumarkaði hefur orðið breyting í þessu efni og kröfur um árangur af skólastarfi hafa aukist.

[7]Jón Torfi Jónasson (1992): Vöxtur menntunar á Íslandi og tengsl hennar við atvinnulíf. *Menntun og mannlíf.* Sammennt og Félagsvísindastofnun, bls. 59.



Það er sjálfsagður réttur nemanda að innritast í nám sem hæfir undirbúningi hans og áhugasviði og sem líklegt er að hann geti lokið á eðlilegum námstíma. Talið er að helst megi koma til móts við námsþarfir þeirra nemenda sem nú hverfa frá námi með aukinni fjölbreytni í starfsnámi og stefna ber að því að efla verulega námsframboð framhaldsskólans á því sviði. Til að gera námsval markvissara eru sett inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskólans (15. gr.). Þau skulu vera sveigjanleg og í samræmi við kröfur sem gerðar eru á viðkomandi braut þannig að hægt verði að taka tillit til mismunandi undirbúnings nemenda í einstökum námsgreinum. Einnig er gert ráð fyrir að nemendum standi til boða námsráðgjöf til að auðvelda námsval í upphafi náms og á síðari stigum þess (14. gr.). Með inntökuskilyrðum, námsráðgjöf og aukinni áherslu á náms- og starfsfræðslu í unglingadeildum grunnskóla skapast forsendur fyrir því að nemendur velji sér nám í framhaldsskóla sem hentar námsundirbúningi þeirra og áhugasviði.

Það er einnig sjálfsagður réttur nemenda að nám sé sambærilegt að gæðum milli framhaldsskóla og að lokapróf úr framhaldsskólum séu jafngild hvar sem þau eru tekin. Gagnrýnt hefur verið að það skorti á samræmingu í námsframboði og námskröfum milli framhaldsskóla og jafnvel innan sama skóla. Markmiðssetning, kennsla, próf og námsmat er að öllu leyti í höndum einstakra kennara, án þess að þessu frelsi skóla og kennara sé fylgt eftir með virku ytra eftirliti. Til að tryggja jafnan rétt nemenda til sambærilegs náms óháð því hvar það er stundað gerir frumvarpið ráð fyrir að lokapróf úr framhaldsskólum verði samræmd í tilteknum námsgreinum (23. gr.). Samræmt námsmat felur í sér virkt ytra eftirlit með því að nám og kennsla byggi á ákvæðum aðalnámskrár (20. gr.), en gert er ráð fyrir að ásamt skólamönnum komi ýmsir aðrir aðilar þjóðfélagsins, svo sem úr háskóla og atvinnulífi að ákvörðun námsmarkmiða fyrir framhaldsskóla. Skýr markmiðssetning í aðalnámskrá og skólanámskrám skólanna veita nemendum og foreldrum upplýsingar um innihald náms á hverri námsbraut, svo og um starfshætti einstakra skóla. Þannig er tryggður réttur nemanda til að fá upplýsingar um það nám sem hann hyggst leggja stund á. Ákvæði um sjálfsmat skólanna og utanaðkomandi úttekt á þeim aðferðum sem skól-

inn beitir eiga að tryggja að almenningur fái upplýsingar um hvernig er háttað faglegum vinnubrögðum innan skólanna (21. gr.).

Aukin fjölbreytni í námsframboði.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins eru breyttar áherslur í námsframboði framhaldsskólans. Framhaldsskólinn er opinn öllum nemendum sem ljúka grunnskóla og stefnt að því að nemendum standi til boða námsleiðir við hæfi. Uppbygging framhaldsskólans samkvæmt frumvarpinu (16. gr.) er sýnd hér á mynd:



Námsleiðir framhaldsskólans verða:

(1) *Námsbrautir framhaldsskólans:* bóknám, starfsnám, almennt nám. (a) *Bóknámsbrautum til stúdentsprófs* er fækkað úr þrettán í þrjár að grunni til. Nemendur hafa þó talsvert val milli kjörsviða og geta þannig sérhæft sig á síðari stigum námsins á svipaðan hátt og gerist í núverandi kerfi. (b) *Starfsnámsbrautir* eru fjölmargar, mislangar og ólíkar að uppbyggingu. Auk hefðbundins starfsnáms á lengri námsbrautum er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu á einnar til fjögurra anna starfsnámi. Slíkt nám er ætlað nemendum sem vilja skjót námslok og komast sem fyrst út í atvinnulífið. Í styttra starfsnámi verða mjög hagnýtar áherslur, en jafnframt þarf að tryggja að námið nýtist nemendum ef þeir ætla að halda áfram skólagöngu þótt síðar verði. Á sumar stuttar starfsnámsbrautir geta nemendur jafnvel innritast án þess að uppfylla inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir framhaldsskólans. (c) *Almenn námsbraut til framhaldsskólaprófs* er ný braut, ætluð nemendum sem eru óráðnir í vali á námsbraut eða skortir undirbúning til að innritast á þá námsbraut sem þeir kjósa. Nám á almennri námsbraut er að hluta til metið inn á aðrar

brautir framhaldsskólans. Viðfangsefni á almennri námsbraut er að stórum hluta val og því má tengja nám á brautinni við stutt starfsnám þannig að nemendur ljúki hvoru tveggja í senn.

(2) *Fornám* er eins árs nám, ætlað nemendum sem koma úr grunnskóla með mjög slakan undirbúning og þurfa mikinn stuðning og persónulega ráðgjöf. Að loknu fornámi geta nemendur tekið stutt starfsnám eða þreytt á ný samræmt lokapróf úr grunnskóla til að geta hafið nám á námsbrautum framhaldsskóla.

(3) *Nám í sérstökum deildum* er ætlað fötluðum nemendum sem ekki geta nýtt sér námsframboð framhaldsskólans. Um er að ræða nám sem þegar er fyrir hendi í skólakerfinu, en hefur ekki fengið formlega viðurkenningu.

Inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskólans eru sveigjanleg, mismunandi eftir brautum og taka mið af uppbyggingu námsins og lokamarkmiðum. Til viðmiðunar verði einkunnir á samræmdu grunnskólaprófi og skólaeinkunnir úr grunnskóla, bæði samtala einkunna í nokkrum völdum námsgreinum og einstakar einkunnir tiltekinna námsgreina. Þannig verður t.d. hægt að miða við árangur í verklegri grein til inntöku á starfsnámsbrautir. Val greina og lágmarkseinkunnir skulu miðast við námskröfur sem gerðar eru á viðkomandi námsbraut. Nánari ákvæði um inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir verða sett í reglugerð.

Efling starfsnáms.

Meginhersla er lögð á starfsnám í frumvarpinu. A.m.k. þrír af hverjum fjórum nemendum sem nú sækja nám í framhaldsskólum skrá sig á almennar bóknámsbrautir og aðeins lítill hluti árgangs útskrifast af starfsmenntabrautum.[*] Breyttar áherslur í námsframboði framhaldsskólanna á næstu árum þurfa fyrst og fremst að beinast að uppbyggingu á sviði starfsnáms. Íslendingar standa frammi fyrir breyttum ytri aðstæðum í efnahags- og atvinnulífi. Aðild að samningi um Evrópskt efnahagssvæði knýr á um uppbyggingu atvinnulífs sem stenst alþjóðlega samkeppni. Menntakerfið gegnir lykilhlutverki í þeirri uppbyggingu, ekki síst starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Stofna þarf nýjar námsbrautir í starfsnámi og aðlaga það nám sem fyrir er breyttum aðstæðum. Mikilvægt er að starfsnám verði eftirsótt, ekki síst af góðu námsfólki. Stefnt skal að því að gera róttæka endurskoðun á starfsmenntabrautum og m.a. að opna leið til stúdentsprófs fyrir nemendur sem ljúka starfsnámi (16. gr.).

Í frumvarpinu eru stefnumótandi ákvæði um markmið og uppbyggingu starfsnáms sem skal vera í sem bestu samræmi við kröfur sem gerðar eru á vinnumarkaði um menntun starfsfólks (24. gr.). Til að slíkt takist þarf að treysta tengsl atvinnulífs og skólakerfis. Því er gert ráð fyrir stóraukinni aðild aðila atvinnulífs að nefndum og ráðum sem ætlað er að annast stefnumörkun í starfsnámi og gera tillögur til ráðherra um tilhögun þess og framkvæmd. Sérstakri ráðgjafarnefnd, *samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi* sem í situr jafn fjöldi fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda, samtökum launþega og hinu opinbera, er ætlað að vera menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun á sviði starfsnáms (25. og 26. gr.). Tillögugerð um innihald og uppbyggingu starfsnáms í einstökum greinum verður í höndum svonefndra *starfsgreinaráða* sem er ætlað að gegna lykilhlut-

---

[*]Samkvæmt námsferilsskýrslunni höfðu um 35% af árgangnum lokið stúdentsprófi við 22 ára aldur, en einungis 8% höfðu lokið iðnnámi eða öðru starfsnámi. Jón Torfi Jónasson (1992).

verki í stjórnun starfsnáms (27. og 28. gr.). Aðilar atvinnulífs eiga meirihlutaaðild að starfsgreinaráði, en um þátttöku þeirra í ákvörðunum um starfsnám í skólakerfinu er ávallt haldið þeirri reglu að jafnræðis sé gætt í fjölda fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda og samtökum launþega.

Gert er ráð fyrir að skólar hafi áfram sjálfstæði um framkvæmd starfsnáms, en skapaður er möguleiki á að aðilar atvinnulífs geti haft áhrif á framkvæmdina í samvinnu við skólamenn. Þannig er gert ráð fyrir að skólar sem sinna starfsnámi geti sett á fót sérstakar ráðgjafarnefndir (29. gr.) með fulltrúum atvinnulífs, en einnig geta aðilar á vinnumarkaði tekið þátt í kjarnaskólaverkefni í samvinnu við skóla og menntamálaráðuneyti. *Kjarnaskóli* er eins konar þróunarskóli (eða þróunardeild) fyrir tilteknar greinar starfsnáms (30. gr.). Kjarnaskóli starfar í nánum tengslum við starfsgreinaráð. Einnig er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að samtök atvinnurekenda og launþega geti gerst aðilar að stofnun og/eða rekstri framhaldsskóla.

Fullorðinsfræðsla.

Í frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir öldungadeildarnámi á vegum framhaldsskóla (32. gr.), en sérstaklega tekið fram að skipulag náms og kennsla skuli sniðin að þörfum fullorðinna nemenda. Stefnt er að aukinni fjölbreytni í námsframboði öldungadeilda, einkum í starfsnámi. Einnig er gert ráð fyrir að fullorðnum nemendum sem hafa litla skólagöngu að baki verði boðið grunnnám í öldungadeildum. Með fjölbreyttara námi fær öldungadeildarhugtakið víðari merkingu.

Hægt verður að heimila framhaldsskólum að efna til endurmenntunarnámskeiða eða annars náms og nýta þannig aðstöðu, kennarakost og tækjabúnað. Forsenda slíkrar starfsemi er að trygging fáist fyrir fullri greiðslu kostnaðar sem af hlýst (33. gr.).

Starfstími skóla.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir lengingu árlegs starfstíma skóla úr níu mánuðum í tíu og fækkun námsára til lokaprófs. Nám til stúdentsprófs tekur því þrjú ár í stað fjögurra nú og kannað verður hvort hægt sé að stytta lengra starfsnám, t.d. iðnnám. Brýnt er að stytting framhaldsskólans bitni ekki á þeim nemendum sem fyrstir stunda nám samkvæmt nýju skipulagi. Þess vegna verður heildarnámstími í framhaldsskólum ekki styttur fyrr en framhaldsskólinn er tilbúinn til að veita nemendum þjónustu miðað við undirbúning úr grunnskóla. Áður en stytting kemur til framkvæmda þarf að gera eftirfarandi ráðstafanir í framhaldsskólum:

Inntökuskilyrði verði sett á námsbrautir framhaldsskóla. Afnám inntökuskilyrða með lögum um framhaldsskóla árið 1989 og fækkun samræmdra prófa við lok grunnskóla hefur fært grunnskólanemendum þau skilaboð að námsárangur í grunnskóla skipti litlu um námsmöguleika og árangur á síðari skólastigum. Framhaldsskólakennarar hafa kvartað yfir ónógum undirbúningi nemenda úr grunnskólum og að stór hluti nemenda sem skráður er á lengri bók- og starfsnámsbrautir sé ekki fær um að takast á við settar námskröfur. Inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskóla auka líkur á að nemendur innritist í nám sem þeir hafa forsendur til að stunda með fullnægjandi árangri og ljúka á þeim námstíma sem kveðið er á um í námskrá. Hægt verður að miða námskröfur á einstökum námsbrautum við undirbúning nemenda úr grunnskóla. Þannig má gera ráð fyrir sanngjarnari starfsháttum í framhaldsskólum þegar kröfur til nemenda eru í samræmi við námsgetu þeirra og undirbúning.

Kennslutími verði aukinn með lengingu árlegs starfstíma úr níu mánuðum í tíu og

fækkun prófdaga. Kennslutímabilin lengjast og svigrúm skapast til betri nýtingar á tíma nemenda og kennara. Nú ríkir í framhaldsskólum stöðugt álag vegna viðvarandi tímaskorts, en kennsluvikur eru einungis 13 á önn og hver dagur sem brott fellur, t.d. vegna lögboðinna frídaga, hefur áhrif á yfirferð námsefnis og árangur kennslu.[9] Rýmkun kennslutíma gefur færi á auknum sveigjanleika í kennsluháttum, en rannsóknir sýna að fjölgun kennsludaga um aðeins tíu á ári getur haft merkjanleg áhrif á námsárangur nemenda.[10] Tryggja þarf nemendum 160 kennsludaga að lágmarki. Lagt er til að prófdögum í framhaldsskólum verði fækkað, en brýnt er að hverfa frá þeirri stefnu að eyða 6–8 vikum af árlegum skólatíma í prófahald og frágang prófa eins og nú virðist raunin.

Nefnd um mótun menntastefnu leggur til að fram fari endurskoðun á uppbyggingu náms á námsbrautum framhaldsskólans. Þessi endurskoðun þarf að gerast með hliðsjón af styttri heildarnámstíma í framhaldsskóla, en fækkun námsára úr fjórum í þrjú felur í sér að námsdögum fækkar um allt að fjörutíu ef miðað er við að kennsludögum fjölgi árlega úr u.þ.b. 130 í a.m.k. 160. Námsuppbygging á einstökum brautum þarf að gera ráð fyrir tilteknum undirbúningi nemenda er þeir hefja nám. Á undanförnum árum virðist sem námsefni grunnskóla hafi í auknum mæli færst upp á fyrsta ár framhaldsskólans. Fyrir suma nemendur er oft um hreina endurtekningu að ræða, aðrir nemendur hafa ekki forsendur til að takast á við settar námskröfur. Á þessu þarf að verða sú breyting að nám sé samfellt ferli, einnig þegar nemendur flytjast milli skólastiga og að námsbrautir framhaldsskóla taki við nemendum sem eru á misjöfnu stigi í námsferlinu, jafnvel ólíku eftir námsgreinum.

Samfara endurskoðun á námsskipulagi framhaldsskólans þarf að gera umbætur á námsskipulagi og kennsluháttum í unglingadeildum til þess að bæta árangur náms í grunnskóla, þannig að nemendur hafi almennt betri námsundirbúning, t.d. í kjarnagreinum, þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla. Umbætur þessar felast fyrst og fremst í skýrari markmiðssetningu, markvissari nýtingu tíma og aukinni áherslu á greinabundna kennslu í unglingadeildum, en jafnframt er gert ráð fyrir að náms- og starfsfræðsla verði aukin. Stefnt er að því að árlegur starfstími verði einnig lengdur í grunnskólum, en sú lenging ætti að stuðla að enn betri árangri skólastarfs. Með lengingu grunnskólans fá nemendur samtals lengri skólatíma en nú er þrátt fyrir styttingu framhaldsskólans um eitt ár.

Gert er ráð fyrir að aðlögunartími að því námsskipulagi sem stefnt er að í framhaldsskólum verði fjögur ár, þ.e. að nemendur sem innritast í framhaldsskóla skólaárið 1998–1999 séu fyrsti árgangurinn sem geti hafið nám samkvæmt hinu nýja skipulagi. Fram til þess verði tíminn nýttur til að endurskoða námsskipulag og starfshætti framhaldsskólans og koma á umbótum í skólastarfi í unglingadeildum og lengingu skólaárs grunnskólans.

---

[9]Á vorin nýtist tíminn t.d. mjög illa á námskeiðum sem falla á fimmtudaga þar sem margir frídagar, svo sem sumardagurinn fyrsti, skírdagur og uppstigningardagur, eru á fimmtudegi.

[10]Goodlad, J.I. (1984), A Place called School: Prospects for the Future, bls. 96.

Ljóst er að ákvæði frumvarpsins um lengingu skólaársins getur ekki komið til framkvæmda fyrr en samið hefur verið við kennara um slíkar breytingar. Jafnframt er brýn þörf á að taka skilgreiningar á starfstíma í kjarasamningum kennara til endurskoðunar þannig að þær verði sveigjanlegri og betur lagaðar að þörfum skólastarfs. Kennarasamtök hafa þegar lýst yfir vilja til að ganga til samninga um breyttar skilgreiningar á starfstíma kennara og þarf að hefja þá vinnu hið fyrsta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að fellt er brott ákvæði um framhaldsdeildir grunnskóla. Framvegis tilheyrir allt skólahald á framhaldsskólastigi framhaldsskóla. Eðlilegt þykir að draga skörp skil á milli grunn- og framhaldsskólastigs þó af hagkvæmnisástæðum kunni í einstaka tilvikum að verða stofnað til útibúa frá framhaldsskóla í tengslum við grunnskóla eða jafnvel stofnað til sérstaks skólahalds á framhaldsskólastigi í húsnæði grunnskóla. Fari slík starfsemi fram í húsnæði grunnskóla verður að gera ráð fyrir sérstökum samningi um reksturinn.

Um 2. gr.

Markmiðsgrein laganna leggur grunn að almennu og sérhæfðu menntunarhlutverki framhaldsskólans. Gert er ráð fyrir að framhaldsskólinn sinni öllum ungmennum sem lokið hafa námi í grunnskóla og veiti þeim undirbúning fyrir líf, starf og frekara nám. Í aðalnámskrá skulu meginmarkmið framhaldsskólans skilgreind nánar og endurspeglast síðan í skólanámskrám og störfum einstakra skóla.

Lögð er áhersla á mikilvægt hlutverk framhaldsskólans í almennri menntun og félagslegu uppeldi nemenda auk þess sem skólinn á að vera vettvangur fyrir kynningu þjóðlegra og alþjóðlegra menningarverðmæta. Með vali viðfangsefna og starfsháttum skal stefnt að því að þroska með nemendum ábyrgðarkennd, víðsýni og umburðarlyndi, hvetja þá til sjálfstrausts og frumkvæðis og þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun. Loks er framhaldsskólanum ætlað að hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar eftir að formlegri skólagöngu lýkur.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um lengingu skólaársins í tíu mánuði og að nemendur í framhaldsskólum eigi rétt á tilteknum fjölda kennsludaga á hverju skólaári. Samfara lengingu skólaársins skal stefnt að betri nýtingu á starfstíma skóla, m.a. með fækkun prófdaga. Með lengri árlegum starfstíma skóla verður hægt að skipuleggja námið í stærri og samfelldari heildum og álag á nemendur og kennara jafnast yfir árið. Þannig fæst betri nýting á starfsfólki skólanna, húsnæði og tækjum.

Ljóst er að semja þarf við kennara um lengdan árlegan starfstíma skóla áður en þetta ákvæði getur komið til framkvæmda. Að nokkru leyti er hægt að fá fram betri nýtingu á tíma í framhaldsskólum innan gildandi kjarasamninga, t.d. með því að stytta próftímabilin og nýta betur tíma sem til ráðstöfunar er.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um ábyrgð menntamálaráðherra á yfirstjórn menntunar á framhaldsskólastigi. Þannig gefur hann út aðalnámskrá og sér um eftirlit með skólastarfi. Eftirlit með skólastarfi beinist að því að skólar framfylgi í starfi sínu ákvæðum laga, reglugerða og aðalnámskrár. Einnig þykir rétt að fylgst verði betur með gæðum námsefnis á framhaldsskólastigi en hingað til hefur tíðkast vegna augljóss mikilvægis þess í námi og kennslu.

Bætt er inn ákvæði um söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf til almennings og opinberra aðila. Þar er m.a. um að ræða útgáfu ýmiss konar upplýsingarita, t.d. með tölfræðilegum upplýsingum um skólastarf. Upplýsingakrafa á íslensk stjórnvöld erlendis frá hefur stóraukist með auknu alþjóðasamstarfi. Sem dæmi má nefna þátttöku Íslendinga í Eurydice, tölvugagnabanka um menntamál í kjölfar samnings um EES. Á vegum Eurydice er nú unnið að upplýsingaöflun um skólastarf á leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi.

Menntamálaráðherra er einnig falið að hafa eftirlit með því að framhaldsskólar hafi fullnægjandi aðstöðu að því er húsnæði og búnað varðar. Í þessari grein er kveðið á um eftirlitsskyldu ráðuneytis varðandi fjárhag skólanna, svo og húsnæði þeirra og búnað, en þar er um nýmæli að ræða frá núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að samstarfsnefnd framhaldsskóla sé fyrst og fremst til ráðgjafar varðandi málefni framhaldsskólastigsins og vettvangur þessara aðila til samræmingar og samstarfs.

Fellt er brott ákvæði í gildandi lögum um heimild til þess að skipta landinu í afmörkuð framhaldsskólasvæði. Gert er ráð fyrir að nemendur eigi ótvíræðan rétt á að hefja nám í framhaldsskóla óháð búsetu.

Um 6. gr.

Í skipan skólanefnda er gerð sú breyting frá gildandi lögum að fækkað er úr sjö fulltrúum í fimm. Sveitarfélagafulltrúar verða tveir í stað þriggja, en rétt þykir að gefa sveitarstjórn þar sem framhaldsskóli er möguleika til verulegra áhrifa á skólann þótt sveitarstjórn greiði ekki rekstrarkostnað framhaldsskóla. Fulltrúar ríkisins verða nú þrír í stað eins áður og er gert ráð fyrir að þeir séu að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem að skólanum standa. Reglan á að vera sú að allir fulltrúar skólanefndar komi af því svæði sem sækir nám til skólans, en ekki þykir t.d. rétt að ætlast til þess að skipaður skólanefndarfulltrúi þurfi að víkja sæti ef hann flyst út fyrir bæjarfélagið. Með aukinni verkaskiptingu má gera ráð fyrir að skólar þjóni stóru svæði, jafnvel öllu landinu í einstökum greinum. Í þeim tilvikum kann að þykja rétt að skólanefndarmenn komi víðar að. Lagt er til að við skipun fulltrúa menntamálaráðherra í skólanefnd verði m.a. leitað til aðila úr atvinnulífi hlutaðeigandi sveitarfélaga. Einn fulltrúi nemenda og einn fulltrúi starfsmanna skóla verða áheyrnarfulltrúar.

Þar sem verkefni skólanefndar er m.a. að fjalla um mannaráðningar og námsframboð skólans er talið hætt við hagsmunaárekstrum með skipun fulltrúa starfsmanna í skólanefnd. Auk þess má telja óeðlilegt að undirmenn skólameistara séu með setu sinni í skólanefnd settir yfir hann í krafti atkvæðisréttar síns. Því þykir rétt að starfsmenn skóla hafi einungis einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd með málfrelsi og tillögurétti.

Kveðið er á um að ráðherra geti heimilað sveitarstjórn/sveitarstjórnum að tveir eða fleiri skólar sameinist um eina skólanefnd, en slíkt hefur verið rætt t.d. á Austurlandi.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að verkefni skólanefndar verði umfangsmeiri en gildandi lög gera ráð fyrir. Gagnrýnt hefur verið að í gildandi lögum um framhaldsskóla sé verkaskipting skólameistara og skólanefndar óljós. Í frumvarpi þessu er reynt að skerpa þessi skil.

Skólanefnd gerir ár hvert starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára í senn og sendir hana menntamálaráðherra. Skólanefnd er ætlað að marka stefnu skólans og sérstöðu. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að skólanámskrá, sem unnin er af starfsfólki skólans að frumkvæði skólameistara (sbr. 8. og 20. gr.), þarfnist samþykkis skólanefndar. Skólanefnd fylgist náið með fjármálum skólans og gerir menntamálaráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans tvisvar á ári, þ.e. í febrúar og ágúst.

Fagleg forusta í daglegu starfi skólans er hins vegar með öllu í höndum skólameistara, svo og starfsmannaráðningar í samráði við skólanefnd. Skólameistari er framkvæmdastjóri skólanefndar og undirbýr tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun og leggur fyrir skólanefnd.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda sem nemendum er gert að greiða við innritun í framhaldsskóla, svo og gjaldtöku af nemendum vegna verklegrar kennslu. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um innheimtu gjalda af nemendum. Gjöld til nemendasjóðs eru ákveðin af nemendafélagi skólans sem sér um innheimtu þeirra.

Allar fjárreiður framhaldsskóla eru nú háðar endurskoðun löggilts endurskoðanda og staðfestingu Ríkisendurskoðunar. Gildir það einnig um innheimt gjöld er nemendum er gert að greiða.

Um 8. gr.

Sú breyting er frá gildandi lögum að hér er sérstaklega er kveðið á um faglega forustu skólameistara. Hann hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og er þannig leiðandi í faglegu umbótastarfi innan skólans. Skólaráð er nýtt heiti á skólastjórn, en verksvið þess er að aðstoða skólameistara við stjórn skóla, einkum þá hlið sem snýr að samskiptum nemenda við starfsfólk skólans.

Um 9. gr.

Hér eru sett nokkuð fyllri ákvæði um kennarafundi en eru í gildandi lögum. Almennur kennarafundur er vettvangur þar sem kennarar geta haft áhrif á stefnumótun og þróun innra starfs skólans, þar með talin þróun skólanámskrárgerðar. Því er mikilvægt að ályktanir og tillögur sem kennarafundur samþykkir berist skólanefnd og skólaráði til umfjöllunar. Talið er rétt að lögbinda lágmarkstíðni kennarafunda við tvo fundi á önn að jafnaði, ekki síst í ljósi þess að formleg áhrif starfsmanna í skólanefnd verða nú minni en áður. Þá er skólameistara skylt að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólaráði eða þriðungur starfandi kennara skólans krefst þess.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. gildandi laga að því undanskildu að nemendaráð gerir ekki lengur tillögu til skólanefndar um upphæð nemendasjóðsgjalda, heldur er sú ákvörðun nú eingöngu í höndum nemendafélags skólans.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að horfið verði frá setningu og skipun í stöður við framhaldsskóla. Þess í stað verði ráðningu starfsmanna hagað með sama hætti og almennt er nú orðið um ríkisstarfsmenn, þ.e. ráðning til starfa er samkvæmt ráðningarsamningi, en skipanir í stöður ævilangt sæta vaxandi gagnrýni og ýmis vandkvæði fylgja því ráðningarformi.

Ráðningartími skólameistara miðast við fimm ár og og gert ráð fyrir að heimilt verði að endurráða í starfið að undangenginni auglýsingu. Vakin er sérstök athygli á ákvæði um rétt kennara sem ráðinn er skólameistari til að halda kennarastöðu sinni meðan hann gegnir starfi skólameistara. Þar sem ráðning er til ákveðins tíma þykir rétt að tryggja starf með þessum hætti og stuðla þannig að því að hæfir kennarar fáist til stjórnunarstarfa þar sem þeir eiga öruggt kennslustarf að ráðningartíma loknum.

Skólameistari ræður aðra starfsmenn skóla að höfðu samráði við skólanefnd. Er ráðningarvald skólameistara aukið frá því sem nú er þar sem ekki þarf lengur að leita staðfestingar menntamálaráðherra á ráðningum við framhaldsskóla. Er þetta liður í því að efla sjálfstæði einstakra skóla. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji skólameistara, kennurum og fleiri starfsmönnum skóla erindisbréf, en tryggja þarf að erindisbréfin gefi skólum möguleika á að starfa samkvæmt aðferðum altækrar gæðastjórnunar.

Um 12. gr.

Greinin er óbreytt frá 14. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að í stað „orlofs“ er talað um námsorlof og að frestur til þess að skila umsóknum um námsorlof er miðaður við 1. október árlega í stað 1. nóvember áður.

Um 13. gr.

Greinin kveður á um rétt nemenda til heilbrigðisþjónustu meðan þeir eru við nám í framhaldsskóla. Sú breyting er gerð frá gildandi ákvæðum að nú er ótvírætt kveðið á um að nærliggjandi heilsugæslustöð skuli annast þetta starf í umsjá viðkomandi héraðslæknis.

Um 14. gr.

Greinin kveður á um rétt nemenda til námsráðgjafar, en námsráðgjöf hefur eflst í framhaldsskólum á undanförnum árum. Nemendur skulu eiga kost á hvoru tveggja, ráðgjöf um náms- og starfsval á hinum ýmsu stigum námsins, sem og leiðsögn og liðsinni í persónulegum málum er snerta námið og skólann. Námsráðgjafar, kennarar og annað starfsfólk veita þessa þjónustu. Í því sambandi er brýnt að auka vægi umsjónarkennara í framhaldsskólum.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að öll ungmenni eigi kost á námi á framhaldsskólastigi að loknum grunnskóla. Á framhaldsskólastigi verði í boði nám sem hentar nemendum með ólíkan undirbúning, námsgetu og áhugasvið. Möguleikar nemenda í vali á námsleiðum eru í samræmi við undirbúning og námsárangur nemenda úr grunnskóla, eða undirbúning sem þeir hafa aflað sér með öðrum hætti.

Inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir miðast fyrst og fremst við að nemendur hafi nægilegan undirbúning til þess að takast á við nám viðkomandi brautar og geti náð lokamarkmiðum hennar á eðlilegum námstíma. Inntökuskilyrði verða því breytileg eftir námsbrautum. Þau miðast við einkunnir á samræmdum prófum grunnskóla og skólaeinkunn-

ir. Ýmist er um að ræða meðaleinkunn nokkurra tiltekinna námsgreina eða lokaeinkunn einstakra greina. Val greina sem inntökuskilyrði eru miðuð við verður í samræmi við áherslur á námsbrautinni. Í starfsnámi verður m.a. hægt að miða við einkunnir í verklegum greinum.

Rétt þykir að heimila skólum, ef sérstök rök mæla með því, að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu á einstakar námsbrautir án þess að hann fullnægi almennum inntökuskilyrðum. Áður en slík heimild er veitt ber að meta stöðu nemandans og skera þannig úr um það hvort hann hefur raunhæfa möguleika til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut.

Þeim sem ekki hafa náð tilskildum lágmarksárangri við lok grunnskóla til að innritast á einstakar námsbrautir skal standa til boða fornám eða nám í sérstökum deildum sem ætlað er fötluðum nemendum.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir að nám að loknu grunnskólaprófi sé skipulagt á mismunandi námsbrautum og að nemendur innritist á tilteknar brautir strax við upphaf náms í framhaldsskóla. Markmið með námi á öllum námsbrautum er að veita almenna menntun sem undirbýr nemendur undir líf í lýðræðisþjóðfélagi og sérhæfða menntun sem er markviss undirbúningur fyrir frekara nám og/eða störf í þjóðfélaginu.

Um er að ræða þrenns konar námsbrautir: bóknámsbrautir til stúdentsprófs sem veita undirbúning fyrir nám á háskólastigi, starfsnámsbrautir til skilgreindra lokaprófa sem búa nemendur undir tiltekin störf í atvinnulífinu og almenna námsbraut til framhaldsskólaprófs sem býr nemendur undir frekara nám á öðrum námsbrautum eða er skilgreindur hluti af námi á einstökum starfs- eða bóknámsbrautum.

Ástæða þykir að fækka að grunni til bóknámsbrautum til stúdentsprófs, en í gildandi námskrá fyrir framhaldsskóla eru þrettán slíkar skilgreindar. Gert er ráð fyrir að bóknámsbrautirnar verði þrjár, þ.e. að einungis verði skilgreindir þrír brautarkjarnar í bóknámi, en kjarnanám hinna þrettán brauta er svo líkt að einföldun þykir vel möguleg. Fækkun námsbrauta auðveldar skipulagningu náms í skólum, eykur samræmi milli einstakra skóla og gefur möguleika á markvissu eftirliti með námsárangri nemenda. Á einstökum brautum er síðan hægt að bjóða mismunandi mörg kjörsvið. Þannig hafa nemendur möguleika á fjölbreytni í vali á kjörsviði og því verður í heild ekki um að ræða samdrátt í námsframboði á framhaldsskólastigi frá því sem nú er.

Gert er ráð fyrir að samfara lengingu árlegs starfstíma framhaldsskóla verði námsárum fækkað og að nám til stúdentsprófs taki þrjú ár í stað fjögurra. Námslengd í starfsnámi mun einnig styttast með lengingu árlegs skólatíma, en námstími verður þó mislangur eftir greinum. Gert er ráð fyrir að námslengd einstakra starfsnámsbrauta verði tilgreind í aðalnámskrá og munu þau ákvæði unnin í samstarfi við aðila atvinnulífs. Þörf er á aðlögunartíma áður en ákvæði um fækkun námsára getur komið til framkvæmda. Ákvæði um inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir þurfa að vera komin til fullra framkvæmda, svo og endurskoðun á uppbyggingu náms a.m.k. á bóknámsbrautum til stúdentsprófs. Stefna ber einnig að því að bæta almennan námsundirbúning nemenda úr grunnskóla þar sem styttingin felur í sér allt að 40 daga fækkun kennsludaga í framhaldsskólum.

Gert er ráð fyrir aukinni verkaskiptingu framhaldsskóla og að þeir sérhæfi sig í framboði tiltekinna námsbrauta og kjörsviða. Nemandi velur þannig skóla með tilliti til námsframboðs. Þegar skólum er veitt leyfi til að bjóða tiltekið nám skal tekið mið af sérstökum aðstæðum í skóla og byggðarlagi, fjölda nemenda í skólanum, aðbúnaði og kennarakosti skólans. Verkaskipting er talin forsenda þess að unnt verði að halda uppi í landinu framhaldsskólanámi sem stenst alþjóðlegar kröfur um gæði, ekki síst þá kröfu að kennslan sé í höndum kennara sem hafa sérhæfða menntun til kennslu í viðkomandi námsgreinum.

Um 17. gr.

Allt nám í framhaldsskóla skal byggt upp í samræmi við lokamarkmið námsins og skiptast í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Þar sem lokamarkmið einstakra námsbrauta eru ólík má gera ráð fyrir mismunandi hlutföllum einstakra þátta eftir brautum. Þannig er lögð mikil áhersla á bóklegar og verklegar valgreinar á almennri námsbraut til framhaldsskólaprófs og eru þær a.m.k. helmingur námsins á brautinni. Á almennri námsbraut er t.d. mögulegt að taka stutta starfsnámsbraut sem kjörsvið. Á bóknámsbrautum til stúdentsprófs er brautarkjarni u.þ.b. 60% námsins, kjörsvið u.þ.b. 30% þess og frjálst val u.þ.b. 10%. Þar velja nemendur námsbraut í upphafi náms og síðan kjörsvið innan brautarinnar. Með ákveðnu frelsi í samsetningu brautarkjarna og kjörsviðs í námi til stúdentsprófs er reynt að gera stúdentsprófið sveigjanlegra án þess að slaka á kröfum í námsgreinum brautarkjarnans. Á starfsnámsbrautum getur hlutfallið milli brautarkjarna, kjörsviðs og frjáls vals verið mismunandi, enda eru starfsnámsbrautir innbyrðis ólíkar meðal annars með tilliti til uppbyggingar og námslengdar.

Brautarkjarni tekur til almennra námsgreina sem stuðla að almennri menntun nemenda og undirbúningi undir þátttöku í samfélaginu og sérgreina brautar sem gefa námsbrautinni sérstöðu gagnvart öðrum brautum.

Almennar námsgreinar og námsþættir í brautarkjarna geta verið mismunandi eftir brautum og áherslur ólíkar, hagnýtar og fræðilegar, eftir því hvert er lokamarkmið brautarinnar. Á öllum lengri námsbrautum skal kennd íslenska, stærðfræði, enska og eitt Norðurlandamál. Vægi einstakra greina er ólíkt eftir brautum, en tryggt skal að nemendur í námi til samræmds stúdentsprófs leggi stund á a.m.k. tvær af kjarnagreinunum, íslensku, ensku og stærðfræði, öll ár framhaldsskólans. Nemendur skulu öðlast þjálfun í að tjá sig munnlega og skriflega og læra að beita nútímatækni, t.d. tölvu, við lausn daglegra verkefna. Einnig skulu koma til námsþættir sem stuðla að því að gera nemendur hæfa til að lifa í lýðræðisþjóðfélagi og dýpka skilning þeirra á samfélaginu, svo sem sögulegum forsendum, atvinnuháttum, menningu og listum, náttúru og umhverfi, hagfræði og auðlindum jarðar, samskiptum, fjölskylduábyrgð og einstaklingsskyldum. Þessi hluti almenna námsins nefnist ratvísikjarni og skulu markmið hans skilgreind í aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólar geta hagað útfærslu námsmarkmiða ratvísikjarna á mismunandi vegu. Í skólanámskrá skal vera lýsing á þeirri útfærslu, en námsþættir ratvísikjarna skulu kenndir ýmist sem sérstakir áfangar, eða samþættir kennslu einstakra námsgreina.

Sérgreinar brautar í starfsnámi eru bóklegar og verklegar sérgreinar starfs eða starfssviðs. Í bóknámi til stúdentsprófs eru sérgreinar t.d. þriðja tungumál og aukin áhersla á tiltekin fræðasvið, t.d. náttúrufræðigreinar og stærðfræði á náttúrufræðabraut eða tungumál á málabraut þar sem nemendur kynnast m.a. aðferðafræði fræðasviðanna og eru búnir undir frekara nám á háskólastigi. Samsetning sérgreina einstakra brauta og áherslur í innihaldi verða ákvarðaðar í aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að að-

ilar atvinnulífs skilgreini sérgreinahluta náms á starfsnámsbrautum, sbr. IX. kafla frumvarps þessa sem fjallar um starfsnám.

Kjörsvið brautar felur í sér frekari sérhæfingu á sviði brautarinnar. Í starfsnámi gæti kjörsvið ýmist falið í sér sérhæfingu verklegs náms með tilliti til starfa eins og t.d. val á milli útivinnu á byggingarstað (mótauppsláttur, grófsmíði), innivinnu (fínsmíði, innréttingavinna á verkstæði) og véltrésmíði á námsbraut fyrir húsasmiði. Einnig gæti verið um að ræða dýpkun á sérsviðum, svo sem í efnisfræði, hönnun, teikningum, tölvustýringum, sögu og félagsfræði starfsgreinarinnar eða samþætt verkefni á borð við vöruþróun í samstarfi við fyrirtæki. Sé sama starfsnám í boði í nokkrum skólum gætu þeir boðið fram mismunandi kjörsvið.

Kjörsvið á bóknámsbrautum til stúdentsprófs gefur nemendum tækifærki til að kafa dýpra í einstök námssvið tengd sérgreinum brautarinnar og þar með fá þeir markvissan undirbúning fyrir tiltekið nám á háskólastigi. Nám á kjörsviði á jafnframt að tryggja að nemandi, sem lokið hefur stúdentsprófi, hafi öðlast þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og innsýn í aðferðafræði vísinda með því að kynnast vel viðfangsefnum tiltekins fræðasviðs. Á kjörsviði félagsfræðabrautar geta nemendur t.d. valið á milli sérhæfingar á sviði hagfræði, almennrar félagsfræði, sálarfræði, fjölmiðlafræði o.fl.; á kjörsviði málabrautar geta nemendur sérhæft sig í fornmálum, nýmálum o.fl.; á kjörsviði náttúrufræðabrautar geta nemendur sérhæft sig á sviði líffræði, eðlisfræði, stærðfræði o.fl., svipað og nú gerist á hinum mismunandi námsbrautum framhaldsskólans.

Gefa þarf nemendum kost á að taka kjörsvið af öðrum brautum ef þeir hafa uppfyllt ákveðin skilyrði sem skilgreind eru í aðalnámskrá. Þannig gæti nemandi á náttúrufræðabraut hugsanlega tekið kjörsvið í sálarfræði. Einnig verði hugað að þeim möguleika að nemendur, sem hafa lokið öðru námi á framhaldsskólastigi, t.d. starfsnámi, fái það nám eða hluta þess metið sem ígildi kjörsviðs. Tónlistarnám við viðurkennda tónlistarskóla eða annað samfellt listnám á framhaldsskólastigi fengist t.d. metið með þessum hætti.

Frjálst val, á lengri námsbrautum framhaldsskóla, gefur nemendum tækifæri til að kynnast ólíkum námsgreinum, t.d. matreiðslu, listasögu, tónlist, heimspeki, forritun. Með því að leggja stund á ólíkar námsgreinar að eigin vali gefst nemendum kostur á að sinna eigin áhugasviði og víkka sjóndeildarhringinn. Einnig gæti nemandi notað frjálst val til að bæta við kjörsvið sitt.

Um 18. gr.

Fornám er ætlað nemendum sem lokið hafa grunnskóla án þess að ná lágmarksárangri og geta ekki hafið nám á námsbrautum framhaldsskóla án frekari undirbúnings, sbr. 15. gr. Námið miðar að því að byggja upp sjálfstraust nemenda og efla færni þeirra í almennum námsgreinum þannig að þeir geti hafið nám á námsbrautum framhaldsskóla og hafi möguleika til að standa sig þar. Ráðgjöf og ýmiss konar stuðningur við nemendur gegna veigamiklu hlutverki í fornámi. Í aðalnámskrá skulu vera rammareglur um innhald og uppbyggingu fornáms, en líklega mun útfærsla þess verða ólík eftir skólum og samsetningu nemendahópa.

Ljóst er að skortur er á námsframboði fyrir nemendur sem ekki tekst að ljúka grunnskóla með lágmarksárangri og undanfarin ár hefur verið tvísýnt um hvort unnt yrði að uppfylla þörf nemenda fyrir fornám. Tryggja þarf að slíkt námstilboð sé til staðar og þykir rétt að það sé við framhaldsskóla, en ekki grunnskóla þannig að allur árgangurinn færist á milli skólastiga samtímis. Nánari ákvæði um stofnun, rekstur og fyrirkomulag fornáms skulu sett í reglugerð.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu samhljóða ákvæðum 30. gr. gildandi laga þó með þeirri breytingu að felld er brott heimild til stofnunar sérskóla fyrir þroskahefta nemendur, en þess í stað kemur heimild til stofnunar sérstakra deilda fyrir fatlaða nemendur.

Gert er ráð fyrir að áfram verði stefnt að því að kenna fötluðum nemendum í almennum framhaldsskólum svo sem frekast er unnt og veita þeim nauðsynlegan aðbúnað og sérfræðilega aðstoð í því skyni. Hugsanlegt er að stærri skólar sérhæfi sig í þjónustu við fatlaða nemendur. Þegar er kominn vísir að þjónustumiðstöð fyrir fatlaða framhaldsskólanemendur við Menntaskólann við Hamrahlíð og gæti reynsla sem skapast hefur þar nýst öðrum skólum.

Með námi í sérstökum deildum er átt við ýmiss konar nám sem sniðið er fyrir nemendur með sérþarfir sem þurfa sérstakt námstilboð. Námið veitir nemendum almennan undirbúning fyrir lífið og getur einnig miðað að því að undirbúa þá undir atvinnuþátttöku. Í Iðnskólanum í Reykjavík hefur í nokkur ár verið rekin slík starfsdeild með góðum árangri. Mikilvægt er að þetta nám hljóti viðurkenningu í framhaldsskólakerfinu og að fatlaðir nemendur eigi kost á námstilboði sem býr þá undir verkefni daglegs lífs og þátttöku í þjóðfélaginu. Þróun þessa námstilboðs þarf að taka mið af aðstæðum þar sem það verður sett á fót.

Um 20. gr.

Aðalnámskrá framhaldsskóla er meginviðmiðun skólastarfs á framhaldsskólastigi og því mikilvægt stjórntæki yfirvalda menntamála. Aðalnámskrá inniheldur ákvæði um réttindi og skyldur nemenda í framhaldsskólum.

Í aðalnámskrá er gerð grein fyrir uppbyggingu náms á einstökum námsbrautum. Með ákvæðum um samhengi og stígandi náms á hverri námsbraut, er gert ráð fyrir að námið sé byggt upp sem samfellt ferli frá upphafi til loka og hugsað sem ein heild þar sem hver þáttur styður annan. Við gerð aðalnámskrár þarf einnig að huga að samfellu í námi á milli grunn- og framhaldsskólastigs.

Með kennsluskipan er átt við aðstæður og tilhögun sem nauðsynlegar eru til að geta útfært markmiðslýsingar aðalnámskrár, svo sem hvernig kennsla í starfsnámi skiptist á skóla og vinnustað. Í hvaða greinum nemendur eigi rétt á skiptitímum, þ.e. kennslu í smærri hópum og tilhögun fjarnáms. Með kennsluskipan er ekki átt við kennsluhætti, ákvörðun þeirra er á ábyrgð kennara og einstakra skóla og á að koma fram í skólanámskrá.

Í aðalnámskrá skulu vera ákvæði um námsmat í framhaldsskólum, almennt námsmat og lokamat. Hvers konar mati skuli beitt og hvaða námskröfur skuli gera til nemenda til að geta lokið tilteknum áföngum náms eða til lokaprófa. Þar skal einnig tilgreindur réttur nemenda til próftöku og til að sjá eigin prófúrlausnir.

Aðalnámskrá kveður á um hvernig nám skuli metið milli námsbrauta og einstakra skóla, svo og hverju nemendur þurfa að bæta við sig í námi við þann flutning, en gert er ráð fyrir að skilgreindar verði brýr milli námsbrauta framhaldsskólans. Einnig skulu í aðalnámskrá settar reglur um skólanámskrár og mat á skólastarfi.

Um 21. gr.

Skólanámskrá er stjórntæki skólameistara og skólanefndar á sama hátt og aðalnámskrá er stjórntæki fyrir fræðsluyfirvöld. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir stefnumörkun skólans, sérstökum áherslum í starfi, skipulagi náms í skólanum og kennsluháttum. Einnig veitir skólanámskrá nemendum og almenningi upplýsingar um skólann og skólastarfið, en skólanámskrá er ætlað að lýsa sérstöðu skólans gagnvart öðrum framhaldsskólum.

Vinna við gerð skólanámskrár er mikilvægur þáttur í gæðastjórnun hvers skóla, því að starfsmenn skólans vinna í sameiningu að skólanámskrá að frumkvæði og á ábyrgð skólameistara. Leggja þarf skólanámskrá fyrir skólanefnd til samþykktar áður en skólar geta hafið störf á grundvelli hennar.

Um 22. gr.

Á síðustu árum hafa verið teknar upp margvíslegar sjálfsmatsaðferðir í skólum til að bæta árangur skólastarfsins. Gert er ráð fyrir að skólar styðjist við aðferðir sem þróaðar hafa verið og gefist hafa vel. Þá er gert ráð fyrir að skólar geti innleitt aðferðafræði altækrar gæðastjórnunar eða notkun viðurkenndra gæðakerfa sem byggja á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum.

Ekki eru tilgreindar ákveðnar aðferðir við að taka út sjálfsmat skóla, en þess vænst að stuðst verði við viðurkenndar aðferðir sem þróaðar hafa verið í öðrum löndum í þessu skyni. Þegar skólar innleiða stöðluð gæðakerfi er gert ráð fyrir að viðurkenndir vottunaraðilar geti vottað notkun slíkra gæðakerfa.

Um 23. gr.

Gert er ráð fyrir að lokapróf af námsbrautum framhaldsskóla verði samræmd í tilteknum greinum sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Slíkt mun gera kröfu til meira samræmis í námi milli skóla, en allt námsframboð framhaldsskólans skal skilgreint í aðalnámskrá.

Nauðsynlegt þykir að lög ákveði hvaða aðili annist gerð samræmdra prófa og úrvinnslu samræmdra lokaprófa. Gert er ráð fyrir að lokapróf í starfsnámi verði undirbúin í samráði og/eða samvinnu við aðila atvinnulífsins samkvæmt nánari tillögum frá viðkomandi starfsgreinaráðum.

Um 24. gr.

Greinin fjallar um hlutverk starfsnáms á framhaldsskólastigi. Kveðið er á um að innihald starfsnáms skuli taka mið af kröfum atvinnulífs um fagmenntun starfsfólks og stuðla jafnframt að almennri menntun nemenda og jákvæðu viðhorfi til símenntunar. Áhersla er lögð á að námið sé skipulagt sem heild þannig að hver þáttur námsins styðji annan og að verknámið fari fram við raunverulegar aðstæður eftir því sem kostur er. Stuðlað skal að kerfisbundinni víxlverkun náms í skóla og á vinnustað eftir því sem við verður komið.

Um 25. gr.

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi er ætlað að vera menntamálaráðherra til ráðuneytis í stefnumótandi ákvörðunum um starfsnám þannig að áherslur í náminu séu í samhengi við atvinnuþróun í landinu á hverjum tíma. Eigi starfsnám að vera í samræmi við áherslur í atvinnulífi þjóðarinnar þarf að sameina krafta ólíkra aðila við mótun starfsmenntastefnu. Því er horfið frá því að binda ráðgjöf til ráðherra um stefnumörkun í starfsnámi við einstaka atvinnuvegi eða starfsgreinasvið eins og verið hefur. Sam-

starfsnefnd um starfsnám leysir þannig af hólmi iðnfræðsluráð, fræðsluráð sjávarútvegs og fræðsluráð ferðamála sem starfað hafa samkvæmt lögum nr. 58/1988, um framhaldsskóla.

Í nýrri skipan á stjórnun starfsnáms er tekið mið af stjórnkerfi starfsmenntunar í nálægum löndum, en í Danmörku og Þýskalandi eru starfandi slíkar samstarfsnefndir stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar. Um er að ræða fjölmennar nefndir þar sem hver aðili um sig á u.þ.b. ⅓ hluta fulltrúa, þ.e. hið opinbera, samtök atvinnurekenda og samtök launþega.[11] Reynt er að fylgja þessari reglu við val á fulltrúum í samstarfsnefndina. Þeir eru 18 alls, sex tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, sex tilnefndir af samtökum launþega og sex eru fulltrúar hins opinbera.

Mikilvægt er að í samstarfsnefndinni sitji fulltrúar sem flestra atvinnugreina þannig að vettvangur myndist fyrir breiða yfirsýn yfir málefni starfsnáms. Ljóst er að ekki er hægt að tryggja fulltrúum allra hagsmunasamtaka á vinnumarkaði setu í samstarfsnefndinni. Leitað skal til heildarsamtaka atvinnurekenda og launþega um tilnefningar í nefndina og er ætlast til að þessir aðilar hafi með sér samráð um tilnefningar og tryggi þannig sem flestum starfssviðum aðild að nefndinni.

Af hálfu hins opinbera sitja í nefndinni einn fulltrúi frá samtökum sveitarfélaga og fimm fulltrúar sem menntamálaráðherra skipar án tilnefningar. Mikilvægt er að fulltrúar ráðherra hafi reynslu og þekkingu af skóla- og fræðslumálum og er honum m.a. skylt að tilnefna einn starfsmenntakennara og einn fulltrúa úr röðum skólameistara starfsmenntaskóla. Þessir fulltrúar sitja í nefndinni sem fulltrúar hins opinbera, en ekki sem fulltrúar tiltekinna hagsmunasamtaka. Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra noti möguleika sína á beinni skipan í nefndina til að kalla til fulltrúa starfssviða sem sýnt er að ekki muni eiga fulltrúa í nefndinni eða til að auka vægi fulltrúa fyrir tiltekin svið atvinnulífs sem talið er að þurfi að sinna sérstaklega á skipunartímabili nefndarinnar. Dæmi um hið fyrrnefnda er landbúnaður, dæmi um hið síðarnefnda eru sjávarútvegur, matvælaiðnaður og ferðamál. Þessir fulltrúar gætu t.d. komið úr viðkomandi fagráðuneytum eða þau haft milligöngu um að finna þá.

Með nýju stjórnkerfi starfsmenntunar er lögð áhersla á sameiginlega ábyrgð aðila atvinnulífs og hins opinbera á mótun starfsmenntastefnu. Því er talið eðlilegt að tilnefningaraðilar í atvinnulífi greiði kostnað vegna setu fulltrúa sinna á fundum nefndarinnar.[12] Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið veiti nefndinni skrifstofu- og ritaraþjónustu og haldi utan um störf nefndarinnar að öðru leyti.

Um 26. gr.

Samstarfsnefnd um starfsnám er samstarfsvettvangur aðila atvinnulífs og hins opinbera og er m.a. ætlað að gera tillögur um hvernig efla megi tengsl atvinnulífs og skóla.

---

[11]Sbr. 34.–36. gr. í lögum nr. 668/1992 um starfsmenntun í Danmörku (Lov om erhvervsuddannelser) og 54.–56. gr. í þýsku starfsmenntalögunum (Berufsbildungsgesetz) frá 14. ágúst 1969, með áorðnum breytingum.

[12]Þetta er t.d. í samræmi við það sem tíðkast um kostnað af störfum „Erhvervsuddannelsesraadet" í Danmörku þar sem lögð er áhersla á að áhrifum á stefnu og framkvæmd fylgi einnig fjárhagsleg ábyrgð.

Samstarfsnefndin er jafnframt vettvangur þar sem fjallað er um heildarstefnumörkun í málefnum starfsnáms á framhaldsskólastigi, en mikilvægt er að slík stefnumörkun byggi á mati á þörfum í atvinnulífi á hverjum tíma.

Ætlast er til að nefndin sýni frumkvæði í störfum sínum og geri tillögur til umbóta þar sem hún telur þess þörf. Þetta á jafnt við um viðbrögð við sérstökum aðkallandi vanda sem og áætlanir til lengri tíma.

Gert er ráð fyrir að samstarfsnefndin sé ráðgefandi um setningu almennra reglna um málefni starfsnáms, gefi ráð um forgangsröðun verkefna í starfsnámi með tilliti til fjárlaga og sé til ráðuneytis varðandi ákvarðanir um sérstakar tilraunir og þróunarverkefni á sviði starfsnáms.

Þá skal nefndin gera tillögur til menntamálaráðherra um flokkun starfsgreina fyrir starfsgreinaráð, en flokkunin skal gerð í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum.

Um 27. gr.

Starfsgreinaráð koma í stað fræðslunefnda í núverandi stjórnkerfi löggiltra iðngreina. Aðilar vinnumarkaðar tilnefna meiri hluta fulltrúa í starfsgreinaráð og skal tryggja jafnt hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launþega í ráðunum. Í hverju starfsgreinaráði situr einn fulltrúi ráðherra. Skal hann hafa þekkingu á starfsnámi og er ætlast til að hann aðstoði við að koma hugmyndum aðila atvinnulífs í það form sem hentar skólastarfi. Fulltrúi ráðherra getur verið starfsnámskennari eða annar sérfræðingur í málefnum starfsnáms og/eða námskrárgerðar.

Tryggja þarf að sérhver atvinnugrein sem nýtur fræðslu á framhaldsskólastigi eigi kost á fulltrúaaðild að starfsgreinaráði.[13] Hér er um að ræða verulega breytingu frá núgildandi skipulagi þar sem lögbundin aðild að tillögugerð um skipan náms í starfsgrein er einungis á sviði löggiltra iðngreina. Með því að veita öllum starfsgreinum sem kennt er til á framhaldsskólastigi kost á aðild að starfsgreinaráði er verið að auka verulega möguleika aðila atvinnulífsins á því að hafa áhrif á skipan starfsnáms. Þetta gildir einnig um stjórnun náms í löggiltum iðngreinum, en þar verða áhrifin meiri og beinni en núverandi skipulag gerir ráð fyrir. Í starfandi fræðslunefndum fyrir iðngreinaflokka eiga aðilar vinnumarkaðar aðeins tvo af fimm fulltrúum og skal iðnfræðsluráð tilnefna þá, auk eins fulltrúa starfsnámskennara. Menntamálaráðherra skipar formann og ritara fræðslunefnda og er mælst til þess í gildandi lögum að sömu menn sinni þessum hlutverkum í öllum nefndunum. Margar iðngreinar eiga því ekki beina aðild að fræðslunefnd, aðeins fagnefnd sem undirbýr mál fyrir fræðslunefnd viðkomandi iðngreinaflokks. Í frumvarpi þessu er tryggð bein tilnefning samtaka á vinnumarkaði á fulltrúum í starfsgreinaráð. Hver starfsgrein á kost á fulltrúaaðild og í ráðunum sitja nánast einvörðungu fulltrúar aðila atvinnulífs.

Fjöldi starfsgreinaráða fer fyrst og fremst eftir því hvernig starfsgreinar eru flokkaðar og er mikils um vert að aðilar í starfsgreinum séu sáttir við þá flokkun. Starfsgreinaráð geta verið mismunandi fjölmenn og fer stærð þeirra eftir því hversu margar starfsgreinar heyra undir ráðið og ákvörðun samtaka atvinnurekenda og launþega sem að ráðun-

[13] Æskilegt er að hver starfsgrein hafi auk þessa sérstaka fagnefnd eða fræðsluhóp sem vinnur að menntunarmálum greinarinnar og verði starfsgreinaráði til fulltingis.

um standa um fjölda fulltrúa fyrir hverja starfsgrein.

Gert er ráð fyrir að nokkur tími líði frá gildistöku nýrra laga og þar til öll starfsgreinaráð hafa tekið til starfa. Að líkindum er breytingin einföldust á sviði löggiltra iðngreina þar sem fræðslunefndir hafa þegar sinnt hluta þeirra viðfangsefna sem starfsgreinaráðum er ætlað, auk þess sem sumir iðngreinaflokkar hafa nú þegar mikil umsvif í endurmenntun og hafa komið sér upp fræðsluhópum eða jafnvel stofnunum sem vinna að menntunarmálum greinanna.[14] Í öðrum starfsgreinum getur breytingin átt sér stað mishratt allt eftir áhuga, möguleikum og framtaksvilja aðila vinnumarkaðar, svo og möguleikum menntamálaráðuneytis til að fylgja breytingunum eftir með auknum umsvifum á sviði starfsnáms. Í bráðabirgðaákvæði frumvarps þessa er kveðið á um að menntamálaráðherra setji í reglugerð hvernig standa skuli að því að koma ákvæðum um starfsnám til framkvæmda.

Vinnuframlag aðila einstakra starfsgreina mun eðli máls samkvæmt verða mismunandi og m.a. háð áhuga aðila á menntunarmálum greinarinnar. Mikilvægt er að tryggja að starfsnámið líði ekki fyrir það ef einhverjar starfsgreinar sýna ekki það frumkvæði sem vænst er. Því er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra geti skipað tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs ef ekki tekst að mynda slíkt ráð.

Eðlilegt þykir að ákveðin fjárhagsleg ábyrgð fylgi auknum möguleikum aðila vinnumarkaðar til frumkvæðis og beinna áhrifa á ákvarðanatöku um skipan starfsnáms. Því er gert ráð fyrir að starfsgreinasamtök greiði kostnað af heföbundnum nefndarstörfum fulltrúa sinna í starfsgreinaráði. Lögð er áhersla á að menntamálaráðuneytið veiti ráðunum sérfræðilega þjónustu og aðstoð við að laga tillögur þeirra og hugmyndir að eðli skólastarfs. Menntamálaráðherra kostar gerð námskrár í sérgreinum starfsnáms eins og aðra hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

Um 28. gr.

Starfsgreinaráð skilgreinir þá hæfni sem atvinnulífið krefst af starfsfólki í einstökum starfsgreinum, en slík skilgreining liggur til grundvallar skipulagi starfsnáms. Tillögur og ábendingar starfsgreinaráðs til menntamálaráðherra byggja á skilgreindum hæfnikröfum.

Starfsgreinaráð setur fram markmið starfsnáms, þ.e. skilgreinir hvaða kunnáttu og færni nemi þarf að hafa tileinkað sér við lok námsins. Skilgreining þessi tekur fyrst og fremst til bóklegra og verklegra sérgreina, en gert er ráð fyrir að starfsgreinaráð taki einnig afstöðu til markmiða almennra bóknámsgreina eins og þau eru skilgreind í aðalnámskrá og geri tillögur um hvernig megi sveigja þau að lokamarkmiðum viðkomandi námsbrautar. Í sumum tilvikum kann starfsgreinaráð að leggja til að sérstakar áherslur verði lagðar í kennslu einstakra greina. Sem dæmi um slíkt væri áhersla á fagensku í námi í bílgreinum.

Starfsgreinaráð gerir tillögur um uppbyggingu starfsnáms, þ.e. hvernig námið skuli saman sett og hvert skuli vera innihald námsins í grófum dráttum. Með tillögum að námskrá í sérgreinum starfsnáms er átt við að starfsgreinaráð skilgreini nákvæmlega markmið einstakra námsþátta er tilheyra sérgreinum starfsnáms. Fyrir þá vinnu skal starfsgreinaráði standa til boða sérfræðiþjónusta af hálfu menntamálaráðuneytis.

---

[14]Hér má nefna Prenttæknistofnun, Rafiðnaðarskólann, fræðsluráð málmiðnaðarins, fræðsluráð byggingargreina og eftirmenntun bílgreina.

Starfsgreinaráð gerir einnig tillögur að reglum um námsmat í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, þ.e. hvernig gengið skuli úr skugga um að nemandinn hafi staðist tiltekna áfanga náms og geti haldið áfram. Einnig gerir starfsgreinaráð tillögu um tilhögun lokamats. Þar er annars vegar átt við í hvaða greinum starfsnáms skuli prófað samræmt og hverjir skuli koma að því mati. Hins vegar er átt við hvenær lokamat eigi að fara fram (við lok skólanáms eða vinnustaðanáms eða e.t.v. hvort tveggja). Starfsgreinaráð gerir einnig tillögur til menntamálaráðherra um hvernig háttað skuli eftirliti með gæðum skólastarfs og vinnustaðanáms.

Starfsgreinaráð gerir tillögu að skiptingu náms á skóla og vinnustað, svo og að reglum um atriði er varða nám á vinnustöðum. Það gerir tillögu að reglum um hvaða skilyrði vinnustaðir þurfa að uppfylla til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning, svo sem kröfur til leiðbeinenda, tækjakost, hvort og hvernig fleiri en eitt fyrirtæki geta skipt á milli sín þjálfun einstakra nema o.s.frv. Starfsgreinaráð gerir einnig tillögu að reglum um hvaða kennsluaðstöðu og tækjabúnað skólar sem annast tiltekið starfsnám skulu hafa yfir að ráða og hvaða sérstöku kröfur gera skuli til kennara til að kenna viðkomandi starfsnám.

Gert er ráð fyrir að starfsgreinaráð hafi frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms í þeim starfsgreinum er undir ráðið heyra og sé stjórnvöldum til ráðuneytis að öðru leyti. Þannig getur ráðið verið ráðgefandi um ráðstöfun fjár vegna tækjakaupa, námsgagnagerðar o.fl. í viðkomandi starfsnámi og gert tillögur um stofnun nýrra námsbrauta og inntökuskilyrði í viðkomandi starfsnám. Einnig er gert ráð fyrir að starfsgreinaráð tilnefni fulltrúa í ráðgjafarnefndir í byggðarlagi, sbr. 29. gr. Loks er þess að vænta að starfsgreinaráð stuðli að sem bestum námsaðstæðum á vinnustað og að fyrirtæki í greininni taki nema í starfsþjálfun samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár.

Menntamálaráðherra gefur út námskrá í sérgreinum starfsnáms sem hluta af aðalnámskrá framhaldsskóla, svo og reglur um framkvæmd starfsnáms í viðkomandi starfsgreinum, að fengnum tillögum starfsgreinaráðs.

Um 29. gr.

Gert er ráð fyrir að skólanefnd sé heimilt að setja á fót sérstakar ráðgjafarnefndir við skóla til að stuðla að bættu samstarfi skóla og atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi. Slíkar nefndir gætu veitt skólamönnum aðstoð við að útfæra skólanámskrá í starfsnámi á grundvelli aðalnámskrár. Nefndirnar geta verið misstórar og haft ólíkt hlutverk eftir skólum. Við skóla með fjölmennar starfsnámsdeildir getur ein nefnd verið til samráðs við hverja deild og í litlum skólum getur verið ein ráðgjafarnefnd fyrir allan skólann. Að undanförnu hefur Iðnskólinn í Reykjavík haft ráðgjafaraðila af þessum toga í ýmsum greinum og er sú reynsla talin lofa góðu.

Í þessum ráðgjafarnefndum skulu vera jafnmargir fulltrúar launþega og atvinnurekenda og er gert ráð fyrir að skólar leiti til viðkomandi starfsgreinaráða með beiðni um tilnefningar. Með því að starfsgreinaráð hafi milligöngu um tilnefningu fulltrúa úr atvinnulífi í byggðarlaginu eru tryggð ákveðin tengsl milli ráðgjafarnefndar og starfsgreinaráðs. Ákvarðanir starfsgreinaráðs eiga greiðari leið inn í skólana þegar fulltrúar atvinnulífs og skóla geta rætt þær og útfært á sameiginlegum vettvangi. Það fer eftir hlutverki nefndarinnar í hverjum skóla hverjir veljast til setu í henni af skólans hálfu, en eðlilegt er að þar sitji a.m.k. fulltrúar frá yfirstjórn og fagkennurum og e.t.v. fulltrúi nemenda.

Ráðgjafarnefndir samkvæmt lögum þessum eru á ábyrgð viðkomandi skóla sem ber kostnað af störfum þeirra nema um annað semjist milli aðila.

Um 30. gr.

Grein þessi er nýmæli en með ákvæðum hennar geta framhaldsskólar eða einstakar deildir þeirra fengið sérstakt hlutverk sem kjarnaskóli, þ.e. tilrauna- og þróunarskóli í starfsnámi. Kjarnaskólar geta verið mismunandi, enda um að ræða þróunarverkefni sem tekur mið af ólíkum þörfum og aðstæðum starfsgreina og/eða atvinnuvega.

Gera þarf sérstakt samkomulag milli menntamálaráðuneytis og viðkomandi skóla þar sem kveðið er á um tímalengd verkefnisins, stjórnun þess, þar með talda skiptingu hlutverka og ábyrgðar á milli aðila, svo og hvernig úttekt á árangri skuli hagað.

Í kjarnaskóla fer fram þróun á námsefni, námsskipan, kennsluaðferðum og námsmati í viðkomandi starfsnámi. Skólar sem veita menntun á sama sviði eiga að geta leitað til kjarnaskóla um leiðsögn og ráðgjöf m.a. varðandi skipulag námsins, námsefni og kennsluhætti, sem og sérstök þróunarverkefni. Þannig er kjarnaskóli hugsaður sem þróunar- og þjónustustofnun fyrir allt landið.

Um 31. gr.

Þegar í aðalnámskrá er kveðið á um að hluti starfsnáms fari fram á vinnustað fer um það nám samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár og reglum um vinnustaðanám sem ráðherra hefur sett að fenginni tillögu viðkomandi starfsgreinaráðs. Um vinnustaðanám skal ýmist gerður sérstakur starfsþjálfunarsamningur á milli skóla og vinnustaðar eða námssamningur á milli nema og vinnuveitanda.

Starfsþjálfunarsamningur er gerður milli skóla og einstakra fyrirtækja eða stofnana. Þar er kveðið á um að viðkomandi stofnun taki tiltekinn fjölda nemenda skólans til starfsþjálfunar í ákveðinn tíma. Í samningnum kunna einnig að vera ákvæði um hvers konar leiðsögn nemar skulu hljóta á starfsþjálfunartímanum. Dæmi um starfsþjálfunarsamninga eru t.d. samningar um þjálfun nema í sjúkraliðanámi og matartæknanámi.

Námssamningur skal undirritaður af báðum samningsaðilum, nema og vinnuveitanda, við upphaf vinnustaðanáms og staðfestur innan eins mánaðar af fulltrúa menntamálaráðherra. Reynslutími er yfirleitt að hámarki sex mánuðir frá upphafi samningstímans, en hann skal tilgreindur sérstaklega, svo og gildistími samningsins. Laun og önnur starfskjör nema á samningstíma skulu vera í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög. Dæmi um námssamninga eru meistarasamningar á sviði löggiltra iðngreina.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um náms- og starfsþjálfunarsamninga. Þar kemur fram hvernig námssamningur skuli líta út, hverjir skuli undirrita hann, hver beri ábyrgð á að senda samninginn til staðfestingar og hvaða aðili skuli staðfesta samninginn fyrir hönd ráðherra. Einnig skal þar kveðið á um hvernig standa skuli að samningsslitum, t.d. hvernig skuli fara með málið ef samningi er slitið án samkomulags. Þar skulu einnig vera ákvæði um meðferð ágreiningsefna er upp kunna að koma varðandi framkvæmd samningsins. Um reglugerð þessa skal leitað umsagnar aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda, en þar er átt við heildarsamtök atvinnulífsins og samtök nema í viðkomandi greinum.

Um 32. gr.

Eitt af einkennum nútímaþjóðfélags er sérmenntun til tiltekinna starfa og kröfur á einstaklinga um að geta brugðist við breyttum aðstæðum á vinnustað. Þannig er líklegt að kröfur um framboð á almennri og sérhæfðri fræðslu á framhaldsskólastigi fyrir fullorðna fari vaxandi á komandi árum. Þar að auki benda upplýsingar úr könnuninni *Námsferill í framhaldsskóla* til mikils brotthvarfs nemenda úr námi í íslenskum framhaldsskólum og mikill fjöldi fólks með litla skólagöngu að baki er úti á almennum vinnumarkaði. Í upplýsingum sem birtar hafa verið um fjölda atvinnulausra kemur í ljós að atvinnuleysi er mest á meðal þeirra sem hafa litla formlega skólagöngu. Því er afar brýnt að einstaklingar sem ýmist hafa aldrei farið í framhaldsskóla eða hafa hætt í framhaldsskóla án skilgreindra námsloka eigi kost á að sækja nám á framhaldsskólastigi.

Námsframboð öldungadeilda þarf að endurskoða, breikka það og m.a. bæta við hagnýtum námsleiðum. Er þar einkum átt við nám á tveimur sviðum. Í fyrsta lagi ber að leggja áherslu á uppbyggingu starfsnámsbrauta fyrir fullorðið fólk, þ.e. hagnýtt nám sem veitir undirbúning til tiltekinna starfa á vinnumarkaði. Þetta þarf að gerast jafnhliða almennri uppbyggingu starfsnáms á framhaldsskólastigi. Í öðru lagi er mikil þörf á að skipuleggja sérstakt grunn- og upprifjunarnám fyrir fullorðna, þ.e. nám fyrir fólk sem ekki hefur lokið formlegum prófum, hefur jafnvel ekki grunnskólapróf og þarf mikinn stuðning í grunngreinum. Slíkt nám væri ætlað þeim sem ekki náðu valdi á undirstöðuatriðum í grunnskóla á sínum tíma eða hafa ekki stundað skólanám lengi.

Það virðist staðreynd að fullorðnir einstaklingar nálgast viðfangsefnin á annan hátt en unglingar. Því er mikilvægt að kennsla og skipulag náms í öldungadeildum framhaldsskóla taki mið af námsþörfum fullorðinna. Hins vegar er lögð áhersla á að nám í öldungadeildum sé jafngilt námi sem boðið er í hinum almenna framhaldsskóla. Þar er átt við að náminu ljúki með sambærilegum prófum og að gerðar séu sömu kunnáttu- og færnikröfur til hinna fullorðnu nemenda þótt skipulag og innihald náms og kennslu kunni að vera ólíkt vegna þeirrar reynslu sem fullorðnir hafa er þeir hefja námið.

Um 33. gr.

Í framhaldsskólum er að finna dýrmæta aðstöðu sem rétt þykir að nýta til fullnustu. Það á ekki síst við um skóla sem sinna starfsnámi og hafa oft yfir að ráða sérhæfðri kennsluaðstöðu og kennslukröftum. Þess vegna þykir rétt að heimila framhaldsskólum að starfrækja endurmenntunarnámskeið og annað nám í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa. Kostnaður af námskeiðshaldi þessu er greiddur af neytendum, þ.e. þeim sem nýta sér kennsluna.

Á undanförnum árum hefur verið tekin upp kennsla með farskólasniði á vegum einstakra framhaldsskóla á landsbyggðinni. Þar er átt við ýmiss konar námskeiðahald í héraði eða byggðarlagi. Með námskeiðahaldi af þessu tagi er hægt að koma til móts við þarfir íbúa fyrir námskeið á sviði fullorðinsfræðslu eða endurmenntunar. Á vegum farskóla hefur að mestu verið í boði nám skv. 33. gr. frumvarps þessa, þ.e. endurmenntunarnámskeið, en einnig ýmiss konar tómstundanámskeið. Þátttakendur greiða að fullu kostnað af þessum námskeiðum.

Um 34. gr.

Á undanförnum árum hefur orðið gerbreyting á aðstöðu margra framhaldsskóla með tilkomu vandaðra skólasafna og hafa skólasafnverðir haft forustu í því uppbyggingarstarfi. Skólasafn er einn af hornsteinum skólastarfs í framhaldsskólum og er mjög mikilvægt bæði nemendum og kennurum í daglegu starfi.

Áhersla er lögð á að skólasafnið verði virkur þáttur í fræðslustarfi framhaldsskólans og að þar verði nemendur þjálfaðir í sjálfstæðri þekkingarleit og öflun upplýsinga, m.a. með aðgangi að heimildaritum og gagnabönkum. Sífellt aukast möguleikar á upplýsingamiðlun í tölvutæku formi og er mikilvægt að nemendur í framhaldsskóla fái að kynnast sem flestum aðferðum upplýsingaöflunar.

Um 35. gr.

Felld eru brott ákvæði úr gildandi lögum um að ríkissjóður skuli kosta byggingu heimavista að fullu og að heimilt sé að víkja frá meginreglu um skiptingu stofnkostnaðar þegar um fámenn sveitarfélög er að ræða. Er nú gert ráð fyrir að kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs við byggingu heimavista sé sú sama og við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla, þ.e. 60%. Ekki þykir æskilegt að veita heimild í lögum frá almennum reglum um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, enda talið að slíkt geti leitt til óhagkvæmni í fjárfestingum. Gert er ráð fyrir að samið verði um það milli ríkis og sveitarfélaga hvernig sveitarfélögum verði bætt aukin þátttaka í kostnaði við byggingu heimavista.

Þá er ákveðið að setja skuli reglugerð um normkostnað framhaldsskólahúsnæðis sem skipting áætlaðs stofnkostnaðar milli framkvæmdaaðila verði miðuð við. Einnig skal setja í reglugerð viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að allur undirbúningur verði í höndum framkvæmdaaðila.

Um 36. gr.

Greinin er óbreytt frá 4. gr. gildandi laga og kveður á um eignaraðild að fasteignum skóla á framhaldsskólastigi og málsmeðferð ef þær verða teknar til annarra nota eða seldar öðrum hvorum eignaraðila.

Um 37. gr.

Gert er ráð fyrir að ríkið greiði áfram rekstrarkostnað framhaldsskóla.

Tölulegar viðmiðanir fyrir kennslumagn á hvern nemanda og fjölda í námshópum sem er að finna í núgildandi lögum eru teknar út, en í staðinn er kveðið á um að reikniregla (reiknilíkan) fyrir fjárveitingar til kennslu verði sett í reglugerð. Reiknireglunni er ætlað að reikna út raunverulegan kostnað við þá starfsemi sem nauðsynleg er talin og heimiluð er. Þetta er aðferð sem hefur verið farin í ýmsum löndum og hefur gefið allgóða raun. Með því að taka hana upp hér er verið að gera tilraun til að gera ákvarðanir um fjárveitingar eins hlutlægar og kostur er. Vinna við gerð reiknireglu af þessu tagi hefur enn ekki hafist fyrir alvöru og því er ekki tímabært að setja fram neinar fastar viðmiðanir að þessu sinni og hætt við að tölur um tiltekið kennslumagn á hvern nemanda geti takmarkað þær viðmiðanir sem æskilegt er að hafa við gerð slíkrar reiknireglu. Ljóst er að reikniregla af þessu tagi er háð stöðugri endurskoðun og þess vegna eðlilegra að efnisatriði séu bundin í reglugerð en í lögum.

Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag verði áfram greitt beint til skóla samkvæmt samningi er menntamálaráðuneytið gerir við hvern skóla fyrir sig. Þessi háttur var tekinn upp við gildistöku núgildandi laga og gerðu ýmsir skólar slíkan samning í ársbyrjun 1990. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur verið góð og hefur haft ýmsa hagræðingu í för með sér fyrir skólana og þess vegna er gert ráð fyrir að halda því áfram.

Gert er ráð fyrir að til grundvallar fjárveitingum til viðhalds liggi sérstök viðhaldsáætlun er ráðuneytið geri. Þannig ætti að fást betra yfirlit yfir heildarþörfina og skapast möguleikar á að nýta betur það fjármagn sem ætlað er til viðhalds hverju sinni og tryggja að verk sem byrjað er á verði lokið á sem skemmstum tíma.

Um 38. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 33. gr. gildandi laga, en felld út ákvæði er ekki eiga við um heimavistir og mötuneyti. Ákvæði um kostnaðarþátttöku nemenda af efniskaupum vegna verklegrar kennslu hefur flust í 7. gr. frumvarpsins og ákvæði um hagnað af leigu skólahúsnæðis er í 42. gr. Fellt er út ákvæði um kostnaðarþátttöku nemenda í skipulögðum skólaakstri. Að jafnaði bera nemendur sjálfir kostnað af ferðum til og frá skóla. Ef um er að ræða verulegan kostnað fer eftir ákvæðum laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, nr. 23/1989. Skólameistari skal einn hafa umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis í stað skólameistara og skólanefndar í gildandi lögum. Er sú breyting í samræmi við þá stefnu að í lögum sé skýrt kveðið á um ábyrgð skólameistara á daglegu starfi skólans.

Um 39. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 38. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að felld er brott tilvísun í Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann. Einnig er bætt inn ákvæði um að skólar sem stofnaðir eru af einkaaðilum eða samtökum skuli uppfylla skilyrði laga þessara um eftirlit.

Um 40. gr.

Með ákvæðum greinar þessarar er veitt heimild til þess að semja við samtök atvinnurekenda og launþega í einstökum starfsgreinum eða starfsgreinaflokkum um að þeir gerist virkir þátttakendur í stofnun og rekstri framhaldsskóla. Slíkri heimild er ætlað að stuðla að því að atvinnulífinu gefist kostur á að hafa áhrif á skipulag og starfshætti skóla er sinna starfsnámi. Gert er ráð fyir að samtök atvinnurekenda og launþega taki sameiginlega þátt í slíkum rekstri, en sú stefna sem mörkuð hefur verið um aukna aðild atvinnulífs að starfsnámi gengur út frá því að ávallt sé gætt jafnræðis milli þessara aðila þegar um er að ræða þátttöku í mótun og framkvæmd starfsnáms.

Á grundvelli breytingar á lögum um framhaldsskóla sem samþykkt var á vorþingi 1992 hefur þegar verið tekið upp slíkt samstarf við aðila vinnumarkaðar í tilraunaskyni með undirritun samnings um stjórnun og rekstur fræðslumiðstöðvar bílgreina innan fyrirhugaðs framhaldsskóla í Grafarvogi. Fræðslumiðstöðin verður rekin í sameiningu af menntamálaráðuneyti og fulltrúum samtaka atvinnurekenda og launþega í bílgreinum og er fyrsta tilraunin um rekstur starfsmenntaskóla í samvinnu hins opinbera og aðila atvinnulífs. Ætlunin er að þar fari fram bæði grunn- og eftirmenntun á sviði bílgreina, auk þess sem til stendur að bjóða styttra nám í stoðgreinum bílgreina, svo sem vinnu á dekkjaverkstæði, smurningsvinnu o.fl.

Um 41. gr.

Greinin er samhljóða 37. gr. gildandi laga. Bent skal á að Samvinnuháskólinn á Bifröst rekur ekki lengur fræðslustarf á framhaldsskólastigi. Þó þykir rétt að halda ákvæði um skólann óbreyttu í lagagrein þessari þar til sett hefur verið heildarlöggjöf um nám á háskólastigi þar eð skólinn hefur ekki aðra stoð í lögum en þessa.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 39. gr. gildandi laga nema kveðið er á um hvernig skuli verja hagnaði sem fæst af leigu skólahúsnæðis og heimavista. Það ákvæði er efnislega samhljóða 3. mgr. 33. gr. gildandi laga.

Um 43. gr.

Rétt þykir að gera ráð fyrir að skólar geti borið fram óskir um að gera tilraunir með nýjungar í skólastarfi sem verði að víkja frá ákvæðum laga og reglugerða. Með ákvæðum greinar þessarar er menntamálaráðherra veitt heimild til að veita slíkar undanþágur, en jafnframt sett takmörk varðandi tímalengd og kveðið á um að ávallt skuli fara fram úttekt á slíkum tilraunum að þeim loknum.

Um 44. gr.

Grein þessi er nýmæli og gerir ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur þróunarsjóður framhaldsskóla og að sjóðurinn heyri undir menntamálaráðherra. Sjóði þessum er ætlað hvetja til þróunarstarfs í skólum og standa undir auknum kostnaði sem af hlýst. Nýbreytnistarf er mikilvægur þáttur í starfi skólanna og mikilvægt að skólum sem sýna frumkvæði og vilja til að þróa nýjungar í skólastarfi verði gert það kleift. Til að sjóðurinn nýtist sem best þarf að setja úthlutunarreglur þar sem skilgreind eru skilyrði sem skólar þurfa að uppfylla til að geta fengið úthlutað úr sjóðnum.

Um 45. gr.

Grein þessi er nýmæli og gerir ráð fyrir að menntamálaráðherra geri Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs á framhaldsskólastigi á þriggja ára fresti. Mikilvægt er talið að Alþingi fylgist með reglubundnum hætti með framkvæmd skólastarfs í grunn- og framhaldsskólum. Forsenda fyrir slíkri umfjöllun er að fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um framkvæmd skólastarfs og árangur af því. Gert er ráð fyrir að það verði hluti af eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytis að afla reglulega upplýsinga úr skólum og að standa fyrir því að gerðar verði rannsóknir og úttektir á tilteknum þáttum skólastarfs.

Um 46. gr.

Kveðið er á um að lögin taki gildi skólaárið 1995–1996. Þörf er á nokkrum aðlögunartíma áður en ýmis ákvæði laganna, svo sem um fækkun námsára, samræmd lokapróf og starfsnám, geta komið að fullu til framkvæmda. Gert er ráð fyrir að þau komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 1999–2000, sbr. bráðabirgðaákvæði.

Um 47. gr.

Við gildistöku laganna falla brott gildandi lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, ásamt áorðnum breytingum á þeim með lögum nr. 107/1988, nr.72/1989 og nr.81/1993.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Gert er ráð fyrir að ákvæði 15. gr. um heildarnámstíma á námsbrautum framhaldsskóla komi ekki til framkvæmda fyrr en með árgangi nemenda sem innritast í framhaldsskóla skólaárið 1998–1999 þar sem nauðsynlegt er að ákveðin undirbúningsvinna hafi átt sér stað áður. Vinna þarf að endurskoðun náms á lengri námsbrautum framhaldsskólans og lengja árlegan starfstíma skóla. Semja þarf við kennara áður en hægt verður að lengja árlegan starfstíma framhaldsskóla.

II.

Óhjákvæmilegt þykir að veita skólum aðlögunartíma að samræmdum lokaprófum þar sem kennsla nemenda frá byrjun skólagöngu hlýtur að taka mið af slíkri samræmingu. Er því miðað við að ákvæði 23. gr. verði ekki komið að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 1999–2000.

III.

Ljóst þykir að nokkur tími muni líða þar til tekist hefur að koma ákvæðum 24.–31. gr. um breytt fyrirkomulag starfsnáms í framhaldsskólum til fullra framkvæmda. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra leggi fram framkvæmdaáætlun þar um sem unnin verði í samráði við samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sbr. 25. gr. Þannig verði skilgreind ákveðin skref í þeirri þróun að auka aðild fulltrúa vinnumarkaðar að skipulagningu starfsnáms í framhaldsskólum. Breytingin mun væntanlega verða einföldust á sviði löggiltra iðngreina og ganga fyrst í gegn þar. Í flestum öðrum greinum er í núverandi skipulagi ekki um að ræða formlega aðild að skipulagningu starfsnáms og því er um verulega breytingu að ræða sem verður að framkvæma í ákveðnum þrepum og í samræmi við áætlanir um forgangsverkefni á sviði starfsnáms í framhaldsskólum. Gert er ráð fyrir að sérstök úttekt verði gerð á framkvæmd starfsnáms samkvæmt nýju skipulagi innan fjögurra ára frá því að það hefur komist til fullra framkvæmda.

IV.

Loks er bráðabirgðaákvæði um að sú heimild í gildandi lögum að iðnaðarmenn er unnið hafa við iðnina í 10 ár geti sótt um að gangast undir verklegt próf án skólanáms gildi aðeins í fjögur ár frá gildistöku laga þessara.

864. Frumvarp til laga [553. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Í stað orðanna „sbr. reglugerð nr. 312/76/EBE“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: sbr. reglugerðir nr. 312/76/EBE og nr. 2434/92/EBE.

2. gr.

Fylgiskjal með lögunum, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra, orðast svo:

Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 1612/68/EBE, eins og henni er breytt með reglugerðum nr. 312/76/EBE og nr. 2434/92/EBE, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans.*

* Aðlögun reglugerðarinnar er með fyrirvara um framkvæmd EFTA-ríkjanna á einstökum þáttum hennar, sbr. t.d. d-lið 4. tölul. bókunar 1.

I. HLUTI
ATVINNA OG FJÖLSKYLDUR LAUNÞEGA
I. BÁLKUR
Aðgangur að vinnumarkaði.

1. gr.

1. Sérhver ríkisborgari EES-ríkis skal, óháð búsetu, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars EES-ríkis í samræmi við þau ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum er taka til atvinnumála ríkisborgara aðildarríkisins.
2. Hann skal m.a. njóta þeirra réttinda að ráða sig til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis með sama forgangsrétti og ríkisborgarar þess ríkis.

2. gr.

Sérhver ríkisborgari EES-ríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði EES-ríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnsýslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar.

3. gr.

1. Samkvæmt þessari reglugerð skulu ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis ekki gilda í þeim tilvikum:

— þar sem þau takmarka umsóknir og framboð á atvinnu eða rétt erlendra ríkisborgara til að fá og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara eða

— þar sem meginmarkmið eða áhrif þeirra eru að halda ríkisborgurum annarra EES-ríkja frá atvinnu sem til boða stendur enda þótt það taki ekki til þjóðernis.

Þetta ákvæði á ekki við í þeim tilvikum þar sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðlis starfsins sem um er að ræða.

2. Þetta skal einkum og sér í lagi ná til þeirra ákvæða eða venju EES-ríkis samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. sem:
   a. mæla fyrir um sérstakar reglur um ráðningar erlendra ríkisborgara;
   b. takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum á lausum störfum eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur á yfirráðasvæði aðildarríkisins;
   c. binda aðgang að vinnumarkaðinum við skráningu á ráðningarskrifstofum eða hindra ráðningu einstakra launþega þegar um er að ræða fólk sem ekki býr á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem í hlut á.

4. gr.

1. Ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis sem takmarka fjölda eða hundraðshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, starfsgrein eða á tilteknu svæði eða á landsmælikvarða skulu ekki gilda um ríkisborgara annarra EES-ríkja.
2. Þegar ívilnun til fyrirtækja í EES-ríki er bundin við ákveðið lágmarkshlutfall innlendra launþega skal litið á ríkisborgara annarra EES-ríkja sem innlenda samkvæmt ákvæði í tilskipun ráðsins frá 15. október 1963.[1)]

1) Stjíð. EB nr. 159, 2. nóv. 1963, bls. 2661/63.

5. gr.

Ríkisborgari aðildarríkis sem sækir um atvinnu í öðru EES-ríki skal njóta sömu aðstoðar þar og vinnumiðlun þess ríkis veitir innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

6. gr.

1. Ráðning og skráning ríkisborgara eins EES-ríkis í stöðu í öðru EES-ríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem gerir honum lægra undir höfði í samanburði við innlenda ríkisborgara sem gegna sama starfi í hinu EES-ríkinu.
2. Engu að síður getur ríkisborgari, sem hefur undir höndum persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru EES-ríki en sínu eigin, þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu.

II. BÁLKUR
Atvinna og jafnræði við málsmeðferð.

7. gr.

1. Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars EES-ríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og komi til atvinnumissis endurskipun eða endurráðningu.

2. Hann skal njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og innlendir launþegar.
3. Hann skal einnig í krafti sama réttar og með sömu skilyrðum hafa sama aðgang og innlendir launþegar að þjálfun í skólum er tengjast atvinnulífinu og endurmenntunarstöðvum.
4. Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningarsamningum eða öðrum almennum reglugerðum sem varða aðgang að atvinnu og öll önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði eru ógild og að engu hafandi að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launþega sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja.

8. gr.

Launþegi, sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skal njóta jafnræðis við málsmeðferð hvað varðar aðild að stéttarfélögum og njóta þess réttar er hún veitir, að meðtöldum réttinum til að greiða atkvæði og til að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið[1]; það má meina honum að eiga sæti í stjórn nefnda sem lúta ríkisrétti eða að gegna stöðu sem er bundin af ríkisrétti. Enn fremur á hann rétt á að taka sæti í fulltrúaráði launþega við fyrirtæki. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á lög eða reglugerðir í tilteknum EES-ríkjum sem veita launþegum sem koma frá öðrum EES-ríkjum meiri rétt.

1) Reglugerð nr. 312/76.

9. gr.

1. Launþegi sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis skal njóta allra sömu réttinda og ívilnana og innlendir launþegar hvað viðvíkur húsnæði; það á einnig við um eignarrétt á húsnæði sem hann þarf á að halda.
2. Slíkur launþegi getur, með sama rétti og innlendir ríkisborgarar, látið skrá sig hjá húsnæðismiðlun á því svæði þar sem hann starfar, fari slík skráning fram, og skal hann njóta viðeigandi ívilnana og forréttinda.
   Hafi fjölskylda hans orðið eftir í landinu sem hann kom frá skal einnig tekið tillit til hennar í þessu sambandi eins og hún væri búsett á viðkomandi svæði, að því tilskildu að innlendir launþegar njóti svipaðra fríðinda.

III. BÁLKUR
Fjölskyldur launþega.

10. gr.

1. Eftirfarandi skulu, óháð þjóðerni þeirra, hafa rétt til að koma sér fyrir hjá launþega sem er ríkisborgari eins EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis:
   a. maki hans ásamt afkomendum þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á þeirra framfæri;
   b. ættmenn launþega og maka hans að feðgatali sem eru á þeirra framfæri.
2. EES-ríkin skulu auðvelda þeim aðstandendum sem ekki heyra undir ákvæði 1. mgr. en eru á framfæri launþega sem að framan er getið eða hafa búið undir sama þaki í landinu sem hann kom frá að koma til ríkisins.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. verður launþeginn að hafa yfir að ráða húsnæði fyrir fjölskyldu sína sem talið er hæfa innlendum launþegum á því svæði þar sem hann hefur ráðið sig til vinnu; þetta ákvæði má hins vegar ekki leiða til þess að launþegum frá öðrum EES-ríkjum sé mismunað á kostnað innlendra launþega.

11. gr.

Í þeim tilvikum, þar sem ríkisborgari EES-ríkis hefur ráðið sig til vinnu eða er sjálfstætt starfandi á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu maki hans og þau barnanna, sem eru yngri en 21 árs eða eru á hans framfæri, hafa rétt til að ráða sig í hvaða vinnu sem er hvar sem er á yfirráðasvæði þess ríkis, jafnvel þó að þau séu ekki ríkisborgarar neins EES-ríkis.

12. gr.

Börn ríkisborgara EES-ríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu eiga rétt á almennri skólagöngu í því ríki, námsvist og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, að því tilskildu að börnin búi þar.

EES-ríkin skulu leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

II. HLUTI
ATVINNUFRAMBOÐ OG ATVINNUUMSÓKNIR
I. BÁLKUR
Samvinna á milli EFTA-ríkja og við fastanefnd EFTA.

13. gr.

1. EFTA-ríkin eða fastanefnd EFTA skulu stofna til eða í sameiningu gera hverjar þær kannanir á atvinnutækifærum eða atvinnuleysi sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja frelsi launþega til flutninga innan EES.
   Aðalvinnumiðlanirnar í EFTA-ríkjunum skulu eiga náið samstarf sín á milli og við fastanefnd EFTA með það að markmiði að hafa samráð um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna innan EES og yfirlit um hverjir hljóta stöður.
2. Í þessu skyni skulu EFTA-ríkin tilnefna sérstakar þjónustuskrifstofur og ber þeim að skipuleggja þá starfsemi sem að ofan er getið og hafa samráð sín á milli og við fastanefnd EFTA.
   EFTA-ríkjunum ber að tilkynna fastanefnd EFTA um allar breytingar sem verða á tilnefningu aðila til slíkrar þjónustu og skal fastanefnd EFTA birta nákvæmar upplýsingar um þær í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

14. gr.

1. EFTA-ríkin skulu senda fastanefnd EFTA og eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frelsi til flutninga og atvinnumál launþega og nákvæmt yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs.[1)]
2. Fastanefnd EFTA skal, að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar, ákvarða með hvaða hætti upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skuli settar fram.

3. Í samræmi við þær starfsaðferðir, sem fastanefnd EFTA ákveður að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar[1)], skal þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis senda til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum EFTA-ríkjum að gagni. Upplýsingarnar skal endurskoða reglulega.
   Þjónustuskrifstofurnar í hinum EFTA-ríkjunum skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu vel kynntar, m.a. með því að dreifa þeim á meðal viðeigandi vinnumiðlana og koma þeim á framfæri með öllum tiltækum ráðum við þá launþega sem hlut eiga að máli.

1) Reglugerð nr. 2434/92.

II. BÁLKUR
Ráðstöfun lausra starfa.

15. gr.[1)]

1. Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda reglulega til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA:
   a. upplýsingar um laus störf sem ríkisborgarar hinna aðildarríkja EES geta hugsanlega gegnt;
   b. upplýsingar um laus störf sem boðin eru fram í ríkjum utan EES;
   c. upplýsingar um atvinnuumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið til að starfa í öðru EES-ríki;
   d. upplýsingar, sundurliðaðar eftir svæðum og greinum, um umsækjendur sem hafa í raun lýst sig reiðubúna til að taka atvinnutilboði í öðru landi.
   Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til viðkomandi vinnumiðlana og vinnumálaskrifstofa eins fljótt og kostur er.
2. Upplýsingum um lausar stöður og umsóknir, sem um getur í 1. mgr., skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem fastanefnd EFTA skal koma á fót, í samvinnu við umsjónarnefndina.
   Ef nauðsynlegt reynist getur fastanefnd EFTA aðlagað þetta kerfi í samvinnu við umsjónarnefndina.

1) Reglugerð nr. 2434/92.

16. gr.[1)]

1. Þar til bærar vinnumiðlanir hinna EFTA-ríkjanna skulu láta tilkynningar berast um sérhvert laust starf í skilningi 15. gr. sem er tilkynnt til vinnumiðlana EES-ríkis og vinna úr þeim.
   Þessir aðilar skulu senda vinnumiðlunum fyrstnefnda EFTA-ríkisins upplýsingar um gildar umsóknir.
2. Viðkomandi vinnumiðlanir EFTA-ríkjanna skulu svara atvinnuumsóknunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 15. gr. innan hæfilegs frests sem sé eigi lengri en einn mánuður.

3. Vinnumiðlanirnar skulu veita launþegum sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja sömu forréttindi og gert er ráð fyrir samkvæmt viðeigandi ráðstöfunum að innlendir ríkisborgarar njóti miðað við launþega sem eru ríkisborgarar landa utan EES.

1) Reglugerð nr. 2434/92.

17. gr.

1. Þjónustuskrifstofurnar skulu annast framkvæmd ákvæði 16. gr. Hins vegar, að svo miklu leyti sem höfuðstöðvarnar heimila og að svo miklu leyti sem skipulag vinnumiðlana í EFTA-ríki og úthlutunaraðferðir leyfa:
   a. skulu svæðisbundnar vinnumiðlanir EFTA-ríkis:
      i. á grundvelli upplýsinganna[1] sem getið er í 15. gr. og viðeigandi aðgerðir byggjast á, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;
      ii. koma á beinum tengslum við ráðstöfun:
         — starfa sem boðin hafa verið tilteknum launþega;
         — einstakra atvinnuumsókna sem sendar hafa verið annaðhvort til sérstakra vinnumiðlana eða til vinnuveitanda sem rækir starfsemi á því svæði sem miðlunin nær til;
         — starfa til handa árstíðabundnu vinnuafli sem ráða verður eins skjótt og auðið er;
   b. skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri EFTA-ríkja, skiptast reglulega á gögnum er varða laus störf og óafgreiddar atvinnuumsóknir á þeirra svæði og með sama hætti og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra miðla og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum.

   Ef nauðsynlegt reynist skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum, einnig koma á samvinnu- og þjónustukerfi með það í huga að geta boðið:
   — notendum eins miklar hagnýtar upplýsingar um hinar ýmsu hliðar flutningafrelsins og hægt er og
   — stofnunum vinnumarkaðarins, félagsmálastofnunum (m.a. opinberum, einkareknum og þeim sem nýtast almenningi) og öllum stofnunum sem málið varðar, samþættar ráðstafanir er tengjast frelsi til flutninga;[1]
   c. skulu opinberar vinnumiðlanir, sem sérhæfa sig í tilteknum starfsgreinum eða láta sig varða sérstaka hópa fólks, eiga beina samvinnu hver við aðra.
2. EFTA-ríkin, sem hlut eiga að máli, skulu senda fastanefnd EFTA skrá, sem samráð er haft um, yfir þær stofnanir sem um getur í 1. mgr.; fastanefnd EFTA skal birta þessa skrá ásamt þeim breytingum sem kunna að verða á henni í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

1) Reglugerð nr. 2434/92.

18. gr.

Ekki er skylt að taka upp þær ráðningaraðferðir sem framkvæmdaraðilar beita og kveðið er á um í samkomulagi sem tvö eða fleiri EES-ríki gera sín á milli.

III. BÁLKUR
Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðinum.

19. gr.

1. Á grundvelli skýrslu frá fastanefnd EFTA, sem unnin er úr upplýsingum frá EFTA-ríkjunum, skulu EFTA-ríkin og fastnefnd EFTA kanna sameiginlega minnst einu sinni á ári árangur aðgerða EES vegna lausra starfa og atvinnuumsókna.[1)]
2. EES-ríkin skulu ásamt fastanefnd EFTA kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að leitast við að koma á jafnvægi milli framboðs og umsókna um störf innan EES. Þau skulu beita öllum tiltækum ráðum í þessu skyni.
3. Annað hvert ár skal fastanefnd EFTA leggja fram skýrslu um framkvæmd II. hluta þessarar reglugerðar þar sem gerð er grein fyrir þeim upplýsingum sem hafa borist og niðurstöðum athugana og rannsókna sem hafa farið fram með sérstakri áherslu á gagnlegar upplýsingar er varða þróun vinnumarkaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu.[1)]

1) Reglugerð nr. 2434/92.

20. gr.[1)]

[Fellur brott.]

1) Reglugerð nr. 2434/92.

IV. BÁLKUR
Evrópska samráðsskrifstofan.[1)]

21. gr.

Evrópska skrifstofan, sem samræmir ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og stofnuð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar (í þessari reglugerð nefnd „evrópska samráðsskrifstofan"), skal almennt gegna því hlutverki að miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan bandalagsins. Hún skal einkum bera ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk sem samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar falla undir framkvæmdastjórnina og ekki síst aðstoða innlendar vinnumiðlanir.

Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 14. og 15. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna sem gerðar eru skv. 13. gr. í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði bandalagsins. Slíkum staðreyndum skal komið á framfæri við þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna og við ráðgjafar- og umsjónarnefndirnar.

1) Af hálfu EFTA-ríkjanna skal fastanefnd EFTA sinna þessu hlutverki innan EES.

22. gr.

1. Evrópska samráðsskrifstofan skal einkum sjá um að:
   a. samræma þær aðferðir sem þörf er á til að manna laus störf innan bandalagsins og hafa yfirlit yfir þá flutninga launþega sem af hljótast;

b. vinna að þessum markmiðum með því að stuðla að því í samvinnu við umsjónarnefndina að sambærilegar aðferðir séu notaðar bæði á stjórnunar- og framkvæmdastigi;
c. safna saman þegar sérstaka nauðsyn ber til í samvinnu við þjónustuskrifstofurnar upplýsingum um laus störf og atvinnuumsóknum svo að unnt sé að ráðstafa þeim hjá þjónustuskrifstofunum.

2. Henni ber að tilkynna þjónustuskrifstofunum um laus störf og atvinnuumsóknir sem sendar hafa verið beint til framkvæmdastjórnarinnar og fá upplýsingar um viðbrögð við þeim.

23. gr.

Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig og í samræmi við þá skilmála og þær aðferðir sem hún skal ákveða á grundvelli álitsgerðar umsjónarnefndarinnar, skipulagt heimsóknir og verkefni fyrir embættismenn annarra aðildarríkja og einnig framhaldsnámskeið fyrir sérmenntað starfsfólk.

III. HLUTI
NEFNDIR SEM EIGA AÐ TRYGGJA NÁNA SAMVINNU MILLI AÐILDARRÍKJANNA Í MÁLEFNUM ER VARÐ FRJÁLSA FLUTNINGA LAUNÞEGA OG ATVINNUMÁL ÞEIRRA

I. BÁLKUR
Ráðgjafarnefndin.[1]

24. gr.

Ráðgjafarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga vafamál sem upp kunna að koma við beitingu sáttmálans og í sambandi við ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli hans og varða frelsi launþega til flutninga og störf þeirra.

1) Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.

25. gr.

Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a. rannsaka mál er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál innan ramma innlendrar vinnumálastefnu með það að leiðarljósi að samræma vinnumálastefnu aðildarríkjanna á bandalagsgrundvelli og á þann hátt stuðla að aukinni efnahagslegri þróun og jafnvægi á vinnumarkaði;
b. gera almenna úttekt á þeim áhrifum sem framkvæmd þessarar reglugerðar og aðrar viðbótarráðstafanir hafa;
c. koma til framkvæmdastjórnarinnar rökstuddum tillögum um endurskoðun á þessari reglugerð;
d. láta í té, hvort heldur sem er að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitsgerð um almenn atriði eða meginreglur, einkum og sér í lagi hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launþega milli aðildarríkja, um áætlanir eða ráðstafanir til eflingar starfsleiðbeiningum eða starfsþjálfun sem er líkleg til að efla frelsi til flutninga og atvinnuskipta, jafnframt um alla þá aðstoð sem launþegar og fjölskyldur þeirra eiga kost á að meðtalinni félagslegri aðstoð og húsnæðisöflun launþega.

26. gr.

1. Ráðgjafarnefndin skal skipuð sex fulltrúum frá hverju aðildarríki, tveir eru ríkisstjórnarfulltrúar, tveir eru frá launþegasamtökum og tveir frá samtökum vinnuveitenda.
2. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn varamann fyrir hvern hóp sem tilgreindur er í 1. mgr.
3. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra skal vera tvö ár. Heimilt er að endurskipa þá.

Er starfstíminn rennur út skulu bæði aðal- og varamenn sitja þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað eða skipanir þeirra endurnýjaðar.

27. gr.

Ráðið skal skipa bæði aðal- og varamenn í ráðgjafarnefndina og kappkosta, þegar fulltrúar launþegasamtakanna og samtaka vinnuveitenda eru valdir að þeir komi frá hinum ýmsu geirum efnahagslífsins.

Ráðið skal láta birta til upplýsingar skrá yfir aðal- og varamenn í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

28. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni eða varamaður hans skal vera formaður ráðgjafarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal koma saman tvisvar á ári hið minnsta. Formaðurinn kallar hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni að minnsta kosti þriðjungs nefndarmanna. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

29. gr.

Formaðurinn getur boðið einstaklingum eða fulltrúum aðila sem hafa víðtæka reynslu af atvinnu- eða flutningsmálum launþega að taka þátt í fundum sem áheyrnarfulltrúar eða sem sérfræðingar. Formaðurinn getur leitað ráða hjá sérfræðingum.

30. gr.

1. Álitsgerð nefndarinnar telst ekki gild nema að minnsta kosti tveir þriðju hlutar fulltrúanna séu viðstaddir.
2. Álitsgerðir skulu vera rökstuddar og þær teljast samþykktar þegar fyrir þeim er hreinn meiri hluti gildra atkvæða. Þeim skal fylgja skrifleg greinargerð með áliti minni hlutans fari hann fram á það.

31. gr.

Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga, sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum, skal háð sömu málsmeðferð.

II. BÁLKUR
Umsjónarnefndin.[1]

32. gr.

Umsjónarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa, stuðla að og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð ásamt viðbótarráðstöfunum í framkvæmd.

1) Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.

33. gr.

Umsjónarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a. koma á og bæta samvinnu milli þeirra yfirvalda sem hlut eiga að máli í aðildarríkjunum varðandi öll formsatriði í tengslum við frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra;
b. móta aðferðir við skipulag sameiginlegra aðgerða opinberra yfirvalda sem í hlut eiga;
c. auðvelda söfnun upplýsinga sem líklegar eru til að koma framkvæmdastjórninni að gagni og sem nota má í þeim könnunum og rannsóknum sem kveðið er á um í þessari reglugerð og hvetja stjórnsýsluaðila sem málið varðar til að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu;
d. kanna formsatriði er varða samhæfingu viðmiðana sem aðildarríki nota til að meta stöðu vinnumarkaðarins.

34. gr.

1. Umsjónarnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Hver ríkisstjórn skal tilnefna í umsjónarnefndina einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni.
2. Sérhver ríkisstjórn skal tilnefna varamann úr hópi annarra fulltrúa — aðal- eða varamanna — í ráðgjafarnefndina.

35. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni eða varamaður hans skal vera formaður umsjónarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Formaðurinn og meðlimir nefndarinnar geta leitað ráða hjá sérfræðingum.

Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

36. gr.

Tillögur og álitsgerðir umsjónarnefndarinnar skulu berast til framkvæmdastjórnarinnar og skal tilkynna það ráðgjafarnefndinni. Skrifleg greinargerð með álitsgerð einstakra nefndarmanna umsjónarnefndarinnar skal fylgja öllum tillögum og álitsgerðum fari þeir fram á það.

37. gr.

Umsjónarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga, sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum, skal háð sömu málsmeðferð.

IV. HLUTI
BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI
I. BÁLKUR
Bráðabirgðaákvæði.

38. gr.

Þar til fastanefnd EFTA hefur komið á samræmda heildarkerfinu sem greint er frá í 2. mgr. 15. gr. skal samráðsskrifstofan koma með tillögur um leiðir sem líklegar eru til að koma að haldi við að semja og dreifa skýrslunum sem getið er í 1. mgr. 15. gr.

39. gr.

Reglur ráðgjafar- og umsjónarnefndarinnar um málsmeðferð sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar eiga áfram við.

40. gr.

[Gildir ekki.]

41. gr.

[Gildir ekki.]

II. BÁLKUR
Lokaákvæði.

42. gr.

1. [1. mgr. gildir ekki.]

Engu að síður skal þessi reglugerð ná til þeirra hópa launþega sem um getur í fyrstu undirgrein og til aðstandenda þeirra, að svo miklu leyti sem réttarstaða þeirra ræðst ekki af ofangreindum sáttmálum eða ráðstöfunum.

2. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið er til skv. 29. gr. EES-samningsins.
3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif skuldbindingar EES-ríkjanna vegna:
   - sérstakra sambanda eða komandi samninga við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana sem eru til staðar við gildistöku þessarar reglugerðar eða
   - samninga sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana þeirra.

   Launþegar frá slíkum löndum eða yfirráðasvæðum, sem í samræmi við þetta ákvæði stunda vinnu á yfirráðasvæði einhvers þessara EES-ríkja, geta ekki borið fyrir sig eða notið ákvæða þessarar reglugerðar á yfirráðasvæðum hinna EES-ríkjanna.

43. gr.

EFTA-ríkin skulu í upplýsingaskyni senda fastanefnd EFTA texta samkomulags, samninga eða samþykkta sem þau hafa gert sín á milli varðandi launþega á tímabilinu frá undirritun þeirra til gildistöku.

44. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera tilheyrandi ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð svo að hún komist til framkvæmdar. Hún skal í þessu skyni eiga náið samstarf við opinber stjórnvöld í aðildarríkjunum.

45. gr.

Framkvæmdastjórnin skal koma til ráðsins tillögum sem miða að því að afnema í samræmi við skilmála sáttmálans takmarkanir á aðgangi launþega sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna að vinnumarkaðinum í þeim tilvikum þar sem skortur á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi getur hindrað frelsi launþega til flutninga.

46. gr.

Stjórnsýsluútgjöld nefndanna, sem um getur í III. hluta, skulu talin með í þeim hluta fjárhagsáætlunar Evrópubandalagsins sem tilheyrir framkvæmdastjórninni.

47. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir yfirráðasvæði aðildarríkjanna og ríkisborgara þeirra, sbr. þó 2., 3., 10. og 11. gr.

48. gr.

[Gildir ekki.]

VIÐAUKI[1)]

[Fellur brott.]

1) Reglugerð nr. 2434/92.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 21. mars 1994, um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn, öðlast gildi gagnvart Íslandi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi þessu er ætlað að veita lagagildi ákvæðum reglugerðar nr. 2434/92/EBE um breytingu á II. hluta reglugerðar nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins. Reglugerð nr. 1612/68, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 312/76/EBE og ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, var veitt lagagildi hér á landi með 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ákvæði reglugerðar nr. 2434/92/EBE fela í sér breytingu á 14., 15., 16., 17., 19. og 20. gr. reglugerðar nr. 1612/68. Breytingar þessarar reglugerðar snerta ýmsa þætti atvinnuráðninga og vinnumiðlunar milli aðildarríkjanna. Helstu breytingar eru sem hér segir:

Ákvæði 14. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE breytist á þann hátt að fellt er brott niðurlag 1. mgr. „á tilteknum svæðum og í tilteknum greinum“ og 2. mgr. umorðast alveg þannig að fastanefnd EFTA á að taka fullt tillit til álits umsjónarnefndarinnar á því á hvaða hátt upplýsingar eru gefnar skv. 1. mgr. Þá er orðalaginu „í samráði við umsjónarnefndina“ í 1. málsl. 3. mgr. breytt í „að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar“.

Helstu breytingar á 15. gr. eru þær að upplýsingar samkvæmt greininni á að senda „reglulega“ í stað „mánaðarlega hið minnsta“. Þá eru upplýsingaþættirnir í fjórum liðum í stað tveggja og við bætist að senda skal upplýsingar um laus störf sem boðin eru fram í ríkjum utan bandalagsins og að sundurliða skal upplýsingar eftir svæðum og atvinnugreinum um þá sem eru tilbúnir til að vinna í öðru landi. Enn fremur er kveðið nákvæmar á um dreifingu upplýsinga eftir samræmdu heildarkerfi.

16. gr., sem fjallar nánar um framkvæmd upplýsingaskyldu skv. 15. gr., hefur verið verið breytt til samræmis við þær breytingar sem gerðar hafa verið á 15. gr. Viðkomandi vinnumiðlanir eiga svara umsóknum erlendra ríkisborgara um atvinnu innan mánaðar.

Nokkrar breytingarnar verða á b-lið 17. gr. og varða þær skipulag á samvinnu vinnumiðlana í aðliggjandi ríkjum. Þá eru gerðar breytingar á 19. gr. sem lúta að því að sameiginlega könnun EFTA-ríkjanna og fastanefndar EFTA skal gera a.m.k. einu sinni á ári í stað tvisvar á ári. Þá er bætt við 3. mgr. sem fjallar um að fastanefnd EFTA skuli á tveggja ára fresti gera skýrslu um framkvæmd II. hluta reglugerðar nr. 1612/68.

Ákvæði 20. gr. reglugerðar nr. 1612/68 og viðauki, sbr. 16. gr., eru felld brott.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér lögfestingu á reglugerð nr. 2434/92/EBE. Vísast til athugasemda hér að framan varðandi helstu breytingar sem hún hefur í för með sér á reglugerð nr. 1612/68/EBE.

Um 2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/1993 var reglugerð nr. 1612/68/EBE, eins og hún hafði verið aðlöguð og breytt með reglugerð nr. 312/76/EBE, prentuð sem fylgiskjal með lögunum. 2. gr. frumvarpsins felur í sér að breytingar þær, sem reglugerð nr. 2434/92/EBE hefur í för með sér, hafa verið felldar inn í fylgiskjalið og það birt í heild. Breytingarnar eru sérstaklega auðkenndar.

Um 3. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi á sama tíma og ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Gert er ráð fyrir að Alþingi muni með þingsályktun afgreiða þessar gerðir áður en þing lýkur störfum í vor. Gildistaka verður auglýst í C-deild Stjórnartíðinda. Þess er vænst að gildistökudagur verði 1. júlí 1994.

865. Frumvarp til laga [554. mál]

um reynslusveitarfélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið þessara laga er að gera sveitarfélögum kleift að gera tilraunir í þeim tilgangi að undirbúa breytingar á löggjöf um stjórnsýslu sveitarfélaga, framkvæmd verkefna þeirra, tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Með tilraununum skal að því stefnt að auka sjálfsstjórn sveitarfélaga, að laga stjórnsýslu þeirra betur að staðbundnum aðstæðum, að bæta þjónustu við íbúana og nýta betur fjármagn hins opinbera. Tilraunirnar skulu ekki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna né fela í sér auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá.

Þau sveitarfélög sem fá heimild til að gera tilraunir í samræmi við ákvæði laganna nefnast reynslusveitarfélög.

2. gr.

Heimildir ráðherra samkvæmt ákvæðum þessara laga til að víkja frá lögum eiga, nema annað sé sérstaklega tekið fram, við ákvæði þeirra um:

a. stjórnsýslu sveitarfélaga og skipulag starfsemi þeirra,
b. hvernig verkefni skulu leyst af hendi,
c. hvernig eftirliti ríkisins með starfsemi sveitarfélaga skuli háttað,
d. verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ráðherrum er ekki heimilt að víkja frá lögum nema tryggt sé að það hafi ekki í för með sér skerðingu á þeim rétti til þjónustu og fyrirgreiðslu sem íbúarnir njóta lögum samkvæmt og að réttaröryggi þeirra haldist óskert.

3. gr.

Verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins um reynslusveitarfélög. Verkefnisstjórnin skal skipuð tveimur mönnum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveimur mönnum tilnefndum af félagsmálaráðherra og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Verkefnisstjórnin skal leiðbeina og aðstoða reynslusveitarfélög við undirbúning tilrauna og vera tengiliður þeirra við einstök ráðuneyti. Enn fremur skal hún veita viðkomandi ráðuneytum umsagnir um óskir reynslusveitarfélaga um tilraunir.

Fulltrúar ráðuneyta skulu sitja fundi verkefnisstjórnar þegar mál sem þau varða eru þar til umfjöllunar.

4. gr.

Félagsmálaráðherra tekur á grundvelli umsókna, og að fengnum tillögum verkefnisstjórnar, ákvörðun um hvaða sveitarfélög skuli verða reynslusveitarfélög. Þau geta orðið allt að tólf.

Við val á reynslusveitarfélögum skal þess gætt að þau séu sem fjölbreytilegust að stærð og gerð. Sveitarfélög, sem sækja um þátttöku í tengslum við sameiningu, skulu að öðru jöfnu hafa forgang.

Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta auglýsingu um hvaða sveitarfélög séu reynslusveitarfélög.

5. gr.

Ráðherra, sem hefur heimild til að setja reglugerð á ákveðnu sviði, getur sett sérstaka reglugerð fyrir reynslusveitarfélög, eitt eða fleiri, enda eigi hún sér stoð í þeim lögum sem veita heimild til setningar reglugerðar.

6. gr.

Verkefnisstjórn skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, fela óháðum aðila, eða aðilum, að taka út tilraunir og meta hvernig til hafi tekist. Félagsmálaráðherra skal sjá til þess að niðurstöður þeirra verði kynntar Alþingi. Félagsmálaráðherra skal enn fremur hlutast til um að skýrslur verkefnisstjórnar um framkvæmd verkefnisins verði lagðar fyrir Alþingi til kynningar að tilraunatímabilinu hálfnuðu og að því loknu.

II. KAFLI
Samþykktir fyrir reynslusveitarfélög o.fl.

7. gr.

Sveitarstjórn reynslusveitarfélags skal gera sérstakar samþykktir um tilraunir samkvæmt lögum þessum. Tvær umræður skulu fara fram um slíkar samþykktir í sveitarstjórn með a.m.k. einnar viku millibili.

Samþykktirnar öðlast ekki gildi fyrr en viðkomandi ráðherra hefur staðfest þær. Hann skal afla samþykkis fjármálaráðherra ef um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð er að ræða.

Staðfestar samþykktir skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Sveitarstjórn er skylt að kynna íbúum sveitarfélagsins fyrirhugaðar tilraunir áður en hún gengur frá samþykktum um þær.

Hún skal enn fremur veita upplýsingar um framgang og árangur tilrauna.

III. KAFLI
Um stjórnsýslutilraunir.

9. gr.

Viðkomandi ráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum laga um nefndir og stjórnir sveitarfélaga þegar reynslusveitarfélag á í hlut. Heimildin nær ekki til ákvæða um sveitarstjórnir, byggðarráð og kjörstjórnir.

IV. KAFLI
Heimildir félagsmálaráðherra.

10. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum, um félagslegar íbúðir þegar reynslusveitarfélag á í hlut.

11. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi svæðisráð, að fela reynslusveitarfélagi að annast þjónustu við fatlaða í sveitarfélaginu, að hluta til eða að öllu leyti, gegn umsamdri greiðslu á kostnaði úr ríkissjóði og framlagi úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Ráðherra er í því sambandi heimilt að víkja frá ákvæðum laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

12. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum, og ákvæðum laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985, með síðari breytingum, þegar í hlut á reynslusveitarfélag sem vill gera tilraun til að bæta þjónustu við atvinnulausa.

13. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, með síðari breytingum, þannig að hluta af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði varið til greiðslu framlaga til reynslusveitarfélaga sem komi, að öllu eða nokkru leyti, í stað sérstakra framlaga skv. 13. gr. laganna og jöfnunarframlaga skv. 14. gr. til þeirra. Í reglugerð skal setja ákvæði um útreikning þessara framlaga og skilyrði fyrir úthlutun.

Ráðherra tekur ákvörðun um úthlutun framlaga til reynslusveitarfélaga skv. 1. mgr. að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar, sbr. 17. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

V. KAFLI
Heimildir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

14. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að fela reynslusveitarfélagi byggingu og/eða rekstur heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss gegn umsamdri greiðslu á kostnaði úr ríkissjóði og framlagi úr Framkvæmdasjóði aldraðra ef við á.

15. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum, og ákvæðum laga um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum, þegar í hlut á reynslusveitarfélag sem vill gera tilraun á því sviði sem þessi lög ná yfir.

VI. KAFLI
Heimildir umhverfisráðherra.

16. gr.

Umhverfisráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum byggingarlaga, nr. 54/1978, með síðari breytingum, um meðferð umsókna um byggingarleyfi og verksvið byggingarfulltrúa í reynslusveitarfélagi.

17. gr.

Umhverfisráðherra er heimilt, þegar reynslusveitarfélag á í hlut, að víkja frá ákvæðum skipulagslaga, nr. 19/1964, með síðari breytingum, um gerð skipulagsuppdrátta og meðferð skipulagstillagna.

VII. KAFLI
Sérákvæði um flutning verkefna til reynslusveitarfélaga.

18. gr.

Meðan á tilraun, sem felur í sér flutning verkefna frá ríki til reynslusveitarfélags samkvæmt lögum þessum, stendur teljast hlutaðeigandi starfsmenn vera í þjónustu sveitarfélagsins. Engin formbreyting verður á ráðningarstöðu starfsmannanna á þessu tímabili og réttarstaða þeirra og réttindi haldast óbreytt, svo sem lífeyrisréttindi og stéttarfélagsaðild.

Áður en til verkefnaflutnings kemur skulu viðkomandi fagráðherra, fjármálaráðherra og sveitarfélag semja um ábyrgðir sínar og greiðslur vegna réttinda og kjara starfsmanna.

19. gr.

Ef reynslusveitarfélag yfirtekur verkefni frá ríkinu samkvæmt lögum þessum er heimilt að gera tilraun með nýtt fyrirkomulag á greiðslu kostnaðar og er viðkomandi ráðherra í því sambandi heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að víkja frá ákvæðum laga sem mæla fyrir um það efni.

VIII. KAFLI
Gildistökuákvæði o.fl.

20. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

21. gr.

Lög þessi, sem taka þegar gildi, skulu gilda til 1. janúar árið 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hafa þær hugmyndir fengið vaxandi fylgi að í stað miðstýrðrar þjónustu eigi þjóðfélagið fremur að skipuleggja og veita þjónustu sína í meiri nálægð við þá sem njóta hennar. Nálægð við íbúana og þekking á staðbundnum aðstæðum skapi grundvöll til að veita betri, hagkvæmari og sveigjanlegri þjónustu. Á Norðurlöndum voru á árunum milli 1980 og 1990 skipulögð tilraunaverkefni til að undirbúa breytingar í þessa átt. Sveitarfélögum og fylkjum, sem valin voru til að taka þátt í verkefnunum, svokölluðum „frikommuner", voru veittar undanþágur frá ákvæðum laga og reglugerða. Í stað þeirra voru í tilraunaskyni settar nýjar reglur sem sveitarfélögin fengu tækifæri til að

móta. Við mótun nýrra reglna var unnt að nýta þá þekkingu sem fyrir hendi var heima fyrir á viðkomandi málaflokkum og staðbundnum aðstæðum. Verkefnin byggðust fyrst og fremst á áhuga og frumkvæði sveitarfélaganna sjálfra. Á heildina litið er talið að þessi tilraunaverkefni hafi tekist mjög vel og verið mikilvægur þáttur í undirbúningi breytinga og endurbóta á sveitarstjórnarstiginu.

Rekja má hugmyndina að hliðstæðum tilraunaverkefnum hér á landi til niðurstöðu nefndar, svokallaðrar sveitarfélaganefndar, sem félagsmálaráðherra skipaði 26. febrúar 1992 til að útfæra nánar tillögur um ný umdæmi sveitarfélaga. Jafnframt var nefndinni falið að gera tillögur um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í tengslum við stækkun og eflingu sveitarfélaganna og tillögur um hvernig auka megi tekjur sveitarfélaga til að standa undir auknum verkefnum.

Nefndin taldi í áfangaskýrslu sinni sem gefin var út í október 1992 að stofnun reynslusveitarfélaga, eins og þau voru nefnd í skýrslunni, að norrænni fyrirmynd gæti verið mikilvæg leið til þess að efla sveitarstjórnarstigið á Íslandi. Í skýrslunni er lagt til að stofnað verði til nokkurra reynslusveitarfélaga á Íslandi í fjögur ár í tengslum við sameiningu sveitarfélaga til undirbúnings á færslu verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og sem aðdragandi breytinga í stjórnsýslu sveitarfélaga.

Að lokinni kynningu meðal sveitarstjórna um allt land lýsti fundur fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var í febrúar 1993, yfir stuðningi við tillögu nefndarinnar um stofnun reynslusveitarfélaga.

Í lokaskýrslu sveitarfélaganefndar, sem út kom í mars 1993, skilgreinir nefndin hugmyndina um reynslusveitarfélög hér á landi þannig að „á grundvelli umsókna fái sveitarfélög heimild í tiltekinn tíma og í tilraunaskyni til að taka að sér framkvæmd nýrra verkefna, vera undanþegin tilteknum ákvæðum laga og reglugerða sem kveða á um skyldur sveitarstjórna og takmarka ákvörðunarvald þeirra, reyna nýtt rekstrar- og fjármögnunarfyrirkomulag í tilteknum málaflokkum og þróa nýjungar í stjórnsýslu. Til þess að reynslusveitarfélög fái slíkar heimildir þarf samþykki hlutaðeigandi ráðherra og samþykkt laga frá Alþingi."

Nefndin lagði til að á Alþingi yrði lögð fram tillaga til þingsályktunar um að heimila félagsmálaráðherra að undirbúa stofnun allt að fimm reynslusveitarfélaga. Var svo gert og 8. maí 1993 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að heimila félagsmálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun allt að fimm reynslusveitarfélaga, er starfi frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1998, á grundvelli hugmynda sem fram koma í skýrslu sveitarfélaganefndar. Með hliðsjón af því skipi félagsmálaráðherra fjögurra manna verkefnisstjórn sem hafi yfirumsjón með framkvæmd þessa tilraunaverkefnis.

Frumvarp til laga um reynslusveitarfélög verði lagt fyrir Alþingi vorið 1994 að undangengnum viðræðum milli verkefnisstjórnar, reynslusveitarfélaga, félagsmálaráðuneytis og annarra fagráðuneyta um hvernig skuli staðið að framkvæmd tilraunaverkefnisins."

Framkvæmd hliðstæðra verkefna á Norðurlöndum.

Þar hefur þróunin verið sú á undanförnum árum og áratugum að sveitarfélög og fylki hafa þurft að fylgja nákvæmum fyrirmælum ríkisvaldsins í formi laga og stjórnvaldsreglna um hvernig þau framkvæma verkefni sín og haga stjórnsýslu sinni. Svigrúm þeirra til sjálfstæðra ákvarðana hefur verið takmarkað og einnig möguleikar þeirra til að taka mið af staðbundnum aðstæðum. Það fyrirkomulag að sveitarfélög og fylki væru fyrst og fremst „dreifingaraðilar" velferðarþjónustu ríkisins en réðu litlu um það hvernig þjón-

ustan væri veitt reyndist fremur dýrt, óskilvirt og ósveigjanlegt. Til þess að snúa þessari þróun við var meðal annars gripið til þess ráðs að gefa sveitarfélögum kost á að gera tilraunir í starfsemi sinni með það fyrir augum að þróa og undirbúa almennar breytingar á sveitarstjórnarstiginu.

Hugmyndin kom fyrst upp í Svíþjóð. Þar hófst tilraunaverkefnið árið 1984. Hugmyndin breiddist síðan út annars staðar á Norðurlöndum. Hliðstætt verkefni hófst í Danmörku árið 1985, í Noregi árið 1987 og í Finnlandi árið 1989.

Fyrirkomulag þessa þróunarstarfs hefur verið nokkuð mismunandi eftir löndum. Það hefur þó verið sameiginlegt í öllum löndunum að sveitarfélög hafa verið valin á grundvelli umsókna til þess að taka þátt í verkefnunum. Sett hafa verið lög sem heimila að einstökum sveitarfélögum séu veittar tímabundnar undanþágur frá ákvæðum laga og reglugerða í ákveðnum málaflokkum.

Ekki var stofnað til reynslusveitarfélaga á Norðurlöndum í tengslum við sameiningu sveitarfélaga enda 20–30 ár síðan átak var gert þar í þeim efnum, ekki heldur til undirbúnings breytinga á tekjustofnum sveitarfélaga og aðeins í Noregi var verkefnaflutningur þáttur í verkefninu og í mun takmarkaðri mæli en fyrirhugað er hér á landi. Verkefnin voru fyrst og fremst hugsuð sem undirbúningur að breytingum á stjórnsýslu sveitarfélaga, tilhögun þjónustu þeirra við íbúana og eftirlitsskyldum ríkisins með starfsemi sveitarfélaga.

Almennt má draga þá ályktun af verkefnunum annars staðar á Norðurlöndum að sú aðferð að gera í nokkur ár tilraunir sem lið í undirbúningi almennra og meiri háttar breytinga á sveitarstjórnarstiginu hafi heppnast vel. Tilraunirnar hafa haft það í för með sér að sveitarfélögunum hefur gengið betur að leysa dagleg vandamál í stjórnsýslu sinni. Tilraunastarfið hefur haft jákvæð og hvetjandi áhrif á kjörna fulltrúa og embættismenn. Nýjungarnar eru spennandi, aukið frelsi er tengt aukinni ábyrgð á árangri og metnaður sveitarstjórna til að sýna gott fordæmi verður mikill. Bent skal á að það hefur verið talið mikilvægt fyrir árangur verkefnanna í þessum löndum að tilraunirnar nái aðeins til fárra afmarkaðra verkefna í hverju sveitarfélagi.

Tilraunaverkefni, sem felur í sér stofnun reynslusveitarfélaga, hlýtur að verða framkvæmt á annan hátt hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum þar sem fyrirkomulag sveitarstjórnarmála er töluvert öðruvísi hér. Þannig eru sveitarfélög mun fámennari hér, þau hafa færri verkefni og hérlendis er aðeins eitt sveitarstjórnarstig. Þá hefur stýring ríkisvaldsins á málefnum sveitarfélaga í gegnum nákvæm laga- og reglugerðarfyrirmæli ekki verið eins mikil hér á landi. Engu að síður má draga þá almennu ályktun af reynslu grannþjóða okkar að vel undirbúnar tilraunir á sveitarstjórnarstiginu, sem metnar séu af hlutlausum aðilum, séu mjög mikilvægar sem undanfari almennra og meiri háttar breytinga á þessu stigi stjórnsýslunnar hér á landi sem annars staðar.

Inntak verkefnisins.

Tilgangur tilraunaverkefnisins er að afla reynslu sem nýta má við undirbúning breytinga á löggjöf um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofna sveitarfélaga, enn fremur að undirbúa breytingar á lögum sem mæla fyrir um hvernig sveitarfélög skuli leysa lögbundin verkefni sín og haga stjórnsýslu sinni, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Auk þessa tilgangs er áskilið í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins að tilraunirnar skuli fela í sér aukna sjálfsstjórn sveitarfélaga, bætta þjónustu við íbúana og betri nýtingu á opinberu fjármagni, auk þess sem sveitarfélögin fái tækifæri til að laga stjórnsýslu sína betur að staðbundnum aðstæðum. Í 3. málsl. 1. mgr. eru tilraunastarfinu síð-

an sett þau takmörk að tilraunirnar megi ekki hafa í för með sér skerðingu á réttindum einstaklinga í sveitarfélaginu né fela í sér auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins marka þannig hinn ytri ramma tilraunastarfsins. Önnur ákvæði frumvarpsins fela í sér heimildir til ráðherra til að veita reynslusveitarfélögum undanþágur frá lögum sem geta gefið þeim möguleika á margháttuðu tilraunastarfi. Inntak tilraunanna ræðst af því hverjar óskir þeirra eru og að samkomulag náist við viðkomandi ráðuneyti um þær. Tilraunirnar geta verið misumfangsmiklar. Þannig getur verið um að ræða tilraun á mjög afmörkuðu sviði, svo sem tilraun með breytta nefndarskipan á ákveðnu sviði. Tilraun getur líka tengst fleiri en einu ráðuneyti og falið í sér alla þá fjóra þætti sem gerð var grein fyrir hér að ofan, þ.e. breytingu á stjórnsýslu og framkvæmd verkefna sem sveitarfélögin fara með nú þegar, verkefnaflutning og nýjungar í fjármögnun verkefna.

Eftirfarandi yfirlit gefur hugmyndir um þá möguleika sem geta hugsanlega falist í verkefninu náist samkomulag milli reynslusveitarfélaga og viðkomandi ráðuneyta:

Nýjungar í stjórnsýslu.

Nefndakerfi sveitarfélags verði endurskipulagt. Breytingar verði á nefndaskipan og starfssvæði nefnda. Tilfærslur verði á verkefnum milli nefnda og milli embættismanna og nefnda. Sveitarfélög fái meira frjálsræði varðandi tilnefningar í nefndir. Aukin þátttaka þeirra sem þjónustu njóta í nefndum, t.d. foreldra í skólanefndum eða félagasamtaka. Breytt fyrirkomulag embættismannakerfis.

Ákvarðanavald um þessi atriði er að nokkru leyti hjá sveitarstjórnum nú þegar. Þörf er á undanþágum frá ákvæðum laga um lögskipaða embættismenn, t.d. byggingarfulltrúa, og frá ákvæðum um tilnefningar í nefndir.

Tilraunir með aukið sjálfstæði, meiri ábyrgð og nýtt fyrirkomulag í ýmsum málaflokkum sem sveitarfélög fara með.

Sem dæmi mætti nefna félagsleg húsnæðismál, skipulagsmál og byggingarmál. Í því sambandi verði veittar undanþágur frá ákvæðum laga og reglugerða sem kveða á um skyldur sveitarstjórna og eftirlit með þeim og takmarka ákvörðunarvald þeirra.

Tilraunir með nýjar leiðir í þjónustu við íbúana í samstarfi við ríkisvaldið.

Samstarf milli sveitarfélags og ríkis um að sameina þjónustu þessara tveggja stjórnvalda til þess að bæta þjónustu við íbúana, nýta fjármuni betur og ná betri árangri, t.d. með starfrækslu einnar skrifstofu. Sem dæmi um þetta má nefna félagsþjónustu, almannatryggingar, atvinnuráðgjöf og þjónustu sýslumanna. Einnig mætti á þennan hátt tengja saman á einni og sömu skrifstofu, í samstarfi ríkis og sveitarfélaga, atvinnuleysisskráningu, vinnumiðlun, ráðgjöf við atvinnulausa og greiðslur atvinnuleysisbóta.

Þegar sveitarfélög eru komin með aukin verkefni og meira frjálsræði til að skipuleggja stjórnsýslu sína geta þau gert tilraunir sem fela í sér hagkvæmari og betri þjónustu fyrir íbúana en þeir nú njóta. Sem dæmi um slíka tilraun má nefna að á grundvelli úttektar Hagsýslu ríkisins á skipulagi barna- og unglingamála sem falla undir félagsmálaráðuneytið, sbr. skýrslu Hagsýslunnar frá því í október 1993, hafa verið settar fram tillögur um samræmda sérfræðiþjónustu. Úttektin var gerð í tilefni þeirra breytinga sem urðu á yfirstjórn barnaverndarmála með gildistöku barnaverndarlaga, nr. 58/1992. Um er að ræða hugmyndir um að bæta félagsþjónustu, sérstaklega í dreifbýli, með því að samræma alla sérfræðiþjónustu undir einn hatt, þ.e. sérfræðiþjónustu heilsugæslustöðva,

fræðsluskrifstofa, svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga. 9. gr. frumvarpsins sem felur í sér heimild til stjórnsýslutilrauna og 11. og 14. gr. um heimildir til að fela reynslusveitarfélagi þjónustu við fatlaða og rekstur heilsugæslustöðvar mundu gera reynslusveitarfélagi kleift að gera slíka tilraun.

Framkvæmd nýrra verkefna og tilraunir með nýtt rekstrar- og fjármögnunarfyrirkomulag í vissum málaflokkum á grundvelli samkomulags við ríkið.

Sem dæmi um slík verkefni má nefna:

1. Þau málefni fatlaðra sem í dag eru verkefni svæðisskrifstofa, þ.e. sambýli, leikfangasöfn, dagvistir, skammtímavistun, þroskaþjálfun, verndaðir vinnustaðir og atvinnuleit. Einnig rekstur stofnana fyrir fatlaða þar sem við á. Hugsanlega mætti gera tilraunir með rammafjármögnun þannig að fjárveitingar mundu miðast við fjölda fatlaðra, fötlunarstig þeirra og hvaða þjónusta er í boði.
2. Rekstur heilsugæslustöðva. Hugsanlega mætti gera tilraunir með nýtt rekstrarfyrirkomulag heilsugæslustöðva.
3. Öldrunarþjónusta. Í sveitarfélögunum mætti, ef áhugi er fyrir hendi, gera tilraunir með að taka upp rammafjármögnun öldrunarþjónustunnar í stað „eyrnamerktra" framlaga og greiðslna frá sjúkratryggingum til þess að fá reynslu á þetta fyrirkomulag áður en því yrði komið á fyrir landið allt. Með rammafjármögnun fengju sveitarfélögin fasta fjárveitingu sem byggðist t.d. á fjölda aldraðra í sveitarfélaginu og aldri þeirra, en þau tækju í staðinn að sér að sjá um alla þætti öldrunarþjónustu í sveitarfélaginu.
4. Rekstur sjúkrahúsa.
5. Veghald í þéttbýli.

Gert er ráð fyrir að fjármögnun nýrra verkefna, sem reynslusveitarfélögin taka að sér, verði ákveðin í samningum milli ríkisins og viðkomandi sveitarfélags. Líklegt er að ríkið hafi áhuga á að gera tilraunir með nýjar aðferðir í fjármögnun einstakra málaflokka, sbr. ákvæði 19. gr. frumvarpsins. Í 13. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir þeim möguleika að ákvæði 2. mgr. 11. gr. laga um um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, gildi ekki fyrir reynslusveitarfélög og að sett verði sérstök reglugerð um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til reynslusveitarfélaga á tilraunatímabilinu.

Með tilraunum, sem fela í sér færslu verkefna til sveitarfélaga, fær ríkisvaldið tækifæri til að gera tilraun með breytta starfshætti í viðkomandi málaflokkum, þ.e. að í stað þess að hafa umsjón með rekstri getur ríkið einbeitt sér að stefnumótun og eftirliti með framkvæmd stefnu.

Í lokaskýrslu sinni lagði sveitarfélaganefnd til að félagsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, samtök kennara og Samband íslenskra sveitarfélaga undirbúi tillögur sem miði að því að rekstur grunnskóla flytjist alfarið yfir til sveitarfélaga frá og með 1. ágúst 1995. Með hliðsjón af þessu er ekki gert ráð fyrir að grunnskólinn tengist verkefninu um reynslusveitarfélög.

Eins og betur verður vikið að síðar telur verkefnisstjórnin, eftir að hafa kynnt sér reynslu grannríkja okkar, æskilegt að í hverju reynslusveitarfélagi fari aðeins fram nokkrar tilraunir en í þess stað verði reynslusveitarfélögunum fjölgað frá því sem gert var ráð fyrir í upphafi. Að öðrum kosti sé hætta á að sveitarfélögin ráði ekki nægilega vel við tilraunirnar og árangur verkefnisins verði lakari.

Verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga.

Í samræmi við þingsályktunartillögu um stofnun reynslusveitarfélaga skipaði félagsmálaráðherra í júní 1993 verkefnisstjórn til að hafa umsjón með verkefninu. Hún er skipuð fulltrúum tilnefndum af félagsmálaráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í henni eiga sæti Sigfús Jónsson landfræðingur, formaður, Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri og Sigríður Stefánsdóttir bæjarfulltrúi.

Í 3. gr. frumvarpsins eru ákvæði um verkefnisstjórnina. Til fyllingar henni hafa verkefni verkefnisstjórnarinnar verið skilgreind þannig:

a. Að kynna verkefnið meðal sveitarstjórna, fjalla um umsóknir þeirra og velja sveitarfélög til þátttöku í verkefninu með fyrirvara um samþykki félagsmálaráðherra.
b. Að gefa umsagnir um óskir reynslusveitarfélaga um verkefni, undanþáguheimildir og stjórnsýslutilraunir og undirbúa samningaviðræður milli þeirra og ríkisins.
c. Að undirbúa frumvarp til laga um reynslusveitarfélög og ef þörf krefur frumvörp til breytinga á þeim.
d. Að vinna að endurskoðun samninga á tilraunatímanum ef þörf krefur eða annar aðilinn óskar þess.
e. Að gera samkomulag með fyrirvara um samþykki félagsmálaráðherra við óháða utanaðkomandi aðila um mat á árangri verkefnisins.

Undirbúningur og framkvæmd verkefnisins.

Með bréfi, dags. 29. júlí 1993, til allra sveitarstjórna óskaði verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga eftir umsóknum um þátttöku í verkefninu. Umsóknarfrestur var ákveðinn til 1. október 1993. Alls bárust 37 umsóknir frá 56 sveitarfélögum.

Í samræmi við álit sveitarfélaganefndar var tilgreint í bréfinu að sveitarfélög, sem sæktu um verkefnið í tengslum við sameiningu, mundu hafa forgang. Í þeim hópi voru eftirtaldir umsækjendur:

1. Keflavík, Njarðvík og Hafnir.
2. Borgarnes, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur og Hraunhreppur.
3. Ólafsvík, Neshreppur utan Ennis, Staðarsveit og Breiðuvíkurhreppur.
4. Suðurdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur og Fellsstrandarhreppur.
5. Patrekshreppur, Bíldudalshreppur, Rauðasandshreppur, Barðastrandarhreppur og Tálknafjarðarhreppur.
6. Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur.
7. Höfn, Nesjahreppur og Mýrahreppur.

Önnur sveitarfélög sem sóttu um eru:

Akranes, Akureyri, Bolungarvík, Dalvík, Egilsstaðir, Eskifjörður, Eyrarsveit, Garðabær, Grindavík, Hafnarfjörður, Hríseyjarhreppur, Húsavík, Hvammstangi, Ísafjörður, Mosfellsbær, Mýrdalshreppur, Ólafsfjörður, Rangárvallahreppur, Reykhólahreppur, Reykjavík, Sandgerði, Sauðárkrókur, Seyðisfjörður, Skaftárhreppur, Skeggjastaðahreppur, Stykkishólmur, Vestmannaeyjar, Vopnafjarðarhreppur, Ölfushreppur og Öxarfjarðarhreppur.

Í byrjun febrúar á þessu ári stóð verkefnisstjórnin fyrir ráðstefnu um reynslusveitarfélög. Á ráðstefnunni gerðu norrænir fyrirlesarar grein fyrir framkvæmd hliðstæðra verkefna í heimalöndum sínum og innlendir fyrirlesarar greindu frá hugmyndum sínum um framkvæmd verkefnisins hér á landi.

Verkefnisstjórnin hefur kynnt sér ítarlega framkvæmd hliðstæðra verkefna á Norðurlöndum, m.a. með kynnisferð haustið 1993 til samtaka sveitarfélaga, ráðuneyta og reynslusveitarfélaga í Noregi, Danmörku og Finnlandi. Í janúar á þessu ári var gefið út af félagsmálaráðuneytinu upplýsingarit þar sem reynslu Norðurlandaþjóða af hliðstæðum verkefnum og markmiði og innihaldi verkefnisins er lýst.

Það er mjög mikilvægt fyrir framgang verkefnisins að gott samstarf sé við fagráðuneytin. Verkefnisstjórnin óskaði því eftir því að þau ráðuneyti, sem verkefnið er talið snerta mest, tilnefndu fulltrúa til að vera tengiliði við verkefnisstjórnina við undirbúning verkefnisins. Í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að fulltrúar einstakra ráðuneyta skuli sitja fundi verkefnisstjórnar þegar mál sem þau varða eru þar til umfjöllunar. Enn fremur er mjög mikilvægt að verkefnið sé vel skipulagt hjá þeim sveitarfélögum sem taka þátt í því. Æskilegt er að verkefnið sé skipulagt sem samvinnuverkefni kjörinna fulltrúa, stjórnenda, starfsfólks og íbúanna. Á Norðurlöndum hafa yfirleitt verið settar á fót sérstakar framkvæmdanefndir innan sveitarfélaganna sem hafa oftast haft starfsmann á sínum vegum sem er annaðhvort ráðinn sérstaklega til þessa verkefnis eða einn af starfsmönnum sveitarfélagsins. Talið er æskilegt að svipaður háttur verði hafður á hér á landi. Lögð er áhersla á að væntanleg reynslusveitarfélög tengi þetta verkefni öðru umbótastarfi hjá sveitarfélaginu eftir því sem kostur er.

Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórnin hafi samráð við fulltrúa viðkomandi stéttarfélaga og hagsmunahópa við undirbúning samninga milli sveitarfélaga og ráðuneyta og eftir því sem tilefni gefst til.

Með frumvarpinu er stefnt að því að opna leiðir til að gera tilraunir með því að heimila undanþágur frá ákveðnum lögum. Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla á inntaki tilraunanna eigi sér stað eftir að frumvarpið er orðið að lögum í samstarfi sveitarfélaganna og viðkomandi ráðuneyta og undir umsjón verkefnisstjórnar.

Verkefnisstjórnin hefur gert eftirfarandi tímaáætlun um verkefnið:

1994

Febrúar	Verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga semur frumvarp til laga um reynslusveitarfélög í samráði við fulltrúa einstakra ráðuneyta.
Mars	Frumvarp til laga um reynslusveitarfélög er lagt fram á Alþingi.
Apríl–maí	Alþingi setur lög um reynslusveitarfélög. Félagsmálaráðherra tekur ákvörðun um val á sveitarfélögum til þátttöku í verkefninu að fengnum tillögum verkefnisstjórnar.
Júní–sept.	Þríhliða samstarf hefst milli verkefnisstjórnar, viðkomandi ráðuneyta og reynslusveitarfélaga. Framkvæmdanefndir verða skipaðar í hverju reynslusveitarfélagi úr hópi kjörinna fulltrúa, embættismanna og starfsfólks. Framkvæmdanefndir kanna hver í sínu sveitarfélagi hugmyndir sem uppi eru um stjórnsýslutilraunir, breytingar á framkvæmd verkefna sem sveitarfélögin fara nú þegar með og bætta þjónustu við íbúana, meðal kjörinna fulltrúa, yfirmanna, almenns starfsfólks og almennra borgara. Sveitarstjórnir ákveða að ráðast í verkefni sem þarfnast ekki sérstakra heimilda í lögum eða reglugerðum.

Verkefnisstjórn gengur frá samningum við óháða úttektaraðila sem fylgjast með framvindu verkefnisins og meta þegar þar að kemur hvernig til hafi tekist.

Okt.–nóv. Fyrri umræða í sveitarstjórnum um samþykktir um tilraunir.

Umsóknir sveitarfélaga og drög að samþykktum um tilraunir lagðar fyrir verkefnisstjórn.

Nóv.–des. Verkefnisstjórn fjallar um umsóknir, samræmir þær og sendir þær áfram til viðkomandi ráðuneyta, ásamt umsögn sinni.

1995

Jan.–apríl Ráðuneyti fjalla um umsóknir og veita verkefnisstjórn umsögn um þær umsóknir sem krefjast breytinga á lögum um reynslusveitarfélög. Aðrar umsóknir afgreiða ráðuneytin beint með eftirfarandi hætti:

1. Umsókn hafnað með rökstuddri greinargerð.
2. Umsókn samþykkt.
3. Ráðuneyti kemst að þeirri niðurstöðu að rétt sé að breyta strax ákvæði í lögum eða reglugerð fyrir öll sveitarfélög án þess að tilraun hafi farið fram.

Ef umsókn er samþykkt fer fram seinni umræða í sveitarstjórn um samþykkt um tilraun sem viðkomandi ráðherra síðan staðfestir að fengnu samþykki fjármálaráðherra ef við á.

Gert er ráð fyrir að tilraunir, sem fela í sér verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga, komist ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1996. Aðrar tilraunir komist til framkvæmda fyrr enda hafi viðkomandi ráðherra staðfest samþykkt reynslusveitarfélags um tilraun.

Lagt er fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um reynslusveitarfélög ef með þarf.

Maí–sept. Unnið að samningum milli viðkomandi ráðuneyta og reynslusveitarfélaga um þau verkefni sem verða í tilraunaskyni flutt til viðkomandi sveitarfélaga 1. janúar 1996 og fjárveitingar þeim tengdar.

Okt.–des. Reynslusveitarfélög og ráðuneyti undirbúa verkefnaflutning.

Þar sem undirbúningur verkefnisins er kominn skemmra á veg en fyrsta tímaáætlun gerði ráð fyrir er lagt til að tilraunatímabilið sé til loka ársins 1999 í stað ársins 1998 eins og lagt var til í þingsályktunartillögunni. Talið er að nauðsynleg reynsla af tilraunum, sem fela í sér yfirtöku nýrra verkefna, fáist ekki nema tilraunatímabilið sé a.m.k. fjögur ár og samkvæmt ofangreindri tímaáætlun næst það ekki nema tímabilið sé framlengt um eitt ár.

Almennt um frumvarpið.

Frumvarpið felur í stuttu máli í sér þær heimildir, sem taldar eru nauðsynlegar, til að sveitarfélög geti gert tilraunir í samræmi við markmið verkefnisins. Það skal áréttað að fyrirsjáanlegt er að breyta þurfi lögum um reynslusveitarfélög eftir því sem á verkefnið líður og nýjar hugmyndir um tilraunaverkefni koma fram.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherrum verði veittar heimildir til að veita reynslusveitarfélögum undanþágur frá lagaákvæðum sem mæla fyrir um hvernig þau skuli haga stjórnsýslu sinni og leysa lögbundin verkefni sem á þeim hvíla. Enn fremur verði ráðherrum veitt heimild til að fela þeim að taka að sér framkvæmd nýrra verkefna og gera tilraunir með nýtt rekstrar- og fjármögnunarfyrirkomulag. Í því sambandi hafi ráðherrar heimild til að víkja frá tilteknum lögum.

Við gerð frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af hliðstæðum norskum og dönskum lögum.

Í I. kafla frumvarpsins eru almenn ákvæði. Í 1. gr. er kveðið á um tilgang og markmið tilraunastarfsins og hin ytri mörk þess. Í 2. gr. eru heimildir ráðherra til að veita reynslusveitarfélögum undanþágur frá lögum afmarkaðar við ákveðin efnisákvæði og heimildunum sett almenn takmörk. Í 3. gr. eru ákvæði um hlutverk og skipan verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga. 4. gr. fjallar um val á reynslusveitarfélögum og fjölda þeirra. Í 5. gr. er almenn heimild til að setja sérstakar reglugerðir fyrir reynslusveitarfélög og í 6. gr. eru ákvæði um úttektir á tilraunum og kynningu á niðurstöðum þeirra og skýrslum um framkvæmd verkefnisins á Alþingi.

Í II. kafla eru ákvæði um samþykktir fyrir reynslusveitarfélög og upplýsingaskyldu þeirra.

Í III. kafla eru almenn ákvæði um stjórnsýslutilraunir.

Síðan koma kaflar sem snerta einstök ráðuneyti. Þeir hafa verið samdir í samráði við viðkomandi ráðuneyti. Í frumvarpinu eru kaflar um heimildir félagsmála-, heilbrigðis- og tryggingamála- og umhverfisráðherra. Vísað er til athugasemda við einstök ákvæði varðandi nánari skýringar. Auk þessara ráðuneyta áttu sér stað viðræður við fjármálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og samgönguráðuneytið. Við menntamálaráðuneytið var rætt um hvort til greina kæmi að reynslusveitarfélag tæki að sér rekstur framhaldsskóla. Niðurstaða ráðuneytisins var sú að það væri ekki ráðlegt á þessu stigi með hliðsjón af því að fyrir dyrum standi að sveitarfélögin yfirtaki rekstur grunnskólanna sem ráðuneytið taldi ærið verkefni fyrir þau, auk þess sem það taldi rétt að fá reynslu á þær breytingar sem frumvarp til nýrra framhaldsskólalaga felur í sér áður en gerðar verði frekari tilraunir með rekstrarform framhaldsskóla.

Við samgönguráðuneytið áttu sér stað viðræður um að reynslusveitarfélög taki að sér veghald og rekstur og viðhald flugvalla og geri tilraunir með breytt fyrirkomulag stjórnsýslu, framkvæmda og fjárveitinga í hafnamálum.

Frumvarp til nýrra vegalaga er nú til meðferðar á Alþingi. Þar er gert ráð fyrir víðtækum heimildum vegamálastjóra til þess að gera samninga við einstaklinga, fyrirtæki, sveitarstjórnir, stofnanir eða samtök þessara aðila um veghald. Telja verður að þær heimildir verði fullnægjandi fyrir sveitarfélög sem vilja taka að sér verkefni á sviði vegamála og því sé ekki ástæða til sérstakrar heimildar þar að lútandi í þessu frumvarpi.

Frumvarp til nýrra hafnalaga er nú í meðförum Alþingis. Í því eru ákvæði um hafnasamlög og sérstakar heimildir til fyrirgreiðslu við þau sem og við sameiningu sveitarfélaga, sbr. 33. gr. frumvarpsins. Jafnframt eru þar ákvæði sem heimila frávik frá gjaldskrám í ákveðnum tilvikum, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Þá hefur færst í vöxt að Hafnamálastofnun semji við verkfræðistofur og sveitarfélög um daglegt eftirlit með framkvæmdum, en yfirumsjón með verklegum og fjárhagslegum þáttum er samkvæmt lögum og frumvarpi hjá stofnuninni enda framkvæmdir greiddar með ríkisframlagi að verulegu leyti. Í frumvarpi til hafnalaga eru einnig ákvæði um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum og fram hefur verið lögð á Alþingi tillaga til þingsályktunar um

hafnaáætlun þar sem fram kemur skipting kostnaðar á milli hafna og er sú áætlun höfð til hliðsjónar við gerð fjárlaga. Í hafnalögum og í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að rekstur hafna sé greiddur úr ríkissjóði.

Varðandi rekstur og viðhald flugvalla er talið að flugmálastjóri hafi að óbreyttum lögum heimild til að gera samninga við sveitarfélög um að þau annist rekstur og viðhald einstakra flugvalla.

Rétt er að árétta að hugsanlegt er að fleiri ráðuneyti tengist verkefninu á síðari stigum þess og fleiri heimildir bætist við. Eftir að búið er að velja endanlega þau sveitarfélög sem munu taka þátt í verkefninu er unnt að hefja markvissa vinnu með einstökum sveitarfélögum og betur hægt að átta sig á möguleikum til tilrauna.

Að lokum skal tekið fram að drög að þessu frumvarpi voru kynnt á fyrrnefndri ráðstefnu um reynslusveitarfélög sem haldin var í febrúar á þessu ári. Þau hafa enn fremur verið kynnt stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, húsnæðismálastjórn og fulltrúum BHMR, BSRB og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um markmið laganna og afmarkar hvers eðlis tilraunaverkefnin skuli vera.

Rétt er að taka fram að hugtakið stjórnsýsla er í frumvarpinu notað sem heiti yfir stjórnkerfi sveitarfélaga. Þau markmið, sem tilgreind eru í 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar, vísa til tilraunastarfseminnar sem heildar en ekki til þess að hver einstök tilraun þurfi að fullnægja öllum þessum markmiðum. 3. málsl. 1. mgr. setur tilraunastarfinu þau mörk að tilraunirnar megi ekki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna né fela í sér auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá. Þá takmörkun sem greinin felur í sér verður að túlka í hverju tilviki fyrir sig með hliðsjón af þeirri tilraun sem óskað er eftir að gera.

Svo sem fram kemur í tímaáætluninni hér að framan er gert ráð fyrir að upphafstími tilrauna geti verið mismunandi eftir sveitarfélögum og tilraunum. Sveitarstjórn getur ákveðið að hætta við tilraun áður en tímabilinu er lokið og þá kemst fyrra réttarástand á aftur. Það leiðir af 21. gr. frumvarpsins um gildistíma laganna að gert er ráð fyrir að tilraunirnar geti staðið til ársloka 1999. Í þingsályktunartillögunni var tímabilið miðað við árslok 1998. Eins og fram kom í almennum athugasemdum um undirbúning og framkvæmd verkefnisins er ástæðan fyrir þessari framlengingu sú að talið er mikilvægt að tilraunir með yfirtöku nýrra verkefna standi í a.m.k. fjögur ár. Athygli er vakin á því að á Norðurlöndum var tilraunatímabilið í upphafi miðað við svipaðan árafjölda og hér en síðar framlengt.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til að sveitarfélögin sem taka munu þátt í tilraunaverkefninu skuli nefnast reynslusveitarfélög, sbr. heiti laganna. Eins og áður hefur komið fram er hugmyndin um stofnun reynslusveitarfélaga hér á landi komin frá sveitarfélaganefnd sem gaf út lokaskýrslu sína í mars 1993 og heitið reynslusveitarfélag er einnig frá henni komið. Annars staðar á Norðurlöndum hafa sveitarfélög, sem tekið hafa þátt í hliðstæðum verkefnum, gengið undir heitinu „frikommuner“.

Um 2. gr.

Verkefnið um reynslusveitarfélög byggir á því að óskir um tilraunir komi frá sveitarfélögunum sjálfum. Í sveitarfélögunum er fyrir hendi þekking á viðfangsefnunum og staðbundnum aðstæðum. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði samstarfsverkefni reynslusveitarfélaga og ráðuneyta en frumkvæðið komi frá sveitarfélögunum sjálfum. Ekki er unnt að hefja markvisst undirbúningsstarf með sveitarfélögunum fyrr en val á þeim liggur fyrir. Við gerð frumvarpsins hafa því ekki legið fyrir mótaðar tillögur um tilraunir. Af því leiðir að erfitt reyndist að skilgreina nákvæmlega í frumvarpinu heimildir ráðherra til að víkja frá einstökum lögum. Heimildarákvæði frumvarpsins eru því flest almennt orðuð. Með hliðsjón af því eru í 2. gr. frumvarpsins lagðar til almennar efnislegar takmarkanir á heimildum ráðherra til að víkja frá lögum. Einstök heimildarákvæði í III.–VII. kafla frumvarpsins verður því að túlka með hliðsjón af 2. gr. Rétt er að taka fram að við gerð frumvarpsins hafa hliðstæð dönsk og norsk lög mjög verið höfð til hliðsjónar. Þau fela á sama hátt og þetta frumvarp í sér heimildir til að veita sveitarfélögum undanþágur frá lögum svo að þau geti í tilraunaskyni mótað nýjar reglur sem komi í stað þeirra lagareglna sem þeim eru veittar undanþágur frá. Í þeim löndum var talið að svona tilraunaverkefni væru óframkvæmanleg ef leita þyrfti eftir lagaheimild í hverju tilviki fyrir sig og því væri óhjákvæmilegt að veita ráðherrum slíkar heimildir.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. er ráðherrum heimilt að veita undanþágur frá þeim ákvæðum laga sem vísað er til í einstökum greinum frumvarpsins sem fela í sér þau efnisatriði sem tilgreind eru í a–d liðum 1. mgr. greinarinnar. Fyrirvarinn um að annað geti verið sérstaklega tekið fram vísar til þess að einstakar greinar frumvarpsins geta falið í sér heimildir til að víkja frá efnisákvæðum sem ekki eru tilgreind í a–d liðum. Dæmi um slík ákvæði eru 13. og 19. gr. frumvarpsins sem fela í sér heimildir til að víkja frá ákvæðum um það hvernig greiðslur til að fjármagna starfsemi sveitarfélaga skuli ákvarðaðar. Á sama hátt geta einstök ákvæði frumvarpsins falið í sér frekari takmarkanir en fram koma í 2. gr. Dæmi um það eru ákvæði 9. gr. um að ekki megi veita undanþágu frá ákvæðum um sveitarstjórnir, byggðarráð og kjörstjórnir.

Eins og tekið er fram í athugasemdum við 1. gr. er heitið stjórnsýsla í frumvarpinu notað um stjórnkerfi sveitarfélaga. Með ákvæðum um stjórnsýslu sveitarfélaga er átt við ákvæði sem kveða á um að nefndir eða stjórnir skuli skipaðar, hvernig þær skulu skipaðar og hver verkefni þeirra skulu vera. Ef reynslusveitarfélag fær heimild til að leggja niður lögskipaða nefnd verður að vera tryggt að lögboðnum verkefnum hennar verði sinnt á annan fullnægjandi hátt. Ef samþykkt er tilraun til að láta embættismenn taka að einhverju leyti við verkefnum nefnda verður að vera tryggt að með því sé ekki gengið á réttaröryggi íbúanna, sbr. 2. mgr. greinarinnar, t.d. þannig að þeim sé tryggður málskotsréttur. Í III. kafla frumvarpsins er almennt ákvæði um stjórnsýslutilraunir og er vísað til athugasemda við 9. gr. varðandi frekari upplýsingar um hugsanlegar tilraunir með nýjungar í stjórnsýslu sveitarfélaga.

Með starfsemi í a–lið 1. mgr. er átt við starfsemi á vegum sveitarfélaga sem ekki fellur undir hefðbundið stjórnkerfi þeirra, svo sem rekstur sem sveitarfélag tekur við af ríkinu, t.d. á sviði heilbrigðisþjónustu, öldrunarþjónustu og þjónustu við fatlaða. Á því er byggt að túlka beri „skipulag starfsemi“, hvað inntak snertir, á sama hátt og stjórnsýslu. Þannig verði heimilt að víkja frá ákvæðum sem mæla fyrir um hvernig slíkum rekstri sé stjórnað, svo sem ákvæðum um stjórn heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, sbr. 21. og 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. er heimilt að víkja frá ákvæðum sem kveða á um það hvernig verkefni skulu leyst af hendi. Hins vegar væri ekki heimilt að veita undanþágur frá því að lögboðin verkefni skuli leyst af hendi. Heimildin nær einnig til ákvæða sem kveða á um hvernig þjónusta sem ríkið hefur nú á hendi, en reynslusveitarfélag mundi taka yfir á grundvelli laganna, skuli veitt.

Dæmi um ákvæði, sem gætu fallið undir c-lið, eru ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins um eftirlit ríkisins með félagslegum húsnæðismálum hjá sveitarfélögum. Í sambandi við d-lið er rétt að benda á að frávik eru hugsanleg frá ákvæðum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málaflokkum sem eru bæði hjá ríki og sveitarfélögum, t. d. félagsleg húsnæðismál, en á því sviði hafa m.a. komið fram hugmyndir um að sveitarfélög taki á sig meiri ábyrgð á lánveitingum gegn því að vera undanþegin ákvæðum sem kveða á um eftirlit Húsnæðisstofnunar með þeim, t.d. þannig að sveitarfélög séu lántakendur gagnvart Byggingarsjóði verkamanna en endurláni síðan einstaklingum.

Af 2. mgr. leiðir m.a. að tilraunir mega ekki koma niður á gæðum þjónustu við íbúana. Þannig væri ekki heimilt að slaka á lögbundnum kröfum um að fagfólk veiti ákveðna þjónustu. Ekki væri heldur heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum sem kveða á um hvaða þjónustu skuli veita, sbr. ákvæði laga um málefni fatlaðra og laga um heilbrigðisþjónustu þar að lútandi. Með fyrirgreiðslu er t.d. átt við ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um rétt einstaklinga til félagslegra íbúða. Tilraunirnar mega heldur ekki koma niður á réttaröryggi íbúanna, t.d. væri ekki heimilt að skerða rétt þeirra samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga. Eins og fram kom í almennum athugasemdum hér að framan hefur verkefnisstjórnin þegar verið skipuð á grundvelli þingsályktunar um stofnun reynslusveitarfélaga og hefur hún unnið að gerð þessa frumvarps. Vísast til athugasemda hér að framan varðandi skipun og verkefni hennar.

Ekki þykja rök til þess að lögfesta að fulltrúar einstakra ráðuneyta sitji í verkefnisstjórninni heldur er gert ráð fyrir að þeir muni sitja einstaka fundi þegar mál sem snerta þeirra ráðuneyti eru til umfjöllunar hjá stjórninni. Einnig er á það að líta að heppilegt getur verið að fulltrúar ráðuneyta séu fleiri en einn eftir málaflokkum.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um fjölda reynslusveitarfélaga og val á þeim.

Fyrstu hugmyndir um stofnun reynslusveitarfélaga hér á landi byggðust á því að reynslusveitarfélögin yrðu fá en að í hverju þeirra færi fram umfangsmikið tilraunastarf. Eftir að verkefnisstjórnin hefur kynnt sér reynslu nágrannaríkja okkar af hliðstæðum verkefnum telur hún að það sé vænlegra til árangurs að sveitarfélögin einbeiti sér að tiltölulega fáum verkefnum en í staðinn verði þeim sveitarfélögum, sem taka þátt í verkefninu, fjölgað. Eins og fram kom hér að ofan í almennum athugasemdum um undirbúning og framkvæmd verkefnisins var það skoðun sveitarfélaganefndar að sveitarfélög sem sæktu um þátttöku í verkefninu í tengslum við sameiningu ættu að hafa forgang. Sjö umsóknir bárust frá slíkum sveitarfélögum. Í þeim hópi eru engin fjölmenn sveitarfélög að undanskildu sameinuðu sveitarfélagi Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna. Reynsla Norðurlandaþjóða hefur sýnt að mikilvægt er að nokkur fjölmenn sveitarfélög taki þátt í verkefnum sem þessum þar sem þau hafa oftast betri aðstöðu en fámenn sveitarfélög til að

framkvæma margbreytileg og vandasöm tilraunaverkefni. Verkefnisstjórnin telur einnig með hliðsjón af þessu nauðsynlegt að fjölga þátttakendum í verkefninu frá því sem gert var ráð fyrir í þingsályktunartillögunni. Með því móti er hægt að velja þau sveitarfélög sem sóttu um í tengslum við sameiningu og nokkra fjölmenna kaupstaði og fá þannig fjölbreyttan hóp sveitarfélaga.

Í samræmi við álit sveitarfélaganefndar er lagt til í 2. mgr. 4. gr. að sveitarfélög, sem sækja um þátttöku í tengslum við sameiningu, skuli njóta forgangs, þó þannig að þess sé gætt að í hópinn veljist sveitarfélög sem eru sem fjölbreytilegust að stærð og gerð.

Um 5. gr.

Almennt er litið svo á að heimild til setningar reglugerðar feli í sér að reglugerðin fái gildi um allt landið. Greinin felur í sér heimild til að víkja frá þessu. Hins vegar verður slík reglugerð, sem gefin er út sérstaklega fyrir eitt reynslusveitarfélag eða fleiri, að eiga sér stoð í viðkomandi lögum á sama hátt og reglugerð sem gefin er út fyrir allt landið. Hugsanlegt er að ráðherra geti með heimild í ákvæðinu sett mismunandi reglugerðir fyrir reynslusveitarfélög með stoð í sömu lögum.

Eins og vikið var að í almennum athugasemdum hér að framan er hugmyndin að baki verkefninu um reynslusveitarfélög sú að sveitarfélög fái tækifæri til að móta sjálf nýjar reglur á ákveðnum sviðum. 7. gr. frumvarpsins tekur mið af þessu, en hún gerir ráð fyrir að sveitarstjórnir reynslusveitarfélaga setji sérstakar reglur um tilraunir í formi samþykkta sem viðkomandi ráðherra verður að staðfesta. Gert er ráð fyrir að þegar ráðherra setur reglugerð með heimild í 5. gr. sé yfirleitt um að ræða staðfestingu hans á samþykkt reynslusveitarfélags.

Um 6. gr.

Það er mjög mikilvægur þáttur í verkefninu að hlutlaus aðili leggi mat á tilraunirnar og hvaða lærdóm megi af þeim draga. Á Norðurlöndum hefur slíkt mat verið framkvæmt með nokkuð mismunandi hætti. Í Danmörku var t.d. ekki komið á fót formlegu matsfyrirkomulagi. Hins vegar fjármagnaði ríkið a.m.k. þrjú rannsóknaverkefni og samtök sveitarfélaga tvö til að meta árangurinn. Vegna þess hversu lítið var lagt upp úr formlegu og óháðu mati á árangri verkefnisins hafa í Danmörku verið skiptar skoðanir um það hvernig til hafi tekist. Í þessu sambandi má nokkuð læra af reynslu Norðmanna. Í Noregi voru sett upp 15 rannsóknaverkefni til þess að taka út tilraunirnar. Fjórar bækur voru gefnar út þar sem niðurstöður rannsóknanna voru dregnar saman. Að þessu verki unnu óháðir fræðimenn, svo sem frá háskólunum í Ósló og Bergen og norsku byggðastofnuninni NIBR. Þá lagði ráðherra sveitarstjórnarmála fram skýrslu í þinginu vorið 1991 sem byggðist á mati á verkefninu.

Það er talið mjög mikilvægt að aðilar, sem ekki tengjast framkvæmd verkefnisins, meti árangurinn þannig að sem minnstar deilur verði um matið og að niðurstöðurnar nýtist til ákvarðana um breytingar. Í þessu sambandi kemur til álita að semja við einn aðila um yfirumsjón með mati á verkefninu, t.d. háskóla, eða nokkra aðila um að meta einstaka þætti þess, t.d. háskólakennara, sérfræðinga eða jafnvel námsmenn sem eru í rannsóknatengdu framhaldsnámi. Lagt er til að verkefnisstjórninni sé falið það hlutverk að semja við úttektaraðila en áskilið er að samþykki ráðherra liggi fyrir, enda getur orðið um nokkurn kostnað að ræða. Í ákvæðinu er lagt til að niðurstöður úttektaraðila og skýrslur verkefnisstjórnar um framkvæmd verkefnisins verði kynntar á Alþingi.

Um 7. gr.

Svo sem vikið var að í upphafi athugasemda við frumvarpið og í athugasemdum við 5. gr. byggist verkefnið um reynslusveitarfélög meðal annars á því að nýta þá þekkingu sem er innan sveitarfélaga á viðkomandi málaflokkum og staðbundnum aðstæðum til þess að móta nýjar reglur á ákveðnu sviði. Í samræmi við það og í samræmi við 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, er í 7. gr. lagt til að sveitarstjórn reynslusveitarfélags setji reglur um tilraunir samkvæmt lögunum í formi samþykkta. Hugsunin er sú að þessar reglur komi í stað þeirra ákvæða sem ráðherra heimilar að vikið sé frá. Í samþykktunum þarf að koma fram hvernig sveitarfélagið muni leysa þau verkefni sem um er að ræða þannig að tryggt sé að lögboðnum skyldum sé fullnægt gagnvart íbúunum eða hvernig það ætli að haga stjórnsýslu á ákveðnu sviði ef um stjórnsýslutilraun er að ræða. Í samræmi við 52. gr. sveitarstjórnarlaga er lagt til að tvær umræður fari fram um slíkar samþykktir í sveitarstjórn með a.m.k. einnar viku millibili. Væntanlega verða drög að samþykktum send viðkomandi ráðuneytum til umsagnar áður en seinni umræða fer fram. Samþykktir öðlast ekki gildi fyrr en viðkomandi ráðherra hefur staðfest þær. Með viðkomandi ráðherra er átt við þann ráðherra sem fer samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands með þann málaflokk sem um er að ræða. Gert er ráð fyrir að hann afli samþykkis fjármálaráðherra þegar um er að ræða tilraunir sem hafa í för með sér fjárútlát fyrir ríkið.

Ráðherra getur vísað samþykkt aftur til sveitarstjórnar til breytinga telji hann ekki unnt að staðfesta hana. Samkvæmt almennum reglum þarf aðeins eina umræðu í sveitarstjórn um slíka breytingu. Staðfesting ráðherra getur jafnframt falið í sér heimild til að víkja frá lögum í samræmi við heimildir frumvarpsins. Eins og fram kemur í athugasemdum við 5. gr. getur staðfesting ráðherra einnig verið í formi reglugerðar ef við á. Sveitarfélag getur síðar breytt samþykkt sinni um tilraun ef svo horfir við. Ráðherra þarf að staðfesta slíkar breytingar.

Rétt er að árétta að gert er ráð fyrir að aðdragandi tilrauna geti verið nokkuð mismunandi eftir því um hvers konar tilraun er að ræða. Ef um er að ræða yfirtöku á nýjum verkefnum er nauðsynlegt að gerður sé samningur milli ráðuneyta og sveitarfélaga um ýmis grundvallaratriði, svo sem fjármögnun. Sveitarfélagið mundi jafnframt í samþykktum sínum útfæra eftir hvaða reglum það ætli sér að stýra málaflokknum. Ef um stjórnsýslutilraun er að ræða eða breytingu á framkvæmd verkefna sem sveitarfélögin fara nú þegar með er ekki nauðsynlegt að gerður sé sérstakur samningur milli sveitarfélags og viðkomandi ráðuneytis, heldur nægir að sveitarfélagið gangi frá samþykkt um málið að höfðu samráði við viðkomandi ráðuneyti sem síðan staðfestir samþykkt. Byggt er á því að tilraunastarfsemi geti ekki hafist fyrr en ráðherra hefur staðfest samþykkt.

Að öllum líkindum er heppilegast að gerðar séu sérstakar samþykktir um hverja tilraun fyrir sig þar sem upphafstímamark tilrauna innan sama sveitarfélags getur verið mismunandi og mismunandi er eftir tilraunum hvaða ráðherra á að staðfesta samþykkt.

Það að gefnar séu út og birtar reglur um tilraunirnar er mjög mikilvægt fyrir réttaröryggi íbúanna þannig að þeir eigi þess kost að kynna sér á hvaða grundvelli tilraunastarfsemin byggist og eftir hvaða reglum hún eigi að fara.

Um 8. gr.

Það er mikilvægt að tilraunaverkefnin njóti stuðnings íbúa í sveitarfélaginu. Því er lagt til að þeim séu kynntar tilraunir áður en sveitarstjórn gengur frá samþykktum um þær. Sveitarstjórn metur með hliðsjón af aðstæðum á hvern hátt það verði best gert.

Í 2. mgr. er lagt til sveitarstjórn hafi almennar upplýsingaskyldur um framgang og árangur tilrauna. Ljóst er að úttektaraðilar, sbr. 6. gr., verða að hafa víðtækan aðgang að upplýsingum um tilraunir hjá einstökum sveitarfélögum.

Um 9. gr.

Greinin felur í sér almennar heimildir til þess að gera stjórnsýslutilraunir. Það verður að vera tryggt að lögboðnum verkefnum nefnda og stjórna, sem tilraunir eru gerðar með, verði sinnt á fullnægjandi hátt án þess að réttaröryggi íbúanna sé skert. Í samþykktum um tilraunirnar þurfa að vera ákvæði sem tryggja þetta.

Á grundvelli greinarinnar hefur sveitarstjórn reynslusveitarfélags möguleika á að endurskipuleggja nefndakerfi sitt, sameina nefndir, stofna nýjar og leggja aðrar niður. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að víkja frá ákvæðum sem mæla fyrir um að nefndir skuli skipaðar fulltrúum ákveðinna aðila. Þannig gæti sveitarstjórn gert tilraun með að skipa í auknum mæli fulltrúa þeirra sem nota þjónustu á viðkomandi sviði eða fulltrúa félagasamtaka í nefndir. Einnig er hugsanlegt að gerðar verði tilraunir með það að láta embættismenn sveitarfélagsins taka í auknum mæli við verkefnum nefnda til þess að flýta fyrir afgreiðslu erinda en þá þyrfti að tryggja íbúum rétt til að skjóta ákvörðun þeirra til nefndar eða sveitarstjórnarinnar sjálfrar. Rétt er taka fram að ýmsar heimildir eru nú þegar í lögum til að sameina nefndir sveitarfélaga. Þannig er sveitarstjórn skv. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, veitt almenn heimild til að sameina nefndir. Einnig eru í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, heimildir til að fela félagsmálanefnd verkefni ýmissa nefnda, sbr. 32. og 49. gr. um verkefni barnaverndar- og húsaleigunefnda.

Helstu nefndir og stjórnir, sem heimildin í 8. gr. gæti náð til, eru: áfengisvarnanefnd, sbr. 30. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, með síðari breytingum, bókasafnsstjórn, sbr. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976, byggingarnefnd, sbr. III. kafla byggingarlaga, nr. 54/1978, með síðari breytingum, félagsmálanefnd, sbr. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, gróðurverndarnefnd, sbr. 19. gr. laga um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum, hafnarstjórn, sbr. 9. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, með síðari breytingum, heilbrigðisnefnd, sbr. 6. og 7. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum, húsnæðisnefnd, sbr. 40. og 45. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum, jafnréttisnefnd, sbr. 13. gr. jafnréttislaga, nr. 28/1991, leikskólanefnd, sbr. 5. gr. laga um leikskóla, nr. 48/1991, náttúruverndarnefnd, sbr. 3. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum, skólanefnd grunnskóla, sbr. 18. og. 19. gr. grunnskólalaga, nr. 49/1991, stjórnarnefnd vinnumiðlunar, sbr. 9. gr. laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985, með síðari breytingum.

Af 2. málsl. greinarinnar leiðir að ekki er heimilt að gera tilraunir með breytingar á ákvæðum um grundvallarstjórn sveitarfélaga og sveitarstjórnarkosningar.

Um 10. gr.

Hjá umsækjendum um þátttöku í verkefninu hefur komið fram mikill áhugi á tilraunum á sviði félagslegra húsnæðismála. Telja ýmsir að núverandi fyrirkomulag þessara mála sé of flókið og miðstýrt og að eftirlit Húsnæðisstofnunar ríkisins með sveitarfélögum sé óþarflega mikið. Ýmsar hugmyndir hafa verið reifaðar í því sambandi sem allar stefna í þá átt að auka verkefni, ábyrgð og sjálfstæði sveitarfélaga í málaflokknum.

Um félagslegar íbúðir er fjallað í V. kafla laga, nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Enda þótt 9. gr. sé almennt orðuð sem heimild til að víkja frá ákvæðum um félagslegar íbúðir verður að túlka hana með hliðsjón af 2. gr. frumvarpsins þannig að ekki er heimilt að víkja frá öllum ákvæðum V. kafla. Af 2. gr. leiðir m.a. að tilraunirnar mega ekki hafa í för með sér skerðingu á þeim réttindum sem einstaklingar njóta nú við kaup á félagslegum íbúðum, hvorki skerðingu á rétti til kaupa á félagslegri íbúð né skerðingu á lánskjörum þeirra. Ákvæðið veitir möguleika á tilraunum með tilhögun lánveitinga á þessu sviði og til þess að gera breytingar á eftirlitsskyldum Húsnæðisstofnunar gagnvart reynslusveitarfélagi. Einnig eru hugsanlegar tilraunir með breytt stjórnkerfi húsnæðismála innan sveitarfélagsins, þ.e. breytingar á skipun og verkefnum húsnæðisnefnda, sbr. einnig almennu heimildina til stjórnsýslutilrauna í 9. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Samkvæmt greininni er félagsmálaráðherra heimilt að fela reynslusveitarfélagi að annast þjónustu við fatlaða innan sveitarfélagsins að öllu eða nokkru leyti. Svipað ákvæði er í 13. gr. laga um málefni fatlaða, nr. 59/1992. Í athugasemdum með þeim lögum er reifað að stuðla beri að þeirri þróun að sveitarfélög taki í auknum mæli við þjónustu ríkisins við fatlaða. Sveitarfélögin fari nú þegar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga með ýmsa þætti í þjónustu við fatlaða en æskilegt sé að þjónusta á þessu sviði sé í auknum mæli á sömu hendi. Það feli í sér hagræðingu og betri þjónustu.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga um málefni fatlaðra er lagt til að í lögum um reynslusveitarfélög verði sérstakt ákvæði um heimild ráðherra til að fela reynslusveitarfélagi þjónustu við fatlaða þar sem gera má ráð fyrir að þau muni hafa áhuga á slíku verkefni. Með hliðsjón af því að um er að ræða þátt í verkefninu um reynslusveitarfélög þykir rétt að heimila ráðherra slíka samninga án þess að svæðisráð hafi haft frumkvæði að þeim eins og boðið er í áðurnefndri 13. gr., en áskilið er að samráð skuli haft við þau. Með hliðsjón af því að um tilraunaverkefni er að ræða þykir enn fremur rétt að heimila ráðherra að víkja frá ákvæðum laga um málefni fatlaðra eftir því sem rök eru til og að því leyti sem slíkt er ekki talið skerða þann rétt sem fatlaðir hafa til þjónustu samkvæmt gildandi lögum. Heimildina verður að túlka með hliðsjón af ákvæðum 2. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að í samningi verði kveðið á um hvort um verði að ræða framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Um 12. gr.

Sú mikla breyting, sem átt hefur sér stað í atvinnumálum þjóðarinnar sl. tvö ár, hefur leitt í ljós að nauðsynlegt er að vinna að endurbótum á málefnum atvinnulausra. Þetta svið er því mjög áhugavert fyrir tilraunaverkefni. Líklegt er að reynslusveitarfélög muni hafa áhuga á að gera átak á þessu sviði sem lið í verkefninu. Er því lagt til að félagsmálaráðherra hafi heimild til að víkja frá ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar og laga um vinnumiðlun í því skyni að bæta þjónustu við atvinnulausa. Ákvæðið er almennt orðað þar sem ekki liggja fyrir fullmótaðar hugmyndir um tilraunir á þessu sviði. Rétt er að taka fram að tilraun gæti ekki falið í sér greiðslu hærri atvinnuleysisbóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði til einstaklinga í reynslusveitarfélögum þar sem slíkt mundi hafa í för með sér mismunun gagnvart bótaþegum í öðrum sveitarfélögum. Fyrst og fremst er á því byggt að um sé að ræða tilraunir með fyrirkomulag þjónustu við atvinnulausa.

Um 13. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, skal tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ráðstafað til greiðslu þrenns konar framlaga, þ.e. bundinna framlaga skv. 12. gr. laganna, sérstakra framlaga skv. 13. gr. og jöfnunarframlaga skv. 14. gr. Jöfnunarframlögin skiptast í tekjujöfnunar- og þjónustuframlög. 13. gr. frumvarpsins felur í sér að félagsmálaráðherra verði heimilt að setja reglur um að auk þessara þriggja framlaga verði tekjum sjóðsins varið til greiðslu framlaga til reynslusveitarfélaga. Það sem liggur að baki er að unnt sé að gera tilraunir með nýjar reglur um útreikning framlaga til sveitarfélaga. Þessi tilraunaframlög kæmu, að nokkru eða öllu leyti, í staðinn fyrir sérstök framlög og jöfnunarframlög til reynslusveitarfélaganna. Þannig er ekki gert ráð fyrir að þessi framlög hafi í för með sér hækkun á heildarframlögum úr sjóðnum.

Þær breytingar, sem munu eiga sér stað á næstu árum með stækkun sveitarfélaga og auknum verkefnum þeirra, munu kalla á miklar breytingar á jöfnunargreiðslum og mun Jöfnunarsjóður sveitarfélaga væntanlega gegna mikilvægu hlutverki í því sambandi. Til skemmri tíma litið verður hlutverk sjóðsins líklega að greiða kostnað við framkvæmd þessara umfangsmiklu breytinga og standa fyrir tímabundnum stuðnings- og jöfnunaraðgerðum. Til lengri tíma litið verður verkefni sjóðsins ef að líkum lætur ýmsar jöfnunaraðgerðir á milli stærri og fjölmennari sveitarfélaga en nú eru í landinu og í málaflokkum sem í dag eru verkefni ríkisins, að hluta til eða að miklu leyti, svo sem heilsugæsla og grunnskóli.

Núverandi fyrirkomulag greiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga var í aðalatriðum ákveðið í tengslum við þá breytingu sem varð á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í ársbyrjun 1990. Reglurnar taka mið af skiptingu landsins í u.þ.b. 200 sveitarfélög og miðast við núverandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Annars staðar á Norðurlöndum hefur fyrirkomulag jöfnunargreiðslna til sveitarfélaga þróast í áttina frá svokölluðum eyrnamerktum framlögum, sem t.d. fela í sér greiðslu á ákveðnu hlutfalli af kostnaði við skólaakstur eða af byggingarkostnaði við íþróttahús, yfir í svonefnd rammaframlög en með þeim er talið að almannfé nýtist íbúunum betur.

Á Íslandi hafa tekjujöfnunarframlög á undanförnum árum haft meira vægi en þjónustuframlög, en þessu er öfugt farið á Norðurlöndum. Með afnámi aðstöðugjalds hefur dregið úr þörf fyrir tekjujöfnunarframlög og með sameiningu sveitarfélaga mun draga enn frekar úr þeirri þörf.

Með stofnun reynslusveitarfélaga á Íslandi gefst gott tækifæri til þess að þróa nýtt fyrirkomulag jöfnunargreiðslna með því að prófa það í reynslusveitarfélögunum áður en því verði komið á í endanlegri mynd fyrir allt landið.

Til að skýra nánar þessar hugmyndir þykir nauðsynlegt að gera grein fyrir reglum um jöfnunarframlög í Noregi.

Þar eru tekjur sveitarfélaga og fylkja um 150 milljarðar norskra króna á ári. Sveitarfélög og fylki hafa með höndum ⅔ af allri samneyslu í Noregi. Sveitarfélögin fá um helming af tekjum sínum í sköttum af einstaklingum og fyrirtækjum, 35–40% frá ríkinu og um 10–15% í þjónustugjöldum.

Fyrirkomulag fjárframlaga frá ríkinu hefur verið nokkuð flókið og í Stórþinginu er nú til meðferðar frumvarp sem felur í sér mun einfaldari reglur. Í aðalatriðum er gert ráð fyrir því að enn dragi úr eyrnamerktum fjárveitingum og að uppistaðan verði rammafjármögnun sem byggi annars vegar á tekjujöfnunarframlögum og hins vegar á þjónustuframlögum. Tekjujöfnunarframlögin eru aðeins um ⅕ af jöfnunarframlögunum og þjónustuframlögin um ⅘.

Sveitarfélög, sem fá ríkisframlög samkvæmt rammafjármögnun, ráða því sjálf hvernig framlaginu er ráðstafað. Með jöfnunarframlögunum er leitast við að jafna aðstöðu sveitarfélaga en gera þau jafnframt ábyrg fyrir því að ráðstafa fénu skynsamlega.

Tekjujöfnunarframlög eru ákvörðuð þannig að sveitarfélög sem hafa minna en 96% af landsmeðaltali skatttekna sveitarfélaga í Noregi fá mismuninn greiddan. Sveitarfélög, sem hafa yfir 140% af landsmeðaltali skatttekna sveitarfélaga í Noregi, verða að greiða til baka helminginn af því sem er yfir 140%.

Þjónustuframlög eru reiknuð eftir ákveðnu reiknimódeli þar sem tólf mismunandi reikniliðir vega til samans 100%. Hvert sveitarfélag er vegið með tilliti til landsmeðaltals í viðkomandi reiknilið. Nefna má sem dæmi að fjöldi íbúa 0–15 ára vegur 5,4% í reiknilíkaninu. Ef Ósló hefur 10% íbúa landsins en 11% íbúa landsins 0–15 ára vegur þessi liður í reiknilíkaninu Ósló í hag, þ.e. 11/10x5,4=5,94%. Sum sveitarfélög geta því endað langt yfir 100% en önnur undir 100%, en vegið meðaltal fyrir landið verður 100%. Reikniliðirnir eru:

	Vægi
Hlutfall íbúa 0–15 ára	0.054
Hlutfall íbúa 16–66 ára	0.161
Hlutfall íbúa 67–79 ára	0.082
Hlutfall íbúa 80 ára og eldri	0.176
Hlutfall íbúa 0–15 ára sem þurfa skólaakstur	0.012
Stærð þess svæðis sem sveitarfélag nær yfir	0.022
Hlutfall íbúa sem þurfa félagslega aðstoð	0.034
Hlutfall íbúa sem eru 67 ára og eldri og búa einir	0.039
Reiknuð stærð bekkja í grunnskóla	0.343
Hlutfall af stórborgarframlagi	0.018
Hluti af framlagi til sveitarfélaga í Tromsø og Finnmörku	0.003
Grunnframlag	0.056
Samtals	**1.000**

Í Noregi eru greidd sérstök framlög til sveitarfélaga við sérstakar aðstæður eða af sérstöku tilefni. Þannig er greitt sérstakt framlag vegna sameiningar sveitarfélaga, til Lillehammer vegna Olympíuleikanna, til Gardemoen í nágrenni Óslóar vegna alþjóðlegs flugvallar sem þar verður byggður o.fl.

Lagaákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er að finna í III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, með síðari breytingum. Á grundvelli þeirra laga var sett reglugerð nr. 390/1991 um sjóðinn. Tekjur Jöfnunarsjóðs eru skv. 8. gr. laganna framlag úr ríkissjóði sem skal nema 1,4% af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Árið 1994 nemur það 1.354 m.kr. Þar við bætist viðbótarframlag úr ríkissjóði að fjárhæð 503 m.kr. sem kemur í stað landsútsvars.

Eins og áður kom fram skal tekjum sjóðsins varið til greiðslu bundinna framlaga, sérstakra framlaga og jöfnunarframlaga. Bundnum framlögum er skv. 12. gr. laganna úthlutað til Sambands íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtaka sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga og Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Sérstökum framlögum er skv. 13. gr. laganna varið til greiðslu kostnaðar við sameiningu sveitarfélaga, til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga og til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum, m.a. skólamannvirkja, vatnsveitna og íþróttahúsa, og einnig til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög við að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla og tónlistarskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Framlög til rekstrar grunnskóla eru einungis ætluð sveitarfélögum með færri en 2.000 íbúa og eru miðuð við fjölda starfsvikna í skóla og akstursvegalengd milli heimilis og skóla. Framlög til rekstrar tónlistarskóla eru einungis ætluð sveitarfélögum með færri en 700 íbúa. Þau eru tvöfalt hærri á nemanda í sveitarfélögum með færri en 500 íbúa en í sveitarfélögum með 500–700 íbúa.

Jöfnunarframlögum skv. 14. gr. laganna er úthlutað til sveitarfélaga sem hafa lægri skatttekjur en sambærileg sveitarfélög miðað við meðalnýtingu tekjustofna (tekjujöfnunarframlög) og til sveitarfélaga sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélög af þeirri stærð veiti (þjónustuframlög).

Sé meðaltal skatttekna á íbúa í sveitarfélagi með fleiri en 300 íbúa og íbúa í þéttbýlissveitarfélagi með færri en 300 íbúa lægra en landsmeðaltal skatttekna á íbúa skal greiða sveitarfélaginu allt að mismuninum sem tekjujöfnunarframlag. Sé meðaltal skatttekna á íbúa í sveitarfélagi með færri en 300 íbúa lægra en meðaltal skatttekna á íbúa í slíkum sveitarfélögum skal greiða sveitarfélaginu allt að mismuninum sem tekjujöfnunarframlag.

Þjónustuframlög eru greidd sveitarfélögum með færri en 3.000 íbúa. Sveitarfélögunum er skipt í þrjá stærðarflokka og innan hvers flokks er miðað við þrjú mismunandi þjónustustig. Framlögin hækka eftir þjónustustigi en fara lækkandi eftir því sem sveitarfélögin eru fjölmennari.

Við sameiningu sveitarfélaga getur það gerst samkvæmt núgildandi reglum að framlög úr Jöfnunarsjóði falli niður. Þannig falla þjónustuframlög niður ef sveitarfélög verða eftir sameiningu með fleiri en 3.000 íbúa og framlög til rekstrar tónlistarskóla falla niður eða skerðast ef sveitarfélög stækka við sameiningu upp fyrir 500 eða 700 íbúa mörkin.

Hugmyndin er sú að ef samkomulag næst milli félagsmálaráðuneytisins og allra reynslusveitarfélaga verði sett sérstök reglugerð um greiðslur sjóðsins til reynslusveitarfélaga og gerð tilraun með nýtt fyrirkomulag á ákvörðun framlaga. Í því sambandi eru settar fram eftirfarandi hugmyndir en jafnframt skal ítrekað að þær koma ekki til framkvæmda nema um þær takist fullt samkomulag milli aðila.

1. Leitast verði við að sameina stofnkostnaðarframlög, grunnskólaframlög og þjónustuframlög í einn flokk framlaga. Jafnframt því verði leitast við að draga úr eyrnamerktum framlögum eins og kostur er en miða greiðslur fremur við rammafjármögnun sem taki mið af almennum mælikvörðum eins og fjölda barna, fjölda aldraðra, atvinnuleysi, stærð sveitarfélaga, stærð þess landsvæðis sem byggð í sveitarfélaginu spannar yfir o.fl.
2. Þar sem þörf fyrir tekjujöfnunarframlög mun líklega minnka á næstu árum verði leitast við að auka vægi þjónustuframlaga í heildarjöfnunargreiðslum.
3. Reglum sjóðsins um tekjujöfnunarframlög verði breytt þannig að sama viðmiðun gildi um öll sveitarfélög án tillits til íbúatölu. Til dæmis verði reiknuð viðmiðunarprósenta álagningar yfir landið fyrir útsvar og fasteignaskatt og hverju reynslusveitarfélagi reiknaðar tekjur á íbúa miðað við þá álagningarprósentu. Þau sem eru neðan landsmeðaltals fái annaðhvort greitt ákveðið hlutfall af mismun, t.d. 50%, eða mismuninn bættan upp að ákveðnu hlutfalli, t.d. 95% af landsmeðaltali.

Um 14. og 15. gr.

Greinarnar fela í sér heimildir fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að fela reynslusveitarfélögum byggingu og rekstur heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og til að víkja frá ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu og laga um málefni aldraðra í því sambandi. Ákvæði 15. gr. verður að túlka með hliðsjón af 2. gr. frumvarpsins. Af henni leiðir að ekki væri heimilt að víkja frá ákvæðum 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu sem mælir fyrir um hvaða þjónustu skuli veita á heilsugæslustöð. Ekki væri heldur heimilt að víkja frá ákvæðum sem mæla fyrir um að fagfólk skuli annast þjónustuna.

Heilsugæslan tengist félagsþjónustu sveitarfélaga. Tilfærsla heilsugæslu til sveitarfélaga gefur því möguleika á að færa undir eina stjórn heimaþjónustu sem er á ábyrgð sveitarfélagsins og heimahjúkrun sem er verkefni ríkisins, þ.e. heilsugæslunnar, og félagsráðgjöf á heilsugæslustöðvum og félagsmálastofnunum, sbr. þær hugmyndir sem reifaðar voru í kaflanum um inntak verkefnisins hér að framan um sameinaða sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Einnig væri möguleiki á að sameina félagsmálanefnd og stjórn heilsugæslustöðvar í eina nefnd.

Sveitarfélög annast nú þegar vissa þætti öldrunarþjónustu. Það gæti því falið í sér aukna hagræðingu og bætta þjónustu að öldrunarþjónusta færðist í auknum mæli yfir á eina hendi. Verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga skapar aðallega vandamál á tveimur sviðum innan öldrunarþjónustunnar. Annars vegar er það stjórnunarlegur og fjármálalegur aðskilnaður á milli heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Hins vegar er það fjármálalegur og í sumum tilvikum stjórnunarlegur aðskilnaður á milli dvalarheimila aldraðra og hjúkrunardeilda. Þegar aldraður einstaklingur er færður af dvalarheimili yfir í hjúkrunarrými færist t.d. fjárhagsleg ábyrð á þjónustu við hann yfir til ríksins. Það er því auðsætt að hagræðing væri fólgin í því að þjónusta sem tengist svo mjög væri á sömu hendi.

Ef til verkefnaflutnings kemur skv. 14. gr. er gert ráð fyrir að gerður verði samningur um greiðslu kostnaðar. Þá gæti verið áhugavert að gera tilraun með nýtt greiðslufyrirkomulag, t.d. þannig að rekstur heilsugæslustöðvar yrði fjármagnaður með einu rammaframlagi í stað núverandi fyrirkomulags en samkvæmt því er reksturinn greiddur með fjárveitingum á fjárlögum og af sjúkratryggingum almannatrygginga. Í áfangaskýrslu sveitarfélaganefndar um aukið hlutverk sveitarfélaga, sem kom út í október 1992, er bent á að þetta tvíþætta kerfi sé mjög óheppilegt og að nauðsynlegt sé að breyta þessu þannig að viðkomandi heilsugæslustöð fái eina heildarfjárveitingu til að greiða allan kostnað, þar

með talin öll laun lækna og rannsóknir. Í 19. gr. frumvarpsins er almenn heimild til slíkra tilrauna.

Mörg minni sjúkrahús eru í reynd hjúkrunarheimili fyrir aldraðra og því er gert ráð fyrir að um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra geti orðið að ræða, sbr. 12. gr. laga um málefni aldraðra.

Um 16. gr.

Það sem liggur að baki ákvæðinu er að gefa reynslusveitarfélögum möguleika á að gera tilraunir til að einfalda og flýta meðferð byggingarmála, t.d. þannig að byggingarfulltrúar fái auknar heimildir til að afgreiða byggingarmál án þess að leggja þurfi mál fyrir byggingarnefnd. Almenna heimildin í 9. gr. frumvarpsins er ekki fullnægjandi hvað þetta snertir þar sem um störf byggingarfulltrúa eru ákvæði í byggingarlögum.

Til að tryggja réttaröryggi íbúa sveitarfélagsins er nauðsynlegt að þeir hafi málskotsrétt varðandi ákvarðanir byggingarfulltrúa. Einnig þarf að vera tryggt að grenndarréttur sé virtur þar sem um slíkt er að ræða.

Um 17. gr.

Skipulagslög eru komin til ára sinna og að mörgu leyti orðin úrelt. Lögin gera ráð fyrir að skipulagstillögur þurfi að fara í gegnum flókið ferli sem vafalaust mætti einfalda og bæta. Ákvæði 17. gr. er ætlað að opna leiðir til þess.

Um 18. gr.

Ákvæðið er samið í samráði við fulltrúa BHMR og BSRB. Það byggir á því að engin breyting verði á réttarstöðu hlutaðeigandi starfsmanna nema að því leyti að sveitarfélagið fái skipunarvald gagnvart þeim.

Ákvæðið um að engin formbreyting skuli verða á ráðningarstöðu starfsmanna vísar til þess að ekki verði breyting á því að ríkið sé aðili að ráðningarsamningum þeirra. Af því leiðir að sveitarfélag getur ekki tekið ákvörðun um uppsögn starfsmanns heldur eingöngu gert um það tillögu til viðkomandi ráðuneytis. Sveitarfélag gæti tekið ákvörðun um breytingar á starfi en slíkri ákvörðun væri hins vegar heimilt að skjóta til ráðherra, sbr. 33. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum.

2. mgr. greinarinnar gerir ráð fyrir að sveitarfélag og viðkomandi fagráðuneyti og fjármálaráðuneyti semji um ábyrgðir sínar og greiðslur vegna réttinda og kjara viðkomandi starfsmanna áður en til verkefnaflutnings kemur. Hér er um að ræða atriði eins og ábyrgð á greiðslu biðlauna ef staða er lögð niður, ábyrgðir vegna tjóns sem starfsmaður veldur í starfi sínu, fyrirkomulag launagreiðslna o.s.frv.

Um 19. gr.

Greinin felur í sér heimild til að gera tilraunir með nýtt fyrirkomulag í fjármögnun verkefna sem sveitarfélög yfirtaka frá ríkinu á grundvelli laganna.

Einkum er um að ræða hugmyndir um nýtt greiðslufyrirkomulag í málefnum fatlaðra og aldraðra og á sviði heilbrigðisþjónustu. Um er að ræða að verkefni verði í meira mæli en nú tíðkast fjármögnuð með rammaframlagi í stað eyrnamerktra framlaga. Þannig mætti hugsa sér að greiðslur til sveitarfélags fyrir að annast öldrunarþjónstu miðist við fjölda aldraðra í sveitarfélaginu og aldursskiptingu þeirra, greiðslur vegna málefna fatlaðra miðist við fjölda fatlaðra í sveitarfélaginu og þörf þeirra fyrir þjónustu annars vegar og sannanlegan rekstrarkostnað einstakra stofnana hins vegar. Í þessu sambandi getur verið nauð-

synlegt að vikið sé frá ákvæðum almannatryggingalaga, t.d. varðandi greiðslur úr sjúkratryggingum til reksturs heilsugæslustöðva.

Um 20. og 21. gr.

Greinarnar fela í sér reglugerðarheimild og gildistökuákvæði sem þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um reynslusveitarfélög.

Markmið frumvarpsins er að gera sveitarfélögum kleift að gera stjórnsýslutilraunir og tilraunir um breytingar á verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Frumvarpinu er ekki ætlað að hafa í för með sér aukin útgjöld hvorki fyrir ríkissjóð né sveitarfélög. Í 2. gr. frumvarpsins er nánar skilgreint í hvaða efnum er heimilt að víkja frá gildandi lögum og er þar um að ræða stjórnsýslu, framkvæmd verkefna, eftirlit ríkisins og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Í 7. gr. er kveðið á um að viðkomandi ráðherra skuli afla samþykkis fjármálaráðherra ef um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð er að ræða. Þá er í 19. gr. kveðið á um samþykki fjármálaráðherra ef gerðar eru tilraunir með nýtt fyrirkomulag á greiðslu kostnaðar.

Allar greiðslur úr ríkissjóði eru eftir sem áður háðar samþykki Alþingis.

866. Frumvarp til laga [555. mál]

um breyting á lögum um hópuppsagnir, nr. 95/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning á fjölda þeirra sem er sagt upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningarsamnings einstakra starfsmanna sem jafngilda uppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Áformi atvinnurekandi uppsagnir skv. 1. gr. skal hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna eða annan fulltrúa sem þeir hafa til þess valið svo fljótt sem auðið er með það fyrir augum að ná samkomulagi.

Með samráðinu skal að minnsta kosti leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka starfsmönnum sem fyrir þeim verða og draga úr afleiðingunum með hjálp félagslegra aðgerða sem hafa það meðal annars að markmiði að auðvelda tilfærslur í starfi eða endurhæfingu starfsmanna sem sagt hefur verið upp.

Trúnaðarmenn eða aðrir fulltrúar starfsmanna skulu eiga rétt á að fá allar upplýsingar frá atvinnurekanda, sem máli skipta, um fyrirhugaðar uppsagnir. Tilgreina skal skriflega ástæður uppsagna, fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp, hve margir eru að jafnaði í vinnu og hvers konar störfum þeir gegna og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að koma til framkvæmda.

Atvinnurekandi skal veita skriflega upplýsingar um viðmiðanir sem til stendur að nota við val á starfsmönnum sem segja á upp og aðferðir við útreikninga á greiðslum vegna uppsagna.

Atvinnurekandi skal enn fremur senda afrit af öllum skriflegum upplýsingum, sem um getur í 3. mgr., til stjórnar vinnumiðlunarinnar í umdæminu. Sé vinnumiðlun ekki í sveitarfélaginu skulu gögn send viðkomandi sveitarstjórn.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi fram staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar, samráð og tilkynningar samkvæmt þessum lögum getur atvinnurekandi ekki borið því við að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um hópuppsagnir var tekin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið frá 21. mars 1994, um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn, öðlast gildi gagnvart Íslandi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Markmið aðila að samningnum er að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði grundvallað á sameiginlegum reglum og jafnrétti gagnvart einstaklingum og atvinnurekendum varðandi fjórfrelsið og samkeppnisskilyrði og þar sem stefnt er að víðtækri samvinnu m.a. á sviði félags- og vinnumála.

Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru tilvísanir í ESB-gerðir sem snerta EES og Evrópusambandið gaf út fyrir 1. ágúst 1991. Í því skyni að tryggja einsleitni samningsins og réttaröryggi fyrir einstaklinga og atvinnurekendur er nauðsynlegt að breyta samningnum með hliðsjón af gerðum útgefnum af Evrópusambandinu eftir 31. júlí 1991. Með tilliti til þessa ákvað sameiginlega EES-nefndin meðal annars á fundi sínum 21. mars 1994 að tilskipun ráðsins 92/56/EBE frá 24. júní 1992 um breytingu á tilskipun 75/129/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir bætist við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ákvæði tilskipunar 75/129/EBE hafa öðlast gildi á Íslandi með lögum nr. 95/1992, um hópuppsagnir. Frumvarp þetta er flutt til að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum sem leiðir af því að tilskipun Evrópusambandsins 92/56/EBE verður hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Frumvarpið er samið í samráði við nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 23. ágúst 1993 til að fjalla um framkvæmd reglna á sviði félagsmála sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að vera ráðgefandi við mótun á afstöðu íslenskra stjórnvalda til tillagna að nýjum reglum á sviði félagsmála sem kunna að taka gildi á efnahagsvæðinu. Í nefndinni eru fulltrúar frá eftirtöldum aðilum: félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Samkvæmt 2. gr. tilskipunar 92/56/EBE er hægt að hrinda í framkvæmd ákvæðum hennar með tvennum hætti: Með samningum aðila vinnumarkaðarins eða með setningu laga. Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins er sammála um að í því tilviki sem hér um ræðir sé eðlilegast að gefa ákvæðum tilskipunarinnar lagagildi með því að breyta lögum nr. 95/1992.

Breyting frá núgildandi lögum kemur fram í 1. gr. Þar er tekið fram að uppsögn ráðningarsamninga einstakra starfsmanna skuli teljast með hópuppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða. Aðrar breytingar felast í því að ákvæði um upplýsingaskyldu og samráð eru gerð ítarlegri eins og kemur fram í 2. gr. frumvarpsins og í athugasemdum við hana.

Meginbreyting sem felst í tilskipuninni, en snertir í minna mæli íslenskar aðstæður, er ákvæði 3. gr. Það miðar að því að koma í veg fyrir að atvinnurekendur geti notað höfuðstöðvar eða dótturfyrirtæki erlendis sem afsökun fyrir því að geta ekki uppfyllt upplýsingaskyldu innan tímamarka sem mælt er fyrir um í tilskipuninni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni felst að við 1. gr. núgildandi laga bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um það að uppsögn ráðningarsamninga fimm einstaklinga á 30 daga tímabili skuli teljast með hópuppsögnum. Hér er átt við uppsagnir sem tengjast einstökum starfsmönnum.

Um 2. gr.

Helsta breytingin frá núgildandi lögum kemur fram í 2. mgr. Samkvæmt henni er hliðstætt ákvæði í núgildandi lögum gert ákveðnara. Tekið er fram að beita skuli félagslegum aðgerðum til að draga úr afleiðingum hópuppsagna sem hafa meðal annars að markmiði að auðvelda tilfærslur eða endurhæfingu starfsmanna sem hefur verið sagt upp.

Í 4. mgr. er aukið við upplýsingaskyldu atvinnurekanda. Til viðbótar upplýsingum sem atvinnurekandi skal veita skv. 3. gr. sem eru í núgildandi lögum skal hann enn fremur upplýsa um viðmiðanir sem hann notar við val á starfsmönnum sem hann hyggst segja upp og um það hvernig greiðslur til starfsmanna eru reiknaðar ef um slíkar greiðslur er að ræða.

Um 3. gr.

Ákvæðið snertir fyrst og fremst fjölþjóðafyrirtæki. Markmiðið er að tryggja að fylgt sé ákvæðum um fresti til að stofna til samráðs og til að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvöldum um væntanlegar uppsagnir. Í ákvæðinu felst að atvinnurekandi getur ekki borið fyrir sig að ákvörðun um hópuppsögn hafi verið tekin í höfuðstöðvum fyrirtækisins erlendis eða af erlendu dótturfyrirtæki og þar af leiðandi hafi honum ekki verið kleift að uppfylla kröfur um tímafresti.

Um 4. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi á sama tíma og ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Gert er ráð fyrir að Alþingi muni með þingsályktun afgreiða þessar gerðir áður en þing lýkur störfum í vor. Gildistaka verður auglýst í C-deild Stjórnartíðinda. Þess er vænst að gildistökudagur verði 1. júlí 1994.

867. Svar [503. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um innflutning og nýtingu erlendra kartaflna í íslenskri framleiðslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur Þykkvabæjarverksmiðjan notað erlendar kartöflur við gerð franskra kartaflna (og snakks)? Ef svo er, í hve miklum mæli?*
2. *Hver er hlutdeild erlendra kartaflna í framleiðslu Þykkvabæjarverksmiðjunnar á frönskum kartöflum (og snakki)?*
3. *Er greitt verðjöfnunargjald af kartöflunum? Ef svo er, hversu hátt hefur gjaldið verið á tímabilinu 1988–1994?*
4. *Frá hvaða landi eða löndum koma kartöflurnar?*

Fyrirspurnin er í fjórum liðum og fjallar að mestu um innflutning Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf. á kartöflum og nýtingu þeirra í framleiðslu verksmiðjunnar. Þessar upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi í ráðuneytinu og var fyrirspurnin því send Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf. með ósk um upplýsingar og barst meðfylgjandi svar.

Um aðra liði fyrirspurnarinnar skal eftirfarandi tekið fram:

1. Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hefur fengið leyfi til innflutnings á kartöflum til framleiðslu sinnar á undanförnum árum. Ráðuneytið hefur heimilað þann innflutning að fengnum meðmælum innflutningsnefndar sem starfar skv. 53. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Meðmæli innflutningsnefndar hafa á hverjum tíma byggst á því að ekki hafa verið til innlendar kartöflur sem henta til þessarar framleiðslu. Því hefur innflutningur verið heimilaður án sérstakra magntakmarkana og magnið hefur ekki verið skráð í ráðuneytinu.

2. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um hlutdeild erlendra kartaflna í framleiðslu Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf.

3. Á tímabilinu 1988–1994 hefur landbúnaðarráðherra ekki lagt sérstakt jöfnunargjald á innfluttar kartöflur. Sérstakt jöfnunargjald hefur einungis verið lagt á vörur unnar úr kartöflum.

4. Samkvæmt upplýsingum frá Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf. hafa verið fluttar inn kartöflur frá Hollandi, Danmörku, Bretlandi og Sviss.

Svar Friðriks Magnússonar framkvæmdastjóra Kartöfluverksmiðju Þykkjabæjar hf.
(24. mars 1994.)

Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf. var stofnuð árið 1981 af 50 kartöflubændum í Þykkvabæ til að vinna úr íslenskum kartöflum. Það hefur alltaf verið meginstefna Kartöfluverksmiðjunnar að vinna úr íslenskum kartöflum og við það staðið ef þær eru fáanlegar. Að öðrum kosti eru fluttar inn kartöflur þar sem verksmiðjan getur ekki stoppað og misst þar með dýrmæt viðskiptasambönd sín. Ef innflutningur á sér stað er keypt frá Hollandi, Danmörku, Bretlandi eða Sviss eftir gæðum og verði á hverjum tíma.

Öðru atriðum fyrirspurnarinnar sjáum við ekki ástæðu til að svara vegna viðskiptahagsmuna fyrirtækisins.

868. Tillaga til þingsályktunar [556. mál]

um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að staðfesta samning milli samgönguráðherra og hlutafélagsins Spalar hf., dags. 23. júní 1993, um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, sbr. 2. gr. laga nr. 45/1990.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samningur um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð var undirritaður þann 25. janúar 1991 af samgönguráðherra og stjórn Spalar hf. og staðfestur af fjármálaráðherra. Samningurinn var staðfestur af Alþingi 18. mars 1991 með þingsályktunartillögu.

Í samræmi við samninginn vann Spölur hf. að úttekt á hvort gerð vegtengingar um utanverðan Hvalfjörð væri tæknilega og fjárhagslega fýsileg. Í upphafi var litið til þriggja aðferða við vegtengingu um fjörðinn, þ.e. bergganga, botnstokks og brúar. Allar upplýsingar sem félagið aflaði sér bentu til þess að kostnaður við gerð botnstokks eða brúar yrði verulega hærri en við gerð bergganga og því voru frekari athuganir á gerð botnstokks og brúar lagðar til hliðar þar til séð yrði hvort kostnaðaráætlanir fyrir berggöng yrðu í samræmi við það sem áður hafði verið áætlað.

Vorið 1991 var að undangengnum útboðum samið við Orkustofnun um jarðeðlisfræðimælingar í Hvalfirði og við Jarðtæknistofuna hf. um gerð jarðfræðikorta af svæðinu kringum Hvalfjörð. Rannsóknirnar beindust fyrst og fremst að tveimur hugsanlegum leiðum yfir fjörðinn, Hnausaskersleið og Kiðafellsleið. Að höfðu samráði við innlenda og erlenda ráðgjafa og eftir úrvinnslu norska félagsins Asplan A/S á umferðarspám samþykkti stjórn Spalar hf. þann 6. janúar 1992 að velja Hnausaskersleið. Ástæður valsins voru einkum þær að líkur væru á meiri tekjum af umferð, vegfarendur losnuðu við illviðrakafla á veginum innan við Tíðaskarð og að leiðin milli Akraness og höfuðborgarsvæðisins yrði 8–9 km styttri en Kiðafellsleið en fyrir aðra ekki lengri sem neinu nemur. Samgönguráðuneytið samþykkti fyrir sitt leyti að Hnausaskersleið yrði valin með bréfi til Spalar hf. þann 16. janúar 1992.

Spölur hf. fékk síðan til liðs við sig Nomura Bank International í London til fjármálalegrar ráðgjafar. Athuganir fulltrúa Nomura Bank leiddu í ljós að fjármögnun ganga með hlutafé yrði of dýr til þess að framkvæmdin stæði undir sér og að fjármagna yrði göngin með lánsfé. Enn fremur leiddu athuganir þeirra í ljós að ekki yrði hægt að ná nægilega hagstæðum lánasamningum til þess að tekjur af göngunum stæðu jafnframt undir greiðslu virðisaukaskatts af umferðargjaldi. Spölur hf. fór því fram á að fá greiðslu virðisaukaskatts frestað þar til búið væri að greiða niður lán.

Beiðni Spalar hf. var lögð fyrir ríkisstjórn þann 11. ágúst 1992. Ríkisstjórnin féllst ekki á erindið en ákveðið var að nefnd þriggja ráðuneyta fjallaði um málið, samgöngu-, fjármála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyta. Í nefndinni voru Þórhallur Jósepsson frá samgönguráðuneyti, formaður, Steingrímur A. Arason frá fjármálaráðuneyti, Þorkell Helgason frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Nefndin fékk til ráðuneytis Jón Birgi Jónsson aðstoðarvegamálastjóra og vann hann með nefndinni frá byrjun.

Nefndin hélt allmarga fundi með fulltrúum Spalar hf. þar sem farið var yfir hina mismunandi útreikninga og lagðar voru mismunandi forsendur um skattlagningu, ríkisframlag og hlutfall hlutafjár og lánsfjár við fjármögnun. Ekki tókst að finna leið sem tryggði viðunandi arðsemi framkvæmdarinnar að mati ráðgjafa Spalar hf., Nomura Bank.

Nefndin ákvað þá á fundi hinn 25. nóvember 1992 að kanna nýja leið sem fælist í eftirfarandi grundvallaratriðum:

— Fjármögnun og áhættu yrði skipt í tvennt, annars vegar framkvæmd, hins vegar rekstur.
— Framkvæmd yrði samkvæmt alútboði sem fæli í sér að verktaki tæki að sér hönnun mannvirkisins að verulegum hluta, fjármögnun þess á framkvæmdatíma, áhættu á framkvæmdatíma og gerð ganganna.
— Verktaki skilaði fullbúnum göngum á tilsettum tíma. Innan þeirra tímamarka yrði gert ráð fyrir að hann annaðist rekstur ganganna í 3–6 mánuði. Við afhendingu ganganna fengi verktaki greidda samningsupphæð, verð ganganna.
— Að verklokum tæki Spölur hf. við göngunum sem eigandi þeirra og ræki þau samkvæmt samningi við ríkið 25. janúar 1991 (samningur nú dags. 23. júní 1993). Spölur hf. væri þá kaupandi ganganna og aflaði sér hluta- og/eða lánsfjár til að fjármagna kaupin.

Ávinningur við að fara þessa leið var talinn felast í því að mesti áhættuþáttur ganganna, þ.e. gangagerðin sjálf, yrði færð af Speli hf. yfir á verktaka. Þetta þýddi að verð framkvæmdarinnar gæti hækkað eitthvað en á hinn bóginn þyrfti Spölur hf. ekki að uppfylla kröfur um jafnháa ávöxtun hluta-/lánsfjár vegna minni áhættu í fjárfestingunni. Gert var ráð fyrir að virðisaukaskattur á umferðargjald yrði 14% með fyrirvara um ákvörðun löggjafans um skatthlutfall á samgöngur.

Þessi hugmynd var kynnt fulltrúum Spalar hf. 29. nóvember 1992. Fyrsta athugun leiddi í ljós að vænlegt væri að skoða nánar þennan möguleika og 30. desember 1992 var ákveðið að kanna til þrautar hvort þessi leið væri fær. Í aðalatriðum sýndu athuganir jákvæða niðurstöðu og staðfestu síðan fulltrúar Nomura Bank það. Á grundvelli þessara hugmynda setti þriggja manna nefndin fram tillögur 2. apríl 1993 um tilhögun framkvæmda og hefur síðan verið unnið samkvæmt þeim við endurskoðun samningsins frá 25. janúar 1991 og eru þær grundvöllur að samningi ríkisins og Spalar hf. sem undirritaður var 23. júní 1993. Í tillögum nefndarinnar fólst eftirfarandi:

Alútboð.

Framkvæmdir verði samkvæmt alútboði. Það felur í sér að verktaki fjármagnar framkvæmdina og tekur áhættu henni samfara. Verktaki skuldbindur sig til að skila göngum fullbúnum innan ákveðins tíma og fær þá greitt. Gert er ráð fyrir að áður en verktaki skilar göngunum hafi hann rekið þau í allt að þrjá mánuði og tryggi þannig betur en ella að hugsanlegir ágallar á framkvæmd verði lagfærðir áður en verktaki skilar endanlega af sér göngunum.

Rannsóknir.

Mikilvægt er að tæknilegur undirbúningur sé vandaður. Í því skyni fóru fram frekari jarðlagarannsóknir á fyrirhuguðu gangastæði síðastliðið sumar og haust til að draga úr óvissu og stuðla þannig að lægra verði í tilboðum verktaka. Kostnaður vegna rannsóknanna var áætlaður 50 milljónir króna og var fé til þeirra lánað úr ríkissjóði og endurgreiðist ásamt öðrum kostnaði um leið og gert verður upp við verktaka.

Þessum rannsóknum lauk í janúar 1994. Niðurstöðurnar staðfestu fyrri ályktanir um aðstæður og gáfu mikilsverðar viðbótarupplýsingar. Þær hafa meðal annars verð notaðar til að ákvarða endanlega legu ganganna og til að endurskoða fyrri kostnaðaráætlun. Þrátt fyrir nokkra lengingu ganganna reyndist kostnaðaráætlun sú sama og áður þar eð óvissukostnaður lækkaði með aukinni þekkingu á aðstæðum.

Fjármögnun og eignarhald.

Verktaki fjármagnar framkvæmd við göngin og á þau þar til þau verða afhent fullbúin að loknum reynslutíma.

Spölur hf. fjármagnar með eigin hlutafé undirbúning að meðtalinni gerð útboðsgagna annan en jarðlagarannsóknir þær sem að ofan greinir.

Kaupverð ganga verður fjármagnað með lánsfé að ⅔ hlutum frá erlendum lánveitendum að ⅓ hluta frá innlendum. Lántakandi verður Spölur hf. Endurgreiðslutími lána er áætlaður 16 ár, erlendra lána 10 fyrstu árin. Samkvæmt því er áætlað að endurgreiðslu lána verði lokið 18–19 árum eftir að framkvæmdir hefjast.

Göngin verða í eigu Spalar hf. samkvæmt samningi og afhendast ríkinu til eignar að loknum endurgreiðslutíma lána.

Vegagerð.

Vegagerð að göngum verður lokið þegar göngin eru tilbúin til notkunar. Vegagerð ríkisins annast gerð veganna með sama hætti og annarra þjóðvega. Kostnaður er áætlaður um 700 millj. króna. Samkvæmt samningnum verður ekki farið í meiri háttar styttingar á veginum fyrir Hvalfjörð ef af framkvæmdum við göngin verður. Hins vegar liggur fyrir að verði ekki af framkvæmdum þarf að ráðast í umfangsmiklar vegabætur fyrir Hvalfjörð.

Skuldbindingar ríkisins.

Tillagan byggir á að ekki komi til ríkisábyrgðar á lánum eða annarri fjármögnun (undanskildar jarðlagarannsóknir og gerð vega að göngum) enda hafa fulltrúar Spalar hf. og Nomura Bank International lýst því yfir að ekki sé þörf slíkrar ábyrgðar. Tillagan byggist á því að virðisaukaskattur á umferðargjald verði 14%.

Samningur við Spöl hf.

Fjármögnunaraðferð sú, sem þessi tilhögun byggir á, hafði í för með sér að nauðsynlegt var að endurskoða samning Spalar hf. og ríkisins. Það hefur nú verið gert og var hinn breytti samningur undirritaður 23. júní 1993 af samgönguráðherra, fjármálaráðherra og stjórnarmönnum Spalar hf.

Samningur ríkis og Spalar hf. frá 23. júní 1993.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti á fundi sínum 22. júní 1993 tillögu samgönguráðherra um breytingu á samningi ríkisins og Spalar hf. frá 25. janúar 1991 um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð sem staðfestur var af Alþingi 18. mars 1991. Samningurinn sem hér er leitað staðfestingar á er að mestu samhljóða þeim samningi. Breytingin nú felur í sér að rekstrartími ganganna í höndum félagsins styttist og að virðisaukaskattur á umferðargjald verði í 14% skattþrepi. Enn fremur heimilaði ríkisstjórnin samgönguráðherra að gefa út yfirlýsingu um 50 milljóna króna lán úr ríkissjóði til Spalar hf. til þess að fjármagna jarðlagarannsóknir.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar leiddi til þess að Spölur hf. gat hafið lokaundirbúning framkvæmda við göng undir Hvalfjörð. Sá undirbúningur fólst í jarðlagarannsóknum á fyrirhuguðu gangastæði og samningagerð um fjármögnun ganganna. Gert er ráð fyrir að niðurstöður allra þátta liggi fyrir innan tíðar. Verði þær jákvæðar gætu framkvæmdir hafist á þessu ári. Áætlað er að gerð ganganna taki 2½–3 ár.

Gert er ráð fyrir að um Hvalfjarðargöng gildi eftirfarandi verði göngin gerð:

Lengd ganga með vegskálum: 5,8 km.

Áætlaður kostnaður við vegi að gangamunnum: 700 milljónir króna.

Áætlaður sparnaður í vegagerð í Hvalfirði: 800–900 milljónir króna.

Stytting vegalengdar miðað við akstur fyrir fjörðinn: 45–50 km.

Stytting vegalengdar milli Akraness og höfuðborgarsvæðis: 60 km.

Áætlað umferðargjald: 595 krónur án vsk.

Áætlaður endurgreiðslutími framkvæmdalána: 16 ár frá afhendingu ganga.

Þingsályktunartillögu þessari fylgdu tvö fylgiskjöl.

Á fskj. I var birtur samningur um vegtengingu við utanverðan Hvalfjörð frá 23. júní 1993 undirritaður af samgönguráðherra, fjármálaráðherra og stjórnarmönnum Spalar hf. Á fskj. II var prentuð heimild ríkisstjórnar til samgönguráðherra um að gefa út yfirlýsingu um 50 milljóna króna lán úr ríkissjóði til Spalar hf. til að fjármagna jarðlagarannsóknir.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

869. Frumvarp til laga [557. mál]

um húsaleigubætur.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Markmið laganna.

1. gr.

Markmið laganna er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og að draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum. Stefnt er að því að ná þeim markmiðum með sameiginlegri kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga sem nánar greinir í lögum þessum.

Ákvörðun sveitarstjórnar um húsaleigubætur.

2. gr.

Aðstoð sú sem hér um ræðir er í formi greiðslna til leigjenda sem nefnast húsaleigubætur og annast félagsmálanefndir sveitarfélaga afgreiðslu umsókna.

Til þess að íbúar sveitarfélags geti átt rétt til húsaleigubóta þarf að liggja fyrir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar um greiðslu húsaleigubóta.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. október ár hvert hvort sveitarfélagið greiði húsaleigubætur næstkomandi ár samkvæmt ákvæðum þessara laga. Þá ákvörðun skal sveitarstjórn auglýsa með tryggilegum hætti og tilkynna hana félagsmálaráðuneyti fyrir 1. nóvember sama ár ásamt áætlun um fjárhæðir bóta næstkomandi ár.

Félagsmálaráðuneytið skal sjá til þess að birt sé skrá í Lögbirtingablaði um þær sveitarstjórnir sem ákveðið hafa að greiða húsaleigubætur samkvæmt lögum þessum.

Skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga.

3. gr.

Sveitarfélög, sem greiða íbúum sínum húsaleigubætur samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu leggja út fé til greiðslu bótanna en ríkið endurgreiðir þeim 60% af útlögðum kostnaði.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga annast greiðslur frá ríki til sveitarfélaga vegna þessa.

4. gr.

Telji ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrirsjáanlegt að endurgreiðsla ríkis skv. 1. mgr. 3. gr. nemi hærri fjárhæð en fjárlög heimila eða kveða á um skal nefndin gera um það tillögu til félagsmálaráðherra að ákvæði reglugerðar um fjárhæð húsaleigubóta verði endurskoðuð.

Almennt um rétt til húsaleigubóta.

5. gr.

Þeir leigjendur eiga rétt á húsaleigubótum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili, enda hafi viðkomandi sveitarfélag tekið ákvörðun um slíkar bætur, sbr. 2. gr.

Það er skilyrði húsaleigubóta að húsaleigusamningur um viðkomandi húsnæði sé til sex mánaða eða lengri tíma og að honum hafi verið þinglýst.

Um frekari skilyrði fyrir bótarétti og greiðslu bótanna fer samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga.

Meginreglur um ákvörðun húsaleigubóta.

6. gr.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um útreikning og fjárhæð bóta.

Húsaleigubætur skulu ákvarðaðar og reiknaðar út miðað við ákveðinn grunn sem miðast við ákveðna fjárhæð fyrir hverja íbúð og hvert barn á framfæri umsækjanda að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna.

Bætur vegna barna greiðast frá næsta mánuði eftir fæðingu barns eða lögheimilisskráningu og þar til barn nær 16 ára aldri eða flytur.

Atriði sem girða fyrir rétt til húsaleigubóta.

7. gr.

Réttur til húsaleigubóta er ekki fyrir hendi:

1. ef umsækjandi eða einhver, sem í húsnæðinu býr með honum, er skyldmenni leigusala sem býr í sama húsi í beinan legg eða kjörbarn, fósturbarn, systkini, barn þeirra eða tengdaforeldri,
2. ef umsækjandi eða einhver, sem í húsnæðinu býr með honum, nýtur réttar til vaxtabóta,
3. ef leiguíbúð er í eigu ríkissjóðs, sveitarfélags eða fyrirtækis sveitarfélags; þessi undanþága á þó ekki við um almennar kaupleiguíbúðir sveitarfélaga sem leigðar eru út,
4. ef leigusamningur er til skemmri tíma en sex mánaða.

Íbúðarhúsnæði.

8. gr.

Húsaleigubætur koma aðeins til álita vegna leigu á íbúðarhúsnæði.

Með íbúðarhúsnæði í lögum þessum er átt við venjulega og fullnægjandi heimilisaðstöðu og eru lágmarksskilyrði a.m.k. eitt svefnherbergi ásamt sér eldhúsi eða eldunaraðstöðu og sér snyrtingu og baðaðstöðu.

Húsaleigubætur greiðast ekki vegna leigu á einstaklingsherbergjum eða ef eldhús, snyrting eða baðaðstaða er sameiginleg fleirum.

Þá greiðast bætur ekki þegar húsnæði til annarra nota en íbúðar er leigt til íbúðar að öllu leyti eða hluta.

Leigufjárhæð.

9. gr.

Leigufjárhæð samkvæmt lögum þessum er hin beina greiðsla fyrir leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur og aðrir kostnaðarliðir, sem leigjanda ber að greiða samkvæmt samningi eða lögum, svo sem fyrir hita, vatn, rafmagn, rekstur, hússjóðsgjöld o.fl., teljast samkvæmt því ekki til leigufjárhæðar í skilningi laga þessara.

Ef leigjandi gefur upp leigufjárhæð, sem er verulega hærri en markaðsleiga fyrir sambærilegt leiguhúsnæði í viðkomandi sveitarfélagi eða þykir óeðlileg að öðru leyti eða ef um er að ræða íburðarmikið og óhóflegt húsnæði, er sveitarfélagi heimilt að færa niður viðmiðunarleigu sem því nemur eða til þess sem eðlilegt þykir.

Leigufjárhæð íbúða félagasamtaka, sem lögð er til grundvallar útreikningi bóta, skal aldrei vera hærri en viðmið Húsnæðisstofnunar ríkisins um leigu félagslegra íbúða.

Tekjur og eignir.

10. gr.

Með tekjum í lögum þessum er átt við samanlagðar heildartekjur allra þeirra sem lögheimili eiga í viðkomandi leiguhúsnæði og eru þá tekjur barna 20 ára og eldri meðtaldar. Þó eru hér undanskildar tekjur barna sem stunda skólanám í sex mánuði eða lengur á árinu.

Tryggingabætur og húsaleigubætur fyrra árs teljast ekki til tekna.

Um hugtakið tekjur vísast að öðru leyti til II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum.

Ef samanlagðar eignir þeirra er 1. mgr. tilgreinir að frádregnum skuldum með vísan til 73. og 76. gr. ofangreindra laga eru meiri en 3 milljónir króna skulu 25% þeirrar fjárhæðar sem umfram er bætast við þær tekjur sem liggja til grundvallar ákvörðun um fjárhæðir húsaleigubóta.

Umsókn um húsaleigubætur.

11. gr.

Umsóknum um húsaleigubætur skal skilað til viðkomandi sveitarfélags sem annast afgreiðslu og útborgun bóta.

Félagsmálanefnd viðkomandi sveitarfélags ákvarðar um bótarétt. Umsókn um húsaleigubætur skal vera skrifleg og á sérstöku þar til gerðu eyðublaði og skal beina henni til þess sveitarfélags þar sem viðkomandi leiguhúsnæði er.

Umsækjandi skal gefa allar þær upplýsingar sem krafist er á umsóknareyðublaði og nauðsynlegar eru að öðru leyti til að staðreyna megi bótarétt hans.

Sveitarfélög skulu veita allar upplýsingar um skilyrði húsaleigubóta og útreikning þeirra og önnur atriði sem máli kunna að skipta og veita umsækjendum nauðsynlegar leiðbeiningar og aðstoð við gerð og frágang umsókna.

Um málsmeðferð einstakra mála er vísað til XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Fylgigögn með umsókn.

12. gr.

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Leigusamningur, gerður á staðfest samningseyðublað, undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur.
2. Ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra.
3. Launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölul. fyrir þrjá síðustu mánuði.
4. Önnur þau gögn sem tiltekin eru í reglugerð eða eðli máls, aðstæður og atvik kunna að kalla á.

Ófullnægjandi umsókn og upplýsingar.

13. gr.

Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn, sbr. 11. og 12. gr., eða umsækjandi gefur að öðru leyti ekki nauðsynlegar upplýsingar og skýringar, skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því. Sinni hann þeim tilmælum ekki kemur umsókn hans ekki til álita og frekari meðferðar.

Greiðsla húsaleigubóta.

14. gr.

Húsaleigubætur koma til greiðslu frá og með næsta mánuði eftir að réttur til bóta hefur verið staðreyndur.

Bæturnar greiðast til leigjanda (umsækjanda) en þó er heimilt að greiða þær til leigusala samkvæmt sérstakri skriflegri beiðni leigjanda.

Bæturnar greiðast mánaðarlega með einni greiðslu, eigi síðar en 5. dag hvers mánaðar. Samningar aðila um fyrirframgreiðslu á leigu breyta engu hér um.

Húsaleigubætur greiðast ekki mánaðarlega sé útreiknuð fjárhæð undir 500 kr. Uppgjör til þeirra aðila greiðist einu sinni á ári.

Húsaleigubætur greiðast aðeins á grundvelli eins húsaleigusamnings um sömu íbúð fyrir sama tímabil.

Upplýsingaskylda leigjanda.

15. gr.

Bótaþegi skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi þegar í stað um hverjar þær breytingar á högum sínum og heimilisaðstæðum og öðrum þeim atriðum sem áhrif geta haft á rétt hans til húsaleigubóta og á bótafjárhæð.

Brottfall réttar til húsaleigubóta.

16. gr.

Réttur til húsaleigubóta fellur niður ef skilyrðum laga þessara er ekki lengur fullnægt.

Við flutning leigjanda úr leiguhúsnæði fellur niður réttur hans til húsaleigubóta. Brottfall réttinda miðast við flutningsdag.

Við andlát leigjanda fellur réttur til húsaleigubóta niður. Brottfall réttinda miðast við lok andlátsmánaðar.

Við framsal leiguréttar, framleigu eða hvers kyns framlán fellur réttur til bóta niður að hluta eða öllu leyti.

Félagsmálanefnd sveitarfélags er heimilt að fella niður greiðslur bóta eða stöðva bótagreiðslur ef nefndin fær vitneskju um veruleg leiguvanskil leigjanda.

Sama á við ef leigjandi vanrækir upplýsinga- og tilkynningarskyldu sína skv. 15. gr. eða hefur að öðru leyti gefið rangar eða villandi upplýsingar sem máli skipta og þýðingu hafa um bótarétt hans.

Málskot.

17. gr.

Telji leigjandi (umsækjandi) á rétt sinn hallað af hálfu félagsmálanefndar við framkvæmd laga þessara, svo sem við ákvörðun um bótarétt, fjárhæð bóta, niðurfellingu þeirra eða önnur atriði sem þýðingu hafa fyrir hann, getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Um málsmeðferð fer þá samkvæmt ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Viðurlög og endurgreiðsla.

18. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Hafi bótaþegi ranglega fengið bætur eða of háar eða fyrir of langt tímabil eða yfirleitt fengið hærri greiðslur en honum bar skal hann endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var með 15% álagi. Endurgreiða skal ofgreiddar bætur hvort sem um mistök var að ræða hjá sveitarfélagi eða ofgreitt var á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga bótaþega, hvort sem hann var í góðri trú eða ekki. Sveitarfélagi skal þó heimilt að fella álag niður ef ofgreitt var vegna mistaka hjá sveitarfélagi og telja má víst að bótaþegi hafi verið í góðri trú.

19. gr.

Komi í ljós að bótaþegi hafi fengið of háar bætur er sveitarfélagi heimilt að beina yfirlýsingu til þess aðila sem sér um innheimtu fyrir ríkissjóð um skuldajöfnun við inneign bótaþega á hendur ríkinu vegna endurgreiðslna barnabóta, barnabótaauka og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 75/1981 að því leyti sem greiðslur þessar koma til útborgunar, þó þannig að áður hafi verið dregin frá öll þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld í samræmi við áðurgreind lög. Hið sama á við um inneign bótaþega vegna endurgreiðslna skatta við álagningu eftir að samanburður á álagningarskrá og staðgreiðsluskrá hefur farið fram samkvæmt lögum nr. 45/1987, með áorðnum breytingum.

Komi sveitarfélag fram með yfirlýsingu um skuldajöfnuð skv. 1. mgr. er innheimtumanni ríkissjóðs skylt að verða við þeirri kröfu.

Áður en skuldajafnaðaryfirlýsingu er beitt skal sveitarstjórn tilkynna bótaþega um hana og gefa honum tækifæri á að koma að andmælum sínum. Tilkynning skal fylgja skuldajafnaðaryfirlýsingu til innheimtumanns ríkissjóðs.

Húsnæðismál sveitarfélaga.

20. gr.

Lög þessi breyta á engan hátt þeirri ábyrgð er á sveitarfélögum hvílir varðandi húsnæðismál samkvæmt ákvæðum annarra laga, sbr. einkum XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Kynning laganna.

21. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Kostnaður vegna þessa greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra getur falið öðrum aðilum þessa kynningu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Reglugerðarheimild.

22. gr.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um umsókn, framkvæmd, útreikning og greiðslu húsaleigubóta auk ákvæða um upplýsingagjöf sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og um úthlutun úr sjóðnum.

Gildistaka.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skal endurskoða innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið unnið á vegum félagsmálaráðuneytis og byggir m.a. á niðurstöðum nefndar sem Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra skipaði í ágúst 1991 til að gera tillögur um aðgerðir til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda og skilaði niðurstöðum í febrúar 1993. Elín S. Jónsdóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, og Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri höfðu umsjón með samningu frumvarpsins.

Þjóðhagsstofnun hefur annast útreikninga á kostnaði við framkvæmd tillagna um húsaleigubætur og athugun á mismunandi útfærslum á útreikningi bóta.

Í framhaldi af niðurstöðum nefndarinnar sem birtust í skýrslu hennar í febrúar 1993 undir heitinu „Almennar húsaleigubætur á vegum sveitarfélaga" skipaði félagsmálaráðherra þriggja manna nefnd með fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að undirbúa frumvarp um aðstoð við leigjendur (húsaleigubætur) með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar og til að leggja mat á hvaða aðrar leiðir væru færar til að lækka húsnæðiskostnað leigjenda. Í nefndinni voru Sveinn Ragnarsson, félagsmálastjóri í Reykjavík, Ólafur Hjálmarsson deildarstjóri og Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri sem var formaður nefndarinnar. Nefndin aflaði gagna en skilaði ekki niðurstöðum. Í desember 1993 var samþykkt í ríkisstjórn tillaga um málsmeðferð varðandi húsaleigubætur. Í framhaldi af því var málið unnið áfram í samvinnu félagsmála- og fjármálaráðuneytis og haldnir fundir með forustumönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið.

Tillögur um almennar húsaleigubætur á vegum sveitarfélaga.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar skipaði félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir nefnd 23. ágúst 1991 til að gera tillögur um aðgerðir til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda. Nefndinni var einnig falið að afla upplýsinga um húsaleigumarkaðinn og gera tillögur um sérstakar húsaleigubætur til kostnaðarlækkunar á leigukostnaði hjá tekjulágum einstaklingum til samræmis við vaxtabætur sem greiddar eru íbúðareigendum.

Þegar nefndin var skipuð í upphafi voru eftirtaldir í nefndinni: Rannveig Guðmundsdóttir alþingismaður, Sólveig Pétursdóttir alþingismaður, Þórhallur Jósepsson deildarstjóri og Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Í tengslum við gerð kjarasamninga 27. apríl 1992 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu. Í 14. lið yfirlýsingarinnar segir eftirfarandi: „Í tengslum við sömu samtök (ASÍ, BSRB og Kennarasamband Íslands) verða gerðar tillögur um með hvaða hætti megi best koma til móts við þarfir þeirra leigjenda sem hafa lökust kjör." Með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar var 26. maí 1992 óskað eftir tilnefningu fulltrúa fyrrnefndra launþegasamtaka til að taka þátt í starfi nefndarinnar. Eftirfarandi aðilar voru tilnefndir: Grétar Þorsteinsson, formaður Trésmíðafélags Reykjavíkur, frá ASÍ, Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur frá BSRB og Sigurður Ingi Andrésson kennari frá Kennarasambandi Íslands.

Við athugun nefndarinnar á því hvaða leiðir kæmu helst til álita við að koma á laggirnar sérstökum húsaleigubótum til handa leigjendum voru einkum tveir kostir taldir álitlegir. Annars vegar að húsaleigubætur verði greiddar með áþekkum hætti og vaxtabætur, þ.e. í gegnum skattkerfið. Hins vegar sá möguleiki að fela sveitarfélögum framkvæmdina, m.a. vegna þeirrar reynslu sem þau hafa af greiðslu húsaleigustyrkja og lána til fyrirframgreiðslu á húsaleigu innan félagsþjónustu sveitarfélaga.

Nefndin athugaði þann möguleika að jafna húsnæðiskostnað leigjenda fyrir milligöngu skattkerfisins með svipuðum hætti og íbúðareigendur fá vaxtabætur. Sú aðferð felur í sér að greiðsla bótanna til leigjenda kæmi óhjákvæmilega mun seinna en greiðsla leigunnar. Til að húsaleigubætur nái markmiði sínu er nauðsynlegt að útborgun þeirra falli sem næst leigugreiðslunni. Að öðrum kosti þurfa leigjendur e.t.v. að taka lán út á væntanlegar bætur sem getur verið erfitt viðureignar og kostnaðarsamt.

Eftir vandlega athugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu að flest benti til þess að sveitarfélögin væru best til þess fallin að annast um framkvæmdina. Nefndin ákvað því að leita eftir formlegu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og var óskað eftir tilnefningu fulltrúa frá Sambandinu til að taka þátt í starfi nefndarinnar við mótun tillagna um húsaleigubætur á vegum sveitarfélaga. Fulltrúi sveitarfélaganna var Björn Þórhallsson viðskiptafræðingur.

Ástæður þess að nefndin taldi gagnlegt að framkvæmdin yrði á hendi sveitarfélaganna eru margar. Í fyrsta lagi má nefna að starfsfólk sveitarfélaganna hefur góða þekkingu á húsnæðismarkaðnum í sveitarfélaginu. Mörg hundruð leiguíbúðir eru í eigu sveitarfélaganna, auk þess sem þau hafa leigt íbúðir á almennum markaði fyrir skjólstæðinga sína. Í öðru lagi er nú þegar veitt veruleg aðstoð, mismunandi eftir sveitarfélögum, til handa fólki sem þarf að leigja. Þetta er gert bæði með niðurgreiddri leigu og styrkjum til leigjenda á almennum leigumarkaði. Í þriðja lagi var það talinn mikill kostur að um aðstoð við leigjendur gildi eitt samræmt fyrirkomulag bæði fyrir leigjendur á vegum sveitarfélaga og leigjendur á almennum markaði. Því var lagt til að núverandi fyrirkomulagi á leiguaðstoð sveitarfélaga yrði breytt með það fyrir augum að samræma aðgerðir í þágu leigjenda þannig að öll aðstoð við leigjendur verði samræmd. Í fjórða lagi er starfsfólk sveitarfélaga nær fólkinu en skattkerfið og um leið eru betri forsendur til að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun húsaleigubóta.

Nefndin leitaði álits fjölmargra aðila og aflaði upplýsinga um leigumarkaðinn. Ríkisskattstjóri athugaði fyrir nefndina umfang húsaleigugreiðslna samkvæmt skattframtali 1991. Félagsvísindastofnun gerði könnun fyrir félagsmálaráðuneytið á leigumarkaði fyrir íbúðarhúsnæði á tímabilinu maí — júní 1992 (*Könnun á leigumarkaði fyrir íbúðarhúsnæði* — Félagsvísindastofnun, júlí 1992).

Í meginatriðum var samkomulag í nefndinni með þeirri undantekningu þó að tveir nefndarmanna höfðu fyrirvara við nokkur atriði með sérstakri bókun. Nánar verður vikið að þeim fyrirvara hér á eftir.

Helstu niðurstöður og tillögur voru eftirfarandi :

1. Nefndin lagði til að komið verði á sérstakri aðstoð til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda.
2. Samkvæmt niðurstöðum könnunar Félagsvísindastofnunar í maí – júní 1992 búa um 7% í leiguíbúðum sem teljast vera á almennum markaði.
3. Lagt var til að lækkun á húsnæðiskostnaði leigjenda verði í fyrsta áfanga fyrst og fremst bundin við láglaunafólk.

4. Lagt var til að sveitarfélögum verði falin framkvæmd á afgreiðslu og útborgun húsaleigubóta til leigjenda á almennum markaði til viðbótar við þá aðstoð sem veitt er á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga.
5. Nefndin lagði til að komið verði á einu samræmdu fyrirkomulagi húsaleigubóta til handa skjólstæðingum sveitarfélaga og leigjendum á almennum leigumarkaði.
6. Gert var ráð fyrir að sótt verði um húsaleigubætur til sveitarfélaga eða félagsmálastofnana þegar það á við.
7. Miðað var við að húsaleigubætur verði tekjutengdar og tekjumörk taki mið af þeim tekjumörkum sem eru forsenda fyrir úthlutun félagslegra íbúða.
8. Lagt var til að hámarkshúsaleigubætur verði 15.000 kr. og að hámarksviðmiðunarhúsaleiga verði 45.000 kr.
9. Nefndin lagði til að dregið verði úr skattlagningu leigutekna leigusala og reglur í því sambandi einfaldaðar.

Nefndin lagði sérstaka áherslu á mikilvægi þess að auðvelda og hvetja einstaklinga til þess að leigja út húsnæði þegar kostur er. Hún taldi núgildandi ákvæði um skattlagningu leigutekna af íbúðarhúsnæði bæði flókin og að mörgu leyti ósanngjörn. Þetta hefur enda leitt til þess að leigusalar vilja í ríkum mæli komast hjá því að telja fram tekjur af leigu húsnæðis.

Nefndin fór þess á leit við ríkisskattstjóra að tekið yrði saman yfirlit um framtalin leigugjöld á skattframtali. Varðandi upplýsingar ríkisskattstjóra er athyglisvert hve fáir telja fram leigu. Athugun ríkisskattstjóra á húsaleigugreiðslum leiddi í ljós að samkvæmt skattframtölum 1991 var tilgreind leiga hjá 3.779 einstaklingum samtals að fjárhæð 606 millj. kr. Samkvæmt athugun Þjóðhagsstofnunar námu framtalin leigugjöld 780 millj. kr. á árinu 1992 en samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar á stærð leigumarkaðarins er gert ráð fyrir því að um 4 milljarðar kr. hafi verið greiddir í leigu á því ári. Nefndin lagði til að reglur um skattlagningu leigutekna verði einfaldaðar og dregið verði úr skattlagningu í hverju einstöku tilviki. Tillögum nefndarinnar hefur verið komið á framfæri við fjármálaráðuneytið til frekari úrvinnslu.

Í fyrirvara Sólveigar Pétursdóttur og Þórhalls Jósepssonar kom fram það álit að kanna þyrfti ýmis atriði til þrautar áður en hægt væri að taka endanlega afstöðu til málsins. Atriði, sem nefnd voru í bókun þeirra, voru þau helst að hefja þyrfti viðræður milli ríkisvaldsins og samtaka sveitarfélaga um hlutverk sveitarfélaganna í húsnæðismálum, stuðla að því að sveitarfélögum verði gert kleift að byggja fleiri félagslegar leiguíbúðir og breyta skattlagningu leigutekna sem hvetji til útleigu íbúða í eigu einstaklinga, félaga og félagasamtaka. Einnig að athugað verði að flytja fé frá vaxtabótagreiðslum til fjármögnunar lána til félagslegra leiguíbúða og loks að endurskoða húsbréfakerfið með tilliti til vanda þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð.

Tillögur nefndarinnar gerðu ráð fyrir að komið yrði á einu samræmdu fyrirkomulagi húsaleigubóta til handa skjólstæðingum sveitarfélaga og leigjendum á almennum leigumarkaði. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir því að fyrst um sinn taki húsaleigubæturnar einungis til leiguíbúða á almennum leigumarkaði og leiguíbúða á vegum félagasamtaka en ekki leiguíbúða í eigu ríkissjóðs og sveitarfélaga nema þegar um er að ræða leigu á almennum kaupleiguíbúðum. Eftir viðræður við forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga og öflun upplýsinga frá félagsmálastjórum vítt og breitt um landið kom í ljós að aðstoð vegna niðurgreiðslu á leigu á leiguíbúðum sveitarfélaga er mjög mismunandi og að tölulegar upplýsingar um fjárframlög þeirra í þessu skyni voru ekki aðgengilegar. Því var talið að lengri tíma þyrfti til að breyta núverandi fyrirkomulagi á

aðstoð sveitarfélaganna og fella hana að einu samræmdu kerfi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að endurskoðun fari fram innan tveggja ára frá gildistöku og er þá stefnt að heildstæðu bótakerfi.

Tillögur nefndarinnar gerðu einnig ráð fyrir að tekjutenging bótanna tæki mið af sömu tekjumörkum og gilda um félagslega húsnæðiskerfið samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Frumvarpið miðar við lægri tekjuviðmið en félagslega húsnæðiskerfið. Var sú leið farin til þess að stuðla að því að aðstoðin nýttist sem best þeim tekjulægstu á húsaleigumarkaðinum. Einnig má nefna að tillögur nefndarinnar gerðu ekki ráð fyrir eignatengingu en frumvarpið gerir ráð fyrir því að húsleigubætur verði bæði eigna- og tekjutengdar.

Húsaleigumarkaður.

Mikið hefur verið byggt af félagslegum íbúðum á síðastliðnum árum og lætur nærri að fjöldi félagslegra íbúða hafi tvöfaldast á síðastliðnum átta árum. Síðastliðin tvö ár hefur íbúðafjölgunin verið ríflega 38% og um 56% ef miðað er við árið 1989. Samkvæmt upplýsingum frá félagsíbúðadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa verið byggðar eða eru í byggingu samtals 9.052 félagslegar íbúðir. Hlutfall félagslegra íbúða er því um 9,4% af heildarfjölda íbúða í landinu.

Leiguíbúðir hafa lengst af verið tiltölulega fáar enda hafa stjórnvöld lagt á það megináherslu að sem flestir geti búið í eigin húsnæði. Sú stefnumótun hefur einnig náð til félagslega hluta húsnæðiskerfisins en um 80% félagslegra íbúða sem fjármagnaðar hafa verið með lánum frá Húsnæðisstofnun ríkisins eru í eigu íbúanna. Hlutfall félagslegra eignaríbúða er um 61%. Þegar lög um félagslegar íbúðir voru samþykkt á Alþingi 1990 var gerð sú breyting að í markmiðsgrein laganna voru leiguíbúðir gerðar jafnsettar eignaríbúðum og aukin áhersla lögð á að tryggja leiguíbúðir sem fullgildan valkost í húsnæðiskerfinu, m.a. með því að lengja lánstíma þeirra í 50 ár.

Með tilkomu kaupleiguíbúða og auknum möguleikum félagasamtaka til að eiga og reka leiguíbúðir hefur orðið veruleg aukning á félagslegum leiguíbúðum á síðastliðnum árum eftir mikla lægð í upphafi áratugarins. Á tímabilinu 1980–1986 voru veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar nærri 70 félagslegra leiguíbúða. Á árunum 1987–1993 var fjöldi lána til leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka rúmlega 700 talsins. Aukið framboð félagslegra íbúða á án efa stóran þátt í því að jafnvægi hefur einkennt leigumarkaðinn undanfarin ár.

Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga eru langflestar í Reykjavík, rúmlega 1.000 íbúðir. Félagasamtök eru orðin stór aðili að félagslegum íbúðamálum. Áætlað er að fjöldi íbúða á vegum samtaka fatlaðra og öryrkja sé nú rúmlega 500 talsins, leiguíbúðir námsmanna eru um 236 og um 345 búseturéttaríbúðir eru á vegum húsnæðissamvinnufélaga. Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins og sveitarfélögum má ætla að heildarfjöldi félagslegra leiguíbúða sé nærri 2.400.

Á árinu 1988 gerði Félagsvísindastofnun könnun fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins á húsnæðismálum Íslendinga. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar bjuggu tæp 72% fólks í eigin húsnæði, tæp 11% bjuggu endurgjaldslaust í húsnæði foreldra eða ættingja og rúmlega 17% voru í leiguhúsnæði. Rúm 9% voru á almennum leigumarkaði. Úrtakið miðaðist við fólk á aldrinum 20–70 ára. Hlutfall leiguhúsnæðis er mun hærra á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 78% í eigin húsnæði saman borið við 89% á landsbyggðinni.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar, sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir félagsmálaráðuneytið í maí og júní 1992, kom í ljós að um 73% bjuggu í eigin húsnæði, rúm 14% svarenda bjuggu án endurgjalds í húsnæði foreldra eða ættingja og um 13% bjuggu í einhverri tegund leiguhúsnæðis en 7% svarenda leigja á „almennum markaði". Úrtakið miðaðist við fólk á aldrinum 18–75 ára.

Þegar bornar eru saman þessar tvær kannanir, frá 1988 og 1992, er athyglisvert að sá hópur sem býr endurgjaldslaust í húsnæði foreldra eða ættingja virðist hafa stækkað verulega. Þannig var þessi hópur tæp 11% svarenda árið 1988 en er kominn í rúm 14% árið 1992. Munurinn gæti að hluta til verið vegna þess að seinni könnunin náði til yngra fólks (18 ára) en sú fyrri náði til fólks á aldrinum 20–70 ára. Engu að síður er þetta hlutfall mjög hátt saman borið við önnur lönd. Ástæðan er eflaust sú að fólk býr lengur heima hér á landi vegna þess m.a. að húsnæði foreldra er rúmt. Þetta á sérstaklega við um einstæða foreldra sem búa lengur í foreldrahúsum eða leigulaust hjá foreldrum en aðrir. Loks má nefna að svo virðist sem hlutfallslega færri leigjendur séu á almennum leigumarkaði nú en var árið 1988. Ein skýring gæti verið sú að framboð á félagslegu húsnæði hefur aukist verulega á síðastliðnum árum.

Það sem einkennir leigjendur á Íslandi er eins og kemur fram í þessum könnunum að þeir eru minnihlutahópur á húsnæðismarkaðnum. Þeir sem búa í leiguhúsnæði virðast vera yngri en þeir sem búa í eigin húsnæði, oft einhleypir og vinna láglaunastörf. Flestir hafa verið leigjendur í skamman tíma en leiguhúsnæði virðist ekki vera talið langtímalausn í húsnæðismálum.

Athyglisvert er að samkvæmt könnuninni frá 1988, sem gerð var á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins, höfðu 13% leigjenda á almennum markaði átt húsnæði áður og það sama gilti um 18% fólks í öðru leiguhúsnæði. Þetta gefur til kynna að fólk, sem búið er að koma sér upp húsnæði, þarf oft á tíðum að leita á náðir leigumarkaðarins tímabundið eða til lengri tíma vegna breytinga á félagslegum aðstæðum eða afkomu heimilisins.

Lífskjarakönnun, sem gerð var af Félagsvísindastofnun fyrir BSRB árið 1988, sýnir að hlutfall leiguhúsnæðis á almennum markaði hafi verið 8,3%. Þegar hlutfall leigjenda var greint eftir aðild fólks að launþegasamtökum kom í ljós að hlutfall leigjenda á almennum leigumarkaði var 9,5% meðal félagsmanna BSRB og 7,6% hjá ASÍ.

Aðstoð í húsnæðiskerfinu.

Hér á landi sem og víðast á Vesturlöndum hefur aðstoð við einstaklinga vegna íbúðaröflunar verið snar þáttur velferðaraðgerða hins opinbera. Ástæðan er augljós, húsnæði er frumþörf og stærsti einstaki útgjaldaliður fjölskyldunnar. Aðstoð ríkisvaldsins hefur lengst af nær eingöngu verið bundin við kaupendur íbúðarhúsnæðis. Leigjendur höfðu í örstuttan tíma rétt til skattaívilnunar vegna leigugreiðslna en á tímabilinu 1981 til 1988 var heimilt að draga frá tekjum helming greiddrar leigu. Af ýmsum ástæðum gátu ekki allir nýtt sér þessa heimild en hún var felld niður í skattkerfinu með upptöku staðgreiðslukerfis skatta. Ísland er eina landið í Evrópu og þótt víðar væri leitað sem gerir þannig upp á milli eigenda og leigjenda í húsnæðiskerfinu.

Aðstoð ríkisvaldsins við kaupendur íbúðarhúsnæðis hefur verið með ýmsu móti sl. áratug. Í grófum dráttum má segja að hún skiptist í tvennt:

1. Lán til kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis með niðurgreiddum vöxtum.
2. Skattaívilnun vegna vaxtakostnaðar eða húsnæðisbætur.

Síðarnefnda aðferðin hefur lengst af verið notuð hér á landi með því að vaxtagjöld voru frádráttarbær við tekjuskattsálagningu. Fram til ársins 1980 var enginn greinarmunur gerður á skuldum gjaldenda vegna húsnæðis eða annarra þarfa. Hins vegar var húseigendum ætlað ákveðið afgjald af fasteignum sem fært var til tekna. Skattalögum var breytt 1980 og var þá frádráttarheimildin bundin við vexti og verðbætur af lánum vegna öflunar eigin húsnæðis til eigin nota eða vegna endurbóta. Jafnframt voru fjárhæðinni takmörk sett. Á árinu 1988 var skattalögum breytt og skattaívilnun vegna íbúðarkaupa breytt í greiðslu sérstakra húsnæðisbóta til þeirra sem fest höfðu kaup á eða byggt sína fyrstu íbúð. Ákvæði var og sett til bráðabirgða vegna greiðslu vaxtaafsláttar til þeirra sem áður nutu vaxtafrádráttar frá tekjum samkvæmt eldri lögum. Húsnæðisbætur voru greiddar í samtals sex ár vegna íbúðarkaupa á árunum 1984–1987. Húsnæðisbæturnar voru föst krónutala fyrir hvern einstakling en tvöfaldar fyrir hjón og fengu allir sömu fjárhæð án tillits til tekna og eigna.

Með upptöku húsbréfakerfisins var horfið frá því að greiða niður vexti í almenna húsnæðiskerfinu og jöfnun vaxtakostnaðar með tilliti til tekna og eigna var færð yfir í skattkerfið. Frá 1. janúar 1990 hafa allir þeir sem greiða vexti og verðbætur vegna íbúðarkaupa til eigin nota átt rétt á vaxtabótum. Vaxtabætur eru ekki bundnar við ákveðinn árafjölda eða kaup á fyrstu íbúð eins og gilti um húsnæðisbætur, heldur eru þær greiddar á meðan skilyrðum um tekju- og eignarmörk er fullnægt. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu námu heildargreiðslur vaxtabóta um 2,5 milljörðum kr. á árinu 1993 og voru bótaþegar tæplega 38 þúsund talsins (hjón talin sem tveir einstaklingar). Auk þess voru greiddar um 600 millj. kr. í húsnæðisbætur til tæplega 10 þúsund einstaklinga en þær voru greiddar í síðasta sinn á árinu 1993. Samkvæmt þessu naut um fjórði hver framteljandi vaxtabóta eða húsnæðisbóta og var heildaraðstoð hins opinbera í gegnum skattkerfið árið 1993 um 3,2 milljarðar kr.

Bein vaxtaniðurgreiðsla hins opinbera í félagslega húsnæðiskerfinu er mjög mikil. Miðað við 6,1 millj. kr. lán má gera ráð fyrir að niðurgreiðslan sé um 42% á ári og um 56% þegar um félagslegar leiguíbúðir er að ræða. Þessi niðurgreiðsla mun lækka fyrir þær íbúðir sem byggðar verða á næstunni í kjölfar lækkunar vaxta á almennum fjármagnsmarkaði.

Þá er rétt að geta þess að Tryggingastofnun ríkisins greiðir sérstaka uppbót á lífeyri ákveðins hluta ellilífeyrisþega og öryrkja. Sú uppbót tekur m.a. mið af húsaleigukostnaði.

Félagsleg aðstoð sveitarfélaga.

Segja má að sveitarfélögin aðstoði skjólstæðinga sína með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með byggingu íbúða á vegum húsnæðisnefnda sveitarfélaga. Húsnæðisnefndirnar, sem samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins fara með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis í sveitarfélaginu, byggja, úthluta og reka félagslegar íbúðir til handa láglaunafólki. Samkvæmt gildandi lögum leggja sveitarfélög fram 3,5% af kostnaðarverði þeirra félagslegu íbúða sem byggðar eru í sveitarfélaginu. Í félagslega húsnæðiskerfinu eru samkvæmt félagsíbúðaskrá Húsnæðisstofnunar ríkisins (byggðar og í byggingu) nú samtals 9.052 íbúðir, þ.e. íbúðir sem fjármagnaðar hafa verið af Húsnæðisstofnun ríkisins. Flestar eru í eigu sveitarfélaga eða um 87%. Um 80% félagslegu íbúðanna eru eignaríbúðir. Að auki eiga nokkur sveitarfélög og félagasamtök íbúðir til útleigu sem ekki eru með lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Þetta á við um Reykjavík sem á um 950 slíkar íbúðir. Félagslegar leiguíbúðir sveitarfélaga eru ætlaðar fólki sem af heilsufarslegum

eða félagslegum ástæðum hefur ekki getað útvegað sér húsnæði á almennum markaði. Húsaleiga í leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga er ævinlega mun lægri en almennt gerist á leigumarkaði.

Í öðru lagi er um að ræða svokallaðar framleiguíbúðir sem félagsmálastofnanir taka á leigu og framleigja til skjólstæðinga sinna. Í Reykjavík, svo dæmi sé tekið, voru í árslok 1993 um 100 framleiguíbúðir á vegum borgarinnar.

Í þriðja lagi er um að ræða fjárhagsaðstoð til framfærslu sem oft er vegna þess að viðkomandi einstaklingar geta ekki greitt þá húsaleigu sem krafist er á almennum markaði.

Nauðsyn jafnræðis milli eignar og leigu.

Leiguíbúðir og traustur leigumarkaður eru nauðsynleg forsenda fyrir húsnæðiskerfi sem samræmist kröfum samtímans um öryggi og jafnrétti þegnanna í húsnæðismálum. Sjálfsagt og eðlilegt er að ríkisvaldið stuðli að því að fólk geti valið á jafnréttisgrundvelli það form búsetu sem hentar hverju sinni. Bættur hagur leigjenda er sterkur bakhjarl fyrir þá sem vilja koma sér upp nauðsynlegum sparnaði til að geta ráðist í íbúðarkaup. Það fyrirkomulag sem nú er, einhæf aðstoð til íbúðarkaupenda í formi vaxtabóta, getur virkað sem hvati til ótímabærrar fjárfestingar. Þannig hefur fólk ráðist í íbúðarkaup án þess að hafa haft nægilegar forsendur til eigin sparnaðar og lent síðan í greiðsluvanda.

Verðtrygging lána og jákvæðir vextir, stundum háir, gera kröfu um meira eigið fjármagn við íbúðarkaup en áður þegar vextir voru neikvæðir. Þetta kemur fram í skilyrðum greiðslumats bæði í húsbréfakerfinu og félagslega húsnæðiskerfinu. Greiðslumatinu er m.a. ætlað að girða fyrir offjárfestingu og greiðsluerfiðleika fólks vegna íbúðarkaupa. Aukin krafa um eigið fjármagn fyrir íbúðarkaup hefur leitt til þess að skapa þarf skilyrði á leigumarkaði fyrir öruggt húsnæði og auka möguleika leigjenda til að koma sér upp sparnaði til íbúðarkaupa.

Einnig hefur verið bent á þau tilvik þegar fólk er yfir tekjumörkum félagslega húsnæðiskerfisins en hefur ekki náð að spara nægilega mikið til að húsbréfakerfið geti tryggt þeim fyrirgreiðslu. Reynslan sýnir að einnig er nauðsynlegt að tryggja framboð á félagslegum leiguíbúðum því að þrátt fyrir allt að 100% lán á hagstæðum félagslegum kjörum getur það reynst láglaunafólki ofviða að kaupa íbúð og nauðungarsölur með ærnum tilkostnaði því of algengar hjá þessum hópi.

Lengri skólaganga nú en áður, fjöldi hjónaskilnaða og aukið atvinnuleysi eru þættir sem sýna mikilvægi þess að leiguíbúðir séu raunhæfur valkostur í húsnæðismálum. Leiguíbúðir eru einnig forsenda fyrir hreyfanlegu vinnuafli og má nefna landsbyggðina sérstaklega í þessu sambandi. Traustur og öruggur leigumarkaður er því forsenda fyrir öflugu húsnæðiskerfi.

Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga.

Við undirbúning þessa frumvarps var leitað til félagsmálastjóra um land allt og þeir beðnir um að gefa upplýsingar um þá aðstoð er sveitarfélögin, hvert fyrir sig, veita íbúum sínum í formi hvers kyns húsnæðisaðstoðar. Í ljós kom að þær reglur, er sveitarfélögin fara eftir, eru mjög margvíslegar, bæði hvað varðar fjárhæðir og úthlutunarreglur.

Örðugt hefur reynst að fá nákvæmar upplýsingar um það hversu miklu fjármagni sveitarfélögin hafa veitt til húsnæðisaðstoðar í formi niðurgreiðslu húsaleigu á eigin leiguíbúðum. Það kemur m.a. til vegna þess að erfitt er að meta það hve mikil raunveruleg niðurgreiðsla er á íbúðum sveitarfélaga, þ.e. niðurgreiðsla miðað við markaðsleigu. Vegna

þessara annmarka var horfið frá því upphaflega markmiði að húsaleigubætur næðu bæði til þeirra sem leigja á almennum markaði og þeirra sem leigja af sveitarfélögunum.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur metið beina húsaleigustyrki sveitarfélaganna á árinu 1993 um 243 millj. kr., þ.e. til þeirra sem leigja á almennum markaði. Við kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hefur þessi niðurstaða verið lögð til grundvallar. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi til 400 millj. kr. á árinu 1995. Eins og fram hefur komið hefur Þjóðhagsstofnun áætlað kostnað þessara aðila um 650 millj. kr. Ljóst er að mjög erfitt er að meta þennan kostnað nákvæmlega. Vegna þess að hér er um algera nýjung að ræða og óvissuþættir því margir þótti ekki ráðlegt að hafa úthlutunarreglur víðtækari en hér er lagt til. Þess í stað var ákveðið að endurskoða ákvæði laganna, verði frumvarpið að lögum, innan tveggja ára frá gildistöku og meta þá framhaldið í ljósi reynslunnar og á grundvelli nákvæmari tölulegra upplýsinga.

Meginatriði frumvarps til laga um húsaleigubætur.

Frumvarpi þessu er ætlað það tvíþætta markmið að koma á niðurgreiðslu á húsnæðiskostnaði hjá tekjulágum einstaklingum og jafnframt að draga úr þeim aðstöðumun sem í dag ríkir með tilliti til þess hvort um er að ræða eigendur eða leigjendur að íbúðarhúsnæði. Stefnt er að því að ná fram þeim markmiðum með sameiginlegri kostnaðarþátttöku sveitarfélaga og ríkissjóðs.

Opinberar aðgerðir í húsnæðismálum hafa til þessa nær einvörðungu snúist um aðstoð við þá sem eru að eignast eigið húsnæði. Húsaleigubótum er ætlað að stuðla að því að einstaklingar eigi meira val milli eignar og leigu og veita einstaklingum svigrúm til þess að vera á leigumarkaði á meðan verið er að byggja upp eigin sparnað til fasteignakaupa.

Leigjendur eru sá hópur í þjóðfélaginu sem er að jafnaði tekjulægstur og eignalítill. Ekki eru til neinar samræmdar reglur um aðstoð við leigjendur. Í dag veita sveitarfélögin skjólstæðingum sínum aðstoð í formi leigu á ódýru húsnæði í eigu sveitarfélaga og þátttöku í húsaleigukostnaði. Reglur sveitarfélaganna eru í dag mjög mismunandi bæði með tilliti til mats á aðstæðum og fjárhæðum bóta.

Frumvarp þetta felur ekki í sér almennan rétt leigjenda til húsaleigubóta. Kemur þar tvennt til. Í fyrsta lagi er það forsenda fyrir rétti leigjenda til húsaleigubóta að fyrir liggi ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar um greiðslu húsaleigubóta á grundvelli þessa frumvarps. Í öðru lagi koma til ýmsar almennar undanþágur frá rétti sem byggðar eru á tilliti til tekna, eigna, leigufjárhæðar og skyldleika ásamt almennum formskilyrðum.

Við undirbúning þessa frumvarps hefur verið unnið markvisst að því að útbúa reglur um ákvörðun húsaleigubóta með það fyrir augum að það fjármagn, sem til ráðstöfunar er, nýtist sem best þeim sem mesta þörf hafa á aðstoð, tekjulægstu leigjendunum. Samkvæmt tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga var valin sú leið að binda rétt íbúa sveitarfélags til bóta við ákvörðun viðkomandi sveitarfélags um þátttöku.

Í frumvarpinu er lögð á það rík áhersla að réttur íbúa sveitarfélaga til húsaleigubóta verði skýr. Sveitarstjórnum er ætlað að taka ákvörðun tímanlega um það hvort þau vilja veita íbúum sínum rétt til húsaleigubóta. Þá ákvörðun er þeim gert að tilkynna bæði almennt og til félagsmálaráðuneytis sem síðan er gert að útbúa skrá yfir þau sveitarfélög sem tekið hafa ákvörðun um þátttöku og þá skrá skal ráðuneytið tilkynna opinberlega.

Í frumvarpi þessu er ekki gerð grein fyrir tölulegum útreikningi og fjárhæðum bóta. Gert er ráð fyrir því að félagsmálaráðherra setji ákvæði þess efnis í reglugerð. Drög að reglugerð fylgja með frumvarpinu. Ástæða þess að sú leið var farin er að hér er um algera nýjung að ræða og mjög erfitt er að áætla nákvæmlega þann kostnað sem ríki og sveitarfélögum er ætlað að skipta á milli sín. Á árinu 1995 er gert ráð fyrir að ríkissjóður muni leggja til 400 millj. kr. í þetta verkefni til viðbótar því fjármagni sem sveitarfélögin eru í dag með í formi húsnæðisaðstoðar á almennum markaði. Sú tillaga að kostnaðarskiptingu, sem hér er lögð til, er byggð á því að ríki greiði 60% og sveitarfélögin 40%. Er þá miðað við að sameiginleg fjárhæð ríkis og sveitarfélaga til húsaleigubóta nemi ekki hærri fjárhæð en rúmum 650 millj. kr. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga mun annast greiðslu frá ríki til sveitarfélaga. Telji ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ljóst að kostnaður vegna bóta verði meiri en áætlað hefur verið skal nefndin gera félagsmálaráðherra grein fyrir því og gera tillögur að breytingu á gildandi reglugerð er kveður á um fjárhæðir og útreikning húsaleigubóta.

Lagt er til að húsaleigubætur skuli ákvarðaðar og reiknaðar út miðað við ákveðinn grunn sem miðast við ákveðna fjárhæð fyrir hverja íbúð og hvert barn á framfæri umsækjanda að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna.

Þá er lagt til að húsaleigubætur taki eingöngu til íbúðarhúsnæðis, en leiga á einstökum herbergjum er undanskilin. Þá er lögheimili í leiguíbúðinni gert að skilyrði.

Frumvarpinu er ekki ætlað að ná til þeirra sem leigja af skyldmennum sem búa í sama húsi og íbúð leigusala. Er þessi regla byggð á sömu sjónarmiðum og lögð eru til grundvallar í sænsku húsaleigulögunum. Skyldleikatengsl þau, er frumvarpið tekur til, eru þau sömu og lög um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, með áorðnum breytingum, kveða á um að njóta skuli sérstaks forgangsréttar til leiguhúsnæðis. Ætlunin er að skoða áhrif þessa ákvæðis sérstaklega að loknum reynslutíma laganna verði frumvarp þetta að lögum.

Húsaleigubótum er ætlað að taka til varanlegra leigusambanda en ekki skammtímaleigu. Því þykir rétt og óhjákvæmilegt að undanskilja leigusamninga sem gerðir eru til skemmri tíma en sex mánaða. Þá er það og gert að skilyrði fyrir greiðslu bóta að leigusamningi hafi verið þinglýst. Þessum skilyrðum er ætlað að stuðla að því að vandað verði til samninga, stuðla að meiri festu en nú tíðkast og girða fyrir málamyndagerninga.

Ef einhver þeirra er í íbúðinni býr á rétt til vaxtabóta kemur það í veg fyrir rétt til húsaleigubóta.

Þá njóta þeir sem leigja af ríkissjóði og sveitarfélögum ekki bótaréttar. Kemur það til af því að í þeim tilfellum er húsaleiga verulega niðurgreidd. Almennar kaupleiguíbúðir eru hér sérstaklega undanskildar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sveitarfélög annist alla framkvæmd á afgreiðslu húsaleigubóta.

Í frumvarpinu er lagt til að húsaleigubætur taki jafnt til leigjenda á almennum markaði og þeirra er nú njóta húsnæðisaðstoðar félagsþjónustu sveitarfélaga í formi framfærslustyrkja til þess að greiða niður húsaleigu á almennum markaði auk þeirra sem leigja af félagasamtökum. Leiguíbúðir í eigu sveitarfélaga eru rúmlega 1.500 talsins og er leiguverð þeirra verulega niðurgreitt en það sama á ekki við um almennar kaupleiguíbúðir. Af þeirri ástæðu þótti ekki rétt að undanskilja þá er leigja slíkar íbúðir rétti til húsaleigubóta. Upphaflega kom til álita að frumvarp þetta fæli í sér heildstætt kerfi en að svo stöddu þótti það ekki fært þar sem mjög örðugt reyndist að meta þá aðstoð til fjár sem fólgin er í niðurgreiðslu íbúða ríkis og sveitarfélaga. Líta má og til þess að leiguverð þeirra íbúða er verulega niðurgreitt þannig að þeir leigjendur njóta þegar verulegrar að-

stoðar. Hins vegar er stefnt að því að við endurskoðun laga um húsaleigubætur verði frumvarp þetta að lögum liggi fyrir nægilegar upplýsingar þannig að hægt verði að mynda eitt heildstætt húsaleigubótakerfi án tillits til eignarhalds á leiguhúsnæði.

Stefnt er að því að lög um húsaleigubætur, verði frumvarp þetta að lögum, verði endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku til þess að unnt verði að meta reynsluna og sníða af þá agnúa er í ljós kunna að koma.

Útreikningur húsaleigubóta — reglugerð.

Drög þau að reglugerð, er fylgja frumvarpi þessu, byggja á svipuðum forsendum og miðað var við í niðurstöðum nefndar sem skilaði tillögum til félagsmálaráðherra í febrúar 1993.

Það sem liggur til grundvallar þeirri útfærslu, sem hér hefur verið valin, er að ekki er gerður greinarmunur á fjölskyldugerð. Grunnfjárhæðin, 7.000 kr., greiðist fyrir hverja íbúð mánaðarlega, og er hún sú sama fyrir einstaklinga, einstæða foreldra og hjón. Síðan bætist við ákveðin fjárhæð vegna barna, 4.500 kr. fyrir fyrsta barn, 3.500 kr. fyrir annað og 3.000 kr. fyrir þriðja. Fjöldi barna er meira afgerandi en fjölskyldugerðin. Til viðbótar bætast síðan við 12% þess hluta leigufjárhæðar er liggur á milli 20.000 kr. og 45.000 kr. Fjárhæð leigugjalds hefur því ekki bein áhrif á fjárhæð húsaleigubóta. Þannig hefur hækkun húsaleigu ekki í för með sér samsvarandi hækkun húsaleigubóta og því er það hagur leigjandans að halda leiguverði sem lægstu. Tilgangur þessarar útfærslu er m.a. sá að koma í veg fyrir að greiðsla húsaleigubóta leiði til hækkunar á leiguverði.

Í drögum að reglugerðinni er lagt til að skerðing vegna tekna verði með öðrum hætti en tilvitnuð nefnd lagði til. Markmiðið með því að lækka skerðingarstuðul úr 6% í 2% og hafa tekjuviðmið með öðrum hætti en tillögur nefndarinnar gerðu ráð fyrir er m.a. að draga úr áhrifum jaðarskatts. Eftir útreikninga Þjóðhagsstofnunar á mismunandi viðmiðunum var ákveðið að leggja til að húsaleigubætur skerðist óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 2% af árstekjum umfram 1,5 millj. kr. Húsaleigubætur geta þó aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af leigufjárhæð, að hámarki 21.000 kr. á mánuði.

Lagt er til að húsaleigubætur verði eignatengdar með þeim hætti að ef þeir sem í íbúðinni búa eiga eignir umfram 3 millj. kr. skulu 25% þeirrar fjárhæðar, sem umfram er, bætast við þær tekjur sem liggja til grundvallar ákvörðun um fjárhæðir bóta.

Þá er lagt til að húsaleigubætur teljist til tekna í merkingu skattalaga eins og verið hefur með húsnæðisstyrki sveitarfélaga að öðru leyti en því að tryggingabætur og húsaleigubætur fyrra árs teljast ekki til tekna. Húsaleigubótum er ekki ætlað að skerða bætur bótaþega frá Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir því að lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, verði breytt til samræmis við það markmið.

Vegna skattlagningar húsaleigubóta hafa fjárhæðir bóta verið ákveðnar nokkuð hærri en tillaga nefndar um húsaleigubætur gerði ráð fyrir. Þannig er grunnur húsaleigubóta hækkaður úr 5.000 kr. í 7.000 kr. og hámarksbætur hækkaðar úr 15.000 kr. í 21.000 kr. Einnig eru fjárhæðir bóta vegna barna hækkaðar verulega.

Mat Þjóðhagsstofnunar á kostnaði húsaleigubóta.

Þjóðhagsstofnun hefur annast útreikninga á kostnaði við framkvæmd tillagna um húsaleigubætur og unnið að athugunum á mismunandi útfærslum og tillögum á útreikningi bóta. Auk þess hefur stofnunin unnið að greiningu á væntanlegum hópum bótaþega og áhrifum húsaleigubóta á tekjur þessara hópa.

Það er mat Þjóðhagsstofnunar að þær tillögur sem hér hafa verið lagðar fram komi til með að kosta ríki og sveitarfélög samtals um 650 millj. kr. Fjöldi bótaþega er áætlaður um 5.500 er skiptist þannig að um 750 hjón fái bætur, 1.400 einstæðir foreldrar og 3.300 einstaklingar. Áætlað er að um 22% hjóna á almennum leigumarkaði komi til með að fá bætur, 73% einstæðra foreldra og 58% einstaklinga. Þá hefur stofnunin metið áhrif húsaleigubóta á tekjur þessara hópa. Talið er að bætur komi til með að hækka tekjur hjóna og einhleypra að meðaltali um 10% og einstæðra foreldra um 17%.

Mat Þjóðhagsstofnunar er með þeim fyrirvara að kostnaðurinn er háður ýmsum þáttum sem stjórnvöld hafa einungis óbein áhrif á, svo sem leigufjárhæð og fjölda bótaþega. Þá telur stofnunin líklegt að aðstæður kunni að breytast á húsaleigumarkaðnum með tilkomu húsaleigubóta og að líklegt sé að húsaleigubætur leiði til betri skila skatttekna í ríkissjóð af leigugreiðslum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta greinir frá markmiðum frumvarpsins sem eru tvíþætt. Annars vegar er frumvarpinu ætlað að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og hins vegar að draga úr þeim aðstöðumun sem í dag ríkir á húsnæðismarkaðnum með tilliti til þess hvort um er að ræða eigendur eða leigjendur íbúðarhúsnæðis.

Eins og af greininni má ráða er frumvarpinu ekki ætlað að vera almennt og taka til allra leigjenda. Frumvarpið felur í sér veigamiklar undanþágur frá almennum rétti leigjenda til bóta. Markmiðið er að ná til tekjulægsta fólksins á almenna leigumarkaðinum.

Hér á landi hefur opinber aðstoð í tengslum við húsnæðismál einkum verið bundin við eignarhúsnæði. Íbúðareigendur hafa fengið endurgreiddan hluta vaxtakostnaðar við öflun eigin húsnæðis í formi vaxtabóta. Leigjendur hafa ekki fengið sambærilega niðurgreiðslu þrátt fyrir að í þeirra hópi séu margir þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Úr þessum annmörkum er ætlunin að bæta með frumvarpi þessu og jafnframt að gefa fólki kost á vali í sínum húsnæðismálum, vali um að leigja eða kaupa húsnæði til eigin búsetu, allt eftir aðstæðum hvers og eins.

Ætlunin er að ríki og sveitarfélög taki höndum saman um að ná þessum markmiðum.

Um 2. gr.

Grein þessi felur í sér þá reglu að réttur leigjenda til bóta er bundinn ákvörðun viðkomandi sveitarfélags um þátttöku. Sveitarfélögum er ekki gert skylt að greiða bætur. Var sú leið farin að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í 2. mgr. er kveðið á um að til þess að íbúar sveitarfélags eigi rétt til húsaleigubóta skuli liggja fyrir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar um greiðslu þeirra.

Í 3. mgr. er skýrt kveðið á um það hvenær ákvörðun sveitarstjórnar skuli liggja fyrir. Lögð er á það rík áhersla að réttur íbúa sveitarfélaga til húsaleigubóta sé skýr. Sveitarstjórnum er því ætlað að taka ákvörðun tímanlega um þátttöku og þá ákvörðun er sveitarfélögunum gert að tilkynna rækilega, bæði til íbúa sinna og til félagsmálaráðuneytis. Sveitarstjórn er gert að auglýsa ákvörðun sína tryggilega gagnvart íbúum sínum. Sveitarstjórnir geta valið þá leið sem þau telja tryggilegasta í hverju tilviki og þá jafnvel notað sömu aðferð og þau viðhafa til þess að tilkynna aðrar ákvarðanir, fundarboð og þess háttar, hvort sem tilkynningar eru bornar í hús, auglýst í bæjarblöðum eða með öðrum þeim hætti er þau telja tryggan.

Þá er og gerð sú krafa til sveitarfélaganna að þau áætli fjárhæðir húsaleigubóta fyrir næstkomandi ár fyrir 1. nóvember og tilkynni þá niðurstöðu til félagsmálaráðuneytisins.

Í 4. mgr. er síðan gerð grein fyrir því með hvaða hætti ráðuneytið skuli standa að opinberri tilkynningu.

Um 3. gr.

Hér er að finna ákvæði um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna þátttöku í greiðslum húsaleigubóta. Eins og fram kemur í 1. mgr. er lagt til að það sé forsenda réttar sveitarfélaga til greiðslu úr ríkissjóði vegna húsaleigubóta að fyrir liggi ákvörðun þeirra um greiðslu þeirra og þau hafi greitt bætur á grundvelli laganna. Sveitarfélögunum er gert að leggja út fé til húsaleigubóta og síðan er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ætlað að endurgreiða þeim hluta ríkissjóðs. Lagt er til að nánari reglur um upplýsingagjöf sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og um úthlutun úr sjóðnum verði settar í reglugerð. Ríkinu er ætlað að endurgreiða sveitarfélögum 60% af kostnaði þeirra vegna greiðslu húsaleigubóta.

Um 4. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að koma í veg fyrir að kostnaður ríkissjóðs fari umfram áætlun. Telji ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ljóst að útstreymi vegna bóta verði meira en áætlað hefur verið er nefndinni ætlað að leggja til við félagsmálaráðherra að hann breyti gildandi reglugerð er kveður á um fjárhæðir og útreikning bóta.

Um 5. gr.

Reglur 5. gr. kveða almennt á um bótarétt.

Í 1. mgr. er greint frá grundvallarskilyrðum bótaréttar. Áskilið er að hið leigða húsnæði sé íbúðarhúsnæði til búsetu og leiga einstakra herbergja er sérstaklega undanskilin, sbr. og 8. gr. frumvarpsins. Þá er lögheimilisvist í hinni leigðu íbúð gerð að skilyrði auk skilyrðis 2. gr. frumvarpsins um þátttöku viðkomandi sveitarfélags. Ef leiguíbúð er í fjölbýlishúsi er áskilnaður um lögheimilisskráningu í viðkomandi íbúð.

Samkvæmt 2. mgr. eru leigusamningar til skemmri tíma en sex mánaða undanskildir rétti til bóta, sbr. og 4. tölul. 7. gr. frumvarpsins. Þá er það og gert að skilyrði að leigusamningi hafi verið þinglýst. Þessum ákvæðum er ætlað að stuðla að því að vandað verði til samninga, stuðla að meiri festu en nú tíðkast og girða fyrir málamyndagerninga.

Um 6. gr.

Í frumvarpi þessu er ekki gerð grein fyrir tölulegum útreikningi og fjárhæðum bóta. Félagsmálaráðherra er ætlað að setja slík ákvæði í reglugerð. Fylgja drög að þeirri reglugerð með frumvarpi þessu.

Í 2. mgr. er að finna leiðbeiningarreglur um þá grundvallarþætti sem útreikningsaðferð skuli byggð á. Lagt er til að bætur skuli ákvarðaðar og reiknaðar út miðað við ákveðinn grunn sem miðast við ákveðna fjárhæð fyrir hverja íbúð og síðan fyrir hvert barn á framfæri umsækjanda, að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna.

Í 3. mgr. er greint frá því tímabili sem bætur greiðast fyrir börn leigjenda. Til þess að hægt sé að taka tillit til barna leigjanda við útreikning og ákvörðun fjárhæða verða þau að eiga lögheimili í leiguíbúðinni.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru talin upp ýmis tilvik sem koma í veg fyrir bótarétt þrátt fyrir að öðrum skilyrðum sé fullnægt, svo sem ákvæðum 2. og 5. gr. frumvarpsins. Leitast hefur verið við að sú fjárhæð, sem kemur til skipta á ári hverju, nýtist sem best þeim sem mesta þörf hafa fyrir aðstoð hverju sinni.

Í 1. tölul. er gerð grein fyrir þeim skyldleikatengslum er koma í veg fyrir bótarétt ef leigusali býr í sama húsi og leigutaki. Hér var höfð hliðsjón af þeim reglum er sænsku lögin um húsaleigubætur byggja á. Meginsjónarmiðin á bak við þessa undanþágu eru þau að vegna skyldleika greiða margir leigjendur mjög lága eða jafnvel enga húsaleigu. Talið var að þeir aðilar, sem njóta þess að leigja af skyldmennum, hafi ekki eins mikla þörf fyrir aðstoð og þeir sem leigja af óskyldum aðilum. Þá var og talið að ef þessum aðilum yrði veittur réttur til bóta gæti það leitt til mikils fjölda málamyndagerninga. Rétt þótti að binda undanþágu frá rétti til húsaleigubóta þegar skyldmenni eiga í hlut við íbúðir í sama húsi og bústaður leigusala. Skyldleikatengsl þau, er frumvarpið tekur til, eru þau sömu og lög um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, með áorðnum breytingum, kveða á um að njóta skuli sérstaks forgangsréttar til leiguhúsnæðis. Tengsl eins íbúa við leigusala girða fyrir rétt til húsaleigubóta þó svo hann sé aðeins einn af mörgum. Upphaflega var hugmyndin sú að miða aðeins við leigutaka samkvæmt samningi, en sú regla þótti opna möguleika á misnotkun.

2. tölul. kveður á um áhrif eigna á bótarétt. Ef einhver þeirra er í íbúðinni býr nýtur réttar til vaxtabóta á hvorki hann né aðrir leigjendur íbúðarinnar rétt til húsaleigubóta, óháð því hvort rétthafi sækir um þær eða ekki. Þeir sem njóta vaxtabóta geta því ekki valið um það hvort þeir sæki um húsaleigu- eða vaxtabætur eftir því hvor kosturinn er hagstæðari.

Í 3. tölul. er undanþeginn réttur þeirra er leigja af ríkissjóði og sveitarfélögum. Undanþágan á þó ekki við um almennar kaupleiguíbúðir. Aðilar, sem leigja af ríki og sveitarfélögum, njóta verulegrar niðurgreiðslu að undanskildum þeim sem leigja almennar kaupleiguíbúðir sveitarfélaga. Þótti því rétt að þeir aðilar njóti húsaleigubóta. Reglur sveitarfélaganna eru í dag mjög mismunandi og þótti of viðurhlutamikið að ráðast í þá samræmingu á aðstoð sveitarfélaganna að svo stöddu.

Í 4. tölul. er gerður áskilnaður um að leigusamningur sé gerður til sex mánaða að lágmarki. Húsaleigubótum er einungis ætlað að taka til varanlegra leigusambanda en ekki skammtímaleigu og þykir því rétt og óhjákvæmilegt að undanskilja samninga til skemmri tíma en sex mánaða, sbr. og 2. mgr. 5. gr. Þess skal sérstaklega getið að nýtt frumvarp til húsaleigulaga miðar við að uppsagnarfrestur ótímabundinna leigusamninga verði minnst sex mánuðir og er ákvæði 4. tölul. tengt þeim sjónarmiðum.

Um 8. gr.

Hér er gerð grein fyrir lágmarksskilyrðum þess húsnæðis sem lögunum er ætlað að taka til. Húsaleigubótum er eingöngu ætlað að ná til íbúðarhúsnæðis, leiga á einstökum herbergjum er sérstaklega undanskilin rétti til bóta. Ekki þótti fært að binda rétt til bóta við samþykkt húsnæði heldur var farin sú leið að skilgreina lágmarkskröfur. Áskilnaður er um a.m.k. eitt herbergi ásamt sér eldhúsi eða eldunaraðstöðu og sér snyrtingu og baðaðstöðu. Sé eldhús, snyrting eða baðaðstaða sameiginleg fleirum fullnægir húsnæðið ekki lágmarksskilyrðum.

Ákvæði 4. mgr. koma í veg fyrir að unnt verða að fá bætur út á húsnæði sem ætlað er til annarra nota en íbúðar. Hér er t.d. átt við atvinnuhúsnæði sem leigt er til íbúðar að hluta eða öllu leyti.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. kemur fram skilgreining á hugtakinu leigufjárhæð. Gert er ráð fyrir því að sú fjárhæð, sem lögð verði til grundvallar útreiknings bóta, verði hin eiginlega greiðsla fyrir afnot hins leigða. Mikilvægt er því að sú fjárhæð verði tilgreind sérstaklega í leigusamningi. Ef einhverjir þeir þættir, sem tilgreindir eru í 1. mgr., eru inni í leigufjárhæð skal sú fjárhæð sundurliðuð í leigusamningi. Ef leigufjárhæð er greidd með viðhaldi, t.d. fyrstu mánuðina, verða aðilar húsaleigusamnings að meta þá vinnu og útvegun efnis til peningafjárhæðar til þess að samningur geti verið grundvöllur bótaréttar.

Í 2. mgr. er kveðið á um það hvernig með skuli fara ef uppgefin leigufjárhæð er verulega hærri en það sem eðlilegt getur talist. Með þessu ákvæði er sveitarfélagi veitt ákveðið svigrúm til að meta þessa þætti.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði þess efnis að leigufjárhæð félagslegra íbúða skuli aldrei vera hærri en viðmið Húsnæðisstofnunar ríkisins um leigu félagslegra íbúða.

Um 10. gr.

Í grein þessari er gerð grein fyrir tekjuhugtakinu. Tekið er tillit til samanlagðra heildartekna allra þeirra er lögheimili eiga í viðkomandi leiguíbúð, þar á meðal tekna barna frá 20 ára aldri nema barnið stundi skólanám í a.m.k. sex mánuði á árinu. Tekjur í merkingu laga um tekjuskatt og eignarskatt eru lagðar til grundvallar, þ.e. skattskyldar tekjur að frátöldum tryggingabótum og húsaleigubótum fyrra árs. Til tekna teljast því ekki bætur sem greiðast frá skattkerfinu, svo sem barnabætur, meðlög og barnabótaauki.

Í 4. mgr. er gerð grein fyrir áhrifum eigna á bætur. Hér er lögð til sú regla að eignir verði metnar til tekna þannig að ef heildareignir að frátöldum skuldum nema hærri fjárhæð en 3 millj. kr. skuli 25% þeirrar fjárhæðar, sem umfram er, bætast við þær tekjur sem liggja til grundvallar ákvörðun um fjárhæðir húsaleigubóta.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um hvernig með umsóknir skuli farið.

Í 1. mgr. er gerð grein fyrir því að umsóknum skuli skilað til viðkomandi sveitarfélags er annast afgreiðslu og útborgun bóta.

Í 2. mgr. er kveðið á um úrskurðarvald félagsmálanefnda sveitarfélaga um bótarétt. Verður þeim úrskurðum skotið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 17. gr. þessa frumvarps.

Í 3. mgr. kemur fram að umsókn skuli skilað á þar til gerðu eyðublaði til sveitarfélags þar sem viðkomandi leiguhúsnæði er.

Í 4. mgr. er greint frá því leiðbeiningar- og upplýsingarhlutverki er sveitarfélögum er ætlað varðandi gerð og frágang umsókna, svo og almenna fræðslu um bótarétt.

Í 5. mgr. er vísað til XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga varðandi málsmeðferð einstakra mála.

Um 12. gr.

Hér er gerð grein fyrir þeim gögnum er fylgja skulu umsókn um húsaleigubætur.

Í 1. mgr. kemur fram krafa um að leigusamningur hafi verið gerður á staðfest samningsform. Í því sambandi vísast til laga um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, með áorðnum breytingum. Þá er og gerð krafa til þess að húsaleigusamningi hafi verið þinglýst. Þar sem þinglýsing samnings er eitt skilyrði bótaréttar er mjög mikilvægt að aðilar vandi til samningsgerðar. Mikilvægt er því að leigusali sanni rétt sinn eða umboð til þess að undirrita leigusamning til að koma í veg fyrir örðugleika við þinglýsingu. Þessi skilyrði eiga það sameiginlegt að þeim er ætlað að stuðla að því að vandað verði til samninga, stuðla að meiri festu en nú tíðkast og girða fyrir málamyndagerninga.

Önnur atriði í ákvæðum greinarinnar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 13. gr.

Í grein þessari er kveðið á um áhrif ófullnægjandi umsóknar. Umsækjanda sem skilar inn slíkri umsókn skal gerð grein fyrir því eins fljótt og verða má. Stefnt er að því að kveðið verði á um nánari framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

Um 14. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um greiðslu húsaleigubóta af hálfu sveitarfélags. Gert er ráð fyrir því sem meginreglu að bætur greiðist umsækjanda, leigjanda en ekki leigusala. Þó getur leigjandi farið fram á það að greiðsla berist leigusala beint.

Í 4. mgr. er regla þess efnis að ef útreiknaðar bætur eru undir 500 kr. á mánuði greiðast þær ekki út mánaðarlega. Sveitarfélagið greiðir þær út einu sinni á ári og er gert ráð fyrir að kveðið verði á um nánari reglur þess efnis í reglugerð.

Í 5. mgr. er girt fyrir rétt til bóta á grundvelli fleiri en eins leigusamnings.

Um 15. gr.

Í grein þessari er kveðið á um þá upplýsingaskyldu er hvílir á leigjanda. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 16. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir þeim tilvikum sem leitt geta til brottfalls bótaréttar.

Í 1. mgr. kemur fram að ef bótaþegi fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna um rétt til húsaleigubóta kemur það í veg fyrir áframhaldandi bótarétt.

Ef einhverjar þær breytingar verða á leiguafnotum sem nefndar eru í 4. mgr. þá leiðir það til brottfalls að hluta eða öllu leyti. Félagsmálanefnd er ætlað að ákvarða brottfall eða lækkun bóta vegna þessa.

Í 5. mgr. er félagsmálanefnd veitt heimild til þess að fella niður greiðslur húsaleigubóta eða stöðva greiðslur ef nefndin fær vitneskju um að leigjandi nýtir bætur ekki til greiðslu húsaleigu og stofnar til vanskila. Í þessum tilvikum getur leigusali komið upplýsingum á framfæri við félagsmálanefnd sveitarfélagsins.

Önnur ákvæði greinarinnar þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að telji umsækjandi á rétt sinn hallað af hálfu félagsmálanefndar við framkvæmd laganna getur hann skotið ákvörðun til sérstaks óháðs úrskurðaraðila, úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Mikilvægt er að starfsmenn félagsmálanefnda upplýsi aðila um rétt til málskots. Um málskot fer samkvæmt ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sektarrefsingum verði beitt við brotum gegn ákvæðum frumvarpsins nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Ekki er getið lágmarks- og hámarkssektar heldur er það dómstóla að ákveða fjárhæð sektar innan sektarmarka almennra hegningarlaga.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu bótaþega til endurgreiðslu ofgreiddra bóta. Ef húsaleigubætur hafa verið ofgreiddar er heimild til að gera kröfu til endurgreiðslu. Ákvæði um 15% álag er hliðstætt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt um vaxtabætur.

Um 19. gr.

Í greininni er kveðið á um þær aðferðir sem viðhafa skal sé um ofgreiðslu bóta að ræða. Sinni bótaþegi ekki beiðni sveitarfélags um endurgreiðslu er sveitarfélagi heimilt að leita aðstoðar innheimtumanns ríkissjóðs.

Um 20. gr.

Rétt þótti að taka sérstaklega fram að ákvæði laganna, verði frumvarpið að lögum, breyti í engu þeim skyldum er á sveitarfélögum hvílir varðandi húsnæðismál íbúa sinna samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Um 21. gr.

Hér eru sett fyrirmæli um kynningu laganna verði frumvarpið að lögum. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 22. gr.

Með ákvæði þessarar greinar er félagsmálaráðherra veitt almenn heimild til að setja frekari og nánari fyrirmæli og ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerð.

Um 23. gr.

Hér er lagt til að ákvæði frumvarpsins taki gildi 1. janúar 1995. Rétt þykir að veita visst ráðrúm fram að gildistöku væntanlegra laga svo að góður tími gefist til kynningar og undirbúnings þeirra aðila sem lögin varða.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er um nýja löggjöf að ræða og þykir því rétt að hún verði endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku til þess að unnt verði að meta reynsluna og sníða af þá agnúa sem í ljós kunna að koma.

Drög að reglugerð um húsaleigubætur.

Húsaleigubætur skal ákvarða þannig að grunnstofn til útreiknings húsaleigubóta á mánuði skal vera 7.000 kr. fyrir hverja íbúð. Að auki bætast við 4.500 kr. fyrir fyrsta barn, 3.500 kr. fyrir annað og 3.000 kr. fyrir þriðja. Til viðbótar koma 12% þess hluta leigufjárhæðar er liggur á milli 20.000 – 45.000 kr.

Bætur skerðast óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 2% af árstekjum umfram 1,5 millj. kr.

Húsaleigubætur geta þó aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af leigufjárhæð, að hámarki 21.000 kr. á mánuði.

870. Nefndarálit [431., 432. og 433. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamninga milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu, Ungverjalands og Rúmeníu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað samhliða um þrjár tillögur til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamninga á milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Búlgaríu, Ungverjalands og Rúmeníu hins vegar. Nefndin fékk á fund sinn til viðræðna frá utanríkisráðuneytinu Þorstein Ingólfsson ráðuneytisstjóra og Gunnar Snorra Gunnarsson sendiherra, Guðmund Sigþórsson, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, og Gunnlaug Júlíusson hagfræðing frá Stéttarsambandi bænda.

Við umfjöllun nefndarinnar um samningana kom í ljós að láðst hafði að prenta með 431. máli, fríverslunarsamningnum við Búlgaríu, bókun A um vörur sem um getur í b-lið 2. gr. samningsins, en bókun A tekur til ákveðinna vara sem unnar eru að hluta til eða að öllu leyti úr landbúnaðarvörum. Er því bókun A birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Þá vill nefndin árétta að töflur I og VII við bókun A, sem birtar eru í þskj. 645 í samningnum við Rúmeníu, gilda um alla þrjá samningana þó að þær séu aðeins birtar í Rúmeníusamningnum.

Nefndin mælir með samþykkt tillagnanna.

Alþingi, 28. mars 1994.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Geir H. Haarde.	Tómas Ingi Olrich.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Páll Pétursson, með fyrirvara.	Guðmundur Bjarnason, með fyrirvara.	Anna Ólafsdóttir Björnsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Bókun A við fríverslunarsamning ríkja EFTA og Búlgaríu.

BÓKUN A
UM VÖRUR SEM UM GETUR Í B-LIÐ 2. GR. SAMNINGSINS

1. gr.

1. Til þess að taka megi til greina mismunandi kostnað landbúnaðarhráefnis sem síðan er notað í vörur sem skráðar eru í töflunum sem um getur í 2. og 3. gr., útilokar samningurinn ekki:
   a. að heimilt sé að leggja hlutfallslegt eða fast jöfnunargjald á innflutning eða að taka upp aðrar verðjöfnunarráðstafanir;
   b. að ráðstafanir séu gerðar við útflutning.
2. Verðjöfnunarráðstafanir skulu ekki vera hærri en nemur mismuninum milli verðs landbúnaðarafurða, sem notaðar eru í umræddri vöru, á innlendum markaði og heimsmarkaðsverðs þeirra. Sé innlent verð landbúnaðarafurðar lægra en heimsmarkaðsverð hennar er innflutningsríkinu heimilt að taka slíkt til greina þegar upphæðir til jöfnunar eru reiknaðar. Ef Búlgaría og EFTA-ríki koma sér saman um lækkanir á breytilegu gjaldi, sem lagt er á hráefni úr landbúnaði, skal hlutaðeigandi samningsríki enn fremur taka tillit til lækkana þessara á viðeigandi hátt þegar reiknaðar eru upphæðir til jöfnunar vegna viðkomandi unninna vara.
3. Verðjöfnunarráðstafanir, eins og þeim er lýst í 1. og 2. mgr., skulu á engan hátt skerða rétt EFTA-ríkja eða Búlgaríu til að framfylgja landbúnaðarstefnu sinni eða gera ráðstafanir samkvæmt þeirri stefnu.

2. gr.

1. Viðkomandi EFTA-ríki skal veita Búlgaríu ívilnanir vegna vara sem eru skráðar í töflum I, II, III, IV og V samkvæmt því sem fram kemur í töflunum. Samkomulag er um að ívilnanir þessar séu eins og þær sem standa Efnahagsbandalagi Evrópu til boða eigi síðar en 1. janúar 1993.
2. Meðferð sem beitt er af hálfu Íslands er sýnd í töflu VI. Í 1. lista töflunnar er að finna tolla og í 2. lista fjáröflunartolla. Íslandi er þó heimilt að láta aðrar verðjöfnunarráðstafanir koma í stað þessara tolla í samræmi við 1. og 2. mgr. 1. gr. en slíkar aðgerðir megi þó ekki leiða til lakari kjara fyrir vörur sem skráðar eru í VI. töflu en Ísland veitir Efnahagsbandalagi Evrópu.

3. gr.

1. Þrátt fyrir 4. gr. samningsins skulu tollar, sem lagðir eru af hálfu Búlgaríu á framleiðsluvörur upprunnar í EFTA-ríkjum sem skráðar eru í VII. töflu, ekki vera hærri, frá og með gildistöku samningsins til 31. desember 1996, en lagðir voru á 28. febrúar 1993.

2. Búlgaría skal afnema stig af stigi innflutningstolla á vörum í VII. töflu í samræmi við áætlun sem sameiginlega nefndin semur á árinu 1996. Niðurfellingin skal framkvæmd eins fljótt og ráð er gert fyrir í Evrópusamningnum milli Búlgaríu og Evrópubandalaganna.
3. Búlgaríu ber að tilkynna EFTA-ríkjum með góðum fyrirvara um allar ákvarðanir um að taka upp verðjöfnunarkerfi til að taka megi til greina mismunandi kostnað landbúnaðarhráefnis sem síðan er notað í framleiddum vörum. Verði af slíkri ákvörðun skal koma kerfinu á með sömu ákvæðum og á sama tíma gagnvart EFTA-ríki og gagnvart Evrópubandalögunum. Möguleika á að semja einnig um tilslakanir, sem Búlgaría kann að veita Evrópubandalögum með sérstökum skilyrðum, ber að taka til umfjöllunar í sameiginlegu nefndinni.

4. gr.

Ákvæði samningsins gilda um framleiðsluvörur sem skráðar eru í VIII. töflu.

5. gr.

1. EFTA-ríki tilkynna Búlgaríu og Búlgaría tilkynnir EFTA-ríkjum um allar verðjöfnunarráðstafanir sem lagðar eru á skv. 1. gr. bókunar þessarar.
2. Búlgaría og EFTA-ríki tilkynna hvert öðru um allar breytingar sem verða á meðferð vara frá Efnahagsbandalagi Evrópu.

6. gr.

EFTA-ríki og Búlgaría skulu endurskoða á tveggja ára fresti þróun viðskipta sín á milli með framleiðsluvörur sem falla undir þennan samning. Endurskoðun skal fara fram í fyrsta sinn fyrir lok 1994. Í ljósi endurskoðananna og með hliðsjón af þróun í viðskiptum milli samningsríkja og Efnahagsbandalags Evrópu á þessu sviði skulu samningsríki ákveða hugsanlegar breytingar á vörum sem falla undir bókunina og breytingar á reglum um jöfnunargjöld.

871. Frumvarp til laga [558. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Seltjarnarneskaupstað eign ríkisins í Gróttu, þar með talin hvers kyns mannvirki í eigu ríkisins önnur en Gróttuvitann.

2. gr.

Vita- og hafnamálastofnun á vitann í Gróttu og skal hafa aðgang að honum og eynni og er heimilt að gera allar þær framkvæmdir sem nauðsynlegar teljast vegna reksturs vitans.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilefni frumvarps þessa er 20 ára kaupstaðarafmæli Seltjarnarnesbæjar þann 9. apríl nk. Segja má að Grótta sé eins konar tákn Seltjarnarness og útvörður bæjarins og hafi tilfinningalegt gildi fyrir bæjarbúa. Uppi eru hugmyndir um það í bæjarstjórn Seltjarnarness að nýta eyjuna sem fólkvang og útivistarsvæði fyrir bæjarbúa.

Grótta var lýst friðland árið 1974 með auglýsingu um friðland í Gróttu nr. 219/1974 en nú gildir auglýsing nr. 13/1984. Ákveðnar reglur gilda um mannvirkjagerð, jarðrask og umferð fólks um eyjuna. Óheimilt er að fara um eyjuna yfir varptímann frá 1. maí til 1. júlí ár hvert.

Vita- og hafnamálastofnun hefur rekið vitann í Gróttu. Gert er ráð fyrir að stofnunin eigi hann áfram og hafi greiðan aðgang að honum. Hins vegar fylgi sölunni önnur mannvirki á eyjunni, svokölluð Gróttuhús, í því ástandi sem þau eru nú.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu.

Með frumvarpinu er ríkisstjórninni veitt heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eign ríkisins í Gróttu að Gróttuvita undanskildum. Er þetta gert í tilefni af 20 ára kaupstaðarafmæli Seltjarnarnesbæjar þann 9. apríl nk. Um er að ræða 3 hektara lands, 1 íbúðarhúsnæði og 1 hlöðu. Fasteignamat þessara eigna nemur 1,5 m.kr.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

872. Frumvarp til laga [559. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Kristjánsson.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem eru atvinnulausir og í atvinnuleit, skulu eiga sama rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði og launamenn samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum. *Sjálfstætt starfandi* telst einstaklingur með sjálfstæða starfsemi í því umfangi að honum sé gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglubundnum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi og virðisaukaskatti.

2. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, V. KAFLI, **Bótaréttur sjálfstætt starfandi**, með sex nýjum greinum og breytist greinatala laganna samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (23. gr.)

Atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi sem verður atvinnulaus og er í atvinnuleit ákvarðast á eftirfarandi hátt:

1. Hafi hlutaðeigandi staðið í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi miðað við fullt starf vegna síðustu 12 mánaða áður en hann varð atvinnulaus á hann rétt á hámarksbótum, sbr. 31. gr., en hlutfallslega ella miðað við fjölda mánaða sem tryggingagjaldi var skilað.
2. Hafi hlutaðeigandi á liðnum 12 mánuðum verið bæði í launavinnu og rekstri skal hver mánuður sem tryggingagjald og staðgreiðsluskattur hafa verið greidd fyrir miðað við fullt starf samsvara fullri dagvinnu þann mánuð við úrskurð bóta.
3. Greiðslur bóta skulu aldrei hefjast fyrr en 20 virkum dögum (fjórum vikum) eftir að hlutaðeigandi skráði sig atvinnulausan fyrsta sinni og staðreynt hefur verið að hann hafi verið sjálfstætt starfandi, sé í atvinnuleit og uppfylli skilyrði laga þessara að öðru leyti.

b. (24. gr.)

Sjálfstætt starfandi telst vera atvinnulaus þegar hann uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:

1. hefur tilkynnt lok rekstrarins til opinberra aðila, sbr. 25. gr.,
2. hefur ekki tekjur eða tekjuígildi af rekstri,
3. hefur ekki hafið störf sem launamaður,
4. er sannanlega í atvinnuleit og getur tekið tilboðum um vinnu.

c. (25. gr.)

Til að tilkynning um lok sjálfstæðrar starfsemi teljist fullnægjandi þarf launagreiðendaskrá ríkisskattstjóra og virðisaukaskattsdeild skattstjóra að hafa borist skriflegt erindi þess efnis.

d. (26. gr.)

Sjálfstætt starfandi telst hættur rekstri ef hann sannar að rekstri hafi verið hætt, hann framseldur öðrum eða tekinn til gjaldþrotaskipta.

Sjálfstætt starfandi getur talist vera hættur rekstri áður en til afhendingar eða lokunar kemur ef hlutaðeigandi leggur fram skriflega sönnun fyrir því að honum hafi verið ókleift að halda rekstrinum áfram, t.d. með vörslusviptingu atvinnutækis.

Ef sjálfstætt starfandi hefur byggt atvinnu sína á skráningarskyldu ökutæki skal hann láta afskrá atvinnutækið hjá Bifreiðaskoðun Íslands og leggja fram vottorð þess efnis. Bifreiðaskoðun Íslands skal tilkynna Atvinnuleysistryggingasjóði þegar viðkomandi atvinnutæki er skráð á ný.

Ef sjálfstætt starfandi hefur byggt atvinnu sína á sjósókn skal hann leggja haffærisskírteini sitt inn hjá sýslumannsembættum eða fulltrúum sýslumanna og leggja fram vottorð um það hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Viðkomandi yfirvöld skulu tilkynna Atvinnuleysistryggingasjóði þegar haffærisskírteini eru afhent að nýju.

Sjálfstætt starfandi getur ekki uppfyllt skilyrði 1. og 2. mgr. með því að afhenda reksturinn nákomnum. Ráðherra skal þó í reglugerð kveða á um undanþágur frá þessu skilyrði varðandi bændur.

c. (27. gr.)
Sjálfstætt starfandi, sem hefur haldið áfram persónubundnu starfi sínu við reksturinn eftir að hafa byrjað í launavinnu, telst atvinnulaus og í atvinnuleit þó að hann missi launavinnuna, nema hann uppfylli skilyrði 24. gr. þegar hann missir hana.

f. (28. gr.)
Verði sjálfstætt starfandi uppvís að því að hafa sótt um atvinnuleysisbætur án þess að hafa uppfyllt framangreind skilyrði skal endurkrefja hlutaðeigandi um ofgreiddar bætur og svipta hann bótarétti í hámarkstíma, sbr. 48. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á þeim þætti laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, er varðar bótarétt sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa lengst af ekki notið réttar til atvinnuleysisbóta. Eftir að innheimtu tryggingagjalds, sem að hluta til rennur í Atvinnuleysistryggingasjóð, var komið á 1. janúar 1991 þótti einsýnt að bæta þyrfti réttarstöðu þeirra að þessu leyti. Skipaður var vinnuhópur til að móta leiðir til úrbóta og á grundvelli niðurstöðu hans var ákveðið að veita sjálfstætt starfandi einstaklingum rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði og var frumvarp um atvinnuleysistryggingar, svo breytt, afgreitt sem lög frá 116. löggjafarþingi. Lögin gengu í gildi 30. júní 1993.

Í frumvarpi til fyrrgreindra laga var ekki kveðið ítarlega á um skilyrði bótaréttar sjálfstætt starfandi en hins vegar voru birt sem fylgiskjal með frumvarpinu drög að reglugerð þar sem skilyrðin voru nánar tilgreind. Í framsöguræðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sagði m.a.: „Með frumvarpinu og þeim drögum að reglugerð um þetta efni, sem sýnd eru, eru varfærnislega stigin fyrstu skref gagnvart þessari opnun á Atvinnuleysistryggingasjóði. Tíminn mun skera úr hvort of varfærnislega er stigið. Af þeim sökum er einnig gert ráð fyrir að nánari útfærsla skilyrða bótaréttar sjálfstætt starfandi sé í reglum er ráðherra setur."

Eftir gildistöku laganna var hafin smíði reglugerðar sem reyndist talsvert frábrugðin hinum upphaflegu drögum. Reglugerðinni, nr. 389/1993, sem gekk í gildi 1. október 1993, reyndist fela í sér fleiri takmarkanir en upphaflegu drögin og fljótlega komu í ljós ýmsir annmarkar sem hafa leitt til þess að tilteknum hópum sjálfstætt starfandi einstaklinga hefur reynst erfitt og jafnvel verið útilokað fyrir þá að afla sér atvinnuleysisbóta vegna ákvæða reglugerðarinnar. Það eru einkum smábáta- og vinnuvélaeigendur, vörubílstjórar og bændur sem telja sig bera skarðan hlut frá borði.

Hér er ekki fjallað sérstaklega um annmarka gagnvart hverjum hópi fyrir sig en í frumvarpi þessu er farin sú leið að lögfesta ákvæði reglugerðar nr. 389/1993 með nokkrum breytingum sem bæta réttarstöðu framangreindra hópa.

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott skilyrði um að viðkomandi þurfi að hafa „hætt rekstri“ eða „hafi lagt starfsemi niður“ en gert ráð fyrir að nægilegt sé að sýna fram á með nánar tilteknum hætti að atvinnutæki sé ekki í notkun á þeim tíma sem atvinnuleysisbóta er krafist.

Þá er hér lagt til að ekki verði kveðið á um takmörkun þannig að sé um að ræða árstíðabundna stöðvun starfsemi eða tímabundið hlé vegna verkefnaskorts eða af öðrum ástæðum, útiloki það sjálfstætt starfandi frá rétti til atvinnuleysisbóta. Eðlilegt þykir að sjálfstætt starfandi einstaklingar, svo sem smábátaeigendur eða vinnuvélaeigendur, eigi rétt á atvinnuleysisbótum að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna ef þeir geta ekki aflað sér tekna af framangreindum ástæðum svo mánuðum skiptir. Því til stuðnings má benda á þær takmarkanir sem lög um stjórn fiskveiða geta haft í för með sér hjá smábátaeigendum.

Þá er í frumvarpi þessu ekki tekið upp ákvæði hliðstætt 2. mgr. 7. gr. í reglugerð nr. 389/1993 en það ákvæði hefur t.d. nánast útilokað smábátaeigendur frá bótarétti. Ákvæðið hljóðar svo: „Nú hefur sjálfstætt starfandi í starfsgrein, sem í eðli sínu er árstíðabundin, störf í greininni að nýju innan 12 mánaða frá því að hann sótti um atvinnuleysisbætur og skal þá litið svo á að um tímabundið hlé hafi verið að ræða sem ekki veiti rétt til atvinnuleysisbóta. Skal þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eða sá sem stjórnin hefur falið að annast greiðslu atvinnuleysisbóta til sjálfstætt starfandi endurkrefja hlutaðeigandi um greiddar atvinnuleysisbætur í samræmi við ákvæði 41. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Jafnframt skal svipta hlutaðeigandi bótarétti í hámarkstíma skv. 41. gr. laganna. Sama gildir ef í ljós kemur að hlutaðeigandi hefur haldið áfram sjálfstæðri starfsemi án tilskilinnar skattalegrar skráningar.“ Mikilvægt er að reglugerðarákvæði þetta, sem eins og fyrr sagði átti sér ekki hliðstæðu í drögum að reglugerð sem birt var með frumvarpinu, verði fellt niður, enda er vafasamt að það hafi lagastoð, ekki síst þegar litið er til þeirra orða í framsöguræðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem vitnað var til hér að framan.

Í d-lið 2. gr. frumvarpsins eru nýmæli sem kveða á um það með hvaða hætti sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem m.a. neyðast til að stöðva starfsemi sína vegna árstíðabundinna sveiflna, geta sýnt fram á að atvinnutæki þeirra séu ekki í notkun. Jafnframt er viss skylda lögð á eftirlitsskylda aðila til að tilkynna Atvinnuleysistryggingasjóði um breytingu í þessu efni.

Í ákvæðum frumvarps þessa er leitast við að kveða skýrt á um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta þannig að komið verði í veg fyrir að þeir njóti rýrari réttar að þessu leyti en efni standa til. Um er að ræða mikið réttlætismál þar sem fjölmargir úr framangreindum hópum hafa nú greitt í Atvinnuleysistryggingasjóð í á fjórða ár án þess að hafa notið nokkurra greiðslna úr sjóðnum. Ekki verður séð hvaða rök mæla með því að þessir einstaklingar eigi að njóta lakari réttar að þessu leyti en launþegar.

873. Frumvarp til laga [560. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sérstök samráðsnefnd skal skipuð tíu fulltrúum, þremur tilnefndum af helstu samtökum sjómanna og fiskvinnslufólks, þremur tilnefndum af helstu samtökum útvegsmanna og eigenda fiskvinnslu og þremur tilnefndum af Hafrannsóknastofnun, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar. Nefndin skal fjalla um tillögur Hafrannsóknastofnunar um veiðiheimildir hvers árs áður en ráðherra ákveður árlegan heildarafla með reglugerð skv. 3. gr. laga þessara. Nefndin skal einnig koma saman til að fjalla um tillögur Hafrannsóknastofnunar ef um endurskoðun á fyrri úthlutun á botnfiskafla er að ræða og oftar ef þurfa þykir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árlegar deilur um tillögur Hafrannsóknastofnunar um heildaraflamark hvers árs benda til þess að töluvert skorti á samráð milli vísindamanna, sjómanna og annarra sem tengjast sjávarútvegi þrátt fyrir vilja allra aðila til slíks samráðs. Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að nauðsynlegt sé að koma slíku samráði í fastar skorður og að það verði best gert með stofnun sérstakrar samráðsnefndar. Til þess að starf slíkrar nefndar beri árangur er nauðsynlegt að fulltrúar sem flestra aðila sem tengjast veiðum og vinnslu komi að nefndinni með formlegum hætti. Þannig er a.m.k. tryggt að sjónarmið allra fái að koma fram og samráðið byggist því á áliti allra hina mismunandi hópa sem hafa ólíkra hagsmuna að gæta í þessum efnum. Nefndinni er ætlað að koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að þrír fulltrúar helstu félaga sjómanna og fiskvinnslufólks eigi sæti í nefndinni og er þá átt við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og deild verkafólks í fiskvinnslu innan VMSÍ. Þrír fulltrúar útgerðarmanna og eigenda fiskvinnslustöðva komi frá LÍÚ, Landssambandi smábátaeigenda og Samtökum fiskvinnslustöðva. Verði umtalsverðar breytingar á stærð eða skipan félaga í útgerð og fiskvinnslu má endurskoða skiptingu fulltrúa milli félaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að auk þeirrar samráðsnefndar, sem um getur í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1990, muni önnur nefnd hafa það hlutverk að festa í sessi samráð milli fulltrúa sjómanna, útgerðar, fiskvinnslu og vísindamanna Hafrannsóknastofnunar. Þar sem stærð og hlutverk þessarra tveggja nefnda er ólíkt er hér valin sú leið að setja nýja nefnd á laggirnar í stað þess að auka verkefni hinnar fyrri þótt þau séu orðin takmörkuð með þeim breytingum sem orðið hafa á lögum um stjórn fiskveiða.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

874. Frumvarp til laga [561. mál]

um vöruflutninga á landi.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Lög þessi gilda um vöruflutninga á landi gegn gjaldi með vöruflutningabifreið eða tengivagni umfram þá hámarkshleðslu sem nánar er ákveðin í reglugerð. Þau gilda einnig um vöruflutninga með vögnum sem tengdir eru eða festir við bifreið en ganga ekki fyrir eigin vélarafli.

2. gr.

Til að stunda vöruflutninga með bifreiðum á milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins þarf sérstakt leyfi. Samgönguráðuneytið veitir slík leyfi til þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem hafa staðfesturétt hér á landi.

Til að öðlast leyfi skv. 1. mgr. þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa óflekkað mannorð.
2. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu.
3. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni.

Skilyrðum skv. 2. mgr. verður leyfishafi einnig að fullnægja eftir að leyfi er fengið. Um skilyrði þessi og gjald fyrir veitt leyfi skv. 2. og 3. gr. skal setja nánari ákvæði í reglugerð.

3. gr.

Þeir sem hafa leyfi skv. 2. gr. geta sótt um leyfi til samgönguráðuneytis til að stunda flutninga innan lands í aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis. Samgönguráðherra veitir slík leyfi á grundvelli úthlutunar Evrópusambandsins.

4. gr.

Vöruafgreiðslur fyrir vöruflutningabifreiðar skulu skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að veitt verði góð og örugg þjónusta. Hver vöruafgreiðsla skal fylgjast með því að bifreiðastjórar, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um vöruflutninga á landi.

5. gr.

Samgönguráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og er heimilt að setja reglugerðir um landflutninga með vöruflutningabifreiðum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð sem sett verður samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Tilgangur þess er að gera nauðsynlegar lagabreytingar vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Við undirbúning þessa frumvarps hefur verið haft samráð við Landvara, landsfélag vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum en í því félagi eru nánast allir þeir sem stunda vöruflutninga með bifreiðum milli sveitarfélaga eða landshluta.

Engin lög eru í gildi um landflutninga með vöruflutningabifreiðum. Um árabil hafa verið í gildi lög og reglugerðir er varða starfsemi og starfsréttindi þeirra er annast fólksflutninga á landi gegn gjaldi, þ.e. lög nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum. Jafnframt hafa verið í gildi lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989, sem fjalla um leiguakstur á vörum með sendibifreiðum og vörubifreiðum, þ.e. þegar einn aðili óskar flutnings á vöru með vörubifreið af hefðbundinni gerð innan sama sveitarfélags. Löggjafinn hefur hins vegar ekki enn þá látið til sín taka starfsréttindi þeirra er annast vöruflutninga með bifreiðum á langleiðum. Löggjafinn hefur þó fjallað um önnur málefni þessara aðila, sbr. lög nr. 62/1979, um Landflutningasjóð, og lög nr. 24/1982, um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins gilda lög þessi um vöruflutninga á landi gegn gjaldi með vöruflutningabifreiðum og eftirvögnum yfir ákveðinni hámarkshleðslu en taka aðeins til vöruflutninga milli landa innan hins Evrópska efnahagssvæðis og um innanlandsflutninga innan sama svæðis, þ.e. fyrir flutningafyrirtæki sem leyfi hafa til að stunda innanlandsflutninga í aðildarríki sem þau hafa ekki staðfestu í.

Hugsanlegt er að svipaðar reglur verði teknar upp við skipulag vöruflutningamarkaðsins hér innan lands á næstu missirum, þ.e. að fyrirtæki og einstaklingar, sem hyggjast stunda vöruflutninga á landi með bifreiðum, verði að uppfylla almenn skilyrði til að öðlast flutningaleyfi en þau eru eftirfarandi: ákvæði um fjárhagsstöðu fyrirtækis, orðstír fyrirtækis og starfshæfni rekstraraðilans.

I. Opnun markaðar og auknir möguleikar.

Eitt af markmiðunum með hinu Evrópska efnahagssvæði er að koma á fót sameiginlegum reglum varðandi vöruflutninga á landi svo sameiginlegur flutningamarkaður innan svæðisins verði að veruleika. Fyrst og fremst fjallar þetta um rétt þeirra sem hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu til að veita þjónustu hvar sem er innan þess.

Með þessum lögum, sem byggja á reglugerðum Evrópusambandsins, er opnuð leið fyrir íslensk vöruflutningafyrirtæki til að stunda millilandaflutninga milli aðildarríkja hins Evrópska efnahagssvæðis og til innanlandsflutninga innan þessara sömu ríkja.

Auknir möguleikar af þessu tagi fyrir íslensk vöruflutningafyrirtæki til millilandaflutninga skapa svigrúm til aukinna umsvifa, t.d. getur íslenskt vöruflutningafyrirtæki flutt íslenskan fisk á markað erlendis m.a. með samsettum flutningum og þannig komið vörunni á leiðarenda og síðan flutt einhverja aðra vöru hingað heim. Margir vilja eflaust tryggja að varan sé í þeirra höndum á leiðarenda, t.d. ef varan er flutt með skipi að evrópskri höfn og síðan með þeirra eigin bíl áfram á áfangastað.

Möguleikar til innanlandsflutninga innan ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis opnast einnig þó í takmörkuðum mæli sé, en 30. júní 1998 verða innanlandsflutningar þar gefnir frjálsir. Íslenskir flutningsaðilar geta sótt um leyfi til samgönguráðuneytisins til innanlandsflutninga og að því leyfi fengnu hafið vöruflutninga innan lands í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, t.d. á milli Amsterdam og Rotterdam.

Ljóst er að miklir möguleikar eru fyrir hendi fyrir íslensk flutningafyrirtæki við opnun þessa markaðar og að sama skapi opnast möguleikar fyrir erlend flutningafyrirtæki til að stunda vöruflutninga á Íslandi.

II. EES-reglur.

Í XIII. viðauka með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem tók gildi 1. janúar 1994, eru birtar þær gerðir sem fjalla um vöruflutninga á landi. Þær eru:

1. Fyrsta tilskipun ráðsins um setningu tiltekinna sameiginlegra reglna um millilandaflutninga (vöruflutninga á vegum gegn gjaldi), nr. L 70/2005, með breytingum nr. 72/426, 74/149, 77/158, 78/175, 80/49, 82/50 og 83/572.
2. Reglugerð ráðsins nr. 3164/76 um heildarkvóta bandalagsins fyrir vöruflutninga á vegum milli aðildarríkja með breytingu nr. 1841/88.
3. Reglugerð ráðsins nr. 40/58/89 um ákvörðun flutningsgjalda í vöruflutningum á vegum milli aðildarríkja.
4. Tilskipun ráðsins nr. 74/561 um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum í innanlands- og millilandaflutningum.
5. Tilskipun ráðsins nr. 84/647 um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum með breytingu nr. 90/398.

Jafnframt hefur Evrópusambandið sett nokkrar gerðir frá 1. ágúst 1991 til 31. desember 1993 að telja og varða EES-samningssviðið um vöruflutninga á landi með bifreiðum sem teljast til svokallaðra viðbótarbókunar. Þessar gerðir eru m.a:

1. Reglugerð ráðsins nr. 881/92 um aðgang að vöruflutningamarkaðinum á vegum innan bandalagsins til eða frá yfirráðasvæði aðildarríkis eða um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja.
2. Reglugerð ráðsins nr. 3118/93 um skilyrði þess að flutningafyrirtæki megi stunda innanlandsflutninga í aðildarríki án þess að eiga þar staðfestu.

Með þessum reglugerðum opnast markaður fyrir þau ríki sem eru aðilar að samningum um hið Evrópska efnahagssvæði að því tilskildu að flutningsaðilar hafi til þess leyfi. Þeir sem hafa slík leyfi öðlast rétt til millilandaflutninga innan svæðisins auk þess geta handhafar leyfa óskað eftir heimild til samgönguráðuneytisins til vöruflutninga innan einstaks aðildarríkis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögunum er fyrst og fremst ætlað að gilda um vöruflutninga sem fara fram milli landa innan hins Evrópska efnahagssvæðis og innanlandsflutninga erlendra aðila á svæðinu.

Um 2. gr.

Grein þessi er í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins nr. 881/92 frá 26. mars 1992 sem gildir um aðgang að vöruflutningamarkaðnum á vegum innan Evrópusambandsins til eða frá yfirráðasvæði aðildarríkis eða um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja. Markmiðið með þessari reglugerð er að nema á brott hindranir á frjálsum og jöfnum markaðsaðgangi með því að koma á fót sameiginlegum reglum varðandi vöruflutninga svo sameiginlegur flutningamarkaður innan svæðisins verði að veruleika.

Bandalagskvótar, tvíhliðakvótar milli aðildarríkjanna og umflutningskvótar frá þriðju ríkjum verða afnumdir, í stað þess verður aðgangur að markaðnum án magntakmarkana. Aðgangur að markaðnum verður byggður á gæðaviðmiðun sem vöruflutningafyrirtæki verða að uppfylla; til þess að flutningafyrirtæki geti stundað millilandaflutninga innan svæðisins þarf bandalagsleyfi sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum þess ríkis sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu í. Til að flutningafyrirtæki geti öðlast slíkt leyfi þarf að uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í tilskipunum Evrópusambandsins nr. 74/561 frá 12. nóvember 1974 og nr. 89/438 frá 21. júní 1989 og segja til um þessi gæðaviðmið, en þau eru eftirfarandi:

a. krafa um óflekkað mannorð/góðan orðstír fyrirtækja,
b. krafa um fullnægjandi fjárhagsstöðu,
c. krafa um starfshæfni.

Skilyrði þessi verða nánar útfærð í reglugerð og tekið mið af reglum EES í því sambandi.

Um 3. gr.

Öll flutningafyrirtæki þurfa leyfi skv. 2. gr. til þess að stunda millilandaflutninga og innanlandsflutninga. Íslenskur flutningsaðili sem hefur leyfi getur stundað innanlandsflutninga í aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis sem hann hefur ekki staðfestu í að fengnu leyfi frá samgönguráðuneytinu. Reglugerð Evrópusambandsins nr. 3118/93 frá 25. október 1993 (ásamt viðbót 11, tölul. 26c) segir til um leyfisfjölda sem úthlutað er á hvert aðildarríki hins Evrópska efnahagssvæðis til vöruflutninga með bílum eftir vegum innan aðildarríkjanna. Vöruflutninga með bílum frá A til B innan aðildarríkis er því ekki hægt að stunda nema hafa slíkt leyfi.

Innanlandsflutningar eru háðir sérstöku leyfi til 30. júní 1998 í aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis.

Lengi leit út fyrir að Íslendingar fengju engin leyfi til innanlandsflutninga innan aðildarríkjanna þar sem íslenskir flutningsaðilar höfðu ekki stundað slíka flutninga áður. Framkvæmdastjórnin byggði úthlutun sína alfarið á tölfræðiútreikningum sem miðuðu við flutninga aðildarríkjanna undanfarin ár. En eftir ítrekaðar viðræður, bréfaskriftir og fundi varð niðurstaðan sú að Íslendingum var úthlutað 10 slíkum leyfum á árinu 1994 sem síðan fjölgar um 30% á ári til ársins 1998 en 30. júní það ár falla allar kvótatakmarkanir niður og við tekur frelsi í innanlandsvöruflutningum. Eitt slíkt leyfi gildir fyrir einn vöruflutningabíl í tvo mánuði.

Um 4. gr.

Vöruflutningar með bifreiðum á milli landshluta hafa á undanförnum 30–40 árum aukist mjög á ári hverju samfara umbótum í vegagerð. Á sjötta áratugnum voru þegar allmargir aðilar er önnuðust vöruflutninga með bifreiðum á milli Reykjavíkur og helstu þéttbýlisstaða. Upp úr 1960 sameinuðust margir þessara aðila um vöruafgreiðslur í Reykjavík og smám saman bættust nýir aðilar við þannig að fljótlega voru komnir á reglubundnir vöruflutningar með bifreiðum á milli Reykjavíkur og nær allra landshluta. Starfsemi þessara aðila tilheyrði ekki stéttarfélögum launþega eða atvinnurekenda og ekki höfðu þeir með sér nein formleg samtök fyrr en árið 1971 að þeir stofnuðu Landvara, landsfélag vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum. Félagar í Landvara eru nú nánast allir þeir er annast skipulagsbundna flutninga með vöruflutningabifreiðum og hefur félagið allt frá stofnun komið fram sem oddviti þeirra gagnvart Alþingi og stjórnvöldum.

Um 5. gr.

Hér er ráðherra veitt heimild til að útfæra lögin nánar með setningu reglugerða.

Um 6. gr.

Grein þessi er í samræmi við greinar um viðurlög í lögum um leigubifreiðar og lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vöruflutninga á landi.

Með frumvarpinu eru gerðar nauðsynlegar lagabreytingar vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

875. Frumvarp til laga [562. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Halda skal fund í ráðinu í janúarmánuði og afgreiða á þeim fundi fjárhagsáætlun ráðsins fyrir það ár, sbr. 8. gr. Aðrir fundir skulu haldnir samkvæmt ákvörðun ráðsins eða framkvæmdastjórnar.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar menn í ferðamálaráð. Fimm menn skulu skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar sjö manna framkvæmdastjórn ferðamálaráðs og skulu allir stjórnarmenn eiga sæti í ferðamálaráði.

Einn er formaður ferðamálaráðs og skal hann vera formaður framkvæmdastjórnar. Annar er varaformaður ferðamálaráðs og skal hann vera varaformaður framkvæmdastjórnar. Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna einn mann hver: Ferðamálasamtök landshluta sem tilgreind eru í 12.–18. tölul. 2. mgr. 4. gr. sameiginlega, Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir hf., Reykjavíkurborg og Samband veitinga- og gistihúsa. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Framkvæmdastjórn fer með yfirstjórn á starfsemi ferðamálaráðs á milli funda ráðsins og í samræmi við ákvarðanir þess. Ferðamálaráði og framkvæmdastjórn er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum. Heimilt er að skipa í undirnefndir menn er ekki eiga sæti í ferðamálaráði.

4. gr.

13. tölul. 7. gr. laganna orðast svo:

Önnur þau verkefni sem ferðamálaráð ákveður eða því eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

5. gr.

III. kafli laganna, 9., 10. og 11. gr., fellur brott og breytist númeraröð kafla og greina í samræmi við það.

6. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna, er verður 9. gr., bætist nýr stafliður, e-liður, svohljóðandi:

e. Starfsrækslu bókunarþjónustu fyrir ferðir og gistingu, sbr. b-, c- og d-liði, og afþreyingu, þar með talinnar tölvubókunarþjónustu.

7. gr.

14. gr. laganna, er verður 11. gr., orðast svo:

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skal veita í fyrsta sinn til tveggja ára en síðan til fimm ára í senn. Ráðherra er heimilt að ákveða að leyfum til reksturs ferðaskrifstofu sé skipt í flokka eftir starfsvettvangi og skal nánar kveðið á um flokkun ferðaskrifstofa í reglugerð.

Samgönguráðuneytið skal ganga úr skugga um að öllum skilyrðum sé fullnægt.

8. gr.

16. gr. laganna, er verður 13. gr., orðast svo:

Ferðaskrifstofa, eða samtök slíkra fyrirtækja, skal setja tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem greitt hefur verið og fyrir greiðslu kostnaðar við heimflutning neytandans ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar viðkomandi ferðaskrifstofu kemur.

Samgönguráðherra ákveður með reglugerð upphæð og skilmála tryggingar skv. 1. mgr. Skal þá miðað við að upphæð tryggingar sé í samræmi við umfang þess reksturs sem tryggingin nær til og þann kostnað sem greiða skal af tryggingarfénu.

Ráðuneytið getur krafist ársreikninga og annarra upplýsinga frá ferðaskrifstofum.

9. gr.

17. gr. laganna, er verður 14. gr., orðast svo:

Samgönguráðuneytið ákvarðar hvort greiða skal af tryggingarfé skv. 13. gr. Eigi er heimilt að fella úr gildi tryggingu eða skerða tryggingarfé nema leyfi ráðuneytisins komi til.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður ef grípa þarf til tryggingarfjár samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Í 1. málsl. 22. gr. laganna, er verður 19. gr., falla brott orðin „til fjögurra ára í senn".

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Skipa skal nýtt ferðamálaráð og nýja stjórn ferðamálasjóðs samkvæmt lögum þessum þegar er því verður við komið. Skipunartími núverandi ferðamálaráðs og stjórnar ferðamálasjóðs skal haldast þar til skipað hefur verið í ráðið og stjórn sjóðsins að nýju.

II.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skulu halda gildi sínu í fimm ár, sbr. 7. gr., og endurnýjuð að þeim tíma liðnum.

III.

Fella skal ákvæði laga þessara inn í meginmál laga um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi lög um skipulag ferðamála voru sett árið 1985. Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hafa orðið miklar breytingar er varða ferðaþjónustu á Íslandi og á þeim málaflokkum sem lögin taka til. Má þar nefna að Ferðaskrifstofu ríkisins hefur verið breytt í hlutafélag og hún seld. Við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, EES, verða breytingar á rekstrarumhverfi almennra ferðaskrifstofa. Núgildandi lög gera ekki ráð fyrir flokkun ferðaskrifstofa með tilliti til krafna um tryggingar og neytendavernd eftir því hvort seldar eru ferðir út úr landinu eða einvörðungu innan lands. Flutt hefur verið frumvarp á Alþingi um alferðir og er þar fjallað um neytendavernd í ferðaþjónustu í samræmi við EES-samninginn. Við gerð þess frumvarps var við það miðað að sá hluti neytendaverndar sem felst í tryggingum ferðaskrifstofa yrði áfram lögfestur í lögum um skipulag ferðamála eins og verið hefur og eru í þessu frumvarpi gerðar tillögur um breytingar í samræmi við reglur EES. Erlendum ferðamönnum, sem til Íslands koma, hefur fjölgað verulega síðan núgildandi lög voru sett. Árið 1985 komu 97.443 erlendir ferðamenn til Íslands Árið 1993 komu 157.326 erlendir ferðamenn til Íslands, þ.e. 61,5% fleiri en árið 1985. Umboðsmaður Alþingis hefur vakið athygli samgönguráðherra á því að í lög um skipulag ferðamála vanti skýr ákvæði um valdsvið framkvæmdastjórnar ferðamálaráðs (Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1991, bls. 17). Með tilliti til þessara breyttu aðstæðna er þetta frumvarp flutt og er nánari grein gerð fyrir breytingum hér á eftir.

Helstu breytingar frá gildandi lögum samkvæmt frumvarpinu.

Helstu breytingar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir á lögum um skipulag ferðamála eru sem hér segir:

Felld er brott sú skylda að halda a.m.k. fjóra fundi ferðamálaráðs á ári hverju og sett í vald ráðsins eða framkvæmdastjórnar að taka ákvarðanir um fundi. Þó er gert ráð fyrir að skylt verði að halda fund í janúarmánuði ár hvert til þess að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir það ár.

Tímabundin skipun manna í ferðamálaráð og stjórn ferðamálasjóðs er afnumin og gert ráð fyrir að skipun gildi ótímabundið.

Valdsvið framkvæmdastjórnar ferðamálaráðs er skilgreint.

Felldur er brott sá kafli laganna sem fjallar um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu verða tímabundin. Heimilað er að flokka leyfi til reksturs ferðaskrifstofu eftir eðli starfseminnar og breytt er ákvæðum um tryggingar ferðaskrifstofa þannig að tryggingin taki einvörðungu til neytendaverndar og er heimilað að ferðaskrifstofur sameinist um að setja slíka tryggingu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er sú breyting gerð að lögbundinn lágmarksfundafjöldi ferðamálaráðs er felldur brott, en ráðinu ætlað að ákveða fundi. Enn fremur er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórn geti ákveðið að kalla saman ráðið til fundar. Þó er gert ráð fyrir að skylt verði að halda fund í ráðinu í janúarmánuði ár hvert til þess að afgreiða á þeim fundi fjárhagsáætlun ráðsins fyrir það ár.

Ekki er talið eðlilegt að lögbinda fjölda funda í ráðinu frekar en hér er gert þar sem ráðið sjálft hefur alla möguleika á að taka ákvarðanir um fundi en óeðlilegt að fundir verði haldnir í þeim eina tilgangi að uppfylla lagaskyldu ef þannig hagar til.

Eðlilegt er að fundur sé haldinn í janúarmánuði til þess að ákveða fjárhagsáætlun og með ákvæðinu er girt fyrir hugsanlegar tafir á að fjárhagsáætlun verði afgreidd.

Um 2. gr.

Hér er sú breyting á gerð að skipunartími fulltrúa í ferðamálaráði er ekki lengur bundinn við fjögurra ára tímabil, heldur ótímabundinn. Af þessari breytingu leiðir að sá aðili sem tilnefnt hefur mann í ferðamálaráð getur ákveðið að skipta um fulltrúa sinn og á sama hátt getur ráðherra ákveðið að skipta um sína fulltrúa. Ferðamálaráð fer með verkefni sem miklu skipta fyrir mótun og framkvæmd stefnu í ferðamálum og er því nauðsynlegt að fullur trúnaður ríki milli fulltrúa í ráðinu og þeirra sem hafa tilnefnt þá og skipað. Þessi breyting hefur í för með sér að verði stjórnarskipti í félagi, sem tilnefnir fulltrúa í ráði, getur ný stjórn skipt um fulltrúa sinn; enn fremur að hætti fulltrúi störfum hjá fyrirtæki eða félagi eða gangi úr félagi sem hefur tilnefnt hann getur sá aðili tilnefnt nýjan fulltrúa sinn. Þá getur ráðherra ákveðið að skipta um fulltrúa sína og við ráðherraskipti getur nýr ráðherra skipað sína fulltrúa. Að óbreyttum lögum eru slíkar mannabreytingar í ráðinu háðar samþykki viðkomandi fulltrúa og neiti hann að víkja hefur orðið trúnaðarbrestur milli fulltrúans og þess sem tilnefndi hann eða skipaði. Mikilsvert er að ekki verði slíkur trúnaðarbrestur og ráðið geti starfað í fullri sátt við þá aðila sem að því standa að framgangi og þróun ferðaþjónustu í landinu og miðar þessi breyting að því markmiði.

Um 3. gr.

Hér er í fyrsta lagi kveðið á um skipan framkvæmdastjórnar og er sú breyting gerð að hana skipa sjö menn í stað fimm eins og samkvæmt gildandi lögum. Þessi fjölgun í framkvæmdastjórn er til þess gerð að varaformaður eigi þar fast sæti en varaformaður framkvæmdastjórnar, sem verið hefur varaformaður ráðsins, hefur ekki átt fast sæti í stjórninni. Enn fremur er Reykjavíkurborg ætlað að eiga fastan fulltrúa í stjórninni enda er Reykjavíkurborg einn stærsti hagsmunaaðili í ferðaþjónustu og leggur mikið af mörkum til ferðamála bæði á vettvangi ferðamálaráðs og utan hans. Þá er gerð sú breyting að í stað þess að ferðamálaráð kjósi einn fulltrúa í framkvæmdastjórn til eins árs í senn er gert ráð fyrir að landshlutasamtökin kjósi sameiginlega sinn fulltrúa til setu í framkvæmdastjórninni. Með því er leitast við að tryggja að landsbyggðin utan höfuðborgarsvæðisins eigi ávallt a.m.k. einn mann í stjórninni. Brott fellur ákvæði um tímabundna skipun í framkvæmdastjórn til samræmis við ákvæði um skipun í ferðamálaráð en kveðið er á um að stjórnarmenn eigi sæti í ráðinu.

Í öðru lagi er hér kveðið á um verkefni, valdsvið og takmarkanir á valdsviði framkvæmdastjórnar. Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði um þessi efni og hefur það valdið óvissu um hlutverk framkvæmdastjórnar ferðamálaráðs. Hefur umboðsmaður Alþingis vakið athygli samgönguráðherra á að um þetta vanti skýr ákvæði í lögum. Í skýrslu umboðsmanns 1991 segir m.a. svo: „Þá vakti umboðsmaður athygli Alþingis og samgönguráðherra á því sem „meinbugum“ á lögum, sbr. 11. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, að í lög nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, vantaði skýr ákvæði um valdsvið framkvæmdastjórnar ferðamálaráðs“ (Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1991, bls. 17).

Stjórninni er í 3. mgr. falið ákvörðunarvald um málefni ráðsins á milli funda þess með þeim takmörkunum að stjórninni ber að gæta þess að ákvarðanir hennar séu í samræmi við ákvarðanir ráðsins. Ákvæði þessarar málsgreinar er samhljóða ákvæði um valdsvið framkvæmdanefndar Umferðarráðs í 2. mgr. 114. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Með þessum ákvæðum er hlutverk framkvæmdastjórnar og vald hennar skýrt og er gert ráð fyrir að það leiði til skilvirkrar stjórnunar á málefnum ráðsins.

Í þriðja lagi er kveðið á um að framkvæmdastjórn sé heimilt auk ferðamálaráðs að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum en hingað til hefur einungis ráðinu verið það heimilt. Einnig er heimilað að undirnefndir séu skipaðar mönnum sem ekki eiga sæti í ráðinu. Þessi breyting er í samræmi við ábendingu umboðsmanns Alþingis í sama máli og fyrr greinir en í skýrslu hans 1991, bls. 17, segir svo: „Umboðsmaður vakti einnig athygli á því að þegar undirnefnd væri skipuð, er taka ætti ákvarðanir í umboði fjölskipaðs stjórnvalds sem nefndina skipaði, væri það meginreglan að nefndarmenn undirnefndar væru valdir úr röðum þeirra sem sæti ættu í aðalnefndinni. Til þess að heimilt væri að framselja ákvörðunarvald til undirnefndar, sem skipuð væri öðrum mönnum en þeim er sæti ættu í aðalnefnd, yrði að liggja fyrir skýr lagaheimild.“ Eigi framkvæmdastjórn að geta unnið að málefnum ráðsins á skilvirkan hátt er nauðsynlegt að hún geti skipað undirnefndir sér til aðstoðar og ráðuneytis og að þær nefndir hafi umboð til að starfa samkvæmt lögunum í þeim tilvikum sem undirnefndum yrði falið að afgreiða mál.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ráðið sjálft geti haft frumkvæði um ákvörðun verkefna sinna og aukið við þau eftir því sem þurfa þykir. Með því er ætlast til að ráðið taki á þeim málum sem upp kunna að koma og þörf er á að leysa úr þótt ekki séu sérgreind ákvæði um þau í lögum. Ákvæðið girðir fyrir að ferðamálaráð sinni ekki verkefnum á þeim forsendum að lög bjóði ekki að þau séu unnin á vettvangi ráðsins.

Um 5. gr.

III. kafli laganna fjallar um Ferðaskrifstofu ríkisins, breytingu hennar í hlutafélag og sölu hluta í félaginu. Lokið er öllum þeim þáttum þannig að fyrirtækið, sem nú heitir Ferðaskrifstofa Íslands hf., er að öllu leyti orðið eign einstaklinga og á ríkið enga aðild að rekstri þess lengur. Því eiga ákvæði þessa kafla ekki lengur við og er hér lagt til að þau verði felld brott.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. laganna eru talin fjögur svið þjónustu sem ferðaskrifstofur veita og gera að verkum að fyrirtæki telst vera ferðaskrifstofa ef sú þjónusta er veitt á þess vegum. Með nútímatækni hafa opnast möguleikar á að veita slíka eða skylda þjónustu með tölvubókunarkerfum eða bókunarþjónustu á annan hátt. Hér er lagt til að slík starfsemi teljist ferðaskrifstofurekstur enda sé um að ræða bókanir á þeirri þjónustu sem alla jafnan er veitt á hefðbundnum ferðaskrifstofum.

Um 7. gr.

1. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Lagt er til að við bætist ný málsgrein, 2. mgr., og eru í henni þau nýmæli að leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skuli gilda tímabundið og heimilað er að flokka ferðaskrifstofur eftir starfsvettvangi þeirra og binda leyfi til reksturs þeirra við þann tiltekna vettvang.

Gert er ráð fyrir að leyfi til reksturs ferðaskrifstofu gildi í tvö ár í fyrsta sinn sem leyfi er veitt en í fimm ár í senn eftir það. Þetta ákvæði er sett í þeim tilgangi að ferðaskrifstofa sýni með ákveðnu millibili fram á að hún uppfylli skilyrði sem sett eru. Enn fremur er eðlilegt að ný fyrirtæki fái leyfi í skemmri tíma í upphafi starfsemi sinnar og sýni þá fram á að þau standist öll skilyrði laganna að þeim tíma liðnum.

Gert er ráð fyrir að flokkar ferðaskrifstofa verði ákveðnir með reglugerð og nánar kveðið á um þar hvernig skipt verði í flokka og við hvaða mun á starfsvettvangi verði miðað. Í aðalatriðum er eftirfarandi skipting nú þegar fyrir hendi á starfsvettvangi ferðaskrifstofa og er gert ráð fyrir að við hana verði miðað í reglugerð:

a. starfsemi innan lands og erlendis,
b. starfsemi eingöngu erlendis,
c. starfsemi eingöngu innan lands,
d. umboðsaðilar erlendra ferðaskrifstofa.

Flokkun ferðaskrifstofa eins og að framan greinir er nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að gera mismiklar kröfur um tryggingar ferðaskrifstofa fyrir neytendavernd og að unnt sé að undanskilja frá þeirri kröfu ferðaskrifstofur sem einungis starfa á innlendum markaði, sbr. athugasemdir við 8. gr.

Í 3. mgr. er lagt til að í stað ferðamálaráðs skuli ráðuneytið ganga úr skugga um að öllum skilyrðum til leyfisveitingar sé fullnægt. Eðlilegt verður að telja að sami aðili og gefur út leyfi meti hvort rétt sé að gefa þau út. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að leitað verði umsagnar ferðamálaráðs en á ráðuneytið færist sú skylda að ganga úr skugga um að öllum skilyrðum sé fullnægt.

Um 8. gr.

Hér eru lagðar til grundvallarbreytingar frá núgildandi lögum á ákvæðum um tryggingar ferðaskrifstofa. Helstu breytingarnar eru í fyrsta lagi að heimilað skuli að samtök ferðaskrifstofa setji sameiginlega tryggingu en í gildandi lögum er kveðið á um að umsækjandi um ferðaskrifstofuleyfi skuli setja bankatryggingu. Í öðru lagi er hér gert ráð fyrir að tryggingin sé einungis til neytendaverndar en í gildandi lögum er kveðið á um almenna tryggingu og heimilað að greiða af henni til heimflutnings farþega geti ferðaskrifstofa það ekki vegna fjárhagsörðugleika. Þriðja meginbreytingin felst í því að gert er ráð fyrir að upphæð tryggingar geti verið mismunandi og verði eftir því sem unnt er í samræmi við umfang þess reksturs sem tryggingin nær til í stað einnar fastrar upphæðar sem er jafnhá fyrir allar ferðaskrifstofur samkvæmt gildandi lögum.

Frumvarp til laga um alferðir hefur verið lagt fram á Alþingi. Það fjallar um neytendavernd í ferðaþjónustu samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og byggir á tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 90/314/EBE frá 13. júní 1990. Í frumvarpi um alferðir eru ekki ákvæði um tryggingar ferðaskrifstofa þar sem lög um skipulag ferðamála hafa að geyma ákvæði þar um og var við gerð þess frumvarps gert ráð fyrir að nauðsynlegar breytingar á ákvæðum um tryggingar í samræmi við EES-samninginn yrðu gerðar á lögum um skipulag ferðamála. Þær breytingar sem hér eru lagðar til byggja á ákvæðum tilskipunar 90/314/EBE en í 7. gr. segir svo: „Skipuleggjandinn og/eða

smásalinn sem er aðili að samningnum skulu leggja fram fullnægjandi sönnunargögn um tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem greitt hefur verið og fyrir heimflutning neytendans ef til gjaldþrots kynni að koma.“ (Þýðing Orðabókar Háskóla Íslands (EB-þýðingar)).

Í lögum um skipulag ferðamála er ekki gerður greinarmunur á skipuleggjanda og smásala en notað samheitið ferðaskrifstofa yfir þá starfsemi og er þeirri skilgreiningu haldið hér.

Ákvæði gildandi laga um tryggingu hafa í för með sér að allar ferðaskrifstofur, óháð stærð og starfsvettvangi, þurfa að leggja fram tryggingu sem nemur sömu upphæð. Ekki er þar gerður greinarmunur á hvort viðkomandi ferðaskrifstofa hefur hundruð farþega á sínum vegum erlendis í leiguflugi eða hvort einungis er um að ræða skipulagningu ferða innan lands. Í fyrra tilvikinu er áhætta fólgin í því að farþegar verði vegalausir erlendis ef til rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofunnar kemur og getur farið svo að tryggingarfé dugi ekki til að kosta heimflutning. Í síðara dæminu er tryggingarfé vart eða ekki nauðsynlegt til þess að tryggja heimflutning farþega. Erlendir farþegar sem hingað koma og fá þjónustu innlendra ferðaskrifstofa hafa þegar tryggingu fyrir flutningi til síns heimalands sem þeir hafa fengið með kaupum á farseðlum hingað til lands og innlendir farþegar eiga lítið í hættu varðandi heimflutning. Því er eðlilegt að mismiklar kröfur séu settar um tryggingar m.a. eftir því hvort ferðaskrifstofa starfar einungis á innlendum markaði eða víðar.

Trygging skv. 1. mgr. nær fyrst og fremst yfir annars vegar endurgreiðslu fyrirframgreiðslu sem að öðrum kosti er tapað fé ef rekstur ferðaskrifstofu hefur stöðvast, hins vegar heimflutning farþega í leiguflugi við þær aðstæður. Ætla verður að sú trygging sem er að baki farseðlum í reglubundnu áætlunarflugi, svonefnd BSP-greiðslumiðlun flugfélaga, sé fullnægjandi trygging fyrir heimflutningi þegar alferð er farin í áætlunarflugi og þurfi því ekki að taka tillit til slíkra farseðla við mat á tryggingarþörf.

3. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 9. gr.

Breyting sú sem hér er kveðið á um er bein afleiðing breytingar skv. 8. gr. Þar sem trygging ferðaskrifstofu er einungis fyrir neytendavernd en ekki almenn rekstrartrygging eins og er í núgildandi lögum er ekki þörf fyrir ákvæði um undangenginn dóm áður en til greiðslu kemur af tryggingarfé. Sett er í mat ráðuneytis hvort greiða skuli af fénu og á við hvort heldur sem um er að ræða kröfur neytandans um endurgreiðslu innborgaðrar fjárhæðar vegna þeirrar þjónustu sem neytandinn hefur keypt en ekki fengið eða um greiðslu heimflutnings og þess kostnaðar sem honum tengist, þar á meðal nauðsynlegan viðbótargistikostnað vegna tafa við heimflutning.

Þá er kveðið á um að leyfi ráðuneytisins þurfi til að fella niður eða skerða tryggingarfé. Í núgildandi lögum eru ekki ákvæði um þetta og þar af leiðandi er ekki trygging fyrir því að bankatrygging sú sem lögin skylda ferðaskrifstofu til að leggja fram sé fyrir hendi ef til rekstrarstöðvunar kemur. Lögin segja til um að leyfi skuli fellt niður ef trygging rýrnar eða fellur niður. Mögulegt er að ferðaskrifstofa segi upp bankatryggingu áður en til rekstrarstöðvunar kemur og yrði í slíku tilviki gripið í tómt þegar á reyndi að flytja vegalausa farþega heim. Til þess að koma í veg fyrir hugsanleg tilvik af þessu tagi eru því tekin af tvímæli hér um að leyfi ráðuneytis þurfi til að fella úr gildi eða skerða tryggingu.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sama eðlis og ákvæði 2. gr. og vísast til greinargerðar um þá grein.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Með tilliti til ákvæða 2., 3. og 10. gr. er eðlilegt að skipað verði á ný í ferðamálaráð Íslands og í stjórn ferðamálasjóðs og er gert ráð fyrir að það verði gert svo skjótt sem við verður komið en ætla verður aðilum að ráðinu nokkurn tíma til að tilnefna fulltrúa sína.

II.

Hér er kveðið á um að starfandi ferðaskrifstofur, sem þegar hafa fengið útgefin leyfi til reksturs, haldi leyfum sínum í fimm ár, sbr. ákvæði 7. gr., í þeim tilgangi að taka af tvímæli um að þær teljist ekki til nýrra aðila við útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum.

III.

Þar sem talsverðar breytingar hafa orðið á lögum um skipulag ferðamála á liðnum árum og með þessu frumvarpi sem m.a. fela í sér að einstakar greinar falla brott, kafli um Ferðaskrifstofu ríkisins fellur brott og fjöldi málsgreina breytist er talið rétt að gefa lögin út með áorðnum breytingum, þannig að hafa megi þau á einum stað eins og þau gilda og fyrirbyggja þannig hugsanlegan misskilning og mistúlkun á lögunum vegna ókunnugleika.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um skipulag ferðamála.

Með frumvarpinu eru gerðar ýmsar tæknilegar breytingar á núgildandi lögum um skipulag ferðamála.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

876. Frumvarp til laga [563. mál]

um breytingu á lögum, nr. 86 16. desember 1943, sbr. lög nr. 68/1978, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Aftan við síðustu málsgrein 2. gr. laganna bætist eftirfarandi: og skal leiga eftir þær lóðir og lönd tryggð með lögveðsrétti á sama hátt og gildir um lóðir sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt ákvæði 2. gr. laga, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, nr. 86 16. desember 1943, sbr. breyting með lögum nr. 68/1978, fylgir lögveðsréttur á leigugjaldi eftir lóðir sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga en vegna orðalags í lagaákvæðinu er lögveðsrétturinn ekki talinn ná til leigu eftir aðrar lóðir, þ.e. lóðir sem leigðar eru til atvinnustarfsemi eða annarra nota en íbúðar. Þetta hefur leitt til þess að lóðarleigur hafa tapast við nauðungarsölu í nokkrum tilvikum.

Engin rök eru til þess að gera þennan mun á tryggingu fyrir greiðslu lóðarleigu eftir tegund húsnæðis sem á lóðinni stendur. Önnur fasteignatengd gjöld, svo sem fasteignaskattur, vatnsgjald og brunatryggingagjald, eru tryggð með lögveði.

Frumvarp þetta er flutt að ósk borgarráðs Reykjavíkur.

877. Frumvarp til laga [564. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

Atvinnuleyfi: Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til að starfa á Íslandi eða atvinnurekanda til að ráða útlending í starf.

Tímabundið atvinnuleyfi: Leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.

Óbundið atvinnuleyfi: Leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi.

Atvinnuleyfi vegna námsdvalar og vistráðningar: Atvinnuleyfi erlendra námsmanna í íslenskum skólum eða vegna samninga um vist á heimili.

Atvinnuleyfi til bráðabirgða: Leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða til bráðabirgða útlendinga, einn eða fleiri, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Atvinnurekstrarleyfi: Leyfi til að vinna sjálfstætt eða starfrækja fyrirtæki.

Atvinnurekandi: Einstaklingur eða fyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi er háttað.

Útlendingur: Einstaklingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

3. gr.

Veiting leyfa samkvæmt lögum þessum heyrir undir félagsmálaráðherra.

Ráðherra er heimilt að fela opinberri stofnun að gefa út atvinnuleyfi samkvæmt nánari ákvæðum sem sett skulu í reglugerð.

Viðskiptaráðherra veitir atvinnurekstrarleyfi til útlendinga sem eiga lögheimili eða eru búsettir erlendis, sbr. ákvæði laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

4. gr.

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að ráða útlending til starfa hvort heldur er um langan tíma eða skamman eða hlutast til um að útlendingar flytjist til landsins í því skyni án atvinnuleyfis. Slíkt leyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi.

Útlendingum er óheimilt að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt nema leyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum eða lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Útlendingar, sem falla undir ákvæði 13. og 14. gr., eru undanþegnir ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

5. gr.

Óheimilt er að veita útlendingi leyfi samkvæmt lögum þessum sem hefur ekki dvalarleyfi hér á landi samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum eða hefur verið gert að fara af landi brott.

6. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

Atvinnuleyfi veitir rétt til að vinna á Íslandi samkvæmt þeim reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

III. KAFLI
Atvinnuleyfi.

7. gr.
Tímabundið atvinnuleyfi.

Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. að kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu,
b. að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein eða viðkomandi landssambands ef ekki er stéttarfélag á staðnum,
c. að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, sbr. lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda; í ráðningarsamningi skal einnig vera ákvæði um flutning hlutaðeigandi frá Íslandi að starfstíma loknum svo og um greiðslur ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á,
d. að fyrir liggi heilbrigðisvottorð hlutaðeigandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins.

Atvinnuleyfi, sem veitt er í fyrsta skipti samkvæmt þessari grein, skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs. Heimilt er að framlengja það um allt að tvö ár í senn enda séu uppfyllt skilyrði sem fram koma í a–c-liðum.

Umsögn, sbr. b-lið 1. mgr., skal liggja fyrir innan 14 daga frá móttöku umsagnaraðila á umsókn um atvinnuleyfi.

Áður en atvinnuleyfi er veitt samkvæmt þessari grein rannsakar vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins sjálfstætt atvinnuástand á hlutaðeigandi stað séu slíkar upplýsingar ekki þegar fyrir hendi.

Heimilt er að veita útlendingum, sem eru ríkisborgarar í ríkjum sem hafa gert gagnkvæma samninga við íslensk stjórnvöld um atvinnuréttindi eða eru aðilar að alþjóðasamningum um félagsleg réttindi sem Ísland hefur fullgilt, rétt til að stunda atvinnu á Íslandi í lengri tíma en greinir í 2. mgr.

8. gr.
Óbundið atvinnuleyfi.

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi hafi hann samfellt átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár.

Skilyrði þess að leyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. að áður hafi verið veitt leyfi skv. 7. gr.,
b. að hlutaðeigandi útlendingur hafi öðlast ótímabundið dvalarleyfi á Íslandi, sbr. lög um eftirlit með útlendingum.

Heimilt er að veita útlendingi, er hefur fengið landvist hér á landi sem flóttamaður, atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein.

Leyfi samkvæmt þessari grein gildir meðan útlendingur hefur hér fasta búsetu.

Ef ástæða þykir til er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi sem veitt er samkvæmt þessari grein.

9. gr.

Atvinnurekstrarleyfi.

Útlendingur, sem á lögheimili á Íslandi, getur fengið leyfi til að starfa sjálfstætt eða starfrækja fyrirtæki að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

a. að umsækjandi sé fjárráða og hafi forræði á búi sínu,
b. að leitað hafi verið umsagnar hlutaðeigandi heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins um umsóknina.

Leyfi samkvæmt þessari grein er bundið við ákveðna starfsemi. Sé hún háð heimild annarra stjórnvalda skal umsækjandi leggja fram vottorð þess stjórnvalds um að hann geti fengið leyfi til starfseminnar. Ekki skal veita atvinnurekstrarleyfi í fyrsta skipti til lengri tíma en þriggja ára. Við endurnýjun er heimilt að veita slíkt leyfi til ótakmarkaðs tíma.

Heimilt er að synja manni um atvinnurekstrarleyfi hafi hann verið sviptur starfsréttindum, sbr. ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Umsögn, sbr. b-lið 1. mgr., skal liggja fyrir innan 14 daga frá móttöku umsagnaraðila á umsókn um atvinnurekstrarleyfi.

10. gr.

Atvinnuleyfi vegna námsdvalar.

Heimilt er að veita útlendingum, sem stunda fullt nám samkvæmt skilgreiningu hlutaðeigandi stjórnvalda skólamála við íslenska skóla, leyfi til að stunda vinnu í tengslum við nám eða í námsleyfum. Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt þessari grein er framvísun innritunarvottorðs hlutaðeigandi skóla og umsögn stéttarfélags. Leyfi skal einungis veitt til allt að eins árs í senn.

Nánar skal kveðið á um atvinnuleyfi útlendinga, sem hafa lokið prófum frá íslenskum skólum, í reglugerð.

11. gr.

Atvinnuleyfi vegna vistráðningar.

Heimilt er að veita leyfi til að ráða útlending í vist á íslensku heimili. Skilyrði fyrir veitingu leyfis er að fyrir liggi skriflegur samningur á milli aðila þar sem fram kemur gildistími samnings, hlunnindi að því er varðar fæði og húsnæði, daglegur vinnutími, daglegur og vikulegur hvíldartími og réttur til að stunda nám. Fæði og húsnæði skal vera ókeypis. Útlendingar, sem óskað er eftir að ráða samkvæmt þessari grein, skulu hafa náð 17 ára aldri og ekki vera eldri en 30 ára.

Félagsmálaráðuneytið skal ákveða upphæð vasapeninga sem greiða skal útlendingi sem ráðinn hefur verið í vist skv. 1. mgr.

Ráðuneytinu er heimilt að veita stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum heimild til milligöngu um og eftirlit með ráðningum skv. 1. mgr. Aðilum, sem fá slíka heimild, er skylt að veita stjórnvöldum upplýsingar um þessa starfsemi ef eftir þeim er leitað.

Óheimilt er að veita leyfi til ráðningar sama einstaklings skv. 1. mgr. nema til eins árs.

12. gr.

Atvinnuleyfi til bráðabirgða.

Heimilt er að veita atvinnurekanda nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða og gilda þá ekki ákvæði c–d-liða 1. mgr. 7. gr. Áður en útlendingur kemur til landsins ber að fá leyfi útlendingaeftirlitsins til landgöngu. Atvinnurekandi skal leggja fram tilskilin gögn innan 14 daga frá komu útlendingsins til landsins, sbr. 7. gr.

IV. KAFLI
Undanþágur.

13. gr.

Ekki þarf að sækja um leyfi samkvæmt lögum þessum fyrir:

a. Ríkisborgara í ríkjum sem eiga aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið hafi þeir fengið dvalarleyfi eða afhent manntalsskrifstofu norrænt flutningsvottorð.
b. Útlendinga sem hafa verið íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu en hafa misst íslenskan ríkisborgararétt.
c. Útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.

14. gr.

Eftirtaldir útlendingar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í 10 daga á ári hér á landi:

a. Vísindamenn og fyrirlesarar að því leyti sem varðar kennslu eða hliðstæða starfsemi.
b. Listamenn.
c. Fulltrúar í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlendis.
d. Starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja.
e. Ökumenn fólksflutningabifreiða sem skráð eru í erlendu ríki enda hafi þeir komið með erlenda ferðamenn í bifreiðinni til landsins.
f. Blaða- og fréttamenn erlendra fjölmiðla sem eru í þjónustu fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð á Íslandi.

V. KAFLI
Viðurlög og afturköllun atvinnuleyfa.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða þann sektum er hefur útlending í vinnu án leyfis, svo og útlending er starfar án leyfis. Sömu refsingu varðar það ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði er sett kunna verða í leyfi sem veitt eru samkvæmt lögum þessum.

Hafi aðili hlutast til um að útlendingur, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, flytjist til landsins til að taka hann í þjónustu sína ber þeim aðila að sjá um brottflutning slíks erlends starfsmanns innan þess tíma sem ráðherra tiltekur ríkissjóði að kostnaðarlausu.

16. gr.

Heimilt er að láta stöðva með lögbanni þær framkvæmdir er útlendingar starfa við án leyfis þar til þeir eru farnir úr landi eða hættir störfum og tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

Þegar umsókn um atvinnuleyfi er afgreidd ber jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir er þá varða og enn fremur útlendingaeftirlitinu.

17. gr.

Heimilt er að afturkalla leyfi sem veitt eru samkvæmt lögum þessum ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfum, er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuafls.

18. gr.

Ef erlendir menn stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi í andstöðu við ákvæði laga þessara er útlendingaeftirlitinu heimilt að vísa þeim úr landi, sbr. ákvæði laga um eftirlit með útlendingum.

19. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta opinberri meðferð.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

20. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal árlega leita álits helstu samtaka atvinnurekanda og launafólks á stefnu sem fylgt er við veitingu atvinnuleyfa til ráðningar á útlendingum til starfa á Íslandi.

Ráðuneytið útbýr og dreifir prentuðum upplýsingum til sendiráða Íslands og annarra er þess óska. Greint skal frá reglum um dvalarleyfi, almennum launakjörum, vinnutíma, aðbúnaði við vinnu hér á landi, sköttum og opinberum gjöldum, rétti til yfirfærslu fjármuna, réttindum og skyldum sem erlent starfsfólk tekst á hendur við ráðningu í vinnu. Það skal enn fremur gefa út nauðsynleg eyðublöð vegna umsókna um atvinnuleyfi.

21. gr.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26/1982, með síðari breytingum, um atvinnuréttindi útlendinga.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á samskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir. Sífellt hefur orðið algengara að Íslendingar flytjist til annarra landa til lengri eða skemmri búsetu. Ástæðurnar eru margvíslegar. Atvinna og nám eru sennilega þeirra algengastar. Þetta gildir einnig um erlenda ríkisborgara. Ýmislegt hefur stuðlað að þessari þróun. Skipta þar mestu greiðari samgöngur og alþjóðasamningar sem auðvelda fólki að setjast að og fá leyfi til að vinna í öðrum löndum. Í þessu sambandi má nefna samn-

ing Norðurlanda um sameiginlegan vinnumarkað sem var undirritaður árið 1982. Aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu árið 1976 einfaldaði formsatriði varðandi leyfi til að vinna í öðrum aðildarríkjum sáttmálans. Mest áhrif munu samt verða af gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í ársbyrjun 1994. Í ljósi framangreindra breytinga er endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga orðin tímabær.

Félagsmálaráðherra skipaði 9. nóvember 1993 nefnd til að endurskoða gildandi lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982. Í nefndina voru skipuð: Jóhann Jóhannsson, starfsmaður útlendingaeftirlitsins, samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra, Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ, samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, og Lára V. Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Félagsmálaráðherra skipaði Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, formann nefndarinnar.

Auk þess að endurskoða lög um atvinnuréttindi útlendinga var nefndinni falið að taka sérstaklega til athugunar ákvæði um útgáfu sjálfstæðra atvinnurekstrarleyfa og atvinnuleyfi útlendinga er stunda nám í skólum sem íslenska ríkið á eða styrkir, einnig hvort ástæða sé til að gera frekari greinarmun en nú er gerður á atvinnuleyfum eftir störfum eða starfstíma. Með tilliti til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, lög nr. 34/1991, var enn fremur talið nauðsynlegt að taka til endurskoðunar gildissvið laga um atvinnuréttindi útlendinga. Loks var endurskoðunarnefndinni falið að setja fram tillögur um einföldun á útgáfu atvinnuleyfa. Að öðru leyti var nefndinni í sjálfsvald sett hvaða ákvæði núgildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga hún teldi nauðsynlegt að endurskoða.

Endurskoðunarnefndin hóf starf sitt með því að kynna sér gildandi lög í næstu nágrannalöndum um útgáfu atvinnuleyfa vegna ráðningar erlendra ríkisborgara. Fyrir hana voru einnig lagðar athugasemdir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins sem fer yfir skýrslur um framkvæmd ákvæða félagsmálasáttmála Evrópu. Fjallað er um atvinnuleyfi í 18. gr. sáttmálans. Sérfræðingar Evrópuráðsins hafa gagnrýnt ákvæði íslensku laganna um atvinnuleyfi útlendinga og talið þau vera fremur ströng. Nefndin hefur einnig haft til athugunar ákvæði samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um réttindi og aðbúnað farandverkamanna.

Við endurskoðun laganna fékk nefndin á fund sinn Hörð Lárusson, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson, skrifstofustjóra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, og Signýju Sen, fulltrúa við embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Enn fremur hafði formaður nefndarinnar samband við Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, og fulltrúa samgönguráðuneytis.

Helstu nýmæli.

Frumvarp það, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er árangur starfs framangreindrar nefndar sem endurskoðaði ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982. Nefndin hefur lagt megináherslu á að samstæðum efnisþáttum sé skipað í sama kafla frumvarpsins. Þannig er fjallað um gildissvið og orðskýringar í I. kafla og almenn ákvæði í II. kafla. Í III. kafla er fjallað um atvinnuleyfi. Rétt er að vekja athygli á þeirri breytingu að betur er greint á milli einstakra flokka atvinnuleyfa en gert er í gildandi lögum. Fjallað er um hvern flokk atvinnuleyfa í sérstakri grein. Í hlutaðeigandi grein er fjallað um skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis og til hversu langs tíma það skuli veitt. Í kaflanum er að finna ákvæði um tvo nýja flokka atvinnuleyfa. Lagt er til að nú þurfi erlendir ríkisborgarar, sem hér dvelja vegna náms, að sækja um atvinnuleyfi vilji þeir stunda vinnu með

námi eða í leyfum. Enn fremur er lagt til að sérstök atvinnuleyfi verði veitt vegna ráðningar í vist á íslensk heimili. Hér er um að ræða svonefnda au pair ráðningu.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um undanþágur. Í honum er greint á milli tveggja tegunda af undanþágum. Tekið er mið af samningi um Evrópskt efnahagssvæði og tillögum sem hafa verið til umfjöllunar í GATT-samningum um þjónustuviðskipti.

Ákvæði V. kafla, um viðurlög og afturköllun atvinnuleyfa, og VI. kafla, sem hefur að geyma ýmis ákvæði, eru í öllum höfuðatriðum óbreytt frá hliðstæðum ákvæðum í gildandi lögum.

Helstu nýmæli frumvarpsins felast í eftirfarandi:

1. *Þrír flokkar atvinnuleyfa:* Greint er á milli þriggja tegunda atvinnuleyfa. Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda til ráðningar útlendings til ákveðins starfs um tiltekinn tíma. Óbundið atvinnuleyfi er veitt útlendingi til að vinna á Íslandi. Atvinnurekstrarleyfi felur í sér leyfi til að vinna sjálfstætt eða starfrækja fyrirtæki. Að auki er gert ráð fyrir sérstökum atvinnuleyfum vegna útlendra námsmanna sem stunda nám í íslenskum skólum og vegna einstaklinga sem ráða sig í vist á íslensk heimili (au pair ráðningar).
2. *Tveir flokkar undanþágna:* Lagt er til að undanþágur frá kröfu um atvinnuleyfi verði tvenns konar. Varanlegar undanþágur, t.d. fyrir EES-borgara og starfsmenn sendimanna erlendra ríkja. Tímabundnar undanþágur vegna vinnu hér á landi sem stendur í 10 daga á ári. Í þessu tilviki er tekið mið af tillögum sem eru til umfjöllunar í þeim hluta GATT-viðræðnanna sem eru um þjónustuviðskipti. Undanþágan tekur m.a. til vísindamanna og fyrirlesara, listamanna, íþróttaþjálfara, tiltekinna ráðgjafa og leiðbeinenda og blaða- og fréttamanna.
3. *Ákvæðið um atvinnurekstrarleyfi:* Lagt er til að krafa um atvinnurekstrarleyfi verði tekin upp að nýju. Veiting atvinnurekstrarleyfa verður þar með á vegum tveggja ráðuneyta. Félagsmálaráðherra veitir útlendingum með lögheimili hér á landi atvinnurekstrarleyfi. Viðskiptaráðherra fer með útgáfu atvinnurekstrarleyfa til útlendinga sem hafa lögheimili erlendis eða eru búsettir þar. Um þau leyfi gilda ákvæði laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í hliðstæðri grein í gildandi lögum er tekið fram að þau gildi ekki um ríkisborgara tiltekinna landa. Hér er gert ráð fyrir að lögin taki til allra sem ekki hafa íslenskan ríkisborgararétt. Í IV. kafla eru ákvæði sem heimila að vikið sé frá þeirri meginreglu laganna að erlendir ríkisborgarar þurfi að fá sérstakt leyfi til að starfa hér á landi.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um orð og hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Tekið er fram að veiting atvinnuleyfa heyri til verksviðs félagsmálaráðherra. Í greininni er félagsmálaráðherra heimilað að fela opinberri stofnun útgáfu atvinnuleyfa á grundvelli laganna og reglugerða sem kunna að verða settar með stoð í þeim. Hér er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra geti t.d. veitt stofnun sem fjallar um vinnumál eða jafnvel opinberri vinnumiðlun heimild til að annast útgáfu atvinnuleyfa. Þeirri leið er einnig hald-

ið opinni að hægt sé að sameina útgáfu atvinnu- og dvalarleyfis á einum stað, t.d. hjá útlendingaeftirliti, enda þótt formleg leyfisveiting verði hjá félagsmálaráðherra eða stofnun sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Það er nauðsynlegt að við veitingu atvinnuleyfa sé tekið tillit til ástands og horfna á vinnumarkaði. Sérþekking á aðstæðum á vinnumarkaði er í félagsmálaráðuneytinu sem ráðuneyti vinnumála.

Í 2. mgr. er tekið fram að viðskiptaráðherra fari með heimild til að veita útlendingum, sem eiga lögheimili erlendis, leyfi til að stunda atvinnurekstur á Íslandi, sbr. ákvæði í 8. tölul. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Nánar er fjallað um þetta í athugasemdum við 9. gr.

Um 4. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt að ráða útlending til starfa á Íslandi án þess að leyfi fyrir ráðningunni hafi áður verið veitt af til þess bæru stjórnvaldi. Í 3. mgr. er vísað til 13. og 14. gr. Þar er að finna nokkrar undantekningar frá þessari meginreglu laganna. Að undantekinni 3. mgr. samsvarar greinin 2. gr. núgildandi laga.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar er að finna í 3. gr. núgildandi laga.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar er óbreytt frá ákvæði í 10. gr. núgildandi laga.

Um 7. gr.

Í inngangi kemur fram að í frumvarpi þessu er greint á milli þriggja tegunda atvinnuleyfa. Samkvæmt greininni er lagt til að það sem áður var kallað atvinnuleyfi verði nú kallað tímabundið atvinnuleyfi. Þetta heiti gefur betur til kynna að um er að ræða mjög takmarkaða heimild til að stunda atvinnu á Íslandi. Skilyrði fyrir veitingu tímabundins atvinnuleyfis eru í öllum meginatriðum þau sömu og eru í gildandi lögum um veitingu atvinnuleyfa. Í greininni er að finna skilyrði fyrir veitingu leyfisins og einnig eru ákvæði um réttindi sem heimilt er að veita. Tekið er fram að heimilt er að veita það til eins árs í fyrsta skipti. Þetta er hliðstætt ákvæði í gildandi lögum. Nýmæli greinarinnar felst í heimild til að framlengja fyrsta leyfi um tvö ár. Eftir að leyfi hefur verið gefið út tvívegis á grundvelli greinarinnar getur útlendingur sótt um óbundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæðum 8. gr.

Ekki er lagt til að ákvæði um umsagnarrétt hlutaðeigandi stéttarfélags verði breytt frá gildandi lögum að því er varðar tímabundið atvinnuleyfi. Um þetta atriði var ágreiningur í endurskoðunarnefndinni. Fulltrúi VSÍ í endurskoðunarnefndinni lagði fram sérálit sem kemur fram í fylgiskjali um orðalag b-liðar.

Í niðurlagi greinarinnar er stjórnvöldum veitt heimild til að veita tilteknum útlendingum atvinnuleyfi til lengri tíma en greinir í 2. mgr. Hér er fyrst og fremst um tvo hópa að ræða. Í fyrsta lagi er átt við ríkisborgara í aðildarríkjum félagsmálasáttmála Evrópu, annarra en þeirra sem eru aðilar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Þau lönd, sem hér um ræðir, eru Kípur, Malta og Tyrkland. Lagt er til að gildistími fyrsta atvinnuleyfis vegna borgara í þessum löndum verði tvö ár enda njóti Íslendingar hliðstæðra réttinda í þessum löndum. Í öðru lagi getur komið til álita að veita borgurum í ríkjum sem gera gagnkvæma samninga við Ísland um atvinnuleyfi rýmri rétt enda fái Íslendingar sama rétt í þeim löndum.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar fjallar að efni til um óbundið atvinnuleyfi eða það sem kallað er sjálfstætt atvinnuleyfi í gildandi lögum. Í frumvarpinu felst veruleg breyting frá núverandi fyrirkomulagi. Lagt er til að það verði viðurkennt að útlendingur, sem hefur dvalið hérlendis í þrjú ár, hafi fest rætur á Íslandi. Eftir þrjú ár geti útlendingur sótt um óbundið atvinnuleyfi, þ.e. leyfi sem er veitt honum persónulega en ekki atvinnurekanda.

Annað nýmæli felst í einföldun á skilyrðum fyrir óbundnu atvinnuleyfi. Felld eru niður ákvæði um þörf atvinnuveganna fyrir vinnuafl og krafa um umsögn stéttarfélags. Um þetta atriði varð ágreiningur í nefndinni sem endurskoðaði lögin. Fulltrúi ASÍ vildi að útgáfa óbundins atvinnuleyfis væri bundin því skilyrði að fyrir lægi umsögn stéttarfélags.

Einnig er tekið upp ákvæði í 3. mgr. um heimild til að veita flóttamönnum óbundið atvinnuleyfi. Við skilgreiningu á því hverjir teljist flóttamenn er stuðst við skilgreiningu samnings Sameinuðu þjóðanna um flóttamenn frá 28. júlí 1951 og kvótaflóttamenn. Með kvótaflóttamönnum er átt við tiltekinn fjölda flóttamanna sem stjórnvöld heimila landvist.

Um 9. gr.

Ákvæði um atvinnurekstrarleyfi var að finna í lögum nr. 26/1982. Ákvæðið var fellt úr lögunum með lögum nr. 69/1993. Þetta virðist hafa verið gert vegna notkunarleysis. Nefndin, sem samdi frumvarpið, telur rétt að taka að nýju upp í lög ákvæði um að útlendingar þurfi í öllum tilvikum leyfi stjórnvalda til að starfa sjálfstætt eða stunda atvinnurekstur hér á landi. Rökin fyrir þessu eru aðallega tvíþætt. Nefndin telur óeðlilegt að útlendingar, sem hyggjast stofna til rekstrar hér á landi, eigi greiðari aðgang að atvinnulífi og vinnumarkaði en þeir sem ráða sig til almennra starfa. Hér þarf að gera hliðstæðar kröfur. Enn fremur telur nefndin þetta nauðsynlegt til að auðvelda eftirlitsaðilum, fyrst og fremst útlendingaeftirlitinu, að rækja lögbundið eftirlitsstarf.

Nefndin gerir það að tillögu sinni að útgáfa atvinnurekstrarleyfis verði í höndum tveggja aðila, félagsmálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis. Útgáfa hvors ráðuneytis um sig fari eftir búsetu hlutaðeigandi einstaklings. Þannig annist viðskiptaráðuneyti útgáfu allra atvinnurekstrarleyfa útlendinga sem eru búsettir erlendis, sbr. ákvæði laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Í 8. tölul. 4. gr. laganna er kveðið á um það að einstaklingur, sem er búsettur erlendis, geti ekki unnið sjálfstætt eða starfrækt eigið atvinnufyrirtæki eða tekið þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð nema með leyfi viðskiptaráðherra.

Nefndin hefur kynnt sér ákvæði laga um útgáfu ýmiss konar leyfa sem fela í sér rétt til að standa fyrir atvinnustarfsemi. Í fæstum tilvikum eru ákvæði í þessum lögum sem gera íslenskan ríkisborgararétt að skilyrði fyrir leyfi til atvinnurekstrar. Hún leggur til að í stað þess að breyta þessum lagaákvæðum verði það gert að skilyrði að hlutaðeigandi útlendingur hafi atvinnurekstrarleyfi. Framkvæmdin verði þannig að áður en slíkt leyfi er endanlega gefið út veiti félagsmálaráðuneytið atvinnurekstrarleyfið á grundvelli vottorðs hlutaðeigandi stjórnvalds um að það telji útlendinginn uppfylla öll skilyrði til að standa fyrir viðkomandi rekstri. Rétt er að taka fram að hér er fyrst og fremst um að ræða útlendinga sem búsettir eru hérlendis en þeim ber samkvæmt framansögðu að afla sér atvinnurekstrarleyfis hjá félagsmálaráðuneytinu eða þeim aðila sem það hefur falið að annast útgáfu slíkra leyfa. Skylda til að tilkynna útgáfu slíkra leyfa til útlendingaeftirlitsins tekur hins vegar til beggja ráðuneytanna, þ.e. félagsmálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis.

Um 10. gr.

Í gildandi lögum eru útlendingar, sem stunda nám í skólum sem íslenska ríkið á eða styrkir, undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi. Við framkvæmd hafa komið upp ýmis vandamál í sambandi við túlkun, einkum á því hvaða nám veiti undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi. Þar af leiðandi er gerð tillaga um að allir útlendingar, sem ekki falla undir ákvæði 13. gr., þurfi atvinnuleyfi. Gert er ráð fyrir að slíkt leyfi verði veitt allt að einu ári í senn enda þótt innritunarvottorð muni í flestum tilvikum kveða á um innritun í nám sem stendur eina önn. Krafa er gerð um að umsögn stéttarfélags liggi fyrir áður en atvinnuleyfi er gefið út samkvæmt greininni, sbr. þó það sem kemur fram í fylgiskjali. Hér er því gerð tillaga um hertari reglur en samtímis gert ráð fyrir að þeim verði beitt af sanngirni. Markmiðið er fyrst og fremst að koma í veg fyrir misnotkun og gera stjórnvöldum kleift að hafa yfirsýn yfir þennan hóp útlendinga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um vistráðningar á heimili. Á undanförnum áratugum hefur það tíðkast að ungt fólk hefur ráðið sig í vist á heimili erlendis, þ.e. gerst au pair. Þessi þróun hefur náð hingað til lands. Íslenskum ungmennum, sem hafa farið með þessum hætti til útlanda, hefur fjölgað mjög mikið. Sama á við um erlend ungmenni sem hafa leitað eftir því að komast í vist á íslensk heimili. Þótt hér sé um að ræða góða hugmynd sem byggir á því að gefa ungu fólki tækifæri til að kynnast öðrum þjóðum var reynslan misjöfn. Upp kom ágreiningur um lengd vinnutíma, vasapeninga og önnur hlunnindi. Í því skyni að festa í sessi þetta ráðningarform átti Evrópuráðið frumkvæði að því að gerður var samningur um þetta efni. Í honum er að finna reglur um réttindi og skyldur aðila. Helstu ákvæði samningsins eru tekin upp í greinina. Nefndin, sem samdi frumvarpið, leggur til að Ísland fullgildi samning Evrópuráðsins um au pair ráðningar.

Í greininni er tekið fram að félagsmálaráðuneytið ákveði upphæð vasapeninga sem greiða skal þeim sem ræður sig í vist. Veturinn 1993– 1994 lögðu félagsmálaráðuneytið og útlendingaeftirlitið til að upphæð vasapeninga skyldi vera 20.000 kr. á mánuði. Við ákvörðun á þeirri upphæð var höfð hliðsjón af kjarasamningi Starfsmannafélagsins Sóknar, upphæð atvinnuleysisbóta og daglegum vinnutíma þess vistráðna.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar er hliðstætt ákvæði í 3. mgr. 3. gr. gildandi laga. Lagt er til að þess verði krafist að sótt verði um atvinnuleyfi fyrir útlending, sem komið hefur til landsins vegna leyfis er hefur verið veitt á grundvelli greinarinnar, í síðasta lagi tveimur vikum eftir komu til Íslands.

Um 13. gr.

Í IV. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði sem heimila undanþágur frá kröfu um atvinnuleyfi. Undanþágurnar eru tvenns konar. Annars vegar eru tilteknir einstaklingar undanþegnir kröfunni. Þeir eru taldir upp í greininni. Hins vegar er atvinnuleyfi veitt aðilum sem hyggjast starfa hér á landi um mjög takmarkaðan tíma undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi. Um þessa einstaklinga er fjallað í 14. gr.

Efnislega er að finna hliðstæð ákvæði í 11. gr. gildandi laga. Við hana hefur þó verið bætt ákvæði sem er í 1. gr. gildandi laga sem undanþiggur borgara í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið kröfu um atvinnuleyfi. Áður hefur verið getið um breytingar í sambandi við erlenda námsmenn.

Um 14. gr.

Greinin er nýmæli. Samkvæmt henni eru ýmsir einstaklingar undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi enda starfi þeir hér á landi ekki lengur en í 10 daga á hverju 12 mánaða tímabili. Markmið greinarinnar er tvíþætt. Annars vegar er verið að undanþiggja ýmsa einstaklinga kröfu um atvinnuleyfi komi þeir hingað til lands vegna vísinda, fræðslu, lista eða í viðskiptaerindum. Reynslan sýnir að í þessum tilvikum er mjög erfitt að framfylgja kröfum um atvinnuleyfi. Í öðru lagi er verið að færa íslenska löggjöf nær löggjöf nágrannalandanna um atvinnuleyfi. Þriðja atriðinu má bæta við en það lýtur að samningaviðræðum um tollamál (GATT-viðræðum). Samkvæmt drögum að samkomulagi um þjónustuviðskipti er gert ráð fyrir að undanþiggja útlendinga í viðskiptaerindum kröfu um atvinnuleyfi.

A–d-liðir skýra sig að mestu sjálfir. Lagt er til að hugtakið listamaður í b-lið verði túlkað rúmt þannig að það taki t.d. til kvikmyndagerðarmanna, hljómlistarmanna, fjöllistamanna o.s.frv.

Rétt er að taka fram að með íþróttaþjálfurum í c-lið er ekki átt við íþróttakennara sem starfa við skóla, heldur þjálfara sem eru ráðnir til íþróttafélaga eða samtaka til að þjálfa keppendur.

Í e-lið er gert ráð fyrir að starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur, sem vinna við uppsetningu, eftirlit og viðgerð tækja, þurfi ekki atvinnuleyfi. Hér er fyrst og fremst um að ræða tilvik þegar tæki eru seld hingað til lands með ábyrgð seljanda á hinu selda en ábyrgðin er háð því skilyrði að uppsetning, prófanir og tímabundið eftirlit sé í höndum sérhæfðra starfsmanna seljanda eða annarra sem hann viðurkennir í þessu skyni.

Í d-lið er vísað til fulltrúa í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlendis. Á það er lögð áhersla að stafliðurinn tekur fyrst og fremst til þeirra sem eru að kynna vöru og þjónustu. Markmiðið er ekki að gera hvers kyns sölumönnum auðveldara að athafna sig hér á landi í samkeppni við verslunar- og þjónustufyrirtæki sem greiða hér skatta og önnur gjöld til að standa undir rekstri þjóðfélagsins.

F-liður tekur mið af fjölbreyttari samgöngum til og frá landinu. Lagt er til að ökumenn fólksflutningabifreiða, sem skráðar eru erlendis, séu undanskildir kröfu um atvinnuleyfi enda séu þeir að koma til landsins með ferðahópa. Í framkvæmd munu þessir útlendingar ekki hafa verið krafðir um atvinnuleyfi enda í mörgum tilvikum erfitt að færa sönnur á að þeir séu í raun í vinnu hér á landi. Ákvæðið er hliðstætt ákvæði í lögum annarra ríkja, t.d. sænsku lögunum. Það hefur verið borið undir samgönguráðuneytið sem hefur ekki gert athugasemdir.

G-liður er hliðstæður ákvæðum í norskum og sænskum lögum.

Um 15. gr.

Í almennum inngangi hér að framan kemur fram að ákvæði V. kafla um viðurlög og afturköllun atvinnuleyfa eru í öllum höfuðatriðum óbreytt frá gildandi lögum. Um er að ræða smávægilegar breytingar á orðalagi og samræmingu við önnur lög, fyrst og fremst lög um eftirlit með útlendingum.

Ákvæði greinarinnar er óbreytt frá ákvæði 1. mgr. 12. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar er efnislega óbreytt frá ákvæði 2. mgr. 12. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Ákvæði greinarinnar er óbreytt frá ákvæði 4. mgr. 12. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Efnislega er ákvæði greinarinnar í 13. gr. gildandi laga. Hér er lögð til sú breyting að í stað þess að félagsmálaráðherra annist flutning þeirra útlendinga, sem stunda atvinnu eða atvinnurekstur í andstöðu við lögin, úr landi verði það hlutverk útlendingaeftirlitsins. Útlendingaeftirlitið mundi vísa slíkum útlendingum úr landi á grundvelli 11. gr. laga um eftirlit með útlendingum.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar er óbreytt frá gildandi lögum. Ekki er lögð til breyting á ákvæðinu. Rétt þykir að hlutaðeigandi stjórnvald, félagsmálaráðuneytið, leiti álits helstu samtaka atvinnurekenda og launafólks á stefnu sem fylgt verður við veitingu atvinnuleyfa vegna ráðningar útlendinga til starfa á Íslandi. Þetta er jafnvel talið enn nauðsynlegra verði útgáfa atvinnuleyfa falin stofnun, t.d. á vegum félagsmálaráðuneytisins. Við það breytist hlutverk ráðuneytisins frá því að vera framkvæmdaraðili í að móta almenna stefnu í þessum málum.

Um 21. gr.

Í greininni felst heimild fyrir ráðherra til að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna í reglugerð.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Sérálit Jóns H. Magnússonar um breytingu á orðalagi 7. og 10. gr. frumvarpsins.

Jón H. Magnússon leggur til að b-liður 1. mgr. 7. gr. orðist svo: „Að fyrir liggi umsögn ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins."

Í niðurlagi 1. mgr. 10. gr. falli niður orðin: „og umsögn stéttarfélags".

Athugasemdir.

Með frumvarpi til laga um vinnumiðlun, sem kynnt hefur verið í ríkisstjórn og verður væntanlega til umfjöllunar á Alþingi á sama tíma og þetta frumvarp, er gert ráð fyrir eflingu starfsemi vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og auknu hlutverki ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofunnar. Með miðlægu gagnavinnslukerfi til vinnumiðlunar og úrvinnslu gagna um atvinnuástand og atvinnuleysi, sem verður tekið í notkun í

haust, verður gjörbylting að því er varðar möguleika á því að fylgjast með þróun og breytingum á vinnumarkaði á landinu öllu. Verða þá ráðgjafarnefndin, vinnumálaskrifstofan og vinnumiðlanir betur í stakk búnar til þess að fylgjast með og bregðast við breytingum á vinnumarkaðnum. Aukast þá jafnframt möguleikar á því að útvega vinnuafl frá öðrum stöðum innan lands í stað þess að flytja inn vinnuafl.

Einstök stéttarfélög geta ekki haft sömu yfirsýn yfir vinnumarkaðinn og er því eðlilegt með tilliti til framangreinds að umsagnarrétturinn sé færður frá þeim til ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofunnar þar sem í ráðgjafarnefndinni eiga sæti fulltrúar heildarsamtaka launþega á almennum vinnumarkaði og í opinberri þjónustu auk fulltrúa samtaka atvinnurekenda. Það er einnig hlutverk ráðgjafarnefndarinnar að fylgjast með atvinnuástandi og atvinnuhorfum og gera tillögur til úrbóta.

Í a-lið 1. mgr. 7. gr. er gert ráð fyrir að umsóknir séu vegnar og metnar miðað við þarfir á landsvísu en ekki aðeins út frá staðbundnum aðstæðum eins og umsagnarrétturinn í b-lið gerir ráð fyrir. Aðstæður og möguleikar til upplýsingaöflunar um ástand og horfur á vinnumarkaði hafa breyst svo mikið að ástæða er til þess að breyta reglunum til samræmis við það og fella niður umsagnarrétt staðbundinna stéttarfélaga.

878. Frumvarp til lögreglulaga. [565. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Hlutverk lögreglu o.fl.

1. gr.
Hlutverk.

1. Ríkið heldur uppi starfsemi lögreglu.
2. Hlutverk lögreglu er:
   a. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna, vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi,
   b. að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,
   c. að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta hegðun og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð opinberra mála eða öðrum lögum,
   d. að greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að,
   e. að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á,
   f. að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu,
   g. að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiða af venju.

2. gr.

Tengsl við þjóðarétt.

Lögregla skal í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Skýring hugtaka.

Til lögreglumanna teljast þeir sem fara með lögregluvald skv. 1. og 2. mgr. 8. gr.

II. KAFLI
Skipulag lögreglu og æðsta stjórn.

4. gr.

Æðsta stjórn lögreglu.

Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar fara með málefni lögreglunnar í umboði hans.

5. gr.

Ríkislögreglustjóri.

1. Hlutverk ríkislögreglustjóra er:
   a. að flytja og kynna lögreglustjórum boð og ákvarðanir æðstu handhafa ríkisvaldsins sem snerta starfsemi lögreglunnar með einum eða öðrum hætti og vinna að og fylgjast með að þeim ákvörðunum verði fylgt í starfsemi lögreglunnar,
   b. að láta dómsmálaráðherra í té upplýsingar um hvers konar lögreglumálefni sem ráðherrann getur notað til að undirbúa og byggja ákvarðanir sínar á,
   c. að vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar,
   d. að annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu,
   e. að veita lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum,
   f. að annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísu eða samstarf við lögreglu í öðru landi.
2. Sérstök verkefni sem ríkislögreglustjóra ber að hafa með höndum:
   a. að samræma og skipuleggja aðgerðir lögreglu gegn fíkniefnabrotum,
   b. að starfrækja lögregluranns óknardeildir sem aðstoða lögreglustjóra við rannsókn afbrota og skatta- og efnahagsbrota,
   c. að starfrækja tæknideild,
   d. að starfrækja skráadeild.
3. Dómsmálaráðherra mælir nánar fyrir um starfsemi ríkislögreglustjóra.
4. Ríkislögreglustjóra til aðstoðar er vararíkislögreglustjóri. Hann er staðgengill ríkislögreglustjóra í fjarveru hans eða forföllum.

6. gr.

Lögregluumdæmi og stjórn þeirra.

1. Landið skiptist í lögregluumdæmi sem fara saman við skiptingu þess í stjórnsýsluumdæmi. Sýslumenn eru lögreglustjórar hver í sínu umdæmi nema í Reykjavík þar sem lögreglustjórn er í höndum sérstaks lögreglustjóra.

2. Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess.

3. Dómsmálaráðherra getur falið öðrum en hinum reglubundna lögreglustjóra umdæmis að fara með lögreglustjórn þar tímabundið þegar sérstaklega stendur á eða þegar embætti er laust.

4. Dómsmálaráðherra er heimilt að skipa annan löghæfan mann í stað hins reglubundna lögreglustjóra til meðferðar einstaks máls.

7. gr.

Starfssvæði lögreglu.

1. Lögreglumenn hafa lögregluvald hvar sem er á landinu.

2. Starfssvæði lögreglumanns er það umdæmi sem hann er skipaður, settur eða ráðinn til þess að starfa í.

3. Dómsmálaráðherra getur ákveðið að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum alls staðar á landinu. Hann setur reglur um störf þess lögregluliðs og hvernig stjórn þess skuli háttað.

4. Heimilt er að víkja frá ákvæði 2. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a. Ríkislögreglustjóri getur ákveðið að höfðu samráði við lögreglustjóra að lögreglulið í einu umdæmi skuli tímabundið gegna lögreglustörfum í öðru umdæmi og ákveður þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess.
b. Lögreglustjórum er heimilt að hafa samráð sín á milli um flutning lögregluliðs á milli umdæma til að sinna einstökum verkefnum ef þörf er talin á.
c. Lögreglumanni er heimilt að fara út fyrir starfssvæði sitt til þess að ljúka lögregluaðgerð sem hann hefur hafið innan þess. Á sama hátt getur lögreglumaður unnið lögregluverk utan umdæmis síns ef verkefnið krefst þess eða brýna nauðsyn ber til.
d. Lögreglumanni sem er að störfum, en á leið um annað lögregluumdæmi, er heimilt að hafa afskipti af mönnum sem hann stendur að lögbrotum.

5. Lögreglumaður skal tilkynna yfirmanni sínum um aðgerðir sínar skv. c- og d-liðum 4. mgr. svo fljótt sem kostur er. Með sama hætti ber að tilkynna lögreglustjóra viðkomandi umdæmis um aðgerðir lögreglumanns.

8. gr.

Handhafar lögregluvalds.

1. Ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og lögregluþjónar hafa lögregluvald.

2. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um það hvaða starfsmenn lögreglu, aðrir en þeir sem taldir eru upp í 1. mgr., fara með lögregluvald.

3. Dómsmálaráðherra er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið eða til að sinna sérstökum verkefnum.

4. Skipshafnir varðskipa og tollgæslumenn fara með lögregluvald þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.

5. Hreppstjórar hafa lögregluvald samkvæmt lögum um hreppstjóra.

6. Héraðslögreglumenn skv. 9. gr. hafa lögregluvald þegar þeir gegna starfinu.

7. Þeir sem kvaddir eru lögreglu til aðstoðar lögum samkvæmt fara með lögregluvald á meðan þeir gegna starfanum.

9. gr.

Héraðslögreglumenn.

1. Lögreglustjóra er heimilt að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra að ráða héraðslögreglumenn til starfa í umdæmi sínu.

2. Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæslustörfum þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi lögum og reglu á mannfundum og skemmtunum.

3. Dómsmálaráðherra setur reglur um störf héraðslögreglumanna.

4. Héraðslögreglumenn njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og lögreglumenn á meðan þeir gegna lögreglustörfum.

10. gr.

Samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga.

1. Í hverju lögregluumdæmi skal stofna samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar. Í henni sitja þrír menn: Lögreglustjóri viðkomandi umdæmis og tveir sveitarstjórnarmenn tilnefndir af hálfu sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu. Fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

2. Nefndin er vettvangur fyrir samskipti og samvinnu lögreglunnar og sveitarfélaga í umdæminu. Hún gerir m.a. tillögur um úrbætur í málefnum sem varða löggæslu í umdæmi hennar og beitir sér fyrir því að almenningi verði kynnt starfsemi lögreglunnar.

III. KAFLI
Skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa.

11. gr.

Almennar reglur.

1. Lögreglumönnum ber að sýna árvekni í starfi sínu og kunna glögg skil á þeirri ábyrgð sem því fylgir. Þeir skulu koma fram af fyllstu kurteisi og hlýða löglegum fyrirmælum yfirboðara sinna.

2. Lögreglumönnum ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttsýni. Þeir skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.

3. Við framkvæmd starfa sinna skulu lögreglumenn bera á sér sérstök skilríki er sýni m.a. nafn þeirra og stöðu ásamt mynd. Þeir skulu sanna á sér deili með þessum skilríkjum sé þess krafist af þeim sem þeir hafa afskipti af.

12. gr.

Valdbeiting.

Lögreglumönnum er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna ef það er talið nauðsynlegt og forsvaranlegt miðað við aðstæður. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

13. gr.

Aðgerðir í þágu almannafriðar, allsherjarreglu o.fl.

1. Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að stöðva röskun á almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra eða stöðva afbrot.

2. Í þessu skyni er lögreglu m.a. heimilt að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, taka í sínar vörslur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja fólk, fyrirskipa stöðvun eða breytingu á aðgerðum eða starfsemi, fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks af þeim. Þegar skilyrði skv. 14. og 16. gr. eru fyrir hendi er lögreglu einnig heimilt að færa mann á lögreglustöð, eða á annan stað þar sem hún hefur aðstöðu, og framkvæma leit.

3. Óhlýðnist maður fyrirmælum lögreglu skv. 2. mgr. getur hún gripið til nauðsynlegra ráðstafana á hans kostnað til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almenningi í hættu.

4. Lögreglu er heimilt ef gildar ástæður eru fyrir hendi að krefjast þess að maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar.

5. Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af málefnum sem samkvæmt lögum heyra undir önnur stjórnvöld ef það er talið nauðsynlegt til að stöðva eða koma í veg fyrir alvarlega röskun á almannafriði og allsherjarreglu og ekki næst til viðkomandi stjórnvalds eða aðgerðir af þess hálfu eru útilokaðar, þýðingarlausar eða fyrirsjáanlegt er að þær muni hefjast of seint. Tilkynna skal viðkomandi stjórnvaldi um aðgerðir lögreglu svo fljótt sem auðið er.

14. gr.

Heimild til að færa mann á lögreglustöð.

1. Lögreglumanni er heimilt að færa mann á lögreglustöð eða á annan stað þar sem lögregla hefur aðstöðu ef hann:

a. raskar almannafriði eða truflar umferð,
b. óhlýðnast fyrirmælum lögreglu um að hafa sig á brott af ákveðnum stað og ástæða er til að óttast að hann muni þar raska almannafriði eða trufla umferð,
c. neitar að segja á sér deili, sbr. 4. mgr. 13. gr., eða ástæða er til að draga í efa að persónulegar upplýsingar sem hann gefur séu réttar,
d. hittist fyrir í grennd við eða á stað þar sem brot hefur verið framið eða grunur leikur á að brot hafi verið framið og ætla má að hann geti gefið upplýsingar um það.

2. Lögregla skal gera manni grein fyrir ástæðum þess að hann er færður á starfsstöð lögreglu. Ekki má halda manni, sem færður hefur verið á starfsstöð lögreglu með heimild í 1. mgr., lengur en nauðsyn ber til og aldrei lengur en í fjórar klukkustundir.

15. gr.

Afskipti af ölvuðum mönnum o.fl.

1. Lögreglumönnum er heimilt að taka mann í vörslur sínar og færa í fangageymslu ef hann vegna ölvunar eða vegna áhrifa annarra vímugjafa veldur truflun á almannafriði eða umferð, áreitir borgarana eða stofnar sjálfum sér eða öðrum í hættu. Ef um er að ræða ungmenni undir 18 ára aldri skal lögregla tilkynna nánustu vandamönnum þess um aðgerðir sínar ef kostur er.

2. Manni, sem tekinn er í vörslur lögreglu skv. 1. mgr., má ekki halda lengur en nauðsynlegt er og aldrei lengur en þar til víman er runnin af honum.

3. Sé maður illa á sig kominn sökum ölvunar eða vegna áhrifa annarra vímugjafa skal lögregla kalla til lækni til að meta ástand hans áður en ákvörðun er tekin um að vista hann í fangageymslu. Læknir tekur ákvörðun um hvort honum skuli komið fyrir á sjúkrastofnun til meðferðar.

4. Ef ástæða er til að ætla að maður, sem ástatt er um eins og lýst er í 3. mgr., eigi við vímuefnavandamál að stríða getur lögregla fært hann í neyðarathvarf fyrir vímuefnaneytendur sé það fyrir hendi.

5. Hafi lögregla afskipti af manni sem 1. mgr. á við um getur hún lagt hald á áfengi eða önnur vímuefni sem hann hefur meðferðis án tillits til þess hvort hún tekur hann í vörslur sínar eða ekki. Lögreglu er enn fremur heimilt að eyða áfengi sem hún leggur hald á samkvæmt þessari grein enda sé það ekki í innsigluðum umbúðum.

16. gr.

Leit á mönnum.

1. Neiti maður að segja á sér deili eða ástæða er til að draga í efa að persónulegar upplýsingar sem hann gefur séu réttar er lögreglu heimilt að leita á honum í þeim tilgangi að komast að því hver hann er.

2. Lögreglu er heimilt ef ástæða er til að leita að vopnum eða öðrum hættulegum munum á hverjum þeim sem fjarlægður er eða tekinn í vörslur lögreglu.

3. Sé maður vistaður í fangageymslu er lögreglu heimilt að leita á honum og taka til varðveislu muni sem hann hefur á sér og hann getur notað til þess að vinna tjón á sjálfum sér eða öðrum. Ef ástand manns eða aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til er heimilt að taka af honum peninga og muni sem hann hefur á sér og hætta þykir á að geti skemmst, eyðilagst eða glatast.

4. Verðmætum, sem lögregla tekur til varðveislu skv. 2. og 3. mgr., ber að skila aftur þegar maður er látinn laus enda séu ekki skilyrði til að leggja hald á þau samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

17. gr.

Afskipti af börnum.

Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hætta búin og koma þeim í hendur forsjármanna eða barnaverndaryfirvalda ef nauðsynlegt þykir.

18. gr.

Skylda til að hlýða fyrirmælum lögreglu.

Almenningi er skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglu á almannafæri.

19. gr.

Skylda til að aðstoða lögreglu.

1. Ef nauðsyn ber til geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, þar á meðal til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Maður er skyldur til að hlýða kvaðningu lögreglu ef hann getur veitt aðstoð án þess að stofna lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.

2. Þeir sem kvaddir eru lögreglunni til aðstoðar skv. 1. mgr. hafa lögregluvald meðan þeir gegna starfanum og njóta sömu verndar og aðrir lögreglumenn.

20. gr.

Bann við að tálma lögreglu í störfum sínum.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni lögreglustörfum.

21. gr.

Þagnarskylda.

1. Lögreglumönnum og öðru starfsliði lögreglu ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða skipulag og starfsemi lögreglu og fyrirhugaðar lögregluaðgerðir og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls.

2. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

22. gr.

Afskipti af eigin málum eða nákominna vandamanna.

Starfsmanni lögreglu er í starfi sínu óheimilt að aðhafast í eigin málum eða nákominna vandamanna nema afskipti hans af máli séu nauðsynleg til verndar lífi eða heilsu manna eða eignum gegn yfirvofandi hættu eða hætta sé á að frestun aðgerðar muni leiða til þess að tilgangi hennar verði ekki náð.

23. gr.

Afskipti af vinnudeilum.

Lögreglu er óheimilt að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar, eins og annars staðar, uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

24. gr.

Skyldur utan vinnutíma.

1. Lögreglumanni er skylt að sinna lögreglustörfum í frítíma sínum ef:

a. afskipti hans teljast nauðsynleg til verndar lífi eða heilsu fólks eða verulegum opinberum hagsmunum,
b. þess er þörf til að afstýra eða stöðva alvarlegt lögbrot eða
c. þess er þörf til að handtaka megi mann sem grunaður er um alvarlegan refsiverðan verknað.

2. Hafi lögreglumaður haft afskipti af máli skv. 1. mgr. ber honum tafarlaust að tilkynna það yfirmanni sínum. Hafi hann unnið slík verk utan starfsumdæmis síns skal hann tilkynna það lögreglustjóra þess umdæmis.

25. gr.

Heimild til að fela lögreglu tollgæslustörf.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með samkomulagi við fjármálaráðherra að lögreglumenn skuli gegna tollgæslustörfum jafnframt öðrum löggæslustörfum eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og eftir reglum sem settar eru í samráði við tollgæslustjóra. Þar sem slík starfstilhögun er ákveðin skal þess getið í auglýsingu um starf lögreglumanns.

IV. KAFLI
Um veitingu lögreglumannsstarfa.

26. gr.

Fjöldi lögreglumanna.

Ráðherra ákveður á hverjum tíma að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi.

27. gr.

1. Forseti Íslands skipar ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra og lögreglustjóra.

2. Ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri og lögreglustjórar skulu fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti. Þó eiga skilyrði um lágmarksaldur ekki við um lögreglustjóra.

3. Dómsmálaráðherra skipar yfirlögregluþjóna svo og aðra lögreglumenn til lögreglustarfa enda hafi þeir lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Hann setur nánari reglur um menntun þeirra, heilbrigði, líkamlegt atgervi, aldur, búsetu o.fl.

28. gr.

Heitstafur.

Allir lögreglumenn sem eru skipaðir eða ráðnir til starfa skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess.

V. KAFLI
Atriði sem varða starfskjör lögreglumanna.

29. gr.

Skaðabætur.

Ríkissjóður skal greiða lögreglumanni skaðabætur fyrir líkamstjón og munatjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta.

30. gr.

Bann við verkföllum.

Lögreglumenn mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

31. gr.

Aukastörf.

1. Heimilt er að fela lögreglumanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja. Að öðru leyti er lögreglumönnum óheimilt að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja eða reka sjálfstæða atvinnustarfsemi.

2. Heimilt er að veita undanþágu frá banni 2. málsl. 1. mgr. Undanþágu skal ekki veita ef ástæða er til að ætla að aukastarfið valdi vanrækslu á þeim störfum er stöðu fylgja, ástæða er til að ætla að það brjóti á einhvern hátt í bága við lögreglustarfið eða það geti með öðrum hætti hamlað því að viðkomandi geti sinnt lögreglustarfinu forsvaranlega. Heimilt er að afturkalla undanþágu hvenær sem er án þess að tilgreina sérstakar ástæður. Gefa skal lögreglumanni hæfilegan frest til að láta af aukastarfinu ef kostur er.

3. Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar veita undanþágu ef um undirmenn þeirra er að ræða en annars dómsmálaráðherra. Lögreglumaður getur skotið synjun lögreglustjóra til ríkislögreglustjóra.

VI. KAFLI
Löggæslukostnaður.

32. gr.

Kostnaður við rekstur lögreglu.

Kostnaður við starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði.

33. gr.

Sérstakur löggæslukostnaður.

1. Lögreglustjóra er heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

2. Enn fremur má í slíkum reglum kveða á um greiðslu kostnaðar af gæslustörfum vegna framkvæmda á almannafæri þar sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggæslu.

VII. KAFLI
Kærur á hendur lögreglu.

34. gr.

Berist kæra á hendur lögreglumanni fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd lögreglustarfa skal lögreglustjóri þegar í stað tilkynna ríkissaksóknara um hana. Ríkissaksóknari kveður á um rannsókn málsins og mælir fyrir um framkvæmd hennar eða tekur hana í sínar hendur. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um málshöfðun ef svo ber undir.

VIII. KAFLI
Lögregluskóli ríkisins.

35. gr.

1. Starfrækja skal Lögregluskóla ríkisins sem gegnir því hlutverki að veita lögreglumönnum almenna menntun í lögreglufræðum og sérmenntun í hinum ýmsu greinum löggæslunnar. Skólinn skal jafnframt standa fyrir framhalds- og endurmenntunarnámskeiðum fyrir starfandi lögreglumenn.

2. Dómsmálaráðherra skipar skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. Hann skal hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum.

3. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um stjórn skólans og starfslið, inntökuskilyrði, námstilhögun og prófkröfur.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

36. gr.
Nánari reglur um framkvæmd laganna.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

37. gr.
Refsingar.

Brot gegn 18., 19. og 20. gr. varða fésektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

38. gr.
Gildistaka.

1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

2. Frá sama tíma falla úr gildi lög um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972, ásamt síðari breytingum, sbr. lög nr. 82/1986, 26/1987 og 64/1989, sbr. og 2.–4. gr. laga nr. 108/1988, 61. gr. laga nr. 92/1991 og 5. tölul. 29. gr. laga nr. 50/1993. Þá falla úr gildi lög um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. desember 1976, ásamt síðari breytingum, sbr. lög nr. 5/1978, sbr. og 59. tölul. 194. gr. laga nr. 19/1991 og 70. gr. laga nr. 92/1991.

39. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi lagaákvæði:

a. Í 1. mgr. 59. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1981, falla niður orðin: „(rannsóknarlögreglustjóra ríkisins)“, en í stað þeirra kemur: (ríkislögreglustjóra).

   Í 1. málsl. 4. mgr. 82. gr. sömu laga, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981, falla niður orðin: „(rannsóknarlögreglustjóra ríkisins)“, en í stað þeirra kemur: (ríkislögreglustjóra).

b. Í 2. mgr. 4. gr. laga um almannavarnir, nr. 94/1962, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1985, falla niður orðin: „lögreglustjórinn í Reykjavík“, en í stað þeirra kemur: ríkislögreglustjóri.

c. Í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39/1964, falla niður orðin: „21 árs“, en í stað þeirra kemur: 18 ára.

d. 1. mgr. 5. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967, fellur brott en í stað hennar kemur:

   Skipshafnir varðskipa fara með lögregluvald þegar þær annast eða aðstoða við löggæslu.

e. 1. málsl. 2. mgr. 108. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, fellur brott.

f. Í 2. málsl. 8. mgr. 28. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, sbr. 13. gr. laga nr. 90/1987, falla niður orðin: „rannsóknarlögreglu ríkisins“, en í stað þeirra kemur: lögreglu.

1. málsl. 2. mgr. 31. gr. sömu laga, sbr. 15. gr. laga nr. 90/1987 og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 46/1992, fellur brott.

Í 5. mgr. 31. gr. laga nr. 45/1987, sbr. 15. gr. laga nr. 90/1987 falla niður orðin: „Rannsóknarlögreglu ríkisins“, en í stað þeirra kemur: lögreglu.

g. Í 2. mgr. 113. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, falla niður orðin: „lögreglustjórinn í Reykjavík“, en í stað þeirra kemur: ríkislögreglustjóri.

h. Í 9. mgr. 27. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, falla niður orðin: „rannsóknarlögreglu ríkisins“, en í stað þeirra kemur: lögreglu.

1. málsl. 2. mgr. 41. gr. sömu laga fellur niður.

i. Í 3. málsl. 1. mgr. 29. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, falla niður orðin: þar á meðal rannsóknarlögreglustjóra ríkisins.

3. málsl. 1. mgr. 66. gr. sömu laga fellur brott.

j. 3. málsl. 1. mgr. 22. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, hljóðar svo: Lögreglustjóri skal sjá um að lögreglurannsókn fari fram þegar eftir brunatjón.

k. Í 1. mgr. 9. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, fellur niður orðið: „rannsóknarlögreglustjóri“, en í stað þess kemur ríkislögreglustjóri.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Þann 29. janúar 1992 skipaði Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra nefnd til þess m.a. að endurskoða lög um lögreglumenn og lög um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Í nefndina voru skipaðir: Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, formaður, Bogi Nilsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Böðvar Bragason, lögreglustjóri í Reykjavík, Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari og Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður í Stykkishólmi. Ritari nefndarinnar var Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þá var Svala Ólafsdóttir lögfræðingur ráðin starfsmaður nefndarinnar í apríl 1993.

Helstu markmiðin með endurskoðun laga um lögreglu (lögreglumenn) eru:

a. Endurskoðun á skipulagi æðstu stjórnar lögreglunnar.

b. Lögfesting skýrari reglna um framkvæmd lögreglustarfa, þar á meðal um þær aðgerðir sem lögreglu er heimilt er að grípa til í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu í landinu.

c. Setning skýrari reglna um réttindi og skyldur lögreglumanna.

Við samningu frumvarpsins hafði nefndin hliðsjón af lögum og reglum í nágrannalöndunum sem nefndin kynnti sér ítarlega.

Nefndin skilaði tillögum sínum í nóvember og var full samstaða í nefndinni um önnur atriði en skipulag yfirstjórnar lögreglunnar, en um það atriði komu fram tvær tillögur. Lögðu tveir nefndarmenn til að rannsóknarlögregla ríkisins yrði lögð niður en verkefni hennar yrðu falin lögreglustjórum og ríkislögreglustjóra sem skyldi auk stjórnsýslu starfrækja rannsóknardeildir til aðstoðar lögreglustjórum en auk þess rannsaka tiltekin brot sjálfstætt. Þrír nefndarmenn lögðu hins vegar til að ríkislögreglustjóri fengist eingöngu við stjórnsýslu en að rannsóknarlögregla ríkisins yrði starfrækt áfram í nokkuð breyttri mynd þar sem henni var samkvæmt tillögunni ætlað að fást einvörðungu við rannsókn stærri brotamála. Þessar tillögur voru yfirfarnar í dómsmálaráðuneytinu og m.a. leitað umsagnar sýslumannafélags Íslands sem studdi tillögu meiri hluta nefndarinnar.

Gagnrýni á tillögu minni hlutans byggði fyrst og fremst á því viðhorfi að óheppilegt væri að eitt og sama embættið færi með yfirstjórn löggæslumála í umboði dómsmálaráðherra og hefði auk þess beina stjórn á rannsókn afbrota.

Varð niðurstaða skoðunarskipta um þetta sú að í frumvarpinu er lagt til að auk stjórnsýsluverkefna hafi ríkislögreglustjóri með höndum starfrækslu rannsóknardeilda og stoðdeilda (tækni- og skráadeild) sem veiti lögreglustjórum aðstoð við rannsókn afbrota. Hins vegar er lagt til að ríkislögreglustjóri hafi ekki sjálfstæðar rannsóknarheimildir og eru það því ávallt lögreglustjórar í hverju umdæmi sem hafa forræði á rannsókn máls. Er ætlunin að samhliða þessum breytingum verði rannsóknarhlutverk lögreglustjóranna eflt með því að fjölga þeim málaflokkum sem undir þá heyra og í samræmi við það er einnig gert ráð fyrir að rannsóknarlögregla ríkisins verði lögð niður í núverandi mynd. Vísast nánar um þetta til þriðja kafla athugasemda með frumvarpinu. Auk þessara breytinga sem að framan er lýst hefur ráðuneytið gert ýmsar breytingar á ákvæðum sem varða lögreglumenn í samræmi við athugasemdir við upphafleg frumvarpsdrög, sem komu frá landssambandi lögreglumanna. Varðar það m.a. ákvæði um skipun lögreglumanna og menntun.

Frumvarpinu, ef að lögum verður, er ætlað að koma í stað laga um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972, ásamt síðari breytingum. Þau lög eru að stofni til lög nr. 92 19. júní 1933, sem síðan hafa sætt nokkrum breytingum og þrívegis verið gefin út sem ný lög, síðast sem lög nr. 56/1972. Í frumvarpinu er enn fremur gert ráð fyrir að lög um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. desember 1976, ásamt síðari breytingum, falli úr gildi.

II.
Sögulegt yfirlit.

A. Lögreglustjórn.

Til hagræðis þykir rétt að skipta umfjölluninni um lögreglustjórn í landinu í tvo þætti, þ.e. lögreglustjórn utan Reykjavíkur og lögreglustjórn í Reykjavík. Verður hér aðeins drepið á aðalatriði.

Lögreglustjórn utan Reykjavíkur.

Sýslumenn hafa frá fornu fari haft með höndum lögreglustjórn. Þeirra er fyrst getið sem embættismanna konungs hér á landi í Gamla sáttmála, Járnsíðu og Jónsbók. Sýslumenn voru lögreglustjórar og innheimtumenn konungstekna. Þá önnuðust þeir fullnustu dóma o.fl.

Þótt margvíslegar breytingar hafi verið gerðar á skipan lögreglumála í Reykjavík hefur lögreglustjórn utan Reykjavíkur áfram verið í höndum sýslumanna eins og hún er raunar nú. Sýslumenn hafa lengst af haft með höndum hlutverk flestra þeirra aðila sem nú eiga hlut að meðferð sakamála, þ.e. lögreglustjórn, rannsókn mála utan og innan réttar og hlutverk sækjanda. Þá áttu þeir að sinna ýmsum þeim skyldum sem verjendum eru nú faldar. Loks fóru sýslumenn með dómsvald í héraði. Hlutverk sýslumanna hefur raunar lengst af verið víðtækara en þetta svo sem kunnugt er þótt ekki verði fjallað frekar um það hér.

Með lögum um meðferð opinberra mála, nr. 27/1951, var dregið úr ákæruvaldi dómara (lögreglustjóra) og ákvörðun um saksókn færð að mestu leyti til dómsmálaráðherra. Angi af málshöfðunarvaldi dómara hélst þó í einföldum málum. Með lögum nr. 57/1961 var gerð sú breyting að ákæruvaldið var fært til sérstaks opinbers ákæranda, saksóknara

ríkisins. Tók hann þá við ákæruvaldi því sem dómsmálaráðherra hafði haft með höndum samkvæmt lögum nr. 27/1951. Hlutverk ákærandans breyttist að öðru leyti ekki þannig að dómarar fóru áfram með þá þætti ákæruvalds sem áður var lýst.

Með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, var sérstökum héraðsdómstólum komið á fót víðs vegar um landið (alls átta talsins) og dómsvaldið tekið af sýslumönnum og fengið sérstökum héraðsdómurum í hendur sem starfa við hina nýju héraðsdómstóla. Með lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, var lögreglustjórum falið ákæruvald í veigaminni málum, hverjum í sínu umdæmi, sbr. nánar 28. gr. þeirra laga, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1993, auk þess sem þeim var falinn flutningur þeirra mála sem þeir höfða í héraði, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991. Eftir þessar breytingar eiga sýslumenn ekki annan hlut að meðferð sakamála en almenna lögreglustjórn, rannsókn mála utan réttar og ákæruvald í ákveðnum málaflokkum.

Þegar bæir uxu og fengu kaupstaðarréttindi urðu þeir jafnframt sérstök lögsagnarumdæmi og þar voru sett á stofn sértök embætti bæjarfógeta sem höfðu sama hlutverk og sýslumenn, þar með talin lögreglustjórn. Þá voru sérstök lögreglustjóraembætti sett á stofn í Ólafsfirði, Bolungarvík, Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu og á Keflavíkurflugvelli. Þótt embætti þessi bæru þannig annað heiti var hlutverk þeirra í öllum aðalatriðum hið sama og sýslumanna og bæjarfógeta. Með lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972, var kveðið á um stofnun sérstakra dómaraembætta í tengslum við sum embætti bæjarfógeta og sýslumanna. Var slíkum dómaraembættum komið á fót á Akureyri, í Vestmannaeyjum, á Selfossi, í Keflavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Þar var þó ekki um að ræða „sjálfstæða" dómstóla í venjulegri merkingu þess orðs. Eftir gildstöku aðskilnaðarlaganna, nr. 92/1989, er heitið „sýslumaður" notað um öll þau embætti sem áður hétu ýmist sýslumaður, bæjarfógeti eða lögreglustjóri. Eftir sem áður er þó sérstakur lögreglustjóri í Reykjavík eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Lögreglustjórn í Reykjavík.

Árið 1803 var Reykjavík gerð að sérstakri dómþinghá og skipaður þar bæjarfógeti, en fram að þeim tíma heyrði bærinn undir umdæmi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Fyrst um sinn gegndi sýslumaðurinn þar embætti bæjarfógeta, eða til ársins 1806.

Lögreglustjórn og meðferð sakamála í Reykjavík var í höndum bæjarfógeta allt til ársins 1917. Með lögum um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og um stofnun sjerstakrar tollgæslu í Reykjavíkurkaupstað, nr. 26/1917, var stofnað sérstakt lögreglustjóraembætti og verkefni færð frá bæjarfógetaembættinu til lögreglustjóraembættisins. Undir embætti lögreglustjóra heyrðu stjórn lögreglu- og tollamála, aðalinnheimta á tekjum landssjóðs, skipaafgreiðslur o.fl., sbr. 1. gr. laganna.

Aftur voru sett lög um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o.fl. í Reykjavík árið 1928 (nr. 67). Megininntak þeirra var stofnun sérstaks embættis tollstjóra og verkefni færð frá lögreglustjóraembættinu til hans. Samkvæmt 3. gr. laganna skyldi lögreglustjóri hafa á hendi: Lögreglustjórn, meðferð sakamála og almennra lögreglumála og að leggja dóm á þau. Þá skyldu falla til hans strandmál, lögskráning skipshafna, mæling og skrásetning skipa, heilbrigðismál, firmaskrásetning, vegabréf, úrskurðun fátækramála, umsjón hegningarhússins í Reykjavík, útnefning mats- og skoðunarmanna utan réttar, afgreiðsla leyfisbréfa til atvinnurekstrar, löggilding atvinnubóka, afgreiðsla vottorða um uppruna vöru, hlunninda- og aflaskýrslur og manntal í Reykjavík. Þar með var lögreglustjóraembættið í Reykjavík orðið að sjálfstæðu embætti þó að því fylgdu að vísu enn

margvísleg störf lögreglumálum óviðkomandi. Með lögum nr. 67/1928 var enn fremur stofnað embætti lögmanns í Reykjavík sem hafði með höndum þau verkefni sem síðar voru falin embættum borgardómara og borgarfógeta.

Með lögum um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o.fl. í Reykjavík, nr. 67/1939, var embætti lögreglustjórans í Reykjavík skipt í tvennt: Sakadómaraembætti og lögreglustjóraembætti. Þar með fluttist rannsóknarvald og dómsvald í opinberum málum í hendur sakadómara. Lögreglustjórinn fór með lögreglustjórn, strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa, sbr. 4. gr. laganna. Sakadómara var aftur á móti falið að fara með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðningu meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins, sbr. 3. gr. laganna. Fyrir gildistöku laga nr. 67/1939 voru engin sérstök ákvæði í lögum rannsóknarlögreglu þótt vísir að rannsóknarlögreglu hefði orðið til með 2. gr. laga um lögreglumenn, nr. 92/1933.

Með lögum um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o.fl. í Reykjavík, nr. 65/1943, var hvorki hróflað við starfssviði sakadómara né lögreglustjóra. Meginbreytingin sem fólst í þessum lögum var sú að lögmannsembættinu var skipt í tvennt: Embætti borgardómara og borgarfógeta.

Lög nr. 65/1943 voru felld úr gildi með lögum um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o.fl. í Reykjavík, nr. 98/1961. Ekki er ástæða til að rekja hér þær breytingar sem þau höfðu í för með sér þar sem þær fólu ekki í sér neinar breytingar á lögreglustjórn. Enn voru lög nr. 98/1961 felld úr gildi með lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972. Meginbreytingin sem fólst í lögunum frá 1972 var sú að við nokkur umfangsmestu embætti sýslumanna og bæjarfógeta voru skipaðir dómarar í stað löglærðra fulltrúa sem höfðu fram að því verið löggiltir til þess að fara með og dæma mál á ábyrgð yfirmanna sinna. Þá var ákveði þess efnis að lögreglustjóri færi með heilbrigðismál eins og verið hafði í eldri lögum fellt niður þótt hann annaðist eftir sem áður hvers konar löggæslu á þessu sviði.

Með lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108/1976, og með lögum um breyting á lögum, nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 109/1976, voru gerðar verulegar breytingar á skipan lögreglumála. Meginbreytingin fólst í stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins. Með því var stjórn rannsóknarlögreglu tekin úr höndum sakadómaraembættisins í Reykjavík og hún fengin rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Með þessu var stigið spor í þá átt að aðskilja dómsvald í opinberum málum og lögreglustjórn þótt eigi þætti fært að stíga það skref til fulls.

Rannsóknarlögregla ríkisins.

Samkvæmt 3. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108/1976, sbr. 1. og 2. tölul. 70. gr. laga nr. 92/1991, hefur hún með höndum lögregluranns óknir brotamála í stjórnsýsluumdæmum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar samkvæmt ákvæðum laganna eða annarra réttarreglna. Auk þess er dómsmálaráðherra heimilt að auka við aðalstarfssvæði rannsóknarlögreglunnar með því að fela henni brotarannsóknir almennt í stjórnsýsluumdæmum Keflavíkur og Keflavíkurflugvallar. Þá skal rannsóknarlögregla ríkisins skv. 4. gr. laga nr. 108/1976, sbr. 3. tölul. 70. gr. laga nr. 92/1991, veita lögreglustjórum hvar sem er á landinu aðstoð við rannsókn brotamála þegar þeir óska og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt. Ríkissaksóknari getur og falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála hvar sem er á landinu þegar hann telur þess þörf. Loks

getur rannsóknarlögreglustjóri að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn máls utan þeirra umdæma sem upp eru talin í 3. gr. en tilkynna skal hann viðkomandi lögreglustjóra um málið svo fljótt sem verða má enda ber honum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð. Embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins heyrir beint undir dómsmálaráðherra. Talið var að þetta væri nauðsynlegt þar sem rannsóknarlögreglustjóri þyrfti að hafa jafna aðstöðu gagnvart öllum lögreglustjórum á landinu stöðu sinnar vegna. Hann verður þó að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara lögum samkvæmt eins og aðrir lögreglustjórar.

Samkvæmt 6. gr. laganna um rannsóknarlögreglu ríkisins skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra við embætti lögreglustjóra í umdæmum þar sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluranns óknir brotamála og talin eru upp í 3. gr. sömu laga. Samkvæmt ákvæðinu er verksvið þeirra takmarkað við ákveðnar tegundir brota, sbr. einnig reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 253/1977, sbr. reglugerð nr. 315/1986.

Þrátt fyrir stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins gera lögin ráð fyrir því að við lögreglustjóraembættin utan þeirra umdæma sem talin eru upp í 3. gr. skuli starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir samkvæmt nánari ákvörðun dómsmálaráðherra, sbr. 7. gr. Þær eru nú starfræktar við eftirtalin lögreglustjóraembætti: á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði, Vestmannaeyjum og Selfossi.

B. Löggæslumenn.

Fyrstu löggæslumennirnir.

Fyrsti vísir að sérstakri stétt löggæslumanna hér á landi í nútímaskilningi varð ekki til fyrr en um miðja 18. öld þegar ráðnir voru sérstakir næturverðir í Reykjavík í tengslum við Innréttingar Skúla Magnússonar landfógeta. Hlutverk þeirra var fyrst og fremst að vakta verksmiðjurnar um nætur. Kostnaður vegna þessa var greiddur af innréttingunum. Í erindisbréfi sem næturvörðum var sett 1778 kemur fram að þeim hafi einnig verið ætlað almennt löggæsluhlutverk í bænum, þ.e. það starf sem nú er falið lögregluþjónum. Næturverðirnir voru að jafnaði tveir talsins. Þessi löggæsla næturvarðanna var látin nægja fram til 1803. Kostnaður vegna hennar færðist þó yfir á bæjarsjóð árið 1791.

Þegar Reykjavík var gerð að sérstakri dómþinghá og skipaður bæjarfógeti þar árið 1803 voru enn fremur tveir daglögregluþjónar ráðnir honum til aðstoðar.

Þessi skipan á löggæslumálum í Reykjavík hélst allt til ársins 1855 er daglögregluþjónum var fjölgað í þrjá. Laun tveggja þeirra voru lengst af greidd úr landssjóði en þess þriðja úr Jafnaðarsjóði Suðuramtsins. Frá 1879 greiddi bæjarsjóður kostnað vegna daglögreglumanna. Jafnframt daglögregluþjónunum störfuðu næturverðir í Reykjavík sem kostaðir voru af bæjarsjóði. Þó var aðeins einn næturvörður frá árinu 1803 fram til 1865, en eftir það voru þeir tveir. Var öðrum ætlaður austurbærinn til eftirlits, en hinum vesturbærinn.

Fyrsta erindisbréf handa löggæslumönnum í Reykjavík var sett 21. mars 1889 og náði bæði til lögregluþjóna og næturvarða, sjá kansellíbréf frá 19. nóv. 1839. Í 1. gr. erindisbréfsins sem bar heitið: „Erindisbréf til bráðabirgða handa löggæzlumönnum í Reykjavík“, sagði:

„Það er skylda löggæzlumanna, hvort heldur eru lögregluþjónar eða næturverðir, að reyna að sporna við glæpum og afbrotum og leitazt við að koma þeim upp. Svo ber þeim og að hafa vakandi auga á því, að almennum friði og reglu sé eigi raskað, og að breytt sé eftir þar að lútandi lagafyrirmælum og lögregluskipunum."

Þá er í erindisbréfinu mælt fyrir um búnað og einkenni lögregluþjóna og næturvarða, nánar kveðið á um starfsskyldur þeirra, heimildir þeirra til að taka menn fasta o.fl. Í erindisbréfinu er að finna mörg þau fyrirmæli og grundvallarreglur sem gildandi lögreglulög byggja á. Má sem dæmi nefna að í 4. gr. erindisbréfsins, sem fjallar um heimild lögreglu til að taka menn fasta, gætir meðalhófsreglunnar. Þar segir m.a.:

„Heimild þá er löggæzlumönnum er veitt til að taka menn fasta, skulu þeir varast að nota að ófyrirsynju, og, þegar þeir beita henni, forðast allar misþyrmingar."

Árið 1890 voru sett lög nr. 1 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina. Lögreglusamþykkt var gerð í Reykjavík með heimild í þeim lögum strax sama ár, sbr. lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 172/1890. Í lögunum og samþykktinni voru m.a. ákvæði um greiðslu kostnaðar vegna starfsemi lögreglunnar.

Lög um lögreglumenn.

Gildandi lögreglulög eru að stofni til lög um lögreglumenn, nr. 92 19. júní 1933. Megintilgangur laganna frá 1933 var að mæla fyrir um þátttöku ríkisins í greiðslu kostnaðar vegna rekstrar lögregluliða. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 92/1933 kom fram að ríkið hefði fram til þessa ekki tekið annan þátt í rekstri lögreglu en að skipa og launa lögreglustjóra sem stjórnuðu lögregluliði því sem bæjarfélögin lögðu til. Var talið eðlilegt, m.a. til að efla löggæsluna í landinu, að leggja aukinn kostnað á ríkið vegna þessa. Um þetta eru fyrirmæli í 1. og 2. gr. laganna.

Í lögunum er enn fremur að finna ýmis fyrirmæli sem lúta að störfum lögreglumanna, réttindum þeirra og skyldum, en nokkur þeirra ákvæða er að finna í gildandi lögum, lítið eða ekkert breytt. Í lögunum var enn fremur að finna heimild fyrir ráðherra til að kalla til varalögreglu þegar sérstaklega stæði á og hann teldi nauðsynlegt öryggi bæjar að aukið væri við hið reglulega lögreglulið. Þá var vísi að rannsóknarlögreglu komið á fót með lögunum og hún gerð að sérstakri deild lögreglunnar í Reykjavík. Fljótlega eftir gildistöku laganna frá 1933 kom í ljós sá galli á þeim að erfitt var að hreyfa lögreglulið milli staða. Á haustþingi 1939 var því flutt frumvarp til laga um breytingar á lögum um lögreglumenn, nr. 92/1933, sem miðaði að því að bæta úr þessum ágalla, m.a. með því að rýmka heimild ráðherra til að kalla til varalögreglumenn sem ríkið skyldi greiða allan kostnað af og að setja fyrirmæli um skyldur nánar tilgreindra lögreglumanna til að gegna löggæslustörfum hvar sem var á landinu ef sérstaklega stæði á. Þá var í lögunum að finna ákvæði sem miðaði að því að koma upp sjálfboðaliðssveitum löggæslumanna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að samkomur úti um sveitir og sjávarþorp þar sem var lítil eða engin löggæsla færu úr böndunum vegna drykkjuskapar. Frumvarpið var samþykkt og fellt inn í lög nr. 92/1933 og lögin gefin út í heild á ný sem lög um lögreglumenn, nr. 50 12. febrúar 1940.

Engar mikilvægar breytingar voru gerðar á skipan löggæslunnar í landinu fyrr en með gildandi lögum um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

Allt frá gildistöku laganna frá 1940 höfðu þau sjónarmið verið áberandi að styrkja þyrfti löggæsluna í landinu enn frekar og auka hlutdeild ríkisins í greiðslu kostnaðar vegna hennar. Voru ákvæðin um hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við löggæslu í kaupstöðum af ýmsum talin ósanngjörn og leiða til misréttis (Alþt. A 1959, 409). Vegna þessa voru tvívegis gerðar smávægilegar breytingar á lögunum frá 1940 sem áttu að koma til móts við framangreind sjónarmið, sbr. lög nr. 45/1956 og lög nr. 61/1961. Þá voru aftur gerðar nokkrar breytingar árið 1963 og lögin gefin út í heild á ný sem lög um lögreglumenn, nr. 56 20. apríl 1963.

Það var svo ekki fyrr en á 92. löggjafarþingi 1971–1972 sem næst var lagt fyrir Alþingi frumvarp til nýrra laga um lögreglumenn. Veigamesta breytingin sem það frumvarp fól í sér var sú að gert var ráð fyrir því að ríkið bæri allan kostnað af almennri löggæslu í landinu. Lögreglumenn urðu þar af leiðandi starfsmenn ríkisins í stað þess að vera starfsmenn sveitarfélaga. Enn fremur var í 1. gr. sett almennt ákvæði um verkefni lögregluliðs en samsvarandi ákvæði hafði ekki verið í lögum um lögreglumenn fram að því. Loks voru reglur um yfirstjórn lögreglu markaðar með skýrari hætti en áður hafði verið. Frumvarp þetta var samþykkt sem lög um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

Frá 1972 hafa nokkrar breytingar verið gerðar á lögunum. Með lögum nr. 82/1986 var lagt bann við því að lögreglumenn ríkisins gerðu verkföll eða tækju þátt í verkfallsboðun. Með lögum nr. 26/1987 var sett ákvæði sem heimilaði lækkun eða niðurfellingu skaðabóta vegna tjóns sem lögreglumenn valda við skyldustörf og eru af völdum mistaka eða vanrækslu. Ákvæði þetta var afnumið með nýjum skaðabótalögum, nr. 50/1993. Þá voru með lögum nr. 64/1989 sett ákvæði um menntun lögreglumanna og bótaskyldu ríkissjóðs gagnvart lögreglumönnum sem slasast eða verða fyrir öðru tjóni vegna starfs síns. Lítils háttar breytingar voru gerðar með lögum nr. 108/1988 og 92/1991 sem ekki er ástæða til að rekja hér.

Samantekt um núverandi skipan löggæslumála.

Æðsti yfirmaður löggæslunnar í landinu er dómsmálaráðherra. Undir hann heyra embætti lögreglustjóra, þ.e. lögreglustjórar í umdæmum og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Lögreglustjórar í umdæmum fara með almenna lögreglustjórn á hverjum stað en rannsóknarlögreglustjóri fer með rannsókn opinberra mála með þeim takmörkunum sem nánar er kveðið á um í lögum og reglugerðum.

III.

Helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins.

Frumvarpið sem hér liggur fyrir skiptist í níu kafla. I. kafli fjallar um hlutverk lögreglu o.fl., II. kafli um skipulag lögreglu og æðstu stjórn, III. kafli um skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa, IV. kafli um veitingu lögreglumannsstarfa, V. kafli um ýmis atriði sem varða starfskjör lögreglumanna, VI. kafli um löggæslukostnað, VII. kafli um kærur á hendur lögreglu, VIII. kafli um Lögregluskóla ríkisins og í IX. kafla er að finna ýmis ákvæði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir margvíslegum breytingum og nýmælum varðandi málefni löggæslunnar í landinu. Þau helstu eru:

1. Lagt er til að gerð verði sú grundvallarbreyting á skipulagi lögreglunnar og æðstu stjórn hennar að komið verði á fót embætti ríkislögreglustjóra. Honum er ætlað að taka við ýmsum verkefnum sem fram til þessa hafa heyrt undir dómsmálaráðherra, lögreglustjórann í Reykjavík og rannsóknarlögreglu ríkisins. Í 5. gr. frumvarpsins er að finna fyrirmæli um hlutverk ríkislögreglustjóra.

Við samningu ákvæða um skipan málefna lögreglu var litið til nágrannaríkjanna á Norðurlöndum. Í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi eru ríkislögreglustjórar undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Ríkislögreglustjórinn í Danmörku hefur undir sinni stjórn þær deildir lögreglunnar, sem ekki eru bundnar við umdæmi, þar á meðal umferðarlögregludeild og rannsóknardeild (kriminalpolitiets rejseafdeling). Ríkislögreglustjórinn í Finnlandi hefur m.a. undir sinni stjórn ríkisrannsóknarlögreglu sem aðstoðar hin staðbundnu lögregluyfirvöld við rannsókn alvarlegri brota. Verkefni ríkislögreglustjórans í Svíþjóð eru einkum á sviði stjórnsýslu en hann getur skipulagt aðgerðir lögreglunnar í meiri háttar brotamálum. Í Noregi er ekki ríkislögreglustjóri en sérstök deild í dómsmálaráðuneytinu hefur æðstu stjórn lögreglumála og er rannsóknarlögreglusveit á vegum deildarinnar til aðstoðar staðbundinni rannsóknarlögreglu.

2. Lagt er til að lögfestar verði heimildir lögreglu til aðgerða og til afskipta af borgurunum í því skyni að halda uppi lögum og reglu, sbr. einkum 11.–17. gr. Vísast til athugasemda við þær greinar um rökin fyrir nauðsyn þessa.

3. Lagt er til að rannsókn fleiri málaflokka heyri undir lögreglustjóra í umdæmum en verið hefur fram að þessu þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rannsóknarlögregla ríkisins verði lögð niður í sinni núverandi mynd. Gert er ráð fyrir að hlutverk rannsóknardeilda ríkislögreglustjóra verði að aðstoða lögreglustjóra í umdæmum við rannsókn brotamála eftir því sem talin er þörf á.

4. Lagt er til að lögfest verði sérstakt ákvæði þar sem mælt er fyrir um það hverjir fari með lögregluvald, sbr. 8. gr.

5. Lagt er til að lögfestar verði sérstakar reglur um meðferð kæra vegna refsiverða brota lögreglumanna við framkvæmd starfa sinna, sbr. VII. kafla.

6. Auk þeirra meginbreytinga sem getið er hér að framan er gert ráð fyrir ýmsum nýmælum og öðrum smávægilegum breytingum sem miða að því að setja ítarlegri og skýrari reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

a. Í frumvarpinu er ákvæði þar sem beinlínis er tekið fram að lögreglan skuli haga störfum sínum þannig að hún brjóti ekki með þeim gegn þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem Ísland er aðili að, sbr. 2. gr. Sjá nánar athugasemdir við þá grein.
b. Settar eru reglur um starfssvæði lögreglumanna, sbr. 7. gr. Þær reglur miða m.a. að því að tryggja nauðsynlegan hreyfanleika lögregluliða.
c. Kveðið er á um stofnun svonefndra samstarfsnefnda lögreglu og sveitarfélaga, sbr. 10. gr.
d. Lagt er til að lögfest verði sérstakt ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna lögreglu, sbr. 21. gr.
e. Gert er ráð fyrir að lögfest verði sú meginregla að starfsmönnum lögreglu verði bannað að aðhafast í eigin málum eða nákominna vandamanna sinna í starfi sínu, sbr. 22. gr.
f. Gert er ráð fyrir að í lögunum um verði kveðið á um skyldur lögreglumanna til að sinna lögreglustörfum utan venjulegs vinnutíma, sbr. 25. gr.

g. Lagt er til að lögfest verði sérstakt ákvæði um aukastörf lögreglumanna, sbr. 32. gr. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir sérstöku ákvæði um agabrot lögreglumanna. Slíkt ákvæði er heldur ekki að finna í gildandi lögreglulögum. Um þetta efni gilda eftir sem áður almenn ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954.

IV.

Við samningu þessa lagafrumvarps var löggjöf nágrannaríkjanna á Norðurlöndum höfð til hliðsjónar.

Ákvæði um lögregluna í Danmörku er að finna í 11. kafla dönsku réttarfarslaganna (lov om rettens pleje), nr. 905 frá 1992. Gildandi lög um lögregluna í Svíþjóð (polislag) eru nr. 387 frá 1984. Í Finnlandi eru lög um lögregluna (polislag), nr. 84 frá 1966. Í Noregi eru gildandi lög um lögregluna (lov om politiet), nr. 3 frá 1936.

Nefndin skoðaði rækilega löggjöf þessara landa og tók mið af þeim við samningu frumvarpsins. Þá hafði hún ekki síst til hliðsjónar nýtt frumvarp til laga um lögregluna í Noregi frá 30. apríl 1993 (Ot. prp. nr. 83 (1992–93) om lov om politiet (politiloven)).

Við samningu frumvarps þessa tók nefndin enn fremur mið af Lögregluyfirlýsingu Evrópuráðsins frá 8. maí 1979. Þá var þess gætt að ákvæði frumvarpsins samræmdust ákvæðum þeirra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna almenn ákvæði um starfsemi lögreglu og hlutverk hennar. Þá er þar sérstakt ákvæði sem mælir fyrir um að lögreglu beri í störfum sínum að hafa í heiðri þjóðréttarlegar skuldbindingar sem íslenska ríkið er aðili að. Loks er í 3. gr. vikið að skilgreiningu hugtaka.

Um 1. gr.

Í 1. gr. eru almenn ákvæði um hlutverk lögreglu auk þess sem í 1. mgr. er lögð sú skylda á herðar ríkisvaldinu að halda uppi lögregluliði.

Í 2. mgr. eru talin upp hlutverk lögreglunnar. Ákvæðið, eins og það er hér, er mun ítarlegra en 1. gr. gildandi lögreglulaga. Samkvæmt ákvæðinu er hlutverk lögreglu margþætt.

Í a-lið er orðuð sú almenna skylda lögreglu að halda uppi almannaöryggi og allsherjarreglu en í því felst einnig gæsla öryggis einstakra borgara ef því er að skipta. Þetta er efnislega í samræmi við það sem fram kemur í 1. gr. gildandi lögreglulaga.

Í b-lið er m.a. skilgreint það hlutverk lögreglu að stemma stigu við afbrotum. Hér er fyrst og fremst átt við skyldu hennar til afskipta þar sem brot kunna að vera yfirvofandi. Hér fellur einnig undir forvarnarstarf en sífellt meiri áhersla hefur verið lögð á þann þátt í starfi lögreglunnar hin síðustu ár.

Í c-lið er kveðið á um rannsóknarhlutverk lögreglu og skyldu hennar til að stöðva ólögmæta hegðun ef því er að skipta. Fyrirmæli um rannsókn mála og þvingunaraðgerðir lögreglu í þágu rannsóknar máls er að finna í IX.– XIII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Í þessum lið er einnig kveðið á um skyldu lögreglu til að fylgja málum eftir. Hér er vísað til þess að í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sbr. 7. og 8. tölul. 107. gr. laga nr. 92/1991 og 2. og 4. gr. laga nr. 38/1993, er lögreglu fengin heimild til þess að ljúka minni háttar opinberum málum með sektargerð, sbr. 115. gr. og lögreglustjórum er falið ákæruvald í veigaminni málum, sbr. 28. gr.

Í lagatextanum er látið nægja að vísa til laga um meðferð opinberra mála í heild án frekari tilgreiningar. Þykir fara betur á því í lagatexta þar sem hætta er á að nákvæmar tilvitnanir til laga verði gagnslitlar vegna breytinga á þeim. Má í því sambandi benda á tilvitnun í 1. gr. gildandi lögreglulaga til laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961. Þau lög voru felld úr gildi með lögum nr. 74/1974 sem aftur voru felld úr gildi með gildandi lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Í d-lið er kveðið á um þjónustu- og hjálparhlutverk lögreglunnar. Orðalag ákvæðisins er að hluta sótt til 2. málsl. 34. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.

Í e-lið er kveðið á um þá skyldu lögreglu að leggja yfirvöldum, þ.e. stjórnvöldum og öðrum opinberum aðilum, s.s. dómstólum, lið við framkvæmd starfa sinna eftir beiðni þeirra þegar lög bjóða eða venja stendur til þess. Í fjölmörgum ákvæðum laga er gert ráð fyrir þessu. Má sem dæmi nefna 3. mgr. 6. gr. berklavarnalaga, nr. 66/1939, 1. mgr. 14. gr. laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, 1. mgr. 15. gr. laga um dýravernd, nr. 21/1957 (sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968), 4. mgr. 2. gr., 10. gr., 12. gr. og 13. gr. farsóttalaga, nr. 10/1958 (sbr. 14. gr. laga nr. 108/1988 og 37. gr. laga nr. 92/1991), 3. mgr. 144. gr. laga um loftferðir, nr. 34/1964, 2. mgr. 29. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, 1. mgr. 28. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, 3. mgr. 82. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, 3. mgr. 7. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, 4. mgr. 230. gr. siglingalaga, nr. 34/1985 (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1986 og 13. tölul. 82. gr. laga nr. 92/1991), 4. mgr. 9. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, 3. mgr. 29. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987 (sbr. 14. gr. laga nr. 90/1987), 4. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, 3. mgr. 4. gr. laga um bifreiðagjald, nr. 39/1988, 3. mgr. 28. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 3. mgr. 24. gr., 29.–31. gr. og 75. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, 11. gr. og 1. mgr. 32. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, 2. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 58. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, 2. mgr. 60. gr. laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991, 3. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 55. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, 14. gr. og 2. mgr. 17. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, og 22. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993.

Í f-lið er kveðið á um skyldu lögreglu til samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir að því marki sem lög eða stjórnvaldsfyrirmæli eru því ekki til fyrirstöðu. Slík samvinna við t.d. skóla og félagsmiðstöðvar er mikilvægur þáttur í forvarnarstarfi lögreglunnar. Í einstökum lagaákvæðum er beinlínis gert ráð fyrir slíkri samvinnu. Má sem dæmi nefna 1. mgr. 7. gr. laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, nr. 24/1936, 267. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 2. mgr. 30. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, 3. mgr. 26. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, og 1. og 5. mgr. 16. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.

Loks kemur fram í g-lið skylda lögreglu til að hafa með höndum önnur verkefni sem hin ýmsu lög fela henni eða byggjast á venju. Dæmi um lagaákvæði þar sem lögreglu er falinn starfi, auk þeirra sem að framan eru talin, má nefna: Opið bréf (frá kansellíinu) um meðferð á fundnu fé í kaupstöðum, frá 8. júní 1811, 3. gr. tilskipunar um skyldu manna að bjarga mönnum sem sýnast dauðir, frá 4. ágúst 1819, 2. gr. laga um siglingar og verzlun á Íslandi frá 15. apríl 1854, 1. gr. laga um viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febr. 1872 um síldar- og upsaveiði með nót, nr. 53/1901, 7.–9. gr. laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, nr. 42/1913, 2. mgr. 138. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, 1. mgr. 1. gr. laga um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), nr. 6/1926, 1.–2., 6.–8.,

10.–14., 16.–21., 23.–24., 26. og 28.–29. gr. laga um um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926 (sbr. 1.–2. gr. laga nr. 44/1965, 1. tölul. 91. gr. laga nr. 90/1991 og 12. gr. laga nr. 92/1991), 9. gr. laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45/1926, 1. mgr. 11. gr. laga um tilbúning og verslun með smjörlíki o.fl., nr. 32/1933, 10. gr. laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, nr. 24/1936, 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, nr. 16/1938 (sbr. 1. tölul. 195. gr. laga nr. 19/1991), 6. mgr. 9. gr. berklavarnalaga, nr. 66/1939, 2.–3. mgr. 52. gr. og 3. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (sbr. 42. tölul. 194. gr. laga nr. 19/1991 og 1. tölul. 23. gr. laga nr. 92/1991), 9. og 10. gr. laga um þjóðfána Íslendinga, nr. 34/1944, 2. mgr. 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, 2. mgr. 1. gr. laga um íslensk vegabréf, nr. 18/1953, 1. mgr. 23. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956, 2.–3. mgr. 4. gr. og 14. gr. laga um dýravernd, nr. 21/1957 (sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, 4. gr. laga nr. 47/1990 og 28. gr. laga nr. 116/1990), 6. gr. og 5. mgr. 15. gr. farsóttalaga, nr. 10/1958, 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 8. gr. laga um almannavarnir, nr. 94/1962 (sbr. 4.–5. gr. laga nr. 85/1985), 6. mgr. 52. gr. og 142. gr. laga um loftferðir, nr. 34/1964, 1. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39/1964, 7. mgr. 1. gr. laga um útgáfu og notkun nafnskírteina, nr. 25/1965, 2. mgr. 20. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, nr. 30/1966, 1. mgr. 4. gr., 5. gr., 2.–3. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 20. gr. áfengislaga, nr. 82/1969 (sbr. 3. og 8. gr. laga nr. 25/1989 og 2. tölul. 36. gr. laga nr. 37/1993), 1. og 5. gr. laga um gæðamat á æðardún, nr. 39/1970 (sbr. 54. gr. laga nr. 92/1991), 4. gr. laga um skemmtanaskatt, nr. 58/1970, 4. mgr. 35. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, 3. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga um opinberar fjársafnanir, nr. 5/1977, 37. gr. vegalaga, nr. 6/1977 (sbr. 72. gr. laga nr. 87/1989), 5. mgr. 10. gr., 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 17. gr., 1. og 6. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 31. gr. og 32. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46/1977 (sbr. 4. tölul. 36. gr. laga nr. 37/1993), 12. og 13. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, 3. mgr. 69. gr. og 75. gr. laga um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, 1. gr., 3. gr., 4. gr. og 8. gr. laga um sölu notaðra lausafjármuna, nr. 61/1979, 2. mgr. 81. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, 3. gr. laga um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33/1983, 3., 7. og 11. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, 2. mgr. 29. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986 (sbr. 1. tölul. 87. gr. laga nr. 92/1991), 2. mgr. 5. gr. og 9. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar nr. 3/1987, 2. mgr. 34. gr., 1. og 2. mgr. 47. gr., 1. mgr. 48. gr., 5. mgr. 51. gr., 2. mgr. 52. gr., 1. mgr. 53. gr., 1. mgr. 70. gr., 3. mgr. 75. gr., 3. mgr. 76. gr., 3. mgr. 77. gr., 1. mgr. 78. gr., 2.–3. mgr. 81. gr., 82. gr., 2. mgr. 83. gr., 85. gr., 2. mgr. 87. gr., 1. mgr. 103. gr., 2. mgr. 106. gr. og 1.–4. mgr. 110. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987 (sbr. lög nr. 90/1991 og 44/1993), 7. gr. laga um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988, 4. gr. laga um bifreiðagjald, nr. 39/1988, 3. mgr. 23. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988 (sbr. lög nr. 1/1992), 1. mgr. 37. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, 1. mgr. 20. gr., 28. gr., 1.–2. mgr. 29. gr. og 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 (sbr. 7. tölul. 107. gr. laga nr. 92/1991 og 2. og 4. gr. laga nr. 38/1993), auk ýmissa fyrirmæla í VI. og IX.–XIV. kafla sömu laga, 3. mgr. 11. gr. laga um búfjárhald, nr. 46/1991, 21. gr. og 1. og 3. mgr. 22. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, 1. mgr. 5. gr. og 26. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, 19. gr. og 2. mgr. 32. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, og 2. mgr. 3. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um það að lögregla skuli í störfum sínum virða þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur gerst aðili að. Hér er einkum hafður í huga Evrópuráðssamningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 ásamt síðari viðaukum (mannréttindasáttmáli Evrópu). Einnig koma til álita mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966 sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þá má nefna Vínarsamninga um stjórnmála- og ræðissamband frá 24. apríl 1963 og Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959 ásamt síðari viðauka. Loks má hér geta Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóvember 1987, sbr. lög nr. 15/1990.

Ákvæði 2. gr. þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að minna á tilvist þessara sáttmála og undirstrika mikilvægi þeirra. Í því sambandi er einnig sérstaklega bent á að dómstólar hér á landi hafa á síðustu árum í mjög auknum mæli tekið tillit til slíkra þjóðréttarsamninga við úrlausn mála, einkum þó mannréttindasáttmála Evrópu. Í greinargerð með frumvarpi til laga um mannréttindasáttmála Evrópu, sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi 1992–93, er að finna athugun á þessu. Í niðurstöðum nefndarinnar sem samdi það frumvarp segir m.a. að Hæstiréttur hafi ekki aðeins tekið upp ákveðnari stefnu um að skýra landsrétt til samræmis við þjóðréttarskuldbindingar ríkisins samkvæmt mannréttindasáttmálanum heldur hafi verið gengið lengra og talið fært að víkja í raun til hliðar settri lagareglu sem samrýmist ekki ákvæðum sáttmálans. Leggur nefndin til að mannréttindasáttmáli Evrópu verði lögfestur hér á landi sem almenn lög. Ákvæði 2. gr. frumvarps þessa er í samræmi við þessa þróun og með henni er lögð enn frekari áhersla á að þessar skuldbindingar verði virtar.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er leitast við að skilgreina hvað átt sé við með hugtakinu „lögreglumaður“.

Í frumvarpinu er orðið „lögregla“ notað sem heildarheiti á þeirri stofnun þjóðfélagsins sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu.

Hugtakið „lögreglumaður“ tekur til þeirra starfsmanna lögreglunnar sem fara með lögregluvald, þ.e. þeirra starfsmanna löggæslunnar sem hafa heimild til að beita þeim úrræðum sem lög heimila lögreglu í því skyni að hún fái gegnt hlutverki sínu.

Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er nánar kveðið á um það hvaða starfsmenn lögreglu það eru sem hafa lögregluvald. Í 2. mgr. sömu greinar er gert ráð fyrir því að ríkislögreglustjóri geti kveðið á um að aðrir starfsmenn lögreglu en þeir sem taldir eru upp í 1. mgr. skuli hafa lögregluvald ef störf þeirra eru þess eðlis að eðlilegt verði að telja að þeir hafi slíkt vald.

Aðrir þeir sem taldir eru upp í 3.–7. mgr. 8. gr. frumvarpsins teljast ekki til lögreglumanna enda þótt þeir hafi lögregluvald. Að öðru leyti vísast til athugasemda við þá grein.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um skipulag lögreglu og æðstu stjórn. Í honum er að finna helsta nýmæli laganna sem er stofnun embættis ríkislögreglustjóra. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er ríkislögreglustjóra ætlað að taka við fjölmörgum verkefnum sem fram til þessa hafa verið í höndum dómsmálaráðuneytisins, lögreglustjórans í Reykjavík og rannsóknarlögreglu ríkisins. Ríkislögreglustjóra er í aðalatriðum falið að fara með

málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra. Stofnun embættis ríkislögreglustjóra er m.a. á því byggð að nauðsynlegt sé að fela einum aðila reglubundið eftirlit og samræmingu í störfum hinna 27 lögreglustjóraembætta landsins.

Þá er gert ráð fyrir því að við embætti ríkislögreglustjóra verði starfræktar sérstakar rannsóknardeildir. Hlutverk þeirra er skýrt í d-lið 2. mgr. 5. gr. en það eru er að aðstoða lögreglustjóra í umdæmum við hvers konar rannsóknir eftir því sem þörf er talin á. Samhliða þessu er ætlunin að efla rannsóknarhlutverk lögreglustjóranna með því að fjölga þeim málaflokkum sem undir þá heyra. Í samræmi við þetta er einnig gert ráð fyrir að rannsóknarlögregla ríkisins verði lögð niður í núverandi mynd sinni.

Í 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um æðstu stjórn lögreglunnar. Dómsmálaráðherra er enn sem áður æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Þá er gert ráð fyrir að sérstakt embætti ríkislögreglustjóra fari, ásamt lögreglustjórum í umdæmum, með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra.

Í 5. gr. er hlutverkum ríkislögreglustjóra lýst. Þá er í lok ákvæðisins gert ráð fyrir að skipaður verði vararíkislögreglustjóri sem ætlað er að vera staðgengill ríkislögreglustjóra í fjarveru hans eða forföllum.

Í 1. mgr. 6. gr. er kveðið á um skiptingu landsins í lögregluumdæmi og er það í samræmi við lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, sbr. 11. gr. þeirra laga. Í 2.–4. mgr. 6. gr. frumvarpsins er að finna ýmis nýmæli. Í 2. mgr. er sérstaklega kveðið á um sjálfstæði lögreglustjóra í starfi þrátt fyrir að komið verði á fót embætti ríkislögreglustjóra. Með því er átt við að eftir sem áður sé hver lögreglustjóri ábyrgur fyrir framkvæmd lögreglustarfa í umdæmi sínu og rekstri embættis síns frá degi til dags. Ríkislögreglustjóra er hvorki ætlað að skipta sér af daglegum rekstri lögreglustjóraembættanna né á hann að gefa lögregluliðunum fyrirmæli í einstökum málum. Í 3. og 4. mgr. er síðan að finna heimildir til að fela öðrum en hinum reglubundna lögreglustjóra umdæmis lögreglustjórn þess.

Í 7. gr. eru reglur um starfssvæði lögreglu. Þar er að finna ýmis nýmæli sem þó eru að mestu leyti í samræmi við ríkjandi framkvæmd. Í 1. mgr. segir að lögreglumenn fari með lögregluvald hvar sem er á landinu. Þá kemur fram í 2. mgr. meginreglan um starfssvæði lögreglumanna en í 4. mgr. eru síðan tilgreindar aðstæður sem réttlæta undantekningar frá henni. Tilefni þess að ákvæði þessa efnis var tekið upp í lagafrumvarpið var ekki síst dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá 31. janúar 1992 en í tengslum við það mál reis ágreiningur um staðarleg mörk lögreglumanna.

Í 8. gr. eru þeir tilgreindir sem hafa lögregluvald. Þeir sem nefndir eru í 1. og 2. mgr. teljast til lögreglumanna ríkisins, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Í 9. gr. eru ákvæði um héraðslögreglumenn og í 10. gr. eru ákvæði um samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga sem ætlunin er að koma á fót í hverju lögregluumdæmi landsins. Ákvæði 10. gr. eru nýmæli. Hugmyndin að stofnun slíkra nefnda hefur þó komið fram áður. Er hún m.a. reifuð af Ólafi Jóhannessyni, þáverandi forsætisráðherra, er hann mælti fyrir frumvarpi því sem síðar varð að gildandi lögreglulögum, nr. 56/1972 (Alþt. B 1971, 1751).

Um 4. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er dómsmálaráðherra æðsti yfirmaður lögreglunnar. Þá er gert ráð fyrir sérstöku embætti ríkislögreglustjóra er fari með stjórn lögreglunnar í landinu ásamt lögreglustjórum í umboði ráðherra. Hugmyndin að embætti ríkislögreglustjóra er komin frá Norðurlöndunum. Gert er ráð fyrir því að embætti ríkislögreglustjóra heyri und-

ir dómsmálaráðherra. Um hlutverk ríkislögreglustjóra er nánar fjallað í 5. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er hlutverki ríkislögreglustjóra lýst í meginatriðum:

Miðlun upplýsinga/ákvarðana og eftirlit.

Eitt af meginhlutverkum ríkislögreglustjóra er að miðla upplýsingum innan lögreglunnar og fylgjast með og vinna að því að ákvörðunum æðstu handhafa ríkisvaldsins, hinum pólitísku ákvörðunum sem lúta að löggæslu, t.d. forgangsröðun verkefna og hvers konar öðrum áhersluatriðum, verði fylgt eftir.

Ríkislögreglustjóra er jafnframt ætlað að miðla upplýsingum frá lögreglunni til æðstu handhafa ríkisvaldins (dómsmálaráðherra). Til þess að geta sinnt því hlutverki verður ríkislögreglustjóri m.a. að halda miðlægar skrár sem lögreglustjórar beina upplýsingum til með öllu því sem máli skiptir varðandi starfsemi lögreglunnar í landinu svo sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Hagræðing, samræming, framþróun og öryggi.

Ríkislögreglustjóra er ætlað að vinna að og gera tillögur um hvaðeina í þessum efnum og síðan miðla ákvörðunum, verklagsreglum og leiðbeiningum til lögreglustjóra og lögregluliða.

Honum ber m.a. að huga að fjárþörf og nýtingu fjárveitinga, mannahaldi, tækjabúnaði, þar með talið tölvubúnaði, stjórnun lögregluliða, samræmingu í störfum á landinu öllu, þróun nýrra vinnuaðferða og vinnubragða, forvarnarstarfi, nýmælum í tæknilegum efnum, þjálfun, menntun, öryggismálum þeirra sem starfa við löggæslu og enn fremur að réttaröryggi borgaranna.

Milliríkjasamskipti.

Hér er einkum átt við samskipti innan alþjóðasamtaka sakamálalögreglu — Interpol — en gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra muni kveða nánar á um í reglugerð hvernig samskiptum milli ríkja í löggæslumálum verði háttað.

Aðstoð og stuðningur við lögreglustjóra.

Byggt er á þeirri grundvallarreglu að lögreglustjórar stjórni og beri ábyrgð á hvers konar löggæslustörfum hver í sínu umdæmi. Hins vegar er ríkislögreglustjóra ætlað að veita lögreglustjórum stuðning og aðstoð þegar þeir leita eftir. Stuðningur eða aðstoð ríkislögreglustjóra kann að vera fólginn í upplýsingamiðlun einni en annars í miðlun liðsstyrks úr öðru umdæmi, sbr. a-lið 4. mgr. 7. gr. frumvarps þessa, eftirgrennslan, aðstoð tæknirannsóknarmanna á vettvangi eða á rannsóknarstofu, aðstoð rannsóknara við meðferð máls o.s.frv.

Til þess að sinna þessu hlutverki verður ríkislögreglustjóri að starfrækja deild sem sinnir tæknilegum rannsóknum svo og deild rannsóknara sem geta fyrirvaralaust farið hvert á land sem er til aðstoðar lögreglustjórum við meðferð mála, sbr. d- og e-lið 2. mgr.

Gert er ráð fyrir að ríkissaksóknari geti gefið almennar leiðbeiningar eða fyrirmæli til lögreglustjóra um að þeim beri að leita aðstoðar við rannsókn tiltekinna alvarlegra afbrota. Sem dæmi má nefna að rétt þykir að þess háttar leiðbeiningar eða fyrirmæli kveði á um að lögreglustjórar skuli leita aðstoðar tæknideildarinnar til vettvangsrannsóknar vegna manndrápa, alvarlegra kynferðisbrota og brennumála.

Eðlilegt er að kennslburðarnefnd eða ID-nefnd heyri undir ríkislögreglustjóra en hlutverk hennar er að aðstoða lögreglustjóra við að endurþekkja lík sem ekki er mögulegt að bera kennsl á með einföldum aðferðum.

Viðfangsefni á landsvísu.

Til dæmis um viðfangsefni á landsvísu sem rétt þykir að ríkislögreglustjóri annist má fyrst nefna kerfisbundna söfnun og úrvinnslu upplýsinga um afbrot og afbrotamenn sem nota má til afbrotagreiningar og miðlunar til lögreglustjóra í þágu löggæslunnar.

Upplýsingar um afbrot munu berast frá öllum lögreglustjórum á landinu til miðlægrar skrár og sama máli gengir um fingraför af afbrotamönnum, ljósmyndir, brotaferil o.s.frv. Til þeirrar skrár verða jafnframt að berast upplýsingar frá ríkissaksóknara, dómstólum og fangelsisyfirvöldum um framgang og lyktir mála til þess að upplýsingar um feril tiltekins máls, þar með talið fullnustu dóms, liggi fyrir á einum stað. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra mæli nánar fyrir um þetta efni í reglugerð.

Í 2. mgr. eru nokkur sérstök viðfangsefni eða verkefni tilgreind sem annars féllu undir f-lið 1. mgr. og er ástæða til að fara nokkrum orðum um rannsóknir skatta- og efnahagsbrota þar sem sérstaklega er undirstrikað að rannsóknardeildir ríkislögreglustjóra aðstoði lögreglustjóra við rannsókn slíkra mála.

Rannsóknarverkefnin sem hér er fyrst og fremst átt við eru umfangsmikil afbrot á sviði fjármála og viðskipta. Þau kunna að geyma gróf auðgunarbrot, brot sem lúta að löggjöf um tekjuöflun hins opinbera, gjaldeyrismál, verðlags- og samkeppnismál, verðbréfaviðskipti og önnur brot sem eðli máls samkvæmt teljast til efnahagsbrota. Rannsókn efnahagsbrota getur oft staðið í mánuði, jafnvel ár, og krefst sérstakrar þekkingar á viðskiptum og bókhaldi.

Þegar taka þarf ákvörðun um hvort rannsóknardeild ríkislögreglustjóra er kölluð til aðstoðar ber að taka tillit til:

a. umfangs rannsóknarinnar og hve margslungið málið er,
b. verðmætanna eða fjármunanna sem málsrannsóknin snýst um,
c. hvort málið eða viðskiptin, sem fjallað er um í rannsókninni, tengist öðru landi,
d. hvort málið hafi grundvallarþýðingu með tilliti til almannahagsmuna og um leið fordæmisgildi.

Er þess vænst að rannsóknardeild (í framtíðinni muni lögreglustjórar), starfsmenn frá embætti ríkissaksóknara, saksóknari, og e.t.v. fleiri starfsmenn embættis ríkissaksóknara (ríkislögreglustjóra) hafa náið og fastmótað samstarf um í rannsókn þessara afbrota í samræmi við ákvarðanir þar um, allt til þess að auka skilvirkni í rannsókn og meðferð mála þessarar tegundar, sem mikilvægt er að taka fastari tökum en áður. Má og minna á það sem að framan sagði um möguleika ríkissaksóknara til að gefa lögreglustjórum fyrirmæli um að leita aðstoðar við rannsókn tiltekinna alvarlegra brota.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra setji nánari fyrirmæli um starfsemi embættis ríkisslögreglustjóra.

Í 4. mgr. er kveðið á um stöðu vararíkislögreglustjóra og hlutverk hans. Um skipun hans og hæfniskröfur vísast til 28. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um skiptingu landsins í lögregluumdæmi og stjórn þeirra.

Samkvæmt 1. mgr. falla lögregluumdæmin saman við stjórnsýsluumdæmin eins og þau eru nú ákvörðuð í 11. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989. Þau eru nú 27 talsins. Í aðskilnaðarlögunum er einnig tekið fram að sýslumenn samkvæmt þeim lögum fari jafnframt með lögreglustjórn að því leyti sem hún er ekki falin öðrum, sbr. 10. gr. þeirra laga. Með þessu síðasttalda er átt við embætti lögreglustjórans í Reykjavík, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. aðskilnaðarlaganna. Um skipun í embætti lögreglustjóra og hæfniskröfur gilda ákvæði 14. gr. aðskilnaðarlaganna, sbr. einnig 28. gr. frumvarps þessa.

Í 1. málsl. 2. mgr. er kveðið á um að lögreglustjórar annist stjórn lögreglu hver í sínu umdæmi og er ákvæðið samhljóða 1. mgr. 2. gr. gildandi lögreglulaga. Þá er í 2. málsl. lögð áhersla á sjálfstæði einstakra lögreglustjóra við daglega stjórn og rekstur embætta sinna og við framkvæmd lögreglustarfa í umdæmi sínu.

Í 3. og 4. mgr. er mælt fyrir um heimild dómsmálaráðherra til að fela öðrum en hinum reglubundna lögreglustjóra umdæmis lögreglustjórn.

Samkvæmt 3. mgr. getur dómsmálaráðherra falið öðrum en hinum reglubundna lögreglustjóra umdæmis að fara með lögreglustjórn þar tímabundið þegar sérstaklega stendur á eða þegar embætti er laust. Algengt er við þessar aðstæður að ráðherra feli lögreglustjóra í nærliggjandi umdæmi lögreglustjórn tímabundið.

Í 4. mgr. er kveðið á um skipun lögreglustjóra „ad hoc“ til meðferðar einstaks máls. Hér er einkum haft í huga ef talið verður að hinn reglubundni lögreglustjóri sé vanhæfur til meðferðar máls samkvæmt almennum reglum. Þá er hugsanlegt að ákvæðinu verði beitt ef verkefnið er mjög sérstakt eða umfangsmikið og því talið heppilegt að fela það öðrum.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um starfssvæði lögreglumanna. Í 1. mgr. er sérstaklega tekið fram að lögreglumenn hafi lögregluvald hvar sem er á landinu. Um lögregluvald er að öðru leyti fjallað í 8. gr. frumvarpsins og athugasemdum við hana.

Í 3. mgr. 2. gr. og 6. gr. gildandi lögreglulaga eru ákvæði um starfssvæði lögreglu. Þótt ekki komi það fram berum orðum í gildandi lögreglulögum hefur sú meginregla gilt að starfsvettvangur lögreglumanns sé það umdæmi sem hann er skipaður, settur eða ráðinn til þess að starfa í, enda er jafnan tilgreint í skipunarbréfum þeirra við hvaða embætti þeir eru skipaðir, settir eða ráðnir. Þrátt fyrir þessa meginreglu er dómsmálaráðherra heimilt skv. 3. mgr. 2. gr. gildandi lögreglulaga að ákveða að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum hvar sem er á landinu. Svokallaðri þjóðvegalögreglu, sem starfað hefur um langt árabil og er hluti af umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík, var fyrir rúmum áratug falið að gegna slíku hlutverki með formlegum hætti og um það settar starfsreglur. Þá kemur enn fremur fram í 6. gr. gildandi lögreglulaga að standi sérstaklega á geti ráðherra mælt svo fyrir að lögreglulið skuli gegna löggæslustörfum utan umdæmis síns og ákveði þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess. Þá segir að þess skuli þó jafnframt gæta að hægt sé að halda uppi löggæslu á þeim stað sem lið er flutt

frá. Í framkvæmd hefur þó verið vikið frá meginreglunni í ríkari mæli. Má þar nefna að um árabil hefur tíðkast að lögreglumaður fari ásamt starfsmanni Vegagerðar ríkisins til að annast þungamælingar í ýmsum lögregluumdæmum. Sama hefur verið um Bifreiðaskoðun Íslands hf. og áður Bifreiðaeftirlit ríkisins að lögreglumaður hefur farið í eftirlitsferðir um landið ásamt skoðunar-/bifreiðaeftirlitsmanni frá stofnuninni til löggæsluverkefna. Ekki hefur verið gengið frá því með formlegum hætti, hvorki með ákvörðun ráðherra né annars konar staðfestingu, að þessir lögreglumenn megi starfa hvar sem er á landinu. Hlutaðeigandi lögreglumenn hafa ýmist verið frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, Kópavogi eða Hafnarfirði. Þá annast lögreglan í Reykjavík öryggisgæslu vegna erlendra þjóðhöfðingja og annarra fyrirmenna á ferð um landið.

Víða um landið hafa skapast venjur sem yfirleitt stafa af fámenni lögreglu, fjarlægð eða af öðrum hagkvæmnisástæðum um það að lögreglumenn hafi með höndum lögreglustörf í öðru umdæmi en sínu eigin, ýmist að beiðni viðkomandi lögreglustjóra eða án beiðni. Nægir í þessu efni að nefna nokkur dæmi: Lögreglumenn úr Reykjavík önnuðust lengi vel löggæslu á Þingvöllum og annast nú löggæslu í Bláfjöllum sem eru í Árnessýslu. Lögreglan á Neskaupstað annast löggæslu í Norðfjarðarhreppi sem er í S-Múlasýslu. Lögreglan í Húnavatnssýslu annast löggæslu á Holtavörðuheiði sem er í Strandasýslu. Lögreglan á Akureyri annast löggæslu í vestasta hluta Þingeyjarsýslu og jafnvel yfir í Vaglaskóg.

Í frumvarpinu er lagt til að reglur um starfssvæði lögreglu verði markaðar með skýrari hætti en gert er í gildandi lögum. Í 2. mgr. er orðuð sú meginregla sem talin hefur verið gilda að starfsvettvangur lögreglumanns sé það umdæmi sem hann er skipaður, settur eða ráðinn í samkvæmt skipunarbréfi ráðherra.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra geti kveðið á um að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum alls staðar á landinu. Hér er einkum átt við þjóðvegalögreglu og öryggislögreglu vegna heimsókna erlendra þjóðhöfðingja.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um undantekningar frá meginreglunni í 2. mgr.

Í a-lið er að finna heimild fyrir ríkislögreglustjóra til að ákveða að höfðu samráði við lögreglustjóra að hluti lögregluliðs skuli tímabundið sinna löggæslustörfum utan umdæmis síns. Gert er ráð fyrir að heimildinni verði aðeins beitt þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna útisamkoma eða annarra slíkra viðburða þar sem þörf er fyrir aukna löggæslu um tíma. Þess verður þó jafnan að gæta að slíkar ákvarðanir komi ekki niður á löggæslu í því umdæmi sem lið er flutt frá. Fyrirmynd ákvæðisins er 6. gr. gildandi lögreglulaga.

Samkvæmt b-lið geta lögreglustjórar haft samráð sín á milli um flutning lögregluliðs milli umdæma ef þurfa þykir til að sinna einstökum verkefnum. Ákvæðið er í samræmi við venjur sem myndast hafa í þessum efnum. Rétt þykir að kveða á um þetta í lögum.

Í c-lið er mælt fyrir um þrenns konar undanþágur frá umdæmamörkum: Í fyrsta lagi er lögreglumanni heimilt að fara út fyrir umdæmi sitt til þess að ljúka lögregluaðgerð sem hafin er innan þess. Sem dæmi má nefna að lögreglumaður hefur hafið eftirför í sínu eigin umdæmi, en verður að fara inn í annað umdæmi til að halda henni áfram. Í öðru lagi er lögreglumanni heimilt að fara út fyrir umdæmi sitt ef verkefnið krefst þess. Með því er átt við að mál þoli ekki bið eða gæti spillst við biðina. Að síðustu er settur sá almenni fyrirvari að lögreglumaður geti farið út fyrir umdæmi sitt ef brýna nauðsyn ber til svo sem til þess að afstýra yfirvofandi hættu á slysum eða eignaspjöllum.

Í d-lið er lagt til að lögfest verði venja sem myndast hefur í þessu efni. Sú óskráða starfsregla hefur jafnan gilt að lögreglumaður sem er einkennisbúinn að störfum, en á leið um annað lögregluumdæmi, láti til sín taka lögbrot sem hann stendur menn að og hafi afskipti af þeim. Sé þess kostur reynir lögreglumaður jafnan að kveðja til staðarlögreglu þannig að hún taki við máli en verði slíku ekki komið við lýkur hann sjálfur afgreiðslu þess með skriflegri kæru. Ávallt skal tilkynna um slíkar kærur og senda þær til lögreglustjórans í umdæminu þar sem brot var framið svo fljótt sem verða má.

Ekki þykir ástæða til að takmarka heimildina samkvæmt ákvæðinu við lögreglumann sem er einkennisklæddur að störfum heldur þykir eðlilegt að hún taki til allra lögreglumanna, sem eru að störfum, á ferð um annað lögreglumdæmi hvort sem þeir eru einkennisklæddir eða ekki.

Í 5. mgr. er lögð sú skylda á lögreglumann að tilkynna yfirmanni sínum um aðgerðir sínar samkvæmt c- eða d-lið 4. mgr. svo fljótt sem verða má. Þá skal á sama hátt tilkynna viðkomandi lögreglustjóra í umdæmi um aðgerðir lögreglumanns. Myndi yfirmaður lögreglumanns gera það eða lögreglumaðurinn sjálfur eftir atvikum.

Um 8. gr.

Hugtakið „lögregluvald“ er ekki notað í gildandi lögreglulögum. Það kemur aftur á móti fyrir í 6. gr. laga um hreppstjóra, nr. 32/1965, sbr. 43. gr. laga nr. 92/1991. Þá kom hugtakið fyrir í 2. og 3. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, þar sem bifreiðaeftirlitsmönnum var fengið lögregluvald á starfssviði sínu. Þau ákvæði voru afnumin með 17. gr. laga nr. 44/1993. Hugtakið kom einnig fyrir í 2. mgr. 19. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, en það ákvæði var afnumið með 56. tölul. 194. gr. laga nr. 19/1991.

Í framangreindum ákvæðum er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu. Fræðilega er lögregluvald ein tegund opinbers valds sem stjórnvöld fara með. Nánar telst lögregluvald til réttarvörsluvalds eins og fullnustuvald sýslumanna, enda felst í hvoru tveggja valdbeitingarheimild ef þörf krefur. Með „lögregluvaldi“ er nánar átt við vald sem lögreglunni einni er falið til að gefa fyrirskipanir og til að grípa til aðgerða gagnvart þegnunum, með valdbeitingu ef nauðsynlegt er. Slíkt vald hafa aðeins þeir starfsmenn lögreglu sem beinlínis hafa það hlutverk að halda uppi lögum og reglu í samfélaginu frá degi til dags og þeir sem eru í stöðum æðstu yfirmanna, sbr. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Rétt er að taka fram að með orðinu „lögregluþjónn“ í ákvæðinu er einnig átt við þá sem gegna stöðum yfirmanna í lögregluliði, svo sem yfirlögregluþjóna, varðstjóra o.s.frv. Skrifstofufólk og annað starfslið lögreglunnar, sem ekki gegnir hefðbundnum löggæslustörfum, hefur ekki slíkt vald. Lögregluvald fylgir því aðeins nánar tilgreindum störfum innan lögreglunnar.

Dómsmálaráðherra er heimilt skv. 2. mgr. að ákveða að tilteknir starfsmenn lögreglu, sem ekki falla undir upptalningu 1. mgr., hafi lögregluvald ef hann telur að slíks sé þörf við framkvæmd starfa þeirra. Hér má sem dæmi nefna löglærða fulltrúa lögreglustjóra sem margir hverjir hafa þau verkefni að stjórna, skipuleggja og aðstoða við rannsókn mála.

Samkvæmt 3. mgr. er dómsmálaráðherra einnig heimilt að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið eða til þess að sinna sérstökum verkefnum. Hér undir gætu fallið sérfróðir rannsóknarmenn, t.d. endurskoðendur.

Í 4. mgr. er kveðið á um að skipshafnir varðskipanna og tollgæslumenn fari með lögregluvald þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu. Ákvæðið er að mestu leyti í samræmi við 1. mgr. 4. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. og 1. mgr. 5. gr. laga um Landhelgisgæzlu Íslands, nr. 25/1967, og 1. mgr. 36. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Þó er í þessu frumvarpi sérstaklega tekið fram að þessir aðilar fari aðeins með lögregluvald þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu að þeir teljist til lögreglumanna ríkisins eins og gildandi lögreglulög gera ráð fyrir. Er það í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu lögreglumaður í 3. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Í 6. gr. laga um hreppstjóra, nr. 32/1965, sbr. 43. gr. laga nr. 92/1991, kemur m.a. fram að hreppstjórar fari með lögregluvald. Ákvæði 5. mgr. er í samræmi við það.

Samkvæmt 6. mgr. fara héraðslögreglumenn með lögregluvald þegar þeir gegna lögreglustarfinu. Í 9. gr. er að finna sérstakar reglur um héraðslögreglumenn.

Í 7. mgr. er kveðið á um að aðrir þeir sem kvaddir eru lögreglunni til aðstoðar lögum samkvæmt fari með lögregluvald á meðan þeir gegna starfanum. Lagaákvæði sem gera ráð fyrir aðstoð borgaranna við löggæslu eru: 19. gr. frumvarps þessa, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1989, 127. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 4. mgr. 41. gr. tollalaga, nr. 55/1987 og 73. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Í 8. gr. frumvarpsins er það tæmandi talið hverjir það eru sem fara með lögregluvald.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um héraðslögreglumenn, hlutverk þeirra og réttarstöðu. Sambærilegt ákvæði kom fyrst inn í lög um lögreglu árið 1940 (nr. 50/1940). Ástæðan var sú að þörf var talin á einhvers konar varaliði til að aðstoða við að halda uppi löggæslu á útisamkomum. Hefur ákvæðið verið í lögreglulögum allar götur síðan, en hlutverk héraðslögreglumanna orðið víðtækara. Heimildin í gildandi lögreglulögum er mikið notuð, sérstaklega utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Í ljósi þess þykir rétt að hafa þessa heimild áfram í lögum. Þótt héraðslögreglumenn þiggi föst laun fyrir starfa sinn er aðeins um aukastarf að ræða og einkum til þeirra leitað þegar þörf er aukinnar löggæslu af sérstökum ástæðum.

9. gr. frumvarpsins er hliðstæð 7. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 2. gr. laga nr. 108/1988. Í 1. mgr. hefur þó verið fellt niður ákvæði um fjölda héraðslögreglumanna í umdæmi þar sem ekki þykir ástæða til að binda fjölda þeirra í lögum. Þá er gert ráð fyrir að fá þurfi samþykki ríkislögreglustjóra fyrir ráðningu héraðslögreglumanns. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um störf þeirra. Núgildandi reglugerð um héraðslögreglumenn og aðra afleysingamenn í lögreglustarfi er nr. 284/1981. Ákvæði 4. mgr. 9. gr. frumvarpsins um réttarstöðu héraðslögreglumanna er efnislega samhljóða ákvæði 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar, en rétt þykir að það verði lögfest að öðru leyti en því að héraðslögreglumenn teljast ekki til lögreglumanna ríkisins skv. 3. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Þá er felld niður heimild í 4. mgr. 7. gr. gildandi laga fyrir héraðslögreglumenn til að taka sér aðstoðarmenn. Þykir heimildin óþörf þar sem hún hefur aldrei verið notuð.

Um 10. gr.

Samvinna lögreglu og sveitarstjórna hefur aukist nokkuð á síðustu árum á ýmsum sviðum, m.a. við lausn ýmissa félagslegra vandamála. Má þar nefna samvinnu um málefni barna og ungmenna og svonefndra „útigangsmanna“. Sem dæmi um hið fyrrnefnda má nefna að í Reykjavík hefur lögreglan í samvinnu við borgaryfirvöld rekið athvarf fyrir unglinga um helgar, svonefnda „útideild“. Þá má einnig geta hér um samstarf lögreglu og sveitarstjórna á sviði forvarna, en sífellt meiri áhersla er lögð á forvarnir til viðnáms gegn félagslegum vandamálum eins og t.d. afbrotum. Loks ber að nefna samstarf á sviði umferðarmála.

Í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að í hverju lögregluumdæmi landsins verði komið á fót samstarfsnefndum lögreglu og sveitarfélaga um málefni lögreglunnar í umdæminu. Ætlunin er að þessar nefndir verði vettvangur fyrir samstarf þessara aðila og fjalli um sameiginleg málefni þeirra.

Nokkur reynsla er komin á samstarf af þessu tagi þar sem slíkar nefndir starfa nú þegar í stærstu sveitarfélögum landsins, þar með talið í Reykjavík. Það er mat höfunda frumvarpsins að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel og að ástæða sé til að mæla fyrir um stofnun slíkra nefnda í lögum.

Um III. kafla.

Í III. kafla er fjallað um skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa. Þetta er einn þýðingarmesti kafli frumvarpsins.

Í kaflanum er að finna reglur um þær heimildir sem lögreglan hefur til þess að halda uppi lögum og reglu í landinu og um samskipti lögreglu og borgaranna. Þar er m.a. tilgreint af hvaða tilefni og með hvaða hætti lögreglunni er heimilt að hafa afskipti af borgurunum. Loks er fjallað um ýmis réttindi og skyldur lögreglumanna.

Sum ákvæðin eru hliðstæð ákvæðum sem er að finna í gildandi lögum um lögreglu eða í eldri lögum um meðferð opinberra mála. Önnur ákvæði eru aftur á móti nýmæli, en taka mið af ríkjandi réttarframkvæmd.

Mikilvægasta nýmæli kaflans felst í því að lögfestar verði ýmsar heimildir lögreglu, sem áður voru taldar felast í svonefndu „allsherjarumboði“ lögreglu, sbr. 13.–17. gr. Um þetta vísast nánar til athugasemda við einstakar greinar.

Í 11. gr. frumvarpsins eru almennar reglur um skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa. Sum þeirra ákvæða sem þar eru voru áður í eldri lögum um meðferð opinberra mála. Önnur ákvæði eru nýmæli í lögum um lögreglu, en eiga sér að nokkru leyti fyrirmynd í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954. Ákvæði 3. mgr. um lögregluskilríki er nýmæli í lögum sem er í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Í 12. gr. er beinlínis tekið fram að lögreglu sé heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Að sjálfsögðu er lögreglu aldrei heimilt að grípa til valdbeitingar nema önnur vægari úrræði hafi verið reynd. Þetta er í samræmi við 12. gr. stjórnsýslulaganna, nr. 37/1993, en þar er lögfest ein af grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins sem nefnd hefur verið meðalhófsreglan. Samkvæmt henni skal stjórnvald því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Þá segir að þess skuli gætt að ekki sé

farið strangar í sakirnar en nauðsyn beri til. Grundvallarregla þessi felur í sér að stjórnvöld verði að gæta hófs í meðferð valds síns. Lögreglunni ber ávallt að hafa meðalhófsregluna í heiðri við framkvæmd starfa sinna. Hún má þar af leiðandi aldrei ganga lengra en nauðsynlegt er hverju sinni. Ákvæðið er nýmæli í lögunum en í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Í 13. gr. eru m.a. tilgreindar þær aðstæður sem taldar eru réttlæta afskipti lögreglu af þegnunum. Ákvæðið er almennt orðað í þeim tilgangi að sem flest tilvik falli þar undir þar sem nauðsynlegt getur verið fyrir lögregluna að hafa afskipti af fólki. Ákvæði 13. gr. eru nýmæli í lögunum en í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Í 14. gr. er að finna heimild fyrir lögregluna til að færa mann á lögreglustöð ef ákveðin skilyrði eru fyrir hendi. Hér er um að ræða heimild til frelsissviptingar í stuttan tíma. Ekki er heimilt að læsa mann inni í fangaklefa samkvæmt þessu ákvæði. Hér er því um tiltölulega væga lögregluaðgerð að ræða. Vakin er sérstök athygli á d-lið 1. mgr. og bent á að ekki er heimilt á grundvelli hans að færa þann sem grunaður er um brot á lögreglustöð. Sé viðkomandi grunaður um brot ber að handtaka hann samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og nýtur hann þá réttarstöðu sem sakborningur. Heimild til að halda manni á starfsstöð lögreglu skv. 14. gr. er bundin tímatakmörkunum, sbr. 2. mgr. Ákvæði 14. gr. er nýmæli í lögunum. Nokkuð hefur tíðkast í framkvæmd að menn væru færðir á lögreglustöð í þeim tilvikum sem fram koma í greininni. Nauðsynlegt þykir að setja um þetta skýrari reglur.

Í 15. gr. er einnig að finna nýmæli í lögum sem er í veigamiklum atriðum í samræmi við ríkjandi framkvæmd. Þar er tekið fram að lögreglan megi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum taka ölvaðan mann, eða mann sem er undir áhrifum annarra vímugjafa, í sínar vörslur. Leiki grunur á að maður sé undir áhrifum ólöglegra vímugjafa ber að handtaka hann samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og nýtur hann þá réttarstöðu sakaðs manns. Sérstök athygli er vakin á 3. og 4. mgr. 15. gr. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að lögreglu beri að kalla til lækni til að meta ástand manns sem er illa á sig kominn sökum ölvunar eða vegna áhrifa annarra vímugjafa, áður en ákvörðun er tekin um vistun hans í fangageymslu. Þá getur lögregla skv. 4. mgr. fært mann í neyðarathvarf fyrir vímuefnaneytendur, sé það fyrir hendi, ef svo er ástatt um hann sem í 3. mgr. greinir og ástæða er til að ætla að hann eigi við vímuefnavandamál að stríða.

Meðferð lögreglu á fólki undir áhrifum vímugjafa, þar með talið áfengis, hefur valdið erfiðleikum í framkvæmd. Vegna þessa leitaði nefndin eftir áliti Ómars Smára Ármannssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns í forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík. Í greinargerð sem hann sendi nefndinni í júlí 1993 er framkvæmd þessara mála lýst eins og hún er í dag og settar fram hugmyndir um úrbætur. Ákvæði 3. mgr. 15. gr. tekur mið af ríkjandi framkvæmd að öðru leyti en því að lögð er sú skylda á herðar lögreglu að kalla til lækni áður en ákvörðun er tekin um vistun manns sem svo er ástatt um sem í ákvæðinu greinir. Það er síðan á ábyrgð læknisins að manni verði komið fyrir á viðeigandi sjúkrastofnun sé heilsu hans hætta búin. Í 4. mgr. er einnig gert ráð fyrir að lögregla geti fært mann í neyðarathvarf fyrir vímuefnaneytendur sé það fyrir hendi. Nefndin sem samdi þetta frumvarp leggur áherslu á nauðsyn þess að slíkum neyðarathvörfum verði komið á fót. Með ákvæðum 3. og 4. mgr. er enn fremur lögð áhersla á að meðferð manna, sem eru illa á sig komnir vegna neyslu áfengis eða annarra vímugjafa, sé fyrst og fremst málefni heilbrigðisþjónustunnar í landinu, en ekki löggæslunnar. Óviðunandi er að lögreglumenn, sem ekki hafa þá þekkingu til að bera sem nauðsynleg er til að meta alvarleika slíkra tilfella, verði gerðir ábyrgir fyrir ákvörðunum um meðferð fólks í slíku ástandi. Ör-

yggi þess fólks er ekki tryggt nema til komi atbeini fagfólks. Við það eru 3. og 4. mgr. miðaðar.

Þá er í lok 15. gr. lögfest heimild fyrir lögregluna til að leggja hald á og eyða áfengi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hér er um að ræða nýmæli sem er í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Í 16. gr. er nýmæli á ferðinni. Þar er lögreglu heimilað að leita á mönnum ef ákveðnar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. 1. og 2. mgr. Þá er lögreglu jafnframt heimilað að leita á fólki sem vistað er í fangageymslu, sbr. 3. mgr. Ákvæði 3. mgr. miðar fyrst og fremst að því að vernda þann mann sjálfan sem vistaður er og eignir hans.

17. gr., sem fjallar um afskipti lögreglu af börnum undir 16 ára aldri, er nýmæli í lögunum sem er í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Í 18. gr. er almennt ákvæði sem mælir fyrir um skyldu almennings til að hlýða fyrirmælum lögreglu. Þetta er nýmæli í lögum. Hliðstætt ákvæði er að finna í einstaka lögreglusamþykktum.

Í 19. gr. er kveðið á um skyldu borgaranna til að aðstoða lögreglu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ákvæði svipaðs efnis er í 2. mgr. 4. gr. gildandi lögreglulaga. Ákvæði 19. gr. er þó víðtækara.

Í 20. gr. er lagt bann við því að tálma lögreglu í störfum sínum. Greinin á sér fyrirmynd í gildandi lögreglulögum.

Um þagnarskyldu allra starfsmanna lögreglunnar eru ákvæði í 21. gr. frumvarpsins. Ekki hefur áður verið lögfest sérstakt ákvæði þessa efnis er gildi um alla starfsmenn lögreglunnar, hvort sem þeir fara með lögregluvald eða ekki. Fram að þessu hefur þagnarskylda starfsmanna lögreglunnar, eins og annarra opinberra starfsmanna, stuðst við almennt ákvæði þess efnis í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954. Vegna eðlis lögreglumannsstarfans þykir mikilvægt að mæla sérstaklega fyrir um þagnarskyldu starfsmanna hennar í lögum um lögreglu.

Í 22. gr. eru ákvæði um afskipti starfsmanna lögreglu af eigin málum eða nákominna vandamanna í starfi sínu. Hér er byggt á því að það teljist grundvallarregla að starfsmenn lögreglu beiti hvorki heimildum sínum í eigin málum né málum þeirra sem eru þeim nákomnir. Slíkt er augljóslega til þess fallið að ala á tortryggni í garð lögreglu. Á þetta reyndi að nokkru í dómi Hæstaréttar frá árinu 1989 (H.1989.512). Segja má að dómur þessi hafi verið tilefni þess að lagt er til að ákvæði þessa efnis verði beinlínis lögfest.

Ákvæði í 23. gr. frumvarpsins um afskipti lögreglu af vinnudeilum eru óbreytt miðað við gildandi lögreglulög.

Fram til þessa hafa reglur um skyldur lögreglumanna til afskipta af lögreglumálum í frítíma sínum verið óljósar. Í 24. gr. frumvarpsins er lagt til að settar verði um það skýrari reglur. Þar er talið upp hvenær lögreglumanni er skylt að hefjast handa og sinna lögreglustörfum utan vinnutíma síns. Af þessu verður dregin sú ályktun að þeir sem gegna stöðum lögreglumanna fari ávallt með lögregluvald, hvort sem er í vinnutíma þeirra eða utan hans. Þegar lögreglumenn grípa til aðgerða utan síns vinnutíma er ætlast til þess að þeir hafi samband við lögreglumenn sem eru að störfum þá stundina og láti þá taka við máli eins fljótt og unnt er.

Síðasta greinin í kaflanum fjallar um heimild til að fela lögreglu tollgæslustörf ef þörf er á. Greinin er tekin efnislega óbreytt úr gildandi lögreglulögum.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er lýst almennum skyldum lögreglumanna. Er m.a. kveðið á um skyldu þeirra til að sýna fyllstu kurteisi við framkvæmd starfa sinna og um skyldu þeirra til að hlýða löglegum fyrirmælum yfirboðara, en sambærileg ákvæði eru ekki í gildandi lögreglulögum. Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, er skyldum starfsmanna hins opinbera lýst í sérstökum kafla og er þar m.a. kveðið á um þessar skyldur. Þrátt fyrir það þykir rétt að lögfesta sérstakt ákvæði þessa efnis í lögum um lögreglu.

Ætlast er til að lögreglumenn sýni fyllstu kurteisi í hvívetna í umgengni við aðra, þ.e. þá sem þeir þurfa að hafa afskipti af, þá sem til þeirra leita, yfirmenn sína og aðra samstarfsmenn.

Í 2. mgr. (2. og 3. málsl.) er sett fram almenn regla um framkvæmd lögreglustarfa. Reglan er grundvölluð á svonefndri meðalhófsreglu (á dönsku proportionalitetsprincip). Grundvallaregla þessi felur m.a. í sér að stjórnvöld verði að gæta hófs í meðferð valds síns. Í samræmi við þetta skal lögregla í stað harkalegs úrræðis ávallt velja vægara úrræði ef það dugir og eðlilegt samræmi verður að vera milli þess óhagræðis, sem stafi af úrræði því sem beitt er, og þýðingar þess. Jafnan skal lögreglan því beita vægasta úrræði sem völ er á ef það nægir til að náð verði því markmiði sem að er stefnt og valdbeiting verður að vera hófleg miðað við þá almannahagsmuni sem í húfi eru. Meðalhófsreglan er talin mjög þýðingarmikil við framkvæmd lögreglustarfa. Meðalhófsreglan er lögfest í 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 (gildistaka 1. janúar 1994). Þar segir að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verði ekki náð með öðru vægara móti. Skuli þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því í 11. gr. frumvarpsins (1. málsl.) að lögregla skuli sýna mönnum tillitssemi og nærgætni við framkvæmd skyldustarfa sinna. Hún skuli jafnframt gæta fyllsta hlutleysis og réttsýni. Þetta er í samræmi við lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þar sem sérstaklega er tekið fram að lögregla skuli gæta hlutleysis er hún vinnur að rannsókn mála, sbr. 31. gr. þeirra laga.

Í 3. mgr. er lögfest ákvæði um lögregluskilríki, þ.e. skilríki sem lögreglumönnum er ætlað að bera við framkvæmd starfa sinna. Hér er í reynd um að ræða lögfestingu á þeirri framkvæmd sem tíðkast hefur hér á landi. Eðlilegt verður að telja að í skilríki sé tilgreindur gildistími þess. Með því er komið í veg fyrir að í umferð séu skírteini manna sem látið hafa af störfum, en bera þó með sér að vera enn í gildi.

Um 12. gr.

Ganga verður út frá því sem meginreglu að lögreglumenn framkvæmi skyldustörf sín án valdbeitingar. Það er þó ljóst að þær aðstæður skapast að nauðsynlegt er að grípa til hennar. Í 12. gr. frumvarpsins er lögreglumönnum heimilað að beita valdi við framkvæmd starfa sinna og er heimildin bundin tveimur skilyrðum: a) Að valdbeiting teljist nauðsynleg og forsvaranleg miðað við aðstæður og b) að aldrei sé gengið lengra í beitingu valds en nauðsynlegt er hverju sinni.

Ákvæðið byggir á meðalhófsreglunni sem lýst er í athugasemdum við 11. gr. og vísast til þess. Í henni felst m.a. sú almenna skylda stjórnvalda, þar með talið lögreglu, að beita ekki harkalegra úrræði en nauðsynlegt er til að náð verði því markmiði sem að er stefnt hverju sinni. Með þessu er lögð áhersla á að einungis verði gripið til valdbeitingar að önnur mildari úrræði hafa verið reynd, en án árangurs.

Um 13. gr.

Greinin er nýmæli. Þar er mælt fyrir um rétt lögreglu til þess að hafa afskipti af borgurunum við nánar tilgreindar aðstæður og með hvaða hætti. Tilgangur ákvæðisins er að treysta lagalegan grundvöll þessa réttar lögreglu. Hliðstætt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögreglulögum. Talið hefur verið að heimildir lögreglu í þeim tilfellum sem getið er í greininni rúmuðust innan þess sem kallað hefur verið allsherjarumboð (á dönsku generalfuldmagt) lögreglu. Með því er átt við þá óskráðu reglu að lögreglan hafi almenna venjumyndaða heimild innan vissra marka til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að halda uppi lögum og reglu í landinu. Það er mat nefndarinnar sem samið hefur þetta frumvarp að rétt sé að lögfesta þessar heimildir lögreglu. Byggist sú afstaða á svonefndri lögmætisreglu (á dönsku legalitetsprincip), þ.e. þeirri reglu að hið opinbera, lögreglan sem aðrir, þurfi að hafa heimild í lögum til afskipta af borgurunum gegn vilja þeirra.

Lagagreinin er þannig upp byggð að í 1. mgr. eru tilgreindar aðstæður sem taldar eru réttlæta afskipti lögreglu af þegnunum. Í 2. mgr. eru síðan taldar upp aðgerðir sem lögreglu er heimilt að grípa til við þessar aðstæður. Sú upptalning er ekki tæmandi. Allar þær aðstæður og heimildir sem nefndar eru í 1. og 2. mgr. hafa fram til þessa verið taldar rúmast innan allsherjarumboðsins. Í reynd er því lagt til að núverandi framkvæmd verði lögfest. Hér er því hvorki ætlunin að þrengja né rýmka þetta umboð lögreglu heldur miðar ákvæðið fyrst og fremst að því að tiltaka aðstæður og aðgerðir sem eru algengastar og taka þar með af allan vafa um lögmæti afskipta lögreglu.

Það er ljóst að erfitt er að setja sundurliðaðar og nákvæmar reglur sem kveða á um öll tilvik sem lögreglan kann að standa andspænis og þær aðgerðir sem hún kann að þurfa að grípa til. Þess vegna er 2. mgr. orðuð á almennan hátt þannig að litið verði á hana sem leiðbeinandi um hin ýmsu úrræði sem lögreglan getur gripið til en ekki sem tæmandi talningu á þeim.

Heimild til afskipta skv. 13. gr. er bundin við þá sem hafa lögregluvald.

Í 1. mgr. eru taldar upp þær aðstæður sem heimila afskipti lögreglu af borgurunum. Ákvæðið er almennt orðað og ætlað að taka til allra aðstæðna þar sem þörf kann að vera fyrir afskipti lögreglu af borgurunum í því skyni að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu, að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða að afstýra eða stöðva afbrot.

Í 2. mgr. eru nefnd dæmi um aðgerðir sem lögreglan getur gripið til. Upptalningin er ekki tæmandi. Heimild lögreglu til þess að fjarlægja fólk gengur skemmra en heimild lögreglu til að færa mann á lögreglustöð skv. 14. gr. Hér er fyrst og fremst átt við að fólk sé fjarlægt af vettvangi og farið með það burt, t.d. heim til sín, á slysavarðstofu o.s.frv. Þá felst einnig í þessu heimild til að halda því í stutta stund á meðan lögregla áttar sig á og nær tökum á aðstæðum, t.d. í lögreglubifreið. Í 2. málsl. 2. mgr. er enn fremur áréttað að þegar skilyrði 14. og 16. gr. eru fyrir hendi sé lögreglu einnig heimilt að beita þeim úrræðum sem þar er fjallað um.

Í 3. mgr. kemur fram að óhlýðnist maður fyrirmælum lögreglu sem gefin eru skv. 2. mgr. geti hún á hans kostnað gripið til ráðstafana sem hún telur nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almenningi í hættu.

Í 4. mgr. er sérstök heimild fyrir lögreglu til að krefjast þess að menn segi á sér deili ef gildar ástæður eru fyrir hendi. Ákvæði svipaðs efnis er nú t.d. í 8. gr. lögreglusamþykktar fyrir Garðakaupstað nr. 627/1987 og 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 625/1987.

Í 5. mgr. er kveðið á um heimildir lögreglu til afskipta af málefnum sem með réttu heyra undir önnur stjórnvöld þegar nauðsyn ber til.

Um 14. gr.

Greinin felur í sér heimild fyrir lögreglu til að færa mann á lögreglustöð, eða á annan stað þar sem hún hefur aðstöðu, og halda honum þar í stuttan tíma án þess að litið verði svo á að hann hafi verið handtekinn í skilningi 65. gr. stjórnarskrárinnar og XII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Sá maður, sem færður er á lögreglustöð á grundvelli þessa ákvæðis, hefur því ekki réttarstöðu sakbornings í skilningi laganna um meðferð opinberra mála. Í því felst m.a. að hann á ekki rétt á tilnefningu réttargæslumanns. Greinin felur ekki í sér heimild til þess að læsa mann inni í fangaklefa á meðan honum er haldið hjá lögreglu.

14. gr. frumvarpsins er nýmæli í lögum. Lengi hefur tíðkast að lögregla færði menn á lögreglustöð án þess að litið væri svo á að þeir væru handteknir þótt ekki væri til þess sérstök heimild í lögum. Hefur verið litið svo á að slík heimild rúmaðist innan þeirra heimilda sem lögregla hefur almennt til þess að halda uppi lögum og reglu. Sérstök lögfest heimild þar sem nánar er mælt fyrir um skilyrði fyrir beitingu þessa úrræðis, svo sem í hvaða tilfellum því má beita, hversu lengi megi halda mönnum o.fl., er til þess fallin að tryggja frekar réttaröryggi borgaranna í samskiptum við lögreglu. Þá verður almennt að telja að aðgerðir af þessu tagi, sem fela í sér heimild til að skerða frelsi manna, þurfi að eiga sér skýra lagastoð.

Samkvæmt 1. mgr. er lögreglunni heimilt að færa mann lögreglustöð ef það er talið nauðsynlegt:

a. til að halda uppi friði og ró eða koma í veg fyrir að almennri umferð verði raskað (sbr. a- og b-lið),
b. til að komast að því hver viðkomandi sé ef hann neitar að segja á sér deili eða ástæða er til að ætla að hann gefi rangar upplýsingar (sbr. c-lið) eða
c. í tilfellum þar sem brot hefur verið framið, eða grunur leikur á að brot hafi verið framið, og lögreglan telur þörf á að fá upplýsingar hjá þeim sem voru á eða nálægt vettvangi (sbr. d-lið).

Hið síðasttalda helgast fyrst og fremst af rannsóknarhagsmunum.

Í 2. mgr. er annars vegar mælt fyrir um að lögregla skuli skýra manni frá ástæðu þess að hann er færður á starfsstöð lögreglu og hins vegar er mælt fyrir um að manni skuli ekki haldið lengur á starfsstöð lögreglu en nauðsynlegt er og aldrei lengur en í fjórar klukkustundir. Ef nauðsynlegt er talið að halda manni lengur ber lögreglu að tilkynna honum að hann sé handtekinn og kynna honum réttarstöðu hans í samræmi við það.

Um 15. gr.

Í XII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er kveðið á um heimildir lögreglu til handtöku. Í e-lið 98. gr. þeirra laga segir að handtaka megi mann ef hann ærist á almannafæri, veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum. Hefur sú grein verið skýrð svo að þar undir gæti t.d. fallið handtaka á ölóðum manni sem hefði í frammi óspektir. Reynslan sýnir að lögreglan þarf miklu oftar að hafa afskipti af drukknu fólki en í þeim tilvikum sem rúmast innan e-liðar 98. gr. laga nr. 19/1991. Það hefur lengi tíðkast að lögreglan taki fólk undir áhrifum vímugjafa í vörslur sínar og haldi því þar til víman er runnin af því. Hefur þetta verið talið heimilt á grundvelli almennrar ólögfestrar reglu sem byggist á því að lögreglan hafi almenna heimild, innan vissra marka, til að beita valdi og

þar með til að færa mann á lögreglustöð ef það er nauðsynlegt til að halda uppi lögum og reglum, en það er einmitt meginhlutverk hennar, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarps þessa. Hér er lagt til að heimild lögreglu til að taka mann í vörslur sínar vegna ölvunar eða vegna áhrifa annarra vímugjafa og til að halda honum þar til víman er runnin af honum verði lögfest. Þykir eðlilegt að til staðar sé skýr lagaheimild þar sem um er að ræða skerðingu á frelsi manna.

Í ákvæðinu er ávallt notað orðasambandið „að taka í vörslur lögreglu“. Með því er lögð áhersla á að hér sé ekki um handtöku að ræða í skilningi laga um meðferð opinberra mála. Sá sem er tekinn í vörslur lögreglu hefur því ekki réttarstöðu sakaðs manns. Þá er rétt að benda á að heimildin í 15. gr. til að „taka mann í vörslur lögreglu“ er í tvennum skilningi rýmri en heimildin í 14. gr. til að „færa mann“ á lögreglustöð. Í fyrsta lagi má vista mann í fangageymslu þar til af honum rennur, en skv. 14. gr. er ekki heimilt að læsa mann inni í fangaklefa. Í öðru lagi er heimilt skv. 15. gr. að halda honum þar þangað til víman er runnin af honum, en ekki aðeins í fjórar klst. eins og gert er ráð fyrir skv. 14. gr.

Í 1. mgr. eru talin upp þau skilyrði sem verða að vera fyrir hendi svo taka megi mann í vörslur lögreglu. Nægilegt er að aðeins eitt þeirra sé til staðar. Þá verður að gera ráð fyrir að ölvunin eða víman sé á því stigi að hún sé áberandi þegar til ástands og hegðunar viðkomandi er litið. Ákvæði um tilkynningarskyldu lögreglu þegar ungmenni yngri en 18 ára eiga í hlut á sér fyrirmynd í 1. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39/1964.

Í 2. mgr. er kveðið á um að aldrei megi halda fólki sem tekið er í vörslur lögreglu með stoð 1. mgr. lengur en nauðsynlegt er og aldrei lengur en þar til víman er runnin af því. Heimilt er að leysa mann úr haldi fyrr, t.d. ef hann er sóttur og ljóst er að hans verður gætt annars staðar.

Samkvæmt 3. mgr. er lögreglu skylt að kalla til lækni til að meta ástand manns, sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa, ef hann er svo illa á sig kominn að mati hennar að hún treystir sér ekki til að taka ákvörðun um hvort óhætt sé heilsu hans vegna að vista hann í fangageymslu. Það er síðan læknisins að meta hvort óhætt sé að vista hann í fangageymslu eða hvort nauðsynlegt sé að færa hann á sjúkrastofnun til meðferðar. Það hlýtur að teljast eðlileg ráðstöfun að borið sé undir lækni ástand manna sem t.d. sofa ölvunarsvefni og engin leið er til að vekja eða manna sem eru augljóslega illa haldnir af vímuefnaneyslu. Lögreglumenn hafa ekki þá þekkingu sem nauðsynleg er til þess að geta metið alvarleika slíkra tilfella, en alkunna er að fólk getur dáið vegna ofnotkunar vímugjafa eða orðið alvarlega veikt. Rétt þykir að læknar beri ábyrgð á því að ákveða hvað gera eigi í slíkum tilfellum en ekki lögreglumenn.

Í 3. mgr. er tekið mið af þeirri framkvæmd sem ríkir í þessum málum í dag, a.m.k. á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Í þeim tilvikum sem lýst er að framan hafa lögreglumenn fært fólk á slysadeild Borgarspítalans og fengið úrskurð læknis um það hvort óhætt sé að vista viðkomandi í fangageymslu eða hvort nauðsynlegt sé að koma honum fyrir á sjúkrastofnun. Þá hefur lögreglan nokkrum sinnum kallað til lækni á lögreglustöð til að meta ástand manna sem voru að hennar mati illa á sig komnir.

Samkvæmt 4. mgr. er lögreglu heimilt að færa mann sem svo er ástatt um sem lýst er í 3. mgr. í neyðarathvarf fyrir vímuefnaneytendur sé það fyrir hendi. Neyðarathvörf fyrir vímuefnaneytendur eru ekki til hér á landi sem stendur. Nefndin sem samdi frumvarpið leggur áherslu á nauðsyn þess að komið verði á fót slíkum athvörfum sem hefðu m.a. það verkefni að taka við fólki sem augljóslega er illa haldið vegna ofneyslu vímugjafa eða

vegna langvarandi vímuefnaeyslu. Það hljóti að vera hlutverk fagfólks í heilbrigðiskerfinu að annast slíkt fólk eins og aðra sjúklinga en ekki lögreglunnar.

Í 5. mgr. er lögreglu fengin heimild til að leggja hald á áfengi og aðra vímugjafa sem maður hefur undir höndum þegar hún þarf að hafa afskipti af honum vegna einhverra þeirra ástæðna sem nefndar eru í 1. mgr. Þá er lögreglu enn fremur heimilað að eyða áfengi sem hún leggur hald á ef það er ekki í innsigluðum umbúðum. Rétt er að líta svo á að óáteknar bjórdósir og bjórflöskur teljist innsiglaðar í skilningi ákvæðisins. Ákvæðið er í samræmi við framkvæmd hér á landi.

Um 16. gr.

Í 16. gr. eru lögfestar sérstakar leitarheimildir fyrir lögreglu sem miða að því að hún fái gegnt því almenna hlutverki sínu að halda uppi lögum og reglu. Þessum heimildum ber að halda aðgreindum frá þeim heimildum sem lögregla hefur samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og eru liður í rannsókn einstakra mála, sbr. XI. kafla laga nr. 19/1991 sem fjallar um leit og 2. mgr. 101. gr. sömu laga sem heimilar leit á handteknum manni. Almennt hefur verið litið svo á að lögreglan hefði þessar leitarheimildir við þær aðstæður sem lýst er í ákvæðinu þótt ekki hafi sérstaklega verið kveðið á um þær í lögum. Það er mat nefndarinnar að rétt sé að lögfesta þessar heimildir sérstaklega.

Bent er á að leitarheimildir skv. 16. gr. eru þrengri en leitarheimildir samkvæmt XI. kafla oml. að því leyti að þær taka aðeins til leitar á manni, þ.e. til leitar að utanaðkomandi hlutum sem menn kunna að bera á sér. Ákvæði laga um meðferð opinberra mála um líkamsleit taka ekki aðeins til leitar að utanaðkomandi hlutum sem menn bera á sér heldur einnig til leitar að utanaðkomandi hlutum sem menn kunna að hafa í sér, þ.e. innvortis. Af þessari ástæðu þótti ekki fært að nota orðið „líkamsleit“ í þessu samhengi.

Í 1. mgr. kemur fram að neiti maður að segja á sér deili að beiðni lögreglu, sbr. 4. mgr. 13. gr., eða ástæða er til að draga í efa að persónulegar upplýsingar sem hann gefur séu réttar, sé lögreglu heimilt að leita á honum í þeim tilgangi að komast að því hver hann sé. Leit skv. 1. mgr. nær því aðeins til muna sem geta veitt slíkar upplýsingar.

Í 2. mgr. er leitarheimild lögreglu bundin við nánar tilgreindar aðstæður, þ.e. í fyrsta lagi ef maður er fjarlægður, sbr. 2. mgr. 13. gr. og 14. gr., eða ef maður er tekinn í vörslur lögreglu, sbr. 15. gr. Heimildin tekur aðeins til þess að leita að vopnum eða öðrum munum sem hætta gæti hugsanlega stafað af, sbr. þó heimild 3. mgr. sem er víðtækari að þessu leyti þegar maður er vistaður í fangageymslu.

Samkvæmt 1. málsl. 3. mgr. hefur lögreglan heimild til að leita á manni, sem vistaður er í fangageymslu, og taka til varðveislu muni sem hann hefur á sér og hann gæti notað til að vinna sjálfum sér eða öðrum tjón með. Dæmi um slíka hluti eru belti, axlabönd og hálsbindi. Þá er heimilt skv. 2. málsl. 3. mgr. að taka af manni, sem vistaður er í fangageymslu, peninga og muni sem hann hefur á sér og hætta þykir á að geti skemmst, eyðilagst eða glatast. Dæmi um slíkar aðstæður er þegar margir menn eru hafðir saman í fangaklefa og hætta er á að hlutum verði stolið.

Samkvæmt 4. mgr. ber lögreglu að skila aftur þeim munum sem hún hefur tekið af mönnum með heimild í 2. eða 3. mgr. þegar þeir eru látnir lausir enda séu ekki skilyrði til að leggja hald á þá samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, sbr. þó 5. mgr. 15. gr. um heimild lögreglu til að eyða áfengi.

Um 17. gr.

Í 17. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um afskipti lögreglu af börnum.

Samkvæmt ákvæðinu er lögreglu heimilt að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð þykir alvarleg hætta búin. Skýra verður ákvæðið svo að afskipti lögreglu samkvæmt því komi því aðeins til að barni sé augljós og mikil hætta búin. Sem dæmi má nefna ef barn er í fylgd með foreldrum eða öðrum forsjármönnum sem eru illa á sig komnir sökum ölvunar eða áhrifa annarra vímuefna. Afskipti lögreglu samkvæmt þessu ákvæði eru óháð lögmæltum útivistartíma barna. Með börnum er í ákvæðinu átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs og er það í samræmi við 2. mgr. 1. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Um útivistartíma barna eru að öðru leyti fyrirmæli í 57. gr. þeirra laga.

Um 18. gr.

Í gildandi lögum um lögreglu er ekki að finna almennt ákvæði er kveður á um skyldu borgaranna til hlýðni við fyrirmæli lögreglunnar. Slík ákvæði er þó að finna í lögreglusamþykktum, sbr. t.d. 1. mgr. 8. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987 og 10. gr. lögreglusamþykktar fyrir Garðakaupstað nr. 627/1987. Rétt þykir að hafa ákvæði þessa efnis í lögum.

Í 38. gr. frumvarpsins er kveðið á um refsingar við því að óhlýðnast fyrirmælum þessa ákvæðis.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. 19. gr. er að finna ákvæði sem heimilar lögreglu að kveðja sér til aðstoðar hvern fulltíða mann ef nauðsyn ber til, þar á meðal til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri.

Ákvæðið er hliðstætt 2. mgr. 4. gr. gildandi lögreglulaga en felur þó í sér þrjár breytingar: Í fyrsta lagi er fellt niður það skilyrði gildandi lögreglulaga að viðkomandi maður, sem kvaddur er til aðstoðar, „sé viðstaddur“. Samkvæmt því getur lögreglan kvatt sér til aðstoðar menn sem ekki eru á staðnum, s.s. símleiðis, ef brýna nauðsyn ber til. Í öðru lagi er bætt inn orðunum „þar á meðal“. Í því felst að það tekur til fleiri tilvika en þeirra sem beinlínis eru talin upp í ákvæðinu, enda teljist þau sambærileg. Í þriðja lagi er lagt til að lögfestur verði fyrirvari þess efnis að manni verði ekki gert skylt að sinna kvaðningu lögreglu ef hætta þykir á að hann stofni lífi, heilbrigði, velferð eða öðrum verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu með því. Samkvæmt 38. gr. frumvarpsins getur sá sætt fésektum sem að ófyrirsynju neitar lögreglu um aðstoð.

Í 127. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er það lýst refsivert að sinna ekki kvaðningu yfirvalds um aðstoð til þess að koma í veg fyrir brot eða annan ófarnað, sem lífi, heilbrigði eða velferð manna er búin hætta af þótt maður hefði getað veitt aðstoðina án þess að stofna sér eða verulegum hagsmunum í hættu. Refsing við slíku broti getur varðað sektum eða allt að þriggja mánaða varðhaldi.

1. mgr. 19. gr. frumvarpsins tekur til minni háttar brota á aðstoðarskyldu borgaranna við lögreglu enda mega viðurlög við þeim ekki fara fram úr fésektum, sbr. 38. gr. Sé um alvarlegri brot að ræða ber að beita nefndu hegningarlagaákvæði. Ákvæðum lögreglulaganna og hegningarlaganna verður því ekki beitt samhliða.

Í 2. mgr. er kveðið á um að þeir sem kvaddir eru lögreglu til aðstoðar skv. 1. mgr. hafi lögregluvald á meðan þeir gegna starfanum. Þá er jafnframt áréttað að þeir njóti verndar sem aðrir lögreglumenn. Hér er m.a. átt við vernd skv. 20. og 30. gr. frumvarpsins og samkvæmt ákvæðum XII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Um 20. gr.

Fyrirmynd ákvæðisins er í 1. málsl. 3. mgr. 5. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1989. Í 38. gr. frumvarpsins er kveðið á um refsingar ef brotið er gegn banni 20. gr.

Í 106. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 101/1976, er að finna almenn ákvæði sem lýsa refsivert að hindra eða tálma opinbera starfsmenn í því að gegna skyldustörfum sínum eða til þess að neyða þá til að framkvæma einhverja athöfn í embætti sínu eða sýslan. Þetta ákvæði tekur að sjálfsögðu til lögreglumanna. Sé hindrun eða tálmun framkvæmd með ofbeldi eða hótun þar um getur það varðað varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum, sbr. 1. mgr., en í öðrum tilfellum getur brot varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 2. mgr.

Brot gegn 20. gr. frumvarpsins varðar aðeins fésektum. Skýra verður tengsl þessara lagaákvæða svo að 20. gr. taki aðeins til minni háttar brota, en ákvæði hegningarlaganna til hinna alvarlegri. Þessum ákvæðum verður því ekki beitt samhliða.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er að finna ákvæði um þagnarskyldu lögreglu. Í 32. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, er að finna almennt ákvæði um þagnarskyldu ríkisstarfsmanna. Vegna eðlis starfa lögreglu þykir rétt að hafa sérstakt ákvæði í lögum um lögreglu um þetta efni. Tekur það til allra starfsmanna lögreglu.

Þagnarskyldan tekur bæði til upplýsinga sem viðkomandi fær í starfi sínu og vegna þess. Í 2. mgr. er áréttað að þagnarskyldan haldist þótt látið sé af starfi.

Þau atriði sem þagnarskyldan tekur til eru greind í þremur liðum:

a. Upplýsingar um einkahagi manna sem geta varðað viðkvæm málefni og eðlilegt er og sanngjarnt að leynt fari.
b. Upplýsingar um skipulag og starfsemi lögreglu og fyrirhugaðar lögregluaðgerðir. Í því sambandi er bent á að mikilvægt er að haldið sé leyndum upplýsingum um vissa þætti í starfsemi lögreglu og um skipulagningu og útfærslu einstakra lögregluaðgerða. Að öðrum kosti er óvíst um árangur af þeim.
c. Aðrar upplýsingar sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins.

Þagnarskylda starfsmanna lögreglu kemur aftur á móti ekki í veg fyrir að eftirtöldum aðilum verði veittar eða kynntar upplýsingar sem þagnarskyldan tekur annars til:

a. Öðrum starfsmönnum lögreglu eða starfsmönnum ákæruvalds ef upplýsingarnar eru nauðsynlegar vegna starfa þeirra.
b. Íslenskum eða erlendum yfirvöldum, sem starfa að lögreglu- og öryggismálum, ef þau þurfa á upplýsingum að halda í því skyni að fyrirbyggja brot eða til að afstýra broti.
c. Vitnum eða heimildarmönnum þegar það er nauðsynlegt svo lögreglan geti notið liðsinnis þeirra til að fyrirbyggja eða afstýra broti.

Að sjálfsögðu verður starfsmaður lögreglu að fara gætilega í að veita upplýsingar í þessum tilvikum, sérstaklega samkvæmt b- og c-lið. Aldrei skal veita frekari upplýsingar en þörf er á hverju sinni.

Í 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er að finna ákvæði sem lýsir brot á þagnarskyldu opinberra starfsmanna refsivert.

Um 22. gr.

Í 22. gr. er lagt til að lögfest verði sú grundvallarregla að starfsmenn lögreglu aðhafist hvorki í eigin málum né nákominna vandamanna sinna þegar þeir gegna starfi sínu. Þessi regla kemur m.a. fram í dómi Hæstaréttar frá 21. mars 1989 (H 1989,512), en þar segir m.a.:

„Það verður að teljast grundvallarregla að lögreglumenn rannsaki ekki sjálfir mál sín og nákominna vandamanna."

Þykir við hæfi að reglan verði lögfest.

Við skýringu á því hverjir teljist til nákominna vandamanna þykir mega hafa hliðsjón af d-lið 5. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Í því ákvæði er mælt fyrir um vanhæfi dómara vegna tiltekins skyldleika eða tengda við aðila máls.

Um 23. gr.

Efnislega óbreytt ákvæði 10. gr. gildandi lögreglulaga. Ákvæðið kom upphaflega inn í lögreglulög með lögum nr. 92/1933, sbr. 4. gr., og hefur haldist óbreytt síðan.

Um 24. gr.

Ákvæðið er nýmæli í lögreglulögum hér á landi. Vegna eðlis starfa lögreglumanna er rétt að gera ráð fyrir að þeir geti þurft að sinna lögreglustörfum í frítíma sínum.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir afskiptum lögreglumanns að hans eigin frumkvæði þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þarfnast þeir liðir ekki sérstakra skýringa. Þó skal bent á að ekki er ætlast til að lögreglumaður hafi afskipti samkvæmt b- eða c-lið nema um sé að ræða hin alvarlegri brot. Ekki er átt við að hann sé að sinna veigaminni málum, s.s. vegna aksturs gegnt rauðu ljósi og þess háttar. Í slíkum tilfellum er eðlilegra að hann láti við það sitja að tilkynna um brot ef hægt er að koma því við og hann sér ástæðu til.

Um 25. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt ákvæði 3. mgr. 4. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 2. mgr. 36. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er fjallað um veitingu lögreglumannsstarfa.

Í 26. gr. er fjallað um fjölda lögreglumanna.

Í 27. gr. er kveðið á um skipun og ráðningu í stöður lögreglumanna og um hæfniskröfur.

Í 28. gr. er fjallað um heitstaf lögreglumanna. Sams konar ákvæði var áður í lögum um meðferð opinberra mála, en þykir eiga betur heima í lögum um lögreglu.

Í IV. kafla eru felld niður nokkur ákvæði sem er að finna í gildandi lögreglulögum og varða efni þessa kafla:

1. Ákvæði 2.–3. málsl. 3. mgr. 3. gr. gildandi lögreglulaga um svonefnda „varalögreglumenn“ er ekki tekið upp í frumvarpið. Það á rætur sínar að rekja til fyrstu lögreglulaganna sem sett voru hér á landi á fjórða áratug aldarinnar, sbr. lög nr. 92/1933. Við samningu ákvæðisins var fyrst og fremst haft í huga óróa og upphlaup sem urðu vegna stéttaátaka á þeim árum, t.d. Gúttóslagurinn 9. nóv. 1932. Vegna fámennis í lögregluliði á þeim tíma var talið nauðsynlegt að ráðherra hefði heimild til að fjölga í því fasta lögregluliði sem kveðið var á um í lögum þegar sérstaklega stæði á eða það teldist nauðsynlegt fyrir öryggi borgaranna. Á þessum tíma var gert ráð fyrir því að í bæjum (kaupstöðum og kauptúnum) þar sem væru 1.000 íbúar eða fleiri skyldu vera allt að tveimur starfandi lögregluþjónum á hverja 1.000 íbúa, enda væri lögreglustjóri þar búsettur. Ákvæðinu hefur ekki verið beitt um lengri tíma og þótti ekki ástæða til að taka það með í frumvarpið.

2. Ákvæði 4. mgr. 3. gr. gildandi lögreglulaga er ekki tekið með í frumvarpið, en það fjallar um aukna löggæslu vegna sérstakra aðstæðna. Þar segir að á stöðum þar sem þörf er á löggæslu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, megi ráða lögreglumenn til starfa, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Ákvæðið kom fyrst inn í lögreglulög, nr. 56/1963. Um efni þess segir í athugasemdum að þar sé fjallað um löggæslu vegna sérstakra, tímabundinna aðstæðna, svo sem t.d. á Þingvöllum miðsumars, á Keflavíkurflugvelli og í ýmsum verstöðvum þar sem sérstök þörf sé aukinnar löggæslu hluta úr ári. Í II. kafla þessa frumvarps er að finna ákvæði sem koma í stað heimildar 4. mgr. 3. gr. gildandi laga. Má þar sérstaklega nefna a-lið 4. mgr. 7. gr. Enn fremur má hér nefna b-lið sömu málsgreinar.

3. Í frumvarpinu er ekki tekið upp ákvæði 2. mgr. 5. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1989, þar sem mælt er fyrir um próf frá Lögregluskóla ríkisins sem skilyrði fyrir skipun eða ráðningu í stöðu lögreglumanns. Rétt þykir að þetta ákvæði sé í reglugerð eins og önnur sem mæla fyrir um sérstök skilyrði sem umsækjendur um störf lögreglumanna þurfa að uppfylla. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 27. gr. frumvarpsins.

Um 26. gr.

Ákvæði 26. gr. frumvarpsins er efnislega óbreytt ákvæði 1. mgr. 3. gr. gildandi lögreglulaga. 27. gr. er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins um að ríkið haldi uppi starfsemi lögreglu í landinu.

Samkvæmt 26. gr. ákveður dómsmálaráðherra fjölda lögreglumanna í hverju lögregluumdæmi að fengnum tillögum viðkomandi lögreglustjóra. Hann er að sjálfsögðu bundinn af fjárveitingum, en óþarft þykir að taka það sérstaklega fram í lögunum eins og gert er í 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. gildandi lögreglulaga. Þá þykir ekki heldur ástæða til að binda í lagatexta fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi þar sem þörfin getur verið misjöfn frá einum tíma til annars.

Um 27. gr.

Í 27. gr. er mælt fyrir um skipun og ráðningu í störf innan lögreglunnar og hæfisskilyrði. Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir því að forseti Íslands skipi í æðstu stöður innan lögreglunnar, þ.e. í stöður ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra og lögreglustjóra. Ákvæðið um að forsetinn skipi í stöðu lögreglustjóra er í samræmi við 1. mgr.

14. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, en þar segir að forseti Íslands skipi sýslumenn. Sýslumenn fara með lögreglustjórn hver í sínu umdæmi, nema í Reykjavík þar sem hún er falin sérstökum lögreglustjóra.

Þá er gert ráð fyrir því í 3. mgr. að dómsmálaráðherra skipi í stöður yfirlögregluþjóna svo og aðra lögreglumenn til lögreglustarfa, enda hafi þeir lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Eru ákvæði um skipun lögregluþjóna óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. mgr. kemur fram að ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri og lögreglustjórar skuli fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar. Þó er í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, ekki gert ráð fyrir að aldurskilyrðið gildi um lögreglustjóra. Um skilyrði til að gegna embætti héraðsdómara að öðru leyti vísast til 1. mgr. 5. gr. sömu laga.

Um 28. gr.

Samhljóða ákvæði var að finna í 3. málsl. 1. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974. Með gildandi lögum um meðferð opinberra mála voru þau lög felld úr gildi. Aftur á móti voru ýmis ákvæði V. kafla eldri laganna, sem fjölluðu um lögreglumenn og upphaf rannsóknar, ekki tekin upp í nýju lögin, þar með talið þetta ákvæði. Í greinargerð með frumvarpi til gildandi laga um meðferð opinberra mála kemur fram að margar af þeim reglum sem skipað var í V. kafla eldri laga um meðferð opinberra mála eigi fremur heima í lögum um lögreglumenn. Er því ákvæði þetta tekið upp hér. Ætlast er til að lögreglumenn vinni heitstafinn er þeir hefja störf.

Um V. kafla.

Í V. kafla er fjallað um nokkur atriði sem varða starfskjör lögreglumanna.

Lögreglumenn teljast að sjálfsögðu til opinberra starfsmanna og njóta lögkjara og bera skyldur í samræmi við það eftir því sem lög og kjarasamningar mæla nánar fyrir um. Í 1. mgr. 5. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1989, er þetta sérstaklega tekið fram en ekki þótti þörf á að taka það ákvæði upp í frumvarpið.

Í 29. gr. er mælt fyrir um rétt lögreglumanna til skaðabóta úr ríkissjóði fyrir líkams- og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Þá er kveðið á um bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta.

Í 5. mgr. 5. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1987, var að finna sérstaka heimild til lækkunar skaðabóta vegna tjóns sem lögreglumaður olli í starfi sínu. Ákvæði þetta var fellt brott með 5. tölul. 29. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, ásamt hliðstæðum ákvæðum í ýmsum öðrum lögum. Í stað þessara ákvæða er lögfest almenn lækkunarheimild í 24. gr. skaðabótalaganna. Að þessu athuguðu þótti fara best á því að sleppa því að fjalla um þetta atriði sérstaklega í frumvarpinu.

Í 30. gr. er lagt bann við því að lögreglumenn geri verkfall og taki þátt í verkfallsboðun. Ákvæði þessa efnis var bætt inn í lög um lögreglumenn, nr. 56/1972, árið 1986, sbr. lög nr. 82/1986. Rétt er að vekja athygli á að ákvæði 30. gr. frumvarpsins tekur eingöngu til þeirra sem fara með lögregluvald.

Ákvæði 31. gr. er nýmæli sem fjallar um aukastörf lögreglumanna. Um er að ræða sérákvæði sem gildir um lögreglumenn og gengur framar almennu ákvæði 34. gr. laga nr. 38/1954, um aukastörf opinberra starfsmanna.

Um 29. gr.

Fyrri málsliður er tekinn efnislega úr gildandi lögum með áorðnum breytingum, sbr.

hér lög nr. 26/1987, en ákvæðið um bætur fyrir missi framfæranda er nýtt. Hér er kveðið á um beina bótaábyrgð ríkissjóðs vegna lögreglumanna sem verða fyrir munatjóni, líkamstjóni eða látast vegna starfs síns. Rétt þykir að ríkissjóður greiði lögreglumönnum eða þeim sem eru á framfæri þeirra slíkar bætur í stað þess að þeir verði að sækja mál sín á hendur þeim er tjóninu hafa valdið. Slík málaferli geta tekið langan tíma og engin trygging er fyrir því að tjónvaldur reynsist borgunarmaður. Vegna eðlis starfa lögreglumanna þykir eðlilegt að hafa sérstakt ákvæði þessa efnis í lögum sem skyldar ríkissjóð til að greiða bætur í slíkum tilvikum. Ríkissjóður eignast síðan endurkröfurétt á hendur tjónvaldi ef því er að skipta. Um lækkun bóta vegna eigin sakar tjónþola og ákvörðun bótafjárhæðara að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.

Um 30. gr.

Efnislega óbreytt ákvæði 4. mgr. 4. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. breytingalög nr. 82/1986. Með hugtakinu „lögreglumenn" er eins og áður átt við þá sem fara með lögregluvald, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Með frumvarpi til laga nr. 82/1986 fylgdi ítarleg greinargerð, sbr. Alþt. A 1985–1986, 1548–1550.

Augljós rök búa að baki ákvæðinu, enda er það meginhlutverk lögreglu að halda uppi lögum og reglu í þjóðfélaginu. Starfsemi lögreglu er þannig ein meginforsenda þess að haldið verði uppi skipulögðu og lögbundnu þjóðfélagi. Telja verður það ósamrýmanlegt þessu hlutverki lögreglu ef lögreglumenn gætu gert verkfall með löglegum hætti.

Bent er á að hliðstætt ákvæði er í 7. gr. laga um Landhelgisgæzlu Íslands, nr. 25/1967. Þar kemur fram að starfsmenn landhelgisgæslunnar megi hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum.

Um 31. gr.

Í 31. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um aukastörf lögreglumanna.

Í 1. málsl. 1. mgr. kemur fram að heimilt sé að fela lögreglumanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja. Þetta er í samræmi við 1. mgr. 34. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954. Að öðru leyti eru í 1. mgr. reistar skorður við því að þeir starfsmenn lögreglu sem fara með lögregluvald gegni launuðum aukastörfum samhliða aðalstarfinu. Þar að baki búa þau rök að slík störf geti verið til þess fallin að draga úr möguleikum viðkomandi til að beita sér að fullu í lögreglustarfinu. Með þessu er jafnframt lögð áhersla á mikilvægi þess að þessir aðilar séu eins sjálfstæðir og öðrum óháðir í starfi sínu og kostur er.

Ákvæðið tekur jafnt til starfa í þjónustu annarra sem og sjálfstæðs atvinnureksturs.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að veita undanþágu frá banni 2. málsl. 1. mgr. ef sýnt þykir að aukastarfið geti samrýmst lögreglustarfinu og að lögreglumaður geti eftir sem áður rækt skyldur sínar í aðalstarfinu af samviskusemi og trúnaði. Gera verður ráð fyrir að unnt sé að binda undanþágu ýmsum skilyrðum, svo sem því að aukastarfið sé ekki unnið í einkennisfötum lögreglumanns eða öðrum einkennisfötum, að eignir ríkisins, þar með talið húsnæði, bifreiðar, sími, tölvur o.fl., séu ekki nýttar í þágu aukastarfsins, að ekki sé vísað á lögreglumann vegna aukastarfsins á þeim tíma sem hann sinnir lögreglustarfinu, að lögreglumanni verði gert ljóst að ekki verði tekið tillit til aukastarfsins ef kalla þurfi hann til lögreglustarfa og að umfang aukastarfsins sé ekki svo mikið að það geti komið niður á starfi viðkomandi sem lögreglumanns.

Undanþága er afturkallanleg hvenær sem er án þess að tilgreina þurfi ástæðu afturköllunar. Þá er gert ráð fyrir að starfsmaður fái hæfilegan frest áður en honum er gert að láta af aukastarfi ef unnt er að koma því við.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um það hvert beri að snúa sér með beiðni um undanþágu frá banni 2. málsl. 1. mgr. og um málskot. Sérstaklega er tekið fram að ákvörðun lögreglustjóra sé unnt að skjóta til ríkislögreglustjóra. Af 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, leiðir síðan að ákvörðun ríkislögreglustjóra er heimilt að skjóta til dómsmálaráðherra eftir almennum reglum um stjórnsýslukæru.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er fjallað um löggæslukostnað.

Fyrir rúmum tveimur áratugum var rekstur lögreglunnar í landinu færður frá sveitar- og sýslufélögum til ríkisins. Með frumvarpinu er engar breytingar gerðar á því fyrirkomulagi, sbr. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að ríkið haldi uppi starfsemi lögreglu. Í samræmi við þetta kemur fram í 32. gr. frumvarpsins að ríkið beri allan kostnað af almennri löggæslu í landinu.

Í 33. gr. eru efnislega óbreytt ákvæði gildandi lögreglulaga þess efnis að unnt sé að krefja einstaklinga eða lögaðila um kostnað vegna löggæslu á skemmtistað eða vegna framkvæmda á almannafæri. Ákvæðið um greiðslu kostnaðar vegna löggæslu á skemmtistað kom fyrst inn í lög um lögreglu nr. 56/1963. Í greinargerð með sams konar ákvæðum í 8. gr. gildandi lögreglulaga segir eftirfarandi:

> Tíðkazt hefur um langt skeið við tilkvaðningu lögreglumanna til gæzlustarfa vegna sérstakrar þarfar, í sambandi við atvinnustarfsemi eða skemmtanir einstakra aðila, að lögreglustjórar hafa gert sérstaka kröfu um að lögregla sé tilkvödd, og að þá sé jafnframt hlutaðeigandi aðilum gert að greiða kostnað af störfum löggæzlumanna, sbr. um skilyrði fyrir skemmtanaleyfi ákvæði í 4. málsgr. 8. greinar gildandi laga um lögreglumenn. Rétt þykir að marka þessa heimild lögreglustjóranna skýrar en gert er í gildandi lögum. (Alþt. A 1971, 1258.)

Að öðru leyti er meginreglan sú að ríkissjóður greiði allan kostnað af störfum lögreglu.

Um 32. gr.

Ákvæðið er í samræmi við það sem fram kemur í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 33. gr.

Ákvæðið er tekið efnislega óbreytt úr 8. gr. gildandi lögreglulaga.

Um 1. mgr. eru fyrirmæli í reglugerð um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, nr. 587/1987. Rétt er að benda á að aðalreglan er eftir sem áður sú að kostnaður vegna löggæslu á skemmtistað, sem og á öðrum stöðum, greiðist úr ríkissjóði, sbr. það sem fram kemur í 32. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er enn fremur gert ráð fyrir að unnt sé að kveða á um greiðslu kostnaðar af gæslustörfum lögreglu vegna framkvæmda á almannafæri. Dæmi um slíkan kostnað er þegar hús eru flutt milli staða í fylgd lögreglu.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um meðferð kæra á hendur lögreglu. Ákvæði 34. gr. taka til meðferðar kæra á hendur lögreglu vegna ætlaðra ólögmætra athafna við framkvæmd lögreglustarfa. Hér er því ekki fjallað um kærur á hendur lögreglumönnum vegna ætlaðra ólögmætra athafna sem ekki varða framkvæmd lögreglumannsstarfa. Með þess háttar kærur ber að fara eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála eins og aðrar kærur á hendur mönnum fyrir ætluð refsiverð brot. Þá eiga kvartanir vegna framkomu lögreglu, sem ekki telst ólögmæt, ekki heldur við hér.

Um 34. gr.

Í 34. gr. er mælt fyrir um meðferð kæru á hendur lögreglumanni fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd skyldustarfa sinna. Í núgildandi lögreglulögum er ekki að finna sérstakt ákvæði sem lýtur að þessu. Meginmarkmiðið með lögfestingu slíks ákvæðis, er að tryggja að þessi mál hljóti vandaða og óhlutdræga rannsóknarmeðferð frá upphafi. Mikilvægt er að gagnkvæmt traust og trúnaður ríki milli almennings og lögreglunnar í landinu þannig að borgararnir beri nauðsynlega virðingu fyrir lögreglunni og störfum hennar.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að þegar kæra berst á hendur lögreglumanni skuli lögreglustjóri þegar í stað tilkynna ríkissaksóknara um hana. Mikilvægt er að ríkissaksóknari fái þegar vitneskju um mál til að tryggja rétta og óhlutdræga meðferð þess frá upphafi. Ríkissaksóknari getur ýmist annast þessa rannsókn sjálfur, falið hana starfsmönnum embættis síns eða eftir atvikum öðrum lögreglustjórum. Ríkissaksóknari tekur þó ávallt sjálfur ákvörðun um málshöfðun ef svo ber undir. Telja verður eðlilegt að fela rannsókn og meðferð þessara mála ríkissaksaksóknara enda er hann æðsti handhafi rannsóknarvalds í landinu, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla eru ákvæði um Lögregluskóla ríkisns. Gert er ráð fyrir þeirri breytingu að í stað þess að vera starfsrækur í tengslum við embætti lögreglustjórans í Reykjavík eins og gildandi lög kveða á um verði hann sérstök stofnun er verði starfrækt í tengslum við embætti ríkislögreglustjóra, en heyri undir dómsmálaráðherra.

Um 35. gr.

Ákvæði 35. gr. frv. er hliðstætt 9. gr. gildandi laga um lögreglumenn. Fyrirmæli um Lögregluskóla ríkisins er að finna í reglugerð nr. 660/1981 með síðari breytingum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þeirri breytingu að skólinn verði starfræktur í tengslum við embætti ríkislögreglustjóra.

Í 2. mgr. er kveðið á um að forseti Íslands skipi skólastjóra lögregluskólans. Ekki er áskilið að hann hafi tiltekið háskólapróf eða aðra menntun. Aðeins er gerð krafa um að hann hafi góða þekkingu á lögreglumálefnum. Geta því hvort heldur menn með lögreglumenntun og reynslu af lögreglustörfum svo og menn með lögfræðipróf, er starfað hafa að lögreglumálum, uppfyllt þessi skilyrði.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla er safnað saman ákvæðum sem lúta að framkvæmd laganna, gildistöku þeirra og breytingum sem gera þarf á öðrum lögum ef frumvarp þetta verður að lögum. Í 37. gr. er að finna refsiákvæði.

Um 36. gr.

Í 36. gr. er mælt fyrir um heimild ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna. Gert er ráð fyrir að í þessum reglum verði m.a. ákvæði um einkenni og búnað lögreglumanna, réttindi þeirra og skyldur, og störf þeirra og starfssvið, þar á meðal um starfsstig innan lögregluliða o.fl.

Um 37. gr.

Um skýringar á þessu ákvæði vísast til athugasemda með 18–20. gr. Með mál út af brotum á ákvæðum þessum fer að sjálfsögðu að hætti opinberra mál.

Um 38. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1995. Nauðsynlegt þykir að gera ráð fyrir rúmum tíma til að undirbúa gildistöku laganna, einkum með hliðsjón af ráðagerð um stofnun embættis ríkislögreglustjóra og þeim breytingum á skipulagi lögreglu sem því eru samfara.

Um 39. gr.

Breytingar sem mælt er fyrir um í a-, f-, g-, i-, j-, k- og l-liðum eru í samræmi við þau ákvæði frumvarpsins sem gera ráð fyrir því að rannsóknarlögregla ríkisins verði lögð niður og verkefni hennar færð til ríkislögreglustjóra eða lögreglustjóra í umdæmum.

Í b-lið er gert ráð fyrir því að ríkislögreglustjóri taki sæti lögreglustjórans í Reykjavík í almannavarnarráði. Þetta er í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

C-liður er í samræmi við 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins sem tekur mið af lögræðisaldri skv. 1. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984.

Breyting í d-lið er í samræmi við 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins en samkvæmt henni teljast skipshafnir varðskipa ekki til lögreglumanna ríkisins, sbr. og 3. gr. frumvarpsins.

Í g-lið er gert ráð fyrir því að ríkislögreglustjóri taki sæti lögreglustjórans í Reykjavík í Umferðarráði. Það þykir vera í samræmi við hlutverk ríkislögreglustjóra að hann hafi þetta verkefni með höndum þar sem það tekur til landsins alls.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til lögreglulaga.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir þeirri meginbreytingu frá núverandi skipan lögreglumála að stofnað verði nýtt embætti ríkislögreglustjóra sem fer með yfirstjórn lögreglumála í landinu í umboði æðstu handhafa ríkisvaldsins. Með því mundi dagleg yfirstjórn lögreglumála færast frá dómsmálaráðuneytinu til hins nýja embættis en ráðuneytið hefði áfram æðstu umsjón með lögreglumálum.

Þá er gert ráð fyrir að rannsóknarlögregla ríkisins verði lögð niður sem sérstök stofnun. Hluti af starfsemi stofnunarinnar verði færð til einstakra lögregluembætta og þeim falin rannsókn ýmissa málaflokka sem nú heyra undir rannsóknarlögreglu. Við embætti ríkislögreglustjóra verði síðan rannsóknadeildir sem aðstoði lögreglustjóra við rannsókn skatta- og efnahagsbrota. Auk þess hafi embættið á að skipa tæknideild og skráadeild.

Fjármálaráðuneytið hefur við kostnaðarmat á breytingum þeim sem í frumvarpi þessu felast haft samvinnu við dómsmálaráðuneytið sem veitt hefur upplýsingar um nánari útfærslu á þeim breytingum er leiða af því að rannsóknarlögregla ríkisins verði lögð niður og henni skipt upp milli annarra embætta.

Sú uppskipting á að vera á þann veg að við hið nýja embætti munu starfa ríkislögreglustjóri og vararíkislögreglustjóri. Til viðbótar er ætlað að þar verði fjórir yfir- og aðstoðaryfirlögreglumenn og samtals 18 aðrir rannsóknarlögreglumenn. Þá verði þar þrír lögfræðingar, einn ráðgefandi löggiltur endurskoðandi í hlutastarfi, sex skrifstofumenn auk þjónustustarfsliðs (húsvarsla, matur og ræsting). Í heild er talið að laungjöld stofnunarinnar muni nema 85 m.kr. og heildarfjárveiting til rekstrar 110 m.kr. Til viðbótar er ætlað að stofnkostnaðarfjárveiting þurfi á fyrsta ári að vera 3 m.kr. þannig að heildarfjárveiting nemi 113 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að hið nýja embætti verði í núverandi húsnæði rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi. Mun stofnunin ekki þurfa allt það húsnæði þegar til lengri tíma er litið og verður fyrst um sinn hægt að vista þar áfram þann hluta rannsóknarlögreglunnar sem færast mun til einstakra embætta á höfuðborgarsvæðinu þar til gengið hefur verið frá húsnæðismálum þeirra.

Lögregluembættum á höfuðborgarsvæðinu er ætlað að fá fimm yfir- og aðstoðaryfirlögreglumenn og samtals 14 almenna rannsóknarlögreglumenn frá rannsóknarlögreglu ríkisins, alls 19 menn. Af þeim er ráðgert að tveir fari í Hafnarfjörð, einn í Kópavog og 16 til Reykjavíkur. Launakostnaður fyrir alla 19 er talinn munu nema 44 m.kr., heildarrekstrargjöld 54 m.kr., stofnkostnaður 5 m.kr., samtals 59 m.kr.

Hvað húsnæði varðar getur það orðið hugsanleg lausn að sá hluti lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu þar sem utanríkisráðuneytið er nú verði tekin undir þá rannsóknarlögreglumenn sem bætast við embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Það tengist aftur því hvort og hvenær utanríkisráðuneytið rýmir það húsnæði. Hér er um að ræða öll fjórða hæð hússins og hluti þeirrar þriðju. Húsnæði þetta er rýmra en svo að allt það rými þurfi fyrir þá starfsemi sem þangað kynni að flytjast frá rannsóknarlögreglunni og eru engin áform enn um hvað gera eigi við það húsnæði sem verður afgangs. Húsnæðið er rekið á vegum embættis lögreglustjóra þannig að við brottför utanríkisráðuneytisins verður það embætti af 2,5 m.kr. árlegum leigutekjum auk 3,5 m.kr. annarrar kostnaðarþátttöku (rafmagn, hiti, mötuneyti). Húsnæði rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi er rekið af henni sjálfri og mun kostnaður við það húsnæði ekki minnka þótt hluti af starfsliði hennar flytji brott. Hafa ber í huga að tekjumissir lögreglustjóraembættisins í Reykjavík vegna brottfarar utanríkisráðuneytisins er ekki tengdur þessu frumvarpi.

Fjárveiting til rannsóknarlögreglu ríkisins nemur alls 169 m.kr. í fjárlögum 1994. Hún mundi því skiptast upp sem áður segir í 113 m.kr. til embættis ríkislögreglustjóra og 59 m.kr. til annarra lögregluembætta, samtals 172 m.kr. sem er 3 m.kr. meira en rannsóknarlögregla ríkisins fær á fjárlögum 1994.

Þessu til viðbótar verður að gera ráð fyrir að störf rannsóknarlögreglustjóra og vararannsóknarlögreglustjóra leggist niður með tilheyrandi biðlaunum svo fremi sem þessir menn verði ekki skipaðir yfirmenn hins nýja embættis ríkislögreglustjóra. Biðlaun þessara manna svo og önnur óviss útgjöld tengd lokun rannsóknarlögreglu ríkisins eru talin munu nema um 15 m.kr. Ekki er reiknað með öðrum biðlaunagreiðslum þar sem gert er ráð fyrir í kostnaðarmati þessu að allir starfsmenn rannsóknarlögreglu ríkisins verði áfram við störf, annaðhvort hjá embætti ríkislögreglustjóra eða hjá öðrum lögregluembættum. Við yfirstjórn lögreglumála starfa nú tveir menn í dómsmálaráðuneytinu. Ekki er gert ráð fyrir að þeim muni fækka við þessa skipulagsbreytingu.

Niðurstaðan er því sú að á fyrsta ári má ætla að kostnaðarauki vegna frumvarps þessa verði um 18 m.kr. en um 3 m.kr. á ári þaðan í frá.

879. Frumvarp til laga [566. mál]

um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist: Einnig skal þar birta reglur sem opinberum stjórnvöldum og stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að gefa út.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Er því ætlað að gera þeim opinberu stjórnvöldum og stofnunum, öðrum en ráðuneytum, sem er falið að gefa út reglur um tiltekin málefni samkvæmt ákvæðum í lögum, mögulegt að birta í B-deild Stjórnartíðinda þær reglur er þau setja. Eins og málum er nú háttað er einungis unnt að birta í B-deild Stjórnartíðinda reglugerðir og annars konar reglur sem gefnar eru út af ráðherra og ráðuneyti. Hafa opinber stjórnvöld og stofnanir því ekki átt þess kost að koma slíkum reglum eða upplýsingum um þær á framfæri í Stjórnartíðindum. Það verður hins vegar að telja til hagræðis að unnt sé að leita slíkra reglna í sama riti og er að finna þær reglur sem útgefnar eru af ráðuneytum. Hefur því verið valinn sá kostur að leggja til að heimila þessum opinberu stjórnvöldum og stofnunum að birta í B-deild Stjórnartíðinda þær reglur sem þeim ber lögum samkvæmt að gefa út.

Með því að lögbinda á þennan hátt að birtar skuli í B-deild Stjórnartíðinda slíkar reglur er ljóst að fyrirmæli þau sem í þeim felast taka gildi og hafa bindandi verkanir á sama hátt og reglugerðir og auglýsingar sem gefnar eru út af ráðuneyutum, sbr. 7. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Samkvæmt frumvarpinu skal framvegis birta í Stjórnartíðindum allar reglur sem opinberum stjórnvöldum og stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að gefa út. Samkvæmt gildandi lögum eru einungis reglur sem gefnar eru út af ráðherrum og ráðuneytum birtar í Stjórnartíðindum.

Heildarkostnaður við rekstur Stjórnartíðinda nemur 23,7 m.kr. samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1994. Þar af nema sértekjur um 15 m.kr. og framlag úr ríkissjóði 8,7 m.kr. Samkvæmt upplýsingum dóms- og kirkjumálaráðuneytis er óljóst hvaða áhrif þessi lagabreyting mun hafa á umfang Stjórnartíðinda. Í mörgum tilfellum munu stofnanir einfaldlega birta reglur í eigin nafni sem áður voru birtar í nafni viðkomandi ráðuneytis.

Að mati fjármálaráðuneytis mun frumvarp þetta hafa í för með sér árlegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð sem nemur 1–2 m.kr. að jafnaði.

880. Frumvarp til laga [567. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

8. gr. laganna hljóðar svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var.

Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti, skal gert upptækt ásamt ílátum.

Bannað er að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til þess að gera drykkjarhæft áfengi sem ódrykkjarhæft var nema hafa til þess sérstakt leyfi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag leyfisveitinganna í reglugerð. Slík tæki sem finnast hjá öðrum aðilum en þeim sem hafa leyfi samkvæmt þessari grein skulu gerð upptæk án tillits til hvort tækin hafi verið notuð til áfengisgerðar eða ekki.

2. gr.

9. gr. laganna hljóðar svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning, dreifingu og sölu áfengis, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum. Heimilt er að veita þeim aðilum sem hafa almennt vínveitingaleyfi skv. 12. gr. laga þessara afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings og skal fjármálaráðherra gefa út sérstaka gjaldskrá er gildir gagnvart þeim aðilum er mega kaupa áfengi með afslætti.

3. gr.

Í 2. mgr. 19. gr. falla niður orðin „Enn fremur er þeim heimilt“, en í stað þeirra koma: Heimilt er.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem er samið í dómsmálaráðuneytinu, felur í sér tillögu að efnisbreytingum á tveimur greinum áfengislaga, 8. gr. og 9. gr., og miða þær báðar að því að auðvelda opinbert eftirlit.

Með þeirri breytingu á 8. gr., sem tillaga er gerð um, er ætlunin að stemma stigu fyrir framleiðslu tækja til ólöglegrar áfengisframleiðslu og hins vegar er lögð til sú breyting á 9. gr. að fjármálaráðherra hafi heimild til að ákveða afslátt frá útsöluverði á áfengi til almennings til þeirra aðila sem hafa almennt vínveitingaleyfi skv. 12. gr. og er stefnt að því með þeirri breytingu að hægt sé að stuðla að því að veitingahús afli sér almenns vínveitingaleyfis og hafi hag af að kaupa áfengi eftir sölukerfi ÁTVR til veitingahúsa. Mun hvort tveggja auðvelda skilvirkt opinbert eftirlit með starfsemi vínveitingahúsa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lögð til sú breyting að við 1. og 2. mgr. núgildandi 8. gr., sem yrðu óbreyttar frá því sem nú er, bætist ný málsgrein sem varðar sérstaklega sérhæfð áhöld til að eima áfengi.

Samkvæmt 8. gr. eins og hún hljóðar nú skal gera upptæk áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Þetta orðalag hefur skapað ákveðin vandamál í framkvæmd, t.d. varðandi upptöku eimingartækja sem verið er að útbúa eða smíða á verkstæði, án beinna tengsla við áfengisframleiðslu.

Við slíkar aðstæður hefur því verið hreyft að óvarlegt sé að slá því föstu að óyggjandi sé að tækin hafi átt að nota til áfengisframleiðslu og það þótt um sérhæfð tæki sé að ræða. Það sjónarmið er á hinn bóginn ríkjandi að enginn eigi að geta haft lögmætan hagnað af starfsemi sem tengist ólöglegri áfengisframleiðslu. Sú breyting sem lögð er til í 8. gr. dregur því skýrari línur um þetta á milli viðfangsefna lögreglu og skattyfirvalda.

Í tillögunni er farin sú leið að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um það hverjir megi eiga, flytja inn, útbúa eða smíða eimingartæki til áfengisframleiðslu og að frávik frá slíkum reglum varði upptöku eimingartækjanna þótt ásetningur til ólöglegrar áfengisframleiðslu teldist ekki sannaður. Hefur ekki verið talið heppilegt að setja fram í lagaákvæðinu nánari útlistun þeirra tækja sem háð eru leyfi að öðru leyti en því að talað er um „sérhæfð tæki“ en fyrir liggur að tæki til að eima áfengi eru úr málmi og að byggingu frábrugðin þeim tækjum sem notuð eru til að eima t.d. vatn. Þótt ekki sé þannig talið fært að afmarka ákvæðið á grundvelli þeirra byggingarefna sem tækið er gert úr er allt að einu ljóst að lítil eimingartæki úr gleri, sem tíðkað er að nota á rannsóknarstofum, eru ekki sérhæfð tæki til áfengisframleiðslu og falla utan ákvæðisins.

Um 2. gr.

Sú breyting á 9. gr. áfengislaga sem hér er gerð tillaga um er grundvallarbreyting þar sem lagagreinin eins og hún nú hljóðar leggur beinlínis bann við því að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings. Rökin fyrir breytingu í þessa veru eru einkum þau að allt eftirlit með skattheimtu hjá þeim er stunda veitingarekstur gæti orðið auðveldara bæði vegna þess að það yrði eftirsóknarverðara að hafa almennt leyfi til áfengisveitinga frekar en tækifærisleyfi ef heimildin yrði nýtt og allt eftirlit yrði þar með í fastari skorðum og líka vegna þess að breytingin mundi þá stuðla að því að veitingastaðir, sem til þess hafa rétt, kaupi áfengi samkvæmt slíku veitingastaðakerfi sem

auðveldar eftirlit með veltu slíkra staða og þar með skatteftirlit. Hefur skattrannsóknarstjóri lýst miklum áhuga á breytingu í þessa veru.

Leyfi til áfengisveitinga skiptist í raun í tvennt, annars vegar almennt vínveitingaleyfi sem veitt er skv. 12. gr. áfengislaga (oft nefnt fast vínveitingaleyfi) og hins vegar svokallað tækifærisleyfi sem veitt er á grundvelli 20. gr. áfengislaga. Hefur verið nokkuð mikið um útgáfu á tækifærisleyfum en ekki hafa verið gerðar eins strangar kröfur til allrar aðstöðu og aðbúnaðar varðandi þessi leyfi og föstu vínveitingaleyfin. Margir staðir víðs vegar um land reka hins vegar umfangsmikla starfsemi á grundvelli tækifærisleyfa og er þá í raun verið að reka skemmti- eða veitingastað með svipuðu sniði og hjá þeim sem þurfa að hafa fast vínveitingaleyfi.

Með því að veita einungis þeim sem hafa almennt leyfi til vínveitinga (fast vínveitingaleyfi) heimild til að kaupa áfengi með afslætti kemur það til með að hvetja þá sem eru í veitingarekstri til að verða sér úti um slík leyfi verði heimild til afsláttar nýtt en það stuðlar að betra opinberu eftirliti svo sem að framan sagði.

Gert er ráð fyrir því í greininni að fjármálaráðherra gefi út sérstaka gjaldskrá vegna áfengis á heildsöluverði en það er í samræmi við 3. gr. laga nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf en samkvæmt þeirri grein er það fjármálaráðherra sem ákveður útsöluverð áfengis og tóbaks á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Um leiðréttingu er að ræða.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér breytingar á tveimur ákvæðum áfengislaga. Annars vegar er gerð breyting á þá lund að auðveldara verður að stemma stigu fyrir framleiðslu tækja til ólöglegrar áfengisframleiðslu. Það ákvæði hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Hins vegar er í 2. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að fjármálaráðherra sé heimilt að veita þeim aðilum sem hafa almennt vínveitingaleyfi afslátt frá útsöluverði á áfengi. Þetta hefur í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð en hve mikið fer eftir í hvaða mæli heimildin er notuð. Gera má ráð fyrir að fyrir hvert prósentustig sem veitt er í afslátt verði tekjutap ríkissjóðs um 16 m.kr.

881. Frumvarp til laga [568. mál]

um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Gildissvið o.fl.

1. gr.

Ef alþjóðadómstóllinn, sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna setti á stofn til að fjalla um mál manna sem eru grunaðir um, ákærðir eða dæmdir fyrir alvarleg brot á alþjóðlegum mannúðarreglum framin í fyrrum Júgóslavíu, fer þess á leit að hér á landi fari fram aðgerðir vegna rannsóknar eða meðferðar máls skal farið með slíkar beiðnir í samræmi við ákvæði þessara laga. Sama gildir um fullnustu dóma alþjóðadómstólsins.

2. gr.

Beiðni samkvæmt lögum þessum getur borist hvort sem er frá deildum dómstólsins eða saksóknara hans. Beiðni skal send dómsmálaráðherra sem hefur að öðru leyti forræði á samskiptum við alþjóðadómstólinn.

II. KAFLI
Framsal.

3. gr.

Fari alþjóðadómstóllinn fram á að maður, grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir verknað sem fellur undir lögsögu dómstólsins og er staddur innan lögsögu íslenska ríkisins, verði framseldur til dómstólsins skal dómsmálaráðherra verða við slíkri beiðni.

Þegar beiðni um framsal skv. 1. mgr. er athuguð skulu ákvarðanir dómstólsins um handtöku eða gæsluvarðhald eða tilkynning um dóm lagðar til grundvallar.

Dómsmálaráðherra getur hafnað beiðni ef ráða má af henni eða öðrum gögnum að hún sé bersýnilega röng.

4. gr.

Sé beiðni ekki þegar hafnað skv. 3. mgr. 3. gr. skal hún send ríkissaksóknara sem sér um að nauðsynleg rannsókn og aðgerðir verði framkvæmdar.

Ákvæði laga um meðferð opinberra mála gilda um rannsókn. Sama gildir um meðferð kröfu fyrir dómi skv. 5.–7. gr.

5. gr.

Heimilt er að handtaka þann sem óskast framseldur og setja í gæsluvarðhald eða beita hann öðrum þvingunaraðgerðum samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Gæsluvarðhaldi eða beitingu annarra þvingunaraðgerða skal markaður ákveðinn tími sem má ekki vara lengur en þar til endanleg ákvörðun er tekin um að hafna beiðni um framsal eða ákvörðun um framsal er framkvæmd.

Sá sem úrskurðaður er í gæsluvarðhald vegna beiðni um framsal getur þegar 30 dagar eru liðnar frá úrskurði óskað eftir því að mál hans verði tekið til meðferðar á ný.

6. gr.

Þegar alþjóðadómstóllinn hefur lýst eftir manni sem er staddur hér á landi og heimilt er að framselja samkvæmt lögum þessum má handtaka hann, setja í gæsluvarðhald eða beita hann öðrum þvingunarráðstöfunum samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Slíkar aðgerðir skulu þegar tilkynntar dómsmálaráðherra.

Gæsluvarðhaldi eða öðrum þvingunarráðstöfunum skv. 1. mgr. verður ekki beitt um lengri tíma en 30 daga nema beiðni um framsal berist innan þess tíma. Gilda þá ákvæði 3.–5. gr.

7. gr.

Að lokinni rannsókn og öðrum nauðsynlegum aðgerðum tekur dómsmálaráðherra ákvörðun um hvort af framsali til alþjóðadómstólsins verði og með hvaða hætti.

Maður sá sem framselja á getur krafist úrskurðar héraðsdóms um hvort skilyrði laga fyrir framsali séu fyrir hendi. Skal honum kynnt þessi heimild. Krafa um úrskurð skal berast ríkissaksóknara eða dómsmálaráðherra eigi síðar en einum sólarhring eftir að honum er tilkynnt að ákveðið hafi verið að verða við beiðni um framsal. Hafi úrskurðar verið krafist skal framsal ekki fara fram fyrr en endanlegur dómsúrskurður hefur verið kveðinn upp.

Þegar maður er framseldur frá öðru ríki til alþjóðadómstólsins er heimilt að flytja hann um íslenskt yfirráðasvæði.

III. KAFLI
Beiðnir um aðra réttaraðstoð.

8. gr.

Þegar alþjóðadómstóllinn biður um að aðgerðir vegna rannsóknar fari fram hér á landi í máli sem fellur undir lögsögu dómstólsins skal verða við beiðni og hún send ríkissaksóknara til meðferðar. Ríkissaksóknari ákveður hvernig staðið skuli að rannsókn máls og hverjum skuli falin rannsóknin. Rannsókn skal fara fram samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

9. gr.

Þegar alþjóðadómstóllinn fer þess á leit að skýrsla verði tekin af manni fyrir dómi skal ríkissaksóknari senda beiðni þar um til viðkomandi héraðsdómstóls og skal skýrslutaka fara þar fram í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála.

10. gr.

Saksóknarinn við alþjóðadómstólinn eða fulltrúi hans á rétt á að vera viðstaddur skýrslutöku fyrir lögreglu eða dómi og við framkvæmd annarra rannsóknaraðgerða samkvæmt þessum kafla laganna.

IV. KAFLI
Flutningur á frjálsræðissviptum manni til skýrslugjafar.

11. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að maður sem sviptur er frjálsræði hér á landi verði fluttur til alþjóðadómstólsins til skýrslutöku eða samprófunar vegna rannsóknar máls eða

málsmeðferðar ef skýrslutakan eða samprófunin varðar brot annars manns en hins frjálsræðissvipta. Flutningur er þó aðeins heimill að viðkomandi maður samþykki það sjálfur.

V. KAFLI
Fullnusta dóma alþjóðadómstólsins.

12. gr.

Samkvæmt beiðni alþjóðadómstólsins er heimilt að fullnægja hér á landi dómum hans. Þegar fullnusta á dómum alþjóðadómstólsins fer fram hér á landi gilda ákvæði laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, eftir því sem við á. Dómum má fullnægja þótt dómþoli sé ekki íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi.

Þegar fullnægja á viðurlögum samkvæmt dómum alþjóðadómstólsins hér á landi gilda ákvæði a-liðar 1. mgr. 23. gr. laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma.

Alþjóðadómstóllinn tekur ákvörðun um eftirgjöf refsingar.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

13. gr.

Maður verður ekki ákærður eða dæmdur hér á landi fyrir verknað sem er til rannsóknar eða meðferðar eða hefur verið dæmt um hjá alþjóðadómstólnum.

14. gr.

Þegar beitt er aðgerðum gagnvart manni sem er grunaður, ákærður eða dæmdur af alþjóðadómstólnum vegna verknaðar sem dómstóllinn hefur lögsögu yfir skal sá maður að eigin vali eiga rétt á að fá sér skipaðan réttargæslumann eða verjanda vegna meðferðar málsins hér á landi. Gilda þá ákvæði laga um meðferð opinberra mála.

15. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og um bein samskipti annarra við alþjóðadómstólinn.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.
I. Inngangur.

Hinn 25. maí 1993 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 827 (1993) um að koma á fót alþjóðlegum dómstóli þar sem rekin verða mál gegn mönnum sem taldir eru ábyrgir fyrir alvarlegum brotum á alþjóðlegum mannúðarreglum frömdum í fyrrum Júgóslavíu frá og með 1. janúar 1991.

Ályktun öryggisráðsins byggist á ákvæðum í VII. kafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða. Stofnun dómstólsins hefur það markmið að stuðla að því að koma á og viðhalda friði og öryggi. Þar sem þessi ályktun öryggisráðsins er samþykkt með vísun til VII. kafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða er hún bindandi fyrir aðildarríki Sameinuðu þjóðanna og eru þau skuldbundin til nauðsynlegra aðgerða til þess að unnt sé að framfylgja ákvörðuninni.

Með ályktun nr. 827 (1993) samþykkti öryggisráðið einnig samþykktir fyrir alþjóðadómstólinn. Þær öðluðust þegar gildi. Samþykktirnar þarfnast ekki fullgildingar af hálfu aðildarríkjanna.

Ekki er gert ráð fyrir að dómstóllinn verði varanlegur. Honum er ætlað að fjalla um mál þeirra sem grunaðir eru um brot á alþjóðlegum mannúðarreglum sem framin eru frá og með 1. janúar 1991. Dómstóllinn kemur til með að starfa þar til öryggisráðið ákveður annað. Dómstóllinn hefur aðsetur í Haag í Hollandi.

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru skv. VII. kafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða skuldbundin til að starfa með dómstólnum og sjá til þess að viðkomandi yfirvöld í hverju ríki framfylgi beiðnum hans um réttaraðstoð. Slíkar beiðnir geta m.a. lotið að því að taka vitnaskýrslu eða afla annarra sönnunargagna, leita að mönnum og staðreyna að tiltekinn maður sé sá sem leitað er að, að húsrannsóknir fari fram, afhending og flutningur á mönnum til dómstólsins o.fl. Dómstóllinn getur óskað þess að ríki sjái til þess að ákærður maður verði fluttur til dómstólsins. Ekki verður heimilt að synja beiðni um að íslenskur ríkisborgari eða maður með fasta búsetu hér á landi verði framseldur til dómstólsins ef þess verður óskað.

Samkvæmt 1. gr. laga um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, nr. 5/1969, er ríkisstjórninni heimilt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framfylgja ákvörðunum sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekur samkvæmt 41. gr. sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sbr. og 39. gr. sáttmálans, og Íslandi kann að vera skylt að hlíta vegna aðildar sinnar að Sameinuðu þjóðunum.

Af athugasemdum með frumvarpi til framangreindra laga má ráða að tilgangur með þeirri lagasetningu hafi fyrst og fremst verið að unnt væri að grípa til ráðstafana vegna ákvarðana öryggisráðsins um viðskiptabann á einstök ríki og sambærilegar aðgerðir. Dómsmálaráðuneytið telur að ákvæði umræddra laga séu ekki fullnægjandi til þess að íslensk stjórnvöld geti fullnægt skyldum sínum við alþjóðadómstólinn ef á reynir. Þar sem dómstólnum er ekki ætlað að starfa nema tímabundið telur ráðuneytið eðlilegast að sett verði sérstök lög um þau atriði sem þarfnast lagasetningar, til þess að unnt verði að framfylgja þeim skuldbindingum sem framangreind ályktun gerir ráð fyrir, í stað þess að breyta gildandi lögum.

II. Um ályktun öryggisráðsins og forsögu hennar.

Í ályktun öryggisráðsins nr. 764 (1992) segir að allir aðilar í átökunum í fyrrum Júgóslavíu séu skuldbundnir að fullnægja skyldum sínum samkvæmt alþjóðlegum mannúðarreglum og var þar sérstaklega vísað til Genfarsamninganna frá 12. ágúst 1949 til verndar friði og til þess að draga úr skelfingum styrjalda. Jafnframt sló öryggisráðið því föstu að þeir sem fremja eða fyrirskipa alvarleg brot á samningunum séu persónulega ábyrgir fyrir slík afbrot. Ísland er aðili að Genfarsamningunum frá 1949, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1965, ásamt viðbótarbókunum I og II við þá frá 8. júní 1977, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 3/1987.

Í ályktun nr. 771 (1992) frá 13. ágúst 1992 lét öryggisráðið í ljós áhyggjur sínar vegna frekari upplýsinga um umfangsmikil brot á alþjóðlegum mannúðarreglum á landsvæði fyrrum Júgóslavíu og benti sérstaklega á ástandið í Bosníu og Hersegóvínu. Var einkum vísað til skýrslna um skipulagða brottvísun og nauðungarflutninga á almennum borgurum, fangelsun og misþyrmingar á þeim í fangelsum, skipulagðar árásir á almenna borgara, sjúkrahús og sjúkrabifreiðar, hindrun á dreifingu lífsnauðsynja og lyfja til þeirra og gerræðisfulla eyðileggingu á eignum. Ráðið fordæmdi sérhvert brot á alþjóðlegum mann-

úðarreglum, þar með taldar „þjóðernishreinsanir“. Ráðið krafðist þess að allir aðilar að átökunum í fyrrum Júgóslavíu létu af og hættu hverjum þeim aðgerðum sem væru brot á alþjóðlegum mannúðarreglum. Ríki og alþjóðlegar mannúðarstofnanir voru hvött til að safna saman skjalfestum upplýsingum um brot á alþjóðlegum mannúðarreglum, þar með talin brot á Genfarsamningunum, og láta ráðinu í té slíkar upplýsingar.

Í ályktun nr. 780 (1992) frá 6. október 1992 fól öryggisráðið aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að kalla saman óháða nefnd sérfræðinga til að rannsaka og skilgreina þær upplýsingar sem ráðið óskaði eftir í ályktun nr. 771 (1992) í þeim tilgangi að komast að raun um hvort sannanir fyndust fyrir alvarlegum brotum á Genfarsamningunum og öðrum alþjóðlegum mannúðarreglum sem hefðu verið framin á landsvæði fyrrum Júgóslavíu. Nefndinni var falið að gera aðalframkvæmdastjóra grein fyrir niðurstöðum sínum. Aðalframkvæmdastjóri skipaði síðan fimm manna nefnd til að sinna þessu verkefni hinn 26. október 1992. Í skýrslu sinni til öryggisráðsins 9. febrúar 1993 kynnti aðalframkvæmdastjóri niðurstöður nefndarinnar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að alvarleg brot og virðingarleysi gagnvart alþjóðlegum mannúðarreglum hefðu átt sér stað á landsvæði fyrrum Júgóslavíu. Nefndin benti sérstaklega á manndráp, þjóðernishreinsanir, fjöldamorð, pyntingar, nauðganir, rán og eyðileggingu á almennum eignum, eyðileggingu á menningarverðmætum og eignum trúarlegs eðlis ásamt fangelsun.

Niðurstöður nefndarinnar voru grundvöllur að ályktun öryggisráðsins nr. 808 (1993) 22. febrúar 1993. Í þeirri ályktun var því slegið föstu að afbrot sem ættu sér stað í fyrrum Júgóslavíu væru ógnun við alþjóðlegan frið og öryggi. Enn fremur kom fram að ráðið hefði ákveðið að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir slík afbrot og beita árangursríkum aðgerðum til að sækja þá til saka sem ábyrgð bæru á slíkum afbrotum. Ráðið var sannfært um að vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem ríktu í fyrrum Júgóslavíu mundi stofnun alþjóðadómstóls þjóna þessum tilgangi og stuðla að því að koma á og viðhalda friði. Ráðið ákvað að stofnaður skyldi alþjóðadómstóll til að fjalla um mál þeirra sem sóttir yrðu til saka fyrir að hafa framið eða fremdu alvarleg brot á alþjóðlegum mannúðarreglum á landsvæði fyrrum Júgóslavíu frá 1991. Aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna var með þessari ályktun falið að gera innan 60 daga tillögur um stofnun slíks dómstóls.

Með ályktun nr. 808 (1993) lagði öryggisráðið grunninn að stofnun alþjóðadómstólsins. Ráðið sló því föstu að fyrir lægju upplýsingar um ógnun við frið og öryggi sem fælist í brotum á alþjóðlegum mannúðarreglum í fyrrum Júgóslavíu. Þar með taldi öryggisráðið að unnt væri að beita ákvæðum í VII. kafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða og ráðið gæti tekið ákvörðun sem væri bindandi fyrir öll aðildarríkin. Ráðið tók skýrt fram að markmiðið væri að ganga lengra og taldi að alþjóðadómstóll væri árangursrík aðgerð í þessu sambandi.

Aðalframkvæmdastjóri lagði umbeðna skýrslu sína fyrir öryggisráðið 3. maí 1993. Skýrslunni fylgdu drög að samþykktum fyrir alþjóðadómstólinn.

Hinn 25. maí 1993 samþykkti öryggisráðið skýrslu aðalframkvæmdastjóra með ályktun nr. 827 (1993). Ályktun þessi er birt sem fskj. I með frumvarpi þessu. Ráðið ítrekaði þar áhyggjur sínar vegna frekari upplýsinga um umfangsmikið og augljóst virðingarleysi fyrir alþjóðlegum mannúðarreglum á landsvæði fyrrum Júgóslavíu, sérstaklega í lýðveldinu Bosníu og Hersegóvínu. Sérstaklega voru tilgreindar skýrslur um fjöldamorð, stórfelldar, skipulagðar og kerfisbundnar fangelsanir og nauðganir á konum ásamt áframhaldandi þjóðernishreinsunum í þeim tilgangi að leggja undir sig landsvæði og halda þeim. Ráðið ítrekaði enn þá skoðun sína að ástandið í þessum heimshluta ógnaði alþjóð-

legum friði og öryggi og kvaðst hafa ákveðið að koma í veg fyrir framhald slíkrar brotastarfsemi með því að samþykkja aðgerðir til að sækja þá til saka sem ábyrgir væru fyrir þeim. Ráðið taldi að með vísan til þeirra sérstöku aðstæðna sem ríktu í fyrrum Júgóslavíu mundi stofnun alþjóðadómstóls og saksókn gegn þeim mönnum, sem ábyrgð bera á alvarlegum brotum á alþjóðlegum mannúðarreglum, leiða til þess að þetta markmið næðist og vera liður í að koma á og viðhalda friði. Að mati ráðsins var stofnun dómstóls og saksókn gegn þeim sem ábyrgir væru fyrir brotum liður í að berjast gegn virðingarleysi á alþjóðlegum reglum og stuðla að því að alþjóðleg mannúðarréttindi yrðu virt. Ráðið vísaði einnig til þess að fundarstjórar á ráðstefnunni um fyrrum Júgóslavíu (Owen lávarður og Thorvald Stoltenberg) mæltu með því að slíkur dómstóll yrði stofnaður.

Ráðið lagði til að þar til tilnefndur yrði saksóknari við dómstólinn skyldi nefnd sérfræðinga, sem kölluð var saman í kjölfar ályktunar nr. 780 (1992), halda áfram að safna upplýsingum og gögnum um alvarleg brot á Genfarsamningunum og öðrum brotum á alþjóðlegum mannúðarreglum.

III. Um ákvæði í samþykktum fyrir alþjóðadómstólinn.

Í *inngangi að samþykktum fyrir alþjóðadómstólinn* segir að dómstóllinn hafi verið stofnaður af öryggisráðinu samkvæmt ákvæðum í VII. kafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða og að dómstóllinn skuli starfa samkvæmt ákvæðum samþykktanna. Íslensk þýðing af samþykktunum er birt sem fskj. II með frumvarpi þessu.

Í 1., 8. og 9. gr. samþykktanna er fjallað um lögsögu dómstólsins. Í 2.–5. gr. er fjallað um þau afbrot sem dómstóllinn getur dæmt menn fyrir. Í 6. og 7. gr. er fjallað um skilyrði refsiábyrgðar o.fl. Í 10. gr. er fjallað um ne bis in idem eða bann við endurtekinni saksókn fyrir sama afbrot. Í 11.–17. gr. er fjallað um skipulag dómstólsins og réttarfarsreglur. Í 18. –22. gr. um saksókn, undirbúning málsmeðferðar og fleiri réttarfarsatriði. Í 23.–26. gr. er fjallað um dóma, viðurlög, áfrýjun, endurupptöku, fullnustu dóms og eftirgjöf refsingar. Í 29. gr. er fjallað um alþjóðlega réttaraðstoð við dómstólinn. Í 30.–34. gr. er fjallað um friðhelgi dómara og annarra starfsmanna dómstólsins, fjármál, skýrslugerð, tungumál o.fl.

Samkvæmt 1. gr. samþykktanna getur dómstóllinn fjallað um mál manna sem eru ábyrgir fyrir alvarleg brot gegn alþjóðlegum mannúðarreglum framin á landsvæði fyrrum Júgóslavíu síðan 1991. Með alþjóðlegum mannúðarreglum er bæði vísað til reglna sem eiga sér stoð í venjum og í alþjóðlegum samningum. Alþjóðlegur venjuréttur er ekki í öllum tilvikum samningsbundinn og samningsbundnar reglur eru heldur ekki í öllum tilvikum hluti af alþjóðlegum venjurétti. Í þeim tilgangi að virt sé að fullu það grundvallaratriði að enginn skuli sakfelldur fyrir verknað, sem á verknaðartíma taldist ekki afbrot samkvæmt gildandi reglum á þeim tíma er dómstólnum einungis heimilt að byggja refsiábyrgð á þeim reglum sem án alls vafa telst alþjóðlegur réttur. Bæði dómstóllinn og Sameinuðu þjóðirnar mundu bíða hnekki af ef unnt væri að telja að einhver væri sakfelldur fyrir verknað sem ekki væri tvímælalaust afbrot þegar hann var framinn. Með því að vísa til alþjóðlegs réttar er komist fram hjá því vandamáli að ákveðin ríki eru ekki aðilar að sumum þeim samningum sem hér um ræðir. Það er mikilvægt að dómstóllinn verði ekki vændur um brot á réttaröryggissjónarmiðum þar sem honum ber að fjalla um mál einstaklinga. Jafnvel stríðsglæpamenn njóta almennra mannréttinda. Þeir njóta einnig í flestum tilvikum stjórnarskrárbundinna réttinda sem almennt gilda um ríkisborgara viðkomandi ríkis.

Samkvæmt skýrslu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna er sá hluti alþjóðlegs samningsréttar, sem án vafa telst alþjóðlegur venjuréttur, þær reglur sem fjallað er um í Genfarsamningunum frá 12. ágúst 1949 til verndar friði og til þess að draga úr skelfingum styrjalda, fjórða Haag-samningnum um reglur og venjur um stríð á landi ásamt viðauka við hann hvor tveggja frá 18. október 1907, alþjóðasamningnum um ráðstafanir gegn hópmorðum frá 9. desember 1948 og samþykktum alþjóðaherdómstólsins frá 8. ágúst 1945. Sem fyrr segir er Ísland aðili að Genfarsamningunum frá 1949 og einnig að Haag-samningnum frá 1907, sbr. samninga Íslands við erlend ríki nr. 14 og auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1963, og samningnum um ráðstafanir gegn hópmorðum frá 1948, sbr. auglýsingar í A-deild Stjórnartíðinda nr. 95/1949 og 123/1950.

Í einstökum skýrslum sem samdar voru við undirbúning að stofnun dómstólsins var lagt til að dómstóllinn skyldi beita landsrétti í þeim tilvikum þar sem slík lög endurspegluðu alþjóðlegan mannúðarvenjurétt. Aðalframkvæmdastjóri telur í skýrslu sinni að ákvæði í framangreindum samningum sé nægjanlegur grundvöllur fyrir dómstólinn „ratione materiae". Í samningunum eru þó engar leiðbeiningar um refsimörk og refsimat. Við slíkt mat verður dómstóllinn að styðjast við ákvæði í landslögum.

Í 1. gr. segir enn fremur að verknaðirnir þurfi að hafa verið framdir á landsvæði fyrrum Júgóslavíu frá og með 1. janúar 1991. Dómstóllinn getur þannig ekki fjallað um afbrot sem framin eru utan þess svæðis eða fyrir 1. janúar 1991. Mörk fyrrum Júgóslavíu voru skilgreind eftir síðari heimsstyrjöldina með landamærum við þau ríki sem umlykja hana. Ekki kemur fram í greininni með hvaða hætti þessi landfræðilega skilgreining skal gilda með tilliti til samsæris, undirbúnings og annarrar hlutdeildar í broti og hvort slíkir verknaðir skuli teljast refsiverðir.

Í 2. gr. segir að dómstóllinn geti fjallað um alvarleg brot á ákvæðum Genfarsamninganna frá 1949. Samningarnir fjalla um stríðsrekstur frá mannúðarsjónarmiðum með því að veita ákveðnum hópum vernd fyrir vopnuðum átökum, m.a. sárum og sjúkum hermönnum, stríðsföngum og almennum borgurum. Mannúðarreglurnar í þessum samningum eru kjarninn í venjurétti sem gildir í vopnuðum átökum. Í samningunum eru tilgreindir verknaðir sem í eðli sínu eru alvarleg brot eða stríðsglæpir. Samþykktirnar gera ráð fyrir því að dómstóllinn fjalli um meiri háttar brot sem falla undir þessar verknaðarlýsingar og eru í greininni eru taldar upp átta slíkar verknaðarlýsingar, orðrétt í samræmi við viðkomandi samning.

Samkvæmt 3. gr. er heimilt að saksækja þá fyrir dómstólnum sem gerast sekir um brot gegn lögum og venjum er gilda um hernað.

Mörg ákvæði í fjórða Haag-samningnum frá 1907 töldust byltingarkennd á sínum tíma. Þegar heimsstyrjöldin síðari braust út voru þessi ákvæði almennt viðurkennd meðal siðmenntaðra þjóða og var það einnig staðfest við Nürnberg-réttarhöldin. Ákvæðin um stríðsglæpi í Nürnberg-samþykktunum og Genfarsamningunum skarast og eru alþjóðlegur réttur.

Í Haag-samningnum er því m.a. slegið föstu að réttur stríðandi aðila til stríðsrekstrar sé ekki ótakmarkaður og að ákveðin framkvæmd hans sé bönnuð samkvæmt reglum um styrjöld á landi. Sú túlkun og notkun þessara reglna sem þróaðist við Nürnberg-réttarhöldin var lögð til grundvallar þegar ákvæði greinarinnar voru samin og í 3. gr. eru talin upp nokkur slík afbrot í dæmaskyni.

Samkvæmt 4. gr. er heimilt að saksækja þá fyrir dómstólnum sem gerast sekir um þjóðarmorð. Samkvæmt alþjóðasamningnum frá 1948 um ráðstafanir gegn hópmorðum má saksækja einstaklinga hvort heldur er fyrir brot framið í stríði eða á friðartímum. Í 2. mgr. er skilgreining á þjóðarmorði, en í 3. mgr. eru refsiheimildir tæmandi upptaldar verknaðartegundir, þ.e. þjóðarmorð, samsæri um þjóðarmorð, bein og óbein hvatning til þjóðarmorðs, tilraun til og hlutdeild í þjóðarmorði. Þar sem þessir verknaðir eru sérstaklega taldir upp í 4. gr. getur ákveðinn vafi leikið á því að hve miklu leyti sambærilegir verknaðir eru refsiverðir í sambandi við önnur brot sem talin eru upp í 2.–5. gr. Ákvæði 1. mgr. 7. gr. geta þýtt að svo sé.

Samkvæmt 5. gr. nær lögsaga dómstólsins til afbrota sem teljast glæpir gegn mannkyninu. Að ákveðnir verknaðir sem beinast gegn almennum borgurum teljist glæpir gegn mannkyni var fyrst viðurkennt formlega í samþykktum fyrir Nürnberg-dómstólinn. Glæpir gegn mannkyni eru bannaðir hvort sem þeir eru framdir í stríði ríkja á milli eða í innanlandsátökum. Með þessu er átt við verknaði sem eru sérstaklega ómannlegir, t.d. morð, pyndingar eða nauðganir, sem framdar eru sem liður í blóðblöndun eða kerfisbundnar árásir á almenna borgara þegar það beinist að hvaða þjóðfélagshóp sem er, einkum af þjóðernislegum, pólitískum eða af trúarlegum ástæðum. Í stríðinu í fyrrum Júgóslavíu hafa ómannlegir verknaðir af þessu tagi m.a. tekið á sig svip svo kallaðra þjóðernishreinsana, svo sem umfangsmiklar og kerfisbundnar nauðganir ásamt öðru kynferðislegu ofbeldi, þar með talin þvingun til að stunda vændi.

Upptalning á glæpum gegn mannkyni í 5. gr. samþykktanna er að efni til samhljóða 3. gr. fjórða Genfarsamningsins frá 1949, en skýrari að því leyti að í greininni segir beint að nauðgun sé ómannlegur verknaður.

Samkvæmt 6. gr. verða einungis persónur saksóttar fyrir dómstólnum. Í skýrslu sinni segir aðalframkvæmdastjóri að það væri óheppilegt í þessu sambandi að viðurkenna lögsögu dómstólsins yfir lögaðilum, svo sem félögum eða stofnunum. Slík lögsaga hefði því aðeins tilgang að þátttaka í vissum félögum eða stofnunum væri út af fyrir sig afbrot sem dómstóllinn hefði lögsögu yfir. Allir verknaðir sem skilgreindir eru sem brot í samþykktunum fyrir dómstólinn eru verknaðir sem framdir eru af mönnum. Aðalframkvæmdastjóri taldi það því nægilegt að dómstóllinn hefði lögsögu gegn persónum og að ekki þyrfti að taka tillit til þess hvort maður tilheyrði einhverjum skipulögðum samtökum eða hópi þegar hann fremur tiltekinn verknað.

Í 7. gr. eru ákvæði um skilyrði persónulegrar refsiábyrgðar. Öryggisráðið hefur oftar en einu sinni látið það álit sitt í ljós að menn sem fremja alvarleg brot gegn alþjóðlegum mannúðarreglum í fyrrum Júgóslavíu eigi að vera persónulega ábyrgir fyrir verknaði sína.

Aðalframkvæmdastjóri heldur því fram í skýrslu sinni að þeir menn sem taka þátt í skipulagningu, undirbúningi eða framkvæmi verknaði sem eru alvarleg brot á alþjóðlegum mannúðarreglum stuðli að framningu brota og að í þessum tilvikum beri menn persónulega refsiábyrgð. Þessi afstaða kemur fram í 1. mgr. greinarinnar.

Eftir síðari heimsstyrjöldina hefur það verið almennur skilningur að þjóðhöfðingjar, fyrirsvarsmenn ríkisstjórna og menn sem koma fram opinberlega séu einnig persónulega ábyrgir fyrir verknaði sem fela í sér alvarleg brot á mannúðarreglum. Þessi viðhorf koma fram í 2. mgr. greinarinnar. Slíkir menn geta því ekki borið fyrir sig friðhelgi sem vörn eða málsbætur eða vísað til þess að verknaður hafi verið framinn sem liður í skyldustörfum. Maður í ábyrgðarstöðu skal skv. 3. mgr. 7. gr. vera persónulega ábyrgur fyrir ólöglegum fyrirskipunum sem leiða til verknaða sem falla undir lögsögu dómstólsins.

Slíkur maður skal einnig gerður ábyrgur fyrir að hafa ekki komið í veg fyrir framningu slíks afbrots eða stöðvað ólöglega framgöngu undirmanna sinna. Slík óbein ábyrgð eða saknæm vanræksla skal talin vera fyrir hendi ef maður í hærri stöðu vissi eða mátti vita að undirmaður ætlaði að fremja eða hafði framið afbrot en lætur undir höfuð leggjast að grípa til nauðsynlegra og eðlilegra aðgerða til að hindra eða stöðva slík brot eða refsar ekki þeim sem það hefur framið.

Það leysir mann ekki undan persónulegri ábyrgð og er ekki vörn í máli þótt hann hafi unnið verk samkvæmt skipun yfirmanns eða handhafa ríkisvalds, sbr. 4. mgr. 7. gr. samþykktanna. Dómstóllinn getur þó virt hlýðni við boð yfirmanns sem málsbætur ef aðstæður mæla með því.

Gert er ráð fyrir því að í réttarfarsreglum sem dómstóllinn á sjálfur að setja, sbr. 15. gr. samþykktanna, verði ákvæði í samræmi við viðurkenndar meginreglur laga um það hvort ástæður, svo sem sakhæfisaldur, geðveiki eða geðtruflanir, valdi því að menn teljist ekki sakhæfir eða geti því ekki orðið refsiábyrgir.

Samkvæmt 8. gr. er refsilögsaga dómstólsins bundin við landsvæði fyrrum Júgóslavíu, þar með talið land, lofthelgi og landhelgi. Í greininni er einnig ákvæði um tímalögsögu. Í ályktun nr. 808 (1993) hefur öryggisráðið ákveðið tímalögsögu þannig að miðað væri við brot framin „síðan 1991“. Aðalframkvæmdastjórinn segir í skýrslu sinni að þetta beri að skilja þannig að það taki til afbrota sem voru framin hvenær sem er frá og með 1. janúar 1991. Þessi dagsetning hefur enga sérstaka tilvísun til þess sem hefur gerst á átakasvæðunum.

Í 9. gr. er fjallað um samband á milli lögsögu dómstólsins og lögsögu dómstóla í einstökum ríkjum. Þegar öryggisráðið setti dómstólinn á fót var ætlunin ekki sú að útiloka eða hindra að dómstólar í einstökum ríkjum gætu fjallað um þau mál sem falla undir lögsögu alþjóðadómstólsins. Dómstólar í einstökum ríkjum eru nánast hvattir til að sinna skyldum sínum samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi ríki. Aðalframkvæmdastjóri gerði tillögu um samhliða lögsögu milli dómstólsins og dómstóla einstakra ríkja, en þó þannig að lögsaga alþjóðadómstólsins hefði forgang. Getur það þannig komið fyrir að alþjóðadómstóllinn taki sér lögsögu í máli þótt málsmeðferð standi yfir í einstöku ríki.

Í 10. gr. er fjallað um ne bis in idem regluna eða regluna um bann við endurtekinni saksókn fyrir sama brot. Í greininni er reglan útfærð þannig að sá sem dæmdur hefur verið af alþjóðadómstólnum eða mál hefur verið rekið gegn fyrir dómstólnum þurfi ekki að eiga á hættu að mál verði höfðað gegn honum fyrir dómstóli í einhverju ríki.

Alþjóðadómstóllinn getur á hinn bóginn í tveimur tilvikum tekið mál til meðferðar sem þegar hefur hlotið meðferð í einhverju ríki. Það er þegar verknaður sá sem fjallað var um hefur verið talið venjulegt afbrot, þ.e. brotalýsing var ekki í samræmi við efnislega lögsögu dómstólsins, sbr. 2.–5. gr samþykktanna, og þegar málsmeðferð fyrir dómstóli einstaks ríkis hefur ekki verið hlutlaus eða óháð eða henni hefur verið ætlað að hlífa sakborningi við alþjóðlegri refsiábyrgð eða málið hefur ekki verið rekið af kostgæfni.

Þegar alþjóðadómstóllinn ákveður að taka sér lögsögu í máli sem þegar hefur hlotið málsmeðferð í einhverju ríki skal hann við ákvörðun refsingar taka tillit til að hve miklu leyti dómþoli hefur þegar afplánað þá refsingu sem hann hefur þegar hlotið.

Í 11. gr. er fjallað um skipulag dómstólsins. Með tilliti til þess hlutverks sem dómstólnum er ætlað taldi aðalframkvæmdastjóri að honum skyldi skipt í þrjár einingar, þ.e. dómstól í þremur deildum, ákæruvald og skrifstofu. Saksóknarinn hefur það hlutverk að rannsaka mál, undirbúa þau fyrir málsmeðferð og flytja fyrir dómstólnum. Dómstólseiningin skiptist í tvær deildir á fyrsta stigi og áfrýjunarstig. Skrifstofu dómstólsins er ætlað að þjóna bæði saksóknaranum og dómstólseiningunum.

Samkvæmt 12. gr. skulu dómarar vera 11 og af ólíku þjóðerni. Hvor deild á fyrsta stigi skal skipuð þremur dómurum og fimm dómarar skulu vera í áfrýjunardeildinni.

Samkvæmt 13. gr. skulu dómararnir verðir fyllsta siðferðislegs trausts, kunnir að vammleysi, óhlutdrægni og heiðarleika og uppfylla þau skilyrði sem sett eru í viðkomandi ríki fyrir því að geta tekið sæti í æðsta dómstól þess. Með óhlutdrægni er m.a. átt við óhlutdrægni í sambandi við þau afbrot sem falla undir lögsögu dómstólsins. Dómararnir skulu vera kunnir af þekkingu sinni í refsirétti, þjóðarétti, þar með töldum alþjóðlegum mannúðarreglum, svo og mannréttindum. Þeir skulu kosnir af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna af lista sem tekinn er saman af öryggisráðinu.

Dómararnir eru kjörnir til fjögurra ára. Skulu þeir njóta sömu kjara og dómarar í Alþjóðadómstólnum í Haag.

Verði dómarasæti í einhverri deild dómstólsins laust skal aðalframkvæmdastjóri í samráði við forseta öryggisráðsins og allsherjarþingsins tilnefna staðgengil út kjörtímabil dómaranna.

Í 14. gr. er fjallað um niðurröðun dómara í deildir. Dómararnir kjósa forseta dómstólsins og skal hann jafnframt vera forseti áfrýjunardeildarinnar. Í samráði við dómarana sjálfa skal hann síðan raða þeim í deildir. Dómari starfar einungis í þeirri deild sem honum er falið að starfa í. Dómarar í hvorri deild á fyrsta stigi skulu kjósa sér oddvita sem stjórnar síðan starfi í viðkomandi deild.

Samkvæmt 15. gr. skulu dómararnir sjálfir setja dómstólnum réttarfarsreglur og reglur um sönnunarfærslu. Þessar reglur skulu hafa að geyma reglur um skilyrði málsmeðferðar, málsmeðferð og áfrýjun, framlagningu sönnunargagna, réttarstöðu sakborninga og vitna ásamt öðrum atriðum sem máli skipta.

Í 16. gr. eru ákvæði um ákæruvaldið. Sjálfstæður saksóknari skal vera ábyrgur fyrir rannsókn mála og flytja mál gegn þeim sem ákærðir eru fyrir dómstólnum. Saksóknarinn skal tilnefndur af öryggisráðinu samkvæmt tillögu aðalframkvæmdastjóra. Tilnefningin skal vera til fjögurra ára og má endurskipa hann. Skal hann njóta sömu kjara og varaframkvæmdastjórar hjá Sameinuðu þjóðunum. Saksóknaranum til aðstoðar skulu vera nauðsynlegir aðstoðarmenn sem ráðnir eru af aðalframkvæmdastjóra samkvæmt tillögu saksóknarans. Aðstoðarmenn saksóknara skulu vera hæfir rannsóknarar, ákærendur, lögfræðingar með sérþekkingu í refsirétti, sérfræðingar um fullnustu dóma eða sérfræðingar í læknisfræði og skulu þeir starfa í rannsóknar- og ákærudeildum. Með tilliti til tegunda þeirra brota sem til umfjöllunar eru og fórnarlamba nauðgunar og annarra kynferðisbrota er ætlast til að hæfar konur verði á meðal starfsliðs saksóknarans.

Í 17. gr. er fjallað um skrifstofu dómstólsins. Samkvæmt 11. gr. skal skrifstofan þjóna dómstólnum í heild. Skrifstofunni er m.a. ætlað að sinna upplýsingagjöf til almennings og sjá um færslu þing- og dómabóka, ásamt fundargerðum, sjá um fundarsali (dómsali), túlkun og aðra þjónustu sem dómstóllinn þarfnast. Henni er einnig ætlað að sjá um prentun og birtingu skjala, vera ábyrg fyrir stjórnsýslu dómstólsins í heild, þar með talin fjármál og starfsmannahald, og sinna samskiptum við dómstólinn. Skrifstofustjórinn skal ráðinn af aðalframkvæmdastjóra samkvæmt tillögu frá forseta dómstólsins og skal hann ráð-

inn til fjögurra ára og er heimilt að endurráða hanna. Hann skal njóta sömu kjara og aðstoðarframkvæmdastjórar Sameinuðu þjóðanna.

Í 18. og 19. gr. er fjallað um rannsókn mála og undirbúning málsmeðferðar. Málsmeðferð er að sumu leyti ólík því sem gildir hér á landi í opinberum málum. Saksóknarinn skal taka mál til rannsóknar að eigin frumkvæði eða samkvæmt upplýsingum sem fengnar eru frá ríkisstjórnum, stofnunum Sameinuðu þjóðanna, milliríkjastofnunum eða öðrum stofnunum eða aðilum.

Saksóknarinn skal meta aðgengilegar upplýsingar og ákveða hvort þær séu nægilegar til að hefja eða halda áfram rannsókn. Við rannsókn mála hefur saksóknarinn heimild til að yfirheyra sakborninga, fórnarlömb brota svo og önnur vitni. Hann skal safna saman sönnunargögnum og sjá um vettvangsrannsóknir. Saksóknarinn getur einnig óskað eftir réttaraðstoð frá einstökum ríkjum eftir því sem þörf krefur.

Þegar rannsókn er lokið og saksóknarinn telur að grundvöllur sé til útgáfu ákæru skal hann undirbúa ákæruskjal þar sem fram koma upplýsingar um staðreyndir málsins og lýsing á því broti eða brotum sem sakborningur er talinn hafa gerst sekur um og afhenda þetta skjal dómara í annari hvorri deild dómsins á fyrsta stigi. Dómarinn skal athuga gögn málsins og ákveða hvort vísa skuli málinu frá eða ákæra skuli gefin út.

Þegar rannsókn saksóknara felur í sér yfirheyrslu sakbornings skal sakborningurinn eiga rétt á aðstoð verjanda að eigin vali og rétt til að fá gjafvörn ef hann getur ekki sjálfur greitt kostnað af vörn sinni. Sakborningur skal einnig eiga rétt á nauðsynlegri aðstoð túlks. Um þessi atriði er fjallað í 21. gr. samþykktanna.

Þegar dómari hefur ákveðið að ákært skuli í máli skal hann að beiðni saksóknara gefa út ákvarðanir sem nauðsynlegar eru, svo sem handtökuskipun, ákvörðun um gæslu, framsalsbeiðni o.s.frv.

Í 20. gr. eru ákvæði um upphaf og meðferð máls fyrir dómstólnum. Deildir dómstólsins skulu tryggja að málsmeðferð sé í samræmi við reglur dómstólsins um réttarfar og sönnunarfærslu og gæta réttinda sakbornings að því leyti sem þær eru tryggðar í samþykktum dómstólsins. Deildirnar skulu einnig taka tillit til fórnarlamba og gæta þess að þau njóti nægilegrar verndar. Sama gildir um önnur vitni. Þeim sem ákærður hefur verið fyrir dómstólnum skal þegar kynnt ákæruatriðin. Málsmeðferð getur ekki hafist fyrr en viðkomandi maður er mættur fyrir dómi. Málsmeðferð að sakborningi fjarstöddum er ekki leyfð.

Sakborningur skal fluttur í aðsetur dómstólsins án ástæðulauss dráttar, færður fyrir aðra hvora deild dómsins og þar formlega ákærður. Ákæruatriðin skulu þar lesin upp og tryggt skal að réttindi sakbornings verði virt. Þá skal trygging fengin fyrir því að ákærði skilji ákæruatriðin og skorað á hann að veita andsvör. Þegar málskjöl eru tilbúin skal ákvarða dagsetningu málsmeðferðar. Málsmeðferð skal fara fram í heyranda hljóði nema dómstóllinn ákveði annað í samræmi við reglur sínar um málsmeðferð og sönnunarfærslu. Eftir að hafa hlýtt á málflutning aðila, yfirheyrt vitni og kynnt sér önnur sönnunargögn skal dómstóllinn ljúka réttarhöldum.

Í 21. gr. eru ákvæði um réttarstöðu sakbornings. Það liggur í eðli máls að alþjóðadómstólnum ber að virða að fullu almennt viðurkenndar reglur um réttarstöðu sakborninga á öllum stigum málsmeðferðar. Samkvæmt áliti aðalframkvæmdastjóra eru í 14. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 19. desember 1966 ákvæði sem ber að virða. Ísland er aðili að þessum samningi, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979.

Í 22. gr. eru ákvæði um vernd fórnarlamba og annarra vitna. Með hliðsjón af því hvers eðlis þau brot eru sem framin eru í fyrrum Júgóslavíu getur verið nauðsynlegt að brotaþolum og öðrum vitnum verði tryggð næg vernd. Samkvæmt greininni eiga nauðsynleg ákvæði þar um að vera í réttarfarsreglum dómstólsins. Slík vernd getur falist í því að réttarhöld fari fram fyrir luktum dyrum og að ekki verði gefið upp hvert vitnið sé.

Í 23. og 24. gr. er fjallað um dóma og viðurlög. Deildir dómstólsins skulu kveða upp dóma og ákvarða þeim refsingar sem sakfelldir verða fyrir alvarleg brot á alþjóðlegum mannúðarreglum. Dómur skal kveðinn upp og birtur í heyranda hljóði. Dómurinn skal vera skriflegur og rökstuddur. Sératkvæði skulu einnig birt.

Þeim sem er sakfelldur skal ákvörðuð fangelsisrefsing. Við ákvörðun á tímalengd refsingar skal miðað við almenna framkvæmd í fyrrum Júgóslavíu í sambærilegum tilvikum. Dómstólnum er ekki heimilt að kveða upp dauðadóma. Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til grófleika brots og aðstæðna sakbornings. Auk fangelsisrefsingar getur dómstóllinn ákveðið að eignir og annað sem sakborningur hefur komist yfir með refsiverðum brotum sínum, þar með talin nauðung, skuli skilað til rétts eiganda. Í þessu sambandi vísar aðalframkvæmdastjórinn sérstaklega til ályktunar öryggisráðsins nr. 779 (1992) þar sem ráðið taldi að ráðstafanir á eignum sem komist er yfir með hótunum eða ólögmætri nauðung skuli markleysa.

Í 25. gr. er fjallað um áfrýjun. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að áfrýja dómi í tveimur tilvikum. Í fyrsta lagi vegna rangrar beitingar réttarheimilda og í öðru lagi þegar rangt mat á málsatvikum hefur leitt til óréttlátrar niðurstöðu. Báðir aðilar máls geta áfrýjað dómi. Ákvörðun áfrýjunardeildar um að staðfesta dóm, vísa máli frá eða breyta niðurstöðu dómsins er endanleg og verður henni ekki breytt. Áfrýjunardeildin skal kveða upp dóm sinn í heyranda hljóði. Dómurinn skal rökstuddur. Ágreiningsatkvæði skulu og birt.

Í 26. gr. er fjallað um endurupptöku máls sem þegar hefur verið dæmt í. Þegar nýjar upplýsingar koma í ljós eftir að dómur hefur verið kveðinn upp um málsatvik sem ekki voru kunnar þegar málið var rekið og gátu haft áhrif á niðurstöðu þess geta dómþoli eða saksóknari óskað eftir endurupptöku máls. Nánari upplýsingar um hvað koma skuli fram í slíkri beiðni eða hvernig með hana skuli fara koma ekki fram í samþykktunum. Gert er ráð fyrir nánari ákvæðum þar um í réttarfarsreglum dómstólsins.

Í 27. gr. eru ákvæði um fullnustu refsinga. Þar er gert ráð fyrir að þau ríki sem eru tilbúin til að fullnusta dóma alþjóðadómstólsins tilkynni það til öryggisráðsins og ráðið útbúi skrá um þau ríki. Dómstóllinn ákveður síðan í hverju einstöku tilviki í hvaða ríki dómþoli skuli afplána refsingu sína. Gert er ráð fyrir að dómstóllinn ákveði það um leið og dómur er kveðinn upp. Refsingin skal afplánuð í samræmi við lög þess ríkis þar sem afplánun fer fram og undir eftirliti dómstólsins.

Sem rök fyrir því að refsingin skuli afplánuð utan fyrrum Júgóslavíu telur aðalframkvæmdastjóri að um sé að ræða mjög sérstakar tegundir afbrota og að dómstóllinn hafi alþjóðleg einkenni.

Gert er ráð fyrir að öryggisráðið skori á aðildarríki Sameinuðu þjóðanna utan fyrrum Júgóslavíu að láta fangelsispláss í té í þessu skyni. Þessar tilkynningar berist síðan skrifstofustjóra dómstólsins sem síðan útbýr lista um laus fangapláss.

Í 28. gr. eru ákvæði um hvernig með skuli fara ef heimild er til þess í reglum þess ríkis þar sem afplánun fer fram að veita eftirgjöf á refsingu að öllu leyti eða nokkru, t.d. í formi náðunar. Í slíkum tilvikum skal viðkomandi ríki tilkynna dómstólnum um erindið, en dómstóllinn tekur síðan ákvörðun í samræmi við almennar meginreglur laga.

Í 29. gr. eru ákvæði um samstarf dómstólsins og einstakra ríkja varðandi réttarbeiðnir, framsal o.fl. Þar sem til dómstólsins er stofnað af öryggisráðinu með vísun til VII. kafla í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða eru öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna skyldug til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana svo að þau geti framfylgt ályktun öryggisráðsins. Ríkin eru því skuldbundin til samstarfs við dómstólinn og til að veita honum alla nauðsynlega réttaraðstoð við öflun sönnunargagna, þar á meðal yfirheyrslu vitna, sakborninga og sérfræðinga, leit að stríðsglæpamönnum o.s.frv.

Í 30. gr. er fjallað um sérréttindi og friðhelgi. Samkvæmt greininni gildir alþjóðasamningur um réttindi Sameinuðu þjóðanna frá 13. febrúar 1946 um dómstólinn, dómara, saksóknara og starfsmenn hans og skrifstofustjóra og starfsmenn skrifstofunnar. Ísland er aðili að þessum samningi, sbr. lög nr. 13/1948 og auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 55/1948. Dómarar, saksóknari og skrifstofustjóri hafa í þessu sambandi sömu stöðu og sendierindrekar ríkja. Starfsmenn saksóknara og starfsmenn á skrifstofu dómstólsins skulu hafa sömu stöðu og starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og skulu ákvæði í V. og VII. kafla framangreinds samnings gilda um þá. Aðrir einstaklingar sem þörf er á að komi til dómstólsins, þar með taldir sakborningar, skulu hljóta slíka meðferð að dómstóllinn geti starfað eðlilega.

Samkvæmt 31. gr. skal dómstóllinn hafa aðsetur í Haag í Hollandi.

Samkvæmt 32. gr. skal kostnaður vegna dómstólsins teljast hluti af reglulegum útgjöldum Sameinuðu þjóðanna, sbr. 17. gr. í samþykktum fyrir hinar Sameinuðu þjóðir.

Samkvæmt 33. gr. skulu opinber tungumál dómstólsins vera enska og franska. Það þýðir að ávallt skal túlka á og af þessum tungumálum. Mikill hluti skjala sem notuð verða við málsmeðferð hjá dómstólnum þarf að þýða á annað hvort eða bæði þessara tungumála.

Samkvæmt 34. gr. skal forseti dómstólsins skila öryggisráðinu og allsherjarþinginu árlegri skýrslu um starfsemi dómstólsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er fjallað um gildissvið þess. Samkvæmt greininni fjalla ákvæði frumvarpsins um hvernig fara skuli með beiðnir sem berast frá alþjóðadómstólnum sem fjallar um alvarleg brot á alþjóðlegum mannúðarreglum frömdum í fyrrum Júgóslavíu. Beiðnin þarf að varða aðgerðir vegna rannsóknar eða meðferðar máls vegna brots sem fellur undir lögsögu dómstólsins. Samkvæmt sáttmála hinna Sameinuðu þjóða hefur Ísland skyldu til að veita aðstoð vegna rannsóknar eða meðferðar máls sem fellur undir lögsögu dómstólsins og er markmið frumvarpsins að tryggja að unnt verði að sinna þeirri skyldu ef á það reynir. Berist beiðni um aðgerðir hér á landi vegna rannsóknar eða meðferðar máls er gengið út frá því að dómstóllinn hafi gengið úr skugga um að rannsókn eða meðferð á viðkomandi máli falli undir lögsögu hans. Íslensk stjórnvöld eiga því almennt ekki mat á því hvort alþjóðadómstóllinn er bær til að fjalla um viðkomandi mál.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein geta beiðnir frá alþjóðadómstólnum borist frá einstökum deildum hans eða saksóknaranum. Samkvæmt 11. gr. samþykkta fyrir dómstólinn skiptist alþjóðadómstóllinn m.a. upp í deildir sem fara með dómsvald auk saksóknara. Samkvæmt 18. gr. hefur saksóknarinn heimild til að leita eftir aðstoð hjá yfirvöldum í einstökum ríkjum vegna rannsóknar máls.

Í þessari grein frumvarpsins er jafnframt ákvæði um að dómsmálaráðherra fari með forræði á samskiptum við alþjóðadómstólinn. Er það í samræmi við það sem almennt gildir um meðferð beiðna frá erlendum yfirvöldum um aðgerðir hér á landi vegna rannsóknar eða meðferðar máls.

Hlutverk dómsmálaráðherra í þessu sambandi er að skipuleggja samskiptin við alþjóðadómstólinn. Hann tekur á móti beiðnum frá dómstólnum og sér um að þeim verði sinnt. Hann sér jafnframt um að senda svör, rannsóknargögn og tilkynningar til dómstólsins. Forræði dómsmálaráðherra á samskiptum við dómstólinn á ekki að útiloka bein samskipti dómstólsins við viðkomandi yfirvöld hér á landi, t.d. embætti ríkissaksóknara, eða að viðkomandi yfirvöld geti haft milliliðalaus samskipti við dómstólinn vegna meðferðar beiðni frá honum hér á landi og er því í 15. gr. frumvarpsins ákvæði um að heimilt sé að setja í reglugerð ákvæði um bein samskipti annarra en ráðherra við dómstólinn. Þá geta samskipti við dómstólinn farið eftir diplómatískum leiðum og einnig í gegnum Interpol að svo miklu leyti sem slík samskipti samrýmast hlutverki Interpol.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sú skylda verði lögfest að verða við beiðni alþjóðadómstólsins um framsal á þeim sem eru grunaðir, ákærðir eða dæmdir fyrir verknaði sem falla undir lögsögu dómstólsins. Samkvæmt 29. gr. í samþykktum fyrir dómstólinn skulu ríki án ástæðulauss dráttar sinna beiðnum hans um aðstoð, m.a. um afhendingu eða flutning á sökuðum manni til dómstólsins.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til að við athugun á beiðni um framsal verði ákvarðanir dómstólsins um handtöku eða gæsluvarðhald eða tilkynning um dóm lagðar til grundvallar nema ráða megi af ákvörðuninni eða dóminum að hún sé augljóslega röng. Það ákvæði er byggt á 2. mgr. 19. gr. í samþykktum fyrir dómstólinn.

Samkvæmt frumvarpi þessu er ekki heimilt að synja um framsal til alþjóðadómstólsins vegna þeirra atriða sem leiða til þess að synjað er um framsal til einstakra ríkja skv. I. kafla laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að það verði hlutverk ríkissaksóknara að sjá um nauðsynlegar aðgerðir til undirbúnings framsali. Hann getur falið einstökum lögregluyfirvöldum þ.m.t. Rannsóknarlögreglu ríkisins að sjá um framkvæmd aðgerða svo sem handtöku á hinum grunaða og yfirheyrslu á honum og að krafa verði lögð fyrir dómstól um gæsluvarðhald o.s.frv.

Í 2. mgr. er lagt til að ákvæði laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 gildi um rannsókn og um meðferð kröfu fyrir dómi samkvæmt 5.–7. gr. Með þessu er m.a. átt við að rannsókn skuli fara fram í samræmi við þessi lög og að meðferð, t.d. krafa um gæsluvarðhald, verði í samræmi við þau. Á það einnig við um kæru til Hæstaréttar á úrskurðum héraðsdómstóls ef um það er að ræða.

Um 5. gr.

Samkvæmt þessari grein er heimilt að handtaka og setja í gæsluvarðhald þann sem alþjóðadómstóllinn biður um framsal á. Það sama gildir um beitingu annarra þvingunaraðgerða samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Ákvæðið er sambærilegt ákvæði 15. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru um það að heimilt sé að handtaka og setja í gæsluvarðhald þann sem alþjóðadómstóllinn hefur lýst eftir án þess að beiðni hafi borist hingað til lands um framsal. Það sama gildir um beitingu annarra þvingunaraðgerða samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Ákvæðið er sambærilegt ákvæði 19. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eru sambærileg við ákvæði 17. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.

Í 2. mgr. greinarinnar eru ákvæði um að sá sem á að framselja geti borið lögmæti þeirrar ákvörðunar undir héraðsdóm. Málsgreinin er sambærileg ákvæðum 14. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984.

Í 3. mgr. er ákvæði um svokallaðan gegnumflutning, þ.e. að heimilt sé að flytja mann sem annað ríki framselur til alþjóðadómstólsins um íslenskt yfirráðasvæði.

Um 8. gr.

Samkvæmt 29. gr. samþykkta fyrir alþjóðadómstólinn skulu ríki veita dómstólnum aðstoð vegna rannsóknar og meðferðar máls sem falla undir lögsögu hans.

Í þessari grein frumvarpsins er skýrt tekið fram að verða skuli við beiðni alþjóðadómstólsins um aðgerðir hér á landi vegna rannsóknar máls og að ríkissaksóknari skuli sjá um að slík rannsókn fari fram og með hvaða hætti. Í greininni eru jafnframt ákvæði um að rannsókn hér á landi skuli fara fram samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Með aðgerðum vegna rannsóknar er átt við hvers konar rannsóknaraðgerðir, svo sem skýrslutöku hjá lögreglu af grunuðum, vitnum eða sérfróðum aðilum, leit, haldlagningu eða kyrrsetningu svo og aðrar aðgerðir eins og birtingu á kvaðningum og stefnum. Með tilvísuninni til laga um meðferð opinberra mála er átt við að rannsóknaraðgerðir skuli fara fram í samræmi við þau lög, m.a. um úrskurði dómstóla þegar þess er þörf, réttargæslu o.s.frv.

Orðið rannsókn í þessari grein ber að skilja með sama hætti og það er notað í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru ákvæði þess efnis að biðji alþjóðadómstóllinn um skýrslutöku fyrir dómi hér á landi skuli ríkissaksóknari senda beiðni um það til viðkomandi héraðsdómstóls og að skýrslutakan skuli fara þar fram samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Um 10. gr.

Almennt eiga ekki aðrir rétt á að vera viðstaddir skýrslutöku hjá lögreglu en viðkomandi rannsóknari, vottur, yfirheyrði og réttargæslumaður eða verjandi sakbornings. Það sama gildir þegar um lokuð réttarhöld er að ræða.

Fari skýrslutaka fram hér á landi að beiðni alþjóðadómstólsins getur saksóknarinn farið fram á að hann eða fulltrúi hans geti verið viðstaddur skýrslutöku hvort heldur er hjá lögreglu eða fyrir dómi. Ákvæði þessarar greinar eru til að tryggja rétt saksóknarans að vera viðstaddir skýrslutökur hvort heldur er hjá lögreglu eða fyrir dómi og annars staðar ef um er að ræða aðrar rannsóknaraðgerðir, t.d. húsleit.

Um 11. gr.

Samkvæmt greininni getur dómsmálaráðherra ákveðið að frjálsræðissviptur maður verði fluttur til alþjóðadómstólsins til skýrslutöku eða samprófunar vegna brots annars manns en hins frjálsræðissvipta. Ákvæðið gildir hvort heldur viðkomandi er í gæsluvarðhaldi, afplánun, öryggisgæslu eða í vistun vegna annars konar frjálsræðissviptingar. Með skýrslutöku er bæði átt við skýrslutöku vegna rannsóknar máls áður en ákæra er gefin út og einnig skýrslutöku fyrir alþjóðadómstólnum. Það sama gildir um samprófun. Ákvæðið er sambærilegt við ákvæði í 23. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nema að því leyti að í þessu tilviki verður frjálsræðissviptur maður ekki fluttur nema með eigin samþykki.

Í frumvarpi þessu er ekki lögð sú skylda á herðar vitnum eða sérfróðum mönnum að mæta til yfirheyrslu hjá alþjóðadómstólnum þótt þeim sé stefnt til skýrslutöku enda kemur ekki fram í samþykktum fyrir dómstólinn að ætlast sé til þess.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ákvæði sem heimila fullnustu á dómum alþjóðadómstólsins hér á landi. Ef til þess kemur gerir ákvæðið ráð fyrir að í því sambandi gildi ákvæði laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma eftir því sem við á. Þó gildir ekki það skilyrði að viðkomandi maður sé íslenskur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi.

Með tilvísun til a-liðar 1. mgr. 23. gr. framangreindra laga er átt við að haldið verði áfram að fullnægja dómum alþjóðadómstólsins samkvæmt efni sínu hér á landi.

Almennt eru ríki ekki skyldug til að sjá um fullnustu á dómum alþjóðadómstólsins. Samkvæmt 27. gr. í samþykktum fyrir dómstólinn skal fangelsisrefsing sem dómstóllinn dæmir afplánuð í ríki sem alþjóðadómstóllinn tilnefnir af skrá yfir ríki sem tjáð hafa öryggisráðinu að þau séu fús til að taka við dómfelldum mönnum.

Þótt lagt sé til að heimilt verði samkvæmt þessari grein að fullnusta hér á landi dóma alþjóðadómstólins er það sjálfstæð ákvörðun íslenskra yfirvalda hvort þau tilkynna öryggisráðinu að unnt verði að fullnægja dómum dómstólsins hér á landi.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein verður maður ekki ákærður eða dæmdur hér á landi fyrir verknað sem er til rannsóknar eða meðferðar eða hefur verið dæmt um hjá alþjóðadómstólnum. Efni þessa ákvæðis er í samræmi við 10. gr. samþykkta fyrir alþjóðadómstólinn. Sé maður ákærður hér á landi fyrir verknað sem er til meðferðar eða hefur verið dæmt um hjá alþjóðadómstólnum ber að vísa slíku máli frá dómi.

Um 14. gr.

Í þessari grein er sjálfstæð efnisregla þess efnis að þegar beitt er aðgerðum hér á landi gagnvart manni sem er grunaður, ákærður eða dæmdur af alþjóðadómstólnum vegna brots sem fellur undir lögsögu dómstólsins skuli hann samkvæmt eigin ósk eiga rétt á réttargæslumanni eða verjanda vegna meðferðar málsins hér á landi. Ákvæðið er sett til að taka af allan vafa um réttarstöðu manns að því er þetta varðar.

Um 15. gr.

Samkvæmt þessari grein er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða samkvæmt frumvarpinu og bein samskipti viðkomandi yfirvalda hér á landi við dómstólinn vegna einstakra mála.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Ályktun nr. 827 (1993)
samþykkt af öryggisráðinu á 3217. fundi þess 25. maí 1993.

Öryggisráðið,

sem staðfestir ákyktun sína nr. 713 (1991) frá 25. september 1991 og allar síðari hlutaðeigandi ályktanir,

sem fjallað hefur um skýrslu aðalframkvæmdastjóra (S/25704 m. viðauka 1) samkvæmt 2. lið ályktunar nr. 808 (1993),

sem enn á ný lætur í ljós alvarlegar áhyggjur sínar af því að enn berast fregnir um að alþjóðleg mannúðarlög séu víða og gróflega brotin á því landsvæði þar sem Júgóslavía var áður og sérstaklega í lýðveldinu Bosníu og Hersegóvínu, þar á meðal að framin séu fjöldamorð, að miklum fjölda kvenna sé með kerfisbundnum hætti haldið föngnum og nauðgað og að áfram séu stundaðar svonefndar þjóðernishreinsanir, meðal annars í því skyni að ná landsvæðum og halda þeim,

sem ákvarðar að í þessu ástandi felist enn ógn gegn alþjóðlegum friði og öryggi,

sem er staðráðið í að binda enda á slík afbrot og gera ráðstafanir til að koma lögum yfir þá sem ábyrgir eru fyrir þeim,

sem telur að við þær sérstöku aðstæður sem ríkja í fyrrum Júgóslavíu mundi stofnun alþjóðadómstóls er ráðið kæmi á fót til bráðabirgða og saksókn á hendur þeim sem ábyrgð bera á alvarlegum brotum gegn alþjóðlegum mannúðarlögum verða til þess að unnt væri að ná þessu markmiði og stuðla að því að koma á og viðhalda friði,

sem álítur að stofnun alþjóðadómstóls og saksókn á hendur þeim sem ábyrgð bera á ofangreindum brotum á alþjóðlegum mannúðarlögum muni stuðla að því að látið verði af slíkum brotum og að við þeim sé brugðist með markvissum hætti,

sem minnast í þessu sambandi ályktunar formanna stjórnarnefndar alþjóðaráðstefnunnar um fyrrum Júgóslavíu um stofnun slíks dómstóls (S/25221),

sem staðfestir í þessu sambandi ákvörðun sína í ályktun nr. 808 (1993) um að stofna beri alþjóðadómstól til að sækja þá til saka sem ábyrgð bera á alvarlegum brotum gegn alþjóðlegum mannúðarlögum er framin hafa verið á landsvæði fyrrum Júgóslavíu síðan 1991,

sem líta til þess að þar til saksóknari hefur verið skipaður við alþjóðadómstólinn er rétt að sérfræðinganefndin sem stofnuð var vegna brýnna þarfa samkvæmt ályktun nr. 780 (1992) haldi áfram söfnun upplýsinga um sönnunargögn varðandi alvarleg brot á Genfarsamningunum og önnur brot gegn alþjóðlegum mannúðarlögum eins og hún lagði til í bráðabirgðaskýrslu sinni (S/25274),

sem starfar skv. VII. kafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða,

1. samþykkir skýrslu aðalframkvæmdastjóra,

2. ákveður hér með að stofna alþjóðadómstól einungis í því skyni að sækja þá til saka sem ábyrgð bera á alvarlegum brotum gegn alþjóðlegum mannúðarlögum er framin hafa verið á landsvæði fyrrum Júgóslavíu á tímabilinu frá og með 1. janúar 1991 og fram til þess dags er öryggisráðið ákveður eftir að friði hefur verið komið á að nýju, og samþykkir í þessu skyni þær samþykktir fyrir alþjóðadómstólinn sem fylgja áðurnefndri skýrslu,

3. fer þess á leit við aðalframkvæmdastjóra að hann komi öllum tillögum er hann kann að veita viðtöku frá ríkjum um réttarfars- og sönnunarreglur á framfæri við dómara alþjóðadómstólsins, er þeir hafa verið kjörnir til starfa, eins og gert er ráð fyrir í 15. gr. samþykkta fyrir dómstólinn,

4. ákveður að öll ríki skuli veita alþjóðadómstólnum og stofnunum hans hverja þá aðstoð sem þörf er á í samræmi við ályktun þessa og samþykktir alþjóðadómstólsins og að öll ríki skuli því gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt landslögum sínum til að koma ákvæðum ályktunar þessarar og samþykktanna í framkvæmd, þar á meðal þeirri skyldu ríkja að sinna beiðnum um aðstoð eða fyrirmælum gefnum út af sakamáladeild hans skv. 29. gr. samþykktanna,

5. hvetur ríki, svo og milliríkjastofnanir og stofnanir á vegum einkaaðila, til að leggja fram fé, búnað og þjónustu í þágu alþjóðadómstólsins, þar á meðal að bjóða fram sérhæft starfslið,

6. ákveður að ákvörðun um aðsetur alþjóðadómstólsins fari eftir þeirri tilhögun sem Sameinuðu þjóðirnar og Holland kunna að telja æskilega og öryggisráðið getur fallist á og að alþjóðadómstóllinn geti komið saman annars staðar þegar hann telur þess þörf til að rækja störf sín á skilvirkan hátt,

7. ákveður einnig að störf alþjóðadómstólsins skuli ekki hafa áhrif á rétt brotaþola til að leita bóta með þeim aðferðum sem við eiga fyrir tjón sem þeir hafa orðið fyrir vegna brota gegn alþjóðlegum mannúðarlögum,

8. fer þess á leit við aðalframkvæmdastjórann að hann komi ályktun þessari í framkvæmd með hraði og sérstaklega að hann geri raunhæfar ráðstafanir til þess að alþjóðadómstóllinn taki sem fyrst til starfa og að hann gefi ráðinu reglulega skýrslu,

9. ákveður að mál þetta lúti sinni yfirumsjón.

Fylgiskjal II.

Samþykktir fyrir alþjóðadómstólinn.

Öryggisráðið hefur skv. VII. kafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða sett á stofn alþjóðadómstól til að sækja þá til saka sem ábyrgir eru fyrir alvarlegum brotum gegn alþjóðlegum mannúðarlögum, frömdum á landsvæði fyrrum Júgóslavíu síðan 1991, (sem hér á eftir er nefndur „alþjóðadómstóllinn“) og skal hann starfa í samræmi við ákvæði samþykkta þessara.

1. gr.

Valdsvið alþjóðadómstólsins.

Alþjóðadómstóllinn skal bær, í samræmi við ákvæði samþykkta þessara, til að sækja til saka þá sem ábyrgir eru fyrir alvarlegum brotum gegn alþjóðlegum mannúðarlögum frömdum á landsvæði fyrrum Júgóslavíu síðan 1991.

2. gr.

Alvarleg brot gegn Genfarsamningunum frá 1949.

Alþjóðadómstóllinn skal bær til að sækja þá til saka sem fremja eða fyrirskipa að framin skuli alvarleg brot gegn Genfarsamningunum frá 12. ágúst 1949, en það eru eftirtalin brot gegn mönnum eða eignum sem verndar njóta samkvæmt reglum viðkomandi Genfarsamnings:

a. vísvitandi framin manndráp,
b. pyndingar eða ómannleg meðferð, þar með taldar líffræðilegar tilraunir,
c. vísvitandi að valda miklum þjáningum eða alvarlegu líkams- eða heilsutjóni,
d. veruleg eyðilegging eða taka verðmæta sem réttlætist ekki af hernaðarþörfum og framin er ólöglega og að ástæðulausu,
e. að neyða stríðsfanga eða almenna borgara til að gegna herþjónustu í her óvinveitts ríkis,
f. vísvitandi að svipta stríðsfanga eða almennan borgara rétti hans til sanngjarnrar og eðlilegrar málsmeðferðar,
g. ólöglegt brottnám eða flutningur almenns borgara, eða ólögleg frjálsræðissvipting hans,
h. að taka almenna borgara sem gísl.

3. gr.

Brot gegn lögum eða venjureglum um hernað.

Alþjóðadómstóllinn skal bær til að sækja þá til saka sem brjóta gegn lögum eða venjureglum um hernað. Meðal slíkra brota teljast, en takmarkast ekki við:

a. að nota eiturvopn eða önnur vopn sem ætlað er að valda ónauðsynlegri þjáningu,
b. að eyða borgum, bæjum eða þorpum án tilefnis eða valda eyðileggingu sem ekki verður réttlætt af hernaðarþörfum,
c. að gera árás eða varpa sprengjum með hvaða hætti sem er á óvarða bæi, þorp, bústaði eða byggingar,
d. að taka, eyðileggja eða vísvitandi að valda skemmdum á trúar-, mannúðar- eða menntastofnunum, lista- eða vísindastofnunum, sögulegum minnismerkjum eða lista- eða vísindaverkum,
e. gripdeildir á almannaeign eða einkeignum.

4. gr.

Þjóðarmorð.

1. Alþjóðadómstóllinn skal bær til að sækja þá til saka sem fremja þjóðarmorð eins og það er skilgreint í 2. mgr. þessarar greinar, eða fremja nokkurn þann verknað annan sem tilgreindur er í 3. mgr. þessarar greinar.

2. Með þjóðarmorði er átt við eftirtalda verknaði sem framdir eru með þeim ásetningi að eyða að einhverju eða öllu leyti hópi manna vegna þjóðernis, uppruna, kynþáttar eða trúar, til dæmis:

a. að drepa einstaklinga í hópnum,
b. að valda einstaklingum í hópnum alvarlegu líkamlegu eða andlegu tjóni,
c. að hafa áhrif á afkomu hópsins sem ætluð eru til að valda dauða einstaklinga í honum eða hópsins í heild,
d. að gera ráðstafanir sem ætlað er að hindra barnsfæðingar innan hópsins,
e. að flytja börn úr hópnum með valdi í annan hóp.

3. Eftirtaldir verknaðir skulu vera refsiverðir:

a. þjóðarmorð,
b. samsæri um þjóðarmorð,
c. bein og opinber hvatning til þjóðarmorðs,
d. tilraun til þjóðarmorðs,
e. hlutdeild í þjóðarmorði.

5. gr.

Glæpir gegn mannkyninu.

Alþjóðadómstóllinn skal bær til að sækja þá til saka sem ábyrgir eru fyrir eftirtalda glæpi frömdum í stríði, hvort sem það er háð milli ríkja eða innan ríkis, sem bitna á almennum borgurum:

a. morð,
b. útrýmingu,
c. þrælkun,
d. nauðungarflutning,
e. fangelsun,
f. pyndingar,
g. nauðgun,
h. ofsóknir vegna stjórnmálaskoðana, kynþáttar eða trúar,
i. annarri ómannlegri háttsemi.

6. gr.

Lögsaga yfir einstaklingum.

Alþjóðadómstóllinn skal hafa lögsögu yfir einstaklingum samkvæmt ákvæðum samþykkta þessara.

7. gr.

Persónuleg refsiábyrgð.

1. Hver sá sem hefur skipulagt, verið upphafsmaður að, fyrirskipað, framið eða á annan hátt aðstoðað eða stutt skipulagningu, undirbúning eða framkvæmd brota sem vísað er til í 2.–5. gr. samþykkta þessara skal bera á því persónulega refsiábyrgð.

2. Opinber staða sökunauts, hvort sem hún er staða þjóðhöfðingja, leiðtoga ríkisstjórnar eða embættismanns, skal ekki aftra því að slíkur maður beri ekki á því persónulega refsiábyrgð eða fái mildari refsingu en ella.

3. Enda þótt einhver sá verknaður sem fjallað er um í 2.–5. gr. samþykkta þessara hafi verið framinn af undirmanni leysir það ekki yfirmann hans undan refsiábyrgð ef hann vissi eða mátti vita að undirmaðurinn var að því kominn að fremja slíkan verknað eða hafði þegar framið hann og yfirmaðurinn gerði ekki nauðsynlegar og eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir verknaðinn eða refsaði þeim sem frömdu hann.

4. Enda þótt sökunautur hafi unnið verk samkvæmt skipun handhafa ríkisvalds eða yfirmanns leysir það hann ekki undan refsiábyrgð, en taka má tillit til þess sem refsilækkunarástæðu ef alþjóðadómstólnum þykir það réttlætanlegt.

8. gr.

Lögsaga í tíma og rúmi.

Lögsaga alþjóðadómstólsins skal ná til landsvæðis fyrrum sósíalistíska sambandslýðveldisins Júgóslavíu, þar með talið land þess, lofthelgi og landhelgi. Lögsaga alþjóðadómstólsins í tíma skal ná aftur til 1. janúar 1991.

9. gr.

Samhliða lögsaga.

1. Alþjóðadómstóllinn og dómstólar einstakra ríkja skulu hafa samhliða lögsögu til saksóknar vegna alvarlegra brota gegn alþjóðlegum mannúðarlögum sem framin hafa verið frá og með 1. janúar 1991 á landsvæði fyrrum Júgóslavíu.

2. Málsmeðferð fyrir alþjóðadómstólnum skal hafa forgang fram yfir málsmeðferð fyrir dómstólum einstakra ríkja. Alþjóðadómstóllinn getur á hvaða stigi málsmeðferðar sem er óskað þess formlega að dómstólar einstakra ríkja vísi málum til hans í samræmi við samþykktir þessar og réttarfars- og sönnunarreglur alþjóðadómstólsins.

10. gr.

Ne bis in idem.

1. Ekki skal reka mál gegn manni fyrir dómstólum einstaks ríkis vegna verknaða sem samkvæmt samþykktum þessum fela í sér stórfelld brot gegn alþjóðlegum mannúðarlögum ef þegar hefur verið rekið mál gegn honum fyrir alþjóðadómstólnum.

2. Nú hefur verið rekið mál gegn manni fyrir dómstóli einstaks ríkis vegna alvarlegra brota gegn alþjóðlegum mannúðarlögum og skal þá aðeins reka mál fyrir alþjóðadómstólnum ef:

a. verknaður sá sem fjallað var um hefur verið talið venjulegt afbrot eða
b. málsmeðferðin fyrir dómstóli í viðkomandi ríki hefur ekki verið óhlutdræg eða óháð eða henni hefur verið ætlað að hlífa sakborningi við alþjóðlegri refsiábyrgð eða ef málið hefur ekki verið rekið af kostgæfni.

3. Þegar ákvörðuð er refsing manns sem sakfelldur er fyrir brot samkvæmt samþykktum þessum skal alþjóðadómstóllinn taka tillit til þess að hve miklu leyti refsing hefur verið afplánuð sem dómstóll einstaks ríkis kann þegar að hafa ákvarðað viðkomandi manni vegna sama verknaðar.

11. gr.

Skipulag alþjóðadómstólsins.

Eftirtaldar stofnanir skulu mynda alþjóðadómstólinn:

a. Deildir hans eru tvær sakamáladeildir og áfrýjunardeild,
b. saksóknari og
c. skrifstofa er starfar bæði í þágu deilda dómstólsins og saksóknara.

12. gr.

Skipan deilda.

Ellefu óháðir dómarar skulu skipa deildir dómstólsins, engir tveir þeirra af sama þjóðerni, og skulu þeir starfa sem hér segir:

a. Þrír dómarar skipa hvora sakamáladeild,
b. fimm dómarar skipa áfrýjunardeild.

13. gr.

Hæfi dómara og kjör þeirra.

1. Dómarar skulu verðir fyllsta siðferðilegs trausts, óhlutdrægir og vammlausir, og uppfylla þau hæfisskilyrði sem gerð eru í heimalöndum þeirra til æðstu dómaraembætta. Við skipun í deildir dómsins skal tekið tillit til reynslu dómaranna á sviði refsiréttar, þjóðaréttar, þar með talinna alþjóðlegra mannúðarlaga og mannréttindalaga.

2. Dómarar alþjóðadómstólsins skulu kjörnir af allsherjarþinginu af skrá sem öryggisráðið leggur fram, á þann hátt sem hér segir:

a. Aðalframkvæmdastjórinn skal lýsa eftir tilnefningum um dómara við alþjóðadómstólinn meðal aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og þeirra ríkja sem ekki eru aðildarríki en hafa fastar sendinefndir með áheyrnarrétti við aðalstöðvar Sameinuðu þjóðanna.
b. Innan sextíu daga frá því er aðalframkvæmdastjórinn hefur lýst eftir tilnefningum getur hvert aðildarríki tilnefnt allt að tvö dómaraefni sem fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem í 1. mgr. segir og skulu þeir ekki vera af sama þjóðerni.
c. Aðalframkvæmdastjórinn framsendir tilnefningarnar til öryggisráðsins. Úr þeim tilnefningum sem borist hafa gerir öryggisráðið skrá yfir dómaraefni sem ekki skulu vera færri en tuttugu og tvö og ekki fleiri en þrjátíu og þrjú og skulu þau valin með tilliti til þess að helstu réttarkerfi heimsins eigi þar fullnægjandi fyrirsvar.
d. Forseti öryggisráðsins sendir skrána yfir dómaraefni til forseta allsherjarþingsins. Skal allsherjarþingið kjósa ellefu dómara af skránni til setu í alþjóðadómstólnum. Lýsa skal kjöri þeirra dómaraefna sem hlotið hafa hreinan meiri hluta atkvæða aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og þeirra ríkja sem ekki eru aðildarríki en hafa fastar sendinefndir með áheyrnarrétt við aðalstöðvar Sameinuðu þjóðanna. Fari svo að tvö dómaraefni af sama þjóðerni fái þann meiri hluta atkvæða sem krafist er skal það dómaraefni talið kjörið sem fleiri atkvæði hefur hlotið.

3. Ef sæti verður laust í deild dómstólsins skal aðalframkvæmdastjórinn, að höfðu samráði við forseta öryggisráðsins og allsherjarþingsins, tilnefna mann sem fullnægir hæfisskilyrðum 1. mgr. til loka þess kjörtímabils sem um er að ræða.

4. Dómarar skulu kosnir til fjögurra ára. Starfskjör þeirra skulu vera hin sömu og dómara Alþjóðadómstólsins. Þá má endurkjósa.

14. gr.

Embættismenn deilda og dómarar.

1. Dómarar alþjóðadómstólsins kjósa forseta dómstólsins.

2. Forseti alþjóðadómstólsins skal eiga sæti í áfrýjunardeild og vera í forsæti er deildin fer með mál.

3. Forseti skal að höfðu samráði við dómara alþjóðadómstólsins úthluta dómurunum sæti í áfrýjunardeild hans og sakamáladeildum. Dómari skal aðeins gegna störfum í þeirri deild þar sem honum var úthlutað sæti.

4. Dómarar hvorrar sakamáladeildar skulu kjósa sér formann og skal hann stýra málsmeðferð deildarinnar í heild.

15. gr.

Réttarfars- og sönnunarreglur.

Dómarar alþjóðadómstólsins skulu setja réttarfars- og sönnunarreglur er gildi um undirbúning máls fyrir málsmeðferð, málsmeðferð og áfrýjun, um sönnunarfærslu, um vernd brotaþola og vitna og önnur atriði eftir því sem við á.

16. gr.

Saksóknarinn.

1. Saksóknarinn skal bera ábyrgð á rannsókn mála og saksókn gegn þeim sem ábyrgir eru taldir fyrir alvarleg brot gegn alþjóðlegum mannúðarlögum á landsvæði fyrrum Júgóslavíu frá og með 1. janúar 1991.

2. Saksóknarinn skal starfa óháður öðrum sem sérstök stofnun alþjóðadómstólsins. Hann skal ekki sækjast eftir né taka við fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn eða öðrum.

3. Embætti saksóknarans skal skipuð saksóknara og öðrum hæfum starfsmönnum eins og þörf kann að vera á.

4. Saksóknarinn skal skipaður af öryggisráðinu samkvæmt tilnefningu aðalframkvæmdastjóra. Hann skal verður fyllsta siðferðilegs trausts og hafa til að bera fyllstu hæfni og reynslu að því er snertir rannsókn og saksókn í sakamálum. Starfstímabil saksóknarans skal vera fjögur ár og má endurskipa hann. Starfskjör saksóknara skulu vera hin sömu og starfskjör varaframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

5. Starfslið á skrifstofu saksóknarans skal skipað af aðalframkvæmdastjóra að fengnum tillögum saksóknarans.

17. gr.

Skrifstofan.

1. Skrifstofan skal annast rekstur og skrifstofuhald alþjóðadómstólsins.

2. Skrifstofan skal skipuð skrifstofustjóra og öðrum starfsmönnum eins og þörf kann að vera á.

3. Skrifstofustjórinn skal skipaður af aðalframkvæmdastjóranum að höfðu samráði við forseta alþjóðadómstólsins. Starfstímabil hans skal vera fjögur ár og má endurskipa hann. Starfskjör skrifstofustjóra skulu vera hin sömu og starfskjör aðstoðarframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

4. Starfslið skrifstofunnar skal skipað af aðalframkvæmdastjóranum að fengnum tillögum skrifstofustjórans.

18. gr.

Rannsókn og undirbúningur ákæru.

1. Saksóknarinn skal hefjast handa um rannsókn af sjálfsdáðum eða á grundvelli hverra þeirra upplýsinga sem honum kunna að hafa borist, einkum frá ríkisstjórnum, stofnunum Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnununum og stofnunum einkaaðila. Skal saksóknarinn meta þær upplýsingar sem mótteknar hafa verið eða fengist hafa og ákvarða hvort nægilegur grundvöllur er fyrir hendi til frekari meðferðar máls.

2. Saksóknarinn skal bær til að yfirheyra grunaða, brotaþola og vitni, til að afla sönnunargagna og til að framkvæma rannsókn á vettvangi. Við störf þessi getur hann, svo sem við á, leitað aðstoðar yfirvalda í því ríki sem um er að ræða.

3. Ef grunaður maður er yfirheyrður skal hann eiga rétt á aðstoð réttargæslumanns að eigin vali og felst í því að hann á ávallt rétt á að sér sé fengin endurgjaldslaus lögfræðileg aðstoð ef hann hefur ekki nægileg fjárráð til að greiða fyrir hana og rétt á þýðingu eftir þörfum úr og á tungumál sem hann talar og skilur.

4. Ef það sem fram er komið er talið nægilegt til sakfellis skal saksóknarinn semja ákæru þar sem málsatvikum er lýst á gagnorðan hátt, svo og broti því eða brotum sem kærða eru gefin að sök samkvæmt samþykktum dómstólsins. Ákæran skal send dómara í sakamáladeild.

19. gr.

Athugun á ákærunni.

1. Ákæran skal tekin til athugunar hjá dómara þeim í sakamáladeild sem hún hefur verið send til. Ef hann telur saksóknara hafa sýnt fram á að það sem fram er komið sé nægilegt til sakfellis skal hann staðfesta ákæruna. Ef hann telur svo ekki vera skal vísa ákærunni frá.

2. Er ákæra hefur verið staðfest getur dómarinn að kröfu saksóknarans gefið út fyrirmæli og úrskurði um handtöku, gæslu, afhendingu eða flutning á mönnum, svo og hver þau fyrirmæli önnur sem þörf er á í þágu meðferðar málsins.

20. gr.

Upphaf og meðferð máls.

1. Sakamáladeild dómsins skal tryggja að málsmeðferð sé sannngjörn, að henni sé haldið áfram með hæfilegum hraða og að réttarhöld fari fram í samræmi við réttarfars- og sönnunarreglur þannig að réttindi sakbornings séu virt til fulls og að brotaþolar og vitni njóti verndar.

2. Er ákæra gegn manni hefur verið staðfest skal taka hann í gæslu samkvæmt fyrirmælum eða handtökuskipun alþjóðadómstólsins, gera honum þegar grein fyrir sakargiftum og færa hann fyrir alþjóðadómstólinn.

3. Sakamáladeildin skal lesa upp ákæruna, ganga úr skugga um að réttinda sakbornings sé gætt, ganga úr skugga um að ákærði skilji ákæruna og beina því til hans að tjá sig um sakarefnið. Skal sakamáladeildin síðan ákveða dag til málsmeðferðar.

4. Réttarhöld skulu haldin í heyranda hljóði nema sakamáladeildin ákveði í samræmi við réttarfars- og sönnunarreglur sínar að þau skuli haldin fyrir luktum dyrum.

21. gr.

Réttindi sakbornings.

1. Allir menn skulu vera jafnir fyrir alþjóðadómstólnum.

2. Við úrlausn um sakargiftir skal ákærði njóta réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar, sbr. þó 22. gr. samþykktanna.

3. Ákærði skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð samkvæmt ákvæðum samþykkta þessara.

4. Við úrlausn um sakargiftir samkvæmt samþykktum þessum skal ákærði ávallt njóta eftirtalinna lágmarksréttinda er tryggð skulu öllum jafnt:

a. að fá tafarlaust vitneskju í einstökum atriðum um eðli og orsök sakargifta gegn sér, á tungumáli sem hann skilur,
b. að fá nægilegan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína og að ráðfæra sig við ráðgjafa að eigin vali,
c. að mál hans sé rekið án ástæðulauss dráttar,
d. að vera viðstaddur réttarhöld í máli sínu og verja sig sjálfur eða velja sér verjanda, að honum sé skýrt frá þessum rétti ef hann nýtur ekki lögfræðilegrar aðstoðar og að honum sé ávallt fengin endurgjaldslaus lögfræðileg aðstoð ef réttlát málsmeðferð krefst þess og hann hefur ekki nægileg fjárráð til að greiða fyrir hana,
e. að spyrja eða láta spyrja þau vitni sem vætti bera gegn honum og að fá vitni sem bera honum í hag leidd fyrir réttinn og yfirheyrð við sömu aðstæður og vitni sem bera gegn honum,
f. að fá aðstoð túlks sér að kostnaðarlausu ef hann skilur ekki eða talar ekki það tungumál sem notað er við alþjóðadómstólinn,
g. að vera ekki neyddur til að bera gegn sjálfum sér eða játa sig sekan.

22. gr.

Vernd brotaþola og vitna.

Alþjóðadómstóllinn skal í réttarfars- og sönnunarreglum sínum kveða á um vernd brotaþola og vitna. Meðal slíkra verndarákvæða, en ekki einskorðuð við þau, skulu vera ákvæði um réttarhöld fyrir luktum dyrum og um nafnleynd brotaþola.

23. gr.

Dómur.

1. Sakamáladeildirnar skulu kveða upp dóma og ákvarða þeim refsingu sem framið hafa alvarleg brot gegn alþjóðlegum mannúðarlögum.

2. Meiri hluti dómara í sakamáladeild skal ráða niðurstöðu dóms og skal dómurinn kveðinn upp af deildinni í heyranda hljóði. Hann skal vera rökstuddur skriflega og má sératkvæði eða andstætt álit fylgja.

24. gr.

Viðurlög.

1. Refsing sem sakamáladeild dæmir skal einskorðuð við fangelsi. Við ákvörðun á tímalengd fangelsisvistar skal deildin miða við venjubundna tímalengd fangelsisrefsinga sem dæmdar voru af dómstólum í fyrrum Júgóslavíu.

2. Við ákvörðun refsingar ber sakamáladeildinni að taka tillit til atriða á borð við grófleika afbrots og persónulegar aðstæður dómfellda.

3. Auk fangelsisrefsingar geta sakamáladeildirnar ákveðið að eignum sem fengnar hafa verið með afbroti, þar á meðal með þvingunum, sé skilað til réttra eigenda, svo og hagnaði sem þannig hefur verið aflað.

25. gr.

Áfrýjunarmeðferð.

1. Áfrýjunardeildin skal taka til meðferðar áfrýjanir frá þeim sem sakfelldir hafa verið í sakamáladeildunum eða frá saksóknaranum ef eftirfarandi er haldið fram:

a. að röng beiting laga eigi að varða ómerkingu dóms,

b. að rangt mat á málsatvikum hafi leitt til óréttlátrar niðurstöðu.

2. Áfrýjunardeildin getur staðfest, fellt úr gildi ákvarðanir sakamáladeildanna eða breytt þeim.

26. gr.

Endurupptaka.

Komi í ljós atvik sem ekki var kunnugt um þegar mál var rekið í sakamáladeild eða áfrýjunardeild en kynnu að hafa haft úrslitaáhrif á dómsniðurstöðu getur dómfelldi eða saksóknarinn lagt fyrir alþjóðadómstólinn beiðni um endurupptöku málsins.

27. gr.

Fullnusta dóms.

Fangelsisrefsing skal afplánuð í ríki sem alþjóðadómstóllinn tilnefnir af skrá yfir ríki sem tilkynnt hafa öryggisráðinu að þau séu fús til að taka við dómfelldum mönnum. Fullnusta fangelsisrefsingar skal fara fram í samræmi við lög viðkomandi ríkis undir eftirliti alþjóðadómstólsins.

28. gr.

Náðun og önnur eftirgjöf refsingar.

Eigi dómfelldi samkvæmt lögum þess ríkis, þar sem hann afplánar dóm sinn, kost á náðun eða eftirgjöf refsingar skal viðkomandi ríki tilkynna það alþjóðadómstólnum. Skal forseti alþjóðadómstólsins taka ákvörðun í málinu í samráði við dómarana á grundvelli þess sem rétt þykir og í samræmi við meginreglur laga.

29. gr.

Samvinna og dómsmálaaðstoð.

1. Ríki skulu veita alþjóðadómstólnum aðstoð við rannsókn og saksókn á hendur þeim sem sakaðir eru um alvarleg brot gegn alþjóðlegum mannúðarlögum.

2. Ríki skulu án ástæðulauss dráttar sinna sérhverri beiðni um aðstoð eða úrskurði sakamáladeildar, svo sem, en ekki takmarkað við:

a. um að finna menn eða dvalarstað þeirra,

b. um skýrslutöku af vitnum og öflun sönnunargagna,

c. um birtingu skjala,

d. um handtöku og gæslu,

e. um afhendingu eða flutning á sökuðum manni til alþjóðadómstólsins.

30. gr.

Réttarstaða, réttindi og friðhelgi alþjóðadómstólsins.

1. Alþjóðasamningur um réttindi Sameinuðu þjóðanna frá 13. febrúar 1946 skal gilda um alþjóðadómstólinn, dómara hans, saksóknara og starfslið hans, svo og skrifstofustjóra og starfslið hans.

2. Dómarar, saksóknari og skrifstofustjóri skulu njóta þeirra réttinda, friðhelgi, undanþágna og aðstöðu sem veitt er sendierindrekum að þjóðarétti.

3. Starfslið saksóknarans og skrifstofustjórans skal njóta þeirra réttinda og friðhelgi sem embættismenn Sameinuðu þjóðanna njóta skv. V. og VII. gr. samnings þess sem vísað er til í 1. mgr. þessarar greinar.

4. Þeim sem viðstaddir þurfa að vera við aðsetur alþjóðadómstólsins, þar á meðal sakborningar, skal veita þá meðferð sem þörf er á vegna starfa alþjóðadómstólsins.

31. gr.

Aðsetur alþjóðadómstólsins.

Aðsetur alþjóðadómstólsins skal vera í Haag.

32. gr.

Kostnaður vegna alþjóðadómstólsins.

Kostnaður vegna alþjóðadómstólsins skal borinn af Sameinuðu þjóðunum samkvæmt fjárhagsáætlun þeirra eins og gert er ráð fyrir í 17. gr. sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.

33. gr.

Tungumál.

Tungumál við alþjóðadómstólinn skulu vera enska og franska.

34. gr.

Ársskýrsla.

Forseti alþjóðadómstólsins skal leggja ársskýrslu alþjóðadómstólsins fyrir öryggisráðið og allsherjarþingið.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu.

Með frumvarpinu er íslenskum stjórnvöldum aflað nauðsynlegra heimilda til að geta fullnægt skyldum sínum samkvæmt beiðnum alþjóðadómstólsins sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu, ef til kemur, um réttaraðstoð, framsal o.fl.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

882. Fyrirspurn [569. mál]

til félagsmálaráðherra um vistun barna á sveitaheimilum.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hvað líður setningu reglugerðar um vistun barna á sveitaheimilum?

883. Nefndarálit [295. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem felur í sér að sveitarfélögum verði veitt heimild til að koma á fót öldrunarmálaráði sem hafi með höndum stjórn málefna aldraðra. Öldrunarmálaráð heyri beint undir sveitarstjórn og verði því hliðstætt félagsmálanefndum eða -ráðum en ekki undirnefnd þeirra.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun um málið Guðmund Árna Stefánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, og Hjörleif B. Kvaran, framkvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar Reykjavíkurborgar. Þá studdist nefndin við umsagnir frá borgarráði Reykjavíkurborgar, bæjarstjórn Akureyrar, bæjarráði Egilsstaðabæjar, bæjarstjórn Kópavogs, hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, félagsmálastjóra Akureyrarbæjar, Sveini H. Ragnarssyni, félagsmálastjóra Reykjavíkurborgar, Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur, yfirmanni öldrunarþjónustudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, Sigrúnu Karlsdóttur, forstöðumanni heimaþjónustusviðs Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, Heilsugæslustöð Kópavogs, Heilsugæslustöðinni í Reykjavík, Heilsugæslustöðinni Seltjarnarnesi, Jóni Eyjólfi Jónssyni og Jóni Snædal, læknum á öldrunarlækningadeild Landspítalans, Páli Gíslasyni, lækni og borgarfulltrúa, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þór Halldórssyni, yfirlækni öldrunarlækningadeildar Landspítalans, og öldrunarnefnd Kópavogs.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu í umfjöllun sinni að nauðsynlegt væri að gera breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, samhliða frumvarpi þessu. Frumvarpið var því sent félagsmálanefnd til umsagnar sem komst að þeirri niðurstöðu að gera þyrfti þær breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem hér eru lagðar til.

Nefndin mælir með samþykkt þessa frumvarps með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Efnisbreytingar, sem lagðar eru til, eru eftirfarandi.

1. Lagt er til að samstarfsráð heilsugæslustöðva verði tiltekið í ákvæðinu í stað heilbrigðismálaráðs þar sem hið síðarnefnda hefur aldrei starfað í Reykjavík, en samstarfsráð heilsugæslustöðva sinnir í raun þessu lögbundna hlutverki. Þá er lagt til að bætt verði við nýrri grein, er verði 5. gr. a, þar sem kveðið er sérstaklega á um öldrunarmálaráð. Þar er kveðið nánar á um en gert hafði verið í frumvarpinu hvernig öldrunarmálaráð skuli skipað. Þá er kveðið sérstaklega á um að öldrunarmálaráð

skuli hafa samvinnu við félagsmálanefnd eða -ráð og stjórn heilsugæslustöðva eftir því sem kostur er.

2. Lagt er til að ný grein, 2. gr., bætist við frumvarpið. Samhliða þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins er nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á 39. og 40. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Rétt þykir, með breytingunni sem lögð er til á 39. gr., að taka af allan vafa um að aldraðir eigi eftir sem áður rétt til þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Á það jafnt við um þjónustu samkvæmt lögunum, svo sem fjárhagsaðstoð og félagsráðgjöf, sem og málsmeðferð og málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Með breytingunni sem lögð er til á 40. gr. er kveðið á um að öldrunarmálaráð geti á sama hátt og félagsmálanefndir séð um húsnæðismál og félagslega heimaþjónustu fyrir aldraða.

Alþingi, 29. mars 1994.

Ingibjörg Pálmadóttir, varaform., frsm., með fyrirvara. Lára Margrét Ragnarsdóttir. Guðmundur Hallvarðsson.

Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara. Hermann Níelsson. Sólveig Pétursdóttir.

Finnur Ingólfsson, með fyrirvara. Sigríður A. Þórðardóttir. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.

884. Breytingartillögur [295. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingganefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   a. Í stað orðsins „heilbrigðismálaráði“ í 1. mgr. og „heilbrigðismálaráðs“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: samstarfsráði heilsugæslustöðva og samstarfsráðs heilsugæslustöðva.
   b. Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:
      Sveitarstjórnum á starfssvæði heilsugæslustöðvar er heimilt að kjósa sameiginlega fimm eða sjö manna öldrunarmálaráð sem annist verkefni öldrunarnefndar. Öldrunarmálaráð gerir tillögur um verkefni sín til hlutaðeigandi sveitarstjórna. Í starfi sínu skal öldrunarmálaráð hafa samvinnu við félagsmálanefndir eða félagsmálaráð hlutaðeigandi sveitarstjórna og stjórn heilsugæslustöðvar eftir því sem kostur er.
      Ákvæði 3. og 4. mgr. 5. gr. gilda um öldrunarmálaráð eftir því sem við á.
2. Við bætist ný grein er verði 2. gr., svohljóðandi: *Breyting á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.*
   a. Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
      Ákveði sveitarstjórn að fela sérstöku öldrunarmálaráði stjórn öldrunarmála, á grundvelli heimildar í lögum um málefni aldraðra, breytir það engu um þann rétt sem aldraðir eiga samkvæmt lögum þessum, þar á meðal hvað varðar málsmeðferð og málskot.

b. 40. gr. laganna orðast svo:
Félagsmálanefnd, eða öldrunarmálaráð, skal leitast við að tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða og jafnframt skipuleggja félagslega heimaþjónustu.

3. a. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum, og l. nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

b. Fyrirsögn 1. gr. orðist svo: *Breyting á lögum nr. 82/1989, um málefni aldraðra.*

885. Frumvarp til laga [570. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Björn Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson,
Margrét Frímannsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Í upphafi hvers þings skal kjósa níu þingmenn í þingskapalaganefnd. Nefndin skal fjalla um framkvæmd þingskapa og setja nánari reglur um einstök atriði.

Vísa skal frumvörpum um þingsköp Alþingis til nefndarinnar, svo og frumvörpum og tillögum öðrum um breytingar á þeim. Heimilt er að vísa öðrum þingmálum til nefndarinnar ef þau varða störf Alþingis eða alþingismanna.

Nú telur þingmaður að úrskurður forseta eða fundarstjórn hans sé ekki í samræmi við þingsköp og getur hann þá gert skriflega grein fyrir andmælum sínum við nefndina. Þingskapalaganefnd er skylt að taka slíkt erindi til umfjöllunar og afgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1994.

Greinargerð.

Forseti Alþingis stjórnar fundum þingsins og skal skv. 8. gr. þingskapa sjá um að allt fari þar fram með góðri reglu. Samkvæmt ýmsum öðrum greinum þingskapanna sker forseti úr um framkvæmd þeirra og ákveður málsmeðferð í þinginu.

Mikils er vert að störf þingsins séu í föstum skorðum og friður ríki um þau á þingfundum. Til að svo megi verða þarf að gæta samræmis í fundarstjórn og í túlkun þingskapa og þeirra starfsreglna sem settar eru á grundvelli þingskapanna. Óæskilegt er að þingsalurinn verði vettvangur faglegrar úrlausnar á vandamálum sem upp kunna að koma við stjórn þingsins og orka tvímælis.

Samkvæmt 10. gr. þingskapa skipuleggur forsætisnefnd þinghaldið og setur almennar reglur um rekstur þingsins og stjórnsýslu. Að því er varðar fundarstjórn og þinghald er hins vegar æskilegt að sérstök þingnefnd setji og endurskoði reglur sem forsetar þingsins styðjast síðan við í störfum sínum, fremur en að þeir setji reglurnar sjálfir.

Álitamálum um það hvort mál teljist þingleg ellegar um þinglega meðferð mála er eðlilegt að skjóta til þingskapalaganefndar. Enn fremur er ákjósanlegt að frumvörp um þingsköp eða breytingar á þeim komi til umfjöllunar í nefndinni, svo og önnur frumvörp sem snerta starfsemi Alþingis. Má þar nefna þingfararkaupslög, lög um eftirlaun alþingismanna o.fl. Nefndin yrði því eins og aðrar fastanefndir þingsins og gæti tekið við þingmálum til afgreiðslu.

Þingmenn hafa rétt til að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta og ræða störf þingsins og framgang mála. Slíkur háttur er eðlilegur og nauðsynlegur, en á stundum vekja slíkar umræður spurningar sem hæpið er að leysa úr á þingfundum en kalla á umræður utan þingfundar um starfsemi og reglur þingsins. Er lagt til að slíkum málum verði vísað til þingskapalaganefndar. Má telja víst að slíkur háttur muni draga úr umræðum um gæslu þingskapa og fundarstjórn forseta og skapa festu um störf þingsins.

Það er meginregla að þingmönnum ber að lúta stjórn forseta og það er beinlínis tekið fram í þingsköpunum, 59. gr., að þingmönnum sé skylt að hlíta ákvörðun forseta. Jafnframt hafa fræðimenn, t.d. Ólafur Jóhannesson, tekið sérstaklega fram að úrskurðir forseta séu fullnaðarúrskurðir og ekki sé hægt að áfrýja þeim til þingsins nema um það séu sérstök ákvæði, sbr. t.d. 65. gr., eða flutt sé um það þingsályktunartillaga (sbr. Stjórnskipun Íslands, bls. 257). Forsetum eru því falin mikil völd og ábyrgð þeirra er mikil. Þess vegna ríður á miklu að þeir fari með vald sitt af sanngirni og hófsemi. Undan því er ekki heldur almennt talað að kvarta. Hins vegar er það svo að verði þingmenn ósáttir við ákvörðun forseta eða aðfinnslu í þeirra garð eiga þeir ekki margra kosta völ til að fá leiðréttingu mála sinna nema eiga um það orðastað við forseta á þingfundi. Það er heldur óæskilegt að taka tíma þingsins í slíkt skak og miklu eðlilegra eða finna annan vettvang fyrir slíkar kvartanir. Þess eru dæmi að þingmenn hafi snúið sér til forsætisnefndar með sín mál en hún er samráðsvettvangur forsetanna. Forsetum fer sem öðrum að það er erfitt að vera dómari í eigin sök, auk þess sem slík skipan mála er andstæð nútímaviðhorfum í stjórnsýslu.

Ef frumvarp þetta yrði að lögum opnaðist leið fyrir þingmenn, sem telja á sig hallað í fundarstjórn eða öðrum ákvörðunum forseta, að koma andmælum sínum skriflega á framfæri og fá um það formlega hlutlæga umfjöllun og skriflegt svar. Slíkt á þegar best lætur að geta leitt til þess að tekið verði á ýmsum atriðum við framkvæmd þingskapa sem ekki liggja fyrir reglur um og — sem ekki er veigaminnst — að leiðrétt sé ef forsetar fara út fyrir valdsvið sitt í umræðum, t.d. gera athugasemdir við ræður þingmanna sem þeim alla jafnan er ekki heimilt að gera nema til þess að víta þingmenn.

Það ber að árétta að með þessari skipan, sem lögð er til í þessu frumvarpi, er ekki verið að skerða völd forseta við fundarstjórn eða annað sem þeim er falið samkvæmt þingsköpum. Það er óumdeilt að forseti fer með fundarstjórnina og jafnframt að varaforsetar fara með það vald þegar þeir sitja í forsetastóli, sbr. 4. mgr. 8. gr. þingskapa. Hin nýja nefnd ætti hins vegar að vera hlutlaus vettvangur fyrir þingmenn til að fá umræður um fundarstjórn forseta og aðrar ákvaðanir þeirra. Má ætla að þessi skipan verði til að skapa meiri í aga í störfum þingsins.

886. Frumvarp til laga [571. mál]

um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs getur heimilað einstaklingum, sem verið hafa án atvinnu og á atvinnuleysisbótum í a.m.k. eitt ár, að stunda nám á bótum í allt að átta mánuði í senn í því skyni að bæta með varanlegu móti atvinnumöguleika sína með formlegri menntun, enda liggi fyrir rökstutt einstaklingsbundið mat og meðmæli þess efnis frá stjórn vinnumiðlunarskrifstofu í heimasveit.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 93/1993 er einstaklingi heimilt að stunda lengst átta vikna nám á atvinnuleysisbótum. Slík námskeið eru gagnleg en breyta í reynd litlu um forsendur til atvinnuleitar fyrir þann hóp atvinnulausra sem hafa ófullkomna grunnmenntun og hafa því orðið harðast úti. Með þeirri takmörkuðu og einstaklingsbundnu heimild, sem hér er lagt til að verði lögfest, er leitast við að opna leið til að nýta Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að breyta verulega vinnuhorfum einstaklinga þar sem þessi leið þykir vænleg til árangurs.

Ljóst er að sú skipan, sem hér er gerð tillaga um, getur ekki orðið að almennri reglu, en heimild talin vera til bóta.

887. Frumvarp til laga [572. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Gísli S. Einarsson, Eggert Haukdal, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson, Ingi Björn Albertsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Hermann Níelsson, Sigbjörn Gunnarsson, Valgerður Gunnarsdóttir, Petrína Baldursdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Jóhann Ársælsson, Margrét Frímannsdóttir, Pétur Bjarnason.

1. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

I.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga þessara skal aflamark afnumið við veiðar á ufsa, ýsu, skarkola og úthafsrækju frá gildistöku þessa ákvæðis til 31. ágúst 1994.

II.

Frá gildistöku þessa ákvæðis til 31. ágúst 1994 er sérhverju fiskiskipi, sem heimild hefur til botnfiskveiða, heimilt að landa allt að 15% af þorski, karfa og grálúðu sem meðafla annarra botnfisktegunda í þorskígildum talið án þess að sá meðafli reiknist sem aflamark hjá viðkomandi fiskiskipi. Þetta ákvæði gildir ekki fyrir karfaafla sem skráður er sem úthafskarfi í löndunarskýrslum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt nú til þess að taka á þeim gífurlega vanda sem fram undan er vegna mjög takmarkaðra þorskveiðiheimilda sem gerir það að verkum að veiðar á öðrum fisktegundum, sem engin rök eru fyrir að binda í viðjar kvótakerfisins, verða illframkvæmanlegar. Flest bendir til þess að afleiðingin verði sú að afla, sem kemur óhjákvæmilega sem meðafli, t.d. þorski, verði ekki landað til vinnslu. Ástæðan er sú að ekki eru til aflaheimildir af þorski og jafnvel ekki heldur af grálúðu svo að náist að gera þennan meðafla löglegan í núgildandi stjórnkerfi fiskveiða. Til þess að reyna að opna fyrir auðveldari fiskveiðar það sem eftir lifir fiskveiðiársins og draga úr verslun með fiskveiðikvóta á þeim tegundum sem enn fást leigðar og minnka þannig kostnað útgerðar og stuðla jafnframt að aukinni atvinnu á næstu mánuðum er þetta frumvarp fram komið.

Um I.

Í bráðabirgðaákvæði I er lagt til að gefa veiðar frjálsar það sem eftir lifir fiskveiðiársins í ufsa, ýsu, skarkola og úthafsrækju. Þessar fisktegundir og úthafsrækjan hafa ekki verið fullnýttar á undanförnum árum og ekkert bendir til að svo verði á yfirstandandi fiskveiðiári. Þess vegna ber að auka frelsi í þessum veiðum og stuðla þannig að auknum afla og aukinni atvinnu í landi við úrvinnslu aflans.

Um II.

Í bráðabirgðaákvæði II er gerð tillaga um að ekki þurfi veiðiheimildir fyrir meðafla af þorski, karfa og grálúðu ef afli þessara tegunda er innan við 15% af lönduðum heildarafla í þorskígildum talið. Afli umfram 15% af þorski, karfa og grálúðu telst til aflamarks. Sé veiði umfram úthlutað aflamark koma til framkvæmda viðeigandi ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða. Þetta ákvæði gildir ekki fyrir veiði úthafskarfa.

888. Frumvarp til laga [573. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Sigbjörn Gunnarsson, Guðjón Guðmundsson, Sturla Böðvarsson, Pálmi Jónsson, Björn Bjarnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Egill Jónsson, Guðmundur Hallvarðsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni M. Mathiesen, Árni Johnsen, Eggert Haukdal, Ingi Björn Albertsson, Gísli S. Einarsson, Petrína Baldursdóttir, Hermann Níelsson, Valgerður Gunnarsdóttir.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að takmarka heimildir skv. 1. mgr. þegar um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis og alvarlegur ágreiningur er um stjórnun á nýtingu stofnsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 13/1992, um rétt til að veiða í efnahagslögsögu Íslands, var erlendum veiðiskipum heimilað að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skipsins. Í lögunum var þó sett löndunarbann á erlend fiskiskip ef um var að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Í slíkum tilfellum var sjávarútvegsráðherra þó heimilt að víkja frá löndunarbanninu þegar sérstaklega stóð á. Ekki var í lögunum né í nefndaráliti gerð tilraun til að skilgreina hvaða aðstæður væri átt við að öðru leyti en því að kveðið var á um það í lögunum að erlendum veiðiskipum væri ávallt heimilt að koma til hafnar í neyðartilvikum.

Upphaflegu frumvarpi sjávarútvegsráðherra um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, sem var 135. mál á 115. löggjafarþingi, var breytt í grundvallaratriðum í meðförum þingsins. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að erlendum veiðiskipum væri löndun heimil eða eins og kom fram í framsöguræðu sjávarútvegsráðherra: „Meginbreyting þessa frumvarps frá gildandi rétti er að erlendum veiðiskipum verður almennt heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað þjónustu fyrir skipið.“ Sjávarútvegsráðherra var hins vegar samkvæmt frumvarpinu heimilt að takmarka þær heimildir vegna skipa er stunda veiðar úr nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hefðu íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis.

Breyting þingsins fólst í því að gera undanþáguákvæði frumvarpsins að meginreglu í lögunum þar eð þau kveða á um bann við löndunum úr sameiginlegum stofnum sem ekki hefur verið samið um. Þessi breyting var gerð í sjávarútvegsnefnd þingsins eftir að hún hafði leitað álits utanríkismálanefndar um málið. Kom fram í máli formanns sjávarútvegsnefndar að nefndinni hefði ekki þótt ástæða til að setja ákvæði inn í 3. gr. frumvarpsins um að leitað skyldi álits utanríkismálanefndar Alþingis þegar ríkisstjórn heimilaði löndunarrétt erlendra skipa úr sameiginlegum stofnum. Væri ástæðan sú að nefndin liti svo á að í slíkum tilfellum væri um „meiri háttar utanríkismál" að ræða og bæri ríkisstjórn samkvæmt þingsköpum að bera slík mál undir utanríkismálanefnd Alþingis þótt ekki væri kveðið á um það í umræddu frumvarpi.

Helstu rök fyrir breytingunni voru þau að löndunarbannið drægi úr líkum á að aðrar þjóðir gætu nýtt sér sameiginlega stofna og hefði bannið því þau áhrif að ýta undir að samningar yrðu gerðir um þá stofna sem ósamið er um við nágrannaþjóðir okkar. Kom þar einkum til álita sameiginlegur karfastofn á hafsvæðinu milli Grænlands og Íslands. Í umræðum um málið var þó vikið að þeirri mikilvægu undantekningu sem hefur verið gerð á þessu grundvallarsjónarmiði að því er varðar rækjustofninn á Dohrnbanka sem er sameign Íslendinga og Grænlendinga. Landað hefur verið úr þessum stofni árum saman þótt ekki hafi verið samið um nýtingu hans við grænlensk yfirvöld. Hefur komið fram að ein af forsendunum fyrir því að sjávarútvegsráðuneytið hefur ekki treyst sér til að banna að landa rækju sé sú að það telur bann við löndun úr sameiginlegum rækjustofni Grænlendinga og Íslendinga ekki líklegt til að knýja á um að samkomulag náist um nýtingu stofnsins.

Í ljós hefur komið að sjávarútvegsráðuneytið hefur litið svo á að ekki séu neinar forsendur fyrir að heimila landanir erlendra skipa, sem veiða úr sameiginlegum stofnum sem ósamið er um, á öðru en rækjuafla. Hefur þetta komið í ljós þegar Útgerðarfélag Akureyringa hefur sótt um leyfi til að landa karfaafla úr togara Mecklenburger Hochseefischerei sem fyrirtækið á meiri hluta í. Er ljóst að ráðuneytið hefur mótað viðhorf sitt í samræmi við umræður á Alþingi þar sem löndunarbann var lögfest sem grundvallarregla og átti að þjóna því hlutverki að knýja nágrannaþjóðir okkar til samninga og frávik frá því löndunarbanni var skilgreint sem meiri háttar utanríkismál.

Við framkvæmd laganna hefur komið í ljós að aukin atvinna, sem hlýst af löndunum erlendra skipa, er ekki talin koma til álita þegar ráðuneytið fjallar um undanþáguheimildir. Eru meintir samningahagsmunir Íslendinga látnir vega þyngra á vogarskálunum en áhrif á atvinnulíf sem þó er í meiri lægð en verið hefur lengi.

Í því frumvarpi, sem hér er lagt fram, er gert ráð fyrir að horfið verði til þess grundvallarsjónarmiðs, sem kom fram í frumvarpi sjávarútvegsráðherra sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi, að erlendum veiðiskipum sé heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum. Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að takmarka heimildir til löndunar þegar um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis og alvarlegur ágreiningur er um stjórnun á nýtingu stofnsins. Er í því orðalagi tekið tillit til 5. gr. í bókun 9 með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra geti ekki beitt undanþáguákvæði 2. mgr. nema til þess standi gild rök og ljóst sé að það þjóni íslenskum hagsmunum.

889. Frumvarp til laga [574. mál]

um vinnumiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Vinnumiðlun skal starfrækja eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim.

Markmið vinnumiðlunar er að stuðla að nægri og jafnri atvinnu um land allt og nægjanlegu framboði vinnuafls fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar. Vinnumiðlun skal jafnframt leitast við að veita atvinnuleitendum og atvinnurekendum víðtæka ráðgjafar- og upplýsingaþjónustu um vinnumarkaðsmál. Skal vinnumiðlunin í þessu skyni hafa endurgjaldslausa meðalgöngu milli þeirra sem leita eftir atvinnu og atvinnurekenda sem leita eftir vinnuafli.

2. gr.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fer með yfirstjórn vinnumiðlunar og skipuleggur og samræmir störf hennar. Skal vinnumiðlun láta vinnumálaskrifstofunni í té greinargerðir og upplýsingar um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnutækifæri í sínu umdæmi eða atvinnusvæði samkvæmt fyrirmælum vinnumálaskrifstofunnar og tillögur um aðgerðir í atvinnumálum þegar þeirra er þörf.

Enn fremur skal vinnumálaskrifstofan sinna faglegri og tæknilegri þjónustu við vinnumarkaðinn á ýmsum sviðum og safna gögnum og greina upplýsingar fyrir stjórnvöld um ástand og horfur á vinnumarkaði.

3. gr.

Félagsmálaráðherra skipar vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga, Atvinnuleysistryggingasjóður og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefna einn fulltrúa hvert í nefndina og Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa sameiginlega.

Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðgjafarnefndarinnar.

Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

4. gr.

Hlutverk ráðgjafarnefndar er að gera tillögur um stefnumörkun í þeim málum er undir vinnumálaskrifstofuna falla samkvæmt lögum, reglugerðum og samningum. Tillögum sínum skal ráðgjafarnefnd beina til þeirra opinberra aðila sem fjalla um stefnumörkun, áætlanagerð eða aðgerðir í atvinnumálum, bæði að því er tekur til landsins í heild og einstakra svæða eða staða.

Nefndin skal hafa frumkvæði að því að gerðar verði áætlanir um aðgerðir sem hrinda megi í framkvæmd ef horfur eru á samdrætti eða breytingum á atvinnuháttum er leitt geta til atvinnuleysis hvort sem er á einstökum stöðum, í tilteknum starfsgreinum eða landinu í heild.

5. gr.

Ráðgjafarnefndin skal koma saman reglulega eða þegar tilefni er til og undirbýr vinnumálaskrifstofan fundi nefndarinnar.

Þar skulu lagðar fram greinargerðir og upplýsingar um atvinnuástand, atvinnuleysi, uppsagnir, atvinnutækifæri og atvinnuhorfur á landinu öllu eða einstökum atvinnusvæðum, ásamt skýringum á orsökum breytinga á atvinnuástandi. Enn fremur skulu tekin fyrir önnur mál sem vinnumálaskrifstofan, aðrir opinberir aðilar eða einstakir fulltrúar tilnefningaraðila óska eftir að tekin séu á dagskrá og snerta hlutverk nefndarinnar.

Ráðgjafarnefndin getur boðað á sinn fund fulltrúa þeirra samtaka sem sérstaklega varða þau málefni sem eru til umfjöllunar.

II. KAFLI
Vinnumiðlun, skipulag og hlutverk.

6. gr.

Öll sveitarfélög skulu hafa með höndum atvinnuleysisskráningu og tryggja íbúum sínum aðgang að þjónustu vinnumiðlunar samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim.

Allir atvinnuleysisskráningarstaðir og vinnumiðlanir skulu tengjast svæðisbundinni vinnumiðlun. Ein svæðisbundin vinnumiðlunarskrifstofa skal vera á hverju atvinnusvæði og ein vinnumiðlun í hverju atvinnuumdæmi, sbr. 7. gr.

Kostnaðarskipting sveitarfélaga, sem standa saman að vinnumiðlun, skal vera í samræmi við íbúafjölda. Þó skal það sveitarfélag sem annast vinnumiðlunina greiða þann kostnað sem felst í að reka atvinnuleysisskráningarstað fyrir sitt sveitarfélag. Kostnaður vegna svæðisvinnumiðlana sem er umfram rekstur almennrar vinnumiðlunar skal greiðast af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast atvinnuleysisskráningu.

7. gr.

Í því skyni að stuðla að sem virkastri vinnumiðlun skal skipta landinu í atvinnusvæði þannig að sveitarfélög, sem landfræðilega hafa svipaðra hagsmuna að gæta, teljist á sama atvinnusvæði. Félagsmálaráðherra skal ákveða svæðisskiptinguna í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Á hverju atvinnusvæði skal ein vinnumiðlun gegna hlutverki svæðisvinnumiðlunar sem þjónar öllu svæðinu. Staðarval svæðisvinnumiðlunar miðist við að sem flestir íbúar svæðisins skuli eiga greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem hún veitir.

Hverju atvinnusvæði skal skipt í umdæmi þannig að sveitarfélög, sem landfræðilega og atvinnulega hafa svipaðra hagsmuna að gæta, teljist í sama umdæmi og skal ein vinnumiðlun starfa í hverju umdæmi. Félagsmálaráðherra skal taka ákvörðun um fjölda og staðsetningu vinnumiðlana í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Skal umdæmaskiptingin gerð í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög. Verði ágreiningur milli sveitarfélaga um umdæmaskiptingu sker félagsmálaráðuneytið úr að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar skv. 3. gr. laga þessara.

Sveitarfélögin á sama atvinnusvæði skv. 1. mgr. og í sama umdæmi skv. 2. mgr. þessarar greinar skulu, eftir því sem tök eru á, hafa samstarf um allt sem lýtur að vinnumiðlun á svæðinu og getur vinnumálaskrifstofan falið einum aðila, sem annast vinnumiðlun á svæðinu eða í umdæminu, að hafa forgöngu um samstarfið nema hlutaðeigandi sveitarfélög komi sér saman um annað.

Félagsmálaráðherra getur falið svæðisvinnumiðlun að annast sérstök þjónustuverkefni fyrir allt atvinnusvæðið eða hluta þess, sbr. 13. gr., þegar atvinnuástand svæðisins er að mati stjórnvalda óviðunandi. Þá getur svæðisvinnumiðlun falið einstökum vinnumiðlunum að annast framkvæmd verkefna, sbr. 8. gr. B og 13. gr., fyrir umdæmið þegar þörf er á að mati hlutaðeigandi aðila.

8. gr.

A.

Hlutverk atvinnuleysisskráningarstaða:

a. að hafa með höndum atvinnuleysisskráningu samkvæmt ákvæðum þessara laga,
b. að koma gögnum um atvinnuleysisskráningu innan viku frá því að skráning á sér stað til tölvuskráningar hjá hlutaðeigandi vinnuumiðlun og til hlutaðeigandi úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta,
c. að fylgjast með framvindu atvinnumála í sveitarfélaginu og gera hlutaðeigandi sveitarstjórn og vinnumiðlun aðvart ef horfur eru á samdrætti, atvinnuleysi eða ef fyrirsjáanleg er sérstök þensla á vinnumarkaði,
d. að koma öllum þeim upplýsingum á framfæri við íbúa sína sem hlutaðeigandi vinnumiðlun, svæðisvinnumiðlun eða vinnumálaskrifstofan óskar eftir að sveitarfélagið hafi milligöngu um,
e. að safna og dreifa, eftir nánari reglum er settar verða, upplýsingum um framboð og eftirspurn vinnuafls í sveitarfélaginu,
f. að veita vottorð skv. 5. gr. laga nr. 53/1993 og skv. 14. gr. þessara laga,
g. að starfa í nánu samráði við hlutaðeigandi vinnumiðlun og svæðisvinnumiðlun,
h. að inna af höndum önnur störf sem lög og reglugerðir ákveða.

B.

Hlutverk vinnumiðlunar er:

a. að hafa með höndum vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu samkvæmt ákvæðum þessara laga,
b. að hafa með höndum tölvuskráningu atvinnuleysis í sínu umdæmi og miðla upplýsingum til hlutaðeigandi úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta,
c. að fylgjast með framvindu atvinnumála í sínu umdæmi og gera hlutaðeigandi sveitarstjórn og svæðisvinnumiðlun aðvart ef horfur eru á samdrætti, atvinnuleysi eða ef fyrirsjáanleg er sérstök þensla á vinnumarkaði,

d. að koma öllum þeim upplýsingum á framfæri við atvinnulausa í sínu umdæmi sem hlutaðeigandi svæðisvinnumiðlun óskar eftir að vinnumiðlunin hafi milligöngu um,
e. að safna og dreifa, eftir nánari reglum er settar verða, upplýsingum um framboð og eftirspurn vinnuafls í umdæminu,
f. að veita vottorð skv. 5.gr. laga nr. 53/1993 og skv. 14. gr þessara laga,
g. að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og atvinnurekendur við útvegun hæfra starfsmanna,
h. að veita íbúum umdæmisins leiðbeiningar og upplýsingar um vinnumarkaðsmál,
i. að leiðbeina um starfsval, m.a. með því að dreifa fræðsluefni um vinnumarkaðsmál og veita upplýsingar um atvinnumöguleika í umdæminu,
j. að starfa í nánu samráði við sveitarstjórnir í umdæminu og hlutaðeigandi svæðisvinnumiðlun,
k. að inna af höndum önnur störf sem lög og reglugerðir ákveða.

C.

Hlutverk svæðisvinnumiðlunar er:
a. að hafa með höndum vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu samkvæmt ákvæði þessara laga,
b. að ábyrgjast að tölvuskráning atvinnuleysis nái yfir allt atvinnusvæðið og miðla upplýsingum til hlutaðeigandi úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta,
c. að fylgjast með framvindu atvinnumála á atvinnusvæðinu og gera hlutaðeigandi sveitarstjórn, vinnumiðlun og vinnumálaskrifstofunni aðvart ef horfur eru á samdrætti, atvinnuleysi eða ef fyrirsjáanleg er sérstök þensla á vinnumarkaði,
d. að safna og dreifa, eftir nánari reglum er settar verða, upplýsingum um framboð og eftirspurn vinnuafls á atvinnusvæðinu,
e. að koma á framfæri upplýsingum um atvinnu- og vinnumarkaðsmál til atvinnuleysisskráningarstaða og vinnumiðlana á sínu svæði,
f. að veita vottorð skv. 5.gr. laga nr. 53/1993 og 14. gr. þessara laga,
g. að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og atvinnurekendur við útvegun hæfra starfsmanna,
h. að veita íbúum atvinnusvæðisins ráðgjöf og upplýsingar um vinnumarkaðsmál,
i. að skipuleggja ráðgjafarþjónustu um starfsval á sínu atvinnusvæði, m.a. með því að dreifa fræðsluefni um atvinnumál og veita upplýsingar um atvinnumöguleika á atvinnusvæðinu,
j. að skipuleggja atvinnustörf fyrir ungt fólk í samráði við sveitarstjórnir og aðstoða ungt fólk í atvinnuleit,
k. að skipuleggja atvinnustörf fyrir fatlaða í samráði við svæðisskrifstofur og aðila vinnumarkaðarins og aðstoða við atvinnuleit fatlaðra, sbr. lög nr. 59/1992,
l. að starfrækja sérhæfða ráðgjafarþjónustu um atvinnuleit og vinnumiðlun fyrir allt atvinnusvæðið,
m. að veita starfsfólki atvinnuleysisskráningarstaða og vinnumiðlana á svæði leiðbeiningar og fræðslu um allt sem lýtur að atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun,
n. að annast verkefni skv. 13. gr. þessara laga,
o. að starfa í nánu samráði við sveitarstjórnir á svæðinu,
p. að inna af höndum önnur störf sem lög og reglugerðir ákveða.

9. gr.

Sveitarstjórnir á hverju atvinnusvæði skv. 6. gr. þessara laga skulu kjósa a.m.k. þrjá fulltrúa í stjórnarnefnd vinnumiðlunar á svæðinu. Auk þess tilnefna samtök verkafólks og atvinnurekenda á svæðinu einn fulltrúa af hvorra hálfu í nefndina. Ef fleiri en eitt stéttarfélag er starfandi á svæðinu tilnefnir fulltrúaráð þeirra eða félögin sameiginlega fulltrúa.

Hlutverk stjórnarnefndar er að hafa umsjón með starfi vinnumiðlana á svæðinu og vera vettvangur samráðs og skoðanaskipta milli sveitarstjórnar og aðila vinnumarkaðarins. Þá skal nefndin, eftir því sem tilefni gefst til, gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi á svæðinu.

10. gr.

Fyrirtækjum og einstaklingum er heimilt að annnast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda. Félagsmálaráðherra getur að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sveitarstjórnar heimilað stéttarfélögum og félögum atvinnurekenda að annnast milligöngu um ráðningar fyrir félagsmenn enda hafi þau fastar starfsstöðvar og fullnægjandi aðstöðu að öðru leyti og veiti þjónustuna endurgjaldslaust. Sama gildir um samtök námsmanna.

Þeim starfstilboðum sem þessum aðilum tekst ekki að sinna skal koma á framfæri við hlutaðeigandi vinnumiðlun með þeim skilyrðum sem atvinnurekandi setur.

Þeir aðilar sem hafa milligöngu um ráðningar skv. 1. mgr. þessarar greinar eru bundnir af ákvæðum þessara laga, svo og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

Framangreindir aðilar skulu veita vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins upplýsingar um starfsemi sína ef óskað er.

Félagsmálaráðuneytið skal halda skrá yfir þá aðila sem fengið hafa leyfi skv. 1. mgr..

III. KAFLI
Framkvæmd vinnumiðlunar.

11. gr.

Vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum skal vera frjáls, hlutlaus og endurgjaldslaus þjónusta við þá sem leita til vinnumiðlunar.

Allar upplýsingar, sem vinnumiðlun fær í starfi sínu hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni, skulu vera trúnaðarmál vinnumiðlunar og þess er upplýsingar veitir, að öðru leyti en því sem snertir bein tengsl við atvinnuleysisskráningu, miðlun vinnu og starfsráðningar.

Með reglugerð skal ákveða nánar hvaða upplýsingar vinnumiðlun lætur umsækjendum um atvinnu og atvinnurekendum í té, svo og í hvaða formi slíkar upplýsingar skuli veittar.

Með reglugerð skal einnig ákveða nánar hvaða upplýsingar vinnumiðlun ber að láta öðrum vinnumiðlunum í té þegar um það er að ræða og hvaða gögn er skylt að veita til vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og annarra gagnavinnsluaðila, svo og í hvaða formi slíkar upplýsingar skuli veittar.

12. gr.

a. Þjónusta við atvinnuleitendur.

Hver sá sem leitar eftir vinnu getur snúið sér til vinnumiðlunar í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili eða til þeirrar vinnumiðlunar sem sveitarfélag hans á aðild að, sbr. 6. gr. og 7. gr., óskað eftir upplýsingum um laus störf og jafnframt óskað eftir aðstoð vinnumiðlunar við að finna starf við hæfi. Nú getur vinnumiðlun ekki vísað atvinnuleitanda á vinnu innnan sveitarfélags og skal þá skrá hann sem atvinnuumsækjanda eða eftir atvikum atvinnulausan nema unnt sé að vísa á vinnu utan umdæmisins sem atvinnuleitandi vilji taka.

Atvinnuleitandi getur krafist vottorðs vinnumiðlunar um atvinnu sína eða atvinnuleysi það tímabil sem hann hefur verið skráður hjá henni. Vinnumiðlun getur krafist þess að sá sem óskar eftir slíku vottorði mæti til skráningar eða hafi samband á annan hátt er vinnumiðlun ákveður og geri grein fyrir atvinnu sinni eða atvinnuleysi.

Vinnumiðlun skal láta atvinnuleitendum í té þær upplýsingar sem hún hefur á hverjum tíma um atvinnumöguleika í öðrum sveitarfélögum, ásamt upplýsingum um þá möguleika sem kunna að vera fyrir hendi um aðstoð við flutninga milli byggðarlaga, kjör og annað sem máli skiptir.

Sá sem misst hefur vinnu í sveitarfélagi en á þar ekki lögheimili skal eiga rétt á sömu þjónustu og heimamenn af hálfu vinnumiðlunar. Sama gildir um erlenda ríkisborgara sem starfa samkvæmt atvinnuleyfum, svo og norræna ríkisborgara sem njóta réttar samkvæmt samningi frá 6. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, og þá sem falla undir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Hlutaðeigandi vinnumiðlun skal tilkynna þeirri vinnumiðlun þar sem atvinnuleitandi á lögheimili, sbr. 1. mgr., að atvinnuleitandi sé skráður atvinnulaus hjá vinnumiðluninni. Vinnumiðlunin skal jafnframt kanna atvinnumöguleika í því atvinnuumdæmi og á því atvinnusvæði sem viðkomandi á lögheimili.

Ef atvinnuleitandi óskar vinnu í öðru sveitarfélagi skal vinnumiðlun koma óskum um það á framfæri við hlutaðeigandi svæðisvinnumiðlun og hlutaðeigandi vinnumiðlun ef atvinnuleitandi tilgreinir einstakt atvinnuumdæmi eða sveitarfélag.

Vinnumiðlun skal reka upplýsingamiðlun og ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur þannig að atvinnuleitandi fái upplýsingar um réttindi sín og möguleg úrræði sem fyrst eftir að hann verður atvinnulaus. Þá þarf að veita honum upplýsingar um námskeið til að bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum og hvar og hvernig helst er að vænta atvinnumöguleika. Þessar upplýsingar þarf að vera að finna í bæklingum sem vinnumiðlun hefur á boðstólum eða á aðgengilegri upplýsingatöflu vinnumiðlunar. Leitast skal við að veita leiðbeiningar eða gera áætlun um það hvernig eigi að standa að atvinnuleit.

b. Þjónusta við atvinnurekendur.

Sérhver atvinnurekandi getur snúið sér til vinnumiðlunar í því sveitarfélagi þar sem atvinnurekstur hans fer fram og óskað upplýsinga um framboð á vinnuafli. Jafnframt getur atvinnurekandi óskað meðalgöngu vinnumiðlunar við útvegun starfsmanna. Geti vinnumiðlunin ekki vísað á umbeðið vinnuafl færir hún beiðnina á skrá yfir laus störf þar til ráðning hefur átt sér stað. Vinnumiðlun skal jafnframt koma lausum störfum á framfæri við svæðisvinnumiðlun með þeim skilyrðum sem atvinnurekandi setur.

Vinnumiðlun skal láta atvinnurekenda í té þær upplýsingar, sem hún kann að hafa á hverjum tíma, um framboð vinnuafls í öðrum sveitarfélögum eða gegnum svæðisvinnumiðlun, svo og hafa milligöngu við aðrar vinnumiðlanir ef atvinnurekandi óskar þess.

c. Sérstök þjónusta.

Unglingar, fatlaðir og aldraðir geta leitað til vinnumiðlunar og óskað eftir aðstoð hennar við leit að vinnu við þeirra hæfi. Við atvinnuleit skal vinnumiðlun hafa samvinnu við svæðisvinnumiðlun, samtök og stofnanir sem einkum fjalla um málefni hlutaðeigandi hópa, sérstaklega í sambandi við mat á starfsgetu og þörf á endurhæfingu og starfsþjálfun.

Vinnumiðlun skal eftir föngum leiðbeina unglingum varðandi starfsval, m.a. með því að afla og dreifa upplýsingum um helstu atvinnutækifæri og þær kröfur sem atvinnulífið gerir um menntun og starfsreynslu.

d. Sérhæfð þjónusta svæðisvinnumiðlana.

Svæðisvinnumiðlanir skulu reka sérhæfða ráðgjafarþjónustu fyrir atvinnuleitendur og atvinnurekendur um allt er varðar vinnumiðlun og vinnumarkað.

Þeir sem hafa verið atvinnulausir í sex mánuði skulu fá sérhæfða ráðgjöf þar sem farið er í gegnum þeirra mál og byggð upp sérstök áætlun fyrir viðkomandi. Þessi áætlun getur falið í sér faglega ráðgjöf og leiðbeiningar til að byggja fólk upp til sjálfshjálpar, starfsmenntun eða tímabundin atvinnuúrræði. Vinnumiðlanir skulu hafa yfir að ráða tímabundnum úrræðum sem hægt er að grípa til fyrir þessa einstaklinga. Þeir sem hafa verið atvinnulausir í þrjá mánuði geta leitað eftir þessari þjónustu.

Fólk sem er yngra en 25 ára og hefur verið atvinnulaust lengur en sex vikur skal fá sérhæfða ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun.

Fatlað fólk á rétt á sérhæfðri aðstoð til að fá starfsþjálfun og finna atvinnu. Vinnumiðlanir skulu hafa yfir að ráða tímabundnum úrræðum sem hægt er að grípa til fyrir þessa einstaklinga.

13. gr.

Þegar atvinnuástand í landinu öllu, á einstökum atvinnusvæðum, í atvinnuumdæmum eða innan einstakra afmarkaðra atvinnuhópa telst óviðunandi að mati ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofunnar getur félagsmálaráðherra gripið til sérstakra tímabundinna ráðstafana á meðan ástandið varir til að auka þjónustu vinnumiðlunar almennt, á einstökum atvinnusvæðum, í einstökum atvinnuumdæmum eða við einstaka atvinnuhópa.

Þessar ráðstafanir geta m.a. falið í sér:

a. að skylda vinnumiðlanir eða sveitarfélög til að sinna sérstökum tímabundnum atvinnuverkefnum,
b. að veita alhliða ráðgjafarþjónustu fyrir atvinnulausa, þar sem einstaklingsmál eru skoðuð í víðara samhengi með tilliti til atvinnuúrræða, félagslegra úrræða, starfsmenntunar o.fl. sem tengd eru aðstæðum hvers einstaklings enda er atvinnuleysi viðkomandi meginvandamálið,
c. að standa fyrir almennum fræðslunámskeiðum um atvinnuskapandi verkefni og atvinnuleysisvandamálið,
d. að standa fyrir starfsþjálfun og frístundastarfsemi á dagvinnutíma til að viðhalda starfsgetu og hæfni atvinnuleitenda.

Kostnaður við þessar aðgerðir skiptist að jöfnu á milli ríkissjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs og viðkomandi sveitarfélaga.

14. gr.

Vinnumiðlun lætur þeim sem atvinnulausir eru og telja sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, eða lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, í té vottorð um skráð atvinnuleysi þess er hlut á að máli enda eigi sá er vottorðs óskar lögheimili í sveitarfélagi vinnumiðlunar eða hafi starfað þar þegar hann varð atvinnulaus.

Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar greinar skulu sett með reglugerð.

IV. KAFLI
Gagnavinnslukerfi og tilkynning um laus störf.

15. gr.

Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins er skylt að koma upp og viðhalda miðlægu gagnavinnslukerfi til vinnumiðlunar og úrvinnslu gagna um atvinnuástand og atvinnuleysi. Vinnumálaskrifstofan skal setja nánari reglur í samráði við ráðgjafarnefndina um aðgang opinberra aðila að gagnavinnslukerfinu og úrvinnslu gagna er varða einstaklinga.

Félagsmálaráðherra getur ákveðið að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofunnar að vinnumiðlun taki upp þá véltæku gagnavinnslu sem nauðsynleg er til að safna gögnum um atvinnuástand, atvinnuleysi, atvinnutækifæri og atvinnuleysisbætur og sem hægt er að miðla til gagnavinnslukerfis vinnumálaskrifstofunnar.

Vinnumálaskrifstofan skal hafa yfirumsjón með gagnavinnslukerfi vinnumiðlunar og setur nánari reglur um meðferð þess og rekstur í samvinnu við vinnumiðlanir og Atvinnuleysistryggingasjóð.

16. gr.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að öllum, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli og hafa fjóra eða fleiri starfsmenn í þjónustu sinni, skuli skylt að tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlun um öll laus störf á þeirra vegum enda sé tryggt að vinnumiðlunin geti tekið við slíkum upplýsingum með viðunandi hætti. Áður en slík reglugerð er gefin út skal leita umsagnar helstu samtaka atvinnurekenda.

17. gr.

Upplýsingum, sem vinnumiðlun berast um laus störf, skal hún með viðunandi hætti koma á framfæri við þá atvinnuleitendur sem að hennar mati fullnægja þeim kröfum er gerðar eru til hlutaðeigandi starfs samkvæmt starfslýsingu atvinnurekenda. Atvinnurekandi getur óskað nafnleyndar gagnvart atvinnuleitendum og er vinnumiðlun skylt að virða slík tilmæli.

Atvinnuleitanda, sem skráður er hjá vinnumiðlun, ber að tilkynna ef hann er ráðinn til starfa og láta þannig afskrá sig hjá viðkomandi vinnumiðlun. Hann á þó rétt á að vera áfram skráður ef hann leitar annars starfs en hann hefur verið ráðinn til og ber honum þá að tilkynna það sérstaklega.

18. gr.

Atvinnurekandi, sem tilkynnir vinnumiðlun um laus störf, skal eiga rétt á að fá skrá yfir þá atvinnuleitendur er skráðir eru hjá vinnumiðlun og hún telur koma til greina í hlutaðeigandi starf ásamt upplýsingum um menntun, starfsreynslu og annað er máli skiptir í sambandi við starfsráðningu. Aldrei má þó láta af hendi upplýsingar sem vinnumiðlun öðlast sem trúnaðarmál. Atvinnurekandi á rétt á að vinnumiðlun hafi milligöngu um að afla þeirra upplýsinga hjá atvinnuleitanda sem hann telur nauðsynlegar fyrir atvinnuráðningu. Atvinnurekanda ber að tilkynna viðkomandi vinnumiðlun ef einhver þeirra atvinnuleitenda sem vinnumiðlun hefur vísað á er ráðin til starfa.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Kostnaður við vinnumiðlun greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 6. gr. þegar það á við. Rekstrarkostnaður sameiginlegs gagnavinnslukerfis skv. 15. gr. skal þó greiddur af ríkissjóði.

Vinnumálaskrifstofan hannar nauðsynleg eyðublöð vegna atvinnuleysisskráningar og vinnumiðlunar og greiðist sá kostnaður úr ríkissjóði, en atvinnuleysisskráningarstaðir og vinnumiðlanir greiða prentunarkostnað samkvæmt einingarverði í samræmi við notkun eyðublaða.

20. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um samstarf sveitarfélaga á sama atvinnusvæði skv. 7. gr. laganna.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 21. maí 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 10. mars 1993 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 18/1985, um vinnumiðlun með aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

Í nefndina voru skipuð Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Heimir Ingimarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hervar Gunnarsson, tilnefndur af ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofunnar, Jón H. Magnússon, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, og Lára V. Júlíusdóttir, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands. Ritari nefndarinnar var Gunnar E. Sigurðsson, deildarstjóri vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk nefndarinnar var að endurskoða markmið og skipulag vinnumiðlunar í landinu, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga um starfsemi vinnumiðlana, hlutverk og þjónustu vinnumiðlana, samstarf vinnumiðlana á hverju atvinnusvæði og milli atvinnusvæða, hlutverk, þjónustu og skyldur annarra vinnumiðlana og önnur þau ákvæði sem nefndin taldi þörf á að endurskoða.

Markmið þessarar endurskoðunar voru eftirfarandi:

— að koma upp samræmdu heildarskipulagi vinnumiðlunar í landinu,
— að vinnumiðlanir verði ávallt í stakk búnar til að taka á þeim framboðs- og eftirspurnarvanda sem iðulega kemur upp á vinnumarkaðinum,
— að taka af allan vafa um hvar beri að starfrækja raunverulega vinnumiðlun, hvar atvinnuleysisskráning fari fram og hvert atvinnuleitendur og atvinnurekendur eigi að leita eftir tiltekinni þjónustu,
— að hlutverk vinnumiðlana og þjónustuskylda sé vel skilgreind, þannig að ekki sé nokkur vafi á um það hvað þær eigi að gera og hvað þær geta gert,
— að öll upplýsingamiðlun í vinnumiðlunarkerfinu sé vel skilgreind, þannig að ekki sé nokkur vafi á því hverjum beri að senda upplýsingar eða hvert beri að kalla eftir upplýsingum, greinargerðum, tillögum o.þ.h.,
— að gaumgæfa hvort þau þjónustuúrræði sem starfrækt eru hjá vinnumiðlunum erlendis henti við íslenskar aðstæður,
— að gaumgæfa hvort tímabært sé að kveða á um sérstaka þjónustu fyrir þá sem hafa verið atvinnulausir um lengri tíma,
— að athuga tengsl laga um vinnumiðlun við aðra löggjöf sem snerta vinnumiðlun, svo sem lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um málefni fatlaðra og lög um atvinnuleysistryggingar.

Umræður í nefndinni snerust um hvernig hægt væri að auka virkni vinnumiðlunar. Áhersla var lögð á tölvuvæðingu vinnumiðlunar sem tækis til að auðvelda miðlun á milli atvinnuumdæma og atvinnusvæða. Aukin skráning á persónulegum upplýsingum mun auðvelda miðlun lausra starfa til þeirra sem uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru hverju sinni.

Nefndarmenn töldu óraunhæft að fullstarfandi vinnumiðlanir verði reknar í öllum sveitarfélögum með 500 íbúa eða fleiri. Gera yrði greinarmun á skráningu atvinnuleysis annars vegar og svo raunverulegri vinnumiðlun hins vegar. Vænlegra var talið að koma á fót skrifstofum með sérhæfðu starfsliði er hafi yfirsýn yfir vinnumarkaðinn og geti veitt ráðleggingar. Nefndarmenn töldu rétt að stefna að annars vegar einni svæðisvinnumiðlun á þeim meginatvinnusvæðum sem starfrækt eru í dag og hins vegar neti umdæmisvinnumiðlana á minni atvinnusvæðum sem störfuðu með viðkomandi svæðisvinnumiðlun til að einfalda öll samskipti með vinnumiðlun. Hverri umdæmisvinnumiðlun þjóni atvinnuleysisskráningarstaðir í samræmi við þann fjölda sveitarfélaga sem standa að hverri vinnumiðlun. Svæðisvinnumiðlun yrði jafnframt umdæmisvinnumiðlun og atvinnuleysisskráningarstaður fyrir viðkomandi íbúa. Gert er ráð fyrir að það skipulag sem fram kemur í reglugerð um vinnumiðlun geti verið grundvöllur þeirrar svæðis- og umdæmisskiptingar sem þessar breytingar fela í sér en nánar þurfi að skoða þessa skiptingu í dag með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á stærð sveitarfélaga og úrbóta í samgöngumálum.

Nefndin var sammála um að sveitarfélögin önnuðust eftir sem áður vinnumiðlun. Hins vegar taldi nefndin vafasamt að unnt væri að flytja kostnað við sérhæfða vinnumiðlun beint til sveitarfélaganna. Nokkrar leiðir komu til athugunar:

— ríkið kosti umframkostnað við rekstur svæðisvinnumiðlunar,
— ríkið greiði laun vinnumiðlunarráðgjafa en þeir verði til húsa á skrifstofum atvinnuráðgjafa og Byggðastofnunar,
— Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fjármagni umframkostnað vegna svæðisvinnumiðlana,
— aðrar leiðir þar sem kostnaði er skipt milli ríkis og sveitarfélaga.

Niðurstaðan var að sveitarfélögin önnuðust rekstur svæðisvinnumiðlunar en ríkið leggði til einhvern stuðning með jöfnunaraðgerðum í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Menn eru sammála um að efla vinnumiðlun sem almennan þjónustuaðila fyrir launþega og atvinnurekendur og að almenn vinnumiðlun á vegum ríkis og sveitarfélaga sé fyrir alla. Hins vegar geti sérhæfð vinnumiðlun verið á vegum stéttarfélaga, félagasamtaka eða einkaaðila. Nauðsynlegt sé að efla samstarf þessara aðila með meiri upplýsingamiðlun.

Almennt hefur verið rætt um aukna upplýsingamiðlun og ráðgjöf vinnumiðlana á þann hátt að hinn atvinnulausi fái upplýsingar um réttindi sín og möguleg úrræði sem fyrst eftir að hann verður atvinnulaus. Þá þarf að veita honum upplýsingar um námskeið og hvar og hvernig helst er að vænta atvinnumöguleika. Þessar upplýsingar á a.m.k. að vera hægt að finna í bæklingum sem vinnumiðlun hefur á boðstólum eða á aðgengilegum upplýsingatöflum vinnumiðlana. Æskilegt er að veita sem mestar upplýsingar og ráðgjöf sem fyrst eftir að viðkomandi verður atvinnulaus. Þannig gætu t.d. leiðbeiningar eða áætlun um það hvernig eigi að standa að atvinnuleit og hvernig eigi að hegða sér í ráðningarsamtölum verið þýðingarmikil. Mikilvægt sé a.m.k. að vísa fólki strax á þau námskeið sem fjalla um þessi atriði.

Langtímaatvinnuleysi miðast almennt við samfellt atvinnuleysi í meira en sex mánuði. Nefndin er sammála um að þeir sem hafa verið atvinnulausir um lengri tíma eigi að öðlast rétt eða vera skylt að fá sérhæfða ráðgjöf sem færi í gegnum þeirra mál og byggði upp sérstaka áætlun fyrir viðkomandi með hliðsjón af hans sérstöku vandamálum. Þessi áætlun getur falið í sér faglega ráðgjöf og leiðbeiningar til að byggja fólk upp til sjálfshjálpar, starfsmenntun eða tímabundin atvinnuúrræði. Þessi sérhæfða ráðgjöf getur verið á vegum ríkisins, sveitarfélaga eða sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga. Í þessu sambandi er mikilvægt að vinnumiðlanir hafi yfir að ráða tímabundnum úrræðum sem hægt er að grípa til.

Þá var rætt um sérstaka þjónustu fyrir ungt fólk (undir 25 ára) sem er atvinnulaust. Margvísleg rök eru fyrir að þessi hópur þurfi sérstaka ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun.

Nefndin var sammála um að nauðsynlegt væri að vinnumiðlun hefði yfir að ráða fjölbreyttum úrræðum sem grípa mætti til í atvinnuleysi. Annars vegar almenn úrræði sem sveitarfélög, Atvinnuleysistryggingasjóður og vinnumálaskrifstofan stæðu fyrir og styrktu og hins vegar úrræði sem byggðu á sérstökum ráðstöfunum ríksstjórnarinnar hverju sinni til eflingar atvinnulífi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingum á 1. gr. núgildandi laga er verið að leggja áherslu á þjónustuhlutverk vinnumiðlunar sem ekki er nægjanlega skýrt í núgildandi lögum. Eðlilegt er að annað meginmarkmið vinnumiðlunar sé að veita góða þjónustu og í samræmi við þarfir notenda sem eru atvinnuleitendur og atvinnurekendur í víðri merkingu.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um aukið vægi vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins bæði vegna vinnumiðunarstarfsemi innan lands og samskipta vegna þeirra skuldbindinga sem felast í lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Verkefni vinnumálaskrifstofunnar samkvæmt þessu verða m.a. eftirfarandi:

a. að starfa sem fræðslu- og þjónustumiðstöð vinnumiðlana í landinu,
b. að safna gögnum og greina upplýsingar um framvindu atvinnumála á landinu öllu og gera viðvart ef horfur eru á samdrætti, atvinnuleysi eða ef fyrirsjáanleg er sérstök þensla á vinnumarkaði,
c. að miðla upplýsingum til stjórnvalda úr gögnum um atvinnuástand o.fl. og dreifa slíkum upplýsingum innan lands og erlendis eftir því sem þörf er á,
d. að safna upplýsingum um og hafa eftirlit með atvinnuflæði innan starfsgreina, atvinnugreina og sveitarfélaga og launakjörum á EES-vinnumarkaði samkvæmt nánari fyrirmælum, sbr. 2. gr. laga nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins,
e. að hafa með höndum vinnu- og upplýsingamiðlun milli vinnumiðlana innan lands,
f. að hafa með höndum vinnumiðlunarsamstarf við þjónustuskrifstofur EES-ríkja,
g. að hafa með höndum upplýsingamiðlun um lífsskilyrði, vinnuskilyrði og atvinnutækifæri í EES-ríkjunum til vinnumiðlana, atvinnurekenda og atvinnuleitenda,
h. að starfrækja ráðgjafarþjónustu — og upplýsingaþjónustu fyrir aðila vinnumarkaðarins, atvinnuleitendur og atvinnurekendur um allt er lýtur að vinnumiðlun og vinnumarkaði,
i. að veita ungu fólki upplýsingar um atvinnumöguleika, stöðu og horfur einstakra starfsgreina og aðstoða fræðsluyfirvöld við að koma fræðsluefni um starfsval til ungs fólks,
j. að samræma skipulag starfsráðgjafar, liðveislu, starfsþjálfunar og atvinnuleitar fatlaðra í samstarfi við vinnumiðlanir og svæðissskrifstofur í málefnum fatlaðra,
k. að inna af höndum önnur störf sem lög og reglugerðir ákveða.

Breytingar á 2. gr. núgildandi laga fela einnig í sér áherslubreytingar þegar nauðsyn er á upplýsingum um atvinnuástandið frá vinnumiðlunum. Þannig verði hægt að óska eftir greinargerð frá vinnumiðlunum um atvinnuástandið o.fl.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Breytingar á 4. gr. núgildandi laga fela í sér rýmkun á ráðgjafarhlutverki ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofunnar þar sem ráðgjafarhlutverkið verði ekki bundið við einstök lög eða samninga sem undir vinnumálaskrifstofuna heyra. Þá er gert ráð fyrir áherslubreytingu um hlutverk ráðgjafarnefndar um gerð áætlana um aðgerðir í atvinnumálum.

Um 5. gr.

Breytingar á 5. gr. núgildandi laga eru afleiðingar af fyrrgreindum breytingum um hlutverk ráðgjafarnefndar en að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 6. gr.

Grundvallarbreytingar eru gerðar á 6. gr. núgildandi laga. Í fyrsta lagi er gert að skyldu fyrir sveitarfélög að eiga aðild að rekstri vinnumiðlunar. Hins vegar er rekstur vinnumiðlunar ekki bundinn við stærð sveitarfélags og reyndar æskilegt að sveitarfélög sameinist um rekstur vinnumiðlunar til að geta veitt fullnægjandi þjónustu. Svæðisvinnumiðlun þjóni atvinnusvæði. Umdæmisvinnumiðlun þjóni atvinnuumdæmi og atvinnuleysisskráningarstaður þjóni hverju sveitarfélagi. Í mörgum tilvikum yrði um að ræða einn og sama aðila, þannig að svæðisvinnumiðlun gegndi hlutverki umdæmisvinnumiðlunar og atvinnuleysisskráningarstaðar í því sveitarfélagi sem hún yrði staðsett. Einnig er mögulegt fyrir sveitarfélög að reka fleiri en einn atvinnuleysisskráningarstað.

Lagt er til að kostnaðarskipting sveitarfélaga sem standa saman að vinnumiðlun skuli vera í samræmi við íbúafjölda, þó skuli það sveitarfélag sem annast vinnumiðlunina greiða þann kostnað sem felst í að reka atvinnuleysisskráningarstað fyrir sitt sveitarfélag. Kostnaður vegna svæðisvinnumiðlana sem er umfram rekstur almennrar vinnumiðlunar skal greiðast af sérstöku framlagi ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þessi kostnaður er nánar skilgreindur sem launa- og ferðakostnaður sérmenntaðra ráðgjafa sem þjóna öllu atvinnusvæðinu og launa- og ferðakostnaður stjórnar svæðisvinnumiðlunar. Þessir kostnaðarþættir yrðu væntanlega veigamestir við rekstur svæðisvinnumiðlunar. Annar rekstrarkostnaður við skrifstofuhald svæðisskrifstofu greiðist af því sveitarfélagi þar sem svæðisskrifstofan er staðsett enda erfitt að aðgreina þann kostnað frá almennri vinnumiðlun.

Lagt er til að sveitarfélög með færri en 1.000 íbúa geti falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast atvinnuleysisskráningu. Hins vegar er gert ráð fyrir sérstöku starfsfólki til að annast vinnumiðlun og önnur verkefni vinnumiðlana.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er gerð nánari grein fyrir skipulagi vinnumiðlunar og hvernig því skuli komið á. Sveitarfélögin sem slík geta tekið ákvörðun um hvort þau reka vinnumiðlun sjálf að svo miklu leyti sem þau geta uppfyllt markmið og hlutverk vinnumiðlunar samkvæmt þessum lögum. Þau geta einnig ákveðið hvaða vinnumiðlun þau tengjast svo framarlega sem það er skipulagslega forsvaranlegt. Það er gert ráð fyrir að ákvörðun um aðild sveitarfélaga að vinnumiðlun sé formlega tekin. Ef upp kemur ágreiningur eru óbreytt ákvæði um hvernig úr verði leyst, þó er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um tillögur um svæðaskiptingu og umdæmaskiptingu.

Um 8. gr.

Í a-lið 8. gr. er hlutverk atvinnuleysisskráningarstaða skilgreint en slík skilgreining er ekki í núgildandi lögum. Hlutverk þeirra er nokkruð minna en hlutverk vinnumiðlana í dag þar sem ekki er gert ráð fyrir að vinnumiðlun fari þar fram heldur fyrst og fremst skráning og upplýsingamiðlun. Þannig er gert ráð fyrir að einstaklingar geti útfyllt öll umsóknareyðublöð í sínu sveitarfélagi og mætt þar reglulega til stimplunar. Þessi gögn yrðu síðan send til vinnumiðlunar og úthlutunarnefnda. Öll tölvuskráning og úrvinnsla flyst þannig til vinnumiðlana. Hlutverk vinnumiðlunar er jafnframt skilgreint í b-lið greinarinnar og er hér um að ræða hlutverk umdæmisvinnumiðlunar. Hins vegar er ekki útilokað að vinnumiðlun þjóni einungis einu sveitarfélagi. Hlutverk vinnumiðlunar er að sumu leyti aukið frá núgildandi lögum en að öðru leyti minnkað einkum að því er varðar sérhæfða aðstoð við fatlaða. Þetta hlutverk og önnur sem lítið er sinnt í dag færist til svæðisvinnumiðlunar en hlutverk hennar er nánar skilgreint í c-lið greinarinnar.

Um 9. gr.

Breytingar á 9. gr. núgildandi laga fela í sér að sérstök stjórnarnefnd vinnumiðlunar sé einungis skipuð fyrir svæðisvinnumiðlun og hafi víðtæku eftirlitshlutverki að gegna. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri stjórn umdæmisvinnumiðlunar eða atvinnuleysisskráningarstaðar og er sveitarfélögum það í sjálfsvald sett hvort þær skipi sérstaka stjórn eða feli öðrum starfandi nefndum að gegna slíku hlutverki.

Um 10. gr.

Þessi grein felur í sér að 17. gr. núgildandi laga verði 10. gr. Þær breytingar eru gerðar að starfstilboðum sem ráðningarstofur á vegum félagasamtaka og einkaaðila hafa ekki ráðið í sé komið á framfæri við vinnumiðlanir með þeim skilyrðum sem atvinnurekendur setja. Þá er gert ráð fyrir að þessir aðilar veiti upplýsingar til vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Ákvæði um kostnað vegna ráðningarþjónustu einkaaðila og félagasamtaka eru óbreytt.

Um 11. gr.

Um er að ræða breytingar á 10. gr. núgildandi laga sem fela í sér nánari skilgreiningu á þeim trúnaðarupplýsingum sem vinnumiðlun fær í gegnum sína starfsemi og hvernig þær skuli notaðar. Tölvuskráning atvinnuleysis gerir ráð fyrir viðameiri upplýsingum en hingað til hefur verið hægt að halda utan um og eru þær bæði nauðsynlegar vegna vinnumiðlunar og tölfræðilegrar greiningar. Eðlilegt er að um þessar upplýsingar séu settar leiðbeinandi reglur um hvernig með skuli farið.

Um 12. gr.

Um er að ræða breytingar á 11. gr. núgildandi laga sem fela í sér nánari leiðbeiningar um þjónustu við atvinnuleitendur og atvinnurekendur og um upplýsingasamskipti vinnumiðlana. Helstu breytingar eru sérstök ákvæði um upplýsingaþjónustu vinnumiðlana og sérhæfða ráðgjafarþjónustu svæðisvinnumiðlana við þá sem hafa verið atvinnulausir lengur en sex mánuði, ungt fólk sem hefur verið atvinnulaust lengur en sex vikur og við fatlaða. Þá er gert ráð fyrir að vinnumiðlanir hafi yfir að ráða tímabundnum úrræðum fyrir atvinnulausa til að viðhalda starfsgetu þeirra og hæfni. Ákvæði núgildandi laga eru ekki nægjanlega afgerandi um þjónustuhlutverk vinnumiðlana og tilhneiging hefur verið til að sníða þjónustuna eingöngu eftir bótaafgreiðslu.

Um 13. gr.

Um er að ræða nýja grein sem felur í sér ákvæði um sérstakar ráðstafanir félagsmálaráðherra þegar atvinnuástand telst óviðunandi að mati ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofunnar. Samkvæmt núgildandi lögum eru nánast engin úrræði fyrir ráðuneyti vinnumála til aðgerða önnur en skýrslugerð þegar breytingar verða á atvinnuástandi á einstökum atvinnusvæðum eða hjá einstökum atvinnuhópum. Við flutning Atvinnuleysistryggingasjóðs til ráðuneytisins er enn brýnna að félagsmálaráðuneytið ráði yfir víðtækum möguleikum til aðgerða gegn atvinnuleysi.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Með breytingum á 13. gr. núgildandi laga eru ákvæði um véltæka gagnavinnslu vinnumiðlana gerð markvissari og samráðsaðilar tilgreindir nánar en áður. Gerður er greinarmunur á miðlægu gagnavinnslukerfi og gagnavinnslukerfi vinnumiðlana.

Um 16. gr.

Skilyrði 14. gr. núgildandi laga er óþarft í ljósi breytinga á 13. gr. og að slíkt tölvukerfi er víðast hvar í notkun nú og unnið er að því að taka í notkun eitt samtengt kerfi fyrir alla landsmenn.

Um 17. gr.

Lagt er til að bæta nýrri málsgrein við 15. gr. núgildandi laga sem annars vegar skyldar atvinnuleitanda til að afskrá sig þegar hann fær vinnu en slíkt ákvæði er nú í 15. gr reglugerðar nr. 129/1986 um vinnumiðlun. En ákvæði þetta virðist atvinnuleitendum lítt kunnugt og mikil vanhöld á að slíkt sé tilkynnt. Hins vegar er lagt til að ítreka rétt einstaklinga sem fá vinnu til að vera áfram á skrá vinnumiðlunar. Þetta er gert vegna þess að algengt er að atvinnulausir með bótarétt verði að taka vinnu sem þeir óska ekki eftir, hafa ekki reynslu af eða eru ekki menntaðir til. Í mörgum tilvikum eru þeir fúsir að taka slík störf tímabundið. Það er til bóta að finna hverjum starf við hæfi eftir því sem kostur er. Þannig er mögulegt fyrir vinnumiðlunarfólk að flytja fólk á milli starfa þegar tækifæri gefst.

Um 18. gr.

Lagt er til að bæta nýrri málsgrein við 16. gr. núgildandi laga sem kveður nánar á um rétt og skyldur atvinnurekanda viðvíkjandi upplýsingasamkiptum við vinnumiðlun. Nokkuð virðist vanta á að vinnumiðlun hafi meðalgöngu um ráðningar en algengast er að vinnumiðlun komi strax á beinu sambandi milli atvinnurekanda og atvinnuleitanda, sbr. ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 129/1986 um vinnumiðlun. Þá er lagt til að atvinnurekendum sé skylt að tilkynna um ráðningar fólks sem vinnumiðlun vísar á en ekkert slíkt ákvæði er nú í lögum eða reglugerð um vinnumiðlun. Ákvæði þetta mun auðvelda störf vinnumiðlunarfólks.

Um 19. gr.

Breytingar á 18. gr. núgildandi laga miða að því að gera ákvæði um kostnaðarskiptingu samkvæmt þessum lögum skýrari og markvissari. Þannig verði allur stofnkostnaður við hugbúnaðargerð sem er nauðsynlegur fyrir sameiginlegt gagnavinnslukerfi greiddur af ríkissjóði en vélbúnaður, tengibúnaður, og sérstakur hugbúnaður fyrir einstakar vinnumiðlanir greiddur af viðkomandi sveitarfélögum. Ríkissjóður greiðir rekstrarkostnað vegna mánaðarlegra sendinga í sameiginlegan gagnagrunn til greiningar á atvinnuleysi eða samkvæmt sérstökum óskum vinnumálaskrifstofunnar en aðrir notendur greiða í samræmi við notkun sína á sameiginlegum gagnagrunni. Þannig greiða sveitarfélög sendingar viðvíkjandi vinnumiðlun einstaklinga í gegnum sameiginlegan gagnagrunn. Ekki er ástæða lengur til að skipta sameiginlegum kostnaði við hugbúnaðargerð milli ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs en sjóðurinn mun greiða í samræmi við sína notkun á sameiginlegum gagnagrunni og sendingar úthlutunarnefnda um bótagreiðslur í sameiginlegan gagnagrunn.

Tekið er tillit til að breyting hefur orðið á kostnaðarskiptingu vegna vinnumiðlunar fatlaðra sem nú er á vegum sveitarfélaga.

Til að ná rekstrarhagkvæmni við notkun eyðublaða er lagt til að sveitarfélögin greiði eyðublöð í samræmi við notkun sinna vinnumiðlana en ríkissjóður greiði kostnað við hönnun eyðublaða.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

890. Frumvarp til laga [575. mál]

um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sá sem gengst undir starfsþjálfun, stundar endurmenntun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf nýtur á meðan atvinnuleysisbóta ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfun, endurmenntun eða dvölin á námskeiðinu hófst, enda njóti hann ekki launa, námslána eða námsstyrkja.

b. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Úthlutunarnefnd krefur bótaþega um sannanir um þátttöku hans á hverju missiri samkvæmt framansögðu.
c. 5. málsl. 1. mgr. falli brott.

2. gr.

Við 2. málsl. 5. mgr. 22. gr. laganna bætist: enda stundi hann ekki aðra endurmenntun, sbr. 18. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrirkomulag atvinnuleysisbóta hefur verið mjög til umfjöllunar í kjölfar vaxandi atvinnuleysis. Með breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar á síðastliðnu ári var stigið skref í átt til þess að auka svigrúm atvinnulausra til að afla sér frekari menntunar og starfsþjálfunar á meðan atvinnuleysi varir. Sá böggull fylgir þó skammrifi að aðeins er heimilt að sækja námskeið, starfsþjálfun og aðra endurmenntun í átta vikur á hverju ári. Er það varla í takt við þann veruleika sem atvinnulausir búa nú við. Það hlýtur að vera öllum til hagsbóta, jafnt atvinnulausum sem samfélaginu í heild, ef atvinnuleysistíminn er nýttur til endurmenntunar, námskeiða eða starfsþjálfunar. Ekki verður séð hvaða rök eru fyrir því að takmarka þessa heimild við átta vikna námskeið ef önnur skilyrði fyrir töku atvinnuleysisbóta eru uppfyllt.

Í skýrslu félagsmálaráðherra um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, sem liggur fyrir á þessu þingi, kemur m.a. fram að atvinnuleysi er útbreiddast hjá þeim hópum sem minnsta menntun hafa og hjá yngra fólki fremur en hinu eldra. Því er eðlilegt að opna þeim möguleika á námi og starfsþjálfun eftir því sem kostur er. Einnig kemur fram í sömu skýrslu að um það bil 70% atvinnulausra hafa áhuga á starfsnámi og 4% þeirra eru í starfsnámi. Áhuginn er mestur í yngstu aldurshópunum og höfðu um 80% þeirra sem eru yngri en 40 ára áhuga á starfsnámi en aðeins um 30% hinna eldri. Af þessu má ráða að slíkt nám sé líklegt til að nýtast þeim atvinnulausa um langan tíma eftir að hann hefur lokið námi og fengið vinnu.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að unnt verði að stunda nám á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi og annað nám sem úthlutunarnefnd metur í eitt missiri í senn á meðan atvinnuleysi varir. Atvinnulausir geta ekki á sama tíma þegið námslán eða námsstyrki og notið atvinnuleysisbóta samkvæmt frumvarpinu og gerir það ekki ráð fyrir að lánshæft nám sé stundað. Verulegur munur er á stöðu þeirra sem stunda nám á meðan á atvinnuleysi stendur og annarra námsmanna. Atvinnulausir geta ekki hafið nám fyrr en þeir eru komnir á atvinnuleysisbætur og þurfa að uppfylla öll sömu skilyrði og aðrir sem þiggja atvinnuleysisbætur. Þeir sem stunda nám meðan atvinnuleysi varir eru þar með að nýta tíma, sem er flestum mjög erfiður, til jákvæðrar uppbyggingar jafnframt því að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Markmiðið er að auka tækifæri þeirra sem eru þegar atvinnulausir til að nýta tímann á sem uppbyggilegastan hátt sér og sínum til hagsbóta.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að endurskoðað verði á hverju missiri hvort hinn atvinnulausi uppfylli þau skilyrði bótaréttar að stunda nám eða starfsþjálfun. Ef atvinnuástand batnar á meðan á námi stendur er með þessum hætti unnt að miða endurkomu hins atvinnulausa á vinnumarkaðinn við að ekki verði óeðlilegt rof á námi hans. Þannig gefist honum kostur á að ljúka sem svarar eins missiris námi áður en hann hefur á ný virka atvinnuleit. Beri atvinnuleit ekki árangur og atvinnuástand batnar ekki er hægt að bæta við öðru missiri og meta stöðuna á nýjan leik í lok þess.

Með frumvarpinu er aðeins stigið eitt skref af mörgum sem nauðsynleg eru í átt til virkari nýtingar atvinnuleysisbóta. Framkvæmd þessara breytinga hefur ekki verulegar breytingar í för með sér á núverandi löggjöf og ætti að vera tiltölulega auðvelt að koma þeim í kring. Þær ættu því að gagnast þeim sem þegar eru á atvinnuleysisskrá án þess að þeir þurfi að bíða eftir þeirri uppstokkun sem óhjákvæmilega þarf að gera á atvinnuleysisbótakerfinu. Í skýrslu félagsmálaráðherra er hreyft nokkrum hugmyndum í þá veru og einnig má nefna athyglisverðar hugmyndir Jóns Erlendssonar hjá Upplýsingaþjónustu Háskólans um „virkar“ atvinnuleysisbætur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er í fyrsta lagi lögð til sú breyting á 1. mgr. 18. gr. laganna að auk þess að geta öðlast rétt til atvinnuleysisbóta með því að stunda starfsþjálfun eða sækja námskeið til að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að öðlast ný störf verði slíkur réttur virkur stundi hinn atvinnulausi endurmenntun, en slíkur réttur hefur ekki verið talinn felast í greininni. Áfram verður að sjálfsögðu skilyrði að atvinnuleysi hefði skapað þeim atvinnulausa rétt til bóta þegar starfsþjálfunin eða námið hófst. Í samræmi við fyrrgreinda breytingu er gert ráð fyrir að til að atvinnulausir eigi bótarétt samkvæmt framansögðu njóti þeir hvorki launa né heldur námslána eða námsstyrkja. Þá er lagt til að felld verði út tímamörk náms og starfsþjálfunar sem leyfilegt er að stunda á meðan atvinnuleysi varir en gert ráð fyrir að úthlutunarnefnd krefji bótaþega um sannanir um þátttöku hans á hverju missiri. Felld eru brott viðurlög um sviptingu bóta ef menn geta ekki sannað að þeir hafi stundað það nám sem þeir hafa fengið heimild til enda breytir það engu um stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs hvort bótaþegi stundar nám eða starfsþjálfun ef hann á bótarétt hvort sem er. Hins vegar er gert ráð fyrir að úthlutunarnefnd geti synjað viðkomandi um leyfi til áframhaldandi náms ef ástundun hefur verið ábótavant, jafnvel þótt atvinnuástand gefi tilefni til að framlengja leyfið.

Um 2. gr.

Breytingin samkvæmt þessari grein er til samræmis við 1. gr. frumvarpsins. Miðar hún að því að koma í veg fyrir að hinn atvinnulausi falli af bótum, enda þótt hann sinni ekki tilboðum um endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið eða að taka þátt í átaksverkefnum samkvæmt greininni, stundi hann aðra endurmenntun, sbr. breytingarnar á 18. gr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

891. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur í sér að Hollustuvernd ríkisins og önnur yfirstjórn hollustuhátta og heilbrigðiseftirlits flyst í heild frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Á fund nefndarinnar kom til viðræðna Ólafur Ólafsson landlæknir. Nefndinni bárust umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Austurlandssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Siglingamálastofnun ríkisins, Náttúruverndarráði, Vinnuveitendasambandi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis, Hollustuvernd ríkisins, Alþýðusambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Auk þess sendi nefndin málið til umfjöllunar umhverfisnefndar og heilbrigðis- og tryggingnefndar þingsins og birtast umsagnir þeirra sem fylgiskjöl með áliti þessu.

Hluti af starfsemi Hollustuverndar ríkisins, þ.e. mengunarvarnadeildin, heyrir þegar undir umhverfisráðuneytið og hefur svo verið frá stofnun ráðuneytisins. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið að æskilegt sé að Hollustuvernd ríkisins heyri undir eitt ráðuneyti. Þá bendir meiri hlutinn einnig á að í umsögnum kemur fram að fagleg tengsl Hollustuverndar ríkisins við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið séu hverfandi og að umhverfisráðuneytið eigi að geta veitt stofnuninni nauðsynlegan stuðning, jafnt stjórnsýslulegan sem faglegan.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að við 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein sem tryggi vægi heilbrigðissjónarmiða í umfjöllun um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Þannig verði landlæknir umhverfisráðherra og ríkisstjórn til ráðgjafar um þennan málaflokk en óbreytt gerir frumvarpið ráð fyrir að á brott falli ákvæði þessa efnis sem er í grein 4.2 í gildandi lögum. Þá er lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins þannig að það taki gildi 1. júní 1994 en nauðsynlegt þykir að gefa viðkomandi stofnunum nokkuð ráðrúm til undirbúnings þeirra skipulagsbreytinga sem felast í frumvarpinu.

Ingi Björn Albertsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. mars 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Jón Helgason, með fyrirvara.	Pétur Bjarnason, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Álit meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.
(8. mars 1994.)

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur nú fjallað um 275. mál þingsins, hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem sent var nefndinni til skoðunar með bréfi allsherjarnefndar, dags. 14. febrúar sl.

Þar sem frumvarpið var einnig sent umhverfisnefnd var ákveðið að efna til sameiginlegs fundar nefndanna um málið sem haldinn var 28. febrúar sl. Til fundarins voru boðaðir eftirtaldir gestir: Frá Hollustuvernd ríkisins Hermann Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Jón Gíslason, framkvæmdastjóri matvæla- og heilbrigðissviðs, Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneyti, Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneyti, Valdimar Brynjólfsson, formaður Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands, og Ólafur Oddsson, héraðslæknir Norðurlandshéraðs eystra. Þeir gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna.

Meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar gerir að lokinni umfjöllun um málið ekki athugasemdir við meginefni frumvarpsins, þ.e. að starfsemi Hollustuverndar ríkisins verði að öllu leyti flutt frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Fyrir liggur að hluti starfsemi Hollustuverndar ríkisins heyrir þegar undir umhverfisráðuneyti og fram kom í máli þeirra sem sóttu fyrrgreindan fund þingnefndanna að fagleg tengsl við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti væru ekki mikil. Á hinn bóginn kom fram að nauðsynlegt væri að tryggja vægi heilbrigðissjónarmiða í umfjöllun um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Í ljósi þess leggur meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar til að 1. gr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að landlæknir verði umhverfisráðherra og ríkisstjórn til ráðgjafar varðandi hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Ákvæði þess efnis er í grein 4.2 í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988. Heilbrigðis- og trygginganefnd telur að nái umrætt frumvarp fram að ganga verði enn mikilvægara en áður að heilbrigðissjónarmiða sé gætt í starfsemi stofnunarinnar og leggur til að landlæknir gegni því hlutverki.

Gunnlaugur Stefánsson.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.
Sólveig Pétursdóttir.
Sigríður A. Þórðardóttir.

Fylgiskjal II.

Álit minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.
(8. mars 1994.)

Meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar hefur ályktað um 275. mál þingsins, frumvarp til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og gerir ekki athugasemdir við meginefni þess. Undirrituð, fulltrúi Kvennalistans í nefndinni, er annarrar skoðunar og vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við háttvirta allsherjarnefnd.

Fyrirferðarmesti þáttur laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit lýtur að matvælaeftirliti og um ⅔ af starfsmönnum Hollustuverndar vinna á matvælasviði. Ef að líkum lætur mun eftirlit með matvælum enn aukast með aðild að EES og má í því sambandi m.a. vísa til frumvarps til laga um matvæli sem mælt var fyrir í þinginu nú nýverið og sent heilbrigðis- og trygginganefnd til skoðunar. Í stað þess að flytja Hollustuvernd ríkisins undir umhverfisráðuneyti hefði verið ástæða til að skoða heildstætt allt matvælaeftirlit í landinu og samræma það undir einni yfirstjórn. Má í því sambandi m.a. nefna Fiskistofu og yfirdýralækni.

Mjög veigalítil rök hafa verið færð fyrir nauðsyn eða ágæti þess að flytja Hollustuvernd ríkisins frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti yfir í umhverfisráðuneyti. Það kann að vera að það styrki umhverfisráðuneyti að fá til sín fleiri verkefni en tæpast verður séð að það sé heilbrigðiseftirliti til framdráttar að klippa á tengsl þess við aðra heilbrigðisþjónustu í landinu. Þau rök hafa heyrst að það sé erfitt fyrir stofnun eins og Hollustuverndina að þjóna tveimur herrum, þ.e. heyra undir tvö ráðuneyti. Það er ekki ástæða til að draga í efa að svo sé en hins vegar er það aðeins tilflutningur á vandanum að ráðast í vanhugsaðar breytingar breytinganna vegna. Af þessum sökum treystir undirrituð sér ekki til að mæla með því við háttvirta allsherjarnefnd að hún samþykki fyrirliggjandi frumvarp til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Fylgiskjal III.

Álit meiri hluta umhverfisnefndar.
(3. mars 1994.)

Umhverfisnefnd hefur fjallað um 275. þingmál, hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem sent var nefndinni til umsagnar með bréfi allsherjarnefndar, dags. 14. febrúar sl.

Þar sem frumvarpið var einnig sent heilbrigðis- og trygginganefnd var ákveðið að efna til sameiginlegs fundar nefndanna um málið sem haldinn var 28. febrúar sl. Til fundarins voru boðaðir eftirtaldir gestir: Frá Hollustuvernd ríkisins Hermann Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Jón Gíslason, forstöðumaður matvæla- og heilbrigðissviðs, Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneyti, Valdimar Brynj-

ólfsson formaður Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands, og Ólafur Oddsson, héraðslæknir Norðurlandshéraðs eystra. Þeir gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna.

Málið var síðan tekið til afreiðslu á fundi umhverfisnefndar í dag, 3. mars, þar sem fram komu ólík sjónarmið meðal einstakra nefndarmanna. Undirritaður vill fyrir sína hönd og Árna M. Mathiesen, Láru Margrétar Ragnarsdóttur, Ólafs Ragnars Grímssonar, Petrínu Baldursdóttur og Tómasar Inga Olrich koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum.

Meiri hluti nefndarinnar styður meginefni frumvarpsins og telur að flutningur á allri starfsemi Hollustuverndar ríkisins til umhverfisráðuneytis muni efla ráðuneytið. Fyrir liggur að hluti starfsemi stofnunarinnar heyrir nú þegar undir umhverfisráðuneyti og meiri hlutinn telur æskilegt að Hollustuvernd ríkisins heyri með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir undir einn ráðherra. Þá bendir meiri hlutinn á að enginn þeirra sem sóttu fyrrgreindan fund þingnefndanna virtist efast um að stofnunin fengi nauðsynlegan stuðning, bæði stjórnsýslulegan og faglegan, í umhverfisráðuneytinu.

Á hinn bóginn tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið sem fram komu á fundinum að tryggja bæri vægi heilbrigðissjónarmiða í umfjöllun um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, enda þótt sá þáttur málsins heyri fremur undir heilbrigðis- og tryggingamálanefnd en umhverfisnefnd. Fram kom að leysa mætti þetta atriði með því að tryggja að landlæknir yrði umhverfisráðherra og ríkisstjórn til ráðgjafar, en hliðstætt ákvæði er í grein 4.2. í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988. Meiri hlutinn bendir á að þörf á slíkum tengslum muni í raun aukast samfara flutningi Hollustuverndar ríkisins til umhverfisráðuneytis.

Meiri hluti nefndarinnar mælir því með samþykkt frumvarpsins með vísan til framangreinds.

F.h. meiri hluta umhverfisnefndar,

Árni R. Árnason.

Fylgiskjal IV.

Álit minni hluta umhverfisnefndar.
(4. mars 1994.)

Umhverfisnefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum. Það felur í sér að Hollustuvernd ríkisins og önnur yfirstjórn hollustuhátta og heilbrigðiseftirlits flyst í heild frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Frá stofnun umhverfisráðuneytis hefur mengunarvarnadeild Hollustuverndar heyrt undir það ráðuneyti.

Á sameiginlegan fund heilbrigðis- og trygginganefndar og umhverfisnefndar Alþingis, sem haldinn var 28. febrúar 1994, komu eftirtaldir til viðræðu að beiðni nefndanna: Hermann Sveinbjörnsson og Jón Gíslason frá Hollustuvernd ríkisins, Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu, Valdimar Brynjólfsson, formaður Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands, og Ólafur Oddsson, héraðslæknir Norðurlandshéraðs eystra. Sýndist sitt hverjum um ágæti frumvarpsins.

Fram kom að menn vissu ekki til þess að heilbrigðiseftirlit hefði verið fært til umhverfisráðuneyta í grannlöndum. Í Danmörku hefði heilbrigðiseftirlit um tíma verið vistað í umhverfisráðuneyti en var sett undir heilbrigðisráðuneyti eftir að það var sett á fót. Norska matvælastofnunin, sem áður var undir félagsmálaráðuneyti, hefur verið færð undir nýtt ráðuneyti heilbrigðismála. Dýralæknar tengjast þeirri stofnun.

Formaður Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands sagði að félagið legðist ekki gegn þeirri breytingu sem frumvarpið gerði ráð fyrir og taldi að í raun skipti ekki máli undir hvaða ráðuneyti Hollustuvernd ríkisins heyrði varðandi þeirra starf. Hann tók þó fram að nokkrir af heilbrigðisfulltrúum væru ósammála því fyrirkomulagi sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Hann sagði að það ylli ekki vandræðum varðandi þeirra starf að Hollustuvernd ríkisins tilheyrði tveimur ráðuneytum eins og nú er.

Að mati undirritaðra mundi það ekki styrkja umhverfisráðuneytið að taka að sér málaflokk sem fellur undir heilbrigðismál eins og matvælaeftirlit óneitanlega gerir. Í því sambandi má nefna frumvarp til laga um matvæli sem liggur fyrir Alþingi, 85. mál, en þar er fyrst og fremst um heilbrigðismál að ræða en ekki umhverfismál.

Áhyggjur komu fram um að í kjölfar breytingar samkvæmt frumvarpinu mundi áhersla fremur verða á mengunarsviði en síður á heilbrigðiseftirliti. Aðspurður taldi ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytis vaxtarþörf einkum vera á mengunarvarna- og eiturefnasviði og er því ekki ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af því að mengunarvarnasviðinu verði gert lægra undir höfði en nú.

Hollustuvernd ríkisins hefur nú um 30 stöðugildi, þar af eru 20 á matvælasviði og skrifstofu, en 10 á mengunarvarna- og eiturefnasviði. Eins og stofnunin starfar er því eðlilegra að hún tilheyri heilbrigðisráðuneyti fremur en umhverfisráðuneyti. Forstöðumaður matvælasviðs taldi að í framtíðinni gæti verið skynsamlegt að skipta stofnuninni upp og ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytis taldi það einnig koma til greina.

Rætt var um þann möguleika annars vegar að sameina eða tengja saman matvælaeftirlit á vegum þeirra aðila sem fara með það eftirlit undir heilbrigðisráðuneyti sem eru auk Hollustuverndar ríkisins Fiskistofa og yfirdýralæknir og hins vegar að sameina mengunarvarnardeild og eiturefnasvið Hollustuverndar og mengunarvarnir á vegum Siglingamálastofnunar og Geislavarna ríkisins undir umhverfisráðuneyti. Með því móti yrði markvissara unnið gegn mengun og ekki hætta á togstreitu milli ólíkra sviða eins og hætta er á nú þegar þau tilheyra sömu stofnun. Með sameiningu á þennan hátt væri hægt að koma á fót stofnunum sem væru af starfhæfri stærð en ein aðalröksemdin gegn því að kljúfa Hollustuvernd ríkisins er að úr því yrðu tvær illa starfhæfar einingar.

Ekki hafa verið færð fram nein sannfærandi rök fyrir því að nauðsynlegt sé að breyta núverandi skipan. Rök hníga öll í þá átt að heilbrigðis- og matvælaeftirlit eigi fremur heima undir heilbrigðisráðuneyti en umhverfisráðuneyti.

Hins vegar er mikilvægt að efla og styrkja umhverfisráðuneytið og flytja til þess þær stofnanir og svið sem eðlilega falla stjórnskipulega undir slíkt ráðuneyti. Þar er nokkurt verk að vinna.

Það getur hins vegar orðið til hins verra að flytja málaflokka til umhverfisráðuneytis sem augljóslega eiga betur heima annars staðar eins og ætlunin er með þessu frumvarpi.

Mat undirritaðra er því að fyllsta ástæða sé til þess að fara mun betur yfir þessi mál áður en ákvörðun er tekin um tilfærslu í þá veru sem lagt er til í frumvarpinu.

Kristín Einarsdóttir.
Þuríður Bernódusdóttir.
Hjörleifur Guttormsson.

892. Breytingartillögur [275. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, GE, BBj, EKJ, JHelg, PBj).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   4.2. Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti lýtur.
2. Við 5. gr. Í stað „1. janúar“ komi: 1. júní.

893. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um slysavarnaráð.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um stofnun slysavarnaráðs sem hefur það meginmarkmið að stuðla að fækkun slysa. Í umfjöllun sinni studdist nefndin við umsagnir frá Almannavörnum ríkisins, Brynjólfi Mogensen, yfirlækni og forstöðumanni slysa- og bæklunarlækningadeildar Borgarspítala, landlækni, Landsbjörg—Landssambandi björgunarsveita, Læknafélagi Íslands, Lögreglufélagi Reykjavíkur, Slysavarnafélagi Íslands og Umferðarráði.

Frumvarpið hefur hlotið jákvæð viðbrögð og nefndin leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu að slysavarnaráð verði skipað fulltrúum Landsbjargar og Umferðarráðs auk þeirra sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins. Þá vill nefndin leggja áherslu á að fulltrúi sá, er frumvarpið gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra skipi, komi að

jafnaði úr röðum lögreglu. Þá skal bent á að í greinargerð er gert ráð fyrir að starfandi forstöðulæknir slysadeildar Borgarspítalans hverju sinni skuli tilnefndur sem fulltrúi læknadeildar Háskóla Íslands í ráðinu, en það telur nefndin of takmarkandi. Rétt þykir að fulltrúi læknadeildar hverju sinni verði læknir á Borgarspítala með sérþekkingu á slysum og slysaskráningu.

Alþingi, 29. mars 1994.

Ingibjörg Pálmadóttir, varaform., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.
Margrét Frímannsdóttir.	Hermann Níelsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Finnur Ingólfsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti, fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um slysavarnaráð.

Markmiðið með frumvarpinu er að fækka slysum með slysavörnum og samræmdri skráningu upplýsinga um slys og varnir gegn þeim.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að ætlunin er að halda kostnaði við ráðið í lágmarki. Það verður m.a. gert með því að nýta starfskrafta og aðstöðu hjá landlæknisembættinu.

Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að kostnaður við slysavarnaráð verði að jafnaði um 2.500 þús. kr. á ári og þar að auki verði árlega varið 1.000 þús. kr. til að halda slysaskrá og gefa út slysatölur. Í samræmi við þá ætlan, sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, að kostnaði verði haldið í lágmarki er ekki gert ráð fyrir sérstökum framlögum í fjárlögum til að halda landsþing um slysavarnir annað hvert ár.

Samtals mun kostnaður við slysavarnaráð því nema um 3.500 þús kr. á ári.

894. Breytingartillögur [235. mál]

við frv. til l. um slysavarnaráð.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:
   Heilbrigðisráðherra skipar níu fulltrúa í slysavarnaráð, tilnefnda af eftirtöldum aðilum: landlæknisembættinu, og skal sá vera formaður, dómsmálaráðherra, Landsbjörg, læknadeild Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Slysavarnafélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Umferðarráði og Vinnueftirliti ríkisins.

2. 9. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

895. Tillaga til þingsályktunar [576. mál]

um aðgang almennings að þingskjölum og umræðum á Alþingi.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sigbjörn Gunnarsson,
Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að þingskjöl og umræður á Alþingi verði opin almenningi í tölvutæku formi. Sömuleiðis tölvutexti laga og lagasafns, reglugerða, EES-samnings, alþjóðasamninga og skjala sem varða almenning. Aðgangur að þessum upplýsingum verði ekki gjaldfærður.

Greinargerð.

Alþingi Íslendinga og störf þau, sem þar eru unnin, eru snar þáttur í þjóðlífinu. Þannig á t.d. stór hluti þjóðarinnar möguleika á að fylgjast með þingfundum í beinni útsendingu á sjónvarpsrás og þingskjöl og umræður á Alþingi eru prentuð og gefin út og þannig aðgengileg hverjum sem skoða vill. Áskrifendur að Alþingistíðindum eru u.þ.b. 800. Oftast eru áheyrendur á þingpöllum og á stundum eru þeir þétt setnir. Umfjöllun um störf Alþingis er mikil í fjölmiðlum en eðli þeirra samkvæmt verður slík umfjöllun alltaf háð vali blaða- og fréttamanna.

Samkvæmt ákvæðum 57. gr. stjórnarskrárinnar og 69. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, skulu þingfundir haldnir í heyranda hljóði nema annað sé sérstaklega ákveðið. Ekki hefur reynt á heimild til að loka þingfundum síðastliðin 49 ár, eða frá 1945. Því er óhætt að fullyrða að stefnan sé sú að allur almenningur eigi sem greiðasta leið að þeim umræðum sem þar fara fram og þeim þingskjölum sem fyrir þinginu liggja hverju sinni. Í 88. gr. þingskapalaga eru ákvæði um prentun og útgáfu þingskjala og umræðna, svo og atkvæðagreiðslna í Alþingistíðindum, og er þeim framfylgt á þann hátt að allir þingfundir eru skráðir nema þeim hafi verið lokað samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum en á það hefur sem fyrr segir ekki reynt í hartnær 50 ár.

Tölvutækni fleygir sífellt fram. Mikil uppbygging hefur orðið á tölvukerfi Alþingis á undanförnum árum. Frá árinu 1989 hafa flest þingskjöl á Alþingi verið tiltæk í tölvutæku formi jafnóðum og þau eru lögð fram og umræður að jafnaði innan fárra daga. Tilgangur þessarar tillögu er sá að mörkuð verði sú stefna í uppbyggingu tölvukerfis Alþingis að unnt verði að gefa almenningi kost á að tengjast gagnagrunninum. Er það eðlilegt framhald af þeirri stefnu sem fylgt hefur verið að almenningur eigi greiða leið að upplýsingum um þinghald, þingskjölum og umræðum. Aðgangur að þingskjölum með hjálp tölvu og mótalds getur aukið möguleika fólks á að fá nánari upplýsingar um mál sem liggja fyrir þinginu, t.d. þegar fjölmiðlar fjalla um einstök þingmál í stuttu máli. Flestir þingmenn og starfsfólk Alþingis kannast líklegast við óskir fólks um frekari upplýsingar um þingmál sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum eða manna á meðal. Því má ætla að allnokkur hópur einstaklinga, stofnana, félaga og fyrirtækja hefði áhuga á að geta flett upp í þingskjölum og umræðum um einstök þingmál með tölvutengingu við

gagnagrunn Alþingis, þ.e. ræðupart og skjalapart. Enn fremur yrði opnaður aðgangur að lagasafni, alþjóðasamningum og reglugerðum sem nú er einungis hægt að nálgast á prenti. Notkun á þessum gögnum yrði að því leyti til gagnlegri fyrir neytandann að hann gæti nýtt sér ýmsa uppflettimöguleika tölvutækninnar. Þannig opnaðist leið til að afla margvíslegra gagna um einstaka málaflokka á einfaldan og fljótlegan hátt.

Um þessar mundir er verið að vinna að því að veita alþingismönnum tölvuaðgang að þeim upplýsingum sem hér um ræðir. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Alþingis er unnt að vinna það verk á þann hátt að aðgangur að gögnunum sé opnaður fyrir almenning jafnframt því sem hann nýtist þingmönnum. Þannig þarf ekki að efna til aukakostnaðar vegna opnunar gagnasafnsins fyrir notendur utan Alþingis.

Þess má geta að almenningur á Íslandi á nú þegar kost á að fá aðgang að þingskjölum og umræðum á Bandaríkjaþingi með hjálp tölvu og mótalds og dæmi eru um að menn nýti sér það. Það verður því að teljast eðlilegt að nýta sér þá uppbyggingu sem nú á sér stað á tölvukerfi Alþingis í þágu almennings ekki síður en starfsfólks Alþingis og þingmanna. Jafnframt má ætla að slík tenging geti dregið að einhverju leyti úr óþarfa pappírsnotkun þar sem einhverjir munu án efa kjósa tölvutengingu í stað áskriftar að Alþingistíðindum. Einnig má búast við að dragi úr eftirspurn eftir þingskjölum og ljósritun umræðna. Þannig sparaðist bæði vinna og pappír. Alþingi ber eins og öðrum að gæta eftir föngum sjónarmiða umhverfisverndar og tölvuaðgangur að gögnum Alþingis gæti verið liður í þeirri viðleitni.

Ætla má að af þessu fyrirkomulagi geti með tímanum orðið verulegur vinnusparnaður hjá Alþingi og Stjórnarráði. Pappírslaus viðskipti eru að ryðja sér mjög til rúms en ekki skiptir minna máli að upplýsingamiðlun stjórnvalda sé með sem hagkvæmustum hætti. Flutningsmenn leggja til að aðgangur að upplýsingunum verði ekki gjaldfærður. Notendur hafa eftir sem áður kostnað af því að nýta sér þessa þjónustu. Má nefna stofnkostnað af búnaði og greiðslur fyrir afnot af símalínum. Hins vegar má ætla að ef þeir velja þá leið að afla sér upplýsinga með tölvusamskiptum spari þeir um leið vinnu sem ella yrði innt að hendi af starfsmönnum Alþingis.

Það er skoðun flutningsmanna að Alþingi eigi að gefa gott fordæmi í þessum málum og gögn þess verði opnuð almenningi sem fyrst, þ.e fyrir árslok 1994.

896. Frumvarp til laga [577. mál]

um brunatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Húseigendum er skylt að vátryggja gegn eldsvoða allar húseignir, þar með talin öll útihús, hvort heldur eru gripahús, hlöður, geymslur eða annað sem metið verður sem hús skv. 2. gr. Hús í smíðum skal einnig vátryggja og fer um vátryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og vátryggingafélags.

Ný hús skal meta eigi síðar en fjórum vikum eftir að þau eru tekin í notkun og er eiganda skylt að sjá um að slíkt sé tilkynnt vátryggjanda.

Vátryggingafélag skal ekki taka gilda uppsögn á skylduvátryggingu skv. 1. mgr. nema uppsögn fylgi staðfesting á að húseigandi hafi stofnað til nýrrar skylduvátryggingar hjá öðru vátryggingafélagi. Við eigendaskipti skal viðkomandi vátryggingafélag ekki taka gilda uppsögn nema henni fylgi staðfesting um að nýr eigandi hafi stofnað til skylduvátryggingar.

2. gr.

Vátryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu. Fasteignamat ríkisins annast virðingu skylduvátryggðra húseigna. Markmið virðingar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti (brunabótamat) á þeim tíma er virðing fór fram. Ef annar hvor aðili vill ekki una niðurstöðu virðingar getur hann óskað yfirmats.

Breyta skal vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar.

3. gr.

Bætur fyrir tjón á húseign má aðeins greiða til þess að gera við húseign sem skemmst hefur við bruna eða til endurbyggingar. Vátryggjanda er skylt að sjá til þess áður en bætur eru greiddar að þeim sé réttilega varið.

Vátryggjanda er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld. Vátryggjanda er þá heimilt að víkja frá brunabótamatsfjárhæðinni eftir ákvæðum sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og sveitarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum að hlutaðeigandi hús verði fjarlægt og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín. Greiðir hún þá mismun þann sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef sveitarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt getur hvor um sig krafist endurmats og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið.

4. gr.

Öll iðgjöld og matskostnaður af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð í eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á þeim hvíla nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu iðgjöldin eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt að sölu hafi verið beiðst. Á sama hátt skal sýslumaður vara eiganda mvið eð tveggja vikna fyrirvara áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en sex vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

5. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga, þar á meðal verksvið vátryggjanda, skyldur vátryggingataka, bótauppgjör, undanskildar áhættur, réttarstöðu við eigendaskipti, rétt veðhafa og framkvæmd virðingar og yfirmats, þar á meðal kostnað virðingar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954, og lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Undanþága Reykjavíkurborgar frá ákvæðum 4. gr. fyrstu tilskipunar ráðsins 73/239/EBE, með síðari breytingum, um rekstur Húsatrygginga Reykjavíkur, sbr. IX. viðauka í EES-samningnum, gildir áfram eftir gildistöku þriðju tilskipunar ráðsins 92/49/EBE að öðru leyti en því að einkaréttur Reykjavíkurborgar vegna brunatrygginga húseigna í sveitarfélaginu fellur niður frá og með 1. janúar 1995. Húseigendur skulu þó í síðasta lagi fyrir 30. nóvember 1994 tilkynna Húsatryggingum Reykjavíkur skriflega hyggist þeir flytja þessar tryggingar til annars félags. Tilkynningu um uppsögn skal fylgja staðfesting vátryggingafélags þess efnis að stofnað hafi verið til lögboðinnar brunatryggingar frá og með 1. janúar 1995. Að öðrum kosti framlengist vátryggingin til eins árs í senn. Tekjur sem Reykjavíkurborg kann að hafa af rekstri Húsatrygginga Reykjavíkur skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi.

II.

Húseigendur utan Reykjavíkur skulu bundnir af þeim samningum sem gerðir hafa verið milli sveitarfélaga og vátryggingafélaga um brunatryggingar allra húseigna í hlutaðeigandi sveitarfélagi og af þeim vátryggingaskilmálum sem gerðir hafa verið milli húseigenda og vátryggingafélaga með stoð í fyrrgreindum samningum til loka árs 1994. Frá og með 1. janúar 1995 skal húseigendum utan Reykjavíkur heimilt að brunatryggja húseignir sínar hjá vátryggingafélagi sem þeir sjálfir kjósa, enda hafi félagið heimild til að hafa með höndum slíkar tryggingar. Húseigendur skulu þó í síðasta lagi fyrir 30. nóvember 1994 tilkynna brunatryggingafélagi sínu skriflega hyggist þeir flytja þessar tryggingar til annars félags. Tilkynningu um uppsögn skal fylgja staðfesting annars vátryggingafélags þess efnis að stofnað hafi verið til lögboðinnar brunatryggingar frá og með 1. janúar 1995. Að öðrum kosti framlengist vátryggingin til eins ár í senn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breyta þarf fyrirkomulagi brunatrygginga hér á landi vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Vegna skilyrða samkeppnisreglna þess samnings og til þess að aðgangur vátryggingafélaga að brunatryggingamarkaði hér á landi verði frjáls og jafn öllum á Evrópsku efnahagssvæði og vátryggingatakar geti sjálfir valið það vátryggingafélag sem þeir vilja skipta við þarf að fella niður heimild bæjar- og sveitarstjórna utan Reykjavíkur til að semja við eitt eða fleiri vátryggingafélög um brunatryggingar á öllum húsum í viðkomandi umdæmi, sbr. lög nr. 59/1954.

Breytingar verður einnig að gera á brunatryggingum í Reykjavík, sbr. lög nr. 25/1954. Samkvæmt þeim lögum hefur Reykjavíkurborg einkarétt á brunatryggingum allra húsa í Reykjavík. Í EES-samningnum frá 2. maí 1992 er sérstakt undanþáguákvæði fyrir Húsatryggingar Reykjavíkur. Þessi undanþága gildir áfram að öðru leyti en því að einkarétt Húsatrygginganna til brunatrygginga þarf að afnema. Undanþágan gildir því að öðru leyti áfram gagnvart Húsatryggingum enda breyti þær í engu fyrirkomulagi eða umfangi starfsemi sinnar.

Hér er lagt til samkvæmt þessu frumvarpi að lög nr. 25/1954 og lög nr. 59/1954 verði felld úr gildi og í staðinn komi ein lög um brunatryggingar þar sem tekið hefur verið tillit til nauðsynlegra breytinga samkvæmt framansögðu. Áfram verður um skylduvátryggingu að ræða.

Nauðsynlegt er að kveða á um sérstaka aðlögun að hinu nýja fyrirkomulagi og er í bráðabirgðaákvæði kveðið á um framhald starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur.

Utan Reykjavíkur verður fyrirkomulagið þannig samkvæmt bráðabirgðaákvæði að húseigendur eru einnig bundnir af gerðum samningum og skilmálum til ársloka 1994 en geta eftir það valið það vátryggingafélag sem þeir kjósa að undangenginni tilkynningu um uppsögn ásamt staðfestingu á því hvar þeir verði brunatryggðir. Að öðrum kosti framlengist vátryggingin til árs í senn. Þá er þess og gætt að við eigendaskipti verður vátrygging eigi felld niður fyrr en nýr eigandi hefur fullnægt vátryggingarskyldu.

Með þessu fyrirkomulagi er tryggt að húseign verði áfram brunatryggð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Kveðið er á um skylduvátryggingu húseigna gegn eldsvoða. Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um þær eignir sem falla undir skylduvátryggingu þessa. Vátryggingarskyldan hvílir á eiganda húseignar hverju sinni.

Þegar um skylduvátryggingu er að ræða er mikilvægt að gæta þess að vátrygging sé jafnan fyrir hendi. Tekið er fram að vátryggingafélag skuli ekki taka gilda uppsögn skylduvátryggingar nema jafnframt sé fullvíst að vátrygging hafi verið tekin hjá öðru vátryggingafélagi. Sama regla gildir við eigendaskipti. Nýjum eiganda er skylt að vátryggja eignina hjá því vátryggingafélagi er vátryggði eignina eða öðru vátryggingafélagi.

Um 2. gr.

Vátryggingarupphæð skylduvátryggðra húsa skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu. Markmið virðingar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti, með öðrum orðum brunabótamat þegar virðing fer fram. Frumvarpið gerir ráð fyrir nýmæli þess efnis að Fasteignamati ríkisins verði falið það hlutverk að annast framkvæmd virðingar. Er talið heppilegt að sami aðili annist framkvæmd fasteignamats og virðingar til brunatryggingar húseigna. Fram til þessa hafa dómkvaddir matsmenn annast framkvæmd virðingar.

Fram kemur að breyta skuli vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar. Frumvarpið notar þá viðmiðun sem lögin um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, gera ráð fyrir.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um tjónsuppgjör. Fyrirmynd 1.–2. mgr. er sótt til laga um Brunabótafélag Íslands, nr. 9/1955, og vátryggingaskilmála sem í gildi hafa verið fram til þessa nema hámarksfrádráttur 15% er ekki nefndur. Er talið að ákvæði í reglugerð eigi að ákveða hverju sinni hámarksfrádrátt sem þennan. Í 3. mgr. er getið heimildar sveitarstjórna til þess að leysa til sín vátryggða húseign í framhaldi af brunatjóni vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum. Ákvæði þessa efnis er að finna í lögum um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954, og lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954.

Um 4. gr.

Grundvöll þessarar greinar er að finna annars vegar í lögum um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954, og hins vegar lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir því að sett verði reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Frumvarpið hefur að geyma tiltölulega fá ákvæði og því mikilvægt að sett verði ítarlegri ákvæði í reglugerð m.a. um verksvið vátryggjanda, skyldur vátryggingataka, bótauppgjör, undanskildar áhættur, t.d. af völdum náttúruhamfara, réttarstöðu þeirra sem veðréttindi eiga og framkvæmd virðingar og yfirmats, þar á meðal kostnað virðingar.

Um 6. gr.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við breytingar á löggjöf í kjölfar samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Lagt er til að lögin taki þegar gildi, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir talsverðri breytingu á núverandi fyrirkomulagi. Lögin munu ekki koma til framkvæmda að öllu leyti fyrr en þann 1. janúar 1995 og vegna þessa er mikilvægt að hafa bráðabirgðaákvæði er tekur á réttarstöðu vátryggingataka og vátryggjanda brunatryggingar fasteigna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brunatryggingar.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Frumvarpið gerir ráð fyrir að Fasteignamat ríkisins annist virðingu fasteigna og verður að ætla að stofnunin innheimti gjald fyrir matskostnaði með tilvísan til 4. gr. frumvarpsins.

897. Frumvarp til laga [578. mál]

um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI

Heiti. Tilgangur.

1. gr.

Með lögum þessum er Brunabótafélagi Íslands, sem starfað hefur sem gagnkvæmt vátryggingafélag síðan 1. janúar 1917, breytt í eignarhaldsfélag og hættir félagið jafnframt beinni vátryggingastarfsemi.

Frá gildistöku laga þessara yfirtekur eignarhaldsfélagið öll réttindi og allar skyldur Brunabótafélags Íslands hverju nafni sem nefnast, sbr. þó 4. gr.

2. gr.

Heiti félagsins er Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur og starfssvið félagsins er einkum:
— að taka þátt í vátryggingastarfsemi með eignaraðild að vátryggingafélögum,
— að stunda lánastarfsemi m.a. til verklegra framkvæmda sveitarfélaga eftir því sem ástæður félagsins leyfa svo og rekstur fasteigna,
— að stuðla að þróun vátrygginga með fræðslu og menntun á því sviði og að taka þátt í eða veita styrki til slíkrar starfsemi.

II. KAFLI
Flutningur stofns. Eign og ábyrgð.

4. gr.

Flytja skal vátryggingastofn Brunabótafélags Íslands í brunatryggingum fasteigna við gildistöku laga þessara til Vátryggingafélags Íslands hf. Réttindi og skyldur vátryggingataka og vátryggðra, m.a. að því er varðar skilmála og iðgjöld, skulu haldast óbreytt við flutninginn. Vátryggingafélag Íslands hf. gengur inn í aðild Brunabótafélags Íslands að samningum um brunatryggingar fasteigna við sveitarfélögin og skulu báðir aðilar bundnir við efni þeirra samninga. Sveitarfélag, sem þess óskar, getur þó sagt upp samningnum með sex mánaða fyrirvara miðað við 15. október 1995 en missir við þá uppsögn aðild að fulltrúaráði eignarhaldsfélagsins.

Eigendur fasteigna eru bundnir af samningum sveitarfélaga við Brunabótafélag Íslands samkvæmt ákvæðum laga um brunatryggingar húseigna.

5. gr.

Sameigendur félagsins eru:
1. Þeir sem hafa brunatryggingu fasteignar hjá Brunabótafélagi Íslands þegar lög þessi taka gildi og fluttir eru til Vátryggingafélags Íslands hf., sbr. 4. gr.
2. Þeir sem vátryggðu hjá Brunabótafélagi Íslands 31. desember 1988 og færðir voru með leyfi tryggingamálaráðherra til Vátryggingafélags Íslands hf. 1. janúar 1989.
3. Sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins, sbr. III. kafla.

Eigendahópar skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. breytast samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga þessara.

Ábyrgð sameigenda félagsins takmarkast við eignarréttindi þeirra í því.

6. gr.

Eignarréttindi sameigenda eru óvirk nema til slita á félaginu komi, sbr. 16. gr. Ákveða skal slitaverðmæti (eignarhlut) hvers og eins sameiganda á þeim degi er lög þessi taka gildi.

Eignarhlutur hvers og eins sameiganda skv. 1. tölul. 5. gr. ákvarðast sem hlutfall af hreinni eign félagsins í árslok 1992 og miðast við iðgjaldagreiðslur hans til Brunabótafélags Íslands tvö undangengin almanaksár fyrir gildistöku laganna.

Eignarhlutur hvers og eins sameiganda skv. 2. tölul. 5. gr. ákvarðast sem hlutfall af hreinni eign félagsins í árslok 1992 og miðast við iðgjaldagreiðslur hans til Brunabótafélags Íslands almanaksárin 1987 og 1988, framreiknaðar til ársloka 1992 í hlutfalli við breytingar á hreinni eign félagsins frá árslokum 1988 til ársloka 1992 samkvæmt ársreikningi.

Eignarhlutir látinna sameigenda og sameigenda sem ekki eru skráðir lögaðilar við gildistöku laga þessara falla til sameignarsjóðs, sbr. III. kafla.

III. KAFLI
Sameignarsjóður.

7. gr.

Stofnaður er sjóður er heitir sameignarsjóður Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands.

Tilgangur sjóðsins er hinn sami og tilgreindur er í 3. gr.

8. gr.

Til sameignarsjóðsins falla metin eignarréttindi sameigenda eftir reglum í 15. gr.

Sameignarsjóðurinn skal vera í vörslu félagsins en fulltrúarráð þess ákveður meðferð hans.

Fulltrúaráðið skal setja sameignarsjóðnum samþykktir sem hafa að geyma fyllri ákvæði um útfærslu lagaákvæðanna um sjóðinn.

IV. KAFLI
Fulltrúaráð. Fundir. Stjórn.

9. gr.

Fulltrúaráð eignarhaldsfélagsins er skipað fulltrúum sveitarfélaganna í landinu eftir nánari ákvæðum þessara laga. Fulltrúaráðið hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Ári eftir reglulegar sveitarstjórnarkosningar skulu kaupstaðir og héraðsnefndir, sem fulltrúa eiga í fulltrúaráði félagsins, tilnefna einn mann og annan til vara í fulltrúaráðið. Atkvæðisréttur og kjörgengi manns á fundi í héraðsnefnd við tilnefningu í fulltrúaráð er háð því að sveitarfélag það sem hann er fulltrúi fyrir hafi haft samning um brunatryggingar fasteigna hjá Brunabótafélagi Íslands er lög þessi tóku gildi og hafi ekki sagt þeim samningi upp síðar.

10. gr.

Aðalfund fulltrúaráðsins skal kalla saman fjórða hvert ár, næsta ár á eftir reglulegum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtímabil fulltrúaráðsmanna milli aðalfunda. Á aðalfundi skal kjósa félaginu stjórn og varastjórn og er kjörtímabil stjórnarmanna einnig milli aðalfunda. Fulltrúaráðið skal kalla saman til aukafunda hvenær sem stjórn félagsins ákveður og ætíð ef eigi færri en 1/10 fulltrúaráðsmanna óskar þess.

11. gr.

Á aðalfundi fulltrúaráðsins skal kjósa sjö manna stjórn og fimm til vara, alla úr hópi fulltrúaráðsmanna. Stjórnarmenn skipta sjálfir með sér verkum. Stjórn félagsins afgreiðir ársreikninga félagsins fyrir lok júnímánaðar ár hvert, hefur umsjón með sjóðum og öðrum eignum og gætir hagsmuna félagsins í hvívetna.

12. gr.

Skuldbindingar stjórnarinnar eru bindandi fyrir félagið í heild ef þær eru undirritaðar af formanni eða varaformanni í forföllum hans og þremur stjórnarmönnum.

13. gr.

Stjórnin ræður félaginu forstjóra sem stjórnar daglegum rekstri félagsins og fjármálum í umboði stjórnar samkvæmt nánari ákvæðum í starfssamningi sem stjórnin gerir við hann. Stjórnin ákveður forstjóra laun og önnur starfskjör.

14. gr.

Fulltrúaráð skal setja félaginu samþykktir sem taki til innri málefna félagsins, svo sem boðun funda og lögmæti þeirra, fundarsköp og dagskrár funda, afgreiðslu mála, framlagningu ársreikninga og endurskoðun þeirra. Jafnframt skulu samþykktirnar hafa að geyma nánari útfærslu á ákvæðum þessara laga. Samþykktum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi fulltrúaráðs enda hafi ¾ fundarmanna samþykkt breytinguna.

V. KAFLI
Breytingar. Félagsslit. Brottfall réttinda.

15. gr.

Við andlát sameiganda og þegar lögaðili, sem er sameigandi, er ekki lengur skráður sem lögaðili falla eignarréttindi sameiganda skv. 5. gr. niður og eignarréttindin falla þá til sameignarsjóðs félagsins.

16. gr.

Ákvörðun um slit á félaginu skal tekin á lögmætum aðalfundi eða aukafundi fulltrúaráðsins og þarf atkvæði minnst ¾ fulltrúaráðsmanna til að slík samþykkt sé gild.

Ákveði fulltrúaráð að slíta félaginu skal fyrst inna af hendi allar skuldbindingar þess hverju nafni sem nefnast eða setja tryggingar fyrir greiðslu þeirra. Síðan skal greiða þeim sem eiga réttindi hjá félaginu á grundvelli 5. gr. en það sem eftir er rennur til sameignarsjóðs. Taki annað félag ekki við hlutverki eignarhaldsfélagsins við slit þess skal hrein eign sameignarsjóðsins renna til þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að fulltrúaráðinu í hlutfalli við brunatryggingariðgjöld fasteigna samkvæmt samningum sveitarfélaganna á vátryggingarárinu 15. október 1992 til 14. október 1993.

17. gr.

Sameining sveitarfélags, sem er í samningstengslum við félagið og annars eða annarra sveitarfélaga sem ekki eru slík tengsl við, breytir ekki réttindum hins sameinaða sveitarfélags í eignarhaldsfélaginu kjósi sveitarfélagið að halda samningstengslum sínum áfram eftir sameininguna.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi lög nr. 9 23. mars 1955, um Brunabótafélag Íslands, og reglugerð nr. 239 18. júní 1985 um greiðslu ágóðahluta hjá Brunabótafélagi Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands eins og það er skipað við gildistöku laga þessara verði fulltrúaráð Eignarhaldsfélagins Brunabótafélag Íslands fram að næsta aðalfundi fulltrúaráðsins sem haldinn skal árið 1995 og sama gildir um stjórn þess. Stjórnin skal setja félaginu samþykktir innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara sem starfa ber eftir þar til fulltrúaráðið hefur sett félaginu samþykktir samkvæmt ákvæðum 14. gr. Starfssvið fulltrúaráðs Brunabótafélags Íslands og stjórnar breytist til samræmis við ákvæði þessara laga. Skipunarbréf forstjóra Brunabótafélags Íslands gildi áfram í samræmi við ákvæði þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 10. mars 1993 skipaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Sighvatur Björgvinsson nefnd til að endurskoða lög nr. 9/1955, um Brunabótafélag Íslands. Í nefndina voru skipuð Dögg Pálsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, formaður, Erlendur Lárusson, forstöðumaður Tryggingaeftirlitsins, Guðmundur Oddsson bæjarfulltrúi, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ingi R. Helgason forstjóri, tilnefndur af Brunabótafélagi Íslands, og Sigmar Ármannsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Nefndin varð sammála um frumvarp það sem hér liggur fyrir. Samkvæmt því er lagt til að Brunabótafélagi Íslands verði breytt í eignarhaldsfélag er hætti jafnframt beinni vátryggingastarfsemi. Stjórnarfarsleg tengsl félagsins við Alþingi eru rofin og fulltrúaráði félagsins, sem tilnefnt er af þeim sveitarfélögum í landinu er brunatryggja fasteignir hjá félaginu, er fengið fullt forræði yfir félaginu.

Rétt þykir að gefa hér stutt yfirlit yfir þróun Brunabótafélagsins með hliðsjón af lagabreytingum og afskiptum Alþingis af félaginu og fara nokkrum orðum um aðdraganda og eðli þeirra breytinga sem hér er lagt til að gerðar verði á gildandi lögum um félagið.

1. Þróun Brunabótafélags Íslands með hliðsjón af lagabreytingum og afskiptum Alþingis af félaginu.

Fyrsta lagafrumvarpið um brunabótafélag á Íslandi flutti Indriði Einarsson skáld og þingmaður Vestmannaeyinga í neðri deild Alþingis hinn 28. júlí 1891. Indriði var því sá sem flutti hugmyndina um innlent brunabótafélag inn á Alþingi en í blöðum og utan þings var málið mikið rætt. Ekki var frumvarpi Indriða vel tekið en margar tillögur komu fram og nokkur umræða varð um málið á þinginu. Hugmyndin var að bæta úr þeim skorti á vátryggingavernd sem ríkti á landsbyggðinni og mjög hamlaði öllum framförum þar. Húseigendur í Reykjavík höfðu frá árinu 1874 fengið hús sín vátryggð hjá brunabótafélagi dönsku kaupstaðanna. Með frumvarpi Indriða var málið komið á dagskrá Alþingis þótt það dagaði þar uppi í þetta skiptið. Hins vegar var ljóst að einungis var tímaspursmál hvenær frumvarp um innlent brunabótafélag yrði aftur lagt fram og samþykkt.

Fyrsta lagafrumvarpið um innlent brunabótafélag sem samþykkt var á Alþingi er frá árinu 1902. Það fékkst hins vegar ekki staðfest af konungi og eftir það varð hljótt á Alþingi um málið í nokkur ár.

Næsta frumvarp um „stofnun brunabótafjelags Íslands“ var samþykkt á Alþingi sem lög nr. 58 22. nóvember 1907 og voru þau staðfest án fyrirstöðu. Í lögum þessum komu fram öll grundvallaratriði hugmyndarinnar um innlent brunabótafélag sem enn eru að meginstofni til í núgildandi lögum nr. 9/1955 um félagið. Í greinargerð fyrir frumvarpinu kom fram að frumvarpið væri neyðarúrræði vegna ástandsins í brunatryggingamál-

um landsmanna. Í lögunum var gert ráð fyrir þátttöku sveitarfélaganna í sjálfri brunaáhættunni þannig að félagið og sveitarfélögin voru samtryggjendur á brunaáhættu í fasteignum utan Reykjavíkur. Gert var ráð fyrir að ábyrgð félagsins takmarkaðist við ⅔ hluta áhættunnar en sjálfsábyrgð eigenda og sveitarstjórnar stæðu undir þriðjungnum. Þessi lög komu aldrei til framkvæmda þar eð erlend vátryggingafélög (einkum dönsk) neyttu samtaka um að neita félaginu um að endurtryggja áhættu þess en það var áskilið í 6. gr. laganna.

Hinn 3. nóvember 1915 samþykkti Alþingi ný lög nr. 54/1915 um stofnun Brunabótafélags Íslands. Þau lög urðu sá grundvöllur sem félagið hóf starfsemi sína á 1. janúar 1917 að fenginni endurtryggingu hjá Storebrand í Noregi. Þessi lög voru að meginstofni til eins og lögin frá 1907 nema ákvæðið um endurtryggingarnar en úrslitavaldið í þeim efnum var tekið úr höndum erlendra vátryggingafélaga og fengið Stjórnarráði Íslands.

Með lögum nr. 53/1919 var upphafslögunum að nokkru breytt. Skylda félagsins til greiðslu brunabóta var aukin þegar þátttöku sveitarfélags vantaði. Með þessum lögum var landssjóði gert skylt að vátryggja húseignir sínar hjá félaginu.

Ný lög nr. 26/1932 voru sett um félagið eftir tveggja ára umfjöllun Alþingis og grundvallarlögin frá 1915 felld niður ásamt breytingalögunum frá 1919. Meginbreyting þessara laga var að hert var á vátryggingarskyldunni en þátttöku sveitarfélaganna í brunaáhættunni hætt. Á grundvelli þessara laga var sett reglugerð um Brunabótafélag Íslands nr. 101/1932 og iðgjaldaskrá fyrir félagið nr. 102/1932 sem báðar hafa verið til hliðsjónar í starfi félagsins síðan þótt lögin frá 1932 hafi verið felld niður.

Með lögum nr. 22/1936 var gerð breyting af sérstöku tilefni er átti rætur að rekja til þess að bæjarstjórn Reykjavíkur hafði beðið Brunabótafélagið að taka að sér brunatryggingar húsa í Reykjavík, en félagið hafði ekki getað sinnt því vegna lagaákvæða um félagið. Með þessari lagabreytingu var Brunabótafélaginu heimilað að gera samning við bæjarstjórn Reykjavíkur um eldsvoðaábyrgð á húsum í Reykjavík. Þessi heimild er enn í 8. gr. núgildandi laga. Jafnframt var heimild félagsins til lausafjártrygginga rýmkuð verulega.

Næst var lögunum breytt með lögum nr. 72/1942 sem síðar var breytt með endurútgáfu nr. 73/1942. Þarna voru gerðar ýmsar breytingar, m.a. var ríkisábyrgðin á skuldbindingum félagsins 800.000 kr. felld niður með hliðsjón af auknum fjárhagsstyrk félagsins sjálfs. Með þessum lögum var tekin upp ný deildarskipting í félaginu og kveðið á skýran hátt á um ábyrgð félagsmanna, en ábyrgðina báru þeir sem skylt var að brunatryggja fasteignir hjá félaginu. Þá var félaginu heimilað að stofna eftirlaunasjóð starfsmanna félagsins.

Gildandi lög nr. 9/1955 marka tímamót í þróun félagsins. Á árunum 1954 og 1955 voru miklar umræður á Alþingi um einkarétt félagsins sem þótti óeðlilegur enda voru þá komin vátryggingafélög sem töldu hann skerða mjög nauðsynlega samkeppni á markaðnum. Alþingi ákvað að fella einkaréttinn niður og gerði það formlega á þann hátt að sett voru tvenn lög vorið 1954, önnur um brunatryggingar fasteigna í Reykjavík, lög nr. 25/1954, og hin um brunatryggingar fasteigna utan Reykjavíkur, lög nr. 59/1954. Bæjarstjórn Reykjavíkur var veitt heimild til að taka brunatryggingar húsa í bænum í eigin hendur og öðrum sveitarfélögum landsins heimilað að gera samning um brunatryggingar húsa í umdæminu við hvaða vátryggingafélag sem væri.

Í kjölfar þessara laga var á þinginu 1954 kosin milliþinganefnd sem átti að endurskoða lögin um Brunabótafélag Íslands til samræmingar við almennu lögin um brunatryggingar. Árið 1955 var tillaga nefndarinnar samþykkt óbreytt sem lög nr. 9/1955 og gilda þessi lög enn í dag með smábreytingu (lög nr. 108/1988) vegna breyttra sveitarstjórnarlaga (héraðsnefndir í stað sýslunefnda). Með þessum lögum var einkarétturinn niður felldur. Á grundvelli þeirra samninga sem gerðir yrðu við félagið samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1954 áttu þau sveitarfélög sem þá samninga gerðu rétt á að kjósa menn í fulltrúaráð félagsins sem sett var á laggirnar með lögunum en fulltrúaráðið kaus úr sínum hópi framkvæmdastjórn félagsins. Þar með var félagið fengið í hendur þeim sveitarfélögum sem semdu við það um brunatryggingarnar. Þessir samningar voru til fimm ára í senn og framlengdust óbreyttir ef þeim var ekki sagt upp með tilteknum uppsagnarfresti. Allar götur síðan eða í 38 ár hefur skipulag brunatrygginga húsa utan Reykjavíkur verið með þessum hætti og núgildandi samningar gilda til 14. október 1995. Þegar lögin nr. 9/1955 voru sett töldust 223 sveitarfélög í landinu. Fjórðungur þeirra gerði eftir þessar lagabreytingar ekki samning við Brunabótafélagið en hin hafa verið í samningstengslum æ síðan. Reiknað eftir brunabótamati brunatryggðra fasteigna taka núverandi samningar félagsins til tæplega 90% af heildarbrunabótamati fasteigna utan Reykjavíkur.

Samningar sveitarfélaganna um brunatryggingarnar eru bindandi fyrir alla húseigendur í sveitarfélaginu. Þetta þótti skapa festu, góða áhættudreifingu og lægri tilkostnað við framkvæmd brunatrygginganna. Þetta fyrirkomulag brýtur hins vegar í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Af þeim ástæðum er lagt til að samningarnir bindi húseigendur ekki lengur. Þeir geti brunatryggt hjá því félagi er þeir sjálfir kjósa en sveitarfélögunum verði áfram heimilt að gera þessa samninga og verði þeir grundvöllur aðildarinnar að fulltrúaráði hins nýja eignarhaldsfélags.

2. Breytingar á vátryggingamarkaði. Hið Evrópska efnahagssvæði.

Í Evrópu hefur orðið ör þróun undanfarin ár í átt til aukins viðskiptafrelsis bæði innan þjóðlanda og milli ríkja. Stefnt er að sameiginlegum markaði ríkja Evrópubandalagsins og EFTA-ríkja (að Sviss undanskildu) með myndun hins Evrópska efnahagssvæðis (skst. EES).

Hér á landi hefur verið unnið að því að laga löggjöf og rekstrarskilyrði atvinnugreina að leikreglum EES. Á vátryggingasviði hefur ýmsu þurft að breyta m.a. varðandi tilhögun brunatrygginga húseigna. Það frumvarp sem hér er lagt fram er liður í því endurskoðunarstarfi. Það starf miðar að tvennu: 1) að skapa öllum þeim sem vátryggingastarfsemi stunda sem jafnasta aðstöðu og rekstrarskilyrði hvar sem er innan EES og 2) að ryðja hindrunum úr vegi svo að vátryggingatakinn geti keypt sér vátryggingu hjá því vátryggingafélagi sem hann sjálfur kýs.

Að undanförnu hefur margt bent til þess að koma mundi að því fyrr eða síðar að brunatryggingar húseigna yrðu gefnar frjálsar og að húseigandi, hvar sem er á landinu, gæti brunatryggt hús sitt hjá því vátryggingafélagi er hann sjálfur kysi, þó svo lagaskyldan að vátryggja hús gegn bruna yrði áfram við lýði. Örðugt var fyrir Brunabótafélag Íslands að aðlagast fyrirsjáanlegum breytingum á vátryggingamarkaðnum m.a. vegna hins gagnkvæma félagsforms félagsins. Í byrjun árs 1989 var hlutafélagið Vátryggingafélag

Íslands hf. (VÍS) stofnað í samvinnu við Samvinnutryggingar g.t. og voru allir vátryggingastofnar þessara félaga aðrir en brunatryggingar fasteigna fluttir til VÍS með leyfi tryggingamálaráðherra í samræmi við lög nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi. Fulltrúaráð BÍ sem kosið var í sveitarstjórnarkosningunum árið 1986 og kaus á aðalfundi sínum stjórn félagsins í ágúst árið 1987 stóð að stofnun VÍS. Að loknum sveitarstjórnarkosningum árið 1990 var kosið nýtt fulltrúaráð sem kom saman á aðalfundi árið 1991. Á þeim fundi voru ítrekaðar fyrri samþykktir og eftirfarandi einróma ályktað:

„Aðalfundurinn lýsir sig í meginatriðum samþykkan þeim hugmyndum sem fram hafa komið á fundinum um að breyta Brunabótafélaginu í eignarhaldsfélag þar sem byggt verði á sama grunni og nú er varðandi aðild sveitarfélaga og héraðsnefnda að fulltrúaráði og stjórn með það fyrir augum að viðhalda yfirráðum sveitarfélaganna í BÍ og skapa þannig heilsteyptan og myndugan eignaraðila að helmingi hlutafjáreignar í VÍS hf."

Þegar tillögurnar um EES-samninginn komu fram á Alþingi vorið 1992 var ljóst að þær fólu í sér breytingar á gildandi lögum um Brunabótafélagið þannig að sveitarfélögin mættu ekki lengur gera þá samninga um brunatryggingar fasteigna sem heimilaðir voru með lögunum nr. 9/1955. Grundvöllurinn að starfsemi félagsins væri þá brostinn því að brunatryggingarsamningarnir voru sú undirstaða skipulags Brunabótafélagsins sem fulltrúaráðið og þar með stjórn félagsins var reist á. Við þessar aðstæður hélt Brunabótafélagið aukafulltrúaráðsfund í Reykjavík í ágúst 1992. Þar var einróma ítrekuð ályktun aðalfundarins frá 1991 sem birt er hér á undan en auk þess voru samþykktar nokkrar efnisályktanir í málinu, m.a. eftirfarandi:

„Þar sem aðild sveitarfélaganna að fulltrúaráði og stjórn félagsins allt frá árinu 1955 byggir á samningum þeim um brunatryggingar fasteigna, sem sveitarfélögin hafa gert við félagið verður afleiðing þess að fella niður 7. gr. og 20. gr. úr lögunum sú að höggvið er á tengsl sveitarstjórnanna við félagið og grundvellinum undir fulltrúaráðinu og þar með stjórn félagsins kippt burt."

Jafnframt ályktaði aukafundur fulltrúaráðsins að taka þyrfti heildstætt á málinu og breyta núverandi lögum um félagið til samræmis við þá stefnumörkun að breyta því í eignarhaldsfélag.

3. Félagsform Brunabótafélags Íslands og tengsl þess við ríkið.

BÍ er í eðli sínu gagnkvæmt vátryggingafélag sem starfar eftir sérlögum sem Alþingi hefur sett eða eins og segir í 1. gr. laga nr. 9/1955: „gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda". Landsstjórnin hlutaðist til um stofnun félagsins með þessum hætti, ákvað hlutverk þess, uppbyggingu, skipulag og stjórnun. Því má líta á löggjafann sem stofnanda og lögin sem samþykktir ef jafna skal til almennra gagnkvæmra félaga. Löggjafinn breytir lögunum til að laga starfsemina að þróun markaðar og samfélags. Frá upphafi hefur ráðherraskipaður forstjóri stýrt félaginu ásamt framkvæmdastjórn eftir lagabreytingarnar 1955.

Augljóst er að stofnandinn er ekki eigandi félagsins, þá hefði hann ekki stofnað gagnkvæmt félag. Frumkvöðlar að stofnun félagsins utan þings og innan virðast heldur ekki hafa haft í huga að stofna ríkisfyrirtæki. Stofnanda gagnkvæms vátryggingafélags ber að leggja fram nægilegt stofnfé sem er eina fjárframlagið til félagsins. Hinir gagnkvæmu eigendur vátryggingatakarnir leggja ekkert af mörkum í því sambandi. Stofnfénu fylgir ekki beinn eignarréttur að félaginu. Hins vegar fylgir því sá frumkvæðisréttur að ákveða markmið félagsins, uppbyggingu og stjórnun sem vátryggingatakarnir, hinir gagnkvæmu eigendur, hafa ekkert um að segja. Ýmist má stofnandi fá stofnfé sitt endurgreitt að upp-

fylltum tilteknum skilyrðum eða ekki en arðs má hann njóta af framlagi sínu. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. núgildandi laga nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, má ekki greiða stofnanda gagnkvæms félags stofnfé hans út nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Ákveðið var í upphafi að ríkið ábyrgðist 800.000 kr. skuldbindingar fyrir félagið sem var talin hæfileg fjárhæð ekki síst með tilliti til þess að ná hagstæðum endurtryggingarsamningum. Enn fremur var ákveðið að af þessu ábyrgðarfé mætti leggja fram 20.000 kr. sem stofnfé, en um leið lækkaði ábyrgðin í 780.000 kr.

Stofnkostnaður félagsins virðist hafa orðið kr. 23.934,08 og til greiðslu á honum lagði landssjóður fram áðurnefndar 20.000 kr. Stofnkostnaðurinn var afskrifaður í reikningum félagsins á árunum 1918 til 1924 en á árinu 1928 var landssjóði endurgreitt framlag hans, þ.e. stofnféð með fullum vöxtum. Var ábyrgðin þá hækkuð aftur í 800.000 kr. Árið 1941 var fjárhagur Brunabótafélagsins talinn vera orðinn það góður að ábyrgð ríkissjóðs var felld niður með lögunum nr. 73/1942 án þess að nokkru sinni þyrfti að reyna á þessa ríkisábyrgð.

Að öðru leyti en að framansögðu hefur ríkissjóður ekki lagt Brunabótafélaginu til fjármuni. Hvergi er að finna í reikningum ríkisins að Brunabótafélagið sé fært því til eignar.

Í 76 ára langri sögu Brunabótafélags Íslands hafa oft orðið kaflaskipti sem bæði tengjast stjórnun þess og starfsvettvangi. Félagið hafði í upphafi mjög þýðingarmiklu samfélagslegu hlutverki að gegna á sviði brunatrygginga húsa utan Reykjavíkur og sinnti því í nánu samstarfi við sveitarfélögin á landsbyggðinni. Síðan komu önnur vátryggingafélög til sögunnar, sveitarfélögin hættu þátttöku sinni í brunaáhættunni og félagið sjálft fékk ríkar lögheimildir til alhliða vátryggingastarfsemi. Veigamestu þáttaskilin urðu tímamótin 1955 þegar einkarétturinn til að vátryggja öll hús utan Reykjavíkur var felldur niður og fulltrúaráð sveitarfélaganna var sett á laggirnar og tímamótin nú þegar lagt er til að brunatryggingar húseigna verði alveg gefnar frjálsar, Brunabótafélag Íslands hætti beinni vátryggingastarfsemi en taki til að sinna henni sem sjálfstætt eignarhaldsfélag með eignaraðild að starfandi vátryggingafélögum.

Verður nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. kemur eitt meginmarkmið þessarar lagasetningar fram. Brunabótafélaginu er ekki slitið heldur breytt í eignarhaldsfélag. Beinni vátryggingastarfsemi er hætt en upp tekið eignarhald á félögum sem hafa vátryggingar með höndum. Aðrar greinar frumvarpsins lúta að nánari útfærslu þessa markmiðs.

Í 2. mgr. 1. gr. er fyrir lagt að eignarhaldsfélagið gangi inn í allar skyldur BÍ enda yfirtekur það allar eigur þess. Eignirnar eru aðallega hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélagi Íslands hf. (LÍFÍS) og markaðsbréf en skuldirnar eru að stærstum hluta lífeyrissjóðsskuldbindingar gagnvart starfsmönnum félagsins fyrr og síðar. Eignarhaldsfélagið gengur sem sé í einu og öllu inn í samningsaðild BÍ um stofnun VÍS og LÍFÍS og alla samninga milli hluthafa sem BÍ hefur verið aðili að fram að gildistöku þessara laga. Eina undantekningin er að við flutning á vátryggingastofni BÍ í brunatryggingum fasteigna til VÍS sem um er fjallað í 4. gr. flytjast að sjálfssögðu eignir á móti vátryggingaskuldbindingunum.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um að eignarhaldsfélagið haldi nafni Brunabótafélags Íslands með þeim formerkjum að glögglega sjáist að um eignarhaldsfélag er að ræða en ekki vátryggingafélag.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru markmið félagsins og starfssvið flokkuð í þrennt. Ekki er þó um tæmandi upptalningu að ræða og gefst því fulltrúaráðinu visst svigrúm til athafna sem fulltrúaráðið telur að tengist starfsemi félagsins eða hagsmunum þess á markaðnum. Hér getur komið til álita eignarhald í öðrum félögum og eignarhaldsfélögum sem svo aftur reka vátryggingastarfsemi og/eða bankastarfsemi o.s.frv. í takt við þróun markaðarins.

Í fyrsta lið er höfuðáhersla lögð á eignarhald í vátryggingafélögum í samræmi við ákvæði 1. gr. Annar liður lýtur að meðferð eigna félagsins og ávöxtun og er sérstaklega getið lána til sveitarfélaga. Rauður þráður frá upphafslögum Brunabótafélagsins til núgildandi laga hefur verið að félagið veitti eftir getu sveitarfélögunum stuðning með lánum til verklegra framkvæmda þeirra. Með lagabreytingu þessari er ekki gert ráð fyrir að leggja þessi tengsl niður og lagafyrirmælin í þessu almenna ákvæði eru færð í þann búning að verklegar framkvæmdir sveitarfélaganna eru eini tilgreindi þátturinn sem lána á til.

Um þriðja starfssviðið: Hér er sérstaklega tekið fram að gert sé ráð fyrir auknum áherslum á rannsóknir og fræðslu á sviði vátrygginga eftir að beinum vátryggingarekstri er hætt en félagið getur gert það á eigin vegum eða í samstarfi við aðra aðila og er þetta nátengt forvörnum.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um flutning vátryggingastofns BÍ í brunatryggingum fasteigna til VÍS. Tímamörkin eru gildistaka laganna og fylgt er meginreglum laganna um vátryggingastarfsemi að gagnkvæm réttindi og skyldur vátryggingataka og vátryggingafélags haldist óbreytt þrátt fyrir flutninginn. Vátryggingafélög geta samið um að flytja vátryggingastofna á milli sín og er að finna farveg fyrir slíkt í lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi. Þetta gerðist m.a. 1988 og 1989 þegar VÍS og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. voru stofnuð. Með því að Brunabótafélaginu er breytt með lögum þessum þykir rétt að í þeim breytingalögum sé gert ráð fyrir slíkum flutningi stofns.

Mikið hefur verið fjallað um eðli samninga sveitarfélaganna við BÍ um brunatryggingar fasteigna og hafa ýmsar hugmyndir verið uppi. Af þeim ástæðum þykir rétt til að taka af öll tvímæli að fram komi í lagatextanum að þessir samningar gildi samkvæmt eigin ákvæðum út samningstímann og að þeim verði aðeins sagt upp með sex mánaða fyrirvara miðað við 15. október 1995. Hér yrði lögfest að VÍS gangi inn í aðild BÍ að samningunum við sveitarfélögin og að þau aðilaskipti varði ekki því að sveitarfélögin verði þar með laus undan þessum samningum. Á hinn bóginn geti hvaða sveitarfélag sem er sagt sínum samningi upp eftir uppsagnarákvæðum samningsins sjálfs eins og reyndin er í dag gagnvart BÍ. Þau sveitarfélög sem það gera missa hins vegar við það aðildina að fulltrúaráði og stjórn eignarhaldsfélagsins eins og orðið hefði gagnvart BÍ samkvæmt ákvæðum 20. gr. laganna nr. 9/1955.

Hér er vert að athuga muninn á aðildinni að fulltrúaráði og stjórn annars vegar og eignaraðildinni að hinni óvirku sameign hins vegar. Þeir sem eiga aðildina að fulltrúaráðinu ráða því hvort og hvenær eignarhaldsfélaginu verður slitið og taka um það ákvarðanir hvað gera eigi við hugsanlegt fé sameignarsjóðs félagsins á þeirri stundu, sbr. 8. gr.

og 16. gr. frumvarpsins. Það sveitarfélag hins vegar sem sagt hefur upp brunatryggingarsamningum (þótt hann sé kominn yfir á nafn VÍS) og á þar af leiðandi ekki lengur aðild að stjórn og fulltrúaráði eignarhaldsfélagsins á eftir sem áður aðild að hinni óvirku sameign eftir iðgjaldamagni sínu, sbr. 6. gr., ef og þegar til slita eignarhaldsfélagsins kemur. Hér er einnig vert að athuga hvernig aðildin að óvirku sameigninni breytist við sameiningu sveitarfélaga, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Eftir lagabreytingarnar í kjölfar EES-samningsins verður húseigandinn ekki lengur bundinn við samning sveitarstjórnarinnar um brunatryggingar húseigna frekar en hann vill og getur vátryggt annars staðar. Gert er ráð fyrir að samhliða þessari lagabreytingu verði með nýjum lögum um brunatryggingar húseigna kveðið á um þessa nýju og frjálsu stöðu húseigandans þar sem væntanlega verður gert ráð fyrir að réttur húseigandans í þessu efni verði hinn sami hvar sem hann býr á landinu. Er því óþarfi að fjalla frekar um það hér.

Um 5. gr.

Mismunandi skoðana hefur orðið vart um það hver eigi BÍ. Skoðuð voru álit lögfræðinga og þau gaumgæfð og niðurstaðan varð sú sem í þessari grein segir. Hvergi er í lögum ákvæði um að sveitarfélögin eigi eignartilkall til BÍ þótt félagið og sveitarfélögin utan Reykjavíkur séu mjög samofin í starfi alveg frá upphafi félagsins. Á Alþingi 1954 og 1955 var sérstaða Reykjavíkur lögfest þar sem höfuðborginni var heimilað að taka í sínar hendur brunatryggingar húsa í borginni og stofnaði borgarstjórn fljótlega eftir það Húsatryggingar Reykjavíkur. Sams konar heimild vildu alþingismenn ekki veita öðrum sveitarfélögum í landinu þótt gert væri ráð fyrir áframhaldandi rekstri BÍ. Hins vegar veitti Alþingi þessum sveitarfélögum forræði fyrir félaginu með þeim hætti að samningar þeirra við BÍ um brunatryggingarnar var grundvöllur fyrir tilnefningu þeirra á fulltrúum í fulltrúaráð BÍ og þar með stjórn félagsins.

Í 1. tölul. þessarar greinar er tilgreindur annar hópurinn sem telja verður að eigi eignartilkall til félagsins. Sú niðurstaða byggist á óvefengjanlegu orðalagi í 12. gr. gildandi laga um BÍ um að húseigendur sem tryggja fasteignir sínar hjá félaginu séu félagsmenn þess og þá um leið sameigendur félagsins.

Í 2. tölul. er hinn hópurinn tilgreindur, þ.e. allir þeir sem vátryggðu hjá félaginu með hinum svokölluðu frjálsu tryggingum í lok ársins 1988 og voru með löglegum hætti færðir til VÍS. Sú niðurstaða byggir á þeim almennu grundvallarreglum í lögunum um vátryggingastarfsemi að allir þeir sem vátryggja hjá gagnkvæmu vátryggingafélagi séu sameigendur þess, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1978.

Í 3. tölul. er sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins nefndur sem þriðji hópur sameigenda þess. Hann hefur algera sérstöðu þar sem hann verður ekki til fyrr en með þessu frumvarpi, sbr. umfjöllun síðar um 7., 8. og 15. gr.

Í 2. mgr. er vísað til 15. gr. um það hvernig hin óvirka eign sameigenda skv. 1. og 2. tölul. breytist í tímans rás og færist yfir í sameignarsjóðinn. Með tíð og tíma færast yfirráð yfir öllum eignum félagsins því í hendur þeirra sveitarfélaga sem við gildistöku laganna hafa brunatryggingarsamninga við BÍ.

Í 3. mgr. er fjallað um ábyrgð sameigenda í félaginu og er henni lýst sem takmarkaðri ábyrgð er takmarkast við eignarréttindi þeirra í félaginu. Það merkir í raun að hrökkvi eignir eignarhaldsfélagsins ekki fyrir skuldbindingum þess verður ekki gengið að sameigendum.

Um 6. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er því slegið föstu að sameignin sé óvirk meðan félagið starfar. Hún lifnar þá fyrst og verður virk ef og þegar félaginu er slitið. Þetta er lýsing á réttindum eins og þau almennt eru í gagnkvæmum félögum og á hún alveg við um BÍ eins og félagið er nú. Meðan félagið starfar hafa vátryggingatakarnir ekki með stjórn félagsins og rekstur að gera og geta ekki gert tilkall til eignarhlutar. Þeir geta því ekki selt hann eða ráðstafað honum á annan hátt og hann erfist ekki.Við slit félagsins verður eignarhluturinn fyrst virkur og hægt er að reikna eignarhlut sameigendanna út eftir ákvæðum laganna og ráðstafa slitaverðmætinu öllu á þeim grundvelli.

Í 2. málsl. 1. mgr. segir að ákveða skuli slitaverðmæti (eignarhlut) hvers sameigenda strax og lög þessi öðlast gildi og rétt er að færa þær ákvarðanir á sérstaka skrá. Í 2.–4. mgr. eru leiðbeiningar um hvernig það skuli gert og við hvað skuli miða.

Í 2. mgr. er fjallað um félagsmenn, þ.e. þann hóp sameigenda sem eru húseigendur og vátryggja hús sín á grundvelli samninga sveitarstjórna og BÍ. Þessir aðilar eru einu vátryggingatakar BÍ þegar lög þessi öðlast gildi og er því viðmiðunin iðgjaldagreiðslur þeirra árin 1991 og 1992 eða tvö undangengin ár. Engin slík fyrirmæli eru í núgildandi lögum um BÍ en fyrirmyndin er tekin frá öðrum gagnkvæmum vátryggingafélögum hérlendis og erlendis.

Í 3. mgr. er fjallað um þann hóp sameigendanna sem fluttir voru 1. janúar 1989 til VÍS og tengjast ekki brunatryggingum húseigna. Í útreikningi eignarhlutar þeirra er miðað við iðgjaldagreiðslur þeirra árin 1987 og 1988 eða tvö ár fyrir flutninginn til VÍS en þær eru framreiknaðar til ársloka 1992 með hliðsjón af breytingum á hreinni eign BÍ frá árslokum 1988 til 1992. Eru iðgjöldin þar með færð upp til samræmis við hópinn skv. 1. tölul. 5. gr.

Eignarhlutur hvers og eins í hreinni eign félagsins í árslok 1992 ákvarðast svo sem hlutfall iðgjaldagreiðslna hans af samanlögðum iðgjaldagreiðslum hópanna tveggja.

Í 4. mgr. segir að færa skuli strax í sameignarsjóð eignarhaldsfélagsins hin óvirku eignarréttindi þeirra sem látnir eru við gildistöku þessara laga eða eru ekki lengur lögaðilar en hefðu annars verið innan tveggja ára tímamarkanna. Rétt er að færa á skrá þá sem færast í sjóðinn þegar lögin ganga í gildi og síðan árlega þannig að séð verður hver eign sameignarsjóðsins er á hverjum tíma.

Um 7. gr.

Hér er mælt fyrir um stofnun og heiti sameignarsjóðsins. Tilgangur sjóðsins er hinn sami og tilgangur eignarhaldsfélagsins en að hlutverki sjóðsins er nánar vikið í athugasemdum við 8. gr.

Um 8. gr.

Fyrirkomulag sameignarsjóðsins gerir það að verkum er fram líða stundir að sveitarfélög er fulltrúa eiga í fulltrúaráði félagsins öðlast í raun öll ráð yfir eignarhaldsfélaginu. Í 1. mgr. segir að eignarréttindi sameigenda falli smám saman í þennan sjóð og að í því efni sé fylgt reglum sem settar eru fram í 15. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. segir að sjóðurinn skuli vera í vörslu félagsins og lögfest að fulltrúaráðið ákveði meðferð hans. Í 3. mgr. eru fyrirmæli um að sjóðnum verði settar sérstakar samþykktir. Það fyrirkomulag sem hér er mælt fyrir um gildir að sjálfsögðu meðan félagið er starfandi. Í samþykktum þurfa að vera skýrar reglur um meðferð sameignarsjóðsins.

Um 9. gr.

Af ákvæði 1. mgr. leiðir að ráðherra fer ekki lengur með málefni félagsins eins og verið hefur hjá BÍ frá upphafi. Fulltrúaráðið hefur á hinn bóginn æðsta vald í málefnum félagsins. Í 2. mgr. er því lýst hvernig skipa eigi í fulltrúaráðið fulltrúa sveitarfélaganna. Þar er fylgt nákvæmlega fyrirmælum núgildandi laga um BÍ og fulltrúaráð þess. Þar er enn tekið fram varðandi aðildina að fulltrúaráðinu að hún er háð því að viðkomandi sveitarfélag segi ekki upp brunatryggingarsamningnum.

Gert er ráð fyrir því að lög verði sett um brunatryggingar húseigna á Íslandi með ákvæðum um að samningar þessir bindi ekki alla húseigendur eins og verið hefur og er sú lagastefna í takt við þær breytingar sem fylgja í kjölfar aðildar Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Þrátt fyrir þetta aukna valfrelsi er á því byggt að þessir samningar myndi grundvöll að aðild að fulltrúaráði eignarhaldsfélagsins. Allir kaupstaðir landsins utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar eiga og hafa átt frá upphafi fulltrúa í fulltrúaráðinu og eru þeir 29. Allar héraðsnefndir (áður sýslunefndir) eiga einnig fulltrúa í ráðinu sem byggist á því að í þeim eru sveitarfélög sem hafa samninga við BÍ um brunatryggingarnar. Þessir fulltrúar eru 21 talsins og er því núverandi fulltrúaráð BÍ skipað 50 fulltrúum samtals.

Um 10. gr.

Lagt er til að sömu reglur gildi áfram varðandi aðalfundi fulltrúaráðsins eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar og ákvæðin um kjörtímabil og aukafundi ráðsins. Allar götur frá árinu 1955 hefur fulltrúaráð BÍ haldið aðalfund sinn á árinu eftir reglulegar sveitarstjórnarkosningar og aukafundi þess á milli þegar ástæða hefur verið til. Jafnaðarlega hefur fulltrúaráðið komið saman annað hvert ár. Á aðalfundi skal kjósa stjórn og varastjórn og hefur stjórnin sama kjörtímabil og fulltrúarnir í ráðinu eða fjögur ár. Hlutfallið 1/10 fulltrúaráðsmanna til að óska aukafundar er sett með hliðsjón af ákvæðum hlutafélagalaga.

Um 11. gr.

Stjórn BÍ hefur staðfest ársreikninga félagsins og er við það miðað að svo verði áfram. Jafnframt er breytt verulega til um stjórnina sjálfa en nú eru þrír menn í stjórn BÍ og þrír til vara. Hér er gert ráð fyrir að fjölgað verði í stjórninni í sjö og að varamenn verði fimm. Er þetta lagt til með hliðsjón af fenginni reynslu í stjórnun BÍ. Með slíkri skipun stjórnar verður betur en nú náð því markmiði að fulltrúar allra landshluta gætu verið í stjórninni.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að forstjóri félagsins verði ekki lengur skipaður af ráðherra heldur ráðinn af stjórn. Þetta er í samræmi við niðurfellingu hinna stjórnarfarslegu tengsla, sbr. athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins. Stjórnin ákveður forstjóra laun og starfskjör.

Um 14. gr.

BÍ hefur starfað samkvæmt beinum fyrirmælum laga og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og nú eru felld úr gildi. Því er nauðsynlegt að setja eignarhaldsfélaginu samþykktir eða reglur þar sem ákvæði þessara laga eru útfærð. Það er fulltrúaráðið en ekki ráðherra sem setja skal félaginu samþykktir og þær eiga að taka til innri málefna félagsins, svo sem boðun funda og lögmæti þeirra, fundarsköp og dagskrár funda, afgreiðslu mála, framlagningu ársreikninga og endurskoðun þeirra. Þykir eðlilegt að varðandi þessi atriði taki samþykktirnar mið af því sem tíðkast í þeim efnum í lögum um önnur félagsform, svo sem um hlutafélög og samvinnufélög.

Lagt er til að samþykktunum megi ekki breyta nema á aðalfundi eða aukafundi fulltrúaráðs og þá er krafist aukins meiri hluta, þ.e. að 75% fundarmanna samþykki breytinguna. Við slit á félaginu skv. 16. gr. miðast krafan um aukinn meiri hluta við fulltrúaráðið sjálft en ekki fjölda fundarmanna.

Gert er ráð fyrir að stjórnin setji félaginu samþykktir til að starfa eftir þar til fulltrúaráðið hefur sett þær í samræmi við ákvæði þessarar greinar, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Um 15. gr.

Í þessari grein er fyrir lagt hvernig hin óvirku eignarréttindi sameigendanna flytjast með tímanum yfir í sameignarsjóð eignarhaldsfélagsins og færast þá í raun undir yfirráð sveitarfélaga sem skipa fulltrúaráð félagsins. Þessi grein frumvarpsins tengist þannig ákvæðum 5. og 8. gr. Sameigendum er skipt í tvo flokka, einstaklinga og skráða lögaðila. Eignarréttindi einstaklinganna falla skýlaust niður við andlát þeirra og renna þá til sameignarsjóðsins. Meiri óvissa gæti ríkt um lögaðilana þar sem miðað er við skráningu þeirra. Fyrirtæki sem er skráður lögaðili gæti verið hætt allri starfsemi án þess að verða afskráð sem slíkt en telja verður viðunandi að hafa þennan háttinn á.

Meðan félaginu er ekki slitið er eignarhaldið því í höndum sameigenda og sameignarsjóðs. Verði eignarhaldsfélaginu slitið þegar öll eignarréttindin hafa tæmst í sameignarsjóðinn er málið einfalt því að fulltrúaráðið fer þá með ráðstöfun eignanna. Ef eignarhaldsfélaginu verður slitið áður en til þess kemur skiptast eignirnar milli sameigendanna sem þá eru við lýði og sameignarsjóðsins.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um meðferð slitaverðmætis félagsins þegar því er slitið. Eignarhaldsfélaginu gæti verið slitið á þann hátt að það yrði sameinað öðru félagi eða að nýtt félag yrði stofnað til að taka við hlutverki þess. Hvort tveggja gæti fulltrúaráðið ákveðið með breytingum á samþykktum félagsins og þá ákvarðar fulltrúaráðið hvernig með skuli fara að virtum eignarréttindum sameigenda og hagsmunum kröfuhafa.

Ef eignarhaldsfélaginu verður slitið án þess að framhald sé fyrirhugað í einhverju formi verður slitameðferðin svo sem hér segir: Fyrst eru greiddar allar skuldbindingar félagsins hverju nafni sem nefnast. Því næst er sameigendum greitt andvirði eignarréttinda sinna og það sem eftir er tilheyrir sameignarsjóðnum, sbr. 15. gr. Í niðurlagi þessarar greinar segir að hrein eign sameignarsjóðsins á þeirri stundu skuli renna til þeirra sveitarfélaga sem höfðu brunatryggingarsamninga við Brunabótafélag Íslands vátryggingarárið 1993, þ.e. 15. október 1992 til 14. október 1993, og skiptist á milli þeirra eftir iðgjaldamagni þeirra á því vátryggingarári.

Um 17. gr.

Hér er varnagli settur varðandi hagsmuni sveitarfélaganna sem eiga aðild að fulltrúaráðinu við gildistöku þessara laga en þeir hagsmunir gætu raskast við samruna og sameiningu sveitarfélaga sem um þessar mundir er mjög á dagskrá. Því er slegið föstu að sameiningin raski ekki réttindum þeirra ef hið sameinaða sveitarfélag heldur samningstengslunum áfram eftir sameininguna. Ef hins vegar sameinaða sveitarfélagið hirðir ekki um að halda við samningstengslunum falla réttindin um aðild að fulltrúaráðinu niður. Hér ber að hafa í huga að þótt aðildin að fulltrúaráðinu falli niður á þennan hátt falla sameignarréttindi hins upphaflega sveitarfélags ekki niður þegar og ef til slita kemur.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Núverandi fulltrúaráð BÍ var skipað í kjölfar síðustu sveitarstjórnarkosninga í landinu. Á árinu 1994 verða aftur sveitarstjórnarkosningar og ekki þykir ástæða til annars en að láta núverandi fulltrúaráð sitja út kjörtímabil sitt sem lýkur í ágúst 1995. Fulltrúaráð BÍ verði þannig fulltrúaráð eignarhaldsfélagsins. Sama þykir eiga að gilda um núverandi forstjóra að hann starfi út tímabil sitt samkvæmt skipunarbréfi og samningum enda eru gerðar breytingar á félaginu en því ekki slitið. Hann verður 70 ára á árinu 1994 og má eftir samningunum starfa til loka þess árs.

Nauðsynlegt er að kveða á um eftir hvaða reglum félagið skuli starfa þar til fulltrúaráðið hefur komið saman. Í því efni er lagt til að stjórnin setji félaginu samþykktir innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna. Gildi þær þar til fulltrúaráð hefur sett félaginu samþykktir í samræmi við ákvæði 14. gr.

Iðgjöld brunatrygginga fasteigna hjá Brunabótafélagi Íslands 15. október 1992 til 14. október 1993. Brunatrygging fasteigna, endurnýjun 15. október 1992.

0000	Reykjavík	1.207
1000	Kópavogur	24.322.027
1100	Seltjarnarnes	4.353.418
1300	Garðabær	9.465.561
1400	Hafnarfjörður	176
1603	Bessastaðahreppur	659.027
1604	Mosfellsbær	6.056.942
1605	Kjalarneshreppur	1.450.899
1606	Kjósarhreppur	543.632
2200	Keflavík	12.761.696
2300	Grindavík	6.446.023
2400	Njarðvík	6.371.204
2502	Hafnahreppur	728.710
2503	Miðneshreppur	5.853.519
2504	Gerðahreppur	1.887.893
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	1.220.530
3000	Akranes	9.691.122

3200	Ólafsvík	3.465.180
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	1.140.513
3502	Skilmannahreppur	1.668.705
3503	Innri-Akraneshreppur	190.300
3504	Leirár- og Melahreppur	393.097
3509	Hálsahreppur	348.664
3601	Hvítársíðuhreppur	166.039
3602	Þverárhlíðarhreppur	148.161
3603	Norðurárdalshreppur	155
3605	Borgarhreppur	126
3606	Borgarnes	3.788.489
3702	Eyjahreppur	217.243
3703	Miklaholtshreppur	253.650
3704	Staðarsveit	541.296
3705	Breiðuvíkurhreppur	364.003
3706	Neshreppur	1.90.658
3709	Eyrarsveit	2.343.588
3710	Helgafellssveit	160.038
3711	Stykkishólmur	3.632.874
3712	Skógarstrandarhreppur	97.498
3803	Haukadalshreppur	81.108
3804	Laxárdalshreppur	1.389.240
3805	Hvammshreppur	510
3806	Fellsstrandarhreppur	321.800
3808	Skarðshreppur	8.118
3809	Saurbæjarhreppur	288.719
3810	Suðurdalahreppur	203.374
4000	Ísafjörður	9.370.386
4100	Bolungarvík	3.098.865
4502	Reykhólahreppur	901.732
4602	Rauðasandshreppur	257.9421
4603	Patreksfjörður	2.745.851
4604	Tálknafjarðarhreppur	1.039.689
4606	Bíldudalshreppur	1.054.355
4702	Þingeyrarhreppur	1.540.065
4705	Flateyrarhreppur	1.331.926
4706	Suðureyrarhreppur	1.153.848
4803	Súðavíkurhreppur	1.020.311
4804	Ögurhreppur	51.835
4805	Reykjarfjarðarhreppur	238.669
4807	Snæfjallahreppur	86.978
4901	Árneshreppur	306.279
4904	Hólmavíkurhreppur	1.101.648
4905	Kirkjubólshreppur	82.346
4908	Bæjarhreppur	450.554
4909	Broddaneshreppur	179.807
5000	Siglufjörður	4.486.897

5100	Sauðárkrókur	6.228.529
5501	Staðahreppur	417.557
5502	Fremri-Torfustaðahreppur	106.736
5504	Hvammstangahreppur	1.535.975
5506	Þverárhreppur	156.732
5601	Áshreppur	154.612
5603	Torfalækjarhreppur	271.485
5604	Blönduós	2.660.376
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	196.249
5607	Engihlíðarhreppur	161.883
5608	Vindhælishreppur	136.952
5609	Höfðahreppur	2.041.428
5610	Skagahreppur	91.469
5701	Skefilsstaðahreppur	94.242
5702	Skarðshreppur	181.487
5704	Seyluhreppur	706.098
5705	Lýtingsstaðahreppur	563.036
5706	Akrahreppur	406
5710	Hofshreppur	980.001
5715	Fljótahreppur	635.215
6000	Akureyri	30.311.386
6100	Húsavík	4.743.210
6200	Ólafsfjörður	2.414.026
6300	Dalvík	3.056.348
6501	Grímseyjarhreppur	395.789
6502	Svarfaðardalshreppur	626.053
6504	Hríseyjarhreppur	958.442
6505	Árskógshreppur	1.027.182
6506	Arnarneshreppur	399.407
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	1.010.872
6602	Grýtubakkahreppur	957.667
6611	Tjörneshreppur	113.046
6702	Öxarfjarðarhreppur	50
6705	Raufarhafnarhreppur	1.787.311
7000	Seyðisfjörður	4.623.701
7100	Neskaupstaður	5.093.384
7200	Eskifjörður	3.073.514
7501	Skeggjastaðahreppur	447.607
7503	Hlíðarhreppur	371.163
7504	Jökuldalshreppur	167.796
7505	Fljótsdalshreppur	115.617
7506	Fellahreppur	848.235
7507	Tunguhreppur	162.580
7508	Hjaltastaðarhreppur	191.829
7509	Borgarfjarðarhreppur	494.041
7601	Skriðdalshreppur	190.732
7602	Vallahreppur	542.652

7603	Egilsstaðir	3.422.881
7604	Eiðahreppur	301.789
7605	Mjóafjarðarhreppur	71.643
7606	Norðfjarðarhreppur	160
7609	Reyðarfjarðarhreppur	2.183.824
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	108.341
7611	Fáskrúðsfjörður	2.142.834
7612	Stöðvarhreppur	940.811
7613	Breiðdalshreppur	1.002.730
7615	Búlandshreppur	466
7701	Bæjarhreppur	117.245
7702	Nesjahreppur	525.384
7703	Höfn	3.628.516
7704	Mýrahreppur	227.202
8000	Vestmannaeyjar	11.225.700
8100	Selfoss	7.204.520
8508	Mýrdalshreppur	1.870.763
8509	Skaftárhreppur	1.434.055
8601	Austur-Eyjafjallahreppur	295.141
8604	Vestur-Landeyjahreppur	324.664
8607	Rangárvallahreppur	2.080.139
8609	Holtahreppur	698.352
8702	Stokkseyrarhreppur	1.059.945
8703	Eyrarbakkahreppur	1.287.599
8709	Gnúpverjahreppur	1.186.018
8710	Hrunamannahreppur	1.735.788
8715	Grafningshreppur	290
8716	Hverageröisbær	3.319.852
8717	Ölfushreppur	4.434.173
9998	Utan umdæma	106.031
9999	Hvar sem er	162.384
	Endurnýjun samtals	279.979.063

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Með frumvarpinu er Brunabótafélagi Íslands breytt í eignarhaldsfélag og hættir félagið jafnframt beinni vátryggingastarfsemi.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

898. Frumvarp til laga [579. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 40. gr. laga nr. 99/1993 kemur ný málsgrein er verður 4. mgr., svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að semja við Stéttarsamband bænda um önnur fráviksmörk greiðslumarks en um getur í 3. mgr. fyrir landsvæði eða einstök lögbýli þar sem sérstök ástæða þykir til gróðurverndar eða uppgræðsluaðgerða að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Enn fremur vegna framleiðenda sem náð hafa 67 ára aldri eða hafa skerta starfsgetu vegna örorku. Þá er í slíkum samningi heimilt að ákveða að efri mörk greiðslumarks séu mishá eftir landsvæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landbúnaðarráðherra hefur leitað eftir viðræðum við Stéttarsamband bænda um endurskoðun á vissum þáttum búvörusamnings frá 11. mars 1991. Sú endurskoðun mun einkum beinast að fráviksmörkum við greiðslumark sauðfjárafurða sem tilgreind eru í 3. mgr. 40. gr. laga nr. 99/1993.

Markmið endurskoðunarinnar kemur fram í erindi sem ráðherra ritaði formanni Stéttarsambands bænda í lok febrúar 1993. Þar segir m.a.:

„1. Sauðfjárbændur á skilgreindum svæðum, þar sem talin er þörf á sérstökum gróðurverndar- eða landgræðsluaðgerðum, verði leystir undan þeirri kvöð að framleiða a.m.k. 80% upp í greiðslumark sitt til að eiga rétt á fullum beingreiðslum. Þessi tilteknu svæði séu skilgreind svo þröngt að ekki verði um það deilt að þau hafi sérstöðu í þessu tilliti.

Hér er eingöngu verið að tala um valkost til handa bændum, en ekki um það að ræða að þeir verði þvingaðir til fjárfækkunar. Þeir sem á hinn bóginn vildu taka slíku tilboði yrðu jafnframt að undirgangast kvaðir um nokkurt vinnuframlag til gróðurverndar eða uppgræðslu.

2. Metið verði hvort ekki sé skynsamlegt að gefa rosknum bændum og öryrkjum rýmri hendur hvað varðar neðri mörk framleiðslu heldur en 80% eins og nú er.

Ofangreindar tillögur miða að því að skapa aukið svigrúm til átaka í landgræðslustörfum og veita mönnum með takmarkaða starfsorku möguleika til að draga saman búskap án þess að það hafi tilfinnanlegan tekjumissi í för með sér. Jafnframt skapaðist nokkurt svigrúm til framleiðslu hjá öðrum bændum. Það er síðan sérstakt athugunarefni hvort það svigrúm eigi að deilast hlutfallslega á alla framleiðendur eða deila því út á sérmerkt „sauðfjársvæði“.“

Leiði viðræðurnar til samkomulags er nauðsynlegt að fyrir hendi sé ótvíræð lagaheimild til að víkja frá áðurgreindum frávikum.

899. Frumvarp til laga [580. mál]

um útflutning hrossa.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirumsjón með útflutningi á hrossum.

Ráðherra til ráðuneytis um útflutning hrossa skal vera þriggja manna nefnd, útflutnings- og markaðsnefnd. Búnaðarfélag Íslands og Félag hrossabænda skulu hvort um sig tilnefna mann í nefndina en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Hlutverk nefndarinnar er að:

1. gera tillögur að reglugerð um útflutning hrossa,
2. hafa frumkvæði að kynningu íslenska hestsins erlendis og öflun markaða,
3. tryggja á hverjum tíma sem hagkvæmastan útflutning á hrossum.

2. gr.

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa, nema þegar um er að ræða úrvalskynbótahross. Útflutningshross skulu ekki vera eldri en 15 vetra. Þó má flytja úr landi eldri kynbótahross en þá einungis í flugvélum. Heimilt er að setja í reglugerð sérstakar kröfur um heilbrigði fullorðinna kynbótahrossa sem flutt eru úr landi.

3. gr.

Öll hross, sem flutt eru úr landi, skulu heilbrigðisskoðuð af dýralækni. Honum skal tilkynnt um útflutninginn með minnst sjö daga fyrirvara. Heilbrigðisskoðun skal ávalt miða við þær kröfur sem gerðar eru í innflutningslandi. Einungis er heimilt að flytja úr landi heilbrigð og rétt sköpuð hross. Dýralæknir heldur skrá um skoðuð hross og skulu hrossin merkt með þeim hætti að ekki verði um villst. Skrá þessi fylgir hrossum í flutningsfari. Hverju hrossi, sem kemur til skoðunar, skal fylgja upprunavottorð skv. 5. gr. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um heilbrigðisskoðun, merkingu útflutningshrossa og aðstöðu í útflutningshöfn.

Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við yfirdýralækni þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum og greiðist hún af útflutnings- og markaðsnefnd.

4. gr.

Flutningsfar fyrir hross og öll aðstaða fyrir hrossin skal vera með þeim hætti að flutningurinn verði hrossinu til sem minnstra óþæginda. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um aðbúnað í flutningsfari og verði þar stuðst við alþjóðlega samninga um dýravernd sem Ísland er aðili að. Yfirdýralæknir eða fulltrúi hans skal líta eftir að reglum um aðbúnað sé fylgt. Ráðherra getur í reglugerð takmarkað þann tíma sem heimilt er að flytja hross með skipum.

5. gr.

Útfluttum hrossum skal fylgja upprunavottorð er staðfesti uppruna og ætterni. Upprunavottorð skal byggja á upplýsingum úr gagnabanka Búnaðarfélags Íslands vegna kynbótastarfs eða öðrum sambærilegum upplýsingum.

Innlendir hrossaræktendur og samtök þeirra eiga forkaupsrétt að úrvalskynbótagripum og er landbúnaðarráðherra heimilt að fresta útflutningi á þeim í allt að tvær vikur meðan forkaupsréttur er boðinn. Við forkaupsréttarboð skal miða við uppgefið útflutningsverð. Hrossaræktarnefnd, sem starfar skv. 5. og 6. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, skal árlega ákveða það kynbótamat/-spá sem hross skal hafa til að geta talist úrvalskynbótagripur.

6. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að leggja allt að 7.000 kr. gjald á hvert útflutt hross og breytist það árlega, 1. febrúar, samkvæmt vísitölu búfjárræktar sem útgefin er af Hagstofu Íslands. Gjaldið skal innheimt við útgáfu upprunavottorðs og renna í sérstakan sjóð í vörslu útflutnings- og markaðsnefndar. Sjóðnum er ætlað að standa undir kostnaði við starf útflutnings- og markaðsnefndar, heilbrigðisskoðun á útflutningshrossum, útgáfu upprunavottorða og 5% skulu renna í stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins sem starfar skv. 15. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt. Eftirstöðvar hvers árs veitir landbúnaðarráðherra sem styrki til útflutnings- og markaðsmála að fengnum tillögum útflutnings- og markaðsnefndar.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Stjórnartíðindum og skal Ríkisendurskoðun endurskoða þá.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum útflutnings- og markaðsnefndar reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64/1958, um útflutning hrossa, svo og lög nr. 67/1969, lög nr. 39/1986, 53. gr. laga nr. 10/1983 og lög nr. 40/1993 um breytingar á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um útflutning hrossa eru frá árinu 1958 en hefur verið breytt lítillega þrisvar sinnum. Fyrst með lögum nr. 67/1969 þar sem urðu orðalagsbreytingar ásamt því að hreyft var við aldursmörkum, næst með lögum nr. 39/1986 þar sem gefin var heimild til útflutnings á hrossum eldri en tíu vetra að fengnu samþykki yfirdýralæknis og að síðustu með lögum nr. 40/1993 þar sem breytt var ákvæðum um hver skyldi greiða fyrir heilbrigðisskoðun á útflutningshrossum. Við afgreiðslu laga nr. 40/1993 komu fram ábendingar um að tímabært væri að endurskoða lögin um útflutning hrossa í heild sinni og beindi landbúnaðarnefnd Alþingis því til landbúnaðarráðuneytisins. Að því hefur verið unnið í vetur og hefur ráðuneytið haft samráð við yfirdýralækni, hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands og framkvæmdastjóra Félags hrossabænda við það starf. Auk þess hefur búnaðarþing ályktað um drögin og hefur verið tekið tillit til þeirrar ályktunar.

Aðstæður til útflutnings á hrossum eru í öllum aðalatriðum mjög breyttar nú frá því sem var árið 1958. Sérstaklega á það við um flutningatækni og aðbúnað um borð í flutningsfari. Hann hefur batnað og því ekki sama ástæða til að hafa áhyggjur af velferð hrossanna í flutningum og áður. Einnig eru flutningsför miklu öruggari og þola meira álag vegna sjóa og veðurs. Því er m.a. eðlilegt að endurskoða þau tímamörk er gilda um flutning hrossa með skipum.

Í frumvarpinu er hvergi slakað á kröfum um aðbúnað og einnig gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð skýrar reglur um aðstöðu og búnað er fylgja skal hrossum. Skal þar taka mið af þeim alþjóðlegum samningum um dýravernd sem Ísland er aðili að. Gert ráð fyrir að yfirdýralæknir eða fulltrúi hans sjái um að þeim reglum sé framfylgt. Í samræmi við óskir hrossabænda er reglum um heilbrigðisskoðun breytt á þann hátt að nú getur hún farið fram í heimahéraði og því ekki nauðsynlegt að safna hrossunum saman í útflutningshöfn fyrr en sama dag og hrossin fara úr landi. Í reglugerð verður kveðið nánar á um heilbrigðisskoðun, merkingu og hlutverk trúnaðardýralæknis í útflutningshöfn.

Ekki er lengur gert ráð fyrir að veitt séu leyfi fyrir útflutningi á hrossum heldur er einungis krafist upprunavottorðs og heilbrigðisskoðunar. Heimilt er þó að fresta útflutningi úrvalskynbótagripa og bjóða innlendum ræktendum að ganga inn í kaupin. Árlega skal hrossaræktarnefnd setja viðmiðunarmörk um hvað telst úrvalskynbótagripur og þau auglýst. Þetta er mikil einföldun því nú er útgáfa útflutningsleyfa flókin og margir aðilar sem að henni koma.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirumsjón með útflutningi á hrossum. Honum til ráðuneytis verður þriggja manna útflutnings- og markaðsnefnd sem hefur margþætt hlutverk, m.a. að skipuleggja markaðsstarf fyrir hross á erlendri grund, jafnframt því að leita leiða til að minnka kostnað við útflutninginn. Í dag er gert ráð fyrir að Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins vinni að þessum málum en eðlilegt hlýtur að teljast að Félag hrossabænda komi í stað Framleiðsluráðs.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að innheimta gjald á hvert útflutt hross. Gjaldið skal renna í sjóð er hafi það hlutverk að standa undir kostnaði við heilbrigðisskoðun vegna útflutnings og við útgáfu upprunavottorðs auk þess sem 5% gjaldsins renni í stofnverndarsjóð. Þessu ákvæði er einkum ætlað að einfalda það kerfi sem nú ríkir. Þá er horfið frá því að útflytjendur kosti beint heilbrigðisskoðun enda er það í samræmi við þá viðurkenndu stefnu að yfirvöld sjái um eftirlit en innheimti gjald fyrir. Er það gert til að minnka líkur á hagsmunaárekstrum. Það fjármagn sem eftir stendur verður notað til markaðsstarfa. Rétt er að taka sérstaklega fram að nái þetta ákvæði fram að ganga mun ráðuneytið breyta reglugerð um stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins. Hann mun þó starfa áfram enda á sjóðurinn umtalsverðar eignir og getur sinnt því hlutverki sem honum er ætlað án mikilla fjárveitinga.

Ákvæði þessa frumvarps gilda ekki um útflutning á sæði eða fósturvísum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er nýmæli. Í henni er kveðið á um nefnd, útflutnings- og markaðsnefnd, sem skal vera ráðherra til ráðuneytis um útflutning á hrossum og sem flesta þætti er tengjast þeim málum. Í nefndinni skulu sitja fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og Félags hrossabænda enda eru þetta þau samtök sem mest koma að ræktun og verslun með hross. Formann skipar ráðherra síðan án tilnefningar. Nefndin hefur margþætt hlutverk, m.a. að leita nýrra markaða fyrir hross erlendis og gera tillögur að reglugerð um útflutning hrossa. Þær

tillögur gerir nefndin í samráði við hagsmunaaðila, dýraverndarnefnd, yfirdýralækni og e.t.v. fleiri. Nefndin skal hafa frumkvæði að alþjóðlegu samstarfi og hún skal leita leiða til að minnka kostnað við útflutning. Með þessari nefndarskipan er fyrst og fremst verið að auka samstarf þeirra sem við þetta starfa og afla sambanda við nýja aðila sem lagt geta verkefninu lið.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að útflutningur hrossa sé heimill án sérstakra leyfa og er það nýmæli. Í lögum nr. 84/1989, um búfjárrækt, er gert ráð fyrir að útflutningur á tímgunarhæfu búfé sé háður leyfum landbúnaðarráðuneytisins. Ástæða þess að lagt er til að aðrar reglur gildi um hross en annað búfé er að útflutningur er stór hluti af verðmætasköpun í hrossarækt auk þess sem hann er miklu algengari en í öðru búfé. Fjöldi kynbótagripa á landinu er mjög mikill og ekki ástæða til að ætla að það komi niður á ræktuninni þó hluti þeirra sé seldur úr landi og óþarfi að gera það ferli of flókið. Því verður við það miðað að einungis úrvalsgripir að mati hrossaræktarnefndar séu háðir forkaupsrétti innlendra ræktenda.

Núgildandi lög gera ráð fyrir að útflutningshross skuli ekki vera eldri en 10 vetra. Þó er heimilt að flytja út eldri hross ef yfirdýralæknir mælir með því. Þar sem ekki þykir lengur ástæða til að hafa áhyggjur af velferð hrossa í flutningum eru þessi aldursmörk rýmkuð og jafnframt er gefinn kostur á að flytja úr landi eldri kynbótahross. Oft má fá gott verð fyrir fullorðin kynbótahross í útflutningi þó verðgildi og kynbótagildi þeirra sé takmarkað hérlendis.

Um 3. gr.

Ákvæðin eru um margt lík þeim sem nú gilda en opnað er fyrir þann möguleika að hrossin séu heilbrigðisskoðuð í heimabyggð og aðeins fari fram minni háttar skoðun í útflutningshöfn. Framkvæmdin nú er með þeim hætti að hrossum er safnað saman í útflutningshöfn sem í flestum tilfellum er Reykjavík og nágrenni. Þar eru þau skoðuð af héraðsdýralækni sem vottar heilbrigði þeirra og fylgist síðan með að þessi sömu hross fari um borð í flutningsfar. Vegna þess að það er dýrt að flytja hross innan lands eru hrossin yfirleitt skoðuð af dýralækni í heimabyggð áður en þau eru flutt í útflutningshöfn. Þetta er gert til að tryggja að þau séu ekki send aftur heim og á þau falli kostnaður sem enginn vill greiða. Þess vegna er um tvíverknað að ræða þegar hrossin eru skoðuð aftur í útflutningshöfn. Þessi tvíverknaður eykur kostnað við útflutninginn og þess vegna er þessi breyting lögð til. Í reglugerð verður nánar kveðið á um skil milli heilbrigðisskoðunar og eftirlits í útflutningshöfn. Eftir sem áður er hægt að fá skoðun hjá dýralækni í útflutningshöfn.

Þá er lagt til að heilbrigðisskoðun verði greidd af útflutnings- og markaðsnefnd af því fjármagni sem innheimt verður af útfluttum hrossum. Þar er horfið frá lagabreytingu frá því í fyrra og þeirri verklagsreglu sem mótast hefur undanfarin ár. Þetta er í samræmi við þá þróun að minnka hagsmunatengsl.

Um 4. gr.

Sambærileg ákvæði eru í núgildandi lögum en nú er gert ráð fyrir ítarlegum ákvæðum í reglugerð og skal þar miða við þá alþjóðlegu samninga um dýravernd sem Ísland er aðili að. Eðlilegt er að sá tími ársins sem heimilt er að nota skip við flutninga verði endurskoðaður í samræmi við flutningatækni og upplýsingar úr veðurfarssögu.

Um 5. gr.

Fyrri hluti greinarinnar um upprunavottorð er nýmæli í lögum. Ákvæði um upprunavottorð er í reglugerð um útflutning hrossa en eðlilegt er í ljósi mikilvægi þessa vottorðs að lögin geymi ákvæði um útgáfu þess. Eðlilegt er að vottorðið byggi á upplýsingum úr gagnabanka kynbótastarfsins enda geymir hann flestar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til útgáfu þess.

Seinni hluti greinarinnar fjallar um heimild ráðherra til að fresta útflutningi á úrvalskynbótahrossum og forkaupsrétt innlendra ræktenda á uppgefnu útflutningsverði. Bæði þessi ákvæði eru í núgildandi löggjöf. Samkvæmt 2. gr. núgildandi laga um útflutning hrossa og 14. gr. laga nr. 84/1985, um búfjárrækt, þarf sérstakt leyfi í hvert sinn sem kynbótahross er flutt úr landi þannig að hér er um einföldun að ræða. Gert er ráð fyrir að árlega verði gefin út viðmiðunarmörk varðandi það kynbótamat/-spá sem gildi sem viðmiðun um úrvalskynbótagrip.

Um 6. gr.

Samkvæmt núgildandi reglum þarf að greiða ýmis gjöld af þeim hrossum sem flutt eru úr landi. Þar má nefna heilbrigðisskoðun, sjóðagjöld, upprunavottorð og gjald til stofnverndarsjóðs. Verði þetta frumvarp að lögum koma þessi gjöld (að sjóðagjöldum undanskildum) saman í eitt gjald sem verður það sama fyrir öll hross. Gjald þetta, sem innheimt verður við útgáfu upprunavottorðs, skal standa undir heilbrigðisskoðun og útgáfu upprunavottorðs auk þess sem 5% renna í stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins. Jafnframt verður til sjóður sem skal nota til markaðs- og útflutningsmála. Sjóður þessi verður í vörslu útflutnings- og markaðsnefndar og mun ráðherra úthluta úr honum að fengnum tillögum. Gjaldið verður föst krónutala en breytist árlega samkvæmt vísitölu búfjárræktar sem Hagstofa Íslands gefur út.

Þessi breyting er lögð fram til einföldunar og til að fella í eitt þau gjöld sem nú eru innheimt. Hlutverk stofnverndarsjóðs hefur breyst undanfarið og nú er ekki sama nauðsyn á starfi hans og var auk þess sem hann á talsverðar eignir til að vinna með. Vinnsla upprunavottorða verður einfaldari í framtíðinni þegar til kemur samkeyrsla við gagnabanka kynbótastarfsins og fyrr hefur verið getið um ástæður þess að breyta gjaldtöku vegna heilbrigðisskoðunar. Hins vegar er enn ástæða til að efla sameiginlegt markaðsstarf og verður hluti gjaldsins notaður til þess. Þar getur m.a. komið til greina að ráða sérstakan útflutningsráðunaut eða efla samstaf við sérhæfðar stofnanir á þessu sviði. Það getur gerst með útboði á ákveðnum þáttum kynningar og markaðsstarfs. Gert er ráð fyrir að útflutningur hrossa verði ekki minni en 2.000 hross næstu árin sem þýðir að tekjur sjóðsins verða um 14 milljónir kr.

Um 7. gr.

Þar sem frumvarpið er tillaga að rammalöggjöf þarf að útfæra marga þætti þess í reglugerð. Til þess verks þarf að kalla eftir tillögum margra aðila sem að þessum málum vinna.

Um 8. og 9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

900. Frumvarp til laga [581. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Fyrir útgáfu leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða 5.000 kr.

Fyrir endurnýjun leyfa og skírteina skv. 1. mgr. skal greiða 1.000 kr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um gjöld fyrir að þreyta próf til að öðlast atvinnuréttindi eða tengd réttindi.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo:

12. Vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabókum ..... 300 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við útgáfu leyfa og skírteina sem gefin eru út frá þeim tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er lögð til breyting á lögum sem sett voru á haustþingi 1991. Með þeim lögum voru í megindráttum lögfest þau ákvæði sem áður höfðu verið í reglugerð nr. 644/1989 um aukatekjur ríkissjóðs hvað varðar gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda.

Gjaldtaka þessi hefur sætt mikilli gagnrýni, enda frekar í hærri kantinum miðað við þann kostnað sem býr að baki leyfisveitingum af þessu tagi. Verður að hafa í huga að hér er almennt um persónubundin réttindi einstaklinga að ræða. Í ljósi þessa er lögð til sú breyting að sama gjald verði tekið fyrir öll leyfi af þessum toga, eða 5.000 kr. Fjárhæð þessi er hugsuð til að mæta, a.m.k. að nokkru leyti þeim kostnaði sem ríkissjóður hefur af útgáfu leyfanna. Gera má ráð fyrir að þessi breyting muni kosta ríkissjóð u.þ.b. 10 millj. kr. Þá er lagt til að gjald fyrir endurnýjun leyfa verði 1.000 kr. við hverja endurnýjun eða endurútgáfu.

Í 2. gr. er síðan lagt til nýmæli er lýtur að gjaldtöku fyrir upplýsingar sem aflað er á vélrænan hátt úr þinglýsingabókum. Þinglýsingar eru nú tölvuvæddar og er fyrirhugað að þeir sem þurfa á upplýsingum að halda úr þinglýsingabókum geti sjálfir með vélrænum hætti skoðað og prentað upplýsingar úr þeim. Samkvæmt gildandi lögum kostar veðbókarvottorð 800 kr. Hér er lagt til að tölvufyrirspurn kosti 300 kr. sem hefur í för með sér að lögmenn, fasteignasalar og lánastofnanir munu og aðrir þeir sem mikið nota veðbókarvottorð sjá sér hag án efa í því að fá tölvuaðgang að þinglýsingabókum. Ætla má að vélrænar fyrirspurnir verði bornar upp í meira mæli en beiðnir um veðbókarvottorð hingað til. Um þetta er þó erfitt að spá en gert er ráð fyrir óbreyttum tekjum af þessum lið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni felst að sama gjald verður innheimt fyrir veitingar allra atvinnuréttinda eða leyfa þar að lútandi. Í stað þess að telja upp einstök leyfi þar sem gjaldtakan er mismunandi er lagt til að eitt og sama gjald verði tekið fyrir útgáfu leyfa af þessum toga. Breyting þessi felur í sér eftirfarandi breytingar á gjaldtöku:

		Var	Verður
1.	Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	75.000	5.000
2.	Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	50.000	5.000
3.	Leyfi til að stunda almennar lækningar	5.000	5.000
4.	Leyfi til að stunda sérfræðilækningar	75.000	5.000
5.	Leyfi til að stunda almennar tannlækningar	50.000	5.000
6.	Leyfi til að stunda sérfræðitannlækningar	75.000	5.000
7.	Lyfsöluleyfi	75.000	5.000
8.	Leyfi til tæknifræðinga, verkfræðinga, arkitekta, lyfjafræðinga, viðskiptafræðinga og hagfræðinga	25.000	5.000
9.	Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkar, skjalaþýðendur, endurskoðendur o.fl.)	25.000	5.000
10.	Löggilding manns um óákveðinn tíma	5.000	5.000
11.	Meistarabréf	25.000	5.000
12.	Sveinsbréf	5.000	5.000
13.	Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A	11.000	5.000
14.	Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna B	13.000	5.000
15.	Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna C	14.000	5.000
16.	Vélstjórnarskírteini	13.000	5.000
17.	Flugnema- og svifflugmannsskírteini	5.000	5.000
18.	Einkaflugmannsskírteini	6.000	5.000
19.	Atvinnuflugmannsskírteini III. fl.	15.000	5.000
20.	Atvinnuflugmannsskírteini II. fl.	20.000	5.000
21.	Atvinnuflugmannsskírteini I. fl.	25.000	5.000
22.	Flugvéltækna-, flugvélstjóra- og flugumferðarstjóraskírteini	25.000	5.000
23.	Skírteini til kvikmyndasýninga:		
	a. staðbundin skírteini	5.000	5.000
	b. sveinsskírteini	5.000	5.000
	c. meistaraskírteini	5.000	5.000
24.	Naglabyssuskírteini	5.000	5.000
25.	Skírteini fyrir suðumenn	5.000	5.000
26.	Önnur leyfi af svipuðum toga er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum	5.000	5.000

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild til handa ráðherra að ákveða með reglugerð að innheimt verði sérstök próftökugjöld þegar halda þarf próf til að skera úr um hvort menn fái tiltekin atvinnuréttindi eða tengd réttindi. Próftökugjöldum þessum er eingöngu ætlað að standa straum af kostnaði við það að halda próf af þessu tagi.

Um 2. gr.

Um skýringar vísast til almennrar athugasemda.

Um 3. gr.

Gildistökuákvæði. Eigi er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins hafi afturvirk áhrif heldur komi til framkvæmda varðandi leyfi og skírteini sem gefin eru út eftir gildistökuna.

901. Frumvarp til laga [582. mál]

um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Endurgreiðsla oftekins fjár.

1. gr.

Stjórnvöld, sem innheimta skatta eða gjöld, skulu endurgreiða það fé sem oftekið reynist lögum samkvæmt.

Stjórnvöld skulu hafa frumkvæði að slíkum endurgreiðslum þegar þeim verður ljóst að ofgreitt hefur verið.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg.

Vextir.

2. gr.

Þegar stjórnvöld hafa ranglega krafið aðila um hærri skatta eða gjöld en heimilt er lögum samkvæmt skal greiða aðila dráttarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga af því fé sem oftekið var.

Ef gjaldandi á sjálfur sök á því að hafa greitt of mikið skal þó aðeins greiða vexti sem eru jafnháir þeim vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands.

Vextir skulu reiknaðir frá því að fé var oftekið og þar til endurgreiðsla fer fram.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg.

Gjöld sem greidd eru fyrir fram eða samkvæmt áætlun.

3. gr.

Þegar gjöld eru greidd fyrir fram eða samkvæmt áætlun fyrir opinbera þjónustu sem látin er í té samfellt eða reglubundið og í ljós kemur eftir uppgjör að ofgreitt hefur verið fyrir ákveðið gjaldatímabil skal gjaldanda ekki endurgreitt það sem oftekið var þrátt fyrir ákvæði 1. gr. Þetta gildir þó ekki ef fjárhæð sú, sem oftekin var, er óvenjuhá miðað við fjárhæð gjaldanna.

Greiða skal gjaldanda vexti á þá fjárhæð sem oftekin hefur verið við innheimtu slíkra gjalda. Skulu vextirnir vera jafnháir þeim vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands, nema lög mæli fyrir á annan veg.

Fjárhæðin ásamt vöxtum skal koma til frádráttar skuld fyrir næsta gjaldatímabil.

Fyrning.

4. gr.

Krafa um endurgreiðslu samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi fyrir fyrningu þegar tvö ár eru liðin frá því að greiðsla átti sér stað. Þegar krafa um endurgreiðslu fyrnist falla jafnframt úr gildi allir áfallnir vextir.

Fyrningu verður m.a. slitið með því að beina skriflegri áskorun til stjórnvalds um endurgreiðslu oftekins fjár. Hefst þá nýr fyrningarfrestur.

Fyrningu verður ekki slitið í annað sinn nema með viðurkenningu stjórnvalds á endurgreiðslukröfunni eða málssókn, sbr. 6. og 11. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af því að efnahags- og viðskiptanefnd barst bréf frá umboðsmanni Alþingis þar sem fram kom að mikil þörf væri á setningu sérstakra laga um endurgreiðslu á ofgreiddum opinberum gjöldum.

Í ýmsum lögum má finna ákvæði þar sem mælt er fyrir um slíka endurgreiðslu, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 29. gr. sömu laga, og 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en aldrei hafa verið til nein heildstæð lög um þetta hér á landi. Blessunarlega hafa yfirvöld oft, sérstaklega á sviði skattamála, verið nokkuð skilningsrík á að liðka fyrir endurgreiðslum þegar ofgreitt hefur verið þrátt fyrir að ekki hafi verið til staðar skylduákvæði í lögum. Fram yfir miðjan níunda áratuginn var hins vegar lítil formfesta ríkjandi varðandi mögulegar endurgreiðslur á ofgreiddum opinberum þjónustugjöldum. Með dómi sínum frá 27. febrúar 1986 í svokölluðu þungaskattsmáli kvað Hæstiréttur upp úr um að hérlendis gilti sú regla að ekki bæri að endurgreiða oftekin opinber gjöld nema sérstakur fyrirvari hefði verið gerður um það við greiðslu eða ákvæði sérlaga mæltu fyrir um að svo yrði gert. Í Rómarrétti hinum forna var til sérstök málshöfðunarleið er nefndist „condictio indebiti“ sem greiðendur er höfðu innt af hendi ímyndaða skuld, eða greitt meira en þeim bar skylda til, gátu beitt fyrir sig til endurgreiðslu. Þetta hugtak hefur síðan verið notað um endurheimtukröfur sem rót eiga að rekja til þess að greitt hefur verið umfram skyldu vegna misskilnings af hálfu greiðanda og í norrænum rétti hefur þróunin orðið sú að megingrundvöllurinn fyrir endurgreiðslu er að greitt hafi verið með fyrirvara. Hæstiréttur byggir dómsniðurstöðu sína í ofangreindum dómi á þessari reglu en þess ber þó að geta að dómurinn margklofnaði í afstöðu sinni til málsins. Eftir að dómsniðurstaða þessi var kunn tóku ýmis stjórnvöld að setja sér þær vinnureglur að endurgreiða aldrei nema gerður hefði verið fyrirvari við greiðslu. Má í þessu sambandi benda á mál nr. 425/1991 hjá umboðsmanni Alþingis þar sem umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu að hækkun fjármálaráðherra á gjaldi fyrir leyfi til málflutnings hefði verið ólögmæt þar sem lagastoð skorti og beindi þeim tilmælum til ráðuneytisins að öllum þeim sem voru í sömu stöðu og sá umbjóðandi er stofnaði til málsins yrði endurgreitt sem nam hækkun frá eldra gjaldi. Þrátt fyrir þessi tilmæli ákvað ráðuneytið að endurgreiða aðeins þeim sem greitt höfðu með fyrirvara en ekki öðrum.

Greiðendur opinberra gjalda hljóta almennt að líta svo á að þau gjöld, sem þeim er gert að greiða, séu löglega á lögð. Oftast eru menn því alveg grandalausir þegar slík tilvik koma upp sem frumvarp þetta fjallar um. Aðstöðumunur þess aðila sem fer með opinbera valdið og greiðandans er gífurlegur og það hlýtur að standa þeim fyrrnefnda nær að sjá til þess að ekki sé greitt of mikið. Á það skal bent að í fyrrnefndum hæstaréttardómi komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að hið víðtæka framsal löggjafans á skattlagningarvaldi, sem um var að ræða í málinu, bryti í bága við stjórnarskrána og skatttakan væri því eigi gild að lögum. Þrátt fyrir þetta taldi rétturinn að endurkrafa kæmi ekki til greina. Þótt æðsta dómsvald landsins hafi ekki talið sig geta komist hjá því, á grundvelli meginreglunnar um „condictio indebiti", að dæma með þessum hætti hlýtur að vera spurning hvort eðlilegt geti verið að slík regla teljist jafngild í dag með tilliti til þeirra sanngirnis- og réttlætissjónarmiða sem almennt eru talin einkenna nútímasamfélög. Einnig ber á það að líta að stjórnvöld hafa almennt mjög virk þvingunarúrræði í lögum til að knýja fram greiðslu ef þau telja á sig hallað meðan réttur einstaklingsins í þessum efnum er iðulega ýmsum takmörkunum háður ef hann er þá einhver. Þá hafa einstaklingar sjaldan þá þekkingu sem telja verður grundvöll fyrir því að þeir geti metið hvort ástæða sé til að gera fyrirvara við greiðslu í hvert eitt skipti. Þessi gífurlegi aðstöðumunur sem fyrir hendi er milli stjórnvalda annars vegar og einstaklinganna hins vegar hlýtur að skapa tvöfalt siðgæði og grafa undan virðingu manna fyrir lögunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með stjórnvöldum er átt við stjórnvöld í skilningi stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þ.e. þá aðila ríkis og sveitarfélaga sem fara með framkvæmdarvaldið innan þrískiptingar ríkisvaldsins. Þá skal tekið fram að ákvæðið nær bæði til almennra skatta, sbr. þó 4. mgr. 2. gr., og allra þjónustugjalda sem innheimt eru af ríki og sveitarfélögum.

Í sérlögum getur verið mælt fyrir um ýmsar sérreglur, svo sem varðandi endurgreiðslufyrirkomulag eða annað sem sérstaklega getur átt við í einstökum tilvikum, og ganga þær reglur þá framar lögum þessum.

Um 2. gr.

Gerður er greinarmunur á því hvort stjórnvöld hafa ranglega krafið aðila um of mikið eða hvort aðili eigi sjálfur sök á því að hafa greitt of mikið. Í síðara tilvikinu á aðilinn aðeins rétt á almennum sparisjóðsvöxtum enda væri annars hætta á að gjaldendur mynduðu hjá sér inneignir til að njóta slíkra vaxtakjara sem 1. mgr. 2. gr. mælir fyrir um.

Sérstaklega er tekið fram að ákvæði þessarar greinar gildi ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg, sbr. t.d. reglur í 2. og 3. málsl. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en þar er að finna sérreglur um upphafstímamark vaxta og vaxtahæð.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að hafa í lögunum sérákvæði um þau tilvik þegar verið er að greiða fyrir fram eða samkvæmt áætlunum fyrir opinbera þjónustu sem látin er í té samfellt eða reglubundið, t.d. gjöld fyrir hita og rafmagn. Myndast hefur sú framkvæmdavenja í slíkum tilvikum að ofgreidd gjöld eru færð til innstæðu sem síðan reiknast til frádráttar á næsta tímabili. Gjaldandi fær þó endurgreitt ef innstæða er til staðar þegar hann segir upp þjónustunni. Fyrirvari er gerður í ákvæðinu um það að gjaldandi getur krafist endurgreiðslu strax ef hin ofgreidda fjárhæð er óvenjuhá miðað við þá fjárhæð sem gjöldin námu.

Gert er að skilyrði að greiddir séu almennir sparisjóðsvextir af slíkum innstæðum gjaldanda, svo framarlega sem lög mæla ekki fyrir á annan veg. Fram til þessa hefur allur gangur verið á því hvort reiknaðir hafa verið vextir af slíkum innstæðum.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um tveggja ára fyrningartíma sem er nokkru styttri en hinn almenni fjögurra ára fyrningartími skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. lög nr. 14/1905. Þetta helgast af því að um verulega fjármuni getur verið að ræða fyrir stjórnvöld og það gæti haft ófyrirséðar afleiðingar ef slíkar kröfur fengju að safnast saman á hendur stjórnvöldum um fjögurra ára tímabil.

Þar sem fyrningarfrestur er hafður svo skammur er í 2. mgr. mælt fyrir um sérstök fyrningarslit til viðbótar almennum reglum með því að nýr fyrningarfrestur hefst ef skriflegri áskorun er beint til stjórnvalds um endurgreiðslu.

Um fyrningarslit eftir fyrsta frest gilda einungis almennar reglur fyrningarlaga, nr. 14/1905.

Um 5. gr.

Þar sem um nokkrar breytingar á gildandi framkvæmd er að ræða þykir rétt að gefa nokkurn umþóttunartíma áður en lögin taka gildi.

902. Frumvarp til laga [583. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Sturla Böðvarsson.

1. gr.

Við B-lið 30. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Kostnað við endurbætur og viðhald á eigin húsnæði, enda nemi þessi kostnaður að lágmarki 100.000 kr., og skal endurgreiðslan vera 10% af þeim kostnaði sem ráðist hefur verið í.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Íslandi eru nú tæplega 63 milljónir m^3 af íbúðar- og atvinnuhúsnæði, að núvirði um 1.200 milljarðar kr., en til viðbótar eru um 13 milljónir m^3 í ýmiss konar útihúsum. Þjóðarauður okkar er að mestu bundinn í þessum eignum.

Meðalaldur þessa húsnæðis er um 25 ár og það því að mestu byggt á eftirstríðsárunum. Á síðasta áratug hefur viðhaldsþörf fasteigna landsmanna farið hraðvaxandi og ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir holskeflu á næstu árum þar sem aðeins litlum hluta húsnæðisins hefur enn sem komið er verið haldið við sem skyldi, bæði hjá einkaaðilum og opinberum aðilum. Veldur þar nokkru oftrú á steinsteypu sem ekki hefur reynst það viðhaldsfría efni sem almennt var talið, a.m.k. eins og hún hefur verið notuð í húsbyggingar.

Annars staðar á Norðurlöndum er almennt miðað við að árlegur viðhaldskostnaður sé um 1–5% af nýbyggingarkostnaði en fari hækkandi með aldri húsnæðisins. Lægri mörkin eru fyrir íbúðarhúsnæði í einkaeign en hærri mörkin fyrir sumar opinberar byggingar. Þessi hlutföll miða við reglubundið viðhald. Þar sem það hefur almennt verið vanrækt hér á landi og aldur húsnæðis er lágur og kemur gífurlegur uppsafnaður vandi til með að mæta húseigendum á næstu árum. Sé viðhald vanrækt eykst skemmd sem fall af tíma þannig að á endanum verður þörf á mun víðtækari viðgerðum en var í upphafi. Óverulegar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhaldskostnaði húsa hér á landi en flest bendir til að hann sé sambærilegur því sem að framan greinir. Reynsla Reykjavíkurborgar af viðhaldskostnaði húsnæðis í eigu borgarinnar styður það mat. Húsnæði hér á landi er almennt vandað en jafnframt undir miklu og erfiðu veðurfarslegu álagi.

Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem gerð var árið 1992 um viðhorf húseigenda til viðhalds fasteigna, kemur fram að 77% húseigenda segjast sjálfir meta viðhaldsþörf húseigna sinna og 53% segjast annast viðhald sjálfir. Um 52% húseigenda telja viðhaldsþörf húsa vera innan við 50 þús. kr. á ári. 24% telja hana vera á bilinu 50–150 þús. kr. á ári og 6% telja hana meiri. Þessar tölur benda til að a.m.k. helmingur húseigenda vanmeti viðhaldsþörf fasteigna sinna.

Ef áætlaður viðhaldskostnaður er um 2% af stofnverði að jafnaði ætti árlegur kostnaður af viðhaldi húsnæðis landsmanna að vera a.m.k. 24 milljarðar kr. Hlutfall vinnuliðar er áætlað um 75% í viðgerðum og ætti vinnuliður að nema um 18 milljörðum kr. árlega. Viðhaldsmarkaðurinn er áætlaður um 5–7 milljarðar kr.

Ef gert er við húseign fyrir um 1 millj. kr. fyrir utan virðisaukaskatt nemur vinnuliður um 750 þús. kr. með launakostnaði. Launakostnaður er um 300 þús. kr. af þeirri upphæð og hlutur ríkisins af þeim lið um 16% í formi tryggingagjalds sem er tæplega 50 þús. kr. Ætla má að tekjur ríkissjóðs af vinnulið séu í heild um 160 þús. kr. miðað við að brúttótekjuskattur launþega sé ríflega 35%, að viðbættum 50 þús. kr., eða samtals um 210 þús. kr. Tekjur ríkissjóðs af efnislið verksins eru þá ótaldar. Tekjurnar eru því lauslega áætlaðar a.m.k. um 250 þús. kr. af 1 millj. kr. viðgerðarverkefni, eða um 25%. Miðað við 10% skattendurgreiðslu af heildarverkupphæð, eða um 100 þús. kr., yrðu nettótekjur ríkissjóðs um 150 þús. kr.

Samkvæmt skýrslu fjármálaráðuneytisins um umfang skattsvika frá september 1993 kemur fram að áætluð nótulaus viðskipti séu langmest í byggingariðnaði. Heildarumfang skattsvika er áætlað um 6% af vergri þjóðarframleiðslu eða sem nemur 6,5 milljörðum kr. Hlutfall af nótulausum viðskiptum byggingariðnaðarins er reiknað sem 16% af rekstrartekjum. Um 21% aðila í byggingariðnaði sögðust taka á móti óframtöldum tekjum og um 16% einstaklinga sögðust hafa greitt fyrir slík viðskipti. Hins vegar sögðust 71% aðspurðra mundu þiggja skattlausar tekjur ef þeim stæðu þær til boða. Ætla má að megnið af þessum nótulausu viðskiptum byggingariðnaðarins eigi sér uppruna á viðhaldssviði greinarinnar hjá einstaklingum og húsfélögum en síður hjá fyrirtækjum og stofnunum og vegna nýframkvæmda. Ætla má að þetta hlutfall sé því töluvert hærra í viðhaldsverkefnum.

Mikilvægt er að grípa til aðgerða sem hvetja húseigendur til að eiga aðeins lögleg viðskipti. Með skattendurgreiðslu má ná þessu markmiði.

Ávinningur slíkrar endurgreiðslu er ekki síst fólginn í eftirfarandi:

— Endurgreiðslurnar hvetja til að viðhaldsverkefnum verði skilað með fullgildum reikningum.
— Tekjur ríkissjóðs aukast vegna minnkandi svartar vinnu.
— Endurgreiðslurnar hvetja húseigendur til að auka viðhald húsnæðis og er þannig atvinnuskapandi aðgerð sem þýðir minni greiðslur í atvinnuleysisbætur.
— Þjóðarauður landsmanna, sem bundinn er í fasteignum, verður betur varðveittur.

Í viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar kemur fram að iðnaðarmenn eru helst fengnir í stærri utanhússviðgerðir, svo sem steypuviðgerðir og viðgerðir á gluggum og þaki. Viðhaldsverk taka eðlilega að öllu jöfnu mun styttri tíma og eru minni umfangs en nýframkvæmdir. Við meiri háttar viðgerðir er þeim jafnframt dreift á nokkur ár til að jafna greiðslubyrði eigendanna. Ætla má af könnuninni að stór hluti viðhaldsverka sé af stærðargráðunni 150–250 þús. kr. hvað varðar árleg fjárútlát einstakra húseigenda. Þetta bendir til að stærðargráða viðhaldsverkefna á vegum einstaklinga sé innan þeirra marka að fátt hvetji til að gefa þau upp til skatts. Ætla má að töluverður hluti þeirra sé unninn nótulaust og hafi það aukist í atvinnuleysinu á undanförnum árum. Töluverð ásókn er í vinnu við viðgerðir á hverju vori af verktökum með litla sem enga þekkingu á viðgerðum og eru verktakafyrirtæki jafnvel gerð upp í lok árs eftir að hafa að mestu unnið nótulaust og því enga ábyrgð tekið á verkum. Ætla má að eftir töluverðu sé að slægjast fyrir skattyfirvöld með því að hvetja húseigendur til að skipta aðeins við viðurkennda verktaka og krefjast fullgilds reiknings fyrir viðhald eigna sinna.

903. Tillaga til þingsályktunar [584. mál]

um lýsingu á Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Salome Þorkelsdóttir, Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta nú þegar hefja undirbúning að því að setja upp lýsingu við Reykjanesbraut á milli Hafnarfjarðar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Greinargerð.

Sambærilegar þingsályktunartillögur voru fluttar á 111. og 113. löggjafarþingi, en þær gengu þó eingöngu út á kostnaðar- og framkvæmdaáætlun við lýsingu Reykjanesbrautar.

Nokkrar þingsályktanir hafa komið fram á umliðnum löggjafarþingum varðandi Reykjanesbraut sem allar hafa beinst að sama markmiði, þ.e. að auka öryggi þeirra hundruða þúsunda vegfarenda sem fara um Reykjanesbraut árlega.

Mikil næturumferð er um Reykjanesbraut allan ársins hring vegna tímaáætlunar flugs til og frá útlöndum, svo og þeirra fjölmörgu sem sækja vinnu til og frá Suðurnesjum um Reykjanesbraut.

Um Keflavíkurflugvöll fara árlega um 700 þúsund farþegar (þar af eru aðeins um 130 þúsund „transit"-farþegar), um 20 þús. tonn af vörum og pósti og um 80 þús. tonn af flugvélabensíni. Langmestur hluti þessarar umferðar fer um Reykjanesbrautina til viðbótar annarri umferð farþega og vöruflutninga sem tengist Suðurnesjunum. Umferðarþungi á Reykjanesbraut er gífurlegur af þessum sökum. Hin mikla umferð um þennan 50 km langa þjóðveg hefur á liðnum árum leitt af sér rúmlega 12% allra umferðarslysa sem á landinu verða og gengur í raun kraftaverki næst að slysatíðnin er ekki hærri. Þessi háa slysatíðni hlýtur að vera alvarleg áminning um að óbreytt ástand umferðarmála Reykjanesbrautar er óviðunandi.

Í skammdeginu og tíðum veðrabrigðum geta skapast hrikaleg akstursskilyrði á Reykjanesbraut. Flutningsmenn eru þess fullvissir að með lýsingu Reykjanesbrautar, sem þingsályktunartillagan kveður á um, mun umferðaröryggi aukast til muna og slysum fækka.

904. Svar [523. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Önnu Ólafsdóttur Björnsson um framlög til áfengis- og fíkniefnameðferðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve miklu fé var varið til áfengis- og fíkniefnameðferðar árin 1992 og 1993 og hvernig skiptist það á milli einstakra aðila?*
2. *Hve miklu fé verður varið til áfengis- og fíkniefnameðferðar á þessu ári og hvernig skiptist það á milli einstakra aðila?*
3. *Hver ákveður skiptingu fjár til áfengis- og fíkniefnameðferðar?*

Upphæðir eru í þús. kr.	1. spurning Fjárlög 1992	1. spurning Fjárlög 1993	2. spurning Fjárlög 1994
STOFNANIR			
SÁÁ	**206.500**	**190.200**	**183.600**
Vogur	122.000	111.900	
Vík	32.700	30.300	
Staðarfell	33.000	30.500	
Göngudeild Reykjavík	18.800	17.500	
Landspítalinn	**168.910**	**172.000**	**152.000**
33A		53.600	54.500
32A, göngudeild	22.600	23.000	
Vífilsstaðir	50.500	51.300	
Gunnarsholt	42.210	43.200	*
Aðrar stofnanir:			
Víðines	71.200	76.300	62.000
Samhjálp, Hlaðgerðarkot	37.800	40.500	33.000
Samtals	**484.410**	**479.000**	**430.600**
STYRKIR	1992	1993	1994
Athvarf/endurhæfing:			
Krossinn	1.000	1.000	
Tindar	47.500	47.500	félagsmrn.
Vernd	3.000		1.275
Skjöldur	1.000	1.000	1.300
Risið	800	500	1.300
Þrepið	500	500	
Takmarkið	500	450	900
SÁÁ, Akureyri	1.000	1.000	
Dyngjan	500	500	1.500
Fjólan, Akureyri		300	500
Samhjálp			400
Krossgötur			500
Klettur			900
Krýsuvík**	8.000	10.000	15.000
Samtals	**63.800**	**62.750**	**23.575**
ALLS	548.210	541.750	

* Framlög til Gunnarsholts lækkuðu um 20 m.kr. en sá hluti var færður yfir til sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytis.
** 1994 eru 11 millj. kr. af heildarframlagi á fjárlagalið landlæknis.

Svar við 3. spurningu: Ráðherra.

905. Svar [524. og 525. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurnum Önnu Ólafsdóttur Björnsson um framlög til áfengis- og fíkniefnavarna og til forvarna í áfengis- og fíkniefnamálum.

Fyrirspurn á þskj. 817 (524. mál) hljóðar svo:

1. *Hve miklu fé var varið til áfengis- og fíkniefnavarna, annarra en forvarna og meðferðar, árin 1992 og 1993 og hvernig skiptist það á milli einstakra aðila?*
2. *Hve miklu fé er fyrirhugað að verja til áfengis- og fíknivarna, annarra en forvarna og meðferðar, á þessu ári og hvernig skiptist það á milli einstakra aðila?*
3. *Hver ákveður skiptingu fjár til áfengis- og fíkniefnavarna, annarra en forvarna og meðferðar?*

Fyrirspurn á þskj. 818 (525. mál) hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptust fjárveitingar til forvarna í áfengis- og fíkniefnamálum árin 1990, 1991, 1992 og 1993 milli einstakra aðila?*
2. *Hvernig skiptast fjárveitingar til forvarna í áfengis- og fíkniefnamálum á fjárlögum 1994 milli einstakra aðila?*
3. *Hver ákveður skiptingu fjár til forvarna í áfengis- og fíkniefnamálum?*

Svar við 1. og 2. spurningu:

Upphæðir eru í þús. kr.	1990	1991	1992	1993	1994
Áfengisvarnir[1]	6.162	6.895	7.500	3.400	8.600
Stórstúka Íslands	1.500	1.700			2.000
Átak í áfengisvörnum[2]	10.000	10.000	1.250	1.700	300
AA-samtök	2.000	2.000	150	150	300
LIU			1.600	2.500	
Áfengisvarnaráð	1.000	1.125	800	5.100	3.000
Annað[3]			24.500	22.550	12.700
Samtals	**20.662**	**21.720**	**34.200**	**34.500**	**29.400**

[1] Áfengisvarnir fara í áfengisvarnaráð.
[2] 1990 og 1991 var gert sérstakt átak vegna bjórkannana.
[3] Annað er sú upphæð sem varið er m.a. til styrktar athvarfa og endurhæfingarheimila.

Svar við 3. spurningu:

Fjárlaganefnd tekur ákvörðun um fjármagn til áfengisvarnaráðs. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ráðstafar öðru.

906. Lög [196. mál]

um breyting á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973.

(Afgreidd frá Alþingi 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 752.

907. Lög [197. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

(Afgreidd frá Alþingi 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 754 (sbr. 219).

908. Lög [198. mál]

um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

(Afgreidd frá Alþingi 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 753.

909. Lög [412. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 840.

910. Lög [341. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 756.

911. Svar [453. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sölu jarða til ríkisins samkvæmt búvörusamningi.

1. *Hvað hafa margir bændur, sem selt hafa frá sér framleiðslurétt í framhaldi af gerð núverandi búvörusamnings, óskað eftir því að ríkið keypti af þeim jarðirnar?*

Tvær umsóknir hafa borist á þeim forsendum sem um er spurt, báðar á árinu 1992. Annar umsækjenda hafði fjórum árum áður leigt fullvirðisrétt jarðarinnar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, hætt búskap og flutt af jörðinni. Hann seldi síðan ríkissjóði fram-

leiðsluréttinn haustið 1991 samkvæmt tilboði þar um. Það var mat ráðuneytisins að ekki væri rétt að verða við umsókninni og kaupa jörðina fyrr en betur lægi fyrir hvort og hversu margir bændur mundu leita eftir að Jarðasjóður keypti jarðir þeirra. Yrðu umsóknir margar bar nauðsyn til að móta verklagsreglur um notkun þeirra fjármuna sem Jarðasjóði yrðu tryggðir samkvæmt ákvæðum búvörusamningsins frá 11. mars 1991. Hinn umsækjandinn vildi selja Jarðasjóði tvær eyðijarðir sem hann hafði nýtt með ábýlisjörð sinni, en þar hyggst hann búa áfram, og því voru tæpast rök til þess að Jarðasjóður keypti eyðijarðirnar sem voru án fullvirðisréttar, a.m.k. ekki fyrr en betur lægi fyrir hvaða fjármuni sjóðurinn hefði til ráðstöfunar. Ekki kom til þess að verklagsreglur væru settar, enda hafa ekki til þessa borist fleiri umsóknir um jarðakaup á nefndum grundvelli.

2. *Hefur ríkið orðið við öllum slíkum óskum?*

Eins og rakið er hér að ofan hefur Jarðasjóður ríkisins ekki keypt jarðir bænda sem afsalað hafa sér framleiðslurétti þeirra. Heimild er til slíks í lögum um Jarðasjóð, nr. 34/1992, sbr. ákvæði 2. tölul. 2. gr. laganna.

3. *Hefur jarðasjóður fengið til þessara verkefna þá fjármuni sem gert var ráð fyrir samkvæmt viðauka við búvörusamning?*

Á fjárlögum áranna 1992 og 1993 voru Jarðasjóði ætlaðar 75 millj. kr. hvort ár til kaupa á jörðum bænda. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 er að finna eftirfarandi skýringar á fjárveitingum til Jarðasjóðs: „Til Jarðasjóðs er veitt 100 millj. kr. á árinu 1992 samanborið við 25 millj. kr. í fjárlögum 1991. Þessi hækkun skýrist af sérstöku viðbótarframlagi í samræmi við nýgerðan búvörusamning, en því er ætlað að auðvelda bændum sem bregða búi að selja jarðir sínar. Gert er ráð fyrir að fjármagna framlagið að fullu með sölu ríkisjarða, en söluandvirði þeirra er fært á tekjuhlið frumvarpsins.“ Hliðstæð skýring er í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993. Það tekjumarkmið, sem þarna var sett, hefur ekki náðst, en hins vegar er ljóst af fyrrgreindum upplýsingum að eftirspurn eftir jarðakaupum, á þeim forsendum sem um ræðir, hefur verið svo lítil að ekki hefur reynt á sjóðinn í því sambandi.

912. Svar [484. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 1992 koma fram athugasemdir er lúta að einstökum stofnunum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur farið yfir téðar athugasemdir og hefur ráðuneytið almennt unnið að framkvæmd þeirra, þ.e. hafi athugasemdir yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar farið saman við álit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Almennt má segja um athugasemdir við rekstur og fjárhagsstöðu einstakra sjúkrahúsa að á undangengnum árum hefur ávallt verið lögð mikil vinna í að fara ofan í rekstur einstakra stofnana og á það ekki síst við þegar um erfiða fjárhagsstöðu þeirra er að ræða. Á þetta við um þá spítala sem taldir eru upp í skýrslunni. Ráðherra og/eða embættismenn ráðuneytisins hafa eftir atvikum staðið í viðræðum og samstarfi við framkvæmdastjóra og formenn stjórna stofnana til lausnar m.a. þeirra mála sem bent er á í umræddri skýrslu.

Til að greiða úr fjárhagsvanda nokkurra sjúkrahúsa voru m.a. á fjáraukalögum síðasta árs veittar 17 millj. kr. til Sjúkrahúss Keflavíkur og 100 millj. kr. til St. Jósefsspítala Landakoti. Þá veitti ráðuneytið Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupstað sérstaka fjárveitingu vegna reksturs ársins 1993, eða 3 millj. kr. og 4,6 millj. kr. sérstaka hækkun vegna ársins 1992. Lengra taldi ráðuneytið sig ekki geta gengið til lausnar vanda sjúkrahússins. Sparnaður þessa sjúkrahúss, sem að var stemmt 1992, náði ekki fram að ganga, en flest önnur sjúkrahús náðu umtalsverðum sparnaði. Ráðuneytið mun hins vegar taka upp við afgreiðslu fjáraukalaga 1994 beiðni um fjárveitingu vegna uppsafnaðs halla Fjórðungssjúkrahússins Neskaupstað.

Ráðuneytið hefur margítrekað við stofnanir sínar innheimtu göngudeildargjalda jafnframt því sem margítrekað hefur verið ákvæði reglugerðar nr. 47/1990, um málefni aldraðra, um þátt aldraðra í legukostnaði.

913. Svar [504. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur, Svavars Gestssonar og Finns Ingólfssonar, um athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvaða athugasemdir hafa borist íslenskum stjórnvöldum frá eftirlitsstofnun EFTA um framkvæmd samnings um Evrópskt efnahagssvæði eftir gildistöku hans og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið í framhaldi af því?

Samkvæmt EES-samningnum bar EFTA-ríkjum að lögfesta allar tilskipanir sem eru í viðaukum samningsins í síðasta lagi 1. janúar 1994. Þessi skylda felst í tilskipununum sjálfum, 3.–7. gr. í EES-samningnum og 2. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunarinnar og EFTA-dómstólsins.

Eftirlitsstofnun EFTA ber samkvæmt EES-samningnum og fylgisamningnum um stofnun hennar að tryggja að EFTA-ríkin standi við skuldbindingar sínar jafnt samkvæmt EES-samningnum sem fylgisamningnum og tryggi að reglur EES-samningsins um samkeppni séu virtar. Í samræmi við þetta er starfsviði ESA skipt upp í almennt eftirlit með lögfestingu og framkvæmd EES-reglna og sérstakt eftirlit með framkvæmd samkeppnisreglna, reglna um opinber innkaup og ríkisstyrktarreglna.

Til að fullnægja eftirlitsskyldum sínum getur stofnunin skv. 6. gr. fylgisamningsins um stofnun hennar „farið fram á að fá allar nauðsynlegar upplýsingar frá ríkisstjórnum og þar til bærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna og frá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja“.

Til að fylgjast með lögfestingum meðal aðildarríkjanna hefur eftirlitsstofnunin gert sérstök tilkynningareyðublöð sem hafa verið send hlutaðeigandi ráðuneytum og stofnunum til útfyllingar þar sem fram kemur hvaða tilskipanir hafa verið lögfestar, hvernig og hvenær. Hafi einstaka gerðir ekki verið lögfestar á réttum tíma í samræmi við samninginn og/eða tilkynntar á áðurnefndum eyðublöðum getur eftirlitsstofnunin metið það svo að „EFTA-ríki hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum og skal hún, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, leggja fram rökstutt álit sitt um málið eftir að hafa gefið viðkomandi ríki tækifæri til að gera grein fyrir máli sínu“, sbr. 31. gr. samningsins. Síðan segir í sama ákvæði: „Ef viðkomandi ríki breytir ekki í samræmi við álitið innan þess frests sem eftirlitsstofnun EFTA setur getur hún vísað málinu til EFTA-dómstólsins.“

Þann 16. febrúar sl. ákvað eftirlitsstofnunin að lokafrestur til að tilkynna lögfestingu allra tilskipana í viðaukum EES-samningsins (sem taka áttu gildi 1. janúar sl.) væri 7. mars sl. Hefðu EFTA-ríkin ekki sinnt þessari skyldu hvað einstakar tilskipanir varðar áður en þessum tímafresti lyki mundi stofnunin í framhaldi af því senda formlega athugasemd (formal notice) með vísan til hugsanlegra aðgerða samkvæmt áðurnefndri 31. gr.

Þann 16. mars sl. barst ráðuneytinu síðan bréf frá eftirlitsstofnuninni, dags. 15. sama mánaðar, þar sem tilgreindar voru í viðauka þær tilskipanir sem fullnægjandi upplýsingar höfðu ekki borist um frá íslenskum stjórnvöldum. Þessar tilskipanir vörðuðu einkum vátryggingarstarfsemi, sbr. nánar hér á eftir, ýmsar tæknilegar reglur varðandi dráttarvélar og umhverfismál.

Í bréfinu upplýsir eftirlitsstofnunin að líta verði svo á að Ísland hafi ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að fullnægja þeim skuldbindingum sem voru fólgnar í umræddum tilskipunum. Eftirlitsstofnunin kvaðst enn fremur ekki hafa aðrar þær upplýsingar varðandi tilskipanirnar sem gerðu henni kleift að staðfesta hvort gripið hefði verið til aðgerða sem tryggja mundu lögfestingu þeirra.

Með vísan til áðurnefndrar 31. gr. beindi eftirlitsstofnunin því þar af leiðandi til íslenskra stjórnvalda að upplýsa með tilkynningum eða öðrum hætti, í síðasta lagi 30. apríl nk., til hvaða aðgerða hefði verið gripið varðandi þær tilskipanir sem um ræðir í viðaukanum með bréfinu. Eftir þann dag mun eftirlitsstofnunin meta hvort gefið verður rökstutt álit í samræmi við 31. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

Utanríkisráðuneytið hefur jafnóðum og framangreind bréf hafa borist komið upplýsingunum á framfæri við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir. Umsjónaraðilar hafa séð um að útfylla umrædd eyðublöð um lögfestingu tilskipananna eftir því sem við á. Tilkynningunum hefur síðan verið komið á framfæri við eftirlitsstofnunina. Eftir því sem ráðuneytið kemst næst höfðu íslensk stjórnvöld tilkynnt 10. mars sl. 87% þeirra tilskipana sem taka áttu gildi 1. janúar sl. Verið er að vinna að því að skyldunni verði fullnægt fyrir þær gerðir sem á vantar fyrir 30. apríl nk. eins og gert er ráð fyrir í bréfi eftirlitsstofnunarinnar frá 15. mars sl.

Varðandi athugasemd eftirlitsstofnunar EFTA um lögfestingu tilskipana á vátryggingasviðinu skal eftirfarandi tekið fram:

Íslenskum stjórnvöldum ber að gera verulegar breytingar á löggjöf um vátryggingarstarfsemi vegna EES. Ráðgert var að gera þessar breytingar í tveimur áföngum. Í fyrsta lagi með nýrri löggjöf sem taka átti gildi um áramótin eins og gert er ráð fyrir í EES og lögfesti svo kallaða fyrstu og aðra kynslóð tilskipana á tryggingasviðinu og í öðru lagi með frekari lagabreytingum fyrir mitt þetta ár sem tæki tillit til þeirrar þróunar sem á sér

stað á þessu sviði og miðar að því að koma á einum vátryggingamarkaði í EES (þriðja kynslóðin), en ráðgert er að það verði 1. júlí nk.

Þar sem ekki tókst að leggja vátryggingarlagafrumvarpið fram og fá það samþykkt á Alþingi fyrir áramótin gat Ísland þar með ekki staðið við skuldbindingar um lögfestingu fyrstu og annarrar kynslóðar tilskipananna á vátryggingasviðinu sem áttu að taka gildi á öllu EES-svæðinu 1. janúar 1994. Því var afráðið að leitast yrði við að gera nauðsynlegar breytingar á íslenskri löggjöf í einum áfanga fyrir mitt þetta ár. Þær skuldbindingar sem fælust í þriðju kynslóðinni auk hinna eldri yrðu þá teknar inn í frumvarpið þannig að lagabreytingarnar yrðu gerðar í einu skrefi í stað tveggja eins og áformað hafði verið.

Með bréfi dags. 7. janúar sl. til eftirlitsstofnunarinnar gaf utanríkisráðuneytið, í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, upplýsingar um stöðu mála. Í svarbréfi eftirlitsstofnunarinnar, dags. 20. janúar sl., kom fram það mat hennar að um vanefndir á EES-samningnum væri að ræða af Íslands hálfu hvað varðar fyrstu og aðra kynslóð tilskipana á vátryggingasviðinu. Þar sem stofnunin hefði ekki vald til að veita frekari tímafresti til lögfestingar en ráð er fyrir gert í EES var lögð þung áhersla á að ríkisstjórn Íslands gerði allt sem í hennar valdi stæði til að tryggja að lagafrumvarpið, sem fæli í sér lögfestingu fyrstu og annarrar tilskipunarinnar, yrði samþykkt eins fljótt og mögulegt væri.

914. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsráðherra skipaði 31. október 1991 nefnd til að endurskoða lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Hlutverk nefndarinnar var að meta hvort verðjöfnun sé raunhæf leið til að draga úr sveiflum í afkomu sjávarútvegsins og áhrifum þeirra á þjóðarbúið. Nefndinni var jafnframt falið að taka afstöðu til þess hvort hægt væri að ná markmiðum verðjöfnunar eftir öðrum leiðum.

Nefndarálitið er birt með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar og má segja að öll umfjöllun nefndarinnar styðji þá skoðun að starfsemi Verðjöfnunarsjóðs sé nauðsynleg bæði út frá þjóðhagslegum og hagrænum markmiðum og ekki síst til að tryggja hag sjávarútvegsins til lengri framtíðar og eðlilega sambúð hans við aðrar atvinnugreinar í landinu. Segja má að niðurstöður nefndarinnar séu í engu samræmi við þá greinargerð sem þær byggja á. M.a. segir í niðurstöðum: „Þegar á allt þetta er litið virðist nefndinni sem áframhaldandi starfsemi Verðjöfnunarsjóðs orki mjög tvímælis. Reynslan sýnir að ekki er unnt að reikna með að um hana geti skapast samstaða.“ Síðar segir: „Skilyrði fyrir að taka hana upp að nýju virðast ekki vera fyrir hendi. Eðlilegt sýnist því að lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins verði felld úr gildi. Í stað þeirra væri æskilegt að beita öðrum úrræðum til sveiflujöfnunar.“ Ekki er að sjá að nefndin sé alveg viss í sinni sök í þessum niðurstöðum, enda eðlilegt miðað við það sem á undan er gengið.

Þegar kemur að áliti nefndarinnar er hún ekki lengur í vafa því að þá segir m.a.: „Álítur nefndin að raunhæf skilyrði fyrir því að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins starfi áfram séu ekki lengur fyrir hendi.“ Þarna eru ekki lengur notuð orðin „orki tvímælis“ eða „virðist“ heldur hefur nefndin komist að ákveðinni niðurstöðu þótt öll rök, sem á undan eru gengin, hnígi í aðra átt nema andstaða gegn Verðjöfnunarsjóðnum meðal hagsmunaaðila í sjávarútvegi sem virðist hafa ráðið endanlegri niðurstöðu þrátt fyrir öll önnur rök.

Nefndinni var falið að taka afstöðu til þess hvort hægt væri að ná markmiðum Verðjöfnunarsjóðsins eftir öðrum leiðum. Í áliti nefndarinnar leggur hún til að „hafin verði athugun á því með hvaða hætti megi bæta skilyrði fyrirtækja til að bæta virkri sveiflujöfnun á vettvangi fyrirtækjanna sjálfra“. Áður hafði nefndin fjallað um sveiflujöfnun á vegum fyrirtækja og afkomujöfnun í stað verðjöfnunar. Þar eru raktir kostir og gallar slíkra aðferða og verður ekki séð á starfi nefndarinnar að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu að slík úrræði séu fær. Því er full ástæða til að gagnrýna það nefndarstarf sem fram hefur farið og ber að harma að ekkert samráð hefur verið haft við stofnanir eins og Seðlabankann og Þjóðhagsstofnun og ekki leitað álits aðila vinnumarkaðarins. Bæði sjávarútvegsráðherra og þeir sem störfuðu að undirbúningi þessa frumvarps virðast hafa litið svo á að hér væri um mál að ræða sem eingöngu bæri að ræða við hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Við umfjöllun málsins í sjávarútvegsnefnd Alþingis var leitað umsagnar fjölmargra aðila. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar kemur fram að óskynsamlegt sé að afnema lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins fyrr en gerðar hafa verið aðrar ráðstafanir sem þjónað gætu þeim tilgangi að jafna sveiflur í þjóðarbúskapnum.

Í áliti Seðlabankans kemur fram að bankastjórn bankans hafði samhliða stefnumótun um gengisfestu síðustu ára og gengisákvörðun á gjaldeyrismarkaðnum frá miðju síðasta ári tekið skýra afstöðu með þjóðhagslegu gildi verðjöfnunar. Seðlabankinn mælir með áframhaldandi verðjöfnun í sjávarútvegi og leggur til að frumvarpið verði dregið til baka og sérfræðingum og hagsmunaaðilum falið að semja tillögur til úrbóta í kerfinu.

Samtök iðnaðarins telja frumvarpið vera ótímabært þar sem ekki liggi fyrir hvað eigi að taka við af Verðjöfnunarsjóði þegar og ef hann verður lagður niður. Fram kemur í umsögn þeirra að gera megi ráð fyrir að aukinn kraftur færist í umræðuna um að tengja upptöku gjalds fyrir veiðiheimildir við sveiflujöfnun í hagkerfinu verði Verðjöfnunarsjóður lagður niður.

VSÍ telur frumvarpið vera ótímabært og telur að ekki megi kasta þessu hagstjórnartæki á glæ óðruvísi en að annað jafngilt eða betra verði tekið upp í staðinn.

VMSÍ rekur í umsögn sinni nauðsyn þess að til staðar sé kerfi sem jafnar sveiflur í sjávarútvegi.

ASÍ telur að leggja verði höfuðáherslu á að efla aðra útflutningsstarfsemi ef okkur á að takast að treysta og auka það velferðarstig sem við búum við. Ef það á að takast verður einfaldlega að jafna afkomu í sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti. ASÍ leggur til að Alþingi fresti ákvörðun um framtíð Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins um sinn eða þangað til ljóst er hvers konar sveiflujöfnunarkerfi eigi að taka við og þegar í stað verði teknar upp viðræður um mótun slíks kerfis. Ýmsir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi leggja til að sjóðurinn verði lagður niður, en í umsögn margra kemur fram að nauðsynlegt sé að taka upp sveiflujöfnunarkerfi á vettvangi fyrirtækjanna sjálfra. Í umfjöllun þeirra og annarra er ekki bent á leiðir hvernig slíkt skuli gert og á hvaða hátt það getur samrýmst jafnræði í atvinnurekstri á Íslandi.

Þrátt fyrir öll þessi aðvörunarorð, sem koma skýrt fram í þeim umsögnum sem fylgja með nefndarálitinu, ætlar ríkisstjórnin að leggja þetta mikilvæga hagstjórnartæki niður. Jafnvægi í þjóðarbúskapnum og lítil verðbólga eru almennt talin mikilvægustu skilyrði þess að hagvöxtur geti vaxið á nýjan leik. Uppgangur í sjávarútvegi getur orðið til þess að verðbólga vaxi á nýjan leik og rekstrarskilyrði annarra atvinnugreina versni til muna eins og oft hefur gerst á undanförnum áratugum. Ríkisstjórnin virðist litlar áhyggjur hafa af þessum málum og þeim alvarlegu afleiðingum sem niðurfelling Verðjöfnunarsjóðs getur haft. Hér hljóta að búa að baki fyrirætlanir um upptöku auðlindaskatts til sveiflujöfnunar. Sjávarútvegsráðherra neitar því að það sé í undirbúningi en iðnaðarráðherra hefur opinberlega talið nauðsynlegt að auðlindaskattur verði tekinn upp nú þegar ekki síst til að jafna sveiflur í sjávarútvegi.

Undirritaðir nefndarmenn eru andvígir því að leggja niður Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og skapa þar með verulega óvissu í efnahagsþróun á Íslandi. Einstakir nefndarmenn munu gera ítarlega grein fyrir skoðunum sínum við umfjöllun um málið og vísa m.a. til þeirra álita sem sjávarútvegsnefnd barst í tengslum við umrætt frumvarp.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, sem situr fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi, er samþykk nefndarálitinu.

Alþingi, 5. apríl 1994.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Jóhann Ársælsson.

Stefán Guðmundsson.

Nefndarálitinu fylgdu sjö fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt umsögn hagfræðideildar Seðlabanka Íslands frá 4. mars 1994 um framtíð verðjöfnunar í sjávarútvegi, á fskj. II umsögn Þjóðhagsstofnunar um áhrif þess að afnema lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins frá 22. febrúar 1994, á fskj. III umsögn Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málið frá 16. febrúar 1994, á fskj. IV umsögn Vinnuveitendasambands Íslands frá 22. febrúar 1994, á fskj. V umsögn samtaka iðnaðarins frá 18. febrúar 1994, á fskj. VI greinargerð Hannesar G. Sigurðssonar og Þórarins V. Þórarinssonar: Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, forsenda varanlegs stöðugleika efnahagslífsins, frá 23. apríl 1991, ásamt töflum, og á fskj. VII umsögn Seðlabanka Íslands um verðjöfnun í sjávarútvegi í ljósi reynslunnar frá 17. mars 1994, ásamt línritum og töflum.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

915. Frumvarp til laga [585. mál]

um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

Flm.: Svavar Gestsson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Í stað 4. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hlutaðeigandi stéttarfélag fólksbifreiðastjóra tilnefnir einn nefndarmann, annan tilnefnir sveitarfélag eða sveitarfélög sameiginlega á félagssvæði og hinn þriðja skipar ráðherra samkvæmt sameiginlegri tillögu viðkomandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna og hlutaðeigandi stéttarfélags fólksbifreiðastjóra. Nefndin kýs sér sjálf formann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af samtölum við marga leigubifreiðastjóra. Nú er úthlutunarnefnd þannig skipuð að ráðherra skipar þriðja manninn án tilnefningar. Hefur núverandi ráðherra samgöngumála kosið að skipa formann nefndarinnar pólitískri skipan við mikla óánægju leigubifreiðastjóra. Er nú flokkspólitískur meiri hluti Sjálfstæðisflokksins í úthlutunarnefndinni með allri þeirri hættu á misnotkum sem í slíku felst. Í nefndinni eru nú Sveinn Andri Sveinsson borgarfulltrúi fyrir sveitarfélagið og Ragnar Júlíusson, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, fyrir ráðherrann. Þessi skipan er óeðlileg.

Til þess að koma í veg fyrir slíka skipan nefndarinnar í framtíðinni er hér lagt til að tilnefningaraðilarnir tveir, stéttarfélögin og viðkomandi sveitarfélag, verði að koma sér saman um tilnefningu þriðja mannsins áður en hann er skipaður. Jafnframt er lagt til að nefndin kjósi sér sjálf formann. Þannig ætti að vera tryggt að fagleg sjónarmið ein ráði úrslitum um val á fólki í nefndina.

Nú liggja fyrir Alþingi tvö frumvörp um breyting á lögum um leigubifreiðar. Flutningsmenn telja eðlilegt að þau sjónarmið, sem hreyft er með þessu frumvarpi, komi til afgreiðslu samhliða hinum frumvörpunum tveimur.

916. Þingsályktun [431. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu.

(Afgreidd frá Alþingi 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 643.

917. Þingsályktun [432. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands.

(Afgreidd frá Alþingi 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 644.

918. Þingsályktun [433. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu.

(Afgreidd frá Alþingi 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 645.

919. Þingsályktun [41. mál]

um endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda.

(Afgreidd frá Alþingi 8. apríl.)

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 63 frá 1970, um skipan opinberra framkvæmda. Við endurskoðun laganna verði lögð áhersla á að styrkja framkvæmd laganna með breyttri skipan við undirbúning, mat verktilboða og gerð langtímaáætlana um opinberar framkvæmdir, bæði nýbyggingar og viðhald.

920. Frumvarp til laga [235. mál]

um slysavarnaráð.

(Eftir 2. umr., 8. apríl.)

1. gr.

Stofna skal slysavarnaráð sem heyrir undir heilbrigðisráðherra. Landlæknisembættið skal hafa með hendi daglega framkvæmdastjórn ráðsins.

2. gr.

Tilgangur slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa. Þeim tilgangi skal ráðið ná með því að:

a. móta reglur sem miða að því að slys séu skilmerkilega skráð og sú skráning sé samræmd, jafnframt því sem séð verði um úrvinnslu þeirra upplýsinga og útgáfu á slysatölum,

b. vera ríkisstjórn, ráðherra og öðrum aðilum til ráðuneytis um allt er lýtur að slysavörnum,
c. gera tillögur til heilbrigðisyfirvalda um áhersluatriði í slysavörnum á hverjum tíma,
d. stuðla að rannsóknum á orsökum og afleiðingum slysa,
e. hvetja til samræmingar á störfum þeirra aðila sem vinna að slysavörnum,
f. fylgjast með nýjungum og reynslu annarra þjóða í slysavörnum,
g. halda landsþing um slysavarnir annað hvert ár.

3. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar níu fulltrúa í slysavarnaráð, tilnefnda af eftirtöldum aðilum: landlæknisembættinu, og skal sá vera formaður, dómsmálaráðherra, Landsbjörg, læknadeild Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Slysavarnafélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Umferðarráði og Vinnueftirliti ríkisins.

Slysavarnaráð skal skipað til fjögurra ára í senn.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Samræmd slysaskrá, sbr. a-lið 2. gr., skal varðveitt hjá landlækni. Ráðið mótar reglur um framkvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni.

5. gr.

Slysavarnaráði skal úthlutað fjármunum til reksturs í sérstökum lið sem fellur undir embætti landlæknis á fjárlögum.

6. gr.

Slysavarnaráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun á því fé sem til þess er veitt.

7. gr.

Slysavarnaráð sendir ráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf þess.

8. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um störf slysavarnaráðs í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

921. Frumvarp til laga [295. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum, og lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr., 8. apríl.)

Breyting á lögum nr. 82/1989, um málefni aldraðra.

1. gr.

a. Í stað orðsins „heilbrigðismálaráði“ í 1. mgr. og „heilbrigðismálaráðs“ í 2. mgr. 5.

gr. laganna kemur: samstarfsráði heilsugæslustöðva og samstarfsráðs heilsugæslustöðva.

b. Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Sveitarstjórnum á starfssvæði heilsugæslustöðvar er heimilt að kjósa sameiginlega fimm eða sjö manna öldrunarmálaráð sem annist verkefni öldrunarnefndar. Öldrunarmálaráð gerir tillögur um verkefni sín til hlutaðeigandi sveitarstjórna. Í starfi sínu skal öldrunarmálaráð hafa samvinnu við félagsmálanefndir eða félagsmálaráð hlutaðeigandi sveitarstjórna og stjórn heilsugæslustöðvar eftir því sem kostur er.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 5. gr. gilda um öldrunarmálaráð eftir því sem við á.

Breyting á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

a. Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákveði sveitarstjórn að fela sérstöku öldrunarmálaráði stjórn öldrunarmála, á grundvelli heimildar í lögum um málefni aldraðra, breytir það engu um þann rétt sem aldraðir eiga samkvæmt lögum þessum, þar á meðal hvað varðar málsmeðferð og málskot.

b. 40. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálanefnd, eða öldrunarmálaráð, skal leitast við að tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða og jafnframt skipuleggja félagslega heimaþjónustu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

922. Frumvarp til húsaleigulaga. [144. mál]

(Eftir 2. umr., 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 160 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við karl og konu sem búa saman og eru bæði ógift ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár eða annað sambúðarform tveggja einstaklinga ef sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.

56. gr. hljóðar svo:

Uppsagnarfrestur ótímabundins leigusamnings skal vera:

1. Einn mánuður af beggja hálfu á einstökum herbergjum, geymsluskúrum og þess háttar húsnæði til hvers sem það er notað.
2. Sex mánuðir af beggja hálfu á íbúðum, en íbúð telst hvert það húsnæði þar sem fjölskylda getur haft venjulega heimilisaðstöðu. Hafi leigjandi haft íbúð á leigu lengur en fimm ár skal uppsagnarfrestur af hálfu leigusala vera eitt ár.
3. Sex mánuðir af beggja hálfu á atvinnuhúsnæði fyrstu fimm ár leigutímans, níu mánuðir næstu fimm ár og síðan eitt ár eftir tíu ára leigutíma.

69. gr. hljóðar svo:

Úttektir samkvæmt lögum þessum skal byggingarfulltrúi hlutaðeigandi sveitarfélags framkvæma. Þó getur sveitarstjórn falið húsnæðisnefnd eða starfsmanni á hennar vegum þetta verkefni.

Sá sem framkvæmir úttektir skal annast störf sín við úttektir af kostgæfni og ætíð gæta fyllsta hlutleysis gagnvart báðum málsaðilum. Hann skal og gæta þagmælsku um einkahagi fólks sem hann kann að fá vitneskju um í starfi sínu.

Sveitarstjórn er heimilt að taka gjald fyrir úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi eða annar aðili skv. 1. mgr. lætur í té samkvæmt ákvæðum laga þessara.

85. gr. hljóðar svo:

Greini aðila leigusamnings á við gerð og/eða framkvæmd leigusamnings geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar húsaleigumála og óskað eftir álitsgerð um ágreiningsefnið.

Erindi til kærunefndar skal vera skriflegt og í því skal skilmerkilega greina hvert sé ágreiningsefnið, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni.

Skal kærunefnd gefa gagnaðila kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum og kröfum á framfæri. Skal gefa honum stuttan frest í því skyni. Heimilt er kærunefnd að kalla eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum og óska umsagnar hlutaðeigandi húsnæðisnefndar og annarra er málið snertir gerist þess þörf.

Kærunefnd skal láta í té rökstutt álit svo fljótt sem kostur er og jafnan innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni. Ágreiningsefnum verður eigi skotið til annars stjórnvalds.

Telji kærunefndin að lög þessi hafi verið brotin og að á rétt aðila sé hallað beinir hún tilmælum til gagnaðila um úrbætur.

Aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Kærunefndin getur einnig tekið fyrir mál að eigin frumkvæði og eftir tilmælum og ábendingum frá öðrum, svo sem félagsmálaráðuneytinu, Húsnæðisstofnun ríkisins, byggingarfulltrúum, leigumiðlurum, Húseigendafélaginu og Leigjendasamtökunum. Í slíkum málum getur nefndin látið frá sér fara álit og tilmæli og gilda um málsmeðferð fyrirmæli þessarar greinar eftir því sem við getur átt.

Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um erindi til kærunefndar, störf hennar, verkefni, valdsvið, starfsskilyrði o.fl.

87. gr. hljóðar svo:

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1995. Þeir samningar, sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma, skulu endurskoðaðir til samræmis við ákvæði þessara laga fyrir 1. mars 1995.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga, með síðari breytingum.

923. Svar [440. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Matthíasar Bjarnasonar um hlutafjáreign banka og innlánsstofnana.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hver er hlutafjáreign íslenskra banka og innlánsstofnana og dótturfyrirtækja þeirra?

Þess er óskað að þessi hlutafjáreign sé sundurliðuð svo að fram komi eftirtaldar upplýsingar:

a. *hlutafjáreign í einstökum fyrirtækjum að nafnvirði,*
b. *eignarhluti í einstökum fyrirtækjum,*
c. *hlutfall þessara eignarhluta af heildareignum viðkomandi banka og innlánsstofnana,*
d. *hvenær hin einstöku hlutafjárkaup áttu sér stað.*

Viðskiptabankar.

Á meðfylgjandi yfirliti koma fram upplýsingar um eignarhluti viðskiptabankanna fjögurra, Búnaðarbanka Íslands, Íslandsbanka hf., Landsbanka Íslands og Sparisjóðabanka Íslands hf., í hlutafélögum og hlutabréfaeign dótturfélaga þeirra. Miðað er við eign í árslok 1993. Þótt fyrirspyrjandi hafi ekki óskað sérstaklega eftir því eru birtar upplýsingar um hlutabréfaeign dótturdótturfélaga Landsbanka Íslands. Að öðrum kosti hefði svarið gefið ófullkomna mynd af hlutabréfaeign bankasamstæðunnar.

Auk hlutabréfa í þeim hlutafélögum, sem fram koma á yfirlitinu, eiga viðskiptabankarnir hluti í Reiknistofu bankanna, Stofnlánadeild samvinnufélaga (Landsbanki Íslands), SWIFT (alþjóðlegu félagi um greiðslumiðlun) og Verslunarlánasjóði (Íslandsbanki hf.) en þar er ekki um hlutafélög að ræða.

Sparisjóðir.

Í árslok 1993 voru starfandi 31 sparisjóður á landinu. Aflað var upplýsinga um eignarhluti 10 stærstu sparisjóðanna í öðrum félögum. Í ljós kom að hlutabréfaeign þeirra er að mestu leyti bundin við félög sem stunda fjármálastarfsemi (ekki allir sparisjóðirnir 10 eiga hlutabréf í öllum eftirtalinna félaga), þ.e.: Féfang hf., Fjárfestingarfélag Íslands hf., Greiðslumiðlun hf., Kaupþing hf., Kaupþing Norðurlands hf., Kirnu hf., Kreditkort hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf.

Hér vegur hlutabréfaeign þessara sparisjóða í Sparisjóðabanka Íslands hf. langþyngst en hann er að öllu leyti í eigu sparisjóðanna í landinu. Þá eiga sparisjóðirnir í landinu Kaupþing hf. að hálfu á móti Búnaðarbanka Íslands.

Auk hlutafjár í ofangreindum hlutafélögum eiga þessir sparisjóðir hluti í Reiknistofu bankanna, Sparisjóði Hornafjarðar og nágrennis, Sparisjóði Súgfirðinga og Tölvumiðstöð sparisjóðanna en þar er ekki um hlutafélög að ræða.

	Nafnverð hlutafjár Þús.kr.	Hlutfall af heildarhlutafé félags %	Hlutfall af heildareign banka eða félags1) %	Upphaflegt kaupár
Búnaðarbanki Íslands				
Hlutafélög:				
Greiðslumiðlun hf.	10.969	18,52		1985
Hótel Ísland hf.	100.000	99,60		1991
Kaupþing hf.	11.340	50,00		1990
Kreditkort hf.	3.219	7,50		1990
Lýsing hf.	70.000	40,00		1986
Snorrabraut 29 hf.	1.613	15,00		1988
Þróunarfélag Íslands hf.	10.000	3,00		1985
		Samtals	0,43	
Íslandsbanki hf.				
Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja hf.	190	1,00		
Byggingarfélagið Klöpp hf.	18.520	43,58		1991
Féfang hf.	18.167	10,74		1986
Fjárfestingarfélag Íslands hf.	73.370	35,13		1972
Glitnir hf.	112.465	99,94		1985
Greiðslumiðlun hf.	9.440	15,94		1983
Hlutabréfasjóður VÍB hf.	11.000	3,60		1993
Hótelið Sigtúni 38 hf.	75.000	68,18		1989
Íslensk endurtrygging hf.	3.198	0,95		
Ísnet hf.	4.500	19,57		
Kreditkort hf.	21.459	50,00		1983
Kringlan 4-6 hf.	270	27,00		1993
Máttarstólpar hf.	900	1,00		1991
Ritur hf.	35.000	37,50		1993
Snorrabraut 29 hf.	2.365	22,00		1988
Steinvirki hf.	96	96,00		1988
Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf.	59.607	99,97		1986
Verðbréfasjóðir VÍB hf.	20.990	99,95		1992
Þróunarfélag Íslands hf.	20.050	5,82		1985
		Samtals	1,72	
Hlutafjáreign dótturfélaga:				
Glitnir hf.				
Fasteignaleigan hf.	40.000	99,99		
Hótelið Sigtúni 38 hf.	35.000	31,82		
Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf.	16	0,00		
		Samtals	1,55	
Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf.				
Draupnissjóðurinn hf.	29	0,01		
Glitnir hf.	63	0,06		
Hlutabréfamarkaðurinn hf.	2.970	99,00		
Verðbréfasjóðir VÍB hf.	10	0,05		
		Samtals	2,76	
Ýmis hlutabréf sem eru tímabundið í eigu VÍB í tengslum við starfsemi félagsins sem verðbréfafyrirtækis		Samtals	22,57	

Verðbréfasjóðir VÍB hf.				
Haraldur Böðvarsson hf.	23.085			
Þormóður rammi hf.	6.999			
		Samtals	0,21	
Ýmis skráð innlend og erlend hlutabréf í eigu einstakra deilda félagsins (verðbréfasjóða)				
		Samtals	5,66	
Landsbanki Íslands				
Hlutafélög:				
Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja hf.	60	0,30		1988
Greiðslumiðlun hf.	26.872	45,37		1983
Gufuveitan hf.	2.040	25,50		1992
Hömlur hf.	9.950	99,50		1992
Kreditkort hf.	7.511	17,50		1990
Landsbréf hf.	55.890	90,00		1989
Lind hf.	183.150	99,00		1989
Lýsing hf.	73.200	40,00		1986
Snorrabraut 29 hf.	3.870	36,00		1988
Þróunarfélag Íslands hf.	32.875	9,54		1985
		Samtals	1,00 2)	
Hlutafjáreign dótturfélaga:				
Hömlur hf.				
Kirkjusandur hf.	938	93,75		1992
Reginn hf.	90	93,75		1992
Rekstrarfélag ÍSÍ hf.	490	98,00		1993
Rekstrarfélagið hf.	490	98,00		1992
Landsbréf hf.				
Landssjóður hf.	4.990	99,80		1990
Íslenski hlutabréfasjóðurinn hf.	1.990	0,60		1990
Ýmis hlutabréf sem eru tímabundið í eigu Landsbréfa í tengslum við starfsemi þess sem verðbréfafyrirtækis				
		Samtals	8,45	
Hlutafjáreign dótturdótturfélaga:				
Kirkjusandur hf.				
Hafnarinn hf.	67.000	23,69		1992
Marel hf.	190	0,17		1992
Reginn hf.				
Búlandstindur hf.	5.000	3,46		1992
Faxamarkaðurinn hf.	440	1,02		1992
Fiskmarkaðurinn hf.	280	1,34		1992
Flugleiðir hf.	2.616	0,13		1992
GKS Bíró/Steinar hf.	19.666	30,00		1993
Gunnarstindur hf.	4.648	1,79		1992
Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf.	8.791	5,77		1992
Hömlur hf.	50	0,50		1993
Iceland Seafood Corporation	89	0,62		1992
Iceland Seafood Ltd.	177	3,28		1992
Íslenska saltfélagið hf.	42.189	7,92		1993
Íslenskar sjávarafurðir hf.	124.940	21,03		1992
Kirkjusandur hf.	63	6,25		1992
Kringlan 4-6 hf.	235	23,50		1993
Landsbréf hf.	6.210	10,00		1993

Lind hf.	1.850	1,00		1993
Lón hf.	30.000	48,39		1993
Meitillinn hf.	3.393	0,07		1992
Rekstrarfélagið hf.	10	2,00		1993
Sameinaðir verktakar hf.	23.126	8,00		1992
Samskip hf.	411.665	82,33		1992
Samvinnusjóður Íslands hf.	1.653	0,07		1992
Útvegsmannafélag samvinnumanna h	460	0,15		1992
Rekstrarfélagið hf.				
Reginn hf.	6	6,25		1992
Rekstrarfélag ÍSI hf.	10	2,00		1993
Strýta hf.	1.250	41,67		1993
Sparisjóðabanki Íslands				
Kaupþing hf.	227	1,00		1990
		Samtals	0,00	

Athugasemdir:
1) Við útreikning á hlutfallinu er notað bókfært verð hlutabréfa. Þegar heildareign banka eða dótturfélags í árslok 1993 liggur ekki fyrir er stuðst við áætlun.
2) Um er að ræða bókfært virði hlutabréfa í eigu Landsbankasamsteypunnar sem hlutfall af heildareign hennar.

924. Nefndarálit [300. mál]

um till. til þál. um samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Anna Ólafsdóttir Björnsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. apríl 1994.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Steingrímur Hermannsson.	Hjörleifur Guttormsson.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Geir H. Haarde.	Petrína Baldursdóttir.
Árni R. Árnason.		Páll Pétursson.

925. Breytingartillaga [300. mál]

við till. til þál. um samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993.

Frá utanríkismálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn 21. júní 1993.

926. Frumvarp til tóbaksvarnalaga. [586. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og stjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að draga úr tóbaksneyslu og þar með því heilsutjóni sem hún veldur og vernda fólk gegn loftmengun af völdum tóbaksreyks.

2. gr.

Það er réttur hvers manns að þurfa ekki að anda að sér lofti sem mengað er tóbaksreyk af völdum annarra.

Þeir sem bera ábyrgð á barni skulu stuðla að því að það njóti réttar skv. 1. mgr., einnig þar sem reykingar eru ekki bannaðar skv. III. kafla þessara laga.

3. gr.

Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak.

Lög þessi taka einnig til varnings sem ætlaður er til neyslu með sama hætti og tóbak þótt hann innihaldi ekki tóbak, enda gildi ekki um hann önnur lög.

Lög þessi gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum eða sem eiturefni samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni.

Ákvæði laga þessara gilda einnig í fríhöfnum eftir því sem við á.

4. gr.

Með reykfærum er í lögum þessum átt við áhöld og útbúnað, tengdan tóbaksreykingum, svo sem sígarettupappír, reykjarpípur, tæki til að vefja sígarettur svo og annan slíkan varning.

5. gr.

Yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

6. gr.

Ráðherra skipar tóbaksvarnanefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Skulu að minnsta kosti þrír þeirra vera sérfróðir um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Formaður og varaformaður skulu skipaðir sérstaklega.

Hlutverk tóbaksvarnanefndar er fyrst og fremst:

1. Að vera ríkisstjórn, ráðherra og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur.
2. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að vinna gegn neyslu tóbaks í samræmi við lög þessi.
3. Að efna til átaks í tóbaksvörnum, hvetja aðra aðila til hins sama og leitast við að samræma störf þeirra.

4. Að veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi tóbaksvarnir, m.a. með því að gefa út og útvega fræðslurit og önnur fræðslugögn.
5. Að fylgjast með tóbaksneyslu í landinu.
6. Að nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á sviði tóbaksvarna.

Leita skal álits nefndarinnar á lagafrumvörpum og reglugerðum sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu.

Tóbaksvarnanefnd starfar í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk og störf tóbaksvarnanefndar.

II. KAFLI
Verslun með tóbak.

7. gr.

Fjármálaráðuneytið og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skulu hafa náið samráð við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og tóbaksvarnanefnd um stefnu og mikilvægar ákvarðanir varðandi verslun með tóbak í samræmi við 1. gr. laga þessara.

8. gr.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja munntóbak.

Bannað er einnig að flytja inn, framleiða og selja tóbaksvarning sem ekki hefur verið á almennum markaði hér á landi.

9. gr.

Ráðherra ákveður í reglugerð hver séu hæstu leyfileg mörk skaðlegra efna í tóbaksvarningi og reyk sem myndast við bruna hans, hvernig skuli sýna fram á að þau mörk séu virt og hvernig eftirliti skuli háttað.

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við nauðsynlegar mælingar til staðfestingar og eftirlits skv. 1. mgr.

10. gr.

Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að skráðar séu viðvaranir um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar.

Sígarettupakka skal merkja sérstaklega með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessar, þar á meðal um viðvörunartexta, stærð hans, letur og annað sem máli kann að skipta.

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar samkvæmt þessari grein.

11. gr.

Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi, svo og auglýsingar á öðrum varningi sem ber heiti eða auðkenni tóbakstegunda í vörumerki sínu. Þetta nær þó ekki til auglýsinga í ritum sem út eru gefin utan lands af erlendum aðilum á erlendum tungumálum, enda sé megintilgangur þeirra ekki að auglýsa slíkar vörur. Þrátt fyrir þetta er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt að gefa út verðskrá fyrir tóbak og tóbaksvarnanefnd heimilt að birta skrá um skaðleg efni í tóbaksvörum.

Bannað er enn fremur að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í auglýsingum eða upplýsingum um vöru eða þjónustu og í myndskreytingu á varningi.

Með auglýsingum er í lögum þessum m. a. átt við:

1. Hvers konar söluhvetjandi tilkynningar til almennings eða sérstakra markhópa, þar á meðal útstillingar, skilti og svipaðan búnað.
2. Umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir.
3. Dreifingu vörusýna til neytenda.
4. Notkun vöruheita og vöruauðkenna á annars konar varning og í tengslum við mannamót, svo sem íþrótta- og listviðburði.

Tóbaki skal þannig komið fyrir á útsölustöðum að það beri ekki fyrir augu viðskiptavina.

12. gr.

Tóbak má ekki selja eða afhenda einstaklingum yngri en 16 ára. Bann þetta skal auglýst með áberandi hætti þar sem tóbak er selt.

Bannað er að flytja inn, framleiða eða selja leikföng eða sælgæti sem að lögun líkist sígarettum, vindlum eða reykjarpípum eða ætlað er að minna á tóbak með öðrum hætti.

Einstaklingar yngri en 16 ára mega ekki selja tóbak.

Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.

Ekki er heimilt að selja sígarettur í minna en heilum 20 stykkja pökkum og vindla má aðeins selja í heilum pökkum eða kössum. Heimilt er þó að selja vindla í stykkjatali á vínveitingastöðum.

Ekki má selja tóbak í skólum, stofnunum fyrir börn og unglinga eða heilbrigðisstofnunum.

13. gr.

Smásala á tóbaki er ekki heimil nema í matvöruverslunum, í sælgætisverslunum og á veitinga- og gististöðum.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er óheimilt að dreifa tóbaki til annarra en þeirra sem um ræðir í 1. mgr. 13. gr., sbr. 3. mgr. 24. gr.

III. KAFLI
Vernd gegn tóbaksmengun andrúmslofts.

14. gr.

Innan húss eru tóbaksreykingar óheimilar í öllu því rými þar sem almenningi er ætlaður aðgangur.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um veitingasali á skemmtistöðum og öðrum veitingastöðum (krám) þar sem ekki er lögð aðaláhersla á matsölu. Ákveði forráðamenn þeirra að takmarka reykingar og tilkynni það heilbrigðisnefnd gilda ákvæði laga þessara eftir því sem við á.

Í veitingahúsum og á veitingastofum sem falla ekki undir 2. mgr. er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að leyfa reykingar á hluta veitingasvæðis með þeim skilyrðum sem sett eru í 18. gr. Með sömu skilyrðum má leyfa reykingar á vel afmörkuðum svæðum í flugstöðvum og öðrum umferðarmiðstöðvum.

15. gr.

Tóbaksreykingar eru með öllu óheimilar:

1. Í grunnskólum, hvers konar dagvistum barna og húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð börnum og unglingum til félags- og tómstundastarfa.
2. Á opinberum samkomum innan húss sem einkum eru ætlaðar börnum eða unglingum.
3. Í heilsugæslustöðvum, læknastofum og öðrum stöðum þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta.
4. Á sjúkrahúsum. Þó má leyfa reykingar sjúklinga í vissum tilvikum. Setja skal reglugerð um framkvæmd þeirrar undanþágu.
5. Í framhaldsskólum.
6. Í lyftum.
7. Á öllum opinberum fundum og fundum sem haldnir eru á vegum ríkis og sveitarfélaga, stofnana þeirra eða embættismanna.

16. gr.

Sá sem ræður mann til vinnu skal sjá til þess að hann njóti á vinnustaðnum réttar skv. 1. mgr. 2. gr.

Ráðherra setur reglugerð um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum í samráði við félagsmálaráðherra og Vinnueftirlit ríkisins.

Ráðherra setur reglugerð í samráði við samgönguráðherra og Siglingamálastofnun ríkisins um takmarkanir á reykingum í vinnurými og vistarverum skipshafna.

17. gr.

Tóbaksreykingar eru óheimilar í leigubifreiðum, hópbifreiðum og farþegaflugvélum.

Tóbaksreykingar eru óheimilar í farþegarými skipa taki ferð skemmri tíma en fjórar klukkustundir.

18. gr.

Séu reykingar leyfðar samkvæmt ákvæðum 14.–17. gr. skal það vera á afmörkuðu svæði með góðri loftræstingu og þess gætt eftir megni að þær mengi ekki andrúmsloftið þar sem reykingar eru ekki leyfðar. Reyksvæði þessi skulu auðkennd sérstaklega, svo og þau svæði þar sem ekki má reykja.

19. gr.

Forráðamenn húsnæðis skv. 14. og 15. gr. og almenningsfarartækja skv. 17. gr. skulu gera ráðstafanir til þess hver fyrir sitt leyti að ákvæði um takmörkun á tóbaksreykingum séu virt.

IV. KAFLI
Fræðslustarfsemi.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla í því skyni að draga úr tóbaksneyslu:

1. Í skólum landsins. Sérstök áhersla skal lögð á slíka fræðslu í grunnskólum og skólum þeim sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum.
2. Í ríkisfjölmiðlum.

Fræðsla um áhrif tóbaksneyslu skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum, svo og aðstoð við þá sem vilja hætta að nota tóbak.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

21. gr.

Skylt er að verja 0,3% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.

Tóbaksvarnanefnd ráðstafar fénu í samráði við ráðherra.

22. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

23. gr.

Óheimilt er að veita tóbak á vegum ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana.

VI. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

24. gr.

Heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með sölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði 10.–13. gr.

Nú er brotið gegn ákvæðum 10.–13. gr. og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá, eftir því sem við á, beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Gerist smásöluaðili ítrekað brotlegur við ákvæði 1. mgr. 12. gr. getur heilbrigðisnefnd úrskurðað að honum sé óheimilt að selja tóbak um tiltekinn tíma. Jafnframt er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins þá óheimilt að selja honum tóbak.

25. gr.

Heilbrigðisnefndir, Vinnueftirlit ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins og Flugmálastjórn hafa, eftir því sem við á, eftirlit með því að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara í samræmi við þau lög sem gilda um þessar stofnanir.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins.

26. gr.

Sá sem brýtur gegn ákvæðum 8.–13. gr. skal sæta sektum en varðhaldi séu sakir miklar eða brot ítrekað.

Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga.

27. gr.

Það varðar mann sektum haldi hann áfram að reykja í húsakynnum eða farartækjum þar sem bannað er að reykja samkvæmt ákvæðum III. kafla, enda hafi umráðamaður húsakynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra veitt honum áminningu.

Sömu aðilar geta vísað hinum brotlega úr farartækinu eða húsakynnunum láti hann ekki segjast.

Það varðar forráðamann húsnæðis skv. 14. og 15. gr. og almenningsfarartækis skv. 17. gr. sektum ef hann vanrækir í veigamiklum atriðum skyldu sína skv. 19. gr.

28. gr.

Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI
Gildistaka.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Tóbaksvarnanefnd, sem skipuð var í nóvember 1992, skal starfa út skipunartíma sinn og taka að sér hlutverk tóbaksvarnanefndar samkvæmt þessum lögum.

II.

Fram að 1. janúar 1997 er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr. heimilt að flytja inn og selja þá tegund munntóbaks sem verslunin hefur lengi haft á boðstólum.

III.

Fram að 1. september 1995 er hlutaðeigandi forstöðumanni skv. 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. (grunnskólar, dagvistir barna o. fl.), 3. tölul. 1. mgr. 15. gr. (heilsugæslustöðvar o. fl.), 4. tölul. 1. mgr. 15. gr. (sjúkrahús) og 5. tölul. 1. mgr. 15. gr. (framhaldsskólar) heimilt að höfðu samráði við starfsmenn að leyfa reykingar í afmörkuðum hluta þess húsnæðis sem ætlað er starfsfólki sérstaklega að uppfylltum skilyrðum í 18. gr.

IV.

Fram að 1. júlí 1996 er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 17. gr. heimilt að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis flugvéla sem fljúga til landa utan Evrópu.

V.

Árin 1995–1999 skal verð á tóbaki hækka um a.m.k. 10% árlega umfram almennt vöruverð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með bréfi Guðmundar Bjarnasonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 15. nóvember 1988, var óskað eftir tillögum tóbaksvarnanefndar, sem skipuð var í september 1988 til fjögurra ára, um breytingar á lögum um tóbaksvarnir, að fenginni reynslu. Þegar farið var að vinna að þessu máli komu fram svo margar hugmyndir um æskilegar breytingar að talið var rétt að endurskoða lögin í heild.

Lög um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sem tóku gildi í ársbyrjun 1985, mörkuðu tímamót og voru miklum mun ítarlegri en eldri lög nr. 27/1977. Við setningu þeirra var tekið mið af löggjöf sem einna lengst gekk í nálægum löndum. Lögin í heild og reglugerðir sem þeim fylgdu vöktu á sínum tíma heimsathygli og mikið hefur verið til þeirra vitnað. Þau hafa reynst árangursríkt vopn í þeirri baráttu sem háð hefur verið hérlendis síðustu ár gegn reykingum. Frá því að lögin voru sett hefur jafnt og þétt dregið úr sölu og neyslu tóbaks. Sem dæmi má nefna að tóbakssala á hvern fullorðinn íbúa minnkaði um fimmtung frá 1984 til 1990. Svipuð breyting hefur orðið á fjölda neytenda, árið 1985 sögðust 40% fullorðinna Íslendinga (18–69 ára) reykja daglega, samkvæmt könnunum Hagvangs fyrir Tóbaksvarnanefnd, en árið 1993 aðeins 29%. Þó að mikið hafi á unnist erum við samt enn langt frá því takmarki sem sett hefur verið, að Ísland verði reyklaust land.

Síðan lög um tóbaksvarnir voru samþykkt árið 1984 hafa orðið miklar breytingar á viðhorfum til varnaraðgerða, m.a. vegna aukinnar þekkingar á áhrifum óbeinna reykinga. Erlendis hefur löggjöf orðið æ harðari, ekki síst um takmarkanir á reykingum. Þetta á t.d. við Bandaríkin og Kanada. Þá hefur Evrópusambandið markað ákveðna stefnu gegn tóbaksneyslu í tengslum við víðtækt átak gegn krabbameini og sum bandalagsríkin gengið enn lengra en þeim er skylt. Við Íslendingar höfum því ekki lengur sömu forustu í tóbaksvörnum og áður að því er löggjöf varðar.

Á hinn bóginn hefur Alþingi nýlega samþykkt einarða stefnu í tóbaksmálum sem trauðla verður framfylgt nema með mun víðtækari og afdráttarlausari löggjöf en þeirri sem nú gildir. Hér er um að ræða þingsályktun um Íslenska heilbrigðisáætlun sem samþykkt var á Alþingi 19. mars 1991. Þar segir svo í 8. lið: „Draga skal úr og helst útrýma neyslu tóbaks með því að fá fólk til að byrja ekki að reykja og þá sem reykja til að hætta. Til þess að ná þessu takmarki verður að auka bæði upplýsingar og áróður og athuga sérstaklega tengsl milli reykinga og annarra lífshátta. Koma þarf í veg fyrir að fólk, sem ekki reykir, þurfi að líða tóbaksreyk. Verð á tóbaksvörum ætti að hækka umfram almennar verðhækkanir. Útiloka ber áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara."

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur skilgreint fjórþætt markmið tóbaksvarna sem lýsa má í stuttu máli þannig:

1. Að ungt fólk byrji ekki að reykja.
2. Að reykingamenn hætti að reykja og fái til þess hvatningu og aðstoð.
3. Að þeir sem hætta ekki að reykja fái sem minnst af skaðlegum efnum úr reyknum.
4. Að þeir sem ekki reykja njóti verndar gegn tóbaksreyk frá öðrum.

Markmið þessi hafa, auk Íslenskrar heilbrigðisáætlunar, verið höfð að leiðarljósi við samningu þessa frumvarps. Jafnframt hefur verið litið til reynslunnar af gildandi lögum um tóbaksvarnir, samsvarandi löggjafar með öðrum þjóðum og tilmæla frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni til aðildarríkja um lagaúrræði og aðrar ráðstafanir gegn tóbaksneyslu.

Þegar tóbaksvarnanefnd hafði lokið við að semja drög að frumvarpinu voru þau lögð fyrir ráðherra og þeim síðan breytt lítillega að hans ráði. Í lok aprílmánaðar 1991 fól hann nefndinni að leita umsagna um frumvarpsdrögin. Skyldi nefndin taka þær til athugunar í samráði við ráðuneytið. Fljótlega eftir að Sighvatur Björgvinsson varð ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála kynnti tóbaksvarnanefnd honum frumvarpið í þeim búningi sem það var þá komið í og lýsti hann stuðningi við að áfram yrði unnið að málinu.

Í maí 1991 sendi tóbaksvarnanefnd 37 aðilum frumvarpsdrögin til umsagnar. Skrifleg svör bárust frá 19 aðilum. Nefndin fór rækilega yfir þau og breytti frumvarpsdrögunum í nokkrum atriðum vegna ábendinga sem þar komu fram að höfðu samráði við ráðuneytið. Í umsögnunum kom víða fram mikill stuðningur við frumvarpsdrögin í heild eða meginefni þeirra, m.a. frá landlækni sem sendi svohljóðandi álit: „Ég lýsi eindregnum stuðningi við frumvarp til tóbaksvarnalaga. Áætlað er að rekja megi allt að 300 dauðsföll ár hvert til reykinga. Auk þess valda reykingar langvarandi heilsuleysi þúsunda landsmanna og kosta þjóðfélagið ómælt fé. Það leikur enginn vafi á því að sú aðgerð, sem hefði mest áhrif til að bæta heilsufar fólks, er að draga sem allra mest úr reykingum eins og stefnt er að með þessu lagafrumvarpi sem ég vona að verði sem fyrst að lögum." Stjórn Félags íslenskra lungnalækna „telur frumvarpið löngu tímabært". Í umsögn Fóstrufélags Íslands er sérstaklega fagnað þeim ákvæðum sem lúta að því að vernda börn fyrir tóbaksreyk og reykingafordæmi fullorðinna. Hollustuvernd ríkisins tjáir sig „í öllum meginatriðum sammála stefnu frumvarpsins um að draga úr sölu og neyslu tóbaks". Framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands „hefur ekkert við frumvarpið að athuga og leggur til að það verði samþykkt". Stjórn Krabbameinsfélags Íslands lýsir „sérstakri ánægju" með frumvarpstillögurnar og telur margt í þeim vera „til mikilla bóta og geta stuðlað að enn meiri árangri í tóbaksvörnum". Stjórn Læknafélags Íslands „styður tillögur tóbaksvarnanefndar og hefur ekki við þær athugasemdir" og kveðst fagna þeim nýmælum sem þar koma fram. Neytendasamtökin „telja mjög mikilvægt að upplýsingar og áróður um skaðsemi tóbaksreykinga verði sem allra mestur" og „reynt verði að tryggja rétt þeirra sem ekki reykja þannig að þeir þurfi ekki að anda að sér reykmettuðu lofti". Samtök heilbrigðisstétta „fagna tillögum tóbaksvarnanefndar ... og sjá ekkert sem betur megi fara". Stjórn Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS) „álítur að hið nýja frumvarp til tóbaksvarnalaga uppfylli vel þær kröfur sem félagsmenn okkar gera um tóbaksvarnir af hálfu ríkisvaldsins". Nokkrir þeirra umsagnaraðila sem hér var getið gerðu þó tillögur um breytingar á einstökum greinum frumvarpsins í þá átt að herða ákvæði þeirra. Þess skal getið að af hálfu Lögreglustjórans í Reykjavík þótti „umrætt frumvarp ekki gefa tilefni til athugasemda". Að ábendingum annarra, sem sendu skrifleg svör, er vikið í athugasemdum við einstakar greinar eftir því sem efni standa til en þeir eru: Alþýðusamband Íslands, Flugmálastjórn, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands, Kaupmannasamtök Íslands, Læknadeild Háskóla Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband veitinga- og gistihúsa og Siglingamálastofnun ríkisins. Félag kvikmyndahúsaeigenda gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum á fundi með tóbaksvarnanefnd.

Í tóbaksvarnanefnd sem samdi frumvarpið áttu sæti: Egill Heiðar Gíslason framkvæmdastjóri, formaður (varamaður Halldór Runólfsson heilbrigðisfulltrúi), Helgi Guðbergsson yfirlæknir (varamaður Guðmundur Þorgeirsson yfirlæknir) og Þorvarður Örnólfsson framkvæmdastjóri (varamaður Lilja Eyþórsdóttir umsjónarfóstra).

Í tóbaksvarnanefnd sem skipuð var haustið 1992 eiga sæti: Halldóra Bjarnadóttir framkvæmdastjóri, formaður, Helgi Guðbergsson (varamaður Guðmundur Þorgeirsson) og Þorvarður Örnólfsson (varamaður Lilja Eyþórsdóttir). Nefndin hefur farið yfir frumvarpið og gert nokkrar breytingar á því í samráði við Guðmund Árna Stefánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Nokkur helstu nýmæli frumvarpsins.

— Réttur fólks til reyklauss lofts er afdráttarlaust viðurkenndur og sérstaklega kveðið á um rétt barna, sbr. 2. gr.
— Munntóbak verður bannað, sbr. 8. gr., ákvæði til bráðabirgða.
— Hámark skaðlegra efna í tóbaki skal ákveðið, sbr. 9. gr.
— Merkja skal sígarettupakka með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald, sbr. 10. gr.
— Bannað er að auglýsa varning sem ber heiti eða auðkenni tóbakstegunda í vörumerki sínu, sbr. 11. gr.
— Uppstilling á tóbaki á sölustöðum er bönnuð, sbr. 11. gr.
— Tóbakssala á heilbrigðisstofnunum er bönnuð, sbr. 12. gr.
— Heimild til smásölu á tóbaki er takmörkuð við matvöruverslanir, sælgætisverslanir og veitinga- og gististaði, sbr. 13. gr.
— Skýrari ákvæði eru sett um takmarkanir á reykingum á veitingastöðum, sbr. 14. gr.
— Veitt er svigrúm til að heimila reykingar í afmörkuðum hluta húsnæðis í flugstöðvum og umferðarmiðstöðvum, sbr. 14. gr.
— Reykingar eru alveg bannaðar á sjúkrahúsum, nema sjúklingum (sem fá til þess undanþágu), svo og í framhaldsskólum og á opinberum fundum, sbr. 15. gr., ákvæði til bráðabirgða.
— Vinnuveitendum ber að sjá til þess að starfsfólk njóti réttar til að vinna í reyklausu umhverfi, sbr. 16. gr.
— Reykingar verða óheimilar í öllu millilandaflugi frá miðju ári 1996, sbr. 17. gr., ákvæði til bráðabirgða.
— Kveðið er á um skyldu forráðamanna húsnæðis og almenningsfarartækja til að gera ráðstafanir til að ákvæðum laganna sé framfylgt, sbr. 19. gr.
— Veita skal fræðslu á heilbrigðisstofnunum um áhrif tóbaksneyslu, sbr. 20. gr.
— Fjárveitingar til tóbaksvarna eru auknar, sbr. 21. gr.
— Tóbaksveitingar opinberra aðila eru bannaðar, sbr. 23. gr.
— Við ítrekað brot á banni við tóbakssölu til barna er heimilt að svipta smásöluaðila leyfi til tóbakssölu um tiltekinn tíma, sbr. 24. gr.
— Næstu fimm ár eftir gildistöku laganna skal verð á tóbaki hækka umfram almennt vöruverð, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að ákvæðið um verndun fólks gegn óbeinum reykingum er orðað þannig að það tengist almennum mengunarvörnum.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli. Réttur til hreins og ómengaðs andrúmslofts er meðal mikilvægustu og jafnframt sjálfsögðustu réttinda hvers manns. Hvar sem reykt er mengast loftið með þeim þúsundum efnasambanda sem eru í reyknum. Meðal þeirra eru fjölmörg eiturefni og hættuleg efni, bæði lofttegundir og fastar efnisagnir, þar á meðal ertandi efni og krabbameinsvaldar. Ákvæði 1. mgr. 2. gr. er eðlileg afleiðing þessara staðreynda og ákvæði III. kafla byggjast á því. Að sjálfsögðu má ekki túlka ákvæðið svo að menn eigi kröfu á að fá að reykja einir í rými þar sem reykingar eru leyfðar.

Í 2. mgr. 2. gr. er lögð sú skylda á hvern þann sem ber ábyrgð á barni að forða því svo sem frekast er kostur frá óbeinum reykingum. Sambærilegt ákvæði er í farsóttalögum, nr. 10/1958. Þar segir í fyrstu grein: „Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við farsóttum og hvers konar næmum sjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er og þýðingu hefur.“ Ákvæði 2. mgr. 2. gr. í frumvarpi þessu ganga í sömu átt til verndar börnum og leggja að því leyti svipaðar skyldur á herðar borgurunum og farsóttalögin.

Margar rannsóknir sýna að börnum reykingafólks er hættara við að fara að reykja en börnum þeirra sem ekki reykja. Líkur eru til að þetta stafi öðrum þræði af því að þau hafa að staðaldri þurft að anda að sér tóbaksmenguðu lofti á heimilinu og þar með orðið móttækilegri fyrir nikótínávana. Einnig hafa margar rannsóknir sýnt að börnum er öðrum fremur hætt við lasleika og sjúkdómum af völdum óbeinna reykinga, sjá t.d. ritin „Óbeinar reykingar“ og „Börn og óbeinar reykingar“, útg. 1988 og 1992 af tóbaksvarnanefnd og Krabbameinsfélaginu. Sérstaklega skal þess getið að 10–20% allra barna hafa viðkvæma öndunarfæraslímhúð vegna erfðaeiginleika sem nefnist „atópía“ á fræðimáli. Mörg þessara barna hafa astma. Tóbaksreykur er mjög ertandi fyrir slímhúð í öndunarfærum og framkallar því kvefeinkenni og astmaköst (teppu) hjá þessum börnum. Það er full ástæða til að leggja þá almennu skyldu á þá sem hafa umsjón með börnum, foreldra og aðra, að sjá til þess að ekki sé reykt ofan í börnin.

Könnun Hagvangs í janúar 1992 sýndi að 83% þeirra sem afstöðu tóku töldu æskilegt að staðfesta með lögum rétt barna til reyklauss umhverfis.

Félag íslenskra lungnalækna og Fóstrufélag Íslands lýstu sérstaklega stuðningi við ákvæði þessarar greinar í umsögnum sínum um frumvarpið og töldu þau afar mikilvæg.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 2. gr., að öðru leyti en því að 4. mgr. 3. gr. er bætt við, að gefnu tilefni, til að taka af öll tvímæli um það að lögin gildi einnig í fríhöfnum, enda vakti það ekki fyrir löggjafanum að undanskilja þau svæði við setningu laga um tóbaksvarnir árið 1984.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt frá 3. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt frá 4. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Samkvæmt grein 5.1. í gildandi lögum eiga þrír menn sæti í tóbaksvarnanefnd, auk varamanna sem hafa tekið mikinn þátt í störfum hennar. Hér er lagt til (1. mgr. 6. gr.) að nefndarmönnum verði fjölgað í fimm en ekki skipaðir varamenn. Eftir sem áður er áskilið að meiri hluti nefndarmanna sé sérfróður um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Þótt ekki sé kveðið á um það í gildandi lögum hefur sá háttur verið hafður á við skipun nefndarinnar síðan 1984 að Krabbameinsfélag Íslands og Hjartavernd hafa verið beðin um að tilnefna tvo af nefndarmönnum og varamenn þeirra. Í ákvæðum til bráðabirgða er kveðið á um að tóbaksvarnanefnd, sem skipuð var í október 1992, skuli starfa út skipunartíma sinn og taka að sér hlutverk tóbaksvarnanefndar samkvæmt þessum lögum.

2. mgr. 6. gr. er samhljóða grein 5.2. í gildandi lögum að öðru leyti en því að ekki þótti ástæða til að tilgreina sérstaklega í 1. tölul. 2. mgr. 6. gr. aðra aðila en ríkisstjórn og heilbrigðismálaráðherra og rétt þótti að staðfesta það í 3. tölul. 2. mgr. 6. gr. að tóbaksvarnanefnd gæti sjálf efnt til átaks í tóbaksvörnum, eins og hún hefur gert, t.d. með reyklausum dögum.

Í 3. mgr. 6. gr. er kveðið á um að nefndin fái til umsagnar þau lagafrumvörp og þær reglugerðir sem snerta tóbak, en í gildandi lögum, grein 5.4., á það einungis við reglugerðir.

4. og 5. mgr. 6. gr. eru samhljóða greinum 5.5. og 5.6. í gildandi lögum.

Ákvæði sem samsvarar grein 5.3. í gildandi lögum er hér flutt í kaflann um innflutning, sölu, auglýsingar o. fl., sbr. 7. gr.

Um II. kafla.

Markmið laganna skv. 1. gr. frumvarpsins er að draga úr tóbaksneyslu. Ljóst er að hægt er að hafa mikil áhrif á þessa neyslu með ákvörðunum er varða verslun með tóbak. Er þá átt við innflutning, framleiðslu, verðlagningu, auglýsingar og sölu. Í II. kafla eru ákvæði er að þessu lúta og sum þeirra nýmæli.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur mælt þjóðfélagslegan kostnað vegna reykinga og látið í ljós það álit að „tekjurnar sem ríkið hefur af tóbakssölu dugi ekki til þess að greiða upp kostnað sem reykingamenn valda með tóbaksneyslu sinni“. Stofnunin telur „varfærnislega“ niðurstöðu vera þá að þjóðfélagslegur kostnaður af reykingum hafi árið 1990 verið tvö hundruð til sjö hundruð milljónir króna umfram tekjur ríkisins af tóbakssölu.

Til álita kemur, þó að það sé ekki lagt til að sinni, að afnema tollfrjálsan innflutning og sölu tóbaks með tilliti til þess að það er ávanabindandi efni og neysla þess veldur margvíslegum sjúkdómum, sumum lífshættulegum. Almennt er viðurkennt að nauðsynlegt sé að leggja háa skatta á tóbak til þess eins að vega á móti því fjárhagslega tjóni sem hlýst af tóbaksneyslu. Fráleitt virðist að undanskilja nokkra kaupendur tóbaks þeirri kvöð að taka þátt í kostnaði við afleiðingar neyslunnar, enda er víða rætt um að afnema slíkar undanþágur. Í áætlun Evrópusambandsins um sérstakt átak gegn krabbameini er því lýst yfir að stefnt skuli að því að banna sölu tollfrjáls tóbaks til ferðamanna í fríhöfnum. Fylgjast þarf með framvindu þess máls og taka á því sérstaklega þegar línur skýrast.

Rétt er að geta þess að Kaupmannasamtök Íslands gerðu athugasemdir við ýmis ákvæði í þessum kafla frumvarpsins með hliðsjón af hugmyndum um frjálsa verslunarhætti.

Um 7. gr.

Hér er sett sú almenna regla að fjármálayfirvöld skuli hafa samráð við heilbrigðisyfirvöld um stefnu og mikilvægar ákvarðanir varðandi verslun með tóbak. Hliðstætt ákvæði er í gildandi lögum, grein 5.3., en hér er það áréttað með skírskotun til meginstefnu laganna. Í 8.–13. gr. eru ýmis sérákvæði um verslun með tóbak en undir þessa grein fellur m.a. samráð um framboð og verðlagningu á tóbaksvörum.

Framboð hefur áhrif á eftirspurn eftir tóbaki eins og öðrum vörum. Fjölbreytni í vöruvali og nýjungar miða að því að auka eftirspurn og sölu. Þegar tóbak á í hlut verður að hamla á móti slíkum viðskiptaháttum eftir mætti.

Almennt er viðurkennt að hægt er að hafa áhrif á sölu tóbaks með verðákvörðunum. Erlendis hefur til dæmis verið sýnt fram á að búast megi við að verðhækkanir á tóbaki hafi í för með sér samdrátt í tóbakssölu án þess að dragi úr skatttekjum. Niðurstöður rannsókna sýna að 1% raunhækkun tóbaksverðs leiðir að meðaltali til 0,4–0,5% samdráttar í sölu tóbaks. Á sama hátt leiðir raunlækkun tóbaksverðs til aukinnar sölu. Langsamlega mest eru áhrifin á neyslu unglinga. Í skýrslu bandarískra landlæknisins 1989, „Reducing the Health Consequences of Smoking", kemur fram að 10% hækkun tóbaksverðs leiði til 14% samdráttar í reykingum meðal þeirra. Nýleg reynsla Kanadamanna af fjórföldun tóbaksskatts styður það álit að ekkert sé líklegra til að draga verulega úr tóbaksneyslu en umtalsverð hækkun á tóbaksverði. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lagt ríka áherslu á mikilvægi þess að verð á tóbaki sé hátt, ekki síst til þess að hamla á móti tóbaksneyslu ungs fólks.

Í Íslenskri heilbrigðisáætlun er í reynd fallist á framangreind sjónarmið. Þar er sagt í 8. lið: „Verð á tóbaksvörum ætti að hækka umfram almennar verðhækkanir." Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er tekið mið af þessu. Þar er svo fyrir mælt að tóbaksverð hækki árin 1995–99 um a.m.k. 10% árlega umfram almennt vöruverð. Samkvæmt framansögðu ætti þetta að leiða til minni tóbakssölu og þar með lækkandi þjóðfélagskostnaðar, en „tekjur" ríkissjóðs mundu þó síður en svo minnka.

Ekki er æskilegt að verðhækkanir þessar leiði að sama skapi til aukinnar smásöluálagningar í krónum talið og þar með ríkari hagsmuna kaupmanna af tóbakssölu. Er það á valdi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að hindra að svo verði.

Þess má geta að verð á sígarettum á íslenskum markaði þyrfti að hækka um 30% til þess að ná hæsta verði á Norðurlöndum (janúar 1993).

Á Evrópuráðstefnu um tóbaksvarnir 1988 var lögð áhersla á að tóbak yrði tekið út úr vísitölu framfærslukostnaðar. Með því má koma í veg fyrir að hækkun á tóbaksverði leiði sjálfkrafa til hækkunar á öðrum þáttum eins og launum eða lánum. Nú hafa nokkur aðildarríki Evrópusambandsins lögfest slík ákvæði. Í könnun Hagvangs í janúar 1991 var meiri hluti þeirra sem afstöðu tóku fylgjandi því að tóbaksverð hefði ekki áhrif á vísitölu framfærslukostnaðar (62%). Jafnvel í hópi þeirra sem reyktu tók meiri hlutinn þessa afstöðu.

Lengi vel voru allar sígarettur af venjulegri stærð seldar á sama verði hér á landi. Því var breytt fyrir sjö árum og útsöluverð látið ráðast af innkaupsverði. Leiddi það til verðstríðs milli umboðsmanna tóbaksframleiðenda, lækkandi verðs og aukinnar sölu á ódýrustu tegundum. Þessi reynsla sýnir að æskilegt er að lítill sem enginn munur sé á söluverði sígaretta eftir tegundum, hvað sem líður mismunandi innkaupsverði þeirra, líkt og tíðkast sums staðar í nágrannalöndum okkar. Einföld leið til að draga úr vægi innkaupsverðs í verðmynduninni er að ríkissjóður taki sinn hlut af útsöluverði tóbaks með jafnri álagningu í krónum en ekki sem hlutfall af innkaupsverði. Minnt er á að í 8. lið Íslenskrar heilbrigðisáætlunar er kveðið á um að útiloka beri áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara.

Um 8. gr.

Tóbaksneysla Íslendinga er nú fyrst og fremst í formi reykinga. Munntóbaksneysla er hér um bil úr sögunni og neysla neftóbaks, sem framleitt er hér á landi, hefur dregist mjög saman og er að mestu leyti bundin við roskna karlmenn, sbr. kannanir Hagvangs 1988 og 1991.

Erlendis hefur mikið borið á viðleitni tóbaksframleiðenda til að markaðssetja nýjar tegundir munntóbaks sem blandað er bragðefnum svo og lyktblandað og fínmulið neftóbak. Með þessum nýju formum tóbaksneyslu er einkum höfðað til ungs fólks og sums staðar, t.d. í Svíþjóð og Bandaríkjunum, með þeim afleiðingum að umtalsverður hluti unglinga, allt frá 12 ára aldri, er farinn að nota „reyklaust tóbak" að staðaldri. Ljóst er að þetta tóbak er ávanabindandi, ekki síður en reyktóbak, enda inniheldur það nikótín sem frásogast auðveldlega í gegnum slímhúð í nefi og munni. Í því eru ýmis efni sem geta valdið krabbameini, svo sem fjölhringlaga kolvetnissambönd og nítrósamín, og er þegar farið að bera á aukinni tíðni krabbameina í munni í þeim löndum þar sem neyslan hefur aukist mest.

Hér á landi hefur neftóbak, framleitt erlendis, og hin nýju form munntóbaks að jafnaði ekki verið á almennum markaði. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hóf að vísu dreifingu á mentólblönduðu neftóbaki fyrir um áratug og aftur 1984. Í bæði skiptin hvarf verslunin frá því fljótlega að hafa þessa vöru á boðstólum vegna eindreginna viðbragða af hálfu landlæknis og fleiri aðila. Síðustu árin hefur fínmulið, lyktblandað neftóbak (dry snuff, luktsnus) þó verið sérpantað fyrir tóbaksverslun í Reykjavík og nú um skeið hefur verið flutt inn munntóbak í grisjum (moist snuff, fugtig snus) fyrir sömu verslun. Hún hefur svo dreift þessum vörum til verslana á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur og sent í pósti til einstaklinga. Þetta hefur leitt til staðbundinna neyslufaraldra meðal barna og unglinga og hafa undanfarið borist uggvænlegar fréttir þar að lútandi. Við þessu þarf að bregðast af fullri einurð. Athyglisvert er að sérpantanir þær, sem hér um ræðir, námu 45 kg allt árið 1987 en 1.475 kg árið 1993, þar af var munntóbak einungis 253 kg.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur varað eindregið við neyslu á reyklausu tóbaki og hvatt aðildarríkin til að banna það, eftir því sem frekast er kostur. Meðal þeirra ríkja sem hafa bannað allar tegundir af reyklausu tóbaki eru Hong Kong, Nýja-Sjáland, Ísrael, Japan og Tæwan. Nú hefur Evrópusambandið, með tilskipun 92/41, gert aðildarríkjunum skylt að banna munntóbak (þó ekki „traditional tobacco products", sem gæti átt við gamla íslenska munntóbakið). Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er Íslendingum skylt að hlíta þessu banni. Í frumvarpi þessu, 1. mgr. 8. gr., er lagt til að skrefið verði stigið til fulls varðandi munntóbak, en þó leyft að selja hefðbundið munntóbak (skro) til 1. janúar 1997, sbr. ákvæði til bráðabirgða, en sala þess er nú alveg hverfandi, var 27 kg árið 1993. Vonandi kemur að því sem allra fyrst að bannið verði einnig látið ná til nýrra tegunda neftóbaks, enda eru veruleg brögð að því að þær séu notaðar sem munntóbak.

Í umsögn Krabbameinsfélags Íslands um frumvarp þetta er þess getið að á aðalfundi félagsins vorið 1991 hafi komið fram að margir hafi verulegar áhyggjur af því að unglingar séu að ánetjast nýjum tegundum af reyklausu tóbaki. Félagið telur því mikilvægt að taka þegar í taumana og banna innflutning þess. Í febrúar 1993 sendu skólahjúkrunarfræðingar og læknar við Heilsugæslustöðina á Akureyri áskorun til heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis þar sem farið er fram á að innflutningur fínkorna tóbaks (snuffs) verði stöðvaður.

Fyrir fáeinum árum setti einn stærsti tóbaksframleiðandi í heimi á markað í Bandaríkjunum svonefndar „reyklausar sígarettur“, þ.e. hylki með sígarettulagi sem í var m.a. nikótín. Sú tilraun rann fljótt út í sandinn en nú er verið að reyna þær á Japansmarkaði. Gera má fastlega ráð fyrir því að tóbaksframleiðendur leiti áfram leiða til að koma vöru sinni á framfæri í formi sem þeir halda að neytendum geðjist betur en venjulegt reyktóbak en gera má þó ráð fyrir að hafi mjög skaðlegar afleiðingar. Þess vegna er lagt til að banna tóbaksvarning sem ekki hefur verið hér á almennum markaði (2. mgr. 8. gr.).

Um 9. gr.

Víða í nálægum löndum eru í gildi reglur um hámark skaðlegra efna í sígarettureyk. Evrópusambandið samþykkti með tilskipun 90/239 að frá 31. desember 1992 skyldu sígarettur sem eru markaðssettar í aðildarríkjunum ekki mega gefa frá sér meiri tjöru en 15 mg hver og 12 mg frá 31. desember 1997. Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði eru Íslendingar bundnir af þessari tilskipun og er nú unnið að því að framfylgja henni. Hér er gert ráð fyrir (1. mgr. 9. gr.) að heilbrigðisráðherra setji reglur sem að þessu lúta.

Læknisfræðileg rök mæla með þessum takmörkunum. Rannsóknir sýna að sum skaðleg áhrif reykinga minnka við það að dregið er úr magni tiltekinna hættulegra efna í því tóbaki sem reykt er. Þetta er hvað skýrast um samband tóbakstjöru og lungnakrabbameins. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Evrópuráðið og fleiri aðilar hafa mælt með því að hætt verði að framleiða og selja tjörumiklar sígarettur.

Vegið meðaltal tjöru í þeim sígarettum sem hér voru seldar árið 1992 var 15,4 mg (mest 21,7 mg, minnst 4,9 mg) en var um 20 mg árið 1976 og sennilega um 40 mg fyrir fjórum áratugum.

Lagt er til (2. mgr. 9. gr.) að tóbaksframleiðendur standi undir kostnaði við rannsóknir, sem nauðsynlegar kunna að vera til að staðfesta upplýsingar þeirra um magn skaðlegra efna, og nauðsynlegt eftirlit.

Um 10. gr.

1. mgr. 10. gr., 3. mgr. 10. gr. og 4. mgr. 10. gr. eru óbreyttar frá 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að orðinu aðvörun er breytt í viðvörun að tillögu málfræðinga.

Nú hefur Evrópusambandið, með tilskipunum 89/622 og 92/41, ákvarðað að setja skuli almenna viðvörun á allar tóbaksvörur, „Tóbak hefur mjög skaðleg áhrif á heilsu manna“. Að auki skal setja sérstaka viðvörun sem er mismunandi eftir tegundum tóbaks:

1. Á sígarettupakka skal hvert ríki velja viðvörun af sérstakri skrá sem fylgir með tilskipununum (viðauki I). Tvo af þessum textum er skylt að nota en að öðru leyti má velja af skránni.
2. Á neytendapakkningar af vindlum og píputóbaki skal velja viðvörun af sérstakri skrá (viðauka II).
3. Á reyklaust tóbak, að svo miklu leyti sem sala þess er leyfð, sbr. 8. gr. þessa frumvarps, skal texti sérstakrar viðvörunar vera: „Veldur krabbameini“.

Reglugerð sú, sem sett var hér á landi á grundvelli gildandi laga um tóbaksvarnir, reglugerð 499/1984, markaði tímamót og var talin öðrum þjóðum til fyrirmyndar, ekki síst vegna þeirrar nýjungar sem fólst í myndskreytingu er þótti auka áhrifamátt varnaðarorðanna. Merkingar þessar svara til sérstöku viðvarananna í tilskipunum Evrópusambandsins og er eðlilegt að endurnýja íslensku textana með hliðsjón af þeim, en væntanlega gerist ekki þörf á að breyta íslensku merkingunum að því er varðar stærð og myndræna fram-

setningu. Hins vegar er almenna viðvörunarmerkingin, sem Evrópusambandið krefst, nýjung hér á landi og ástæða til að fagna henni.

Til samræmis við áðurnefndar tilskipanir er sett ákvæði í 2. mgr. 10. gr. um skyldu til að merkja sígarettupakka með upplýsingum um hve mikið af tjöru og nikótíni sé í meginreyk hverrar sígarettu. Slíkar merkingar, sem fyrst og fremst eru reykingamönnum til leiðbeiningar, eru góðra gjalda verðar svo langt sem þær ná.

Um 11. gr.

Íslendingar urðu með fyrstu þjóðum til að banna tóbaksauglýsingar, sbr. lög nr. 59/1971, og með lögum nr. 27/1977 varð það bann algert, sbr. og grein 7.1. í lögum nr. 74/1984. Bannið við hvers konar tóbaksauglýsingum er hér enn áréttað í 1. mgr. 11. gr. og skýrar en áður leiðbeint um það í 2. og 3. mgr. 11. gr. hvað teljist auglýsingar í því sambandi.

Auk tóbaks er nú í 1. mgr. 11. gr. bannað berum orðum að auglýsa annan varning sem ber heiti eða auðkenni tóbakstegunda í vörumerki sínu. Tilgangurinn með því að tengja nafn eða auðkenni tóbaksvarnings við aðra vöru, sbr. t.d. Camel-skór, er ekki síst sá að fá með því tækifæri til að auglýsa óbeint þá tóbaksvöru sem í hlut á, m.a. í löndum þar sem skorður eru settar við tóbaksauglýsingum, sbr. nýlegan dóm frá Belgíu, og jafnframt að gæða nafn hennar og auðkenni jákvæðu gildi, hvort tveggja í því skyni að auka tóbakssöluna. Víða erlendis er mönnum orðið ljóst að sporna verður við þessum áhrifum svo sem kostur er á með því að banna að auglýsa þær vörur sem eru þessu tóbaksmarki brenndar. Sú leið er farin hér.

Þá er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í 1. mgr. 11. gr. veitt heimild til að gefa út verðskrá um tóbak og tóbaksvarnanefnd að birta skrá um skaðleg efni í tóbaksvörum. Með því er tekinn af vafi um þessar heimildir en þær þykja eiga rétt á sér.

2. mgr. 11. gr. felur í sér óbreytt ákvæði frá því sem er í grein 7.2. í gildandi lögum að því viðbættu að bannað er einnig að sýna hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í myndskreytingu á varningi. Er þá m.a. átt við myndir af reykjandi fólki, t.d. frægum kvikmyndaleikurum, á fatnaði.

3. mgr. 11. gr. er, eins og grein 7.3. í gildandi lögum, til skýringar á því hvað teljist vera auglýsing og þar með bannað skv. 1. og 2. mgr. 11. gr. Hér er þessu ítarlegar lýst og þó ekki tæmandi fremur en áður.

Í 4. mgr. 11. gr. er nýtt ákvæði. Tóbak er svo skaðlegt og laust við jákvæða eiginleika að þau ein rök eru fyrir sölu þess að ekki þykir framkvæmanlegt að sinni að afnema hana. Ekki er þó með sömu rökum unnt að réttlæta að tóbakssalar hafi í frammi neitt það sem hvetji til tóbakskaupa, sbr. bannið við hvers kyns tóbaksauglýsingum. Séu tóbaksvörur hafðar í opnum hillum má jafna því við útstillingar og þar með auglýsingar. Því er lagt til að tóbaki sé þannig fyrir komið á sölustöðum að það beri ekki fyrir augu kaupenda. Með því er einnig girt fyrir að tóbaki sé veittur óviðurkvæmilegur sess meðal nauðsynjavara eða að það tengist í hugum barna sælgæti og annarri eftirsóttri vöru. Í greinargerð um 7. gr. laga nr. 74/1984 kemur fram það sjónarmið að best samræmist ákvæðum um auglýsingabann að leyfa ekki að hafa tóbaksvörur sýnilegar í verslunum. Er nú horfið að því ráði svo sem þá var talið að gerast kynni síðar.

Um 12. gr.

Tóbak veldur ávana og fíkn og ætti í raun að skilgreina það sem fíkniefni, sjá skýrslu landlæknis Bandaríkjanna 1988: „Nicotine addiction". Þetta skýrir að verulegu leyti hve sterk tök það hefur á flestum neytendum, jafnvel þó að þeim sé ljóst hvaða háska það veldur. Margt bendir til að tóbaksávani verði hvað mestur hjá þeim sem byrja ungir að reykja. Sýnt hefur m.a. verið fram á að þeir hneigjast öðrum fremur til stórreykinga og til þess að reykja „ofan í sig". Sama á væntanlega við aðra tóbaksneyslu. Margar rannsóknir hafa jafnframt sýnt að reykingamönnum er því hættara við að deyja af völdum reykinga sem þeir byrjuðu yngri að reykja. Sem dæmi má nefna umfangsmikla rannsókn bandaríska læknisins E. C. Hammonds. Samkvæmt henni var körlum sem byrjuðu að reykja 14 ára eða yngri um það bil fimm sinnum hættara við að deyja úr lungnakrabbameini heldur en þeim sem voru 25 ára eða eldri þegar þeir byrjuðu að reykja. Áhætta þeirra, sem byrjuðu að reykja á aldrinum 15–19 ára, var fjórföld að þessu leyti. Það eru því veigamikil rök til þess að sporna sérstaklega og með öllum tiltækum ráðum við því að börn og unglingar byrji að neyta tóbaks. Skipuleg fræðsla og upplýsingar um áhrif og afleiðingar tóbaksneyslu eru að vísu hornsteinar í slíkum forvörnum en margar aðrar ráðstafanir þurfa til að koma. Ákvæði 12. gr. í frumvarpinu hníga að þessu. Sum þeirra er að finna í meginatriðum í 8. gr. gildandi laga um tóbaksvarnir, önnur eru nýmæli.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mælst til að börnum sé ekki selt tóbak. Mörg lönd hafa bannað sölu á tóbaki til barna og unglinga og er þar í reynd um að ræða opinbera staðfestingu á því að nauðsynlegt sé að hamla á móti því að menn byrji að neyta tóbaks. Yfirleitt hafa mörkin verið sett við 16 ára aldur. Sums staðar, t.d. víða í Bandaríkjunum, eru þessi aldursmörk hærri, allt upp í 19 ár, og þróun í löggjöf um tóbaksvarnir virðist vera í þá átt að hækka mörkin.

Þegar lög um tóbaksvarnir voru sett árið 1984 var ákveðið að miða bann við tóbakssölu til barna við 16 ára aldur. Væri miðað við 17 ára aldur næði slíkt bann til allra grunnskólanema, sem væri mjög æskilegt. Við það ætti að verða auðveldara að girða fyrir reykingar nemenda en allir virðast vera sammála um mikilvægi þess. Almenningur virðist hlynntur því að hækka mörkin enn meir eins og fram kom í könnun Hagvangs í september 1991. Þá kváðust 62% þeirra sem afstöðu tóku vera hlynntir því að aldursmörkin yrðu hækkuð í 18 ár. Hér er eigi að síður lagt til (1. mgr. 12. gr.) að lágmarksaldur til tóbakskaupa verði enn um sinn miðaður við 16 ár.

Athuganir sem gerðar hafa verið sýna að töluverður misbrestur er á því að farið sé að lögum um bann við sölu tóbaks til barna hér á landi. Oft er um að ræða vanþekkingu á lagaákvæðinu. Af þeim sökum er talið nauðsynlegt að skylda söluaðila til að hafa uppi skilti um þetta bann. Einnig er þess vænst að nýtt ákvæði í 3. mgr. 24. gr. í frumvarpinu hvetji seljendur tóbaks til að hlíta þessu mikilvæga lagaákvæði.

Áréttað er í 1. mgr. 12. gr. að bann við tóbakssölu til barna og unglinga nái einnig til þess að afhenda þeim tóbak þó að það sé keypt fyrir aðra.

Ákvæði 2. mgr. 12. gr. er nýmæli. Nokkuð hefur borið á því að seldar séu hér á landi eftirlíkingar af sígarettum og öðrum reykfærum, svo og leikföng með vörumerkjum tóbaksframleiðenda. Með varningi þessum er leynt eða ljóst verið að minna á tóbak og tengja eftirsóknarverða eiginleika sælgætis eða leikfanga við hættulegt ávanaefni þannig að orðið getur til að fegra mynd þess í augum ungra neytenda. Jafnframt gefa eftirlíkingar af sígarettum, vindlum og reykjarpípum kost á „þykjustuleikjum" sem gætu verið spor í þá átt að líkja í alvöru eftir háttalagi reykingamanna. Ákvæði um bann við tóbaksauglýsingum taka að vísu til dreifingar á umræddum varningi en erfitt er um vik að

hefta sölu á honum nema til komi jafnframt bann við að flytja hann inn og framleiða svo sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr.

Það skýtur skökku við að börnum sé falið að afgreiða og selja vöru sem þau hafa ekki aldur til að kaupa. Tóbak er ávana- og fíkniefni sem veldur sjúkdómum og því fylgir ábyrgð að hafa það undir höndum og afhenda öðrum. Varla er verjandi að leggja slíka ábyrgð á börn og unglinga og venja þau við að fara með tóbak sem hverja aðra neysluvöru. Hér er í 3. mgr. 12. gr. kveðið á um að börn yngri en 16 ára selji ekki tóbak. Höfð er hliðsjón af því að unglingar hljóti við 16 ára aldur réttindi á við fullorðna á vinnumarkaði.

Ákvæði 4. mgr. 12. gr. um bann við að selja tóbak úr sjálfssölum er í gildandi lögum, grein 8.2.

Í reglugerð nr. 101/1965 er svohljóðandi ákvæði: „Í smásölu er einungis heimilt að selja vindlinga í heilum óáteknum pökkum.“ Tilgangurinn með slíkum reglum er fyrst og fremst að hamla á móti tóbaksneyslu unglinga. Sérfræðinganefnd Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar tók undir þetta sjónarmið árið 1978 og lög hafa verið sett í nokkrum löndum í þessa veru, m.a. í Ástralíu árið 1987. Hér er lagt til (5. mgr. 12. gr.) að þetta bann verði lögfest og það nái einnig til sölu á vindlum annars staðar en á vínveitingastöðum.

6. mgr. 12. gr. er óbreytt frá gildandi lögum, sbr. grein 8.3., að öðru leyti en því að lagt er til að ekki verði heimilt að selja tóbak á heilbrigðisstofnunum. Þykir óverjandi að selja svo heilsuspillandi vöru á stofnunum sem glíma m.a við afleiðingar tóbaksneyslu. Í könnun Hagvangs fyrir tóbaksvarnanefnd í maí 1988 sögðust 73% aðspurðra vera því hlynntir að hætt verði að selja tóbak á sjúkrahúsum. Vorið 1989 tók kvennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands þá ákvörðun að hætta tóbakssölu í verslunum sínum í sjúkrahúsum í Reykjavík. Engu að síður þykir eðlilegt að tóbaksvarnalög kveði á um slíkt bann enda mun tóbak enn vera selt á nokkrum heilbrigðisstofnunum. Geta má þess að landlæknir lagði til við heilbrigðisráðherra með bréfi dags. 3. apríl 1989 að stefnt yrði að því að banna tóbakssölu á sjúkrahúsum. Með hliðsjón af 3. og 4. tölul. 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins er fráleitt að heimila tóbakssölu á heilbrigðisstofnunum.

Um 13. gr.

Nú er farið að tíðkast að selja tóbak á stöðum þar sem það var ekki áður til sölu, svo sem á bensínstöðvum, myndbandaleigum og jafnvel vinnustöðum. Nú munu sölustaðir vera um það bil sjö hundruð. Mikill fjöldi sölustaða stuðlar að aukinni sölu á tóbaki og gerir eftirlit með tóbakssölu erfitt í framkvæmd. Meiri hluti almennings, jafnt reykingamanna sem annarra, telur að fækka megi sölustöðum tóbaks samkvæmt könnun Hagvangs í september 1986.

Með ákvæðinu í 1. mgr. 13. gr. er stefnt að því að halda fjölda sölustaða í skefjum með því að takmarka heimild til smásölu við matvöruverslanir, sælgætisverslanir (söluturna) og veitinga- og gististaði. Rök eru til þess að takmarka leyfi til tóbakssölu enn frekar en hér er gert þó ekki sé horfið að því ráði að sinni.

Í 2. mgr. 13. gr. er það sjálfsagða ákvæði að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi ekki heimild til að selja tóbak í heildsölu til annarra en þeirra sem hafa leyfi til smásölu þess skv. 1. mgr. 13. gr.

Um III. kafla.

Ákvæði um vernd gegn tóbaksreyk frá öðrum eru í III. kafla laga 74/1984 undir fyrirsögninni „Takmarkanir á tóbaksreykingum". Mikil framför var að ákvæðum þessum sem voru einhver hin róttækustu er þá þekktust í löggjöf. Hafa þau að verulegu leyti — þó ekki öllu — náð tilgangi sínum, sbr. athugasemdir við einstakar greinar hér á eftir. Meginávinningur af slíkum reglum felst í þeirri heilsuvernd sem þær stuðla beinlínis að með því að draga úr tóbaksmengun andrúmslofts í umhverfi fólks. Þegar gildandi lög voru samin og sett var byggt á þáverandi vitneskju um skaðsemi óbeinna reykinga en þekkingu á því sviði hefur fleygt fram síðan þannig að ljóst er að þörf er á enn afdráttarlausari löggjöf um vernd gegn tóbaksreyk en nú gilda, sjá m.a. ritin „Óbeinar reykingar" og „Börn og óbeinar reykingar". Ákvæði um takmarkanir á reykingum styðjast einnig við þá nauðsyn að börn og unglingar geti sem víðast verið óhult fyrir því fordæmi sem þeim stafar af reykjandi fólki. Jafnframt er vafalaust að slíkar reglur eru fólki hvatning til og stuðningur við að hætta að reykja. Ákvæði III. kafla taka mið af því sem fram kemur í 8. lið Íslenskrar heilbrigðisáætlunar: „Koma þarf í veg fyrir að fólk, sem ekki reykir, þurfi að líða tóbaksreyk."

Mjög eindreginn stuðningur við efni III. kafla kom fram í umsögnum Félags íslenskra lungnalækna, Krabbameinsfélags Íslands, Læknafélags Íslands og SÍBS, sbr. og fyrri tilvitnanir í svör Fóstrufélags Íslands og Neytendasamtakanna. Hins vegar kvaðst miðstjórn ASÍ, „við lauslega athugun" á frumvarpsdrögunum, telja að verið væri „að leggja of miklar skerðingar við reykingum fólks".

Um 14. gr.

Greinin kemur í stað 9. gr. í gildandi lögum um tóbaksvarnir þar sem kveðið er á um bann við reykingum í húsnæði sem almenningur leitar aðgangs að vegna afgreiðslu eða þjónustu. Hér (1. mgr. 14. gr.) er orðalagið almennara en sviðið fyrst og fremst það sem 9. gr. var ætlað að ná yfir.

Á veggspjaldi um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Vinnueftirlit ríkisins gáfu út í febrúar 1986, eru reykingar lýstar óheimilar, samkvæmt lögum um tóbaksvarnir, í öllu því afgreiðslu- og þjónustuhúsnæði sem almenningur hefur aðgang að, þar með taldir afgreiðslusalir, forstofur, gangar, biðstofur, snyrtiherbergi og áhorfendasvæði. Jafnframt eru nefnd eftirfarandi dæmi um staði og starfsemi þar sem þetta á við: „Verslanir og söluturnar (sjoppur). Bankar, sparisjóðir og pósthús. Rakarastofur og hárgreiðslustofur. Sólbaðs- og snyrtistofur, íþróttahús. Myndbandaleigur og leiktækjasalir. Opinber afgreiðsla. Afgreiðsla fyrirtækja. Aðrir sambærilegir staðir."

Ekki fer milli mála að 9. gr. laga um tóbaksvarnir nær til alls þess húsnæðis sem hér var upp talið og sama er að segja um 1. mgr. 14. gr. í þessu frumvarpi, enda er tilgangurinn óbreyttur, sá að tryggja að allir, þar á meðal t.d. astmasjúklingar, geti nýtt sér þá þjónustu sem þarna er veitt án þess að eiga á hættu óþægindi eða heilsutjón af völdum tóbaksreyks. Sérstaklega skal tekið fram að 1. mgr. 14. gr. nær til þess sem kalla mætti sameiginlegt rými eða tengirými í verslunarmiðstöðvum og stórverslunum. Það gerir 9. gr. gildandi laga líka þótt nokkur misbrestur hafi verið á framkvæmdinni til skamms tíma.

Undir 1. mgr. 14. gr. falla einnig hvers konar söfn og sýningarstaðir, opnir almenningi. Þar á meðal eru leikhús og kvikmyndahús, en þar hafa reykingar lengi verið bannaðar í sýningarsölum, m.a. af eldvarnaástæðum. Ríkar ástæður eru til að slíkt bann nái einnig til anddyris og annars almenns rýmis, m.a. sú hve staðir þessir eru mikið sóttir af börnum og unglingum. Fóstrufélag Íslands lagði í umsögn um frumvarpið mikla áherslu á að kvikmyndahús og leikhús yrðu reyklaus. Í könnun Hagvangs í maí 1991 fyrir tóbaksvarnanefnd kemur fram að mikill meiri hluti aðspurðra (74%) var hlynntur algeru banni við tóbaksreykingum í kvikmyndahúsum. Ef aðeins eru taldir þeir sem afstöðu tóku voru 82% hlynntir banni. Meiri hluti reykingamanna var fylgjandi banninu. Tóbaksvarnanefnd kynnti stjórn Félags kvikmyndahúsaeigenda niðurstöður könnunarinnar og ræddi við hana um það hvernig þessu marki yrði náð.

Veitinga- og skemmtistaðir eru meðal þeirra fyrirtækja sem eðli sínu samkvæmt falla undir meginákvæði greinar 9.1. í lögum um tóbaksvarnir. Þar er sú undantekning gerð um þessa staði að reykingar eru leyfðar, en þó áskilið að tóbaksreykingar séu bannaðar við „afmarkaðan fjölda veitingaborða". Í frumvarpinu (2. mgr. 14. gr.) eru veitingasalir á skemmtistöðum alveg undanþegnir reykingabanni, svo og veitingasalir á öðrum veitingastöðum þar sem ekki er lögð aðaláhersla á matsölu og er þar átt við svonefndar krár. Undanþágan á einungis við salina en ekki ganga, snyrtingar og því um líkt. Vilji forráðamenn ganga lengra en skylt er samkvæmt þessu njóta þeir stuðnings laganna.

Í 3. mgr. 14. gr. er ákvæði um veitingahús og veitingastofur sem falla ekki undir 2. mgr. 14. gr. Þar er heimilað, að uppfylltum ströngum skilyrðum, að leyfa reykingar í hluta veitingarýmis. Með sömu skilyrðum er veitt heimild fyrir reyksvæðum í flugstöðvum og hvers kyns umferðarmiðstöðvum með tilliti til farþega sem eru að koma úr reyklausum farartækjum og þeirra sem þurfa að bíða lengi eftir fari.

Getið skal niðurstöðu könnunar Hagvangs í febrúar 1989 þar sem 80% þeirra sem afstöðu tóku töldu æskilegt að eiga kost á reyklausum matsölustöðum.

Í stað ákvæðis í grein 9.2. í gildandi lögum kemur ákvæði í 18. gr., sjá athugasemdir við hana.

Við endurskoðun frumvarpsdraganna voru gerðar nokkrar breytingar á 14. gr. með hliðsjón af ábendingum frá umsagnaraðilum, m.a. Hollustuvernd ríkisins.

Um 15. gr.

Í grein þessari koma fram veigamiklar breytingar frá 10. gr. gildandi laga og viðaukar við ákvæði hennar í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í viðhorfi til mengunar af völdum tóbaksreyks og með hliðsjón af auknum skilningi á nauðsyn þess að draga úr fordæmisáhrifum reykinga. Einnig hafa undanþáguheimildir samkvæmt grein 10.2. víða leitt til slappleika í framkvæmd laganna í þeim stofnunum sem 10. gr. tekur til. Hér er því gert ráð fyrir að undanþágur þessar falli úr gildi og reykingar verði með öllu óheimilar í grunnskólum, hvers konar dagvistum barna og húsakynnum fyrir félags- og tómstundaiðkanir barna og unglinga, sbr. 1. tölul., þar með taldir dansskólar og hliðstæðir skólar. Með dagvistum barna er hér átt við leikskóla, skóladagheimili, sumardvalarheimili og aðrar sambærilegar stofnanir svo og gæslu barna í heimahúsum (hjá dagmæðrum).

Ákvæði 2. tölul. um opinberar barna- og unglingasamkomur svarar til 2. tölul., grein 10.1, í gildandi lögum en orðalagi er breytt lítillega.

Á 3. tölul. er sú breyting gerð frá 3. tölul., grein 10.1., í gildandi lögum að ákvæðið nær til allra þeirra staða þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta.

Í 4. tölul. er breyting á ákvæði, grein 10.3., í gildandi lögum um reykingar á sjúkrahúsum. Gert er ráð fyrir að þær verði með öllu óheimilar öðrum en sjúklingum sem fá leyfi til að reykja samkvæmt nánari reglum sem settar skulu. Þetta er í samræmi við þróun bæði hér á landi og erlendis í þá átt að sjúkrahús verði sem mest reyklausar stofnanir, sbr. og 6. mgr. 12. gr. í frumvarpinu. Á fundi stjórnarnefndar Ríkisspítala 21. desember 1989 var samþykkt að banna reykingar á Ríkisspítölum frá 1. janúar 1991. Frá og með sama tíma hafa reglur um takmarkanir á reykingum verið hertar á Borgarspítalanum og víðar. Þrátt fyrir þessa ótvíræðu þróun þykir rétt að hafa ákvæði í frumvarpinu til að tryggja að öll sjúkrahús á landinu verði reyklaus og er það í samræmi við ályktun Landssambands sjúkrahúsa frá 1989.

Í 5. tölul. er kveðið á um að reykingar verði með öllu bannaðar í framhaldsskólum eins og í grunnskólum. Til þess liggja sömu rök að flestu leyti. Um aðra skóla en grunnskóla og framhaldsskóla gilda ákvæðin um takmarkanir reykinga á vinnustöðum, sbr. 16. gr.

Í 6. tölul. eru reykingar í lyftum bannaðar. Þær hafa ekki verið heimilar í lyftum á vinnustöðum, reglugerð 487/1985, grein 2.5., og þykir ástæða til að láta bannið gilda í lyftum almennt. Víða erlendis er slíkt bann í gildi.

Í samræmi við megintilgang laga um tóbaksvarnir og með hliðsjón af forustu hins opinbera í þessum málum þykir ekki lengur við hæfi að leyft sé að reykja á þeim fundum sem opinberir aðilar efna til og á öðrum opinberum fundum. Ákvæði 7. tölul. tekur mið af þessu.

Varðandi fresti sem veittir eru til fullrar aðlögunar að reykingabanni skv. 15. gr. er vísað til ákvæða til bráðabirgða.

Um 16. gr.

Miklar breytingar hafa orðið til bóta varðandi takmarkanir á reykingum á vinnustöðum eftir að settar voru reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum (nr. 487/1985) með stoð í lögum um tóbaksvarnir. Víða hefur þó ekki tekist að framfylgja þessum reglum sem skyldi, m.a. vegna þess að atvinnurekendur hafa ekki talið sig hafa nógu skýra skyldu í þessu sambandi og þar með heimild til afskipta. Með lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu, sbr. 1. gr. Þar segir einnig, sbr. 13. gr.: „Atvinnurekandi skal tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað.“ 1. mgr. 16. gr. í þessu frumvarpi, um skyldu vinnuveitenda til að sjá starfsmönnum fyrir reyklausu umhverfi, er í samræmi við þessi sjónarmið. Hliðstætt ákvæði er í kanadískum lögum frá 1988. Með þessum hætti er reykingum í raun skipað með annarri mengun innan húss. Settar hafa verið reglur um hámark ýmissa skaðlegra efna í andrúmslofti á vinnustöðum en það er alls ekki raunhæft að því er varðar tóbaksreyk, m.a. vegna þess að í reyknum eru hundruð skaðlegra efna, þar á meðal fjöldi krabbameinsvaldandi efna, í honum er ávana- og fíknief ni (nikótín) og mjög lítið þarf af tóbaksreyk til að valda ertingu í slímhúð í öndunarvegi og augum. Þetta ber allt að þeim brunni að eðlilegast sé að útiloka tóbaksreyk sem allra mest á vinnustöðum og takmarka reykingar við alveg afmörkuð svæði.

Könnun sem Hagvangur gerði í desember 1985 leiddi í ljós yfirgnæfandi stuðning (93% þeirra sem afstöðu tóku) við takmarkanir á reykingum á vinnustöðum og önnur könnun, gerð í apríl 1989, sýndi að álíka margir (95%) voru því hlynntir að hafa reyklausa kaffistofu á vinnustað sínum. Enn er samt langt í land að tryggt sé að sérhver starfsmaður njóti þess réttar að anda að sér lofti ómenguðu af tóbaksreyk á vinnustað sínum svo sem fram kom í könnun Hagvangs í maí 1992. Samkvæmt henni voru reykingar leyfðar í mat- eða kaffistofu hjá 56% þeirra sem unnu utan heimilis. Fjórir af hverjum tíu þeirra, sem ekki reyktu, bjuggu við slíkt ástand. Einnig kom fram að reykingar voru leyfðar á vinnusvæði 43% þeirra sem unnu utan heimilis. Í kjölfar þessarar könnunar hóf tóbaksvarnanefnd átak til að hvetja til reykleysis á vinnustöðum og má vænta þess að ástandið sé nú orðið nokkru betra. Engu að síður er nauðsynlegt að löggjafinn stuðli að því að sú þróun verði sem örust.

2. mgr. 16. gr., um nánari reglur, er hliðstæð 12. gr. gildandi laga.

Skip eru, sem vinnustaðir, mjög ólík öðrum vinnustöðum, auk þess sem þau eru dvalarstaður skipverja. Tryggja þarf að sjómenn njóti sömu réttinda og aðrir landsmenn til reyklausra vinnustaða. Í grein 16.3. er heimild til að setja reglur um takmarkanir á reykingum í vinnurými og vistarverum skipshafna. Hliðstætt ákvæði er í grein 13.3. í lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984. Á grundvelli þess voru settar reglur um tóbaksreykingar um borð í skipum dags. 10. mars 1993.

Um 17. gr.

Í grein 13.1. í gildandi lögum er kveðið á um takmarkanir á reykingum í almenningsfarartækjum. Samkvæmt henni eru reykingar óheimilar í farþegarými almenningsfarartækja sem rekin eru gegn gjaldtöku með þeirri undantekningu að heimilt er að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli landa.

Í frumvarpi þessu er gerður greinarmunur á leigubifreiðum, hópbifreiðum og farþegaflugvélum annars vegar, þar sem reykingar eru alveg bannaðar (1. mgr. 17. gr., sbr. þó um flugvélar ákvæði til bráðabirgða), og hins vegar skipum þar sem bannið nær aðeins til farþegarýmis og einskorðast við ferðir sem skemmri eru en fjórar klukkustundir (2. mgr. 17. gr.). Þessi munur styðst við eðli og gerð farartækjanna en reynt er að tryggja rétt farþega eftir megni.

Nefna má að í reglugerð samgönguráðherra nr. 251/1984 segir: „Reykingar eru ætíð óheimilar í atvinnuflugi á innanlandsleiðum.“ Gildir það jafnt um farþega og áhöfn.

Víða erlendis hafa verið settar nýjar reglur um takmörkun reykinga í farþegaflugi. Sem dæmi má nefna að í Bandaríkjunum eru bannaðar reykingar í innanlandsflugi sem tekur styttri tíma en sex klukkustundir og í flugi kanadíska flugfélagsins Air Canada milli Norður-Ameríku og Evrópu eru reykingar ekki leyfðar. Frá 1. nóvember 1989 bönnuðu norrænu flugfélögin SAS og Finnair reykingar í öllu flugi innan Norðurlandanna nema til Íslands. Virðist þróunin vera sú að reykingar verði gerðar útlægar í öllu farþegaflugi. Hafa ber í huga að vindla- og pípureykingar munu víðast hvar vera bannaðar í farþegaflugi, óháð lengd flugtímans. Krabbameinsfélagið, SÍBS og fleiri samtök hafa hvatt til að reykingar í millilandaflugi verði með öllu bannaðar og almenningur virðist hlynntur slíku banni samkvæmt könnun Hagvangs í maí 1990. Um 82% þeirra sem afstöðu tóku voru hlynntir banninu og meiri hluti reykingamanna studdi það.

Samgönguráðuneytið gaf í janúar 1993 út reglugerð nr. 33/1993 sem kveður á um að frá og með 1. apríl 1993 séu reykingar ekki heimilar í flugi með farþega milli Íslands og annarra Evrópulanda og gildir það um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir.

Þing Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) samþykkti 8. október 1992 að hvetja aðildarríki sín eindregið til að gera þegar í stað nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka, skref fyrir skref, reykingar í öllu farþegaflugi milli landa með það að takmarki að reykingar verði alveg bannaðar frá 1. júlí 1996.

Þegar frumvarp þetta tekur gildi verða reykingar bannaðar í öllu farþegaflugi milli Íslands og annarra Evrópulanda, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Bannið nær til alls farþegaflugs frá miðju ári 1996.

Um 18. gr.

Hér er um að ræða ný ákvæði, sbr. þó um loftræstingu, 4. gr. reglna um tóbaksvarnir á vinnustöðum nr. 487/1985. Varða þau framkvæmd á undanþágum frá reykingabanni skv. 15.–17. gr. Regla gildandi laga, grein 9.2., að merkja skuli þau svæði þar sem óheimilt er að reykja, gildir enn á þeim opinberum stöðum þar sem reykingar eru ekki með öllu bannaðar. Jafnframt skulu þar auðkennd þau svæði þar sem reykingar eru leyfðar.

Um 19. gr.

Efni greinarinnar er nýmæli. Þar er sú ábyrgð lögð á forráðamenn húsnæðis og almenningsfarartækja að gera ráðstafanir til að framfylgja takmörkunum á reykingum, sbr. og 3. mgr. 27. gr. Með þessu er einkum átt við að setja upp þau merki sem skylt er samkvæmt lögunum, gera starfsmönnum grein fyrir lagaákvæðum og brýna fyrir þeim að fara að lögum og áminna aðra um það eftir því sem tilefni gefst til.

Um 20. gr.

Í grein 14.1. í lögum um tóbaksvarnir er ákvæði um að fram skuli fara reglubundin fræðsla um skaðsemi tóbaksneyslu í skólum og ríkisfjölmiðlum. Hér (1. mgr. 20. gr.) er lögð til breyting á orðalagi greinarinnar í því skyni að árétta markmið fræðslunnar að draga úr tóbaksneyslu. Fræðslan þarf að sjálfsögðu að beinast að fleiru en skaðsemi neyslunnar enda hefur svo verið í reynd. Þar hefur hlutur félagasamtaka verið drýgri en hins opinbera. Mikilvægt er að styðja við bak þeirra með aukinni tóbaksfræðslu af hálfu skólakerfis og ríkisfjölmiðla.

Með 2. mgr. 20. gr. er skylda til að aðstoða þá sem vilja hætta að reykja lögð á heilsugæslustöðvar og sjúkrahús en ekki gert ráð fyrir beinni forgöngu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í því efni svo sem er í lögum nr. 74/1984. Er þá tekið mið af reynslu undanfarinna ára og því sjónarmiði, sem m.a. var túlkað í greinargerð með lögunum, að líta beri á tóbaksvarnir sem eðlilegan þátt í heilsugæslustarfi, sbr. gildandi lög um heilbrigðisþjónustu. Engan veginn er ætlunin að taka fyrir samvinnu heilbrigðisyfirvalda við félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki um námskeið af þessu tagi þótt ekki sé kveðið á um frumkvæði ráðuneytisins eins og í gildandi lögum.

Um 21. gr.

Gert er ráð fyrir (1. mgr. 21. gr.) að framlag til tóbaksvarna verði 0,3% af brúttósölu tóbaks í stað 0,2% í gildandi lögum. Tilgangurinn með þeirri hækkun er að efla tóbaksvarnastarf í landinu og flýta þar með fyrir þeirri þróun sem stefnt er að með lögunum. Með þessu fæst m.a. aukið svigrúm til að veita styrki til sérstakra verkefna, þar á meðal vísindarannsókna. Þess skal getið að við útreikning á brúttósölu tóbaks hefur verið miðað við verð frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins með söluskatti.

Í gildandi lögum segir: „Tóbaksvarnanefnd gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárins.“ Í reynd hefur framkvæmdin verið þannig að nefndin ráðstafar fénu í samráði við ráðherra og er lagt til að sú tilhögun verði staðfest (2. mgr. 21. gr.).

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

Í ljósi þess sem nú er vitað um skaðsemi tóbaks og í samræmi við yfirlýst markmið stjórnvalda þykir ekki við hæfi að opinberir aðilar haldi þessari skaðlegu vöru að þegnunum með því að veita tóbak, t.d. í samkvæmum. Þetta sjónarmið virðist eiga mikinn hljómgrunn meðal landsmanna. Samkvæmt könnun Hagvangs fyrir tóbaksvarnanefnd í maí 1987 sögðust 89% þeirra sem afstöðu tóku vera hlynntir því að opinberir aðilar hætti að veita tóbak. Með svo eindregna afstöðu landsmanna að leiðarljósi er lagt til að þessi tilhögun verði lögfest þrátt fyrir andmæli stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram komu í umsögn um frumvarpið.

Um 24. gr.

1. og 2. mgr. 24. gr. eru efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga. Eðlilegast er talið að heilbrigðisnefndir hafi eftirlit með smásölu á tóbaki eins og öðrum vörum sem flokkast sem neyslu- og nauðsynjavörur.

Ákvæði 3. mgr. 24. gr. eru nýmæli. Þau eru sett til að stuðla að því að bann við tóbakssölu til barna (1. mgr. 12. gr.) sé virt. Heilbrigðisnefndir fá heimild til að stöðva tóbakssölu um tiltekinn tíma hjá þeim sem ítrekað brjóta þetta bann. Meðan sú stöðvun stendur er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óheimilt að selja hinum brotlega tóbak.

Samkvæmt könnun Hagvangs í maí 1992 lýstu 85% þeirra sem afstöðu tóku sig hlynnta þeirri hugmynd að binda tóbakssölu við sérstök leyfi sem sölustaðir gætu misst ef þeir seldu börnum tóbak. Þessi hugmynd á fylgi að fagna víða erlendis og vænta má að horfið verði að þessu ráði hér þótt síðar verði.

Um 25. gr.

1. mgr. 25. gr. kemur í stað 18. gr. gildandi laga en eftirlitsaðilum hefur verið fjölgað. Nauðsynlegt er talið (2. mgr. 25. gr.) að ráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins, m.a. um verkaskiptingu eftirlitsaðila.

Um 26. gr.

Þessi ákvæði eru hliðstæð því sem er í gildandi lögum.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 27. gr. eru efnislega samhljóða 20. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. 27. gr. er nýtt ákvæði um viðurlög ef um vanrækslu í veigamiklum atriðum er að ræða á skyldum skv. 19. gr.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 21. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1995.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til tóbaksvarnalaga.

Markmið frumvarpsins er að draga úr tóbaksneyslu og þar með úr því heilsutjóni sem slík neysla veldur reykingarmanninum beint og með óbeinum hætti þeim sem verða fyrir loftmengun af reyknum.

Í frumvarpinu eru margvísleg atriði sem hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Vart verður um það deilt að minni reykingar skila sér í betra heilsufari og þar af leiðandi í minni útgjöldum til heilbrigðsmála og minna tekjutapi vegna veikinda. Engin leið er að meta hve mikil áhrif frumvarpið hefur á reykingavenjur og heilsufar verði það að lögum. Lítill vafi leikur á að forvarnastarf er lítur að bættri heilsu getur verið mjög arðsamt. Vegna örðugleika við upplýsingaöflun og óvissu verður ekki gerð tilraun til að meta hugsanlegan ábata vegna áhrifa frumvarpsins á reykingar og heilsufar. Um þjóðfélagslegan kostnað af reykingum er vísað til athugunar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands nr. 10/1992.

Hér á eftir er lagt mat á kostnað við þau atriði sem ætla má að hafi bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs, í sömu röð og þau birtast í frumvarpinu:

1. Í 3. gr. er kveðið á um að lögin taki til fríhafna, eftir því sem við á. Í greinargerð með frumvarpinu er sagt að með greininni séu tekin af öll tvímæli um að lögin gildi einnig í fríhöfnum. Mun þar fyrst og fremst átt við ákvæði um auglýsingar, sölufyrirkomulag og reglur um reykingar á almannafæri, en ekki verðlagningu. Kveða má skýrar á um að ákvæðin eiga ekki við um verðlagningu. Ákvæðið hefur ekki teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.
2. Í 6. gr. er mönnum í tóbaksvarnanefnd fjölgað úr þremur í fimm, en í staðinn verða ekki skipaðir varamenn. Kostnaðarauki vegna þessa verður því óverulegur.
3. Í 8. gr. er lagt bann við innflutningi og sölu á munntóbaki, öðru en því sem ÁTVR framleiðir. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða tekur bannið gildi 1. janúar 1997. Tóbaksskattur af innfluttu munntóbaki nam um 5 m.kr. árið 1993.

4. Í 1. mgr. 20. gr. skal menntamálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla í því skyni að draga úr tóbaksneyslu. Þar er um nær óbreytt ákvæði frá gildandi lögum. Í 2. mgr. 20. gr. er kveðið á um að heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum verði skylt að aðstoða þá sem vilja hætta að reykja, svo og að veita fræðslu um áhrif tóbaksneyslu. Ekki er mögulegt að meta með neinni vissu kostnaðarauka af ákvæðinu þar sem það er almennt orðað en hann gæti orðið verulegur eftir umfangi starfseminnar. Ef veita á aðstoð, svo sem námskeið o.fl., á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, sem ríkissjóður fjármagnar, mun slík starfsemi á almennum markaði væntanlega að mestu hverfa nema starfsemin verði fjármögnuð með námskeiðsgjöldum. Gera verður ráð fyrir að notendur þjónustunnar þurfi a.m.k. að greiða komugjöld á heilsugæslustöðar en allur kostnaður umfram það lendi á ríkissjóði. Ekki verður séð að ofangreindar stofnanir séu undir það búnar að taka við slíkum verkefnum án aukinna fjárframlaga úr ríkissjóði eða fái heimild til innheimtu námskeiðsgjalda.
5. Í 1. mgr. 21. gr. er kveðið á um að verja skuli 0,3% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs, í stað 0,2% í gildandi lögum. Samtals gerir þetta um 12 m.kr. útgjöld sem er hækkun um 4 m.kr. frá gildandi lögum.
6. Í ákvæði til bráðabirgða V er kveðið á um að verð á tóbaki skuli hækka um 10% árlega umfram almennt vöruverð á árunum 1995–1999. Það þýðir 61% hækkun umfram almennt verðlag á tímabilinu. Ef miðað er við 2% árlega verðbólgu þarf 12% hækkun á verði tóbaks til að markmið frumvarpsins náist. Slík verðbreyting mun valda um 0,2% hækkun á framfærsluvísitölu á ári umrædd fimm ár. Fjármálaráðuneytið hefur ekki gert athuganir á áhrifum svo mikilla verðbreytinga á tóbakssölu og er því óvíst hve mikil áhrifin á tekjur ÁTVR verða. Gera má ráð fyrir að verulega dragi úr neyslu tóbaks, verði af hækkuninni og neytendur leiti í ríkara mæli eftir því að nálgast vöruna eftir öðrum leiðum. Þar sem tóbak er ávanabindandi má þó gera ráð fyrir að minni neysla vegi ekki upp verðhækkun og að tekjur ÁTVR hækki því nokkuð. Rétt er að minna á að ýmis önnur ákvæði frumvarpsins munu að líkindum einnig draga úr tóbakssölu.

Að öllu samanlögðu er líklegt að tekjuauki ríkissjóðs verði hærri en nemur beinum útgjaldaauka ef frumvarpið verður að lögum.

Rétt er að benda á að ýmis ákvæði frumvarpsins stangast í nokkrum veigamiklum atriðum á við stefnu fjármálaráðuneytisins í sölumálum tóbaksvara og verður athugasemdum um það komið á framfæri annars staðar.

927. Húsaleigulög. [144. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 922 (sbr. 160).

928. Lög [235. mál]

um slysavarnaráð.

(Afgreidd frá Alþingi 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 920.

929. Lög [295. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum, og lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Alþingi 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 921.

930. Lög [499. mál]

um breytingu á lögum nr. 32/1991, um Héraðsskóga.

(Afgreidd frá Alþingi 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 766.

931. Þingsályktun [390. mál]

um skipulega ræktun íslenska fjárhundsins.

(Afgreidd frá Alþingi 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 588.

932. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til vegalaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið á mörgum fundum og fékk til sín þá Jón Birgi Jónsson, ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneyti, Helga Hallgrímsson vegamálastjóra, Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóra og Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóra stjórnsýslusviðs Vegagerðarinnar. Þá fékk nefndin á fund sinn frá Reykjavíkurborg þá Stefán Hermannsson borgarverkfræðing og Jón G. Tómasson borgarritara og full-

trúa í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og frá Sambandi hestamannafélaga þá Guðmund Jónsson formann, Guðbrand Kjartansson, Jón Leví, Kristján Auðunsson og Sigurð Þórhallsson.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Efnislegar breytingar eru þessar:

1. Lagt er til að í 4. gr. verði sett almenn reglugerðarheimild fyrir ráðherra. Þær reglur, sem ráðherra setur á grundvelli þessarar heimildar, skulu bundnar við gildissvið laganna. Hér er um sams konar ákvæði að ræða og nefndin felldi fyrr í vetur inn í frumvarp til hafnalaga sem nú er orðið að lögum.
2. Lagt er til að ákvæði 8. gr. verði víkkað út þannig að safnvegir og tengivegir verði látnir ná til mikilvægasta athafnasvæðis í þéttbýli, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir nái til mikilvægasta athafnastaðar. Þá er lagt til að tengivegir nái að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er í stað fjórða býlis eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
3. Lögð er til lagfæring á IV. kafla frumvarpsins um einkavegi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þeirri miklu einföldun að allir vegir, sem ekki falla undir III. kafla, um þjóðvegi, teljist einkavegir. Þannig verða meginflokkar vega aðeins tveir og allir vegir í þéttbýli, sem ekki teljast til þjóðvega, falla undir hugtakið einkavegir. Fólki er tamt að telja einkavegi þá vegi sem lúta einkarétti einhvers aðila og eigi er heimil umferð um nema með leyfi þess tiltekna aðila og í umferðarlögum er ákvæði um torfærutæki þar sem þessi skilningur er lagður í orðið einkavegur. Af þessum sökum leggur nefndin til þá breytingu að inn í IV. kafla verði tekið hugtakið almennir vegir til aðgreiningar frá einkavegum. Almennir vegir eru þá vegir í eigu opinberra aðila sem ekki teljast þjóðvegir og eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Þá er einnig lagt til að hætt verði að nota hugtakið opinberir vegir en í staðinn talað um þjóðvegi og almenna vegi.
4. Í 14. gr. frumvarpsins segir að helmingur þeirra sem afnotarétt hafa af einkavegi geti tekið bindandi ákvarðanir fyrir hina um hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum. Lagt er til að meiri hluta þurfi til.
5. Lagt til að úr 16. gr. verði tekin tilvísun til reiðvega. Inn í greinina komi hins vegar ákvæði um heimild til að veita fé til greiðslu kostnaðar við ferjur sem ekki fullnægja skilyrðum 23. gr. Þá er lögð til sú breyting að aftast í 16. gr. flytjist ákvæði 17. gr. frumvarpsins þó með þeirri breytingu að samgöngunefnd Alþingis hafi tillögurétt um skiptingu fjárveitinga til einstakra framkvæmdaflokka.
6. Lagt er til að í frumvarpið komi ný grein, 17. gr., þar sem mælt er fyrir um að í vegáætlun skuli veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög. Ekki hefur verið gert ráð fyrir slíku samráði í vegalögum fram til þessa en á 113. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun um reiðvegaáætlun þar sem samgönguráðherra var falið að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun.
7. Lagt er til að inn í 23. gr. frumvarpsins verði felld sú breyting sem gerð var með lögum nr. 71/1993, um breytingu á vegalögum, nr. 6/1977, með síðari breytingum, um að Vegagerðinni sé heimilt að kaupa, eiga og hafa umsjón með ferjum og flóabátum sem reknir eru til samgöngubóta, svo og eiga aðild að félögum sem hafa eignarhald á þeim. Þá er lögð til sú breyting að í vegáætlun skuli ferjuleiðir taldar upp.

8. Lagt er til að við 29. gr. bætist nýr málsliður þar sem mælt er fyrir um úrskurðarvald ráðherra ef ágreiningur rís milli ríkis og sveitarfélags um greiðslu á þeim aukna kostnaði sem kann að hljótast af því að þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt.
9. Lagt er til að 2. mgr. 33. gr. frumvarpsins verði felld brott. Upphaflega kom þetta ákvæði inn í lögin áður en allt landið varð skipulagsskylt. Nú eru allir vegir landsins lagðir í samræmi við skipulag og ákvæðið því orðið úrelt.
10. Lagt er til að í 44. gr. verði lögbundin skylda Vegagerðarinnar til að hafa samráð við landeiganda um bráðabirgðaafnot lands.
11. Lagt er til að 3. og 4. málsl. 1. mgr. 47. gr. falli brott en þar er um að ræða ákvæði sem er í fullu samræmi við dómaframkvæmd og því ekki talin ástæða til að hafa það í þessum lögum.
12. Lagt er til að ákvæði 49. gr. verði víkkað þannig að hægt sé að krefjast bóta eftir að verki lýkur ef skaði kemur ekki strax í ljós. Þó er hinn almenni tíu ára fyrningarfrestur látinn marka endimörk hugsanlegra bótakrafna.
13. Þá er til einföldunar lagt til að í 62. gr. sé almennt ákvæði um að með lögunum falli úr gildi vegalög, nr. 6/1977, með síðari breytingum, í stað þess að telja sérstaklega upp allar þær breytingar sem orðið hafa á gildandi lögum.
14. Loks er lagt til að heimilt verði að greiða kostnað við ferjur í fimm ár, í stað þriggja, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 23. gr. frumvarpsins.

Aðrar breytingartillögur á frumvarpinu en hér hafa verið skýrðar fela aðeins í sér orðalagsbreytingar.

Í 56. gr. frumvarpsins er ákvæði sem bannar lausagöngu búfjár á vegsvæðum þar sem girt er báðum megin vegar. Þannig er lögð aukin áhersla á viðhaldsskyldu vegna girðinga. Miklar umræður urðu á fundum nefndarinnar um hugsanlegar breytingar á VII. kafla laganna, um girðingar, í þessu sambandi. Niðurstaðan varð sú að samgönguráðherra mundi skipa nefnd til að endurskoða lagaákvæði VII. kafla og yrði á grundvelli útkomu þeirrar athugunar lagt fram frumvarp um framtíðartilhögun þessara mála í þingbyrjun næsta haust.

Að lokum vill nefndin taka fram að nauðsynlegt er í framhaldi af setningu þessara laga að færa önnur lög til samræmis við þær breytingar á gildandi lögum sem hin nýju lög munu hafa í för með sér. Sérstaklega á það við um þau ákvæði umferðarlaga sem koma inn á einstaka vegflokka.

Alþingi, 12. apríl 1994.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Jóhann Ársælsson.
Petrína Baldursdóttir.	Sturla Böðvarsson.	Stefán Guðmundsson.
Egill Jónsson.	Guðni Ágústsson.	Árni Johnsen.

933. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 4. gr.
   a. 1. málsl. orðist svo: Ráðherra sá, er fer með samgöngumál, hefur yfirstjórn vegamála.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
      Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessara laga.
2. Við 5. gr. 1. málsl. orðist svo: Vegagerðin er veghaldari þjóðvega samkvæmt lögum þessum.
3. Við 8. gr.
   a. Lokamálsliður um stofnvegi orðist svo: Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.
   b. 1. málsl. 1. mgr. um tengivegi orðist svo: Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er.
   c. 2. mgr. um tengivegi orðist svo:
      Þar sem tengivegur tengir þéttbýli við stofnvegakerfið skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.
4. Fyrirsögn IV. kafla orðist svo: **Almennir vegir og einkavegir.**
5. Við 9. gr. Í upphafi greinarinnar komi nýr málsliður er orðist svo: Almennir vegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir en eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar.
6. Við 10. gr. 1. málsl. orðist svo: Eigendur almennra vega og einkavega hafa veghald þeirra.
7. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „einkavega“ í 1. mgr. komi: almennra vega og einkavega.
   b. Í stað orðanna „opinbera vegi“ í 2. mgr. komi: þjóðvegi og almenna vegi.
8. Við 14. gr. Í stað orðsins „helmingur“ í 2. mgr. komi: meiri hluti.
9. Við 16. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo: Í vegáætlun er heimilt að veita fé til greiðslu kostnaðar við eftirfarandi samgönguleiðir.
   b. Í stað orðanna „vegi yfir fjöll og heiðar sem ekki teljast til neins vegflokks“ í 1. mgr. komi: vegi yfir fjöll og heiðar sem ekki eru þjóðvegir.
   c. Í stað orðanna „vegi að sjúkraflugvöllum“ í 1. mgr. komi: vegi að flugvöllum sem ekki eru áætlunarflugvellir en taldir upp í flugmálaáætlun sem þjónustuvellir eða lendingarstaðir.
   d. Í stað orðanna „reiðvegi, samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélög“ í 1. mgr. komi: ferjur sem ekki fullnægja skilyrðum 23. gr.

e. 2. mgr. orðist svo:
Þeir aðilar, sem sækja um og er veitt fé til framkvæmda við vegi samkvæmt þessari grein, skulu annast veghald viðkomandi vegar.
f. 3. mgr. orðist svo:
Heimilt er að binda fjárveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegar og merkingu hans.
g. Við greinina bætist tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:
Ráðherra ákveður skiptingu fjárveitinga til einstakra framkvæmdaflokka að fengnum tillögum vegamálastjóra og samgöngunefndar Alþingis.
Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna samgönguleiða samkvæmt þessari grein.

10. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
Í vegáætlun skal veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög.
11. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
Vegagerðinni er heimilt að kaupa, eiga og hafa umsjón með ferjum og flóabátum sem reknir eru til samgöngubóta, svo og eiga aðild að félögum sem hafa eignarhald á þeim.
Heimilt er að greiða af vegáætlun hluta kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði, enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg a.m.k. hluta úr ári. Einnig er heimilt að greiða hluta kostnaðar við bryggjur fyrir slíkar ferjur.
Í vegáætlun skulu ferjuleiðir taldar upp og gerð grein fyrir stofnframlögum til einstakra ferja.
12. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
Vegir skulu lagðir í samræmi við skipulag. Við gerð skipulags skal haft samráð við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá. Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmun. Rísi ágreiningur um réttmæti slíkrar kröfu eða um fjárhæð skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.
13. Við 33. gr. 2. mgr. falli brott.
14. Við 44. gr. bætist ný málsgrein, er verði 1. mgr., svohljóðandi:
Vegagerðin skal hafa samráð við landeiganda um bráðabirgðaafnot lands.
15. Við 47. gr.
a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Mat skal fara fram á vettvangi þá jörð er snjólaus.
b. 3. og 4. málsl. 1. mgr. falli brott.
16. Við 49. gr. Greinin orðist svo:
Skaðabóta, sem af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá því að verki lauk, eða frá því að skaði kom í ljós, ella fellur réttur til skaðabóta niður. Slíkar kröfur fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá því að verki lauk.
17. Við 62. gr. Greinin orðist svo:
Með lögum þessum eru felld úr gildi vegalög, nr. 6/1977, með síðari breytingum. Ákvæði III., IV. og V. kafla þeirra laga halda þó gildi til næstu reglulegrar endurskoðunar vegáætlunar.
18. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „þrjú ár“ komi: fimm ár.

934. Breytingartillögur [354. mál]

við frv. til l. um samfélagsþjónustu.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „60“ í 1. mgr. komi: 40.
   b. Í stað „180“ í 1. mgr. komi: 120.
2. Við 3. gr. Í stað „60“ í upphafi 3. málsl. 1. mgr. komi: 40.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „brotlegur“ í 1. tölul. komi: sekur um refsiverðan verknað.
4. Við 5. gr.
   a. Á eftir „samfélagsþjónustunefnd“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: svo og jafnmarga varamenn þeirra.
   b. Í stað 2.–4. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður sem orðist svo: Formaður nefndarinnar skal uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.
5. Við 8. gr.
   a. Í stað 2.–3. mgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:
      Ef dómþoli með alvarlegum hætti eða ítrekað rýfur önnur skilyrði samfélagsþjónustu, svo og ef hann fremur ótvírætt brot á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni, getur Fangelsismálastofnun ríkisins ákveðið hvort skilyrðum skuli breytt, tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort dómur um refsivist komi til afplánunar. Skal þá meta tímalengd refsivistar með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.
   b. 5. mgr. falli brott.
   c. 6. mgr. (sem verði 4. mgr.) orðist svo:
      Ákvörðunum Fangelsismálastofnunar ríkisins samkvæmt þessari grein verður skotið til samfélagsþjónustunefndar og er ákvörðun nefndarinnar endanleg.

935. Nefndarálit [354. mál]

um frv. til l. um samfélagsþjónustu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn til viðræðna frá dómsmálaráðuneytinu Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, og Þorstein A. Jónsson skrifstofustjóra, Harald Johannessen fangelsismálastjóra, Erlend Baldursson afbrotafræðing og Ragnheiði Bragadóttur, lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Nefndinni bárust einnig skrifleg gögn frá fyrrgreindum aðilum. Þá bárust nefndinni umsagnir á 116. löggjafarþingi frá fjármálaráðuneytinu, Fangelsismálastofnun ríkisins, Vernd, Fangavarðafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Sýslumannafélagi Íslands, stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Geðlæknafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Sálfræðingafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að fullnusta megi dóma um allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist með ólaunaðri vinnu dómþola í þágu samfélagsins. Er hér um tilraun að ræða og lögunum þannig aðeins ætlað að gilda um tiltekinn tíma eða tvö og hálft ár frá 1. júlí 1995 að telja.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvörðun um samfélagsþjónustu verði á stjórnsýslustigi. Samfélagsþjónusta er þannig hugsuð sem eitt af þeim úrræðum sem stjórnvöld hafi við fullnustu dóms um refsivist. Þessi skipan er sérstæð fyrir Ísland og undirstrikar að hér sé um tilraun að ræða. Við þær aðstæður er skynsamlegt að framkvæmdin sé í höndum stjórnvalda þannig að unnt sé að byggja upp samfélagsþjónustu og laga hana að aðstæðum hér á landi. Reynist þetta tímabundna fyrirkomulag það vel að ákveðið verði að samfélagsþjónusta verði varanlegur hluti af viðurlagakerfinu kann að vera eðlilegt að ákvæði um samfélagsþjónustu verði felld inn í almenn hegningarlög og dómstólum falið að ákveða hvort dæma beri mann, að fengnu samþykki hans, til samfélagsþjónustu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Breytingarnar á 1. og. 3. gr. helgast af því að 60 klst. samfélagsþjónusta fyrir hvern refsivistarmánuð þykir of mikið enda er gert ráð fyrir að dómþoli sinni þessari skyldu í frítíma samhliða annarri vinnu eða námi. Þá má einnig benda á að mikill tímafjöldi er dýrari í framkvæmd vegna nauðsynlegs eftirlits og getur einnig leitt til þess að dómþoli kjósi fremur afplánun refsivistar en samfélagsþjónustu. Er því lögð til breyting á 3. gr. þannig að 40 klst. jafngildi einum mánuði í refsivist og á 1. gr. þannig að samfélagsþjónusta geti minnst verið 40 klst. og mest 120 klst.

Breytingin á 1. tölul. 4. gr. er ekki efnisleg en er til skýringar þar sem meiningin er að dómþoli brjóti ekki refsilög á þeim tíma sem hann innir samfélagsþjónustu af hendi. Er því lagt til að í stað orðanna „gerist ekki brotlegur“ komi: gerist ekki sekur um refsiverðan verknað.

Lagðar eru til breytingar á 5. gr. Annars vegar er lagt til að í frumvarpinu verði dómsmálaráðherra veitt heimild til að skipa þrjá menn til vara í samfélagsþjónustunefnd. Hins vegar er lögð til breyting sem leiðir af því að með því fyrirkomulagi málskots, sem breytt 8. gr. gerir ráð fyrir og gert er grein fyrir hér, eru starfsmenn Fangelsismálastofnunar ríkisins vanhæfir til setu í samfélagsþjónustunefnd, sbr. 4. tölul. 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Breytingarnar á 8. gr. miða að því að ákvörðun gagnvart dómþola, rjúfi hann skilyrði fyrir samfélagsþjónustu, geti sætt endurskoðun enda er þar um íþyngjandi ákvörðun að ræða. Þannig verði það Fangelsismálastofnun en ekki samfélagsþjónustunefnd sem getur ákveðið hvort skilyrðum gagnvart dómþola skuli breytt, tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort dómur um refsivist komi til afplánunar. Ákvörðun Fangelsismálastofnunar verður skotið til samfélagsþjónustunefndar sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Felld er brott 5. mgr. 8. gr. um að dómþoli skuli þegar hefja afplánun er ákveðið hefur verið að refsivist skuli koma til framkvæmda. Ekki er um efnisbreytingu að ræða þar sem það leiðir af 29. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar nema æðra stjórnvald taki ákvörðun þar um.

Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. apríl 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Björn Bjarnason.
Jón Helgason.	Guðrún J. Halldórsdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.

936. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á fund sinn til viðræðna frá félagsmálaráðuneytinu Berglind Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra og Sesselju Árnadóttur lögfræðing og Guðmund Vigni Óskarsson, formann Landssambands slökkviliðsmanna. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Landssambandi slökkviliðsmanna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Brunamálastofnun ríkisins, Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar, Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samfloti bæjarstarfsmanna, Brunatæknifélagi Íslands, fjármálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga auk gagna frá félagsmálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Eggert Haukdal, Jón Kristjánsson og Guðjón Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.
Ingibjörg Pálmadóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.

937. Svar [489. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 1992 koma að þessu sinni ekki fram ábendingar um ráðstafanir sem ráðuneytið þurfi að hrinda í framkvæmd vegna þeirra atriða sem nefnd eru í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar frá október 1993.

938. Fyrirspurn [587. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni sumarhúsaeigenda.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hefur starfshópur sá, er félagsmálaráðherra skipaði í apríl 1993, um málefni sumarhúsaeigenda skilað áliti?
2. Hyggst ráðherra gera krófur til sveitarfélaganna um að sumarhúsaeigendur eigi rétt á tiltekinni lágmarksþjónustu fyrir greiðslu fasteignagjalda og ef svo er, hver er þá sú lágmarksþjónusta að mati ráðherra sem sumarhúsaeigendur eiga rétt á?

939. Fyrirspurn [588. mál]

til dómsmálaráðherra um ættleiðingar.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á ættleiðingarlögum til samræmis því að flest börn, sem ættleidd eru, eru ættleidd erlendis frá?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir styrkveitingum til þeirra foreldra sem ættleiða börn erlendis frá vegna þess kostnaðar sem af því leiðir líkt og tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar?

940. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og m.a. fengið umsagnir umhverfisnefndar og heilbrigðis- og trygginganefndar en báðar nefndirnar klofnuðu í afstöðu sinni til málsins. Álit nefndanna eru birt sem fylgiskjöl með áliti meiri hluta allsherjarnefndar og því ekki endurbirt með þessu nefndaráliti.

Á fund nefndarinnar kom Ólafur Ólafsson landlæknir. Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Austurlandssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Siglingamálastofnun ríkisins, Náttúruverndar-

ráði, VSÍ, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis, Hollustuvernd ríkisins, ASÍ og Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Minni hlutinn telur ekki rök fyrir því að færa alla starfsemi Hollustuverndar ríkisins undir umhverfisráðuneytið. Sá hluti starfseminnar, sem nú heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, matvælasviðið, er nú um tveir þriðju hlutar hennar og er að mati minni hlutans rétt vistaður undir því ráðuneyti. Sá málaflokkur gæti orðið enn umfangsmeiri í framtíðinni í takt við auknar kröfur um eftirlit með hollustu matvæla. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að í framtíðinni má allt eins búast við því að tvíþættri starfsemi Hollustuverndar ríkisins verði skipt upp og þá yrði tjaldað til einnar nætur ef aftur þyrfti að færa hluta starfseminnar, matvælasviðið, til baka til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis þar sem það á helst heima. Bent hefur verið á að skynsamlegt geti verið að samræma matvælaeftirlit sem nú fer fram hjá fleiri stofnunum en Hollustuvernd, til að mynda Fiskistofu. Einnig komu fram ábendingar um aðra möguleika í samræmingu á matvælaeftirliti í umsögnum VSÍ og Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Þótt vissulega megi taka undir að eitthvert óhagræði sé af því fyrir Hollustuvernd ríkisins að heyra undir tvö ráðuneyti er það að mati minni hlutans ófært vegna tvenns konar verkefna stofnunarinnar og aðeins tilfærsla á óhagræði að ætla umhverfisráðuneyti að taka að sér hlutverk sem ekki heyrir undir starfssvið ráðuneytisins. Fram kom hjá landlækni að ef matvælasviðið yrði flutt til umhverfisráðuneytisins yrði mjög líklega þörf á að ráða starfsfólk úr heilbrigðisstéttum til umhverfisráðuneytisins. Mengunarvarnadeild og eiturefnasvið Hollustuverndar ríkisins eru að mati minni hlutans best komin áfram undir umhverfisráðuneyti þar sem þau tengjast öðrum verkefnum ráðuneytisins.

Efling umhverfisráðuneytisins er góðra gjalda verð og án efa leynast víða verkefni sem betur væru vistuð þar en þar sem þau eru nú. Það er hins vegar bjarnargreiði við ráðuneytið að drepa verkefnum ráðuneytisins á dreif með því að færa því verkefni sem ekki teljast til umhverfismála. Minni hlutinn getur því ekki stutt frumvarpið.

Alþingi, 13. apríl 1994.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, frsm. Kristinn H. Gunnarsson.

941. Fyrirspurn [589. mál]

til menntamálaráðherra um þjónustu Ríkisútvarpsins við heyrnarskerta og heyrnarlausa.

Frá Tómasi Inga Olrich.

1. Hve margir eru þeir Íslendingar sem ekki eru taldir geta nýtt sér þjónustu Ríkisútvarpsins vegna heyrnarleysis eða heyrnarskerðingar?
2. Á hvern hátt hefur Ríkisútvarpið reynt að koma til móts við þennan hóp?
3. Hefur verið dregið úr þjónustu Ríkisútvarpsins við heyrnarlausa?
4. Er áformað að auka þjónustu Ríkisútvarpsins við heyrnarlausa?

942. Fyrirspurn [590. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um lyfjaauglýsingar í fjölmiðlum.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

1. Hverju á að ná fram með þeim auglýsingum sem nú birtast í blöðum og ljósvakamiðlum frá heilbrigðisráðuneytinu og Tryggingastofnun ríkisins?
2. Er ætlast til að sjúklingar hafi áhrif á lækna varðandi hvaða lyfjum er ávísað?
3. Hvað á auglýsingaherferðin að standa lengi yfir?
4. Hvað er áætlað að þessi auglýsingaherferð muni kosta?
5. Í hvaða fjölmiðlum er auglýst?

943. Svar [521. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur um skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluendurskoðun hjá Landgræðslu ríkisins frá janúar 1993.

Hvað hefur verið gert til að framfylgja þeim ábendingum og athugasemdum sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá janúar 1993 um stjórnsýsluendurskoðun hjá Landgræðslu ríkisins þar sem m.a. er bent á:

a. að nauðsynlegt sé að endurskoða lög um Landgræðslu ríkisins,
b. að endurskoða beri samstarf og verkaskiptingu Landgræðslunnar og RALA,
c. að gera þurfi könnun á því hvort hagkvæmt geti verið að sameina Skógrækt ríkisins og Landgræðsluna,
d. að gera þurfi skipurit af Landgræðslu ríkisins og skipta stofnuninni upp í ákveðin svið,
e. að loka ætti skrifstofunni í Reykjavík og flytja alla starfsemina í Gunnarsholt,
f. að efla þurfi fjármálasvið Landgræðslu ríkisins og ráða sérstakan fjármálastjóra,
g. að endurskoða flugrekstur Landgræðslu ríkisins þar sem nýting flugvélanna er lítil,
h. að gera þurfi úttekt á bifreiðamálum Landgræðslunnar?

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá janúar 1993 segir m.a.: „Þess ber þó að geta að margt er með ágætum í rekstri stofnunarinnar, enda þótt í skýrslu þessari sé aðallega að finna athugasemdir er varða reksturinn.“

Landbúnaðarráðuneytið og Landgræðsla ríkisins hafa markvisst tekið á þeim atriðum er Ríkisendurskoðun benti á:

a. Endurskoðun laga um Landgræðslu ríkisins hefur verið rædd og niðurstöður þeirra sem um málið hafa fjallað eru að það sé ekki sjálfgefið að brýn þörf sé á þeirri endurskoðun. Enn fremur er rétt að benda á að þegar lög um landgræðslu verða endurskoðuð verður nauðsynlegt að endurskoða einnig lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969.

b. Samstarf og verkaskipting RALA og Landgræðslunnar hefur verið í mikilli umfjöllun og endurskoðun hjá stofnununum. Samstarfssamningur stofnananna frá 1991 hefur nú verið endurskoðaður.

c. Sameining Skógræktarinnar og Landgræðslu ríkisins hefur verið til umfjöllunar í landbúnaðarráðuneytinu. Ekki er tilefni til að breyta núverandi verkaskiptingu.

d. Nýtt skipurit Landgræðslunnar var samþykkt af landbúnaðarráðherra fyrir nokkrum mánuðum eftir mikla umfjöllun hjá stofnuninni og fagráði í landgræðslu í samráði við Ríkisendurskoðun og landbúnaðarráðuneytið.

e. Í samræmi við áðurnefnt skipurit er nú héraðsmiðstöð með aðstöðu fyrir starfsfólk Landgræðslunnar sem þarf að sinna erindum í Reykjavík þar sem skrifstofan var áður. Þar er ekki skrifstofurekstur, höfuðstöðvar Landgræðslunnar eru og hafa verið í Gunnarsholti í 65 ár.

f. Fjármálasvið Landgræðslunnar hefur verið eflt og rekstur síðasta árs var vel innan marka fjárlaga eins og hann hefur verið að undanskildu árinu 1992.

g. Flugrekstur Landgræðslunnar hefur verið til athugunar. Ein vél var notuð á síðasta ári og verður sami háttur hafður á á þessu ári.

h. Aksturşmál stofnunarinnar hafa verið endurskoðuð og sparnaður varð á því sviði 1993. Óhjákvæmilegt er að starfsmenn stofnunarinnar ferðist um landið vegna skipulags starfsins, úttekta, kortlagningar jarðvegseyðingar og fjölþættra almannatengsla. Óþarft er að minna á að vinna við græðslu landsins krefst mikilla ferðalaga. Þessi mál eru eðli sínu samkvæmt ávallt til endurskoðunar til þess að halda kostnaði sem lægstum.

944. Fyrirspurn [591. mál]

til landbúnaðarráðherra um nýtingu heimilda samkvæmt jarðalögum.

Frá Svavari Gestssyni.

Hve oft, hvar og hvernig hefur heimild skv. 14. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, verið beitt?

Skriflegt svar óskast.

945. Fyrirspurn [592. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Fiskimálasjóð og hagræðingardeild Fiskveiðasjóðs.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hverjar voru árlegar styrkveitingar Fiskimálasjóðs síðustu fimm árin sem hann starfaði?

   Þess er óskað að fjárhæðir verði gefnar upp á verðlagi hvers árs fyrir sig og jafnframt á verðlagi í lok síðasta árs; enn fremur að fram komi í svari sundurliðun fjárhæða til markaðsöflunar og til nýsköpunar í sjávarútvegi.

2. Hve miklu hefur hagræðingardeild Fiskveiðasjóðs varið til hagræðingar frá því hún var stofnuð með lögum nr. 10/1984? Hver eru árleg framlög til deildarinnar og hvaða upphæðir hefur deildin greitt og til hvaða verkefna?

Skriflegt svar óskast.

946. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Ljóst er að rekstur Áburðarverksmiðjunnar er í mikilli hættu. Það stafar ekki af því að verksmiðjan sé rekin með miklu tapi. Á árinu 1993 var 57,2 millj. kr. hagnaður af rekstri og 14,9 millj. kr. hagnaður á árinu 1992. Hættan stafar heldur ekki af því að verksmiðjan sé skuldum hlaðin. Eigið fé sem hlutfall af heildarfjármagni hefur vaxið ört undanfarin ár og er nú 90% en veltufjárhlutfallið er 6,6 og er eignarstaða verksmiðjunnar mjög traust. Enn síður stafar hættan af því að verksmiðjan geti ekki selt framleiðslu sína. Á síðasta ári seldi verksmiðjan alla framleiðslu sína, rúm 52.500 tonn, á innlendum markaði auk rúmlega 1.500 tonna sem voru innflutt og námu heildartekjur fyrirtækisins 1.149 millj. kr. Fjöldi starfsmanna er nú 110.

Yfirvofandi hætta stafar hins vegar af því að samkvæmt samningi um EES verður opnað fyrir innflutning á áburði frá ársbyrjun 1995. Á undanförnum árum hafa nokkur risafyrirtæki með Norsk Hydro í broddi fylkingar náð yfirburðastöðu á norrænum markaði með áburði unnum úr jarðgasi. Líklegt er að Áburðarverksmiðjan muni eiga í erfiðleikum með að standast þá samkeppni þar sem íslenskur áburður er talinn um 10% dýrari en erlendur þótt raunverð á innlendum áburði hafi farið verulega lækkandi á liðnum árum eins og sjá má í meðfylgjandi fylgiskjali. Vissulega fylgja því nokkrir kostir fyrir bændur og neytendur landbúnaðarvara að áburðarverð lækki. Hins vegar er það stórfellt áfall fyrir þjóðarbúið og íslenskt efnahagslíf er framleiðsla, sem nemur rúmum milljarði króna, fellur niður.

Fyrirhuguð breyting á rekstrarformi verksmiðjunnar leysir engan vanda. Nú er stjórn verksmiðjunnar kjörin af Alþingi en með stofnun hlutafélags um reksturinn verður sú breyting að landbúnaðarráðherra velur alla stjórnarmenn. Þótt eignarstaða fyrirtækisins sé mjög góð er ekki líklegt að eftirspurn verði eftir hlutabréfum í hinu nýja hlutafélagi við þær aðstæður sem vænta má. Því er langlíklegast að hlutabréfin verði áfram í eigu ríkisins.

Engin ástæða er til að ætla að staða verksmiðjunnar batni með þeirri miðstýringu og ólýðræðislegu valdasamþjöppun sem felst í því að önnum kafinn stjórnmálamaður, sem gegnir starfi landbúnaðarráðherra hverju sinni, verði einráður um málefni fyrirtækisins.

Brýnasta verkefnið í málefnum þessa fyrirtækis er því ekki breyting á rekstrarformi heldur hitt að tryggja rekstur þess í framtíðinni og skapa því öruggan rekstrargrundvöll. Jafnhliða þessu þarf að huga að réttarstöðu þeirra starfsmanna verksmiðjunnar sem búa nú við réttindi ríkisstarfsmanna, en frumvarpið gerir ráð fyrir verulegri skerðingu á réttindum starfsmanna.

Undirrituð, sem skipa minni hluta nefndarinnar, telja óhjákvæmilegt að gerð verði vönduð úttekt á því á vegum landbúnaðarráðuneytisins og bændasamtakanna hvað gera þarf til að tryggja rekstur verksmiðjunnar til frambúðar eftir að innflutningur erlends áburðar hefst í samræmi við EES-samning á árinu 1995. Því er hér lagt til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 14. apríl 1994.

Sigurður Hlöðvesson, frsm. Guðrún J. Halldórsdóttir.

Fylgiskjal I.

Áburðarverksmiðja ríkisins:

HELSTU KENNITÖLUR ÚR REKSTRI ÁBURÐARVERKSMIÐJUNNAR:

	1993	1992	1991	1990	1989
Veltufjámunir/heildareignir	50,5 %	42,7 %	36,9 %	26,5 %	34,5 %
Fastafjármunir/heildareignir	49,5 %	57,3 %	63,1 %	73,5 %	65,5 %
Skammtímaskuldir/heildareignir	7,7 %	10,7 %	12,5 %	13,6 %	26,1 %
Langtímaskuldir/heildareignir	2,3 %	0,5 %	3,3 %	6,8 %	10,7 %
Eigiðfé/heildareignir	90,0 %	88,8 %	84,2 %	79,6 %	63,2 %
Veltufjárhlutfall	6,59	4,01	2,95	1,95	1,32
Lausafjárhlutfall	3,22	1,20	0,42	0,38	0,30

Eigið fé sem hlutfall af heildarfjármagni.



ÞRÓUN VERÐS Á ÁBURÐI MIÐAÐ VIÐ ÞRÓUN BYGGINGARVÍSITÖLU



Með nefndarálitinu voru að auki birt tvö önnur fylgiskjöl.

Á fskj. II var birt umsögn Búnaðarfélags Íslands um málið frá 9. mars 1994 og á fskj. III umsögn BHMR frá 21. mars 1994. Um þessi fylgiskjöl vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

947. Fyrirspurn [593. mál]

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framlög Iðnlánasjóðs.

Frá Guðna Ágústssyni.

Til hverra ráðstafaði Iðnlánasjóður af tekjum sínum af iðlánasjóðsgjaldi 1992, til hvers voru framlögin ætluð og hve mikið fengu þeir hver um sig?

Óskað er eftir samsvarandi upplýsingum fyrir árin 1990 og 1991, sem og síðasta ár, 1993.

Greinargerð.

Í ársreikningi Iðnlánasjóðs 1992 kemur fram að tekjur hans af iðnlánasjóðsgjaldi, sbr. lög nr. 76/1987, námu 147,8 millj. kr. Af þessari upphæð ráðstafaði sjóðurinn 106,6 millj. kr. í framlög. Óskað er eftir upplýsingum um þessi framlög.

Skriflegt svar óskast.

948. Fyrirspurn [594. mál]

til sjávarútvegsráðherra um þróunardeild Fiskveiðasjóðs.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hvert er verksvið þróunardeildar Fiskveiðasjóðs?
2. Hvernig var ráðstafað fjármagni deildarinnar 1991, 1992 og 1993?

Greinargerð.

Í rekstrarreikningi Fiskveiðasjóðs 1992 kemur fram að framlag til þróunardeildar var það ár 21,9 millj. kr. og á árinu 1991 30 millj. kr.

Skriflegt svar óskast.

949. Fyrirspurn [595. mál]

til félagsmálaráðherra um félagslegar íbúðir.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvernig form er á eignarhaldi eftirtalinna félagslegra íbúða, hvað þurfa þeir er úthlutun hafa fengið að greiða við móttöku íbúðar, hverjar þurfa mánaðarlegar tekjur þeirra að vera, hverjar eru mánaðarlegar afborganir, og þá til hve margra ára, af:
   a. félagslegum eignaríbúðum,
   b. félagslegum kaupleiguíbúðum,
   c. almennum kaupleiguíbúðum?
2. Hverjar eru mánaðarlegar leigugreiðslur þeirra er afnot hafa af félagslegum leiguíbúðum? Hver er réttur þeirra t.d. hvað varðar leigutíma?

Skriflegt svar óskast.

950. Frumvarp til laga [354. mál]

um samfélagsþjónustu.

(Eftir 2. umr., 15. apríl.)

1. gr.

Hafi maður verið dæmdur í allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta dóminn þannig að í stað refsivistar komi ólaunuð samfélagsþjónusta, minnst 40 klukkustundir og mest 120 klukkustundir.

Þegar um refsivist er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en þrír mánuðir.

2. gr.

Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun ríkisins eigi síðar en hálfum mánuði áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun refsivistar.
2. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum, þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.
3. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.

Áður en ákvörðun um samfélagsþjónustu er tekin skal fara fram athugun á persónulegum högum dómþola og skal rökstuddu áliti á því hvort dómþoli sé líklegur til að geta innt samfélagsþjónustu af hendi og hvaða samfélagsþjónusta komi til greina skilað til samfélagsþjónustunefndar.

3. gr.

Þegar samfélagsþjónusta er ákveðin skal tiltaka hversu margar klukkustundir dómþoli skuli vinna við samfélagsþjónustu í stað refsivistar. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar refsivist skal taka tillit til þess við ákvörðun um fjölda klukkustunda. 40 klukkustunda samfélagsþjónusta jafngildir eins mánaðar refsivist.

Jafnframt skal ákveða á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi, en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

Þegar refsivist er breytt í samfélagsþjónustu skal yfirlýsing dómþola fengin um það að hann vilji hlíta skilyrðum þeim sem sett eru fyrir samfélagsþjónustu. Jafnframt skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir samfélagsþjónustu og hverju það varði ef skilyrðin eru rofin.

4. gr.

Samfélagsþjónusta skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki sekur um refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi.
2. Að dómþoli sæti á þeim tíma, sem samfélagsþjónusta er innt af hendi, umsjón og eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar.

Enn fremur má binda samfélagsþjónustu þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 2.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

5. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, samfélagsþjónustunefnd, svo og jafnmarga varamenn þeirra, til að taka ákvörðun um hvort orðið verði við umsókn um samfélagsþjónustu. Formaður nefndarinnar skal uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Þegar samfélagsþjónusta er ákveðin skal nefndin einnig tiltaka:

1. Klukkustundafjölda samfélagsþjónustu.
2. Hvar, hvernig og á hve löngum tíma samfélagsþjónusta verði innt af hendi.

Ákvarðanir samfélagsþjónustunefndar samkvæmt grein þessari eru endanlegar.

6. gr.

Fangelsismálastofnun ríkisins tekur á móti umsóknum um samfélagsþjónustu. Í samráði við formann samfélagsþjónustunefndar sér stofnunin einnig um:

1. Að afla upplýsinga um persónulega hagi dómþola, sbr. 2. mgr. 2. gr., sé umsókn ekki þegar hafnað.
2. Að undirbúa mál til meðferðar hjá nefndinni.
3. Að annast ritun fundargerða og sjá um annað skrifstofuhald fyrir nefndina.

Fangelsismálastofnun ríkisins sér um framkvæmd samfélagsþjónustu þegar hún er ákveðin.

7. gr.

Samfélagsþjónustunefnd skal þegar hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1.–2. tölul. 1. mgr. 2. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá tímafresti í 1. tölul. 2. gr.

Þegar umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu refsivistar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

8. gr.

Fremji dómþoli nýtt brot eftir að samfélagsþjónusta er ákveðin og rannsókn út af því hefst fyrir lok þess tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi ákveður dómstóll, sem fjallar um málið, refsingu í einu lagi fyrir það brot sem nú er dæmt um samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga með hliðsjón af þeim tímafjölda samfélagsþjónustu sem eigi hefur verið innt af hendi þannig að eftirstöðvar samfélagsþjónustu verði virtar með sama hætti og skilorðsdómur.

Ef dómþoli með alvarlegum hætti eða ítrekað rýfur önnur skilyrði samfélagsþjónustu, svo og ef hann fremur ótvírætt brot á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni, getur Fangelsismálastofnun ríkisins ákveðið hvort skilyrðum skuli breytt, tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort dómur um refsivist komi til afplánunar. Skal þá meta tímalengd refsivistar með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.

Ákvörðun um viðbrögð við broti á skilyrðum fyrir samfélagsþjónustu skal vera skrifleg og rökstudd og hún skal birt dómþola með sannanlegum hætti.

Ákvörðunum Fangelsismálastofnunar ríkisins samkvæmt þessari grein verður skotið til samfélagsþjónustunefndar og er ákvörðun nefndarinnar endanleg.

9. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um samfélagsþjónustu, framkvæmd hennar og starfshætti nefndar skv. 5. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995 og gilda til 31. desember 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 1995 skal dómsmálaráðherra þegar skipa samfélagsþjónustunefnd skv. 5. gr. sem starfar fram til 1. júlí 1995 að undirbúningi að gildistöku laganna.

951. Frumvarp til laga [275. mál]

um breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. apríl.)

1. gr.

4. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 47/1990, orðast svo:

4.1. Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

4.2. Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti lýtur.

2. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisráðherra að því er varðar 2. gr. og umhverfisráðherra að því er varðar 3. gr. staðfesta“ í 3. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 47/1990, kemur: umhverfisráðherra staðfestir.

3. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vegna 2. gr. og umhverfisráðherra vegna 3. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1993, kemur: umhverfisráðherra.

4. gr.

5. mgr. 13. gr. orðast svo:

13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn umhverfismála, heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1994.

952. Frumvarp til laga [121. mál]

um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

(Eftir 2. umr., 15. apríl.)

1. gr.

Stofna skal hlutafélag sem tekur við öllum eignum, skuldum og rekstri Lyfjaverslunar ríkisins.

2. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess þrátt fyrir ákvæði laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

3. gr.

Fastráðnir starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu hjá Lyfjaverslun ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

4. gr.

Fjármálaráðherra annast undirbúning að stofnun félagsins og fer með eignarhlut ríkissjóðs í fyrirtækinu.

Fjármálaráðherra er heimilt að selja allt að helming hlutabréfa ríkissjóðs í félaginu. Að öðru leyti skal leita heimildar Alþingis til sölu. Við sölu hlutabréfa skal þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Nýtt hlutafélag tekur til starfa 1. maí 1994.

Eftirfarandi breytingar á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með áorðnum breytingum, taka gildi 1. maí 1994:

a. Við 8. mgr. 3. gr. Í stað „Lyfjaverslun ríkisins“ kemur: lyfjaframleiðslufyrirtækjum.
b. Við 36. gr. Í stað „Lyfjaverslun ríkisins“ kemur: lyfjaheildsalar.
c. 38. gr. fellur niður.
d. 42.–46. gr. falla niður.
e. 52.–53. gr. falla niður.

Þann 1. maí 1994 fellur úr gildi 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal leggja fyrir Alþingi skýrslu um hvernig birgðahaldi fyrir Almannavarnir ríkisins, sem Lyfjaverslun ríkisins annaðist, verði háttað eftir stofnun hlutafélags skv. 1. gr. þannig að fullnægjandi öryggissjónarmiða sé gætt.

953. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á lögum nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.

(Eftir 2. umr., 15. apríl.)

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný svohljóðandi málsgrein:

Manni, sem flyst á dvalarheimili aldraðra, er heimilt í allt að 18 mánuði frá flutningi að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hafði fasta búsetu í áður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

954. Skýrsla [596. mál]

iðnaðarráðherra um nýtingu innlendra orkulinda til raforkuvinnslu.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Inngangur

Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um möguleika til að nýta orkulindir Íslands til orkufreks iðnaðar, eldsneytisframleiðslu eða jafnvel til útflutnings raforku um sæstreng. Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á markvissa stefnumótun í orkumálum. Í henni er meðal annars kveðið á um að gera skuli áætlun um virkjun orkulinda landsins fram á næstu öld. Í stefnunni er lögð áhersla á að áfram verði haldið á þeirri braut að fá erlenda aðila til samstarfs um frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar, jafnframt því sem haldið verði áfram athugunum á útflutningi raforku um sæstreng og framleiðslu vetnis sem orkubera. Við Íslendingar ráðum yfir miklum orkulindum, bæði vatnsafli og jarðvarma, en einungis lítill hluti þeirra hefur verið beislaður. Íslendingar hafa að þessu leyti sérstöðu meðal þróaðra ríkja. Þess vegna er meira en tímabært að hefja umræðu um virkjunarkosti til þess að nýting orkulindanna verði með skipulögðum hætti og að hún sé í sátt við hið náttúrulega umhverfi.

Skýrsla þessi er gerð til þess að framfylgja starfsáætlun ríkisstjórnarinnar jafnframt því sem henni er ætlað að stuðla að markvissri umræðu um það hvernig við getum nýtt orkulindir þjóðarinnar til að bæta lífskjör hennar í framtíðinni.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir orkuvinnslu og orkunotkun hér á landi og spá um aukningu almennrar orkunotkunar á næstu áratugnum. Orkulindum Íslands, bæði vatnsafli og jarðvarma, er lýst með almennum hætti og gerð grein fyrir möguleikum til að nýta þær til raforkuvinnslu. Í fylgiskjölum með skýrslunni, sem Orkustofnun hefur unnið, er lýst öllum helstu möguleikum sem fyrir hendi eru til að nýta vatnsaflið og háhitasvæði landsins til raforkuvinnslu. Rétt er að taka skýrt fram að í fylgiskjölunum er ekki lagt mat á að hve miklu leyti sjónarmið náttúruverndar eða önnur umhverfissjónarmið koma til með að hafa áhrif á ákvörðun um einstaka virkjanakosti. Fjallað er um viðhorf til umhverfis- og þróunarmála á alþjóðavettvangi og gerð grein fyrir hvernig nýting orkulinda þjóðarinnar fellur að þeim. Þrátt fyrir að beislun vatnsaflsins fylgi ekki mengun og mengun samfara nýtingu jarðvarmans sé lítil borin saman við brennslu jarðefnaeldsneytis verður ekki komist hjá því að virkjanir hafi áhrif á umhverfi og rekist á við aðra landnotkun. Þessum þáttum eru gerð nokkur skil í skýrslunni. Loks er í henni fjallað um þá möguleika sem kunna að vera fyrir hendi fyrir Íslendinga til að hagnýta orkulindir sínar í stórum stíl á næstu áratugum. Þeir eru í fyrsta lagi til framleiðslu orkufrekra iðnaðarafurða, í öðru lagi beinn útflutningur raforku og í þriðja lagi framleiðsla á eldsneyti.

Að gerð skýrslunnar unnu auk starfsmanna iðnaðarráðuneytisins, fulltrúi umhverfisráðherra og starfsmenn Landsvirkjunar og Orkustofnunar.

Iðnaðarráðuneytinu, 5. apríl 1994
Sighvatur Björgvinsson
iðnaðarráðherra

1. Samantekt

1. Gífurlegar breytingar hafa orðið í orkubúskap Íslendinga frá upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar. Þá sáu innlendu orkugjafarnir mór, jarðvarmi og vatnsafl þjóðinni fyrir um 12% af orkuþörfinni. Nú er sú tala komin í 66%. Á sama tímabili hefur hlutur innfluttra kola og olíu minnkað úr um 88% í um 34%.
2. Orkunotkun þjóðarinnar hefur fjórtánfaldast frá upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar, eða sem svarar til rúmlega 5% aukningar á ári að jafnaði. Notkun vatnsorku á árinu 1993 var 149 sinnum meiri en árið 1939, jarðvarma 91 sinnum meiri og notkun kola og olíu fimmfaldaðist.
3. Jarðvarmi og vatnsorka hafa rutt innfluttum orkugjöfum úr vegi á flestum sviðum þar sem það hefur verið hagkvæmt. Í sumum tilvikum hefur raunar verið gengið lengra en hagkvæmt er miðað við heimsmarkaðsverð á olíu um þessar mundir. Nýting innlendu orkulindanna er ekki einungis þýðingarmikil fyrir þjóðarbúið heldur er hún einnig mikilvæg til að draga úr mengun sem fylgir brennslu jarðefnaeldsneytis.
4. Vatnsorkan er endurnýjanleg orkulind og nýtingu hennar fylgir ekki mengun. Að sjálfsögðu verður þó ekki komist hjá því að beislun hennar hafi í för með sér staðbundna umhverfisröskun.
5. Talið er að tæknilega nýtanleg vatnsorka til raforkuvinnslu sé um 64.000 GWh á ári þegar ekki hefur verið tekið tillit til hagkvæmnissjónarmiða, náttúruverndar eða umhverfisröskunar, sem mun lækka þessa tölu. Í árslok 1993 var einungis búið að nýta innan við 8% af tæknilega nýtanlegri vatnsorku.
6. Beislun jarðhitans byggir á nýtingu takmarkaðrar auðlindar sem ekki er endurnýjanleg á sama hátt og vatnsorkan þar sem við vinnslu jarðhitans er venjulega numinn mun meiri varmi úr jarðhitasvæðunum en svarar til hins stöðuga varmastraums að þeim. Því er í raun um námavinnslu að ræða.
7. Talið er að tæknilega sé unnt að framleiða um 1.500.000 GWh af raforku úr varma á háhitasvæðum landsins. Auk þess er talið að hagkvæmt geti verið að vinna um 500.000 GWh á öðrum svæðum. Þetta jafngildir því að unnt væri að framleiða um 20.000 GWh á ári í 100 ár með beislun jarðhitans. Í þessum tölum hefur að nokkru leyti verið tekið tillit til hagkvæmnissjónarmiða, en ekki til náttúruverndar eða umhverfissjónarmiða. Í árslok 1993 var einungis búið að nýta um 1,5% af hagkvæmasta hluta jarðvarmans miðað við 100 ára nýtingartíma.
8. Þrátt fyrir að orkulindir þjóðarinnar séu miklar miðað við íbúafjölda eru þær ekki miklar borið saman við raforkuþörf í nágrannaríkjunum. Þannig mætti með fullnýtingu vatnsaflsins og jarðvarmans sjá fyrir tæplega 19% af rafmagnsnotkun Breta og um 40% af rafmagnsnotkun Svía.
9. Talið er að kostnaðarverð raforku til orkufreks markaðar sé á bilinu 1,2 til 1,5 kr/kWh fyrir ódýrari helming vatnsorkunnar hér á landi. Þetta verð virðist vera samkeppnishæft við orkuverð frá mun stærri virkjunum í Suður-Ameríku og Kanada, en mun lægra en frá nýjum raforkuverum sem brenna jarðgasi eða kolum og frá kjarnorkuverum. Varðandi hugsanlegan útflutning raforku um sæstreng er rétt að taka fram að þegar borið er saman við orkuverð í öðrum löndum þarf að bæta við kostnaði vegna flutnings raforku um sæstreng. Sá kostnaður er talinn um 1 kr/kWh til Skotlands, en um 2 kr/kWh til Þýskalands og Hollands, miðað við fullnýtingu á flutningsgetu strengsins.

10. Kostnaður við nýtingu jarðhita til raforkuvinnslu er ekki eins vel þekktur og fyrir virkjun vatnsaflsins. Áætlanir sýna að raforkuvinnsla í tengslum við nýtingu jarðvarma til hitunar á vatni er mjög hagkvæm. Sama gildir um frekari raforkuvinnslu á svæðum sem þegar eru nýtt. Þá benda áætlanir til að jarðvarminn sé samkeppnisfær við vatnsorku þegar eingöngu er virkjað fyrir vöxt hins almenna raforkumarkaðar.
11. Líklegt er að í framtíðinni verði lögð aukin áhersla á endurnýjanlega orkugjafa til þess að draga úr mengun. Á ráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna um umhverfis- og þróunarmál í Rio de Janeiro árið 1992 var samþykkt viðamikil framkvæmdaáætlun. Í henni er því beint til ríkisstjórna að bæta orkunýtingu og auka notkun nýrra og endurnýjanlegra orkugjafa og dreifa orku frá þeim til svæða sem ekki ráða yfir slíkum orkugjöfum.
12. Vatnsaflsvirkjanir geta haft í för með sér umtalsverða staðbundna umhverfisröskun þótt þær valdi ekki mengun. Nýtingu jarðvarma einkum háhitasvæða fylgir nokkur mengun, sú mengun er þó að jafnaði óveruleg borin saman við mengun frá raforkuverum sem nota jarðefnaeldsneyti. Rannsóknir á umhverfisáhrifum hafa farið fram við undirbúning og rannsóknir vegna nýrra vatnsaflsvirkjana og virkjunar á háhitasvæðum. Tilgangur þeirra hefur meðal annars verið að leita leiða til þess að draga sem mest úr áhrifum þeirra á umhverfið.
13. Með lögum um mat á umhverfisáhrifum eru settar samræmdar reglur um matið og kveðið á um að slíkt mat fari fram áður en heimilaðar verða framkvæmdir við nýjar virkjanir með uppsett afl til raforkuvinnslu yfir 10 MW og flutningslínur með 33 kV spennu eða hærri. Mikilvægt er vegna þess hve undirbúningur að nýjum virkjunum tekur langan tíma að umhverfismat á virkjunum fari fram á undirbúningsstigi. Þá er og þýðingarmikið að hraðað verði sem kostur er gerð skipulags af landinu öllu.
14. Samkvæmt orkuspá er gert ráð fyrir að raforkuvinnsla vegna almennrar raforkunotkunar og núverandi stóriðju verði um 5.600 GWh árið 2020. Þá verður því einungis búið að nýta lítinn hluta af vatnsaflinu og jarðhitanum. Það er því mikið svigrúm til að auka orkuvinnslu og orkusölu hér á landi til þess að bæta lífskjör þjóðarinnar.
15. Þrjár leiðir geta komið til greina til að hagnýta orkulindirnar í umtalsverðum mæli:
    * Í fyrsta lagi væri nú þegar, eða með skömmum fyrirvara, unnt að mæta raforkuþörf vegna framleiðslu á orkufrekum iðnaðarafurðum.
    * Í öðru lagi væri um eða upp úr árinu 2005 unnt að flytja út raforku um sæstreng, ef vilji væri til þess.
    * Í þriðja lagi mætti nýta orkulindirnar til framleiðslu á eldsneyti til innlendrar notkunar í stað innflutts eldsneytis eða til útflutnings. Ekki eru þó horfur á að það geti orðið hagkvæmt næstu áratugina.
16. Umtalsverður munur er á þeim leiðum sem til greina geta komið til að nýta orkulindirnar í stórum stíl. Ekki eru forsendur til þess að bera ofangreinda kosti saman. Bent er á að þessir hugsanlegu kostir þurfa ekki að útiloka hver annan, m.a. vegna þess hve lítill hluti orkulindanna hefur enn sem komið er verið virkjaður.

2. Orkuvinnsla og orkunotkun

Orkubúskapur Íslendinga hefur breyst mikið á síðustu áratugum eins og mynd 2.1 sýnir. Innlendu orkugjafarnir, vatnsorka og jarðvarmi, hafa að mestu leyti rutt jarðefnaeldsneyti úr vegi þar sem það hefur verið tæknilega unnt og hagkvæmt. Í upphafi heimsstyrjaldarinnar síðari, árið 1939, voru kol helsti orkugjafi Íslendinga og stóðu þá undir 73% af allri orkunotkun. Olía koma þá næst með 15% en innlendu orkulindirnar, mór, jarðvarmi og vatnsorka, voru samanlagt með um 12%. Hlutdeild innlendra orkugjafa hefur því aukist úr 12% af notkuninni árið 1939 í 66% árið 1993. Á sama tíma hefur orkunotkunin rúmlega fjórtánfaldast sem samsvarar 5,1% aukningu á ári að jafnaði. Notkun vatnsorku er nú 149 sinnum meiri en árið 1939, notkun jarðvarma um 91 sinnum meiri en notkun eldsneytis - olíu og kola - hefur hins vegar rúmlega fimmfaldast. Notkun vatnsorku og jarðvarma í stað innfluttra orkugjafa er ekki aðeins hagkvæm fyrir þjóðarbúið og bætir greiðslustöðu við útlönd, heldur er hún einnig mikilvæg til að draga úr mengun sem fylgir brennslu eldsneytis.



Mynd 2.1 Orkunotkun Íslendinga 1930 til 1993

Þróun raforkuiðnaðar

Rekja má hugmyndir um nýtingu vatnsorkunnar til raforkuvinnslu aftur til síðustu aldar. Í byrjun vetrar 1894 eða fyrir hundrað árum kynnti Frímann B. Arngrímsson Reykvíkingum hugmyndir sínar um að raflýsa bæinn þá nýkominn til Íslands eftir langa dvöl í Kanada þar sem hann hafði lokið námi í náttúruvísindum. Tíu árum síðar eða 1904 hófst raforkuvinnsla í 9 kW vatnsaflsstöð í Hafnarfirði. Stöðina reisti Jóhannes J. Reykdal trésmíðameistari. Fyrir síðustu aldamót setti Oddur V. Sigurðsson, setjari, fram hugmyndir um að nýta raforku í stórum stíl til efnaiðnaðar og hóf þá þegar að kaupa vatnsréttindi af landeigendum. Oddur hafði flutst ungur til Bandaríkjanna og bjó erlendis mestan hluta ævi

sinnar. Ekkert varð þó úr þessum áformum og árið 1907 keypti Einar Benediktsson vatnsréttindin af Oddi. Með því hefjast umfangsmikil umsvif Einars. Þar ber hæst áætlanir sem Títanfélagið lét gera um virkjun Þjórsár og kom út skýrsla um þær árið 1918. Tveimur árum síðar gaf félagið út aðra skýrslu þar sem varpað var fram hugmyndum um hvernig megi nýta orku frá virkjunum við Urriðafoss og Búrfell til iðnaðar. Þar er meðal annars bent á framleiðslu á ammoníaki, áli, járnblendi og stáli.

Eins og áður segir var fyrsta vatnsaflsstöðin tekin í notkun árið 1904. Næstu virkjanir voru reistar í Eskifirði og Patreksfirði árið 1911. Síðan hófst raforkuvinnsla í hverri virkjuninni og rafstöðinni á fætur annarri. Árið 1934 voru rafveiturnar orðnar 38 talsins í stærstu kaupstöðum og kauptúnum landsins. Samtals var uppsett afl þessara stöðva um 5 MW þar af voru 4,1 MW í vatnsaflsstöðvum og 0,9 í dísilstöðvum. Elliðaárstöðin í Reykjavík var stærst með um 3 MW afl. Þetta 30 ára tímabil (1904-1933) nefndi Jakob Gíslason, þáverandi raforkumálastjóri, frumbýlingsár í raforkubúskap þjóðarinnar. Í lok þess nam raforkuframleiðslan um 11 GWh/ári.[1])



Mynd 2.2: Þróun raforkukerfisins og raforkuvinnslu.

Þá tók við annað tímabil (1934-1963) sem Jakob kenndi við samvirkjanir og samveitur, og einkenndist af samveitum innan einstakra landshluta. Upphaf þess markaðist af samþykkt laganna um Sogsvirkjun árið 1933. Um 1960 voru komnar 5 stórar samveitur og nokkrar minni. Stærstu veitusvæðin voru á Suðvesturlandi og Miðnorðurlandi, og þar voru jafnframt stærstu aflstöðvarnar í Soginu og Laxá í Aðaldal eins og sýnt er á mynd 2.2. Samanlagt afl allra rafveitnanna árið 1963 var um 147 MW og orkuvinnslan um 640 GWh/ári.

Árið 1964 sá Jakob fyrir sér þriðja þróunartímabilið, sem hann kenndi við landsvirkjun og landsveitu. Á því tímabili yrðu einstakar samveitur tengdar saman, til að lands-

[1] GWh jafngildir 1 milljón kWh

menn gætu fært sér í nyt hagkvæmni stærðarinnar. Stofnun Landsvirkjunar 1965 var fyrsta skrefið á þeirri braut, í byrjun innan samveitunnar á Suðvesturlandi. Árið 1974 hófst samtenging samveitusvæðanna með lagningu háspennulínu milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Árið 1977 var lokið við tengingu milli Suðvesturlands og Miðnorðurlands, árið 1978 til Austurlands, 1980 til Vestfjarða og hringtengingu landsins var lokið 1984 með lagningu línunnar milli Sigölduvirkjunar og Hóla við Höfn í Hornafirði (mynd 2.2). Með hringtengingu byggðalínunnar svonefndu árið 1984 má segja að þessu tímabili ljúki og samtímis hafi verið útrýmt innfluttum orkugjöfum til raforkuvinnslu. Á þessu tímabili verður landið eitt orkuveitusvæði með yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínukerfinu af ríkinu í ársbyrjun 1983, og hinn 1. júlí 1983 tók gildi samningur um sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar og Akureyrarbær varð eignaraðili að Landsvirkjun.

Nýting jarðhita til raforkuvinnslu hófst með fyrstu jarðhitavirkjuninni við Bjarnarflag árið 1970. Raforkuvinnsla í Svartsengi hófst árið 1977 og Kröfluvirkjun var gangsett árið 1978.

Árið 1992 var raforkuframleiðslan um 4.540 GWh (mynd 2.2), 94,8% frá vatnsaflsstöðvum, 5,1% frá jarðhitavirkjunum og 0,1% frá olíustöðvum. Í töflu 2.1 er sýnd raforkuvinnsla og verg raforkunotkun Íslendinga á árinu 1992.

Tafla 2.1 Raforkuvinnsla og verg raforkunotkun Íslendinga á árinu 1992

	GWh	%
Uppruni raforku:		
Vatnsorka	4.305	94,8
Jarðvarmi	230	5,1
Olía	5	0,1
Samtals	4.540	100,0
Tegund raforku:		
Fastaorka	3.870	85,2
Ótryggð orka	670	14,8
Samtals	4.540	100,0
Notkun að töpum meðtöldum:		
Stóriðja	2.221	48,9
Almenn notkun	2.319	51,1
Samtals	4.540	100,0

Þróun jarðhitanýtingar

Allt frá landnámsöld hefur jarðvarmi verið notaður til baða, þvotta og matseldar. Frá 13. öld eru til heimildir um útflutning á brennisteini, sem fellur út úr brennisteinsríkri gufu við hveraaugu. Þrátt fyrir að lengstum hafi útflutningurinn aðeins numið fáeinum tugum tonna gegndi hann umtalsverðu hlutverki í þjóðarbúskapnum allt fram á 19. öld. Það má fullyrða að þessi nýting jarðvarmans hafi verið fyrsta nýting á orkuauðlindum þjóðarinnar til útflutnings.

Á þessari öld hefst fyrst skipuleg nýting jarðvarma hér á landi sem orkulindar. Á fyrsta áratug aldarinnar er farið að hita hús með heitu vatni og á þriðja og fram á fjórða

áratuginn eru byggðir nokkrir héraðsskólar við jarðhitasvæði og í tengslum við þá voru reistar sundlaugar og íþróttahús. Á þriðja áratugnum er einnig byrjað að nýta jarðvarma til ylræktar.

Með virkjun Þvottalauganna í Laugardal og lagningu hitaveitu þaðan "Laugaveitunnar" í 60 hús auk Austurbæjarskóla og Landsspítala árið 1930 var lagður grunnur að Hitaveitu Reykjavíkur. Stórt skref var stigið á árum seinni heimsstyrjaldarinnar með lagningu hitaveitu frá Reykjum í Mosfellsdal til Reykjavíkur.

Í kjölfar olíukreppunnar á árunum 1973/74 jókst nýting jarðvarma til húshitunar gífurlega í kjölfar þeirrar miklu hækkunar sem varð á olíuverði. Árið 1973 voru 14 opinberar hitaveitur í landinu en nú eru þær 29. Hlutdeild jarðvarmans á þessu sviði hefur aukist úr um 49% í um 85% á þessum tuttugu árum. Hlutdeild olíunnar hefur minnkað úr 45% í rúm 2%. Verg vinnsla jarðvarma úr jarðhitasvæðum árið 1992 er áætluð um 12.900 GWh. Skipting hennar miðað við notkun er sýnd í töflu 2.2. Eins og taflan sýnir voru um 18% af vinnslunni eða um 2.300 GWh vegna framleiðslu á 230 GWh af raforku. Í töflu 2.2 er einnig sýnd skipting á nýttum varma hjá notendum. Mynd 2.3 sýnir þróun í notkun jarðhita 1930-1993.

Tafla 2.2 Vinnsla og notkun jarðvarma 1992

	Nýttur jarðvarmi [1]		Verg vinnsla jarðvarma [2]	
	GWh	%	GWh	%
Húshitun	4212	75,8	6356	49,3
Sundlaugar	277	5,0	427	3,3
Ylrækt	232	4,2	458	3,6
Fiskeldi	90	1,6	270	2,1
Iðnaður	360	6,5	471	3,6
Snjóbræðsla	383	6,9	406	3,2
Töp v. hitunar og flutn.			2190	17,0
	5554	100,0	10578	82,1
Raforka	230		2300	17,9
Samtals	5784		12878	100,0

[1] Varmi sem nýttur er hjá notendum.

[2] Varmi, tekinn úr jörðu í formi heits vatns eða gufu, miðað við að hann sé nýttur niður í 5°C.



Mynd 2.3: Þróun í notkun jarðvarma 1930 - 1993

3. Möguleg raforkuvinnsla

3.1 Vatnsorka

Hringrás vatnsins er drifin af sólarorku og er því vatnsorkan endurnýjanleg auðlind. Vatnsaflið er tiltekið margfeldi rennslis í viðkomandi á og fallhæðar frá inntaki virkjunar að frárennsli hennar.

Stóran hluta þess vatns sem rennur af landinu verður aldrei hægt að nýta af tæknilegum ástæðum. Orkustofnun hefur áætlað að tæknilega sé mögulegt að framleiða um 64.000 GWh af rafmagni á ári með vatnsorku.

Dreifing vatnsorkunnar á landinu er sýnd á mynd 3.1, og þar kemur fram að mest vatnsorka er í jökulánum á Suður-, Norður- og Austurlandi. Á Suðurlandi eru það vatnasvið Þjórsár og Tungnaár, Hvítársvæðið, Markarfljót, Skaftá og Síðuvötn. Á Norðurlandi eru Blanda og jökulárnar í Skagafirði, Skjálfandafljót og Jökulsá á Fjöllum. Á Austurlandi eru Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal. Tvær af stærstu lindám landsins hafa þegar verið virkjaðar en það eru Sogið og Laxá í Aðaldal.



Mynd 3.1: Staðsetning vatnsorkunnar á landinu

Auk þeirra skorða sem tæknin setur nýtingu vatnsaflsins takmarkast hún af markaðsaðstæðum á hverjum tíma, ekki síst samkeppnisstöðunni gagnvart öðrum orkugjöfum. Orkustofnun og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. telja, að þegar tekið er tillit til samkeppnisstöðunnar megi vinna úr vatnsafli landsins um eða yfir 40.000 GWh á ári af rafmagni (tafla 3.1). Í fylgiskjali 1 er gerð grein fyrir því á hverju þessi tala byggist, en þar er að finna yfirlit yfir virkjunarkosti með orkuvinnslu um 37.000 GWh/ári til viðbótar þeim sem þegar hafa verið virkjaðir.

Tafla 3.1: Nýtanleg vatnsorka eftir landshlutum

	Óvirkjað GWh/ári	Virkjað 1993 GWh/ári	Samtals GWh/ári
Vesturland	900	40	940
Vestfirðir	1.600	60	1.660
Norðurland	4.500	800	5.300
Norðausturland*	5.600	-	5.600
Austurland	7.500	70	7.570
Suðurland	16.900	3.930	20.830
Alls:	37.000	4.900	41.900

* Jökulsá á Fjöllum að Jökulsá á Dal og svæðið þar á milli.

Rétt er að taka fram að í þessu mati hefur ekki verið tekið tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða sem setja enn frekari skorður á nýtingu vatnsaflsins. Um þau mál verður sérstaklega fjallað í kafla 4.

Virkjunarrannsóknir

Rannsóknir á nýtingu vatnsorkunnar hófust um síðustu aldamót eins og áður er komið fram. Á öðrum og í byrjun þriðja áratugs aldarinnar lét Titanfélagið gera áætlanir um stórvirkjanir í Þjórsá og Tungnaá. Um svipað leyti fóru sveitarfélög að kanna möguleika á virkjunum. Reykjavíkurborg réðst í byggingu Elliðaárstöðvarinnar og hóf rannsóknir á virkjun Sogsins og Akureyrarbær undirbjó virkjun Laxár í Aðaldal. Beina þátttöku ríkisins má rekja til stofnunar Rafmagnseftirlits ríkisins árið 1933. Með raforkulögunum frá 1946 var embætti Raforkumálastjóra komið á fót en undir það heyrðu Rafmagnsveitur ríkisins (Rarik), Orkusjóður og Rafmagnseftirlit ríkisins. Árið 1967 voru sett ný orkulög og tók þá Orkustofnun við rannsóknarstarfsemi ríkisins á þessu sviði en Rarik var gert að sjálfstæðu fyrirtæki í eigu ríkisins. Landsvirkjun tók til starfa 1965 samkvæmt sérstökum lögum en fyrsta verkefni hennar var bygging Búrfellsstöðvar samhliða rannsóknum á virkjunarmöguleikum á Þjórsársvæðinu.

Rannsóknir vegna undirbúnings vatnsaflsvirkjana taka langan tíma og er nauðsynlegt að vanda vel til þeirra. Bygging vatnsaflsvirkjana krefst venjulega mikilla fjárfestinga og ákvarðanir um slíkar framkvæmdir verður því að taka með traustar rannsóknir að bakhjarli. Gera má ráð fyrir að undirbúnings- og framkvæmdatími meðalstórrar vatnsaflsvirkjunar sé um 10-12 ár en þar af er byggingartíminn um 4-5 ár. Þessi tími er þó mjög háður aðstæðum á hverjum virkjunarstað. Ýmsar grunnrannsóknir er nauðsynlegt að hafa stundað mun lengur, en þar má nefna vatna-, veður- og jöklamælingar, jarðfræðirannsóknir svo og ýmsar rannsóknir á lífríki og umhverfisþáttum. Með aukinni almennri þekkingu á náttúrufari landsins má stytta rannsóknartímann nokkuð og hafa raforkufyrirtæki á undanförnum árum í auknum mæli lagt áherslu á þennan þátt rannsókna, sem skilar sér líka í minni fjárútlátum á lokastigi virkjunarundirbúnings. Að því er varðar rannsóknarkostnað má gera ráð fyrir að við ákvörðun um útboð vatnsaflsvirkjunar sé áfallinn kostnaður um 2-3% af heildarkostnaði.

3.2 Jarðvarmi

Hægt er að skilgreina afl jarðhitasvæða á svipaðan hátt og vatnsaflið. Þannig má skilgreina aflið sem margfeldi rennslis jarðhitavökvans og þess hitafalls sem nýtt er.

Öll jarðhitanýting byggist á því að nota þann varma sem fyrir hendi er í berggrunni landsins. Þennan varma þarf að flytja til yfirborðs og er það vatn sem annast þann orkuflutning. Stundum sér náttúran sjálf um þessa orkuflutninga sem birtast þá á yfirborði sem hverir og laugar. Í öðrum tilvikum eru boraðar holur í jarðskorpuna til þess að auðvelda jarðhitavökvanum greiða leið til yfirborðs.

Beislun jarðhitans byggir á nýtingu takmakaðrar auðlindar sem er ekki endurnýjanleg á sama hátt og vatnsorkan þar sem við vinnslu jarðhitans er venjulega numinn mun meiri varmi úr jarðhitageyminum en svarar til hins stöðuga varmastraums að honum. Hér er því í raun í flestum tilvikum um námavinnslu að ræða.

Jarðvarmamat byggir því á því annars vegar að kortleggja hitastigsdreifinguna í berggrunni landsins og hins vegar að áætla magn eða rennsli jarðhitavökva á hverjum stað.

Allsæmileg þekking er fyrir hendi á hitastigi í berggrunninum, en þar sem rennsli jarðhitavökvans er neðanjarðar er þekking á þeirri stærð mun takmarkaðri. Í mati á jarðvarma landsins hefur Orkustofnun skipt landinu niður eftir jarðhitalegum aðstæðum og metið jarðvarmaorku í berggrunninum á hverju svæði fyrir sig. Síðan eru notaðar einfaldar reynslustærðir til þess að meta hversu mikinn hluta af þessari orku er hægt draga út úr berginu og nýta á yfirborði. Sú stærð sem fæst fram á þennan hátt er kölluð *tæknilega vinnanlegur jarðvarmi.* Aðeins hluti af þessari jarðhitaorku er heppilegur til raforkuvinnslu. Í jarðhitamati frá Orkustofnun er miðað við hitastigsmörkin 130°C sem lægri mörk fyrir raforkuvinnslu.

Orkustofnun hefur áætlað að tæknilega sé unnt aða nota orkuforða jarðhitasvæða landsins til að vinna 19.000.000 GWh af raforku. Þar af er talið að framleiða megi um 1.500.000 GWh úr varma háhitasvæða landsins, sbr. töflu 3.2. Eins og áður hefur komið fram er í flestum tilvikum um námavinnslu að ræða þegar jarðvarmi er hagnýttur og því ræðst endingartími jarðhitasvæðis af því hversu mikið afl er tekið á hverjum tíma. Ef til dæmis háhitasvæði landsins yrðu nýtt með jöfnum hraða á 100 árum væri hægt að vinna um 15.000 GWh á ári að jafnaði úr svæðunum, ef þau væru nýtt á 50 árum væri hægt að framleiða 30.000 GWh á ári og ef nýtingartíminn væri 200 ár væri orkuvinnslan 7.500 GWh á ári. Engin þessara talna segir þó mikið til um væntanlegan endingartíma háhitans á Íslandi. Hversu hratt einstök svæði eru nýtt ræðst meðal annars af hagkvæmnisástæðum, einkum endingartíma mannvirkja. Háhitasvæðin eru bundin við eystra og vestara gosbeltið. Á því vestara eru stærstu svæðin Reykjanes, Svartsengi, Krísuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Hveravallasvæðið og Kerlingafjöll en á því eystra; Torfajökulssvæðið, Vonarskarð, Kverkfjöll, Askja, Fremri-Námar, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og Öxarfjörður. Á mynd 3.2. eru þekkt háhitasvæði landsins sýnd og í fylgiskjali 2 er gerð stutt grein fyrir þessum svæðum.

Tafla 3.2 Háhiti til raforkuvinnslu

	GWh
Reykjanes og Vesturland	220.000
Vestfirðir	0
Norðurland	470.000
Austurland	0
Suðurland	760.000
Samtal	1.450.000



Mynd 3.2 Staðsetning og orkuinnihald háhitasvæða landsins

Auk raforkuvinnslu á háhitasvæðum má ætla að hagkvæmt geti orðið að framleiða rafmagn á öðrum jarðhitasvæðum meðal annars með þeirri tækni sem nýtt er í Svartsengi við virkjun bakrennslis frá virkjuninni. Því má áætla að heildar raforkuvinnsla úr jarðvarma getið numið a.m.k. 2.000.000 GWh eða 20.000 GWh/ári í 100 ár. Í framangreindum tölum hefur hvorki verið tekið tillit til markaðslegra aðstæðna né umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða. Í því sambandi er vísað til 4. kafla.

Rannsóknir

Fyrstu rannsóknir sem vitað er um á jarðhita hér á landi gerðu Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson á árunum 1750 til 1757. Þeir mældu hitastig í nokkrum hverum m.a. Geysi og boruðu við Laugarnes og í Krísuvík. Á 18. og 19. öld rannsökuðu innlendir og erlendir vísindamenn jarðhitann. Rannsóknarráð ríkisins, sem var stofnað 1937, sinnti margvíslegum rannsóknum á jarðhita og jarðhitanýtingu. Með stofnun embættis Raforkumálastjóra 1947 hófust skipulegar rannsóknir á þessu sviði. Orkustofnun sem tók við þessu hlutverki 1967 hefur staðið fyrir umfangsmiklum rannsóknum á jarðvarma landsins í samvinnu við hitaveitur og fleiri fyrirtæki er nýta jarðvarmann til húshitunar eða til raforkuvinnslu.

Svipaðar forsendur og gilda um vatnsaflsvirkjanir hafa fram til þessa verið lagðar til grundvallar við jarðvarmavirkjanir að því er varðar undirbúningstíma. Það sem hefur úrslitaþýðingu við nýtingu jarðvarmans er gufuöflunin og orkuinnihald og afkastageta jarðhitageymisins eða það, sem nefnt er forðafræðilegir eiginleikar jarðhitasvæðisins.

Borkostnaður getur oft numið um þriðjungi af stofnkostnaði virkjunar. Hingað til hefur yfirleitt verið hafður sá háttur á að bora og reynslukeyra vissan holufjölda í mörg ár til að fá upplýsingar um eiginleika svæðisins og taka síðan ákvörðun um nýtingu þess. Eiginleikar svæðisins koma þó ekki endanlega í ljós fyrr en nýting er hafin og hún hefur staðið í nokkur ár. Þetta hefur leitt til þess að nú er talið hagkvæmara og öruggara að í stað umfangsmikilla rannsóknarborana sé sett upp stöðluð virkjunareining 15-20 MW og eiginleikar svæðisins metnir út frá reynslu af rekstri hennar. Ákvörðun um næsta skref er síðan tekin þegar viðbrögð svæðisins hafa verið rannsökuð og nýjum þrepum bætt við einu af öðru þar til svæðið er fullnýtt. Þannig er í raun vinnslugeta jarðhitasvæðisins ekki þekkt endanlega fyrr en það er fullvirkjað. Þessi aðferð krefst minni undirbúningsrannsókna og styttri tíma sem leiðir af sér að orkuvinnsla getur hafist fyrr en ella. Heildarniðurstaðan er sú að með þessari aðferð verður rannsóknar- og virkjunarkostnaður lægri en með þeim aðferðum sem hingað til hafa verið notaðar við nýtingu jarðvarmans. Jafnframt því styttist undirbúningstíminn verulega jafnvel úr 12 árum í 6 ár. Við útboð fyrstu 20 MW einingarinnar er áfallinn rannsóknarkostnaður um 4-8% af heildarkostnaði hennar.

3.3 Möguleg raforkuvinnsla - samantekt

Áætlað er að tæknilega sé unnt að nýta vatnsaflið til að framleiða um 64.000 GWh/ári en þegar tekið er tillit til samkeppnisstöðunnar gagnvart öðrum orkugjöfum er áætlað að nýtanleg vatnsorka til raforkuvinnslu sé um eða yfir 40.000 GWh/ári. Þá hefur ekki verið tillit til takmarkana vegna umhverfisverndar.

Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi til raforkuvinnslu hefur verið áætlaður um 19.000.000 GWh, en hagkvæmasti hluti hans er talinn vera um 2.000.000 GWh eða sem svarar til raforkuvinnslu 20.000 GWh/ári að jafnaði miðað við að hann sé fullnýttur á 100 árum.

Í dag hafa aðeins verið beislaðar um 4.900 GWh/ári af vatnsorkunni eða um 12% og um 300 GWh/ári af hagkvæmasta hluta jarðvarmans eða 1,5%.

3.4 Samanburður við önnur lönd

Fróðlegt er að bera saman mögulega raforkuvinnslu á Íslandi við raforkuþörf í aðildarríkjum OECD en í töflu 3.3 er sýnd heildarþörf þessara landa og skipting hennar á orkugjafa. Í töflunni er einnig yfirlit yfir raforkuþörf nokkurra landa í Vestur- Evrópu. Við sjáum að þær 60 TWh/ári sem talið er unnt að nýta á Íslandi er aðeins um 3% af raforkuþörf þeirra Vestur-Evrópuríkja sem talin eru upp í töflunni árið 2000.

Tafla 3.3 Raforkuvinnsla í aðildarríkjum OECD[1)]

	1992		2000	
	TWh/ári[2)]	%	TWh/ári	%
OECD ríki:				
Kol	2862	39,5	2979	36,1
Olía	618	8,5	561	6,8
Jarðgas	782	10,8	1288	15,6
Kjarnorka	1738	24,0	1902	23,1
Vatnsafl	1133	15,6	1288	15,6
Jarðhiti/ sólarorka	29	0,4	95	1,2
Aðrir orkugjafar	86	1,2	137	1,7
OECD ríki samtals	7428	100,0	8250	100,0
Nokkur lönd í V- Evrópu:				
Noregur	117		115	
Svíþjóð	146		156	
Danmörk	30		34	
Þýskaland	533		580	
Holland	77		72	
Belgía	71		76	
Frakkland	460		552	
Stóra Bretland	319		328	
Írland	15		19	
Lönd í V-Evrópu	1768		1933	
Ísland				
Vatnsafl	4,3	94,8	4,6	95,0
Jarðvarmi	0,2	5,2	0,3	5,0
Ísland	4,5	100,0	4,9	100,0

1) IEA Electricity Information 1992, IEA Statistics 1992

2) 1 TWh = 1000 GWh

Í töflu 3.4 er yfirlit yfir vatnsafl og jarðvarma jarðarinnar, það sem talið er mögulega virkjanlegt þegar tekið hefur verið tillit til umhverfis og hagkvæmnissjónarmiða og það sem er búið að virkja eða er í byggingu. Gögnin sem liggja að baki tölunum eru mjög misgóð og því ber að taka þessar upplýsingar með fyrirvara. Árið 1990 var raforkuvinnsla í heiminum um 11.800 TWh en þar af var hlutur vatnsorku 18,1% eða 2.130 TWh/ári og jarðvarmans um 0,3% eða 39 TWh/ári.

Af þessum tölum sést einnig að okkar hlutur er ekki stór borinn saman við orkuvinnslugetu úr vatnsafli eða jarðvarma jarðarinnar. Sérstaða Íslands liggur fyrst og fremst í því að við höfum aðeins nýtt óverulegan hluta af orkugetunni og kostnaður við að nýta hana er lágur borið saman við önnur lönd, jafnvel þegar um er að ræða stórvirkjanir t.d. í Suður-Ameríku. Einnig fylgir nýtingu vatnsorkunnar og jarðhitans hér á landi minni umhverfisáhrif en víða erlendis þar sem virkjunarsvæðin eru yfirleitt fjarri byggðum svæðum. Endurnýjanleg orka á íbúa er einnig hvergi meiri í heiminum en hér. Þannig er í dag

nýtanleg vatnsorka á Íslandi um 120 GWh/mann/ári, sem er fjórfalt meira en í Noregi og um nífalt meiri en í Kanada.

Tafla 3.4 Vatnsorka og jarðvarmi til raforkuvinnslu

	VATNSORKA[1]			JARÐVARMI[2]		
	Nýtanleg[3] TWh/ári	Virkjað 1990[2] TWh/ári	%	Nýtanlegur[7] TWh/ári	Virkjað 1990 TWh/ári	%
Afríka	1335	57	4,3	900	0,3	0,0
Asía	4240	551	13,0	3800	10,5	0,3
Ástralía/ Eyjaálfa	200	40	20,0			
Evrópa	870	502	57,7	200	4,1	2,1
N- Ameríka	970	579	59,7	2510	18,7	0,7
Mið - Ameríka	325	49	15,1	3250	5,7	0,2
Suður - Ameríka	3160	532	16,8			
Austur-Evrópa[5]	2950	276	10,7	630	0,1	0,0
Samtals	14050	2586	18,4	11290	39,4	0,3
Ísland	**40**	**4,9**	**12,2**	**20[6]**	**0,3**	**1,5**

1) Water Power & Dam Construction, Handbook 1992

2) WEC - Report 1993, Renewable Energy Resouces: Opportunities and Constraints 1990-2020

3) Þegar tekið hefur verið tillit til hagkvæmnissjónarmiða

4) Virkjað og í byggingu

5) Vatnsafl: Rússland og ríki sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Jarðvarmi: Austur- Evrópa og Samveldi sjálfstæðra ríkja

6) 20 TWh/ári í 100 ár

7) Miðað við nýtingu niður í 150°C

3.5 Flutningskerfi raforku.

Flutningskerfi raforku skiptir sköpum um afhendingu raforku til notenda. Þar kemur til að meginflutningskerfið er að mestu samsett úr loftlínum, og er rekstraröryggi þeirra að talsverðu leyti komið undir áraun af völdum veðurs og annarra náttúrafla. Hér á eftir verður fjallað um það meginflutningskerfi raforku sem hefur verið byggt upp á Íslandi og hönnunarforsendur þess. Auk þess verður fjallað um hvernig möguleg þróun þess getur orðið í framtíðinni með auknum raforkumarkaði.

Núverandi meginflutningskerfi

Það orkuflutningskerfi sem byggt hefur verið upp á Íslandi síðustu þrjá áratugina (mynd 3.3) er að segja má í megindráttum tvískipt. Annars vegar er 220 kV meginflutningskerfið á Suðvesturlandi. Hins vegar er svokölluð 132 kV byggðalína sem nær með ströndinni norður og austur um land og til Vestfjarða. Lokið var við að byggja upp þetta flutningskerfi á fyrri hluta níunda árartugarins og segja má að það tryggi öllum landshlutum raforku með viðunandi rekstraröryggi.



Mynd 3.3: Raforkukerfi Landsvirkjunar 1994

Rekstraröryggi kerfisins er þó nokkuð misjafnt eftir landshlutum. Lakast settir eru Vestfirðir, sem fá raforku eftir einni flutningslínu frá Hrútafirði. Á Vestfjörðum verður því að grípa til raforkuframleiðslu með dísilrafstöðvum ef flutningslínan bilar. Vesturland, Norðurland og Austurland fá raforku úr hringtengdri byggðalínu og er afhendingaröryggi þar vel viðunandi, þar sem hægt er að halda áfram afhendingu raforku þó bilun verði á byggðalínuhringnum.

Á Suðurlandi hefur verið byggt upp 220 kV flutningskerfi í tengslum við byggingu ÍSAL og Járnblendiverksmiðjunnar. Þetta er sá hluti kerfisins sem hefur tiltölulega besta rekstraröryggið. Þessi hluti kerfisins þolir í flestum tilvikum, við núverandi álag, að bilun verði á tveimur línum samtímis án þess að skerða þurfi til muna forgangsorku notenda.

Hönnunarforsendur flutningskerfisins

Við hönnun á raforkukerfinu þarf að taka tilliti til margra og oft á tíðum mjög flókinna atriða. Sú lágmarkskrafa sem mjög víða er gerð til flutningskerfa er að það geti annað öllu álagi með eina kerfiseiningu úr rekstri. Þetta þýðir í raun að þó að ein lína, spennir eða rafali bili fyrirvaralaust, þá geti afhending raforku haldið áfram meðan viðgerð fer fram.

Hins vegar þola fæst kerfi að tvær kerfiseiningar bili samtímis, án þess að skerða þurfi afhendingu.

Í sumum kerfum erlendis er gerð sú krafa að afhending rofni ekki þegar ein einstök bilun á sér stað. Hér á landi hefur sú krafa ekki verið gerð, þar sem það myndi kosta gífurlegar fjárhæðir að gera allt kerfið þannig úr garði. Í stað þess hefur verið miðað við að afhending raforku geti hugsanlega rofnað meðan bilaða kerfiseiningin er frátengd kerfinu, en þó er það tryggt að hægt sé að byggja raforkukerfið upp aftur og flytja rafmagn til notenda með eina einingu úr rekstri og anna forgangsorkuþörf að fullu. Hugsanlega þarf að skerða ótryggða orku meðan viðgerð fer fram. Gera má ráð fyrir að ekki verði breyting á þessu næstu árin vegna þess hve það er kostnaðarsamt að auka kröfur til flutningskerfisins umfram það sem hér hefur verið nefnt.

Framtíðarflutningskerfi

Við skoðun á framtíðar flutningskerfi þarf að taka tillit til margra þátta. Fyrst og fremst ræðst uppbygging þess af staðarvali nýrra raforkunotenda og nýrra virkjana (mynd 3.4). Helstu virkjunarkostir landsins eru á Suðurlandi og Austurlandi auk Norðurlands. Það er ljóst að ef ná á fram hagkvæmni þess að reka vatnsaflsvirkjanir í samtengdu kerfi, þarf að tryggja að flutningskerfið geti annað þeim árstíðabundnu flutningum á raforku sem þurfa að vera milli landshluta.



Mynd 3.4: Raforkukerfi Íslands - framtíðarhugmynd

Framtíðarháspennulínur milli Suðurlands og Austurlands er áætlað að liggi yfir hálendið um Sprengisand og Ódáðahraun. Þar sem ljóst er að línuleiðir á þessu svæði verða af skornum skammti þarf að reisa línurnar strax í upphafi fyrir næga flutningsgetu til að þær nýtist til framtíðarnota. Í því sambandi hefur verið litið til þess að velja hærri rekstrarspennu en 220 kV, jafnvel 400 kV, sem fjórfaldar flutningsgetuna. Á verðlagi í árslok 1993 er kostnaður við byggingu háspennulína áætlaður að jafnaði um 10,5 m.kr/km fyrir 132 kV línur en um 16,5 m.kr/km fyrir 220 kV línur. Kostnaðurinn er mjög háður því álagi, ísingu og vindi, sem línan þarf að standast og eins landinu sem línan fer um.

Nokkuð hefur verið rætt um þann möguleika að leggja háspennulínur sem þessar sem jarðstrengi á hálendinu. Að mati sérfróðra manna er sá möguleiki fjarlægur, ekki einungis vegna kostnaðar, en lauslega áætlað er kostnaður við jarðstreng á 220 kV spennu sem hér um ræðir um 5-7 sinnum hærri en við loftlínu, heldur einnig vegna þess að ákveðin tæknileg vandkvæði eru á því að reka slíka jarðstrengi. Þessi umræða hefur einnig komið upp á hinum Norðurlöndunum og jafnvel víðar, en þar hefur hvergi verið farið út í slíkar lausnir.

Eins og áður sagði er staðarval nýrra stórnotenda og stórvirkjana sá þáttur sem ræður mestu um framtíðarflutningskerfið. Því er nauðsynlegt að taka tillit til kostnaðar og öryggis flutningskerfisins við slíkt val, þar sem afhendingaröryggi raforkunnar mun byggjast að stórum hluta á því vali.

3.6 Kostnaður við raforkuvinnslu

Vatnsafl

Eins og áður hefur komið fram hafa verið settar fram hugmyndir um að nýta vatnsafl landsins til að framleiða um 40.000 GWh af raforku á ári. Áætlanir hafa verið gerðar um virkjun u.þ.b. 30.000 GWh/ári. Þessar áætlanir eru misjafnlega vel grundaðar. Í sumum tilvikum byggja þær á ítarlegum rannsóknum og hönnunaráætlunum, en í öðrum er einungis um lauslegt mat að ræða. Þessum áætlunum hefur verið raðað eftir vaxandi kostnaði, en síðan fundið meðaltal við að virkja hverja 10.000 GWh/ári frá þeim lægstu til þeirra hæstu. Álag (aflþörf) hins almenna markaðar er mjög háð árstíða- og dægur-sveiflum. Sé aftur á móti virkjað fyrir stóriðju verður mun jafnara álag á raforkukerfið sem þýðir minni fjárfestingu á hverja orkueiningu. Þetta er sýnt í töflu 3.5 og á mynd 3.5 annars vegar ef eingöngu er virkjað fyrir almennan markað og hins vegar ef einvörðungu er virkjað fyrir stóriðju. Kostnaður vegna flutningsvirkja er áætlaður 12% af virkjunarkostnaði og er hann meðtalinn í stofnkostnaði.

Tafla 3.5 Kostnaður við nýtingu vatnsorkunnar. Verðlag í des. 1993

		Stofnkostnaður vatnsaflsvirkjana og flutningsvirkja			
	Orka	Almennur markaður		Stóriðja	
Flokkur[1)]	GWh/ári	Milljarðar kr	kr/(kWh/ári)	Milljarðar kr	kr/(kWh/ári)
Lægstu	10.000	210	21	160	16
Miðlungs	10.000	240	24	190	19
Hæstu	10.000	350	35	270	27
Samtals	30.000	800	27	620	21
Virkjað 1993[2)]	4.900	110	22,9		

1) VST jan. 1994 að viðbættum 12% vegna orkuflutningskerfis

2) Almennur markaður og núverandi stóriðja

Tölur í töflunni hér á undan eru meðaltöl, en auðvitað er hagkvæmni einstakra virkjunarkosta mismunandi. Þar koma til margvísleg atriði; staðhættir, jarðfræði, rennsli og miðlunarþörf, orkumarkaður og nýtingartími svo nokkuð sé nefnt.



Mynd 3.5 Stofnkostnaður við nýtingu vatnsaflsins

Miðað við áðurnefndar forsendur um stofnkostnað virkjana og flutningsvirkja og markað hefur verið reiknað út orkuverð sbr. eftirfrandi töflu 3.6 og mynd 3.6. Af töflunni sést að kostnaðarverð til stórnotenda er innan við 20 bandarísk mills á kWh miðað við virkjun fyrstu 20.000 GWh/ári.

Tafla 3.6 Kostnaðarverð[1], verðlag í des. 1993

	Almenn nokun		Stóriðja eða útflutningur	
Flokkur	GWh/ári	kr/kWh	kr/kWh	mill/kWh
Lægstu	10.000	1,8	1,2	17
Miðlungs	10.000	2,0	1,5	20
Hæstu	10.000	2,9	2,1	29
Samtals	30.000	2,2	1,6	22

1) Miðað við 5,5% vexti, 40 ára afskriftartíma og rekstrarkostnað 1% af stofnkostnaði, fullnýting á fyrsta ári, 1USD=72,5 kr.

Meðtalinn flutningskostnaður 12% af stofnkostnaði og 4,5% vegna orkutapa og eiginnotkunar framleiðenda.



Mynd 3.6 Kostnaðarverð frá aðveitustöðvum

Að öðru jöfnu er hagkvæmara að ráðast í stórar virkjanir en röð minni virkjana. Framleiðslukostnaður á orkueiningu lækkar yfirleitt eftir því sem virkjanir stækka, en hagkvæmni stórra virkjana er þó undir því komin að markaður sé fyrir verulegan hluta orkunnar við gangsetningu virkjunarinnar.

Jarðhiti

Kostnaður við nýtingu jarðhitans er ekki eins vel þekktur. Stærsti óvissuþáturinn er öflun gufunnar eða nánar tiltekið það afl sem hver borhola gefur af sér, sem aftur er háð hitastigsdreifingu í berggrunninum og rennsli jarðhitavökvans, en gera má ráð fyrir að kostnaður við gufuöflun og gufuveitu sé að meðaltali um 20-30% af stofnkostnaði jarðgufuvirkjunar. Virkjun jarðvarmans til raforkuframleiðslu í tengslum við nýtingu hans til annarra nota getur verið mjög hagkvæm t.d. á Nesjavöllum og í Svartsengi. Sama virðist eiga við um frekari raforkuvinnslu á jarðhitasvæðum sem þegar eru í nýtingu. Í slíkum tilvikum má nýta betur fjárfestingu og mannafla sem fyrir er eins og nýleg áætlun um 20 MW virkjun í Bjarnarflagi sýnir. Virkjun nýrra svæða eingöngu til raforkuvinnslu í stórum áföngum er, enn sem komið er, varla hagkvæmur kostur borið saman við vatnsorkuna. Við núverandi vöxt hins almenna raforkumarkaðar, 40-50 GWh/ári, virðist jarðgufan vera

samkeppnisfær ef einungis er virkjað fyrir almennan markað. Hægt er að byggja jarðvarmavirkjanir í hæfilega stórum einingum sem falla vel að þeim markaði.

Samkeppnishæfni innlendra orkugjafa

Fyrir nokkrum árum var safnað saman upplýsingum um kostnað við virkjun vatnsafls í öðrum löndum. Eftir að kostnaðartölur höfðu verið færðar til sama verðlags og þær leiðréttar með tilliti til aflnýtingar þá gaf samanburðurinn til kynna að kostnaður við virkjun vatnsafls hér á landi væri heldur lægri en almennt gerðist annars staðar í heiminum. Þessi samanburður hefur nýlega verið endurskoðaður og er niðurstaðan sú sama. Varast ber að draga of einhlítar ályktanir varðandi þetta efni, en athugunin gefur þó vísbendingu um að orkuverð frá virkjunum hér á landi sé samkeppnisfært við orkuverð frá virkjunum í öðrum löndum, jafnvel álíka eða lægra en frá stórvirkjunum í Suður-Ameríku (Guri 10.000 MW, Itaipu 12.600 MW) og Kanada (James Bay 12.200 MW) sbr. mynd 3.7. Eins og sýnt var hér á undan er kostnaðarverð til stóriðju um og innan við 20 mill/kWh sem bendir til allgóðar samkeppnisstöðu okkar hvað varðar orkusölu til stóriðju



A: Meðalorkukostnaður við að nýta 30.000 GWh/ári

B: Meðalorkukostnaður við að nýta tæplega 750.000 GWh/ári, að mestu byggður á upplýsingum frá Alþjóðabankanum um fyrirhugaðar virkjanir og virkjanir í byggingu á árunum um og eftir 1980

Mynd 3.7 Samanburður við önnur lönd

Sé litið til nágrannalanda okkar í Evrópu eru það einungis Norðmenn sem enn eiga eftir ónýtta vatnsorku svo nokkru nemur, en þeir hafa þó þegar virkjað hagkvæmasta hluta hennar. Aðrar þjóðir álfunnar byggja raforkuframleiðslu sína á kjarnorku eða brennslu kola, olíu og jarðgass. Aðrir orkugjafar eins og vindur, sjávarföll og sólarorka eru mun dýrari og munu ekki í fyrirsáanlegri framtíð skipta verulegu máli í orkuöflun þessara þjóða. Vegna sívaxandi andstöðu við byggingu kjarnorkustöðva og mikillar loftmengunar frá kolastöðvum er í flestum löndum í Vestur-Evrópu lögð mikil áhersla byggingu raforkuvera er brenna jarðgasi, sem menga lítið borið saman við kolastöðvar auk þess sem byggingartími er stuttur.

Á mynd 3.8 er samanburður á orkuverði frá vatnsaflsvirkjunum og verði frá nýjum kjarnorku-, kola- og jarðgasvirkjunum í nokkrum Evrópulöndum. Sá mikli munur sem þar kemur fram á verði, vatnsorkunni í hag, ætti að skapa tækifæri til að laða að orkufrekan iðnað í framtíðinni og jafnframt möguleika á útflutningi um sæstreng til Bretlands eða meginlands Evrópu sé vilji til þess. Varðandi útflutning er þó rétt að benda á að á mynd 3.8 er ekki tekið tilllit til kostnaðar við að flytja orkuna milli landa. Flutningskostnaður á raforku til Skotlands er um 1 kr/kWh og til Hollands og Þýskalands um 2 kr/kWh, hvoru tveggja miðað við fullnýtingu á flutningsgetu sæstrengs.



Mynd 3.8 Kostnaðarverð - samanburður

- Inn á mynd á bls. 13: FREMRINÁMAR 10^{15} joule

- Inn á mynd á bls 23: Heimild: OECD-IEA Standing Group on Long Term Co-Operation, sept. 1992

4. Raforkuvinnsla og umhverfismál

4.1. Orka og umhverfisvernd

Þjóðir heims eru nú að endurskoða viðhorf til umhverfis- og þróunarmála og þeirra efnahags- og þjóðfélagsáhrifa sem þau hafa. Ný stefna er í mótun, nýjar venjur að skapast og lífsviðhorf að breytast. Athygli beinist í vaxandi mæli að þeim vandamálum sem maðurinn hefur skapað með ógætilegri meðferð á auðlindum jarðar og neysluvenjum sínum. Talið er t.d. að hiti muni aukast í andrúmsloftinu á næstu áratugum, aðallega vegna bruna á jarðefnaeldsneyti, og ekki er séð fyrir um áhrif þess á veðurfar og þar með líf á jörðinni.

Skilningur er að aukast á því, að stefna í orkumálum verði að taka mið af stefnumörkun í umhverfismálum og að val á orkugjöfum og orkunýting skipti þar miklu. Framtíð jarðarbúa er að verulegu leyti undir því komin að þjóðum heims takist að breyta orkunotkuninni og nýta í auknum mæli varanlega og hættulitla orkugjafa í stað jarðefna. Kjarnorkan hefur t.d. ekki reynst sá góði kostur sem menn bundu vonir við.

Stefnt er að því í framtíðinni að orkunotkun byggi í auknum mæli á endurnýjanlegum orkugjöfum sem valda lítilli sem engri mengun, svo sem vatnsorku, vindorku, sólarorku og jarðvarma. Möguleikar Íslendinga eru miklir á þessu sviði vegna ónotaðra auðlinda í jarðvarma og orku fallvatna en nauðsynlegt er að fara með gát og koma í veg fyrir óæskileg áhrif á umhverfi sem fylgt geta virkjun þessara auðlinda. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfis- og þróunarmál sem haldin var í Rio de Janeiro í júní 1992, var samþykkt viðamikil framkvæmdaáætlun sem þjóðir heims skulu hafa að leiðarljósi. Þar er því meðal annars beint til ríkisstjórna að bæta orkunýtingu og auka notkun nýrra og endurnýjanlegra orkugjafa og þar á meðal eru jarðvarmi og vatnsorka. Jafnframt að samræma orkuáætlanir svo auka megi notkun slíkra orkugjafa og dreifa orku frá þeim til svæða sem hafa ekki yfir þeim að ráða. Gangi þetta eftir ættu möguleikar Íslendinga á alþjóðlegum orkumarkaði að aukast verulega á næstu árum og áratugum.

Nýtingu innlendu orkulindanna, vatnsorku og jarðvarma, fylgir þó sú skylda að virkjun þeirra valdi ekki spjöllum á umhverfi. Þegar vænlegir virkjunarkostir eru metnir, þarf að taka fullt tillit til sjónarmiða umhverfisverndar. Þótt vatnsorkunni fylgi engin brennisteins- eða köfnunarefnissambönd sem valdið geta súru regni, engar lofttegundir sem aukið geta hita í andrúmlofti eða geislavirkni, geta vatnsaflsvirkjanir haft staðbundna umhverfisröskun í för með sér. Með góðu skipulagi og öðrum mótvægisaðgerðum, má þó draga úr þessum áhrifum.

Sama er að segja um jarðvarma. Þótt virkjun hans leiði ekki til mengunar í sama mæli og verður við bruna jarðefnaeldsneytis, eru nokkur umhverfisáhrif við nýtingu jarðhita óumflýjanleg. Þar má t.d. nefna útlitsbreytingar á yfirborði jarðar, hávaðamengun, losun mengandi lofttegunda og varmamengun. Einnig ber að hafa í huga að jarðvarmi er ekki endurnýjanleg auðlind miðað við þær aðferðir sem beitt er við nýtingu hans sem líkja má við námavinnslu. Draga má úr þessum áhrifum með því að dreifa nýtingu virkjaðra svæða meira en nú og taka ekki meira en svo af jarðhitanum að hann nái að endurnýja sig, en slíkt getur verið vandkvæðum bundið. Það er ljóst að mörg þeirra jarðhitasvæða, sem upp eru talin í fylgiskjali 2 um háhitasvæði á Íslandi, verða tæplega nýtt til raforkuframleiðslu vegna náttúrufars þótt fátt sé því til fyrirstöðu tæknilega. Má þar t.d. nefna Geysissvæðið í Biskupstungnahreppi, Kerlingarfjöll og Hveravelli á miðhálendinu, og Kverkfjöll í norðurjaðri Vatnajökuls sem ólíklegt er að verði nýtt til raforkuframleiðslu.

Í kaflanum hér á undan kom fram að tæknilega sé hægt að framleiða 64.000 GWh af rafmagni á ári með virkjun fallvatna og a.m.k. 20.000 GWh á ári í hundrað ár með jarð-

varmavirkjunum. Í þessu mati hefur hvorki verið tekið tillit til markaða fyrir raforkuna né umhverfissjónarmiða sem dregið geta verulega úr möguleikum á raforkuvinnslu. Áætlað hefur t.d. verið að tæknilega nýtanleg vatnsorka til raforkuvinnslu skerðist um allt að helming þegar tillit hefur verið tekið til sjónarmiða umhverfisverndar og hagkvæmni. Og líklegt þykir að möguleikar á raforkuvinnslu með jarðvarmavirkjunum skerðist verulega þegar tillit hefur verið tekið til þessara sjónarmiða. Nákvæmar tölur um skerðingu á nýtanlegri orku til raforkuvinnslu eru ekki tiltækar og ekki þykir ástæða til að reyna að geta sér til um þær á þessu stigi enda verður ávallt um afstætt mat að ræða. Þess í stað hefur sú leið verið valin af stjórnvöldum að setja reglur um mat á umhverfisáhrifum mögulegra virkjana til að koma í veg fyrir að ráðist verði í framkvæmdir sem umtalsverðum spjöllum geta valdið.

4.2. Mat á umhverfisáhrifum orkuvera.

Samkvæmt lögum nr. 63/1993, sbr. lög nr. 110/1993, um mat á umhverfisáhrifum, ber að meta umhverfisáhrif vatnsaflsvirkjana, jarðvarmavirkjana og lagningu háspennulína, áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdir og leyfi veitt fyrir þeim. Markmið þessara laga er að tryggja að fram fari mat á umhverfisáhrifum áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag. Í þessu mati skal tilgreina þau áhrif sem framkvæmdir og fyrirhuguð starfsemi kunna að hafa á menn, samfélag og menningu, dýr, plöntur og aðra þætti lífríkis, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, landslag og samverkan þessara þátta.

Undanfarna tvo áratugi hefur verið reynt að meta áhrif vatnsaflsvirkjana á náttúru landsins áður en í framkvæmdir hefur verið ráðist. Niðurstöður úr þessu mati hafa síðan verið hafðar til hliðsjónar þegar ákvarðanir hafa verið teknar um staðarval og hönnun. Í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 147 frá 1971 hefur verið leitað eftir áliti Náttúruverndarráðs á fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum og skipulagt samstarf hefur verið með ráðinu og virkjunaraðilum. Strax á fyrstu stigum undirbúnings vatnsaflsvirkjana, hefur yfirleitt verið fjallað um þær í samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um orkumál (SINO). Þar hafa verið gerðar tillögur um rannsóknir og rætt um leiðir til að draga úr umhverfisröskun. Jafnframt hefur ráðinu gefist kostur á að fylgjast með byggingu virkjananna og öðrum framkvæmdum og frágangi á virkjunarsvæðunum. Slíkt mat hefur hins vegar ekki verið fastur liður í undirbúningi jarðvarmavirkjana fram til þessa.

Með lögunum um mat á umhverfisáhrifum er leitast við að setja skýrar reglur um hvaða framkvæmdir skulu vera háðar mati, hvernig áhrif á umhverfi skuli metin, hverjar séu skyldur framkvæmdaaðila og hvað fram skuli koma í matinu. Í lögunum er m.a. kveðið á um að ávallt skuli fram fara slíkt mat á áhrifum orkuframkvæmda, áður en leyfi er veitt fyrir þeim, en í því felst m.a. að lýsa skuli umhverfisaðstæðum bæði náttúrulegum og félagslegum, og spá fyrir um og meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þessa þætti. Niðurstöðurnar skal síðan skoða með tilliti til hagrænna þátta þannig að besta leiðin sé valin út frá þjóðhagslegu sjónarmiði til lengri tíma. Með þessu er reynt að tryggja eins og kostur er að ekki verði ráðist í framkvæmdir sem valdið geta umhverfisskaða sem ekki megi réttlæta út frá þeim ávinningi sem af framkvæmdinni hlýst.

Matskyldar framkvæmdir sem varða nýtingu orkulinda eru eftirfarandi:

1. Vatnsaflsvirkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira eða vatnsmiðlanir þar sem meira en 3 ferkílómetrar lands fara undir vatn vegna stíflumannvirkja eða breytinga á árfarvegum.

2. Jarðvarmavirkjanir með varmafl 25 MW eða meira af hráorku eða að uppsett afl til raforkuframleiðslu sé a.m.k. 10 MW.

3. Lagning háspennulína með 33 kV spennu eða hærri.

4. Efnistökustaðir (malarnám) á landi 50.000 fermetrar eða stærri eða þar sem fyrirhuguð efnistaka er meiri en 150.000 rúmmetrar.

Auk þess er kveðið á um í lögunum að umhverfisráðherra geti ákveðið að aðrar framkvæmdir, sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif skuli hlíta mati. Í viðauka 2 með reglugerð, sem sett hefur verið með stoð í lögum, eru jarðboranir vegna jarðhitavatns, búnaður til að flytja raforku og stöðvar þar sem unnið er rafmagn og tengd mannvirki nefnd með öðru sem dæmi um slíkar framkvæmdir.

Lög þessi setja undirbúning virkjana í nýjan farveg, þótt könnun á umhverfisáhrifum hafi verið þáttur í undirbúningi vatnsaflsvirkjana um tveggja áratuga skeið. Matið mun taka til fleiri þátta en áður og aukin áhersla verður lögð á að bera saman virkjunarkosti og kanna mótvægisaðgerðir vegna meintra umhverfisspjalla. Jafnframt er gert ráð fyrir að við gerð skipulagsáætlana verði fjallað um þá virkjunarkosti sem til greina koma á viðkomandi svæði, ekki síst með tilliti til þess að landrýmisþörf vatnsaflsvirkjana er yfirleitt mikil sem valdið getur margvíslegum árekstrum við aðra mögulega landnýtingu. Miðað er við að tekin verði afstaða til álitlegra virkjunarkosta við gerð skipulagsáætlunar og þeir afgreiddir með fyrirvara um mat á umhverfisáhrifum. Í skipulagsáætlun er kveðið á um til hvaða nota megi ráðstafa landi. Mikilvægt er að strax á undirbúningsstigi virkjunar sé hægt að taka ákvörðun um það hvort orkuverið og tenging þess við notendur falli að æskilegri nýtingu viðkomandi landssvæðis, þótt virkjun á forathugunarstigi uppfylli ekki skilyrði um mat á umhverfisáhrifum.

Flestar stærstu og hagkvæmustu vatnsaflsvirkjanirnar, sem til greina koma, eru með einum eða öðrum hætti tengdar miðhálendi landsins. Nú er unnið að gerð skipulagsáætlunar fyrir miðhálendið allt, sem varpa ætti skýrara ljósi á það hversu mikla raforku má framleiða með virkjun vatnsfalla á því svæði, að teknu tilliti til ólíkra sjónarmiða um landnýtingu. Gert er ráð fyrir að vinnu þessari ljúki í lok árs 1996.

Jafnframt hafa, á vegum Náttúruverndarráðs, verið lögð drög að áætlun um vernd vatnsfalla og jarðhitasvæða þar sem áhersla hefur verið lögð á að vernda svæði, vatnsföll og jarðhitasvæði sem merkileg eru vegna náttúrufars. Verk þetta er skammt á veg komið og nauðsynlegt að flýta því svo meta megi þá virkjunarkosti sem bjóðast og forgangsraða þeim við gerð skipulagsáætlana. Náttúruverndarráð hefur áður gefið út tillögur um vernd háhitasvæða sem þörf var á að endurskoða.

Á undanförnum árum hefur aukin áhersla verið lögð á rannsóknir á umhverfisáhrifum jarðhitanýtingar, sérstaklega áhrif af virkjun háhitasvæða. Á ársfundi Orkustofnunar 1991 voru kynntar niðurstöður úr frumathugunum á helstu umhverfisáhrifum sem fylgt geta nýtingu jarðhita. Í framhaldi af því var ráðist í viðamikið samstarfsverkefni stofnana í því skyni að meta stöðu umhverfismála á þeim svæðum sem virkjuð hafa verið og gera tillögur um eftirlit og rannsóknir. Að þessu verkefni standa Orkustofnun, Hitaveita Suðurnesja, Hitaveita Reykjavíkur, Landsvirkjun og umhverfisráðuneytið.

Niðurstöður þessa verkefnis munu væntanlega verða hafðar til hliðsjónar við val virkjunarsvæða í framtíðinni, hönnun mannvirkja og val á mengunarvarnabúnaði og öðrum mótvægisaðgerðum. Þessum þætti hefur lítið verið sinnt á undanförnum árum m.a. vegna þess að nýting jarðhita hefur ekki verið talin skaða umhverfi. Það er aðeins á allra síðustu

árum að ástæða hefur verið talin til að hafa áhyggjur af umhverfisspjöllum vegna jarðvarmanýtingar.

4.3. Umhverfisáhrif vatnsorkuvera

Vatnsaflsvirkjanir geta haft umtalsverða röskun á umhverfi í för með sér þótt þær valdi ekki mengun. Ár breyta um farveg og fossar hverfa, land fer á kaf undir miðlunarlón og vatnsveitur, mannvirki rísa í óbyggðum og á öðrum stöðum sem sérstakir þykja vegna náttúrufars og breyta svipmóti þeirra. Miðlunarlón hafa áhrif á grunnvatn og geta eyðilagt beitarlönd, útivistarsvæði og náttúruminjar. Nauðsynlegt er að meta þessi og önnur slík áhrif, jafnt neikvæð sem jákvæð, áður en ákvörðun er tekin um virkjun og kanna möguleika á að koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegum áhrifum með skipulagi, staðarvali og hönnun virkjunar.

Vatnsorkuver, þar með talin miðlunarlón, þurfa mikið land og takmarka því aðra landnýtingu. Áætlað hefur verið að stærð þess lands sem þurfi undir þau vatnsorkuver sem hagkvæmt er nú talið að reisa, að meðtöldum þeim sem þegar hafa verið reist, sé um 1100 km^2, eða um 1% af flatarmáli landsins. Ef mið er tekið af þeim áætlunum sem gerðar hafa verið um þessa virkjunarkosti, er um fjórðungur þessa svæðis gróðri vaxinn sem er um 1,5% af allri gróðurþekju landsins. Annar fjórðungur þessa svæðis er ár og vötn. Vatnsmiðlanir þekja nú um 210 km^2 lands og þar af voru 60 km^2 vaxnir gróðri en 90 km^2 ár og vötn.

Draga má úr landþörf virkjana með góðri hönnun, t.d. með því að veita vatni um jarðgöng í stað þess að fara með það um skurði og vötn langar leiðir frá miðlunarlóni að stöðvarhúsi.

Árið 1990 takmörkuðu orkuflutningslínur aðra nýtingu lands á um það bil 270 km^2. Hentugustu virkjanasvæðin eru í óbyggðum og stór hluti háspennulína liggur um hálendið og önnur afskekkt svæði sem merkileg þykja vegna náttúrufars og geta verið þar áberandi í landslagi. Vegna þessa þarf að vanda vel til staðarvals fyrir línurnar og meta áhrifin áður en gengið er til verks. Taka þarf mið af því að yfirleitt eru lagðir vegaslóðar meðfram háspennulínum sem geta opnað ferðamönnum nýjar leiðir inn í óbyggðir landsins en því fylgja bæði kostir og gallar.

Árstíðamunur er á rennsli í vatnsföllum hér á landi. Mest er rennsli í dragám að vori en á sumrin í jökulám. Raforkuþörfin er hins vegar mest á veturna og þess vegna er nauðsynlegt að byggja upp vatnsforða í miðlunarlónum. Miðlun vatns milli árstíða hefur í för með sér reglubundnar breytingar á vatnsborði miðlunarlóna. Þessar breytingar valda því, ásamt ísmyndun, að laus jarðvegur og set skolast burt, sem síðan hefur í för með sér landbrot og aukna hættu á foki. Landbroti og rofi botnsets fylgir jafnframt töluverð útskolun steinefna, sem í fyrstu getur haft jákvæð áhrif fyrir plöntu- og dýrasvif. Þessar breytingar í heild, ásamt hitabreytingum hafa neikvæð áhrif á lífsskilyrði og hryggningu vatnafiska eins og t.d. urriða. Botndýralíf þolir yfirleitt illa vatnsborðssveiflur, enda er það að jafnaði auðugast næst landi. Þegar til lengri tíma er litið eru áhrifin af reglubundnum og miklum vatnsborðsbreytingum neikvæð fyrir vistkerfi viðkomandi vatnasvæðis.

Með gerð miðlunarlóna breytist oft grunnvatnshæð á stórum svæðum, sem hefur veruleg áhrif á lífsskilyrði gróðurs og dýralífs. Áhrif slíkra breytinga eru þó ekki alltaf neikvæð fyrir lífríkið, þótt svo sé í mörgum tilfellum. Hækkun grunnvatnsborðs vegna lóna á gróðurlausum svæðum getur skapað góð skilyrði fyrir gróður og þar með dýralíf.

Aurburður er eitt af einkennum jökulánna og þegar þeim er miðlað fellur hluti hans til botns. Hversu stór hluti botnfellur ræðst fyrst og fremst af dreifingu kornastærða í aurnum

og dvalartíma vatnsins í miðlunarlóninu. Framburður ánna getur því minnkað af þessum sökum og haft í för með sér landrof við ósa þeirra. Við það að aur fellur til í miðlunarlónum eykst jafnframt gegnsæi ánna neðan virkjana og botnskrið minnkar. Hvort tveggja getur verið jákvætt fyrir lífsskilyrði í viðkomandi vatnsfalli.

Flestum vatnsaflsvirkjunum fylgja einhverjar manngerðar vatnsuppistöður. Flestar hinna stærri virkjana þurfa miklar miðlanir, sem aðeins allrastærstu og dýpstu vötn geta fullnægt án mikilla breytinga. Skilyrði til miðlunar fylgja jafnan lægðum í landinu og oft er um að ræða staði þar sem vötn hafa áður verið. Lægðir af þessu tagi eru yfirleitt gróðursælli en umhverfið einkum vegna þess að jarðvatn stendur þar hátt og nýting þeirra undir miðlunarlón hefur því í för með sér að gróðurlendi er fórnað.

4.4. Umhverfisáhrif háhitanýtingar

Nýtingu jarðvarma einkum háhita fylgir óhjákvæmilega nokkur mengun og staðbundin umhverfisáhrif. Mengun er þó lítil miðað við orkuvinnslu með brennslu jarðefnaeldsneytis. Jarðhiti er ekki endurnýjanleg auðlind með sama hætti og vatnsorkan, því yfirleitt er meira tekið úr varmaforðanum en sem svarar til náttúrulegs aðstreymis. Helstu umhverfisáhrif, sem virkjun og nýting jarðhita veldur eru útlitsbreytingar á yfirborði, hávaði, félagsleg og efnahagsleg áhrif, áhrif vatnsnáms, varmamengun og efnamengun lofts og grunnvatns. Almennt gildir, að því hærra sem hitastig er, því meiri verður umhverfisvandinn því uppleyst efni eru í meira mæli í heitu vatni en köldu.

Útlitsbreytingar á yfirborði jarðar verða óhjákvæmilega við gerð mannvirkja, en landspjöll geta einnig orðið við breytingar á virkni jarðhitans á yfirborði, sem rekja má til virkjunar hans. Ógnvekjandi dæmi um þetta eru öflugar gufusprengingar, sem orðið hafa á vinnslusvæðum gufuvirkjana erlendis. Við jarðhitavirkjanir þarf oft að leggja pípur um langan veg sem valdið geta sjónmengun.

Fram til þessa hafa ekki farið fram markvissar rannsóknir á umhverfisþáttum jarðhitanýtingar hérlendis og talsvert skortir oft á að markvisst eftirlit sé haft með umhverfisáhrifum jarðhitavirkjana. Í þessu sambandi er þó rétt að minna á samstarfsverkefni Orkustofnunar, Hitaveitu Suðurnesja, Hitaveitu Reykjavíkur, Landsvirkjunar og umhverfisráðuneytisins sem getið er um í kafla 4.2. Flest stór orkuvinnslufyrirtæki hafa þó metið hættu á grunnvatnsmengun frá orkuverum áður en nýting hófst og fylgst með ástandi grunnvatns að einhverju marki eftir að orkuverin tóku til starfa. Eitthvert mat og mælingar á efnamengun í lofti eru yfirleitt gerðar, en þeim þætti er oft ábótavant.

Eins og öðrum stórframkvæmdum fylgir jarðrask jarðhitavirkjunum. Efnistaka er nauðsynleg vegna bygginga, velja þarf borholum og byggingum staði og leggja þarf aðveituæðar til notenda og vegi að helstu mannvirkjum. Jarðraskið er þó lítið miðað við aðrar orkuframkvæmdir vegna þess hve vinnsla fer fram á litlu svæði.

Jarðhitagas er yfirleitt í höfuðdráttum samsett úr koldíoxíði, brennisteinsvetni, vetni, metani, köfnunarefni og argoni og eru tvö þau fyrstnefndu til staðar í mestum mæli. Koldíoxíð og metan eru meðal svonefndra gróðurhúsagasa. Köfnunarefni og argon eru talin skaðlaus enda til staðar í umtalsverðu magni í andrúmsloftinu. Nokkuð er misjafnt hve mikið koldíoxíð berst út í andrúmsloftið frá jarðhitaverum, en samanburður við orkuver, sem brenna jarðefnaeldsneyti er hagstæður t.d. er um tífalt minna koldíoxíð frá Kröflu en sambærilegu kolaorkuveri. Brennisteinsvetni er eitruð lofttegund og virkar tærandi á málma. Skaðsemi er yfirleitt bundin við næsta nágrenni útstreymisstaðar, en gasið þynnist á skömmum tíma. Yfirleitt er styrkur brennisteinsvetnis í lofti það lítill, að ekki er ástæða til að óttast alvarlegar afleiðingar, en er þó nægur til að valda óþægilegri lykt. Deilt er um

hversu stór hluti breytist í brennisteinstvíoxíð. Í jarðhitagasi geta verið fleiri skaðleg efni, t.d. flúor, bór og ammoníak. Auk gass og þéttanlegrar gufu berst oft vatnsúði út í loftið frá borholum þar sem skiljur ráða ekki við streymið. Slíkur úði getur dreifst yfir nágrennið og valdið spjöllum, t.d. valdið tæringu á mannvirkjum og útfellingum á gróðri og mannvirkjum.

Mikill varmi losnar við virkjun jarðhita til raforkuframleiðslu vegna lítillar nýtingar varmans sem er að jafnaði aðeins 10-15%. Mengun vegna upphitunar umhverfisins kemur fram í frárennslisvatni og gufustrókum frá orkuveri og flutningslögnum. Varmamengun er mest áberandi þar sem frárennslisvatni er veitt beint í ár og vötn. Lífverur eru næmar fyrir hitastigsbreytingum og þrífast sumar hverjar eingöngu á þröngu hitastigsbili. Þá getur gerlagróður aukist verulega við hækkun hita.

Í affallsvatni frá jarðhitavirkjunum eru jafnframt ýmis efni sem geta valdið mengun ef þau berast í grunnvatnskerfi í miklum styrk. Þar á meðal má nefna arsen, bór, brennisteinsvetni, flúor, kvikasilfur, kadmíum og blý.

Þrjár höfuðleiðir eru til að losna við affallsvatn frá jarðhitasvæðum: Í fyrsta lagi dæling vatnsins niður í jarðhitasvæðið. Í öðru lagi söfnun í lón (manngerð). Í þriðja lagi bein losun, oftast í ár eða vötn, en stundum í grunnvatn.

Niðurdæling er af flestum talin besta lausnin á losun affallsvatns frá jarðhitasvæðum. Með henni er komið í veg fyrir stóran hluta allrar vatnsmengunar auk þess sem líftími svæðanna er lengdur. Við ýmis tæknileg vandamál er þó að glíma, einkum stíflun niðurdælingarhola af völdum útfellinga (kísils og e.t.v. kalks) auk þess sem hætta getur verið á kólnun jarðhitageymisins.

Söfnun í affallslón hefur víða verið beitt og er Bláa lónið í Svartsengi nærtækasta dæmið. Kostur við hana er fyrst og fremst minnkuð varmamengun. Ókostir eru hins vegar hætta á grunnvatnsmengun, stíflun af völdum kísilfellinga og hætta á að sífellt meira landrými þurfi fyrir slík lón.

Bein losun er ódýrasta lausnin til skamms tíma litið en henni fylgja ókostir sem felast í hættu á efna- og varmamengun. Oft eru mengandi efni undir skaðsemismörkum í vökvanum, sem losaður er og verða langt undir þeim eftir þynningu. Hins ber að gæta, að hætta getur verið á uppsöfnun. Margar lífverur eru mjög næmar fyrir hitastigsbreytingum og getur það haft áhrif á lífkerfið allt.

Fjárhagsleg hagkvæmni veldur því í langflestum tilvikum að orkunám úr jarðhitasvæðum í vinnslu er talsvert umfangsmeira en náttúrulegt jafnvægi svæðisins leyfir. Umtalsvert vatnsnám er því ávallt samfara vinnslu jarðhita, hvort sem um er að ræða há- eða lághita. Áhrif vatnsnámsins á næsta umhverfi geta verið lækkun grunnvatnsstöðu og breytingar á jarðhita á yfirborði sem valdið geta því að hverir þorni upp og einnig staðbundið landsig.

Vatnakerfi jarðhitasvæða eru í flestum tilvikum í einhverjum tengslum við nálæg grunnvatnskerfi. Reynslan sýnir, að það er mjög breytilegt hve náin þessi tengsl eru og oft erfitt að meta þau nema að undangengnum mjög ítarlegum rannsóknum. Vinnslan veldur þrýstingslækkun (niðurdrætti) í jarðhitakerfinu sem getur leitt til truflunar á nálægum grunnvatnskerfum.

5. Nýtingarmöguleikar

5.1 Almenn raforkuþörf

Við ákvarðanir um framkvæmdir í orkumálum gegna spár um raforkunotkun á næstu árum og áratugum þýðingarmiklu hlutverki. Lokaundirbúningur og framkvæmdir við virkjanir taka langan tíma, oft um fimm ár, og því getur röng spá um raforkuþörf kostað þjóðfélagið mikla fjármuni. Annars vegar vegna óþarflega mikilla fjárfestinga, ef spáin reynist of há. Reynist spáin hins vegar of lág þarf að framleiða dýra raforku í dísilstöðvum eða jafnvel grípa til skömmtunar, sem veldur almenningi óþægindum og kostar atvinnulífið mikla fjármuni.

Orkuspárnefnd er samstarfsvettvangur nokkurra helstu fyrirtækja, stofnana og samtaka á sviði orkumála auk Hagstofunnar og Þjóðhagsstofnunar um gerð orkuspár. Nefndin gaf út fyrstu spána um raforkunotkun 1977, en hin nýjasta er frá árinu 1992. Árlega er spáin endurreiknuð á grundvelli rauntalna um orkunotkun liðins árs o.fl. Í spánni er raforka til almennrar notkunar og til núverandi orkufreks iðnaðar áætluð fram til ársins 2020. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að almenn raforkunotkun og forgangsorka til núverandi stóriðju verði sem hér segir (töp innifalin):

Tafla 5.1 Spá um raforkunotkun fram til ársins 2020 (endurreiknuð spá frá október 1993)

Ár	Almenn raforkunotkun GWh	Núrverandi stóriðja GWh	Raforkumarkaður samtals GWh
1993*	2342	1765	4107
1995	2515	1771	4286
2000	2731	1771	4502
2005	2975	1771	4746
2010	3240	1771	5011
2015	3532	1771	5303
2020	3855	1771	5626

* Rauntölur, ótryggð raforka til stóriðju er ekki meðtalin, hún var 614 GWh árið 1993 að flutningstöpum meðtöldum.

Þannig má gera ráð fyrir að almenn raforkuþörf vaxi að meðaltali um 2% á ári á þessum áratug komi ekki til nýir orkufrekir stórnotendur. Gert er ráð fyrir að raforkuþörf vegna almenningsveitna aukist um rúmlega 40 GWh/ári fram á næstu öld. Raforkukerfið getur nú annað um 5.000 GWh markaði á ári og komi ekki til nýir stórnotendur verður því ekki þörf á nýjum virkjunum fyrr en á öðrum áratug næstu aldar. Einhverjar styrkingar þarf þó væntanlega að gera vegna flutnings raforku um landið fyrir þann tíma.

Eins og fram kom í kafla 3 er talið að tæknilega nýtanleg vatnsorka til raforkuvinnslu sé um 64.000 GWh/ári. Auk þess er talið að virkjun háhitans og hagkvæmasta hluta lághitans geti staðið undir 20.000 GWh raforkuvinnslu á ári í 100 ár. Í þessum tölum hefur ekki hefur verið tekið tillit til hagkvæmnisjónarmiða, náttúruverndar eða umhverfisáhrifa. Miðað við orkuspána án nýrra stórnotenda verður orkuþörfin einungis um 5.600 GWh/ári árið 2020 sem er einungis lítill hluti af því sem ætla má að hagkvæmt geti orðið að virkja. Vaxi almenna orkuþörfin áfram með sama hraða og gert er ráð fyrir í spánni og komi ekki til nýir stórnotendur, yrði raforkuþörfin um miðja næstu öld um 8.200 GWh/ári og í lok

næstu aldar um 16.900 GWh/ári. Ekki má líta á þessar tölur sem spár um almenna orkunotkun á næstu öld, en þær gefa til kynna að það er mikið svigrúm til að auka orkuvinnslu hér á landi án þess að með því sé verið að takmarka möguleika okkar á að mæta aukinni almennri raforkunotkun í landinu. Íslendingar hafa að þessu leyti sérstöðu meðal þróaðra ríkja.

5.2 Raforkufrekur markaður

Eins og fram kom í 2. kafla voru fyrstu skráð áform um að nýta vatnsafl á Íslandi í stórum stíl til að framleiða rafmagn til iðnaðar á döfinni rétt fyrir aldamótin. Það var þó í rauninni fyrst með tilkomu Sogsvirkjana, einkum Írafossvirkjunar árið 1953, að grundvöllur fékkst til uppbyggingar orkufrekrar starfsemi á Íslandi. Með fjármögnun frá Marshall-aðstoð Bandaríkjanna var Íslendingum gert kleift að ráðast í byggingu Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi, fyrsta orkufreka stóriðjuversins. Rekstur verksmiðjunnar hófst árið 1954 í tengslum við Írafossvirkjun og er orkuþörf hennar um 130 GWh/ári og aflþörfin um 20 MW. Með byggingu verksmiðjunnar og rekstri hennar öðluðust Íslendingar mikilvæga þekkingu og reynslu á sviði raforkufreks iðnaðar.

Það eru einkum þrjár leiðir sem til greina koma til þess að hagnýta orkulindirnar í umtalsverðum mæli:

* Í fyrsta lagi væri nú þegar, eða með skömmum fyrirvara, unnt að mæta raforkuþörf vegna framleiðslu á orkufrekum iðnaðarafurðum til útflutnings.
* Í öðru lagi væri um eða upp úr árinu 2005 tæknilega unnt að flytja út raforku um sæstreng.
* Í þriðja lagi mætti framleiða eldsneyti til innlendrar notkunar í stað innflutts eldsneytis eða til útflutnings. Ekki eru horfur á að það geti orðið hagkvæmt á næstu áratugum.

Eðlilega er hagkvæmni þessara kosta mjög komin undir þróun mála á alþjóðavettvangi. Þannig hefur til dæmis efnahagsframvinda í iðnríkjunum afgerandi áhrif á eftirspurn eftir orkufrekum afurðum og þar með á verð þeirra. Samkeppnisstaða innlendrar eldsneytisframleiðslu ræðst af heimsmarkaðsverði á olíu og sköttum sem kunna að verða lagðir á losun mengandi efna við brennslu eldsneytis. Raforkuverð í nágrannalöndunum og frelsi til viðskipta með raforku skiptir sköpum um hvort það kunni að verða hagkvæmt að flytja raforku um sæstreng til Bretlands eða meginlands Evrópu.

Kerfisbundin úttekt á öllum helstu möguleikum á virkjun vatnsaflsins hófst hjá embætti Raforkumálastjóra eftir seinni heimsstyrjöldina. Þessar athuganir sýna að helstu virkjunarmöguleikarnir eru í stóru jökulánum þar sem einungis er raunhæft að virkja í stórum áföngum af þeirri stærð sem myndi samhliða krefjast uppbyggingar orkufreks markaðar. Þessi staðreynd ásamt almennri ósk um að skjóta fleiri stoðum undir útflutningsatvinnuvegina mótaði meginstefnuna á þessu sviði á sjöunda áratugnum. Eftir miklar samanburðarathuganir á ýmsum kostum varð niðurstaðan sú að hagkvæmast væri að ráðast í virkjun Þjórsár við Búrfell. Samningaviðræður hófust í byrjun sjöunda áratugarins við erlend fyrirtæki um samstarf til að byggja upp orkufrekan iðnað á Íslandi. Niðurstaðan varð sú að um miðjan sjöunda áratuginn var ákveðið að ráðast í byggingu Búrfellsvirkjunar samhliða því að gengið var frá samningi við Alusuisse um byggingu 30.000 tonna álvers í Straumsvík (fyrsti áfangi). Í raforkusamningnum er kveðið á um lágmarkskaup fyrirtækisins á raforku óháð því hvort fyrirtækið notar orkuna; þetta

ákvæði samningsins skapaði mikilvægar fjárhagslegar forsendur við fjármögnun Búrfellsvirkjunar.

Ýmis konar framleiðsla getur talist orkufrek og ekki er til nein einhlít skilgreining á orkufrekum iðnaði eða starfsemi. Á Íslandi eru í rauninni aðeins þrjú fyrirtæki sem teljast vera stóriðja eða orkufrekur iðnaður í hefðbundnum skilningi en það eru Álverið í Straumsvík, Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga og Áburðarverksmiðjan í Gufunesi. Nokkrar aðrar verksmiðjur hér á landi byggja starfsemi sína á orkufrekum framleiðsluferlum, en teljast þó ekki vera stóriðja. Í þessum flokki eru helstar Kísiliðjan við Mývatn, Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki, Saltverksmiðjan á Reykjanesi og Sementsverksmiðjan á Akranesi.

Orkufrekur iðnaður

Á undanförnum árum og áratugum hafa margir og fjölbreyttir kostir í orkufrekum iðnaði verið kannaðir hér á landi. Auk ál- og kísiljárnframleiðslu má nefna

* önnur járnblendi en kísiljárn,
* kísilkarbíðframleiðslu,
* kísilmálmvinnslu,
* magnesíumvinnslu,
* natríumklóratvinnslu,
* súrálsbræðslu,
* títanhvítuframleiðslu,
* trjákvoðuframleiðslu,
* vetnisperoxíðframleiðslu og
* C-vítamínframleiðslu.

Athuganir á þessum kostum hafa náð misjafnlega langt, allt frá lauslegum útreikningum til fullkominnar verkhönnunar. Allir orkufrekir iðnferlar eiga það sameiginlegt að vera í senn orku- og fjármagnsfrekir og eftirspurn eftir afurðum þeirra ræðst að talsverðu leyti af efnahagsástandi í heiminum eins og raunar öðrum vörum.

Eins og áður hefur komið fram höfum við Íslendingar nokkra sérstöðu meðal iðnríkja hvað varðar möguleika til að auka orkuvinnslu með vatnsorku og jarðvarma. Beislun þessara orkulinda fylgir lítil sem engin mengun, a.m.k. borið saman við brennslu jarðefnaeldsneytis. Í samkeppni við önnur lönd um orkufrekan iðnað hefur því Ísland fyrst og fremst upp á ódýra orku að bjóða, sem hægt er að vinna án þess að því fylgi mikil mengun eða umhverfisröskun. Að sjálfsögðu skiptir rekstrarumhverfið einnig miklu máli. Þar vega þungt skattar og gjöld á fyrirtæki, samgöngur, einkum hafnaraðstæður, menntunarstig og verkkunnátta, pólitískur stöðugleiki, efnahagsástand og síðast en ekki síst frjáls aðgangur og lega að mörkuðum. Lítill heimamarkaður fyrir afurðir og tiltölulega hár flutningskostnaður vegna legu landsins hljóta að teljast ókostir. Líklegast er að iðnaður þar sem hlutfall orku í framleiðslukostnaði er hátt geti orðið arðbær á Íslandi. Áliðnaðurinn er eitt helsta dæmið um slíkan iðnað, en þar með er ekki sagt að útilokað sé að finna arðbæra kosti í öðrum greinum. Raunar er afar mikilvægt að fylgst sé vel með framvindu mála varðandi þá iðnferla sem getið var um hér að framan, því að ýmsir þeirra gætu gefið færi á minni iðjuverum sem fallið gætu vel að atvinnuuppbyggingu á Íslandi.

Eldsneytisframleiðsla

Innlend orka hefur þegar leyst af hólmi innflutta orku á þeim sviðum sem það hefur verið hagkvæmt á hverjum tíma, til dæmis við húshitun. Innflutt eldsneyti fer nú fyrst og fremst

til þess að knýja samgöngutæki landsmanna og fiskiskipaflotann. Einnig fer að jafnaði umtalsvert magn af olíu til fiskimjölsframleiðslu. Tæknilega er hægt að framleiða hér á landi fljótandi eldsneyti sem gæti komið í stað innfluttrar olíu. Fyrir um það bil áratug voru gerðar allítarlegar athuganir á nokkrum kostum í þessu sambandi. Þessir voru helstir:

* Hreinsun á þungri svartolíu með því að bæta við rafgreindu vetni
* Olíuframleiðsla úr kolum einnig með því að bæta við rafgreindu vetni
* Metanólframleiðsla úr kolsýrlingi frá Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og rafgreindu vetni
* Ammoníaksframleiðsla úr köfnunarefni og rafgreindu vetni
* Vetnisframleiðsla
* Hefðbundin olíuhreinsun

Metanól, ammoníak og vetni hefðu ekki getað, og geta raunar ekki enn, komið í stað innfluttrar olíu því að ekki eru á markaðinum vélar sem brenna þessu eldsneyti. En það voru þó aðallega hagkvæmnisástæður sem réðu því að ekki var ráðist í innlenda eldsneytisframleiðslu. Það var einfaldlega alltof dýrt.

Í október 1993 lauk ráðgjafarhópur iðnaðarráðuneytisins um nýtingu innlendra orkulinda til eldsneytisframleiðslu störfum. Meðal verkefna hópsins var að taka saman skýrslu um hagkvæmni þess að framleiða eldsneyti hér á landi og nýta raforku til að knýja samgöngutæki. Meginniðurstaða hópsins var sú sama og áður að innlend eldsneytisframleiðsla væri ekki samkeppnishæf við olíu.

Þessi mynd kann að breytast þar sem nú er mikil áhersla lögð á að leita leiða til að draga úr notkun eldsneytis vegna ótta við afleiðingar af auknu magni koldíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Hér er einkum um að ræða lofttegundir sem losna við brennslu olíu, kola og jarðgass. Auk hagkvæmari orkunýtingar hefur af þessum sökum meðal annars verið lögð rækt við hönnun véla sem knúnar eru með rafmagni og vetni. Þetta kann, þegar til lengri tíma er litið, að breyta forsendum um eldsneytisframleiðslu á Íslandi. Vélar sem brenna vetni eða nota raforku eiga enn langt í land til að verða samkeppnishæfar við vélar sem nota olíueldsneyti. Það er því ljóst að olíuverð þarf að margfaldast til frambúðar til þess að framleiðsla á innlendu eldsneyti verði hagkvæm.

Innlend eldsneytisframleiðsla hefði marga kosti fyrir þjóðarhag ef hún væri samkeppnishæf við olíu. Auk þeirrar atvinnu sem framleiðslunni yrði samfara, mætti draga úr losun svokallaðra gróðurhúsalofttegunda, auka afhendingaröryggi og minnka þjóðhagsleg áhrif verðsveiflna á olíu. Íslendingar þurfa því að fylgjast vel með á þessu sviði, hugsanlega í samstarfi við erlenda aðila.

Útflutningur raforku

Útflutningur raforku um sæstreng er einn þeirra kosta sem til álita geta komið við nýtingu orkulinda þjóðarinnar. Meðal tæknimanna hefur verið rætt um þennan möguleika í nokkra áratugi og nú virðist hann tækni- og fjárhagslega raunhæfari en áður í ljósi þróunar tækja og búnaðar til að flytja rafmagn um sæstrengi milli fjarlægra staða og yfir mikið hafdýpi.

Breytt viðhorf til umhverfismála og andstaða í mörgum ríkjum Evrópu við nýtingu kjarnorku getur stuðlað að því að rafmagn frá Íslandi, flutt út um sæstreng, verði samkeppnishæft við ný raforkuver í þessum ríkjum. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á að ekki má reikna með því að erlend fyrirtæki séu reiðubúin til að borga hærra verð fyrir

íslenska orku sem gæti komið í stað jarðefnaeldsneyta og hefði í för með sér minni skaða fyrir umhverfið. Þetta staðfesta þeir erlendu aðilar sem lýst hafa áhuga á að kanna þennan möguleika í samstarfi við íslenska stjórnvöld og Landsvirkjun.

Pólitíska umræðan um útflutning raforku um sæstreng er skammt á veg komin. Fyrrverandi iðnaðarráðherra lagði fram skýrslu um málið á Alþingi á 116. löggjafarþinginu (1993), en hún kom ekki til umræðu. Í skýrslunni er málinu lýst ítarlega og fjallað um fjölmarga þætti þess. Bent er nauðsyn þess að mótuð verði pólitísk stefna í málinu, sem njóti víðtæks stuðnings í landinu. Fjalla þarf sérstaklega um spurninguna hvort vilji landsmanna standi til að selja rafmagn úr landi um sæstreng. Ef svo er, með hvaða hætti það sé gert og hvaða virðisauki þurfi að verða eftir í landinu.

Ýmis ávinningur fyrir þjóðarhag gæti verið af útflutningi raforku um sæstreng. Þar skal fyrst telja vinnu við undirbúning, framkvæmdir og síðan rekstur virkjana. Ljóst er að hún yrði fyrst og fremst á framkvæmdatímanum því aðeins fáeina tugi manna myndi þurfa til að reka virkjanir og flutningskerfið hér á landi. Því þurfa gjöld af virkjunum - skattar og/eða leyfisgjöld - að tryggja þjóðarbúinu tekjur til að útflutningurinn skili þjóðarbúinu ásættanlegum arði og geti komið í stað samsvarandi nýtingar orkunnar til framleiðslu hér á landi. Tenging íslenska raforkukerfisins með sæstreng við orkukerfi annarra þjóða myndi auka öryggi í orkubúskap okkar og með slíkri tengingu mætti líklega bæta nýtingu raforkukerfisins og tímasetja nýjar virkjanir betur með tilliti til markaðar en nú er unnt.

Í iðnaðarráðuneytinu er verið að taka saman efni til að auðvelda pólitíska umræðu um kosti og galla útflutnings raforku um sæstreng.

Samanburður

Umtalsverður munur er á sölu á orku til framleiðslu orkufrekra afurða til útflutnings og til framleiðslu eldsneytis annars vegar og til útflutnings um sæstreng hins vegar. Sem dæmi má nefna að lítil atvinna yrði samfara útflutningi raforku um sæstreng, en með honum mætti hugsanlega vega á móti þeim sveiflum sem tenging orkuverðs við afurðarverð, t.d. álverð eða verð á eldsneyti hefur í för með sér. Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að bera þessa kosti saman, enda eru ekki forsendur til slíks.

Ekki er ástæða til að líta svo á að mismunandi kostir sem til greina geta komið til að hagnýta orkulindirnar útiloki hver annan. Bæði er að hlutfallslega lítill hluti orkulinda þjóðarinnar hefur verið virkjaður og að reynslan hefur sýnt að ekki er auðvelt að afla markaðar fyrir orkuna. Útflutningur raforku þyrfti þess vegna ekki að rekast á við áform um að virkja fyrir stóriðju, eldsneytisframleiðslu eða annan orkufrekan markað hér á landi.

Ákvörðun um að virkja fyrir orkufrekan markað eða til útflutnings felur yfirleitt í sér að viðkomandi virkjun eða virkjanir verða bundnar þeim markaði í ákveðinn tíma. Þegar sá tími er liðinn má nýta þær til annarra kosta sem þá kunna að bjóðast. Ljóst er að nokkur samkeppni hlýtur alltaf að verða um ódýrustu virkjanakostina. Í því sambandi er þó rétt að benda á að þær virkjanir sem henta best til að mæta aukningu almennrar raforkunotkunar eru aðrar en vegna orkufreks markaðar hér á landi sem aftur eru oft aðrar en þær sem eru hagkvæmastar vegna beins útflutnings raforku.

Fylgiskjal 1.

ORKUSTOFNUN Apríl 1994

NÝTANLEG VATNSORKA Á ÍSLANDI

Í eftirfarandi skrá og lýsingum á nýtanlegri vatnsorku hafa allir rennslisorkustaðir, sem mynd 3.1 sýnir verið yfirfarnir, eftir því sem gögn leyfa. Jafnframt hefur líkleg lega mannvirkja, komi til virkjunar, verið færð inn á gerfitunglamynd af viðkomandi virkjunarsvæði. Við skilgreiningu á rennslisorkustöðum hefur verið gengið út frá því, að hugsanlegar virkjanir yrðu a.m.k. nægilega stórar til að geta annað vexti hins almenna markaðar í eitt ár. Landshlutaorkufyrirtæki og rafveitur í eigu sveitarfélaga kynnu að hafa áhuga á enn minni kostum standist þeir samanburð. Slíka kosti má e.t.v. finna þegar og ef tilefni gefst til. Áformað er að gera þessu efni betri skil í skýrslu frá Orkustofnun síðar á árinu, og jafnframt þeim heimildum sem stuðst er við.

Í þessu yfirliti er eingöngu lagt mat á það hvort viðkomandi rennslisorkustaður er virkjanlegur, og hversu mikla orku megi vinna þar. Almennt er ekkert mat lagt á það hvort virkjun kunni að vera hafnað eða tilhögun breytt vegna umhverfisröskunar. Eina undantekningin varðar virkjun Efri Hvítár í Árnessýslu, en þar er annars vegar getið eldri áætlana um hagkvæmustu virkjunarleið án tillits til umhverfisþátta, og hins vegar bent á leið, sem gæti verið ásættanleg frá sjónarhóli beggja sjónarmiða. Í yfirlitinu er getið um það hvort á líklegu virkjunarsvæði sé eitthvað í verndarskrám Náttúruverndarráðs (NVR), sem kynni að hafa áhrif á virkjun. Þessar skrár eru Náttúruminjaskrá, með skrá um friðlýsingar og náttúruminjar, og skrár um fossa og vatnasvæði. Þá er einnig stuðst við skrá Fornleifanefndar og Þjóðminjasafns um friðlýstar fornleifar.

Rannsókna- og þekkingarstigin eru flokkuð í fernt; Rennslisorku-, forathugunar-, frumhönnunar- og verkhönnunarstig. Á rennslisorkustigi hafa engar eða mjög takmarkaðar áætlanir verið gerðar til þessa, og má því líta svo á að þetta yfirlit sé fyrsta lauslega forathugun virkjunarleiða á því stigi, byggð á almennum gögnum fyrst og fremst. Varast ber að taka útfærslu virkjana á fyrri stigum undirbúnings of hátíðlega. Forathugunarstig lýsir hærra þekkingarstigi og verkfræðilegri úrvinnslu, en frum- og verkhönnunarstig eru áfangar í undirbúningi fyrir byggingu virkjunar.

Á nokkrum rennslisorkustöðum, einkum þar sem dragár eiga í hlut, virtist ekki vera um neina ódýra möguleika á miðlun að ræða. Þar er ekki talin vera nýtanleg vatnsorka. Meðal slíkra má nefna Víðidalsá, ár í Eyjafirði og Fnjóská.

Til fróðleiks er getið virkjana í rekstri á viðkomandi eða nálægum svæðum; hvenær þær eru teknar í notkun, ástimplað afl og framleiðsla. Getið er mestrar ársframleiðslu áranna 1991-'93.

Í meðfylgjandi töflu eru taldir allir virkjunarmöguleikar, sem eru í yfirlitinu, í sömu röð og þeir eru þar. Taflan er því jafnframt efnisyfirlit.

Í töflunni er ekki gerður greinarmunur á því á hvaða undirbúningsstigi viðkomandi virkjun er. Það má hins vegar greina á því, að einungis er getið um afl virkjunar þar sem til eru verkfræðiáætlanir um virkjun. Í slíkum áætlunum hefur verið tekin afstaða til þess hve mikið af rennslisorku viðkomandi vatnsfalla er nýtanlegt, þannig að áætluð orkugeta þeirra er metin með hliðsjón af aðstæðum til miðlunar vatns og þess hve mikið fall er raunhæft að virkja. Í öðrum tilvikum eru áætlanir mjög lauslegar, og mat á miðlunarmöguleikum og virkjanlegu falli því fremur ónákvæmt. Áætluð orkugeta þar er því talin vera 90% af þeirri rennslisorku sem viðkomandi virkjunarmöguleika er gefið í yfirliti um einstök vatnasvæði.

Hagkvæmniflokkar eru þannig ákvarðaðir, að nokkrar virkjanir sem skera sig úr hvað varðar hagkvæmni eru settar í flokk I. Í flokki II eru virkjanir sem eru áætlaðar allt að 5 kr dýrari á framleidda kWh/ári, í flokki III er enn öðrum 5 kr bætt við, og í fjórða flokki eru enn dýrari virkjanir. Yfirleitt er hagkvæmni virkjana á rennslisorkustigi talin óþekkt, en í einstaka tilfelli er þó lagt mat á hvar þær muni lenda í hagkvæmniflokk, en það fer eftir gæðum þeirra gagna sem lögð voru til grundvallar útfærslu. Mestar líkur eru á að virkjanir með óþekkta hagkvæmni muni raða sér á seinni hagkvæmniflokkana.

Nýtanlegri orku skipt í hagkvæmniflokka

Hagkvæmniflokkur	Orkugeta (GWh/ári)
I	13000
II	9000
II-III	5200
III	2500
IV og óþekkt	7300
Alls:	37000
Virkjað 1993	4900

Þessi úttekt gefur til kynna að nýtanleg vatnsorka, enn ónýtt, sé um 37.000 GWh/ári, og að viðbættu því sem nú þegar er virkjað, um 42.000 GWh/ári.

Nýtanleg vatnsorka á Íslandi

Vatnsfall/ virkj.svæði	Virkjun / virkjunarstaður	Vatnasvið km²	Virkjað vatnasvið	Meðalrennsli m³/s	Stærð lóna km²	Fallhæð m	Afl MW	Ársnýtanleg orkugeta	Hagkvæmnisflokkur
Grímsá	Reyðarvatn	150	150	7	10	140		70	óþekktur
Hvítá, Borg.	Norðurreykir	1560		85	4	23		130	II
	Kljáfoss	1640	1640	87	5	25	23	140	II
	Strútur	590		20	0	110		150	óþekktur
	Norðlingafljót	460		10	3	170		120	óþekktur
	Kalmannstunga	1300		40	1	120		330	óþekktur
Vesturland			**1790**		**23**			**940**	
Gláma	Hestfjörður	220	220	18	10	458	73	450	III
Ófeigsfj.heiði	Hvalá	600	600	44	31	348		1200	II
Vestfirðir			**820**		**41**			**1650**	
Vatnsdalsá	Forsæludalur	500	500	12	23	370		310	óþekktur
Blönduvirkjun	St. Blöndulóns							150	I
	Veita V-Jök. Skag.	120	120	6		278		100	II
	Blönduveita, efri			44		28		80	III
	Blönduveita, neðri			44		14		40	III
Blanda	Blöndudalur	1700		45	1	35		110	óþekktur
	Blönduós	2400	2400	65	4	50		240	óþekktur
A-Jökulsá, Skag.	Stafnsvötn	840		26	39	398	140		II
	Merkigil	1200		34	31	550	200	1200	II
Héraðsvötn	Villinganes, stækkun	2400	2400	70	2	130		570	II
Skjálfandafljót	Fljótshnúkur	450		22	46	200		300	óþekktur
	Íshólsvatn	2520		62	42	135	100	600	II
	v/Kálfborgará	3280		82	1	20		110	óþekktur
	Goðafoss	3300		83	1	45		250	óþekktur
	Virkjun í Kinn	3500	3500	86	5	75		440	óþekktur
Norðurland			**8920**		**195**			**4500**	
Norðausturland	Hafralónsá, e.	200		9	15	200		120	óþekktur
	Hafralónsá, n.	930	930	40	24	240		660	óþekktur
	Hofsá	650	650	24		360		590	óþekktur
Austurlandsvirkjun	Jökulsá á Fjöllum	4330	3480	120	94	523	635	4200	I
N-Austurland			**5060**		**133**			**5570**	
Austurlandsvirkjun	Jökulsá á Brú	1760		105	32	575	600	4000	I
Jökulsá í Fljótsdal	Fljótsdalsvirkjun	480		31	47	539	200		II
	Hraunavirkjun	500		44	37	570	290		II
	FDV-Hraunav.	980		70	81	570	470	3170	I
Austfirðir	Fjarðará, Seyðisf.	45	45	3	4	532	20	120	IV
	Lagarfoss II	7850	4370	250		17		250	II
Austurland			**4415**		**201**			**7540**	
Núpsvötn	Björninn	400	400	40	15	450		1230	óþekktur
¤	Hverfisfljót	400	400	35	39	500		1190	óþekktur
Kúðafljót	Langisjór	560		45	31	72		220	II
	Skaftá	660		50	60	235		810	II-III
	Hólmsá	150		15	1	175		180	III
	Skaftá/Tungufljót	1250	1250	100	16	265		1780	II-III
Markarfljót	Sátuvirkjun	160		12	13	93		80	II-III
	Markarfljót	530	530	38	20	240		600	II-III
Rangár	E-Rangá	470	470	24	1	100		140	óþekktur
	Y-Rangá	890	890	50	17	70		240	óþekktur
Þjórsá, efri	Sigalda/Hrauneyjar	1170		72	109	160		900	I
	S-Hágöngur	400		17	29	140		140	III
	Vatnsfellsvirkjun	3600		126		88	150	900	II
Tungnaárvirkjanir	Búðarhálsvirkjun	5400		200	6	55	130	730	II
	Bjallavirkjun	1380		76	60	55	70	430	III
Þjórsá, miðhluti	Sultartangavirkjun	6320		304	20	49	150	900	II
	Búrfell II	6400		310	1	119	100	600	I
Þjórsá, neðri	Núpsvirkjun	6900		320	4	28	94	580	II
	Búðavirkjun	7000		320	13	25	122	780	III
	Urriðafossvirkjun	7200	7200	330	9	44	157	980	II
Hvítá, efri	Bláfellsvirkjun	1630		80	30	165	140	840	II-III
	Hvítárvirkjun	2200		100	5	55		380	II-III
	Gullfossvirkjun	2200		100	5	90		600	II-III
	Jökulfall	320		24	24	263	67	430	III
	Hagavatn, Farið	350		15	27	120		100	óþekktur
Stóra Laxá	Efra þrep	265		12	6	235		110	óþekktur
	Neðra þrep	420		19	5	100		120	óþekktur
Hvítá, neðri	Haukholt	2050		130	3	40	55	350	II
Tungufljót	Faxi	250		30	11	45		90	óþekktur
	Hestvatn	4360	4360	280	8	17	50	300	IV
Brúará	Efstidalur	250		30	0	76	15	130	II-III
Suðurland			**15500**		**588**			**16860**	
Samtals:			**36505**		**1181**			**37060**	

Virkjun Grímsár úr Reyðarvatni

Reyðarvatn (325 m y.s.) yrði stíflað við útfall og vatnsborð þess hækkað um u.þ.b. 5 m. Möguleiki er á veitu úr Lambá. Virkjun er hugsuð með göngum gegnum Þverfell að stöðvarhúsi suðvestan undir rótum fellsins og frárennsli til Tunguár.

Helstu einkennisstærðir

Vatnasvið virkjunar	150	km^2
Meðalrennsli	7	m^3/s
Ársrennsli	220	Gl
Stærð lóns	10	km^2
Miðlun	100	Gl
Yfirvatnshæð	330	m
Undirvatnshæð	190	m
Rennslisorka	75	GWh/ári

Rannsóknastaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Óþekkt.

Rennsli hefur verið mælt í útfalli vatnsins síðan 1965 (vhm. 65). Nákvæm staðfræðikort vantar, og engar rannsóknir hafa farið fram vegna þessa virkjunarkosts.

Reyðarvatn er í B flokki í vatnaskrá NVR, eins og flest stærri vötn landsins. Grímsá er með betri laxveiðiám á landinu, en virkjun hefði aðeins áhrif á ána ofan ármóta við Tunguá, og í Tunguá kæmi frárennslisvatnið út í ána fyrir ofan þann hluta árinnar sem er laxgeng. Ástæða er til að ætla að þessi tilhögun virkjunar muni stækka uppeldis- og veiðisvæði ánna, því að efri hluti Grímsár gagnast lítið vegna fallsins sem þar er í ánni, og Tunguá skortir vatn. Bleikjuveiði er talsverð í Reyðarvatni, og ekki er líklegt að hún yrði fyrir miklum áhrifum af virkjun. Leifar eftir búsetu eru við austanvert vatnið.

Andakílsárvirkjun var tekin í notkun 1947 (3,5 MW), stækkuð 1973 upp í 7,9 MW, og skilaði 42 GWh árið 1993. Rjúkandivirkjun við Ólafsvík (0,8 MW) var tekin í notkun 1954, og skilað tæpum 8 GWh árið 1992.

Til eru gamlar áætlanir um virkjun Botnsár í Hvalfirði úr Hvalvatni, bæði sem toppstöð og venjuleg virkjun fyrir almenna markað. Hún er minni en svo að vera talin áhugaverð, auk þess sem umhverfisaðstæður mæla gegn henni, en í Botnsá er hæsti foss landsins (Glymur) og svæðið vinsælt útivistarsvæði.


dakílsárvirkjun
Hvítá
Flókadalsá
Grímsá
Skorradalsvatn
Tunguá
Lambá
Þverfell
Ok
VESTURLAND
Grímsárvirkjun
Áætluð lón/Lón í rekstri
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/Pípur
1 cm = 2.0 km

Virkjun Hvítár við Hvítársíðu

Hvítá yrði virkjuð í tveimur rösklega 20 m þrepum. Sú efri yrði frá stíflu móts við rætur Fremri Sámsstaðahöfða með virkjun skammt frá Norðurreykjum, en sú neðri yrði einhver tilhögun Kljáfossvirkjunar. Þar yrði líklega valið milli stíflu neðan við Kljáfoss með stuttum skurði að virkjun, eða efnisminni stíflu ofan við flúðirnar og lengra skurði að virkjun nærri Brúarreykjum (síðartalin tilhögun sýnd á meðfylgjandi uppdrætti). Vegna rennsliseinkenna í Hvítá er lítil þörf á miðlun.

Helstu einkennisstærðir

	Virkjun við Norðurreyki		Virkjun við Brúarreyki	
Vatnasvið virkjunar	1560	km^2	1640	km^2
Meðalrennsli	85	m^3/s	87	m^3/s
Stærð lóns	4	km^2	5	km^2
Miðlun	0		0	
Yfirvatnshæð	65	m	42	m
Undirvatnshæð	42	m	17	m
Afl	20	MW	23	MW
Orkugeta	130	GWh/ári	140	GWh/ári

Rannsóknastaða: Rennslisorku-/Forathugunarstig.
Hagkvæmni: Hagkvæmniflokkur II (Samkvæmt áætlun frá 1986, yrði virkjun við Brúarreyki (Kljáfossvirkjun) hagkvæm sem smávirkjun, þ.e. inn á markað með hæga aukningu í orkuþörf, og ástæða til að ætla að efri virkjunin sé ekki síðri).

Nákvæm staðfræðikort vantar af efra virkjunarsvæðinu, og umhverfis- og jarðfræðiathuganir þarf til að hægt sé að ljúka forathugun virkjunar.

Andakílsárvirkjun s/f hefur leyfi til að reisa og reka vatnsaflsstöð við Kljáfoss í Hvítá, með allt að 13,5 MW afli (Stjórnartíðindi A, nr. 26/1977). Rennslisröðin fyrir Hvítá við Kljáfoss (vhm. 66) nær yfir 40 ár og er ein sú lengsta í á hérlendis. Engar umhverfisrannsóknir hafa farið fram, en vegna þess að ekki er þörf á miðlun, yrði reynt að halda stærð inntakslóna sem minnstum. Lón við 42 m yfirfallshæð og stíflu neðan við Kljáfoss mun kaffæra um 2 km^2 gróðurlendis skv. lauslegri áætlun, þar á meðal nokkuð af ræktuðu landi. Minna gróðurlendi færi til spillis í efri virkjuninni. Efri mörk yfirfallshæðar efra lónsins myndu taka mið af því að skerða í engu Barnafossa.

Laxveiði er talsverð í Hvítá, og áin laxgeng u.þ.b. 25 km upp fyrir virkjunarstað. Kljáfoss er ekki á verndarskrám Náttúruverndarráðs.


Þverá
Brúarreykir
Kjáfoss
Hvítá
Flókadalsá
VESTURLAND
Virkjun Hvítár við Hvítársíðu
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 2 km

Virkjun Hvítár ofan Barnafossa

Virkjun í Hvítá við Strút

Um það bil 5 km ofan við Kalmanstungu mætti stífla ána upp í um 300 m y.s. og virkja með göngum í Strúti að inntakslóninu við Kalmanstungu.

Virkjun í Norðlingafljóti

Svo virðist sem mögulegt sé að veita úr Norðlingafljóti frá litlu inntakslóni upp í um 400 m y.s. við Núpdælavað, um Fiskivatnsflóa að litlu inntakslóni sunnan undir Axlarþúfu. Virkjað yrði niður að veitulóni í Norðlingafljóti við Kalmanstungu.

Virkjun við Kalmanstungu

Hvítá yrði stífluð skammt neðan við Kalmanstungu, með yfirfallshæð í 210 m y.s. Þangað yrði veitt frá Norðlingafljóti (215 m y.s.) um stutt jarðgöng, og í skurði frá litlu uppistöðulóni við ármót Svartár og Geitár. Frá litlu uppistöðulóni í Hvíta yrði vatni veitt í göngum gegnum endilanga Tungu að virkjun suðvestan undir Tungu með frárennsli til Hvítár. Óvíst um möguleika til miðlunar eða miðlunarþörf.

Helstu einkennisstærðir

	Virkjun við Strút		Virkjun í Norðlingaf.		Virkjun við Kalmanstungu	
Vatnasvið virkjunar	590	km^2	480	km^2	1300	km^2
Meðalrennsli	20	m^3/s	10	m^3/s	40	m^3/s
Ársrennsli	630	Gl	320	Gl	1260	Gl
Stærð lóna			3	km^2	1	km^2
Miðlun			*		10*	km^2
Yfirvatnshæð	300	m	385	m	210	m
Undirvatnshæð	210	m	215	m	90	m
Rennslisorka	170	GWh/ári	130	GWh/ári	360	GWh/ári

* Miðlunarmöguleika er erfitt að meta fyrr en betri kort liggja fyrir.

Rannsóknastaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Óþekkt.

Rennsli hefur verið mælt við Kljáfoss í 40 ár, en þörf er á að reka nokkra viðbótarmæla í nokkur ár á svæðinu til samanburðar. Á langtímaáætlun er að setja mæli í Norðlingafljót. Nákvæm staðfræðikort vantar áður en hægt er að kanna þessa möguleika nánar, og engar aðrar rannsóknir hafa farið fram vegna þessara virkjunarkosta.

Vatnasvið Geitár (Geitland) er friðlýst (Stj.tíðindi B. nr. 283/1988). Virkjanamannvirki yrðu sunnan við mörk þess svæðis á Arnarvatnsheið sem er á Náttúruminjaskrá. Einhver silungsveiði er í Norðlingafljóti.


Arnarvatnsheiði
Hólmavatn
Axlar-
þúfa
Norðlingafljót
Hallmundarhraun
Strútur
Tunga
Kalmannstunga
Svartá
Hvítá
Barnafossar
Geitá
Ok
Langjökull
© OS/LMÍ
VESTURLAND
Virkjun Hvítár ofan Barnafossa
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 2 km

Glámuvirkjun

Með safngöngum er ætlunin að ná sem mestu af afrennsli Glámuhálendis, öðru en því sem Mjólkárvirkjun nýtir, til einnar virkjunar. Veitan byrjar í Stóra Eyjarvatni, sem jafnframt er ein helsta miðlun hennar. Þaðan er vatni veitt yfir á vatnasvið Vatnsdalsár, með skurði að Hólmavatni og þaðan í samfelldum göngum norður á Hestfjarðarheiði að virkjun í Hestfirði. Nokkur vötn yrðu stífluð upp til miðlunar.

Helstu einkennisstærðir:

Vatnasvið virkjunar	220	km^2
Meðalrennsli	18	m^3/s
Miðlunarlón	10	km^2
Miðlun	78	Gl
Yfirvatnshæð	460	m
Undirvatnshæð	2	m
Afl	73	MW
Orkugeta	450	GWh/ári

Rannsóknastaða: Forathugunarstig.
Hagkvæmni: Hagkvæmniflokkur III.

Styrkja þarf vatnshæðarmælakerfið, einkum Djúpmegin við Glámu. Staðfræðikort eru til. Yfirborðsjarðfræði, einkum laus jarðlög hafa lítillega verið könnuð hér og þar á svæðinu, en jarðlagastaflinn á gangaleiðum er ókannaður, og engar sérstakar umhverfisrannsóknir hafa farið fram.

Glámuvirkjun kæmi í stað þriggja smávirkjana, Vatnsfjarðar-, Skötufjarðar- og Skúfnavatnavirkjunar, sem áður hafa verið gerðar áætlanir um. Af þeim er Vatnsfjarðarvirkjun sú eina sem gæti keppt við Glámuvirkjun um hagkvæmni, en virkjun hennar sér gerði Glámuvirkjun mun óhagkvæmari, auk þess sem heildarorkuvinnsla yrði minni. Meiri áhrif yrðu á umhverfi í Vatnsfirði með virkjun þar, heldur en af veitu efst af vatnasviðinu til Glámuvirkjunar.

Vatnasvið Vatnsdalsár er hluti af friðlandi í Vatnsfirði (Stjórnartíðindi B, nr. 96/1975). Dynjandisfoss (Fjallfoss) er náttúruvætti (Stjórnartíðindi B, nr. 348/1986), en þó er leyfi fyrir veitu úr Stóra Eyjavatni. Rúmlega fjórðungi af meðalrennsli Dynjandisár og um helmingi af Vatnsdalsá yrði veitt til virkjunarinnar.

Fyrir á þessu svæði er Mjólkárvirkjun, sem tekin var í notkun 1958 (2,4 MW), og stækkuð 1975 í 8,1 MW. Hún skilaði um 60 GWh árið 1992. Virkjun í Fossa- og Nónhornsvatni í Skutulsfirði (1,2 MW) var tekin í notkun 1937 og stækkuð 1946. Hún skilaði 6,3 GWh árið 1992. Virkjanir í Blævadalsá og við Sængurfoss voru teknar í notkun 1975-'76 (alls 0.9 MW), og skiluðu 2,1 GWh árið 1991.


Hestfjörður
Skötufjörður
Sjónfríð
G l á m a
Arnar-
fjörður
Mýfluguvatn
Miðdalsvatn
Stóra Eyjavatn
Hólmavatn
Kjálkavatn
VESTFIRÐIR
Glámuvirkjun
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 2 km

Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði

Grunnur virkjunar er vatnasvið Hvalár og Rjúkanda, um 180 km^2. Þeim yrði veitt til miðlunar í Vatnalautarvatni, með um 350 m yfirfallshæð. Þar yrði helsta miðlun virkjunarinnar (um 90 Gl). Að vestan af yrði veitt úr ám á Langadalsströnd í Djúpi um miðlun í Skúfnavötnum og þaðan áfram austur á vatnasvið Hvalár. Ennfremur af vatnasviði Vondadalsvatns, sem nær að sunnanverðum Drangajökli. Að austan yrði veitt af afrennslissvæði Selár (í Steingrímsfirði) inn á vatnasvið Rjúkanda. Inntakslón virkjunar er áformað í Hvalá í um 305 m y.s., og þangað yrði veitt að norðan allt frá Bjarnarfirði nyrðri, þar á meðal afrennsli suðaustanverðs Drangajökuls. Miðlun í veitunum fæst með smástíflum í stærri vötnum á veituleiðunum. Samkvæmt lauslegri áætlun yrðu veitugöng um 30 km, veituskurðir álíka, 22 smástíflur og 3 stórar. Virkjanagöng yrðu um 5 km. Helsti kostur þessarar virkjunarleiðar er að auðvelt er að áfangaskipta virkjun.

Helstu einkennisstærðir:

Vatnasvið virkjunar	600	km^2
Meðalrennsli	50	m^3/s
Ársrennsli	1600	Gl
Stærð lóna	31	km^2
Miðlun	200	Gl
Yfirvatnshæð	350	m
Undirvatnshæð	4	m
Rennslisorka	1300	GWh/ári

Rannsóknastaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Líklega í hagkvæmniflokki II.

Rennsli hefur verið mælt um langt skeið í Hvalá í Ófeigsfirði (vhm. 198) og Þverá á Langadalsströnd í Djúpi (vhm. 38), en ástæða þykir til að mæla tímabundið stærra vatnsfall á þessum slóðum til samanburðar, og sömuleiðis austan vatnaskila. Staðfræðikort eru til af meirihluta svæðisins, en aðrar rannsóknir hafa ekki farið fram.

Sinn hvor fossinn í Hvalá og Rjúkandi eru í Fossaskrá NVR.

Á þessu svæði er Þverárvirkjun í Steingrímsfirði, sem tekin var í notkun 1953 og stækkuð 1964 (1,7 MW), og skilaði 6,2 GWh árið 1993.



VESTFIRÐIR

Ófeigsfjarðarvirkjun

Áætluð lón/Lón í rekstri
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur

1 cm = 3 km

Virkjun Vatnsdalsár

Vatnsdalsá yrði stífluð sunnan undir Bótarfelli. Miðlunarlónið næði austur undir Kolkuhól og eina 5 km inn með Miðkvísl. Vatninu yrði veitt um tæplega 8 km göng sunnan Forsæludals að Sísvatnsási og þaðan í göngum og pípu að virkjun gengt bænum Forsæludal. Til virkjunar yrði veitt úr Álftaskálará og Bríkárkvísl um Vestara Gilsvatn að inntaki í göngin frá Sísvatni.

Helstu einkennisstærðir:

Vatnasvið virkjunar	500	km^2
Meðalrennsli	12	m^3/s
Ársrennsli	380	Gl
Stærð lóna	23	km^2
Miðlun	150	Gl
Yfirvatnshæð	430	m
Undirvatnshæð	60	m
Rennslisorka	340	GWh/ári

Rannsóknastaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Óþekkt.

Rennsli hefur verið mælt við Forsæludal í um 40 ár (vhm. 45). Staðfræðikort í mælikvarða 1:20.000 er til af öllu virkjunarsvæðinu, en að öðru leyti hefur svæðið lítið verið kannað.

Vatn yrði skert á fossum í Vatnsdalsá sem eru á Náttúruminjaskrá, en að öðru leyti er ekkert á skrám NVR. Vatnsdalsá er ein af betri laxveiðiám landsins, en virkjun yrði ofan við hinn laxgenga hluta árinnar. Engin ástæða er til að ætla að laxveiði muni minnka í ánni, vegna þess að rennsli jafnast og lífrænt rek mun aukast til muna.

Rennslisorkustaður er einnig í Víðidalsá, þar sem hún fellur af heiðinni, en í ánni hafa ekki fundist miðlunarmöguleikar, og því ekki talið geta verið um hagkvæma virkjunarmöguleika að ræða.


Gilsvatn
Blanda
Austara Friðmundarvatn
Friðmundará
Vestara Friðmundarvatn
Sísvatnsás
Vatnsdalsá
Bótarfell
Vestara Gilsvatn
Grímstunguheið
Svínavatn
Brikarkvísl
Strangakvísl
Miðkvísl
NORÐ-VESTURLAND
Vatnsdalsárvirkjun
Áætluð lón/Lón í rekstri
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 1.5 km

Virkjanir tengdar Blönduvirkjun

Miðlunarlón Blönduvirkjunar á eftir að stækka, en við það bætir Blönduvirkjun við sig 150 GWh/ári.

Veita úr Vestari Jökulsá í Skagafirði

Gert er ráð fyrir að veita úr ánni (Austur- og Vesturkvísl) í um 750-760 m y.s. vestur í efstu drög Haugakvíslar, en þaðan rennur vatnið til Blöndulóns. Á veituleið skiptast á smálón, stuttir skurðir og sjálfrennsli. Ekki þarf að stækka Blöndulón, og hagkvæmnin byggist á betri nýtingu fjárfestinga í Blönduvirkjun.

Virkjun í Blönduveitu

Frá Þrístiklulóni að A-Friðmundarvatni í Blönduveitu er um 28 m fall, sem mætti virkja, og e.t.v. gildir hiða sama um fallið frá A-Friðmundarvatni að Gilsvatni, sem er um 14 m. Virkjað vatn er hið sama og til Blönduvirkjunar með viðbót frá Vestari Jökulsá í Skagafirði.

Helstu einkennisstærðir

	Veita Vestari Jökulsár í Skag.		Blönduveita efri		Blönduveita neðri	
Vatnasvið virkjunar	120	km^2	1500	km^2	1500	km^2
Meðalrennsli	6	m^3/s	44	m^3/s	44	m^3/s
Stærð lóna	4	km^2	*		*	
Miðlun	*		*		*	
Yfirvatnshæð	400	m	463	m	435	m
Undirvatnshæð	122	m	435	m	421	m
Afl	**		12	MW	6	MW
Orkugeta	100	GWh/ári	80	GWh/ári	40	GWh/ári

* Nýta sömu miðlun og Blönduvirkjun, 420 Gl eftir stækkun Blöndulóns.
** Ekki þarf að bæta við afli í Blönduvirkjun.

Rannsóknastaða: Forathugunar-/verkhönnunarstig.
Hagkvæmni: Stækkun Blöndulóns er í hagkvæmniflokki I, Veita Vestari Jökulsár í hagkvæmniflokki II og virkjanir í Blönduveitu í hagkvæmniflokki III.

Vatnshæðarmælir (232) er í Vestari Jökulsá skammt neðan við veitustað. Staðfræðikort eru til, en veituleiðin hefur lítið verið könnuð. Ekki er vitað um nein umhverfisgildi á svæðinu. Öllum grunnrannsóknum vegna virkjana í Blönduveitu er lokið.

Á þessu svæði er Blönduvirkjun, sem tekin var í notkun 1991-'92 (150 MW). Hún skilaði um 530 GWh 1993.


Héraðsvötn
Blanda
Blönduvirkjun
Villinganesvirkjun
Mælifellshnúkur
Gilsvatn
Reykjafjall
Austara Friðmundarvatn
Eyvindarstaðaheiði
Þrístiklulón
Blöndu lón
Haugakvísl
Vestari Jökulsá
Guðlaugs-tungur
NORÐ-VESTURLAND
Blönduvirkjun og veitur
Áætluð lón/Lón í rekstri
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 3 km

Virkjun Blöndu neðan Blönduvirkjunar

Blanda við Blönduós

Blanda yrði stíflað nærri mynni Langadals og næði lónið u.þ.b. 1,5 km inn fyrir Holtastaði. Það mun líklega vatna rétt upp fyrir malarhjallana yst á dalnum, og upp undir þjóðveg við Geitaskarð og Holtastaði. Ræktað land er að mestu leyti hærra í landinu. Vatni yrði veitt í skurði og/eða göngum að virkjun, t.d. austan við Hrútey eða neðan undir malarhjöllunum sunnan Blönduóss. Miðlun yrði hin sama og fyrir Blönduvirkjun, en Svartá líklega að mestu ómiðluð.

Blanda í Blöndudal

Blanda yrði stíflað u.þ.b. miðja vegu milli Blöndudalshóla og Höllustaða. Vatnshæð er miðuð við undirvatnshæð Blönduvirkjunar. Lónið mun ná inn á ræktað land við Höllustaði, en óverulega annarsstaðar. Stöðvarhús yrði neðan stíflunnar, og frárennslisskurður næði niður undir brú við Syðri Löngumýri.

Helstu einkennisstærðir

	Virkjun við Blönduós		Virkjun í Blöndudal	
Vatnasvið virkjunar	2400	km^2	1700	km^2
Meðalrennsli	65	m^3/s	45	m^3/s
Ársrennsli	2200	Gl	1420	Gl
Stærð lóna	4	km^2	1	km^2
Miðlun	420*	Gl	420*	Gl
Yfirvatnshæð	50	m	121	m
Undirvatnshæð	1	m	86	m
Rennslisorka	260	GWh/ári	120	GWh/ári

* Miðlun sú sama og í Blönduvirkjun

Rannsóknastaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Óþekkt.

Virkjunin notar nánast sama vatn og Blönduvirkjun, að viðbættri veitu úr Vestari Jökulsá, og er það vel þekkt (vhm 54 og 232), og vhm. (227) hefur verið rekinn við Blönduós í nokkur ár. Nákvæm staðfræðikort, sem duga til hönnunar, eru til af efra svæðinu en vantar í neðra. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á lausum jarðefnum. Ítarlegar rannsóknir hafa verið gerðar á fiskistofnum Blöndu vegna Blönduvirkjunar. Að öðru leyti eru virkjunarstaðirnir að mestu órannsakaðir.

Hrútey er friðlýst útivistarsvæði (Stjórnartíðindi B, nr. 521/1975). Laxveiði er mikil í Blöndu og Svartá, og þarf væntanlega að gera ráð fyrir fiskvegi a.m.k. við neðri virkjunina.

Á þessu svæði er Laxárvatnsvirkjun (0,5 MW), sem tekin var í notkun 1953, og skilaði 3 GWh árið 1991.



NORÐ-VESTURLAND

Blönduvirkjanir-Neðri

Áætluð lón/Lón í rekstri
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur

1 cm = 1.5 km

Virkjun Austari Jökulsár í Skagafirði

Tveir kostir til að virkja fall árinnar ofan af Hofsafrétt niður á láglendi eru til athugunar. Sameiginlegt báðum er miðlun við Austurbug, ásamt veitum frá Geldingsá að austan, og Fossá upp við jökul að vestan.

Stafnsvatnavirkjun

Virkjunin byggist á veitu um Reyðarvatn með göngum, skurði og smálónum til Stafnsvatna, en þar yrði inntakslón. Úr því með skurði og göngum að stöðvarhúsi 2 km utan við Þorljótsstaði í Vesturdal.

Merkigilsvirkjun

Til virkjunarinnar yrði vatn tekið í göngum í um 700 m y.s. í Nýjabæjarfjalli, með lækjarinntökum í helstu þverám, að virkjun sem yrði staðsett við Merkigil. Undirvatnshæð hennar tekur mið af yfirfallshæð í inntakslóni Villinganesvirkjunar.

Helstu einkennisstærðir

	Stafnsvatna-virkjun		Merkigils-virkjun	
Vatnasvið virkjunar	840	km^2	1200	km^2
Meðalrennsli	26	m^3/s	34	m^3/s
Stærð lóna	39	km^2	31	km^2
Miðlun	210	Gl	400	Gl
Yfirvatnshæð	663	m	700	m
Undirvatnshæð	265	m	150	m
Afl	140	MW	180	MW
Orkugeta	740	GWh/ári	1200	GWh/ári

Rannsóknarstaða: Forathugunarstig.
Hagkvæmni: Hagkvæmniflokkur II.

Vatnshæðarmælar (vhm. 144, 145 og 167), eru nýttir til að meta rennslið til virkjananna. Grunnrannsóknum vegna Stafnsvatnavirkjunar er að mestu lokið, staðfræðikort eru að mestu til og jarðfræði á gangaleið Merkigilsvirkjunar nokkuð vel þekkt. Umhverfisrannsóknum er lokið vegna Stafnsvatnavirkjunar, en eftir er að kanna veituleið og mannvirkjastæði henni tengd vegna Merkigilsvirkjunar, líklega einkum vegstæði.

Á Náttúruminjaskrá eru Orravatnsrústir og innsti hluti Vesturdals, en hvorugt svæðið yrði fyrir umtalsverðum áhrifum af virkjun. Í Fornleifaskrá eru fornar rústir í Austurdal og Vesturdal. Lega þeirra er vel þekkt, og lítill vandi að forðast röskun þeirra.


Nýjabæjarfjall
Merkigil
Austari Jökulsá
Hofsá
Austurdalur
(Þorljótsstaðir)
Urðarvötn
Fossá
Vesturdalur
Hraunþúfa
Reyðarvatn
Geldingsá
Orravatnsrúst
Sáta
Vestari Jökulsá
Ásbjarnarvötn
Austari Jökulsá
Strangiláekur
Hnjúkskvísl
Laugakvísl
Illviðrahnjúkar
MIÐ-NORÐURLAND
Merkigils- og
Stafnsvatnavirkjanir
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 2.5 km

Stækkuð Villinganesvirkjun

Af virkjun við Villinganes er til verkhönnun frá 1975, og virkjun heimil (Stjórnartíðindi A, nr.60/1981). Hins vegar virðist að með löngum frárennslisgöngum megi nýta a.m.k 50 m fall neðan eldri virkjunartilhögunar.

Villinganesvirkjun yrði stækkuð með göngum undir Norðurárdal og út með Blöndu-hlíð, jafnvel alla leið að Miklabæ. Inn í göngin yrði vatn tekið úr Norðurá í skurði og göngum frá stíflu í um 175 m y.s. u.þ.b. 1 km innan við bæinn Egilsá.

Helstu einkennisstærðir

Vatnasvið virkjunar	2400	km^2
Meðalrennsli	70	m^3/s
Stærð lóna	2	km^2
Miðlun	400*	Gl
Yfirvatnshæð	150	m
Undirvatnshæð	20	m
Orkugeta	570	GWh/ári

* Miðað er við miðlun Merkigilsvirkjunar.

Rannsóknastaða: Forathugunarstig.
Hagkvæmni: Hagkvæmniflokkur II.

Inntak vatns til virkjunar er rétt neðan við ármót Austari og Vestari Jökulsár, þ.e. efst í Héraðsvötnum, og rennsli vel þekkt með mælum í báðum jökulsánum (vhm. 144 og 145), og mikill stuðningur að langri rennslisröð í Svartá (vhm. 10). Norðurá er metin með hliðsjón af Hjaltadalsá (vhm. 51).

Stífla er verkhönnuð, og búið er að ganga úr skugga um að gerlegt er að fara með göng undir mynni Norðurárdals. Jarðfræði á ganga- og skurðleið hefur verið könnuð nokkuð, og byggingarefni fyrir stíflu í Norðurárdal einnig. Nákvæm staðfræðikort eru til. Umhverfiskönnun var gerð vegna fyrri tilhögunar Villinganesvirkjunar og er í fullu gildi, þótt bæta þurfi við vegna nýrrar tilhögunar.

Á þessu svæði eru: Skeiðsfossvirkjun, sem tekin var í notkun 1945 (1,6 MW), stækkuð 1954 (1,6 MW) og aftur 1976 (í 4,9 MW). Hún skilaði 23 GWh árið 1992. Gönguskarðsárvirkjun við Sauðárkrók (1 MW), sem tekin var í notkun 1949, og skilaði 8 GWh árið 1993.


Héraðsvötn
Silfrastaðir
Silfrastaðafjall
Flatatunga
Eglsá
Villinganes
Austari-Jökulsá
Vestari-Jökulsá
NORÐ-VESTURLAND
Villinganesvirkjun
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 1.5 km

Virkjun í Skjálfandafljóti við Fljótshnúk

Skjálfandafljót yrði stíflað upp nokkrum km ofan við Fljótshnúk í um 700 m hæð. Þangað yrði veitt úr Kiðagils- og Botnadrögum að vestan, en að austan úr drögum Hraunár að inntakslóni virkjunar sem er áformað í um 660 m y.s. í dragi rétt SA við Fljótshnúk. Göng gegnum Fljótshnúk að virkjun innst í Krókdal, og um 5 km frárennslisskurður niður eftir fljótinu. Miðlun við Fljótshnúk er lítil, en ódýr miðlun fæst í Vonarskarði með því að stífla við Svarthöfða að sunnan og Valafell að norðan í um 940 m y.s.. Auðvelt virðist að veita Rjúpnabrekkukvísl til miðlunarinnar.

Helstu einkennisstærðir

Vatnasvið virkjunar	450	km^2
Meðalrennsli	22	m^3/s
Ársrennsli	700	Gl
Stærð lóna	46	km^2
Miðlun	400*	Gl
Yfirvatnshæð	660	m
Undirvatnshæð	460	m
Rennslisorka	340	GWh/ári

* Vonarskarðsmiðlun (um 300 Gl) má líklega nýta að hluta sem milliáramiðlun, og þá hvort sem er fyrir virkjanir í Skjálfandafljóti eða Tungnaár/Þjórsárvirkjanir.

Rannsóknastaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Óþekkt.

Löng rennslisröð er til úr Skjálfandafljóti við Goðafoss (vhm. 50), og nokkurra ára röð í fljótinu við ármót Mjóadalsár (vhm. 238). Rennslisröð í Svartá (vhm. 116) nýtist til að meta afrennsli hrauna að austan. Bæta þarf við mæli ofan við Fljótshnúk. Nákvæm staðfræðikort eru til yfir Vonarskarð en eftir er að mæla fyrir kortum við Fljótshnúk.

Á þessu svæði er ekkert í verndarskrám Náttúruverndarráðs nema að lónstæði í Vonarskarði jaðrar við svæði umhverfis Tungnafellsjökul og Nýjadal (Jökuldal), sem eru á Náttúruminjaskrá.


Kiðagil
Fljótshnjúkur
Hraunár
Botnadrag
Skjálfanda-
fljót
Fjórðungsalda
Trölladyngja
Tungnafellsjökull
Valafell
Bárðarbunga
Köldukvíslarjökull
© OS/ESA/LMÍ
NORÐURLAND
Virkjun í Efra-Skjálfandafljóti
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 3 km

Virkjun úr Íshólsvatni.

Skjálfandafljót er stíflað upp við Hrafnabjörg og mynduð miðlun með yfirvatnshæð í 407 m. Með annarri stíflu um 1,5 km neðar er vatni veitt í Íshólsvatn (5,2 km^2, 376 m y.s.), sem er stíflað upp í 380 m. Með niðurdrætti í 370 m fæst 60 Gl miðlun. Svartá og Suðurá er veitt að austan og Mjóadalsá að vestan til Íshólsvatns. Virkjun með göngum frá Íshólsvatni að Mjóadalsá tæpum km ofan ármóta og frárennslisskurði út í fljótið.

Helstu einkennisstærðir

Vatnasvið virkjunar	2520	km^2
Meðalrennsli	62	m^3/s
Stærð lóna	42	km^2
Miðlun	435	Gl
Yfirvatnshæð	380	m
Undirvatnshæð	245	m
Afl	100	MW
Orkugeta	600	GWh/ári

Rannsóknastig: Forathugunarstig.
Hagkvæmni: Hagkvæmniflokkur II.

Löng rennslisröð er til úr Skjálfandafljóti við Goðafoss (vhm. 50), og nokkurra ára röð í fljótinu við ármót Mjóadalsár (vhm. 238), og í Svartá (vhm. 116). Rennslisröð í Fnjóská (vhm. 200) nýtist við að meta afrennsli til fljótsins að vestan. Jarðfræði hefur verið skoðuð lítillega, einkum með tilliti til leka í hraunum á veituleiðum. Aðrar rannsóknir hafa ekki farið fram.

Á Náttúruminjaskrá eru Ingvararfoss, Aldeyjarfoss og Hrafnabjargarfoss ásamt bökkum árinnar á milli þeira. Ullarfoss í Svartá er í Fossaskrá Náttúruverndarráðs. Góður silungur, bæði bleikja og urriði eru í Íshólsvatni.

Athugasemdir: Ef virkjun ofar reynist hagkvæm, er ekki þörf á svo mikilli miðlun við Hrafnabjörg. Í eldri hugmyndum er m.a. gert ráð fyrir veitu um Svartárvatn og út Mývatnsheiði, en kostnaður við að elta fallið í fljótinu með þeim hætti er að öllum líkindum of hár.


Svartá
Hádegis-
fjall
Svartárvatn
Suðurá
Suðurárhraun
Skjálfandafljót
NORÐURLAND
Íshólsvatnsvirkjun
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 2.5 km

Virkjanir í Bárðardal og Köldukinn

Skjálfandafljót er að mestu jafnhallandi í Bárðardal niður undir Goðafoss. Möguleikar til hagkvæmrar virkjunar þar byggjast á að saman fari landslagsaðstæður til að gera ódýra stíflu og nægilegt fall.

Virkjun við Kálfborgará

Fljótið yrði stíflað með lágri stíflu upp í um 165 m y.s. um 500 m neðan við bæinn Kálfborgará. Virkjað við stíflu og frárennslisskurður yrði um 1,5 km. Kálfaborgará yrði veitt í inntakslónið.

Virkjun við Goðafoss

Fljótið yrði stíflað um framanverðan Bæjarhólma í um 130 m y.s. Virkjun með göngum að austanverðu tæpan km niður fyrir Fosshól, og frárennsli út í fljótið á móts við Ingjaldsstaði.

Virkjun í Kinn

Stíflað yrði þvert yfir dalinn um 2 km norðan við Fljótsbakka, innst á svonefndri Þingey, upp í um 85 m y.s. Vatni yrði veitt í göngum undir Kinnarfelli að virkjun á móts við Ullarfoss, með um 2,5 km frárennsisskurði í vestustu kvísl fljótsins.

Helstu einkennisstærðir

	Virkjun við Kálfborgará		Virkjun við Goðafoss		Virkjun í Kinn	
Vatnasvið virkjunar	3280	km^2	3300	km^2	3500	km^2
Meðalrennsli	82	m^3/s	83	m^3/s	86	m^3/s
Ársrennsli	2560	Gl	2600	Gl	2700	Gl
Stærð lóna	1	km^2	1	km^2	5	km^2
Miðlun	600*	Gl	600*	Gl	650*	Gl
Yfirvatnshæð	165	m	130	m	85	m
Undirvatnshæð	145	m	85	m	10	m
Rennslisorka	120	GWh/ári	280	GWh/ári	490	GWh/ári

* Miðlun er samanlögð miðlun virkjana ofar í fljótinu að viðbættri miðlun í inntakslóni.

Rannsóknastaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Óþekkt.

Löng rennslisröð er til úr Skjálfandafljóti við Goðafoss (vhm. 50). Nákvæm staðfræðikort eru til, en að öðru leyti hafa þessir kostir lítið verið kannaðir.

Goðafoss er á Náttúruminjaskrá og er einn af þremur fossum í Fossaskrá Náttúruverndarráðs, sem taldir eru hafa mest verndargildi. Í Fossaskránni eru einnig Barnafoss og Ullarfoss, en eru þar ekki taldir hafa hátt verndargildi. Þingey í Skjálfandafljóti er á Náttúruminjaskrá, sem og austurhlíðar Kinnarfells.

Laxárvirkjun var tekin í notkun 1939 (1,7 MW), stækkuð 1944 um 2,9 MW, 1953 um 8 MW og 1973 um 7,9 MW, og er nú 23 MW. Hún skilaði 147 GWh árið 1992.


Kinnafjöll
Kinnarfell
Vestmannsvatn
Laugar
Fljótsbakki
Ljósavatn
Ingjaldsstaðir
Goðafoss
Skjálfandafljót
Kálfborgará
Bárðardalur
NORÐURLAND
Skjálfandafljótsvirkjanir-neðri
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 1.5 km

Virkjanir á Norðausturlandi

Hafralónsá í Þistilfirði

Fallið í ánni er mest milli 400 og 200 m y.s. Hins vegar er snúið að ná inn veitum úr nærliggjandi ám fyrr en komið er niður fyrir 300 m y.s. Er því lagt til að virkja í tveimur þrepum. Í neðra þrepinu er gert ráð fyrir að veita úr Svalbarðsá, Sandá og Hölkná að vestan og Miðfjarðará um Litlu Kverká að austan.

Hofsá í Vopnafirði

Selá yrði stíflud í rúmlega 420 m y.s. og veitt með göngum að Arnarvatni í upptakakvíslum Vesturár (Vesturdalsár). Frá Hofsá yrði veitt úr um 460 m y.s. um 3 km neðan við ármót Kollseyru með skurði og göngum að Arnarvatni. Þaðan yrði veitt með göngum að Þurfðarvatni, sem yrði inntakslón virkjunarinnar. Frárennsli virkjunar kæmi inn í Hofsá í um 60 m y.s..

Helstu einkennisstærðir

	Hafralónsá efra þrep		Hafralónsá neðra þrep		Virkjun í Hofsá	
Vatnasvið virkjunar	200	km^2	930	km^2	650	km^2
Meðalrennsli	9	m^3/s	40	m^3/s	22	m^3/s
Ársrennsli	280	Gl	1260	Gl	700	Gl
Stærð lóna	15	km^2	24	km^2	12	km^2
Miðlun	*		*		*	
Yfirvatnshæð	460	m	260	m	420	m
Undirvatnshæð	260	m	20	m	60	m
Rennslisorka	135	GWh/ári	730	GWh/ári	660	GWh/ári

* Miðlunarmöguleikar þokkalegir, en ómögulegt að útfæra fyrr en með betri kortum.

Rannsóknastaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Óþekkt.

Vatnshæðarmælar hafa verið reknir um alllangt skeið í Sandá, Þistilfirði (vhm. 26) og Selá í Vopnafirði (vhm. 48). Samanburðarmælingar þarf að gera bæði með tilliti samanburðar milli vatnsfalla og afrennslis með hæð. Engin staðfræðikort eru til, og engar aðrar rannsóknir hafa verið gerðar.

Dálítil laxveiði er í öllum ánum í Þistilfirði, og Selá og Hofsá eru í hópi betri laxveiðiáa á landinu. Sandá yrði að mestu þurrkuð upp neðan veitu, og rennsli Hölknár, Hafralónsár og Miðfjarðarár skert um rúman helming. Veita úr Selá nær til um 40% af rennslinu og um þriðjungs í Vesturdalsá. Hofsá er laxgeng um 31 km frá sjó. Virkjun mun skerða rennsli á um 10 km kafla ofan virkjunar um 60%, en rennsli neðan hennar ykist um þrjá fjórðu, og yrði jafnara.


Þórshöfn
Finnafjörður
Bakkaflói
Bakkafjörður
Vopnafjörður
Dimmifjallgarður
Norð-Austurland
Hofsár- og Hafralónsárvirkjanir
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 5 km

Austurlandsvirkjun

Í áætlunum um virkjun Jökulsár á Brú hafa mismunandi tilhaganir m.a. snúist um vatnshæð í miðlunarlóni virkjunarinnar. Í Jökulsá á Fjöllum hafa aðallega verið athugaðar mismunandi leiðir til að veita úr ánni og val á miðlunarlónstæði, auk virkjana í farveginum. Hér verður kynnt virkjunarleið sem er talin skila einna hagkvæmastri tilhögun virkjunar, viðunandi orkugetu, og jafnframt einna minnstum umhverfisáhrifum.

Virkjun Jökulsár á Brú

Áin er stífluð ofan við Dimmugljúfur og stórt lón myndað í árdal Jökulsár, Hálslón. Þaðan er veitt með göngum að stöðvarhúsi neðanjarðar í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun II).

Virkjun Jökulsár á Fjöllum

Jökulsá á Fjöllum er stífluð rétt norðan við Upptyppinga og veitt í Kreppu, og með henni sunnan við Þorlákslindahrygg inn í Arnardal. Þorlákslindahryggur afmarkar lónið til vesturs, Grjót til norðurs, Öskju- og Mynnisfjallgarður til austurs og Álftadalsdyngja til suðurs. Úr Arnardalslóni með göngum að virkjun neðanjarðar í Jökuldal innan við Brú, og síðan frá ármótum Hölknár og Jöklu með göngum undir Fljótsdalsheiði að stöðvarhúsi við hlið hinna fyrrnefndu.

Helstu einkennisstærðir

	Virkjun J. á Brú		Virkjun J. á Fjöllum	
Vatnasvið virkjunar	1760	km^2	4330	km^2
Meðalrennsli	105	m^3/s	120	m^3/s
Stærð lóna	32	km^2	94	km^2
Miðlun	1500	Gl	1340	Gl
Yfirvatnshæð	605	m	548	m
Undirvatnshæð	30	m	25	m
Afl	600	MW	635	MW
Orkugeta	4000	GWh/ári	4200	GWh/ári

Rannsóknarstaða: Forathugunar-/frumhönnunarstig.
Hagkvæmni: Hagkvæmniflokkur I.

Langar rennslisraðir eru til (vhm. 20, 102, 110, 146,162, 164). Staðfræðikort eru til, yfirlitsjarðfræði vel þekkt og rannsóknir á mannvirkjasvæðum vel á vegi staddar. Umhverfisrannsóknir ítarlegar á flestum sviðum.

Jökulsárgljúfur er þjóðgarður (Stj.tíð. B, nr. 216/1973). Friðlönd eru í Hvannalindum (Stj.tíð. B, nr. 32/1973) og Kringilsárrana (Stj.tíð. B, nr. 524/1975). Á Náttúruminjaskrá eru Krepputunga og Fagridalur við Jökulsá á Fjöllum og Vesturöræfi með Dimmugljúfrum við Jökulsá á Brú. Í Fossaskrá eru Dettifoss, Hafragilsfoss og Selfoss í verndarflokki I, en auk þeirra eru nefndir Vígabjargsfoss og Réttarfoss. Þá má nefna Kringilsárfoss og Sauðárfoss við Jöklu. Umhverfismál virkjananna varða auk þess m.a. hreindýr, fuglalíf og hættu á rofi við ósana.


Jökulsá á Fjöllum
Grjót
Arnardalsá
Þorláksskíndahryggur
Öskju- og Mýnnisfjallgarður
Brúará
Hólkná
Fljótsdalsheiði
Upp-
typpingar
Álftadalsdyngja
Krepputunga
Fagridalur
Dimmugljúfur
Kára-
hnúkar
Hrafnkela
Kreppa
Kringilsárrani
Vesturöræfi
Brúarjökull
Norð-Austurland
Austurlandsvirkjanir
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 4.5 km

Virkjun Jökulsár í Fljótsdals og afrennslis Hrauna

Fljótsdalsvirkjun

Alþingi hefur veitt leyfi til virkjunar Jökulsár í Fljótsdal (Stjórnartíðindi A, nr. 60/1981) með miðlun á Eyjabökkum og tilheyrandi veitum úr nálægum ám. Síðan þá hefur tilhögun verið breytt úr tilhögun með aðveituskurði í aðveitugöng til mikilla bóta fyrir umhverfið, því að land sem fer undir vatn minnkar um 30 km^2.

Hraunavirkjun

Virkjunin byggist á því að safna afrennsli Hrauna í um 700 m hæð y.s. í safngöng og virkja í einu lagi í rösklega 600 m falli niður í Suðurdal í Fljótsdal. Veitan gæti náð allt frá Kollumúlavatni (vatnasvið Jökulsár í Lóni) að sunnan til Fossár í Berufirði og Geitdalsár (Grímsá í Skriðdal) að austan. Helstu miðlanir yrðu stækkun Eyjabakkamiðlunar og miðlun í Kelduá, auk minni lóna.

Ný og aukin Fljótsdalsvirkjun

Eðlilegasta virkjunarleiðin með einni virkjun í stað tveggja er fólgin í tilhögun Hraunavirkjunar, því að þá sparast um 30 km aðrennslisgöng Fljótsdalsvirkjun án mikilla breytinga á Hraunavirkjun. Veitur yrðu flestar þær sömu og í báðum tilhögununum, en stöðvarhús færist í Suðurdal í stað Norðurdals í Fljótsdal.

Helstu einkennisstærðir

	Fljótsdals-virkjun		Hrauna-virkjun		Ný Fljótsd.-virkjun	
Vatnasvið virkjunar	480	km^2	500	km^2	980	km^2
Meðalrennsli	31	m^3/s	44	m^3/s	70	m^3/s
Stærð lóna	47	km^2	37	km^2	81	km^2
Miðlun	500	Gl	525	Gl	900	Gl
Yfirvatnshæð	664	m	670	m	670	m
Undirvatnshæð	41	m	41	m	41	m
Afl	200	MW	290	MW	480	MW
Orkugeta	1320	GWh/ári	1950	GWh/ári	3170	GWh/ári

Rannsóknarstaða: Forathugunar-/verkhönnunarstig.
Hagkvæmni: Tvær virkjanir: hagkvæmniflokkur II; ein virkjun: hagkvæmniflokkur I.

Fljótsdalsvirkjun (til Norðurdals) er tilbúin til útboðs. Rennsli til Hraunavirkjunar er að verða nokkuð vel ákvarðað með 16 mælum í 10 vatnsföllum (þar af um helmingur tímabundið). Staðfræðikort eru til, og jarðfræði kortlögð á um helmingi jarðgangaleiða vegna Hraunavirkjunar. Gróðurkort eru til af mestöllu virkjunarsvæðinu, og umhverfisrannsóknir vel á veg komnar.

Helstu umhverfisáhrifin felast í breytingum á rennsli í vatnsföllum á láglendi, sem svarar til um þriðjungs minnkun á rennsli í þeim flestum. Hluti af áformuðum veitum eru á friðlandi í Lónsöræfum (Stjórnartíðindi B, nr. 31/1977), og í jaðri vatnasvæðis Hofsár í Álftafirði (Náttúruminjaskrá).


Fljótsdalsheiði
Skriðdalur
Geitdalsá
Ódáðavötn
Fossá
Þrándarjökull
Vatnadæld
Vatnajökull
Hofsjökull
AUSTURLAND
Hraunavirkjun
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir
1 cm = 3.5 km

Austfjarðavirkjanir

Virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði

Miðlun er mynduð með stíflu í Fjarðará og stækkun Heiðarvatns (0,5 km^2). Til miðlunar er veitt frá Miðhúsaá. Gert er ráð fyrir veitu í pípum úr inntakslóni á Efra Staf til virkjunar í fjarðarbotni.

Lagarfossvirkjun II

Ef til þess kemur að Jökulsá á Brú og Jökulsá á Fjöllum yrðu virkjaðar til Fljótsdals skapast skilyrði fyrir nýja virkjun við Lagarfoss.

Helstu einkennisstærðir

	Fjarðarár-virkjun		Lagarfoss-virkjun II	
Vatnasvið virkjunar	45	km^2	7850	km^2
Meðalrennsli	3	m^3/s	250	m^3/s
Stærð lóna	4	km^2	200*	km^2
Miðlun	30	Gl	3700*	Gl
Yfirvatnshæð	540	m	20	m
Undirvatnshæð	8	m	3	m
Afl	20	MW	40	MW
Orkugeta	120	GWh/ári	250	GWh/ári

* Virkjunin nýtir miðlanir sem gerðar yrðu vegna virkjunar J. á Brú og J. á Fjöllum til Fljótsdals, og vegna Fljótsdals- og Hraunavirkjunar.

Rannsóknarstaða: Forathugunar-/frumhönnunarstig.
Hagkvæmni: Fjarðarárvirkjun í hagkvæmniflokki IV, og Lagarfoss II í hagkvæmniflokki II.

Langar rennslisraðir eru til frá Fjarðará (vhm. 83) og Miðhúsaá (vhm. 47). Umhverfisrannsóknir hafa ekki farið fram vegna Fjarðarárvirkjunar, og ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á vatnsborði Lagarfljóts við virkjun Lagarfoss II.

Í Fossaskrá Náttúruverndarráðs er Gufufoss í Fjarðará talin verndarverður. Bleikja var flutt í Heiðarvatn fyrir nokkrum árum, og er m.a. nýtt til frameldis í eldisstöðvum í nágrenninu.

Á Austurlandi eru tvær virkjanir yfir 1 MW í afli. Grímsárvirkjun (2,8 MW) var tekin í notkun 1958, og skilaði um 22 GWh árið 1993. Lagarfossvirkjun (7,5 MW) var tekin í notkun 1975, og skilaði um 68 GWh árið 1991. Á Suðausturlandi er Smyrlabjargaárvirkjun (1 MW), tekin í notkun 1969, og skilaði um 11 GWh árið 1993.

Fleiri rennslisorkustaðir eru á Austurlandi; í Grímsá, Berufirði, Geithellnaá og Hamarsá, en þeir falla allir undir Hraunavirkjun, sem er örugglega hagkvæmasti kosturinn til nýtingar þeirra. Ennfremur er rennslisorkustaður í Jökulsá í Lóni, en miðlunarmöguleikar takmarkaðir, og engir góðir virkjunarstaðir heldur. auk þess sem svæðið er friðland, eins og fyrr greinir.


Lagarfossvirkjanir
Selfljót
Lagarfljót
Gilsá
Seyðisfjörður
Miðhúsaá
Egilsstaðir
Fjarðará
Eyvindará
Mjóifjörður
Lagarfljót
Grímsá
Grímsárvirkjun
Fannardalur
AUSTURLAND
Austfjarðavirkjanir
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir
1 cm = 2.5 km

Virkjun Djúpár og Núpsár

Virkjun jökulvatns Djúpár og Núpsár, og afrennslis af Birninum sem er eitt mesta úrkomusvæði landsins. Hluti af jökulafrennsli Síðujökuls hripar niður í hraunin og kemur fram sem lindir í u.þ.b. 500 m hæð vestan Djúpár. Þeim ásamt Djúpá yrði veitt í lón í Lambá í Álftárdal. Núpsá yrði veitt úr u.þ.b. 610 m hæð að Hvítá við Hvítárgljúfur eystri, og þaðan með göngum að Hvítárgljúfrum vestari. Vestari kvísl Hvítár yrði stíflað upp í um 760 m y.s. í Vestri Hvítárdal, og kvíslin tekin í göng ásamt austari kvíslinni neðan við vestari Hvítárgljúfur. Veitugöngin frá Djúpá og Núpsá kæmu saman í botni Hvirfilsdals og veitt að virkjun neðanjarðar undir Fjaðrárdalshnúk norðan undir Lómagnúp með frárennslisskurði út í Aurá. Gert er ráð fyrir að miðlun fáist með göngum inn í Grænalón og í Vestri Hvítárdal.

Helstu einkennisstærðir

Vatnasvið virkjunar	400	km^2
Meðalrennsli	40	m^3/s
Ársrennsli	1260	Gl
Stærð lóna	15	km^2
Miðlun	100	Gl
Yfirvatnshæð	490	m
Undirvatnshæð	40	m
Rennslisorka	1360	GWh/ári

Rannsóknastaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Óþekkt.

Löng rennslisröð er til úr Djúpá í Fljótshverfi (vhm. 150). Þörf er á að setja upp tímabundna samanburðarmæla, einkum til að ákvarða afrennsli af Birninum. Mælt hefur verið fyrir nákvæmum staðfræðikortum, og eftir 1994 vantar aðeins kortin af Birninum. Engar aðrar rannsóknir hafa verið gerðar.

Núpsstaðaskógar og Grænalón eru á Náttúruminjaskrá, en virkjun hefði engin áhrif á Núpsstaðaskóga. Mörk svæðis við Núpsstaðaskóga til vesturs eru um Núpsá og Súlu sem mynda Núpsvötn neðar á sandinum, og vötnin því ekki talin hafa verndargildi sem slík. Í Fossaskrá eru Núpsárfoss og Hvítárfoss, og Gufufoss í Djúpsárgljúfri, auk ónafngreindra fossa ofarlega í Djúpá. Í Fornminjaskrá eru tilgreindar rústir í landi Rauðabergs.


Bjarnarsker
Lambá
Núpsárfoss
Hvítárgljúfur
Núpsá
Djúpá
Súla
Hvirfilsdalur
Núpsvötn
Skeiðarárjökull
Lómagnúpur
SUÐ-AUSTURLAND
Djúpár- og Núpsárvirkjun
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 1.5 km

Virkjun Hverfisfljóts

Hverfisfljót yrði stíflað upp í 587 m y.s. við norðurenda Langaskers til miðlunar, og þar fengist um 200 Gl miðlun. Mögulegt er að veita austurkvíslum Skaftár þangað. Úr þeirri miðlun yrði veitt með skurðum og sjálfrennsli að miðlunar- og inntakslóni þar sem Laufbalavatn og Kríuvötn eru, en Kríuvötn eru uppistöður sem þorna oft á sumrin. Frá miðlunarlóni yrði veitt með 14 km göngum að virkjun neðanjarðar undir austanverðum Kaldbak inn af Seldal. Þaðan í 4 km frárennslisgöngum í Þverá og í um 1 km skurði út í Geirlandsá skammt austan við Mörtungu.

Helstu einkennisstærðir

Vatnasvið virkjunar	400	km^2
Meðalrennsli	35	m^3/s
Ársrennsli	1100	Gl
Stærð lóna	39	km^2
Miðlun	400	Gl
Yfirvatnshæð	540	m
Undirvatnshæð	40	m
Rennslisorka	1320	GWh/ári

Rannsóknastaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Óþekkt.

Löng rennslisröð er til úr Hverfisfljóti við brú á þjóðvegi 1 (vhm. 71). Nákvæm staðfræðikort eru til, en að öðru leyti hafa litlar rannsóknir farið fram.

Í Hverfisfljóti eru tveir fossar nefndir í Fossaskrá, Lambhagafoss og foss efst í Bárðarskarði.



SUÐURLAND

Hverfisfljótsvirkjun

Virkjun Skaftár

Ýmsar leiðir eru til að nýta jökulvatnið úr Skaftá. Hér að framan hefur verið gert ráð fyrir að austurkvíslinni verði veitt til Hverfisfljóts. Vestari kvíslinni er hægt að veita til Langasjávar og miðla henni þar, en hluti af henni rann þangað þar til fyrir um 40 árum síðan. Frá miðlun í Langasjó mætti veita til virkjana í Tungnaá og Þjórsá eða til virkjana í Skaftá. Mynsturáætlun þarf til að skera úr um það. Hér verður miðað við að vesturkvíslin verði virkjuð í Skaftá fyrst og síðan með veitu til Tungufljóts, eins og frá er greint í næsta kafla.

Virkjun úr Langasjó

Vesturkvíslar yrðu stíflaðar upp í um 667 m y.s. og veitt í Langasjó. Úr Langasjó yrði virkjað með göngum skemmstu leið í Skaftá.

Þrepavirkjanir í Skaftá

Miðlunar- og inntakslón yrði myndað með stíflu í Skaftá við Sveinstind upp í 595-600 m y.s.. Stærð þess yrði við það miðuð að geta miðlað yfirfallsvatni úr Langasjávarveitu og hlaupvatni Skaftárhlaupa (allt að 300 Gl í hlaupi annað hvert ár). Til fyrri virkjunarinnar yrði líklega veitt í þrýstipípum.

Helstu einkennisstærðir

	Virkjun úr Langasjó		Þrepavirkjun í Skaftá *	
Vatnasvið	560	km^2	660	km^2
Meðalrennsli	45	m^3/s	50	m^3/s
Ársrennsli	1400	Gl	1600	Gl
Stærð lóna	31	km^2	60	km^2
Miðlun	400	Gl	250	Gl
Yfirfallshæð	667	m		
Undirvatnshæð	595	m		
Fallhæð			235	m
Rennslisorka	240	GWh/ári	900	GWh/ári

* Síðara þrepið er sýnt á mynd með veitu Skaftár til virkjana í Hólmsá og Tungufljóti.

Rannsóknastig: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Líklega í hagkvæmniflokki II-III.

Efni í langa rennslisröð er til (vhm. 70, 166), en samanburðarmælingar nauðsynlegar. Staðfræðikort eru til að hluta, en af umhverfisrannsóknum má nefna athuganir í Langasjó.

Langisjór er talin í Vatnaskrá Náttúruverndarráðs í hópi stórra stöðuvatna sem þarf athugunar við.





SUÐURLAND

Skaftárvirkjanir

Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur

1 cm = 1.5 km

Virkjun Hólmsár, Skaftár og Tungufljóts

Í þessum hugmyndum er gert ráð fyrir að efstu drögum Hólmsár verði veitt yfir á vatnasvið Tungufljóts. Ennfremur er gert ráð fyrir veitu Skaftár, en í fyrri kafla er gerður fyrirvari um að hagkvæmara geti verið að veita meirihluta jökulvatns Skaftár til Tungnaár.

Virkjun Hólmsár til Tungufljóts

Hólmsá yrði stíflud við Tjaldgilsháls í um 500 m y.s. og veitt ásamt Álftakvísl í göngum að virkjun neðanjarðar norður af Fosstungum með frárennsli í Tungufljót.

Virkjun Skaftár og Tungufljóts

Veitt yrði úr Skaftá við ármót Syðri Ófæru í lón á Kálfasléttum, sem yrði myndað með stíflu í Tungufljóti við Réttarfell upp í um 315 m y.s.. Úr lóninu yrði virkjað í tveimur þrepum; hinu fyrra að 170 m undirvatnshæð, og hinu síðara að 50 m undirvatnshæð.

Helstu einkennisstærðir

	Virkjun Hólmsár		Virkjanir í Tungufljóti		virkjanir án Skaftár*	
Vatnasvið virkjunar	150	km^2	1250	km^2	700	km^2
Meðalrennsli	15	m^3/s	100	m^3/s	55	m^3/s
Ársrennsli	470	Gl	3100	Gl	1700	Gl
Stærð lóna	1	km^2	16	km^2	16	km^2
Miðlun	0		740*	Gl	190	Gl
Yfirvatnshæð	490	m	315	m	315	m
Undirvatnshæð	315	m	50	m	50	m
Rennslisorka	200	GWh/ári	1980	GWh/ári	1000	GWh/ári

* Auk miðlunar á Kálfasléttum eru miðlanir ofar í Skaftá og Langasjó.

Rannsóknarstaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Líklega í hagkvæmniflokki II-III.

Samanburðarmælingar þarf að gera á afrennsli veitnanna til að greina upp heildarrennsli miðað við mæla. Staðfræðikort eru til og yfirlitsjarðfræðikortlagning lítillega hafin, en umhverfisrannsóknir engar til.

Hafa þarf í huga nálægð við Friðland að Fjallabaki (Stjórnartíðindi B, nr. 354/1979), og Eldgjá, sem er á Náttúruminjaskrá.


Öfærufoss
Eldgjá
Skaftá
Álftakvísl
Hólmsá
Tungufljót
Einhyrningur
Snæbýli
Mýrdalsjökull
SUÐURLAND
Virkjun Hólmsár, Skaftár og Tungufljóts
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 2 km

Virkjun Markarfljóts

Markarfljót er stíflað ofan Markarfljótsgljúfurs, og þar myndað inntaks- og miðlunarlón fyrir virkjun sem er áætluð með göngum að stöðvarhúsi við Markarfljót ofan Einhyrningsflata, eða Gilsá (Markarfljótsvirkjun). Einnig er möguleiki á miðlun á Launfitjum ofan Fljótsgils, og virkjun niður í inntaks- og miðlunarlón Markarfljótsvirkjunar (Sátuvirkjun).

Helstu einkennisstærðir

	Markarfljóts-virkjun		Sátu-virkjun	
Vatnasvið	530	km^2	160	km^2
Meðalrennsli	38	m^3/s	12	m^3/s
Ársrennsli	1200	Gl	380	Gl
Stærð lóna	20	km^2	13	km^2
Miðlun	350	Gl	230	Gl
Yfirfallshæð	500	m	593	m
Undirvatnshæð	260	m	500	m
Rennslisorka	600	GWh/ári	85	GWh/ári

Rannsóknastig: Rennslisorku-/forathugunarstig.
Hagkvæmni: Líklega í hagkvæmniflokki II-III.

Rennslisröð um 10 ár (vhm. 218). Staðfræðikort eru til, og yfirlitsjarðfræðikortlagning af lónsstæðum, en vantar á jarðgangaleið. Umhverfisrannsóknir eru takmarkaðar.

Stutt er í friðland að Fjallabaki (Stjórnartíðindi B, nr. 354/1979). Neðan miðlunarlóns er Markarfljótsgljúfur, langt og djúpt gljúfur sem er myndað af jökulhlaupum úr Mýrdalsjökli. Á þessu svæði eru víðar skýr ummmerki stórflóða. Miklir sethjallar eru á Emstrum. Gróður er fremur lítill í lónstæðunum.


Kaldaklofs-
jökull
Eystri Rangá
Skyggnisvatn
Álftavatn
Sáta
Stóra Grænafjall
Stórasúla
Innri-
Emstrua
Tindfjalla
jökull
Hattafell
Markarfljótsgljúfur
Fremri-
Emstruá
E m s t r u r
Einhyrningur
Markarfljót
Krossá
Eyjafjallajökull
M ý r d a l s j ö k u l l
© OS/ESA/LMÍ
SUÐURLAND
Markarfljótsvirkjanir
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 1.5 km

Virkjanir í Rangánum

Virkjanir í Eystri Rangá

Virkjuð í tveimur til þremur þrepum. Efsta þrepið yrði við eyðibýlið Foss (yfirvatn 220 m, undirvatn 180 m), miðþrepið yrði rétt ofan við Keldnalæk, og Fiská veitt í inntakslónið (yfirv. 100 m, undirv. 80 m). Neðsta þrepið við Tungufoss (yfirv. 80 m, undirvatn 50 m). Inntakslónin yrðu nánast í farveginum og líklega engin miðlun. Í mestu þrepaskiptingu yrðu stöðvarhús í stíflunum með frárennslisskurðum. Neðstu þrepin yrðu hugsanlega sameinuð (yfirv. 120 m, undirv. 50 m) og veitt í pípum til virkjunar. Fyrirkomulag virkjana yrði líklega háð möguleikum á að nýta lindainnrennslið sem best.

Virkjanir í Ytri Rangá

Fjögur þrep með u.þ.b.10-20 m falli í hverju virðast koma til álita. Hið efsta við bæinn Svínhaga (100 m y.s.). Næstefsta um 1,5 km ofan við Geldingalæk (80 m y.s.) með hugsanlega allt að 17 km^2 inntaks- og miðlunarlóni til að draga úr rennslissveiflum og miðla innan dagsins. Hin þrepin eru við Árbæjarfoss og Ægissíðufoss. Að undanskildu næstefsta þrepinu yrðu inntakslónin að mestu í farveginum, stöðvarhús í stíflunum og frárennslisskurðir.

Helstu einkennisstærðir

	Virkjanir í E-Rangá		Virkjanir í Y-Rangá	
Vatnasvið*	470	km^2	890	km^2
Meðalrennsli*	24	m^3/s	50	m^3/s
Ársrennsli	630	Gl	1580	Gl
Stærð lóna	1	km^2	17	km^2
Miðlun	1	Gl	20	Gl
Fallhæð alls	100	m	70	m
Rennslisorka	150	GWh/ári	270	GWh/ári

* Miðað við Tungufoss að viðbættri Fiská í E-Rangá, og Árbæjarfoss í Y-Rangá.

Rannsóknastig: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Óþekkt.

Langar rennslisraðir eru til (vhm. 59 og 60), en nánast engar aðrar rannsóknir hafa verið gerðar.

Nokkrir fossar í báðum ánum eru í Fossaskrá Náttúruverndarráðs, en enginn þeirra meðal hinna verndarverðu. Lax- og silungsveiði er nokkur í ánum, og vaxandi í kjölfar ræktunar.





SUÐURLAND

Rangárvirkjanir

Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur

1 cm = 1.5 km

Virkjanir í Efri Þjórsá

Í Þjórsá ofan ármóta við Tungnaá hafa verið kannaðar ýmsar leiðir til virkjunar. Möguleikar á miðlun eru takmarkaðir vegna friðunar Þjórsárvera, og því beinast sjónir m.a. að möguleikum á að nýta betur Þórisvatn sem miðlun. Valið stendur einna helst um virkjun með göngum niður að Sultartangalóni, eða veitu með göngum til Þórisvatns.

Gangavirkjun í Þjórsá

Aðrennslisgöng frá Norðlingaöldumiðlun, niður fyrir Innri-Hnappöldu, stöðvarhús neðanjarðar í Glúfurleit, og frárennsli að Sultartangalóni. Veitur með miðlunum frá þverám vestan árinnar.

Veita til Þórisvatns

Veitt frá Norðlingaöldu með göngum að Sauðafellslóni. Viðbótarrými fyrir vatn úr Þjórsá í Þórisvatni skapast með 250-350 Gl miðlun í Köldukvísl við Syðri Hágöngu, og dýpkun úttaks úr Þórisvatni til Vatnsfellsvirkjunar.

Helstu einkennisstærðir

	Ganga-virkjun		Veitu-virkjun	
Vatnasvið virkjunar	1220	km^2	1170	km^2
Meðalrennsli	79	m^3/s	72	m^3/s
Stærð lóna	82	km^2	109	km^2
Miðlun	555	Gl	1300	Gl
Yfirvatnshæð	550	m	563	m
Undirvatnshæð	299	m	297	m
Afl	220	MW		
Orkugeta	1300	GWh/ári	900*	GWh/ári

* Til orkugetu reiknast stækkun allra virkjana frá Þórisvatni að Sultartangavirkjun, og hagkvæmni m.a. með betri nýtingu á uppsettu afli í Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjun (900GWh/ári), og með meira og hagkvæmara afli í Vatnsfells og Búðarhálsvirkjun, samtals um 1500 GWh/ári.

Rannsóknastaða: Frumhönnunarstig.
Hagkvæmni: Gangavirkjun; hagkvæmniflokkur II. Veituvirkjun; hagkvæmniflokkur I.

Rennsli er vel þekkt, og öllum grunnrannsóknum lokið.

Þjórsárver eru friðland (Stjórnartíðindi B, nr. 507/1987), en lón ofan Norðlingaöldu í 581 m y.s. er leyfilegt sýni rannsóknir að náttúruverndargildi þeirra rýrni ekki óhóflega við stíflun, að mati Náttúruverndarráðs. Þjórsárver eru á Ramsarskránni. Vatn mun minnka umtalsvert á Dynk, Gljúfurleitarfossi og Kjálkaversfossi (Hvanngiljafoss), sem allir eru í Fossaskrá Náttúruverndarrðs; Dynkur í 2. flokki.

Möguleikar eru á virkjun frá Hágöngulóni, sem gæti orðið allt að 150 GWh/ári.


Dalsá
Kerlingarfjöll
Kísa
Þjórsá
Norðlingaalda
Hofsjökull
Sauðafellslón
Sauðafell
Þjórsárver
Kvíslavatn
Kaldakvísl
Þjórsá
Syðri Hágöngur
Nyrðri Hágöngur
SUÐURLAND
Virkjanir í Efri Þjórsá
Áætluð lón/Lón í rekstri
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/Pípur
1 cm = 3.5 km

Virkjanir í Tungnaá og Köldukvísl

Vatnsfellsvirkjun

Virkjun á fallinu frá Þórisvatni að Krókslóni, inntakslóni Sigölduvirkjunar.

Búðarhálsvirkjun

Kaldakvísl stíflað upp í undirvatnshæð Hrauneyjafossvirkjunar rétt neðan við mót frárennslisskurðar og Köldukvíslar. Stöðvarhús við stífluna og frárennslisgöng í gegnum Búðarháls til Sultartangalóns.

Bjallavirkjun

Tungnaá er veitt í hvilft í móbergsmyndunina á norðurbakka árinnar og með þrýstipípum að Krókslóni. Hún yrði líklega gerð í tengslum við miðlun í Tungnaá, Stórasjávarmiðlun. Henni hefur í gömlum áætlunum verið eignuð um 280 GWh orkuaukning í virkjunum neðar í vatnakerfinu.

Helstu einkennisstærðir

	Vatnsfells-virkjun		Búðarháls-virkjun		Bjalla-virkjun	
Vatnasvið virkjunar	3600	km^2	5400	km^2	1380	km^2
Meðalrennsli	126	m^3/s	200	m^3/s	76	m^3/s
Stærð lóna	*	km^2	6	km^2	60	km^2
Miðlun	2600	Gl	3400	Gl	800	Gl
Yfirvatnshæð	563	m	338	m	560	m
Undirvatnshæð	497	m	297	m	505	m
Afl	150	MW	130	MW	70	MW
Orkugeta	900	GWh/ári	730	GWh/ári	430	GWh/ári

* Í þessum áætlunum er ekki gert ráð fyrir hækkun í Þórisvatni.

Rannsóknastaða: Verkhönnunar-/forathugunarstig.
Hagkvæmni: Vatnsfells- og Búðarhálsvirkjun eru í hagkvæmniflokki II, en Bjallavirkjun í hagkvæmniflokki III.

Fyrrnefndu virkjanirnar eru á verkhönnunarstigi, en flestum grunnrannsóknum er ólokið við Bjallavirkjun, m.a. umhverfisrannsóknum vegna Tungnaárlóns. Heimilt er að stækka bæði Sigöldu- og Hrauneyjarfossvirkjun (Stjórnartíðindi A, nr. 60/1981).

Á þessu svæði er ekkert í verndarskrám Náttúruverndarráðs, nema Veiðivötn, en mögulegt er að rennsli aukist lítillega í nokkrum vötnum við hækkun í Tungnaá.

Fyrir í Tungnaá eru Sigölduvirkjun, tekin í notkun 1977/78 (150 MW) og Hrauneyjafossvirkjun, tekin í notkun 1981/82 (210 MW). Þær skiluðu samtals 1535 GWh árið 1993. Þórisvatnsmiðlun (1300 Gl) var tekin í notkun 1971, og Kvíslaveita á árunum 1980-'86. Með veitu úr Þjórsá er áætlað að þessar virkjanir bæti við sig um 900 GWh/ári.





SUÐURLAND

Tungnaár- og Köldukvíslarvirkjanir

Áætluð lón/Lón í rekstri
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur

1 cm = 3 km

Virkjanir í miðhluta Þjórsár

Sultartangavirkjun

Virkjun með göngum úr Sultartangalóni gegnum Sandafell. Stöðvarhús neðanjarðar sunnan undir Sandafelli og 7,2 km frárennslisskurður meðfram Þjórsá að vestan niður að Bjarnalóni.

Stækkun Búrfellsvirkjunar

Ný virkjun (Búrfellsvirkjun II) er áformuð austan undir Búrfelli, og nýtir sama inntakslón og Búrfellsvirkjun (I).

Helstu einkennisstærðir

	Sultartanga-virkjun		Búrfells-virkjun II	
Vatnasvið virkjunar	6320	km^2	6400	km^2
Meðalrennsli	304	m^3/s	310	m^3/s
Stærð lóna	20	km^2	1	km^2
Miðlun	3500	Gl	3500	Gl
Yfirvatnshæð	297	m	245	m
Undirvatnshæð	250	m	126	m
Afl	150	MW	100	MW
Orkugeta	900	GWh/ári	600	GWh/ári

Rannsóknastaða: Verkhönnunarstig.
Hagkvæmni: Sultartangavirkjun er í hagkvæmniflokki II. Búrfellsvirkjun II, ásamt lokaáfanga Kvíslaveitu og stækkun Þórisvatnsmiðlunar gefur orku í hagkvæmniflokki I.

Heimildalög hafa verið samþykkt fyrir báða þessa virkjunarstaði og stækkun Kvíslaveitu og Þórisvatnsmiðlunar (Stjórnartíðindi A, nr. 60/1981, og nr. 70/1990).

Þær virkjanir, sem hér eru taldar eru nær óháðar því hvernig Efri Þjórsá er virkjuð. Hins vegar hefur aukning í orkugetu vegna stækkunar Kvíslaveitu og Þórisvatnsmiðlunar til hægðarauka verið bætt á stækkun Búrfellsvirkjunar.

Búrfellsvirkjun var tekin í notkun 1969-'72 (210 MW). Hún skilaði um 1650 GWh árið 1991.



SUÐURLAND

Virkjanir í miðhluta Þjórsár

Áætluð lón/Lón í rekstri
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur

1 cm = 2 km

Virkjanir í Neðri Þjórsá

Urriðafossvirkjun

Þjórsá er stífluð um 1 km ofan Þjórsárbrúar og upp með vesturbakkanum nokkuð uppfyrir Skeiðháholt. Aðrennslisskurður (2,5 km) um Kolvatnsmýri austan við Þjórsártún að stöðvarhúsi við Kálfholt og tæplega 5 km frárennslisskurður út í Þjórsá á móts við Mjósyndi.

Búða- og Hestfossvirkjun

Þjórsá er stífluð á eyrum rétt neðan við Nautavað á milli Vindásness og Þjórsárholts. Gert er ráð fyrir yfirfalli austan við árfarveginn. Í fyrri áfanga er virkjað niður í Árneskvísl en í síðari frá stíflu neðarlega í kvíslinni með frárennsliskurð út í Þjórsá.

Núpsvirkjun

Þjórsá er stífluð um 500 m ofan Viðeyjar. Yfirfall er ráðgert á hrauninu austan ár. Stöðvarhús er sambyggt stíflunni, og frárennslisskurður í árfarveginum niður fyrir Ölmóðsey.

Helstu einkennisstærðir

	Urriðafoss-virkjun		Búða- og Hestfossv.		Núpsvirkjun	
Vatnasvið virkjunar	7200	km^2	7000	km^2	6900	km^2
Virkjað rennsli	330	m^3/s	320	m^3/s	320	m^3/s
Stærð lóna	9	km^2	13	km^2	4	km^2
Miðlun	3500	Gl	3500	Gl	3500	Gl
Yfirvatnshæð	51	m	88	m	116	m
Undirvatnshæð	7	m	53	m	88	m
Afl	157	MW	122	MW	94	MW
Orkugeta	980	GWh/ári	780	GWh/ári	580	GWh/ári

Rannsóknastaða: Forathugunarstig.
Hagkvæmni: Núps- og Urriðafossvirkjun eru í hagkvæmniflokki II, en Búða- og Hestfossvirkjun í hagkvæmniflokki III.

Athuga þarf möguleika á að virkja í einu lagi frá Núpi að Urriðafossvirkjun.

Rennsli er mjög vel ákvarðað til virkjunarinnar með mælingum á rennsli um Búrfellsvirkjun og mælum við Sandafell (vhm. 97) og Urriðafoss (vhm. 30). Nákvæm staðfræðikort eru til og nokkuð ítarlegar jarðfræðirannsóknir varðandi flest mannvirki. Umhverfisrannsóknir hafa ekki farið fram, og um fremur litla landnotkun er að ræða.

Allir fossarnir þrír sem hverfa að mestu við virkjun eru nefndir í Fossaskrá Náttúruverndarráðs, en enginn settur í verndarflokk. Milli kvísla í Þjórsá við Árnes var gamall þingstaður, og þar eru fornminjar. Lax veiðist í net neðan við Urriðafoss og á stöng í Kálfá. Laxastigi hefur verið settur í Búðafoss.





SUÐURLAND

Neðri-Þjórsárvirkjanir

Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur

1 cm = 3 km

Efri Hvítá, eldri áætlanir

Eldri hugmyndir um virkjun efri hluta Hvítár geta staðið sem dæmi um það hvernig ná megi sem mestri orku úr vatnsfallinu á sem hagkvæmastan hátt, óháð öðrum sjónarmiðum um nýtingu svæðisins í víðasta skilningi.

Gert var ráð fyrir allt að 1000 Gl miðlun í Hvítárvatni með yfirfallshæð 437 m y.s. (stækkun úr 30 í 84 km^2). Efsta virkjun í öllum tilhögunum var við Ábóta í miðlunarstíflunni (39 MW). Þaðan voru gerðar áætlanir um fjórar mismunandi tilhaganir (I-IV).

Tilhögun I

Lón með stíflu í Sandá við Sandártungu (Sandárlón), veita í skurðum og smáuppistöðum að Stóraveri. Þaðan í göngum að Stóru Laxá og áfram að Litlu Laxá, með virkjun neðanjarðar og frárennslisgöngum að Haukholti (372-73 m).

Tilhögun II

Virkjun frá Sandárlóni niður í Hvíta SA undir Bláfelli (390-285 m). Virkjun frá lóni við Búðará niður fyrir Gullfoss með stöðvarhús neðanjarðar í Tungufelli og frárennslisgöng að Nautavík við Hvítá (235-114 m). Virkjun við Haukholt (114-73 m).

Tilhögun III

Sú sama og II, nema fallinu um Gullfoss sleppt.

Tilhögun IV

Eins og tilhögun I að enda Stóraversskurðar, en þaðan í virkjun niður að Gullfossi (390-203 m).

Samanburður, skv. áætlun frá 1975

Tilhögun	I	II	III	IV
Orkugeta (GWh/ári)	2480	2360	1210	1740
Afl (MW)	407	387	199	286
Hlutfallslegt afl	100	95	49	70
Hlutf.l. orkukostn.	100	103	112	112

Rannsóknastig: Forathugunarstig.
Hagkvæmni: Hagkvæmniflokkur II.

Innbyrðis samanburður sýnir að það kostar a.m.k. 30% í minni orkugetu, og u.þ.b. 10% í hærri kostnaði á orkueiningu ef fallinu um Gullfoss er sleppt.

Gullfoss og Hvítárgljúfur er friðland (Stjórnartíðindi B, nr.141/1979), og austurbakki Hvítárgljúfurs nokkra km inn fyrir foss er á Náttúruminjaskrá. Nokkru neðar eru Brúarhlöð, einnig á Náttúruminjaskrá, sem og Hvítárvatn, Hvítárnes ásamt Fróðárdölum. Á þessu svæði má benda á merkilega tilraun með friðun lands í Tjarnheiði við vatnið. Í Fornminjaskrá eru rústir eyðibýlis á Hvítárnesi.


Langjökull
Svartá
Jökulfall
Sandá
Hagavatn
Jarlhettur
Bláfell
Hvítá
Búðará
Tilhögun IV
Gullfoss
Stóraversalda
Brúsastaðir
Dalsá
Tilhögun I
Haukholt
Litla Laxá
Stóra Laxá
SUÐURLAND
Efri Hvítá, eldri áætlanir
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 3 km

Nýjar áætlanir um virkjun Efri Hvítár

Æskilegt er að setja fram áætlanir, sem hlífa verndarverðum náttúruauði svæðisins. Talið er að 500-600 Gl miðlun yrði ásættanleg miðað við líklegan markað, sem þessar virkjanir kæmu inn á. Með því að ná allt að 270 Gl miðlun í Jökulfalli nægir 250-350 Gl miðlun í Hvítárvatni, sem fengist með um 15 m niðurdrætti. Að öðru leyti er eftirfarandi virkjunarleið sambærileg við tilhögun III í eldri áætlunum, þar sem virkjun við Gullfoss var sleppt.

Bláfellsvirkjun

Hvítá er stífluð ofan við Ábóta og Sandá veitt til Hvítarvatns. Niðurdráttur í vatninu til miðlunar fengist með 15 m djúpum skurði inn í vatnið. Veitt með göngum gegnum Bláfell að virkjun neðanjarðar í Fremstaveri með 3 km frárennslisskurði út í Hvítá í 255-260 m y.s.

Hvítárvirkjun

Hvítá er stífluð við Þjófanes upp í 255 m y.s. og veitt í lítið inntakslón í Búðará. Þaðan með göngum að virkjun neðanjarðar við Miðgilsflatir ofan við Gullfoss með frárennsli í hléi við sjónlínum við Gullfoss. (Virkjun áfram í göngum framhjá Gullfossi gæfi um 600 GWh/ári til viðbótar).

Helstu einkennisstærðir

	Bláfells-virkjun		Hvítár-virkjun	
Vatnasvið virkjunar	1630*	km^2	2200	km^2
Meðalrennsli	80	m^3/s	100	m^3/s
Stærð lóna	35	km^2	5	km^2
Miðlun	550	Gl	800	Gl
Yfirvatnshæð	420	m	255	m
Undirvatnshæð	260	m	200	m
Afl	140	MW		
Orkugeta	840	GWh/ári		
Rennslisorka			420	GWh/ári

* Miðast við vhm. 111 í Fremstaveri

Rannsóknastaða: Rennslisorku-/forathugunarstig.
Hagkvæmni: Hagkvæmniflokkur II-III.

Langar rennslisraðir eru til úr Hvítá (vhm. 57 og 111), og mælir er í Jökulfalli (vhm. 237). Bæta þarf við staðfræðikortum austan við Hvítárvatn og við Sandá. Litlu þarf að bæta við í jarðfræðirannsóknum, til er gróðurfarskönnun frá Hvítárnesi, en umhverfismál þessara tilhagana þarf að skoða sérstaklega.

Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að stífla Sandvatn, þannig að stýra megi rennsli Sandár eftir þörfum, meðal annars til miðlunar.


Langjökull
Hvítárnes
Svartá
Jökulfall
Grjótá
Sandá
Bláfell
Hvítá
Sandvatn
Fremstaver
Þjófanes
Búðará
Stóraversalda
SUÐURLAND
Efri Hvítá
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 2 km

Virkjanir tengdar Efri Hvítá

Virkjun í Jökulfalli

Jökulfallið má stífla um 1 km innan við Gígjarfoss, og Blákvísl norður af Hnappöldu, og mynda lón á aurum árinnar og í svonefndum Blágnípuverum. Athugaðar voru tvær leiðir til virkjunar; virkjun með alls 20 km göngum, og frárennslisskurði í Grjótá eða Jökulfall í yfirfallshæð Hvítárvatns, eða virkjun með styttri göngum niður í Jökulfall beint vestur af lóninu (525 m y.s.). Reynist fyrri leiðin ófær, en hún er sennilega hagkvæmari, yrði gripið til hinnar síðarnefndu, og viðbótarvirkjun í farvegi Jökulfallsins.

Helstu einkennisstærðir

	Virkjun í Jökulfalli	
Vatnasvið virkjunar	320	km^2
Meðalrennsli	24	m^3/s
Ársrennsli	750	Gl/ári
Stærð lóna	24	km^2
Miðlun	270	Gl
Yfirvatnshæð	682	m
Undirvatnshæð	422	m
Afl	67	MW
Rennslisorka	480	GWh/ári

Rannsóknarstig: Rennslisorku-/forathugunarstig.
Hagkvæmni: Virkjun Jökulfalls er talin vera í hagkvæmniflokki III.

Vatnshæðarmælir (237) hefur verið starfræktur í fáein ár. Staðfræðikort eru til, og þó nokkrar athuganir á jarðfræði. Talsverðar upplýsingar eru til um gróðurfar í Blágnípuveri.

Kerlingarfjöll eru á Náttúruminjaskrá Náttúruverndarráðs, en þar er stefnt að friðun annarra náttúruverðmæta en þeirra er virkjunin hefur áhrif á.


Hnappalda
Gýgjarfoss
Svartá
Jökulfall
Kerlingarfjöll
Grjótá
Sandá
SUÐURLAND
Jökulfallsvirkjun
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 2 km

Virkjanir tengdar Efri Hvítá

Virkjun úr Hagavatni

Gert er ráð fyrir að hækka í Hagavatni um allt að 20 m, og yrði vatnið þá heldur minna en það hefur orðið stærst. Stíflur yrðu bæði við nýja útfallið og hið gamla. Vatninu veitt í pípum að stövarhúsi við gamla farveginn, og frárennslisskurður niður í Farið við Einifell.

Helstu einkennisstærðir

	Virkjun úr Hagavatni	
Vatnasvið virkjunar	350	km^2
Meðalrennsli	15	m^3/s
Ársrennsli	470	Gl/ári
Stærð lóna	27	km^2
Miðlun	250	Gl
Yfirvatnshæð	455	m
Undirvatnshæð	335	m
Rennslisorka	110	GWh/ári

Rannsóknarstig: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Óþekkt.

Áætlun um meðalrennsli í töflunni er í engu samræmi við stærð vatnasviðs, en hún byggist á nokkrum stökum rennslismælingum, sem eru til bæði frá sumri og vetri. Þær benda til að talsvert vatn leki til nálægra vatnasviða, þ.e. til Tungufljóts og e.t.v. til Brúarár. Vatnshæðarmælir (281) var settur í ána 1993, og auk reksturs hans kann að vera nauðsynlegt að mæla grunnvatn til að fá úr þessu skorið.

Staðfræðikort eru til, en hvorki jarðfræði- eða umhverfisrannsóknir hafa enn farið fram.


L a n g j ö k u l l
Vestari Hagafellsjökull
Eystri Hagafellsjökull
Hagafell
Leynifoss
Jarlhettur
Brekkna-
fjöll
Einifell
Fagradalsfjall
Farið
L a m b a h r a u n
Kálfstindur
SUÐURLAND
Hagavatnsvirkjun
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 1 km

Stóra Laxá

Gert er ráð fyrir að Stóra Laxá yrði virkjuð í tveimur þrepum.

Efra þrep

Stóra Laxá yrði stíflað við Tangaver í 450 m y.s.. Leirá yrði veitt í lónið með göngum og skurði, alls um 3 km. Neðan lónsins norður af Stórás yrði Stóra Laxá stíflað í 435 m y.s., og þar myndað inntaks- og miðlunarlón (Illaverslón) fyrir virkjun með göngum að stöðvarhúsi neðanjarðar og fráveitu til Stóru Laxár í Hrunakrók.

Neðra þrep

Stóra Laxá yrði stíflað rétt ofan við bæinn Laxárdal upp í 190 m y.s., með stöðvarhús í stíflunni og frárennslisskurð niður í um 90 m y.s.

Helstu einkennisstærðir

	Efra þrep		Neðra þrep	
Vatnasvið virkjunar	265	km^2	420	km^2
Meðalrennsli	12	m^3/s	19	m^3/s
Ársrennsli	380	Gl	600	Gl
Stærð lóna	6	km^2	5	km^2
Miðlun	35	Gl	70*	Gl
Yfirvatnshæð	435	m	190	m
Undirvatnshæð	200	m	90	m
Rennslisorka	120	GWh/ári	140	GWh/ári

* Að meðtalinni miðlun efra þreps.

Rannsóknastaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Óþekkt.

Enginn rennslismælir er í ánni, en sá næsti er í Fossá við Tungufell (vhm. 127). Vatnshæðarmæli þarf að setja í ána til samanburðar við langar raðir frá mismunandi stöðum á vatnasviði Hvítár (sjá fyrri kafla). Staðfræðikort eru til, en rannsóknir að öðru leyti engar.

Talsverð laxveiði er í Stóru Laxá, og eru efstu veiðistaðirnir í Hrunakrók, en þeir færu undir vatn.

Ekkert er í verndarskrám Náttúruverndarráðs á þessu svæði.


Leirá
Stórás
Hrunakrókur
Skáldabúðaheiði
Suðurland
Virkjanir í Stóru-Laxá
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 1.5 km

Virkjanir í Tungufljóti, Hvítá við Haukholt og Brúará

Virkjun í Tungufljóti

Gert er ráð fyrir að stífla við Flúðarholt. Líklega yrði pípuveita að stöðvarhúsi neðan við Faxa og frárennslisskurður út í Tungufljót.

Virkjun Hvítár við Haukholt

Stífla í Hvítárgljúfrum við bæinn Haukholt, og virkjun í stíflu með frárennslisskurð út í Hvítá.

Efstadalsvirkjun í Brúará

Stíflað er 200 m ofan við ármót Hrútár og Brúarár þvert yfir báðar árnar. Frá stíflu er 3 km aðrennslisskurður og -pípa að inntaki og stöðvarhúsi í Byrðulágum, 0,7 km NA af bænum Efstadal. Þaðan er um 1 km skurður út í Brúará.

Helstu einkennisstærðir

	Virkjun við Faxa		Haukholts-virkjun		Efstadals-virkjun	
Vatnasvið virkjunar	350*	km^2	2050	km^2	250	km^2
Meðalrennsli	30	m^3/s	130	m^3/s	30	m^3/s
Stærð lóna	11	km^2	3	km^2	1	km^2
Miðlun	50	Gl	800**	Gl	0	
Yfirvatnshæð	90	m	110	m	157	m
Undirvatnshæð	55	m	70	m	81	m
Afl			55	MW	15	MW
Orkugeta			350	GWh/ári	130	GWh/ári
Rennslisorka	100	GWh/ári				

* Erfitt er að meta vatnasvið árinnar eftir veituaðgerðir (sjá að neðan), en vatnasvið Tungufljóts við Faxa með Farinu var metin um 700 km^2.
** Miðlanir sem yrðu á vatnasviði árinnar ofan virkjunar.

Rannsóknastaða: Rennslisorkustig.
Hagkvæmni: Hagkvæmniflokkur II-III.

Langar rennslisraðir eru til í öllum ánum (vhm. 58, 68 og 108). Þó er óljóst um rennsli í Tungufljóti, vegna nýlegrar stíflu í Sandvatni, sem veitir nú öllu jökulvatni Farsins og einhverju af efstu lindum Árbrandsár til Sandár. Staðfræðikort eru til. Jarðfræði við Hvítá og Brúará hefur verið könnuð talsvert, en lítið við Tungufljót. Umhverfisrannsóknir hafa ekki farið fram.

Á Náttúruminjaskrá eru Brúarhlöð, sem gætu farið undir vatn, og vatn færi að mestu af Brúarfossi, sem einnig er á Náttúruminjaskrá. Hvítá er laxgeng upp fyrir virkjun. Dálítil lax- og silungsveiði er í Tungufljóti og Brúará, einkum silungsveiði.



SUÐURLAND
Efstadals, Tungufljóts- og Haukholtsvirkjanir

Virkjun Hvítár úr Hestvatni

Hvítá er stífluð á móts við útrennsli Hestvatns, og veitt til vatnsins, en vatnsborð þess yrði hækkað um 1-2 m. Veitt til virkjunar á bakka Hvítár sunnan við Hestvatn.

Til eru áætlanir um lágfallsvirkjanir við Selfoss og Óra, Þær yrðu hvor um sig minni en virkjun úr Hestvatni.

Helstu einkennisstærðir

Hestvatns-	virkjun	
Vatnasvið virkjunar	4360	km^2
Meðalrennsli	280	m^3/s
Stærð lóna	8	km^2
Miðlun	920*	Gl
Yfirvatnshæð	50	m
Undirvatnshæð	33	m
Afl	50	MW
Orkugeta	300	GWh/ári

* Þær miðlanir sem yrðu á vatnasviði Hvítár.

Rannsóknastaða: Forathugunarstig.
Hagkvæmni: Hagkvæmniflokkur IV.

Löng rennslisröð er til (vhm. 64). Staðfræðikort eru til. Jarðfræðirannsóknir hafa lítillega verið gerðar við Hestvatn. Umhverfisrannsóknir hafa ekki farið fram.

Mikil laxveiði er á vatnasviði Hvítár. Í Hestvatni er allvænn urriði og bleikja, og af henni er murtuafbrigðið algengt. Vatnið yrði skolað af aur Hvítár og ör vatnsskipti hefðu líklega neikvæð áhrif á vatnalíf. Við Hestvatn er mikil og vaxandi orlofshúsabyggð.

Á vestanverðu Suðurlandi eru þrjár virkjanir, allar í útfalli Þingvallavatns, Soginu; Ljósafossvirkjun, sem tekin var í notkun 1937 (8,8 MW), stækkaður 1944 í 14,6 MW, Írafossvirkjun (31 MW) bættist við 1953, stækkuð 1963 í 47,8 MW og loks Steingrímsstöð 1959 (26,4 MW). Sogsvirkjanir (88,8 MW) skiluðu samtals 575 GWh árið 1992.


Apavatn
Tungufljót
Skálholt
Ölnavatn
Grímsneshreppur
Hvítá
Stóra-Laxá
Minni-Borg
Vörðufell
Hvítá
Þjórsá
Hestfjall
Gíslholtsvötn
SUÐURLAND
Hestvatnsvirkjun
Áætluð lón
Stöðvarhús
Jarðgöng
Skurðir/pípur
1 cm = 1.5 km

Fylgiskjal 2.

ORKUSTOFNUN **Apríl 1994**

JARÐHITI TIL RAFORKUVINNSLU Á ÍSLANDI

Í þessu fylgiskjali er lýsing á öllum þekktum háhitasvæðum landsins og eiginleikar svæðanna tíundaðir með hliðsjón af nýtingu til raforkuvinnslu. Öll svæðin eru sýnd á mynd F2.1 en í lýsingum þar á eftir eru nákvæmari myndir af staðsetningu þeirra. Óviss svæði eru aðeins sýnd á mynd F2.1. Svo sem getið er í kafla 3.2 er allur jarðhiti með hitastig hærra en 100°C talinn hæfur til raforkuvinnslu, en mikinn hluta þeirrar orku er ekki hagkvæmt að virkja með núverandi tækni. Hagkvæmasti hluti jarðhitaorkunnar til raforkuvinnslu er talinn vera í háhitasvæðunum landsins. Þess vegna takmarkast þessi lýsing við háhitasvæðin.

Eðli jarðhitaorku er frábrugðið vatnsorku að því leyti að jarðhitaorkan er að mjög litlu leyti endurnýjanleg. Ef litið er til mjög langs tíma (hundruð eða þúsundir ára) er jarðhitaorkan endurnýjanleg á svipaðan hátt og vatnsorkan, en ef litið er til þess tíma sem mannlegar framkvæmdir miðast við (tugir ára) er endurnýjun jarðhitaorkunar svo lítill hluti af heildarorkunni að réttast er að líta á jarðhitaorkuna sem endanlega auðlind líkt og námu.

Það þýðir að miða verður afl og orku háhitasvæðanna við nýtingu í einhvern ákveðinn tíma. Heppilegast er að miða nýtingartíma háhitasvæðanna við endingartíma virkjana. Hér er því alls staðar miðað við nýtingartímann 50 ár við mat á afli og orku jarðhitasvæða.

Afl og orkugeta íslenskra háhitasvæða er misvel þekkt. Í sumum tilvikum er aðeins vitað um útbreiðslu jarðhita á yfirborði, en annars staðar hefur vinnsla svæðanna gefið áreiðanlegar upplýsingar um orkugetu jarðhitakerfa. Í fyrstu nálgun á mati á afli og orkugetu svæða er stuðst við flatarmál svæðanna og áætlað hitastig í jarðhitakerfi. Tafla F2.1 sýnir mat á afli og orkugetu íslenskra háhitasvæða. Í öllum tilvikum er miðað við orkuforða í berggrunni, en í sumum tilvikum (Svartsengi) er það frekar vatnsforði svæðanna frekar en orkuforði sem takmarkar núverandi orkugetu. Talið er að breyttar vinnsluaðferðir (niðurdæling) geti aukið vinnslugetu svæða. Háhitasvæði undir jöklum og á hafsbotni eru ekki talin nýtanleg og þess vegna er afl þeirra og orkugeta gefin sem núll í töflu 2.1.

Tafla F2.1 gefur til kynna að orkugeta íslenskra háhitasvæða til raforkuvinnslu sé um 29 TWh/ári í 50 ár. Aðeins hafa verið virkjaðar 0,3 TWh/ári, þannig að 99% af hagvæmri jarðhitaorku landsins er enn óvirkjað.

Gert er ráð fyrir því að jarðhitinn verði virkjaður til raforkuvinnslu í 20 MW einingum, og að rannsóknir og virkjanaundirbúningur miðist við þá virkjanatilhögun. Með því móti þarf aðeins sex ára undirbúningstíma fyrir jarðvarmavirkjanir og fjármagn til undirbúnings og virkjana dreifist á tiltölulega hagkvæman hátt á aðgerðartímabil virkjunarframkvæmda. Eftir borun 2-3 rannsóknarhola er hægt að taka ákvörðun um virkjun fyrstu 20 MW einingar á virkjunarsvæði.

Undirbúningur og virkjun 20 MW jarðvarmavirkjana er skipt í fimm rannsóknar eða þekkingarstig. Þau eru:

- Forathugunarstig
- Yfirborðsrannsóknir
- Rannsóknarboranir
- Vinnsluboranir og virkjun
- Forðafræðiathuganir og orkuvinnsla

Tafla F2.2 sýnir stöðu rannsókna á háhitasvæðum landsins. Hún sýnir að nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir um jarðhitavirkjanir í Bjarnarflagi og á Nesjavöllum. Tiltölulega auðvelt

er að gera hagkvæmniathugun fyrir Reykjanes og Grensdal, en rannsóknaboranir þurfa að koma til áður en hægt er að gera raunhæfar kostnaðaráætlanir fyrir aðra virkjunarstaði. Meginhluti íslenskra háhitasvæða er illa eða ekki þekktur og kostar það bæði tíma og fjármuni að þoka þeim áleiðis á rannsóknabrautinni.



Mynd F2.1 Háhitasvæði á Íslandi

Nánari lýsing á einstökum háhitasvæðum fer hér á eftir. Mat á umhverfisáhrifum virkjunar eru gerð samkvæmt reynslu á þeim svæðum sem þegar hafa verið virkjuð, en einnig er stuðst við Náttúruminnjaskrá Náttúruverndarráðs. Að öðru leyti er ekki lagt mat á vægi náttúruverndar eða umhverfissjónarmiða við ákvarðanatöku um virkjun jarðvarma til raforkuvinnslu. Í lýsingu háhitasvæða hér á eftir er upptalningu á heimildum sleppt. Megnið af heimildum er frá Orkustofnun en einnig er stuðst við niðurstöður rannsókna á vegum Raunvísindastofnunar Háskólans, Hitaveitu Suðurnesja, Hitaveitu Reykjavíkur, Landsvirkjun, Norrænu Eldfjallastöðvarinnar, einstakra vísindamanna o.fl.

Tafla F2.1 Mat á orku og afli háhitasvæðanna til raforkuvinnslu.

Háhitasvæði	Flatarmál km^2	Orka í 50 ár GWh/ár	Afl í 50 ár MWe
Reykjanes	2	240	30
Svartsengi og Eldvörp	11	870	110
Krísuvík, Trölladyngja og Sandfell	60	2400	300
Brennisteinsfjöll	17	800	100
Hengill, Nesjavellir, Ölkelduh., Grensd.	100	5500	690
Geysir	3	220	27
Kerlingarfjöll	11	600	75
Hveravellir	1	72	9
Mýrdalsjökull	-	0	0
Torfajökull	140	7700	960
Grímsvötn	65	0	0
Köldukvíslarbotnar	8	480	60
Vonarskarð	11	520	65
Kverkfjöll	25	400	50
Askja	25	600	75
Fremri Námar	4	280	35
Námafjall	8	570	72
Krafla	30	3000	375
Þeistareykir	19	1200	150
Öxarfjörður	30	2000	250
Prestahnjúkur	1	40	5
Hofsjökull	--	0	0
Tindfjallajökull	1	8	1
Þórðarhyrna	--	0	0
Jökulskálar V Grímsvatna	-	0	0
Hrúthálsar	7	480	60
Gjástykki	7	560	70
Kolbeinsey	--	0	0
Samtals	**586**	**28.540**	**3.569**

Tafla F2.2 Staða rannsókna á háhitasvæðum landsins

Staða rannsókna	Jarðhitasvæði	Virkjunarstaður	Athugasemdir
Jarðhitasvæði í vinnslu Forðafræðiathuganir	Reykjanes		Iðnaðarnot, frekari nýting möguleg. Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.
	Svartsengi - Eldvörp		Frekari nýting ekki ráðleg með óbreyttri vinnsluaðferð.
	Hengill	Nesjavellir	Frekari nýting möguleg. Kostnaðaráætlun liggur fyrir.
	Námafjall	Bjarnarflag	Frekari nýting möguleg. Kostnaðaráætlun liggur fyrir.
	Krafla		Frekari nýting líkl. möguleg, en rannsóknaboranir nauðsynlegar.
Jarðhitasvæði tilbúin fyrir nýja eða aukna vinnslu	Reykjanes		Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.
	Hengill	Grensdalur	Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.
	Námafjall	Bjarnarflag	Kostnaðaráætlun liggur fyrir.
Jarðhitasvæði tilbúin fyrir rannsóknaboranir	Krísuvík	Trölladyngja Austurengjahver	
	Hengill	Ölkelduháls	
	Þeistareykir		
	Námafjall	Hverarönd	
	Öxarfjörður		
	Krafla	Sandabotnaskarð	
Jarðhitasvæði á stigi yfirborðsrannsókna	Brennisteinsfjöll		
	Hengill	Hengladalir	
	Torfajökulsvæði		A.m.k. sex virkjunarstaðir á jarðhitasvæðinu við Torfajökul.
Jarðhitasvæði á stigi forrannsóknar	Krísuvík	Sandfell	
	Geysir		
	Kerlingarfjöll		
	Hveravellir		
	Köldukvíslarbotnar		
	Vonarskarð		
	Kverkfjöll		
	Askja		
	Fremri Námar		
	Prestahnjúkur		
	Tindfjallajökull		
	Þórðarhyrna		
	Jökulskálar V Grímsvatna		
	Hrúthálsar		
	Gjástykki		

1. REYKJANES

Stærð svæðis á yfirborði	2,5	km^2	Líklega stærra
Hæstur mældur hiti í holu	298	°C	Hola H-8 á 1700 m dýpi
Vinnsla 1993	73	kg/s	
Vermi borholuvökva	1200-1300	kJ/kg	
Aðgengilegt til vinnslu	100	%	
Orkugeta svæðis í 50 ár	240	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	30	MWe	
Á náttúruminjaskrá	100	%	Engin sérstök lög eru um friðun

Lýsing: Jarðhitasvæðið á Reykjanesi er í Gullbringusýslu (Hafna- og Grindavík) og liggur í 10-40 m hæð. Svæðið er sléttlent, vel aðgengilegt til virkjunar og samgöngur eru greiðar.

Rannsóknastaða: Heildarskýrsla um Reykjanessvæðið kom út 1971 og hafa litlar rannsóknir farið þar fram síðan. Viðnámsmælingar voru gerðar árið 1969 og 1981-82; bentu þær til 1 km^2 uppstreymisrásar sem náði frá yfirborði og niður á 900 m dýpi. Samkvæmt viðnámsmælingum er háhitasvæðið 2-2,5 km^2 að flatarmáli á um 600 m dýpi undir sjávarmáli. Bergmyndanir á utanverðu Reykjanesi eru móberg frá seinni hluta ísaldar, og yfir þær leggjast nútímahraun sem hylja einnig hluta jarðhitasvæðisins. Ummerki eru a.m.k. 10 gos í sjó undan Reykjanesi eftir ísöld, sum þeirra náðu einnig upp á land. Hraungos á landi voru fyrir 1500-2000 árum síðan (Eldra Stampahraun) og síðast gaus á nesinu á 13. öld (Yngra Stampahraunið), en það var í goshrinu sem stóð 1211-1240. Jarðskjálftar eru tíðir en yfirleitt fremur litlir.

Jarðhitakerfið: Virkur jarðhiti á yfirborði er á nálægt 0,5 km^2 svæði; sé köld ummyndun talin með er svæðið yfir 2 km^2. Aðallega er um gufuaugu að ræða, en nokkrir leirhverir eru einnig á svæðinu og fáeinir vatnshverir, sá er nefnist "1918" gaus þar til fyrir fáum árum. Litið er á Reykjanes sem einn virkjunarstað um 9 km^2, en talsverður hluti svæðisins er undir sjó. Jarðhitasvæðið á Reykjanesi liggur að strönd og á sjór tiltölulega greiðan aðgang í jarðhitakerfið, einkum ofantil. Jarðhitavökvinn á Reykjanesi er saltur (heitur jarðsjór). Hiti á botni holu H-8 var 292°C á 1700 m dýpi, 295°C í holu H-9 á 1448 m. Vinnsla svæðisins bendir til stærra svæðis en yfirborðsummerki gefa til kynna. Alls hafa verið boraðar 9 holur á Reykjanessvæðinu. Hola H-9 er sú eina sem er nýtt í dag, til saltvinnslu og er hún ein aflmesta hola á landinu. Hitaveita Suðurnesja tók við rekstri svæðisins í ágúst 1988. Vinnsla úr svæðinu hefur ekki haft í för með sér mælanlega þrýstilækkun, en fram til 1993 hafa verið tekin úr svæðinu um 40 milljón tonn. Að meðaltali var heildarvinnsla (vatn og gufa) úr svæðinu 48 kg/s árin 1970-1992 og 73 kg/s fram til júlí 1993. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 30 MW í 50 ár og orkugeta á sama tíma 240 GWh/ári. Engar áætlanir eru til um rannsóknir né virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Svæðið er allt á Náttúruminjaskrá (svæði 106, 1991); engin sérstök lög eru um friðun. Merkilegar náttúruminjar eru: Eldvörp, gjár, hrauntjarnir, hverasvæði, jarðhitagróður, volg sjávartjörn og fuglabjarg í Hafnabergi. Fylgst er með massatöku, þrýstingi og efnum í gasi og borholuvökva frá jarðhitasvæðinu.


Hafnir
Stapafell
Hafnaberg
Þórðarfell
Sandfell
Sandvíkur
Eldvörp
Stampar
Sýrfell
Stampahraun
Háleyjabunga
Reykjanesviti
Krossavíkurberg
Reykjanestá
REYKJANES
Jarðhitasvæðið á Reykjanesi
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

2. SVARTSENGI OG ELDVÖRP

Stærð svæðis á yfirborði	11	km^2	Miðað við viðnámslægð og dreifingu hita
Hæstur mældur hiti í holu	263	°C	Hola EG-02, Eldvörpum, 1265 m djúp
Vinnsla 1993	244	kg/s	Meðalframleiðsla, gufa og vatn
Vermi borholuvökva	1040-2800	kJ/kg	
Uppsett varmaafl	125	MWt	Fyrir hitaveitu
Uppsett afl til raforkuvinnslu	16,6	MWe	
Raforkuvinnsla (1992)	89	GWh	
Orkugeta í 50 ár	870	GWh/ári	Miðað við varmaforða í bergi
Afl svæðisins í 50 ár	110	MWe	Miðað við varmaforða í bergi
Svæði aðgengilegt til vinnslu	100	%	
Á náttúruminjaskrá	80	%	Engin friðun skv. sérst. lögum

Lýsing: Með "Svartsengi" er í þessari skýrslu átt við bæði Svartsengi og Eldvörp, en þau eru eitt jarðhitakerfi. Svartsengi er í Grindavík, Gullbringusýslu og liggur svæðið að mestu í um 25-40 m hæð yfir sjó. Svæðið er að mestum hluta þakið ungum hraunum, er láglent og vel aðgengilegt til vinnslu. Góðir vegir eru að Svartsengi og að borholunni í Eldvörpum.

Rannsóknastaða: Svæðið er í sprungusveim með SV-NA-lægum sprungum. Berg á svæðinu er basalt, í fellunum er móberg frá því á seinni hluta ísaldar, en mest af svæðinu liggur undir nútímahraunum. Arnarseturshraun hefur runnið á sögulegum tíma frá eldstöðvum í 3 km fjarlægð frá jarðhitasvæðinu. Eldvörp eru hluti af langri gígaröð, einni af mörgum í nágrenni svæðisins. Gostíðni hefur verið fremur lítil á sögulegum tíma. Jarðskjálftar eru yfirleitt litlir, eins og víðast í gosbeltinu. Niðurdráttur í Eldvörpum bendir til þess að Svartsengi og Eldvörp séu hlutar af sama jarðhitakerfi; efnafræði, viðnáms- og þyngdarmælingar styðja það. Land- og þyngdarmælingar hafa verið gerðar á svæðinu til að fylgjast með áhrifum vatnstöku.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti og ummyndun ná yfir 4 km^2 í Svartsengi en fáein hundruð fermetra í Eldvörpum. Köld ummyndun nær hæst í Svartsengisfelli (Sýlingafelli) í 190 m, en hiti nær ekki svo hátt í dag. Jarðhitavökvinn í Svartsengi og Eldvörpum er að 2/3 hluta sjór.

Boraðar hafa verið 15 holur á vinnslusvæðinu í Svartsengi og er gufan fyrst notuð til raforkuvinnslu og síðan með varmaskiptum til að framleiða hitaveituvatn fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Í Eldvörpum er 1265 m djúp rannsóknahola (EG-02) og er hæstur hiti 263°C í henni, en hæstur mældur hiti er 243°C í Svartsengi (hola 4). Hitaveituvatn var framleitt í bráðabirgðastöð 1976-79, en varmaorkuver tók til starfa í desember 1977. Meðalvinnsla árið 1993 var 244 kg/s (gufa og vatn). Uppsett varmaafl er 125 MWt og afl til raforkuvinnslu er 16,6 MWe. Raforkuvinnsla hófst 1979 og var 89 GWh á árinu 1992. Miðað við þann varma sem talinn er vera í bergi á svæðinu er reiknað með að afl svæðisins sé 110 MW í 50 ár og orkugeta 870 GWh í 50 ár. Núverandi vinnsla á svæðinu er talin fullnýta vatnsforða svæðisins. Svartsengi er stutt frá hafnarsvæði í Grindavík.

Umhverfismál: Hluti Svartsengis er á Náttúruminjaskrá, en svæðið er ekki friðað með sérstökum lögum. Afrennsli frá virkjuninni í Svartsengi hefur verið veitt út í hraunið norðan og vestan hennar og myndað þar Bláa lónið. Það er nú vinsæll baðstaður. Fylgst er með massatöku, þrýstingi, hitabreytingum og efnum í gasi og borholuvökva á svæðinu.


Vogastapi
Seltjörn
Stapafell
Arnarsetur
Þórðarfell
SVARTSENGI
Svartsengisfell
Þorbjörn
Eldvörp
GRINDAVÍK
SVARTSENGI
Svartsengi og Eldvörp
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

3. KRÍSUVÍK

Stærð svæðis	60	km^2	Yfirborðshiti og viðnámslægð
Hæstur mældur hiti í holu	262	°C	Á 500 m dýpi í H-6
Aðgengilegt til vinnslu	80	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	2400	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	300	MWe	
Á náttúruminjaskrá	100	%	Svæðið er allt innan Reykjanesfólkvangs

Lýsing: Jarðhitasvæðið er í Gullbringusýslu, jörðin Krísuvík er í eigu Ríkissjóðs og Hafnarfjarðar, en aðrir hlutar svæðisins eru í Grindavík og Vatnsleysustrandarhreppi. Jarðhitasvæðið er að mestu í 150-200 m hæð, er fremur sléttlent, en móbergshálsar ná upp í 400 m. Kleifarvatn nær yfir hluta þess. Svæðið liggur vel við samgöngum og vinnslu og er mestur hluti þess vel aðgengilegur til borana.

Rannsóknastaða: Krísuvíkursvæði er í samnefndu sprungukerfi sem nær frá sjó í suðri að Rauðavatni í norðaustri. Berg er eingöngu basalt, grágrýtishraun og móberg frá ísöld, og nútímahraun. Fáein gos hafa orðið á sögulegum tíma: Yngsta goshrinan (Krísuvíkureldar) er talin hafa staðið 1151-1188, og hafi Ögmundarhraun og Kapelluhraun runnið um 1151 og hrinunni lokið með gosi í Mávahlíðum. Afstapahraun er talið vera frá 1325 og Traðarfjallahraun frá um 1340. Jarðskjálftar eru tíðir, en yfirleitt smáir. Heildarskýrsla um rannsókn jarðhitasvæðisins kom út 1975. Rannsóknir hafa að mestu legið niðri síðan.

Jarðhitakerfið: Krísuvíkursvæði má skipta í þrjá virkjunarstaði: Austan við Sveifluháls (að Austurengjahver), Tröllladyngju og Sandfell, samtals um 30 km^2. Jarðhiti og ummyndun á yfirborði nær yfir um 56 km^2 svæði. Jarðhitasvæðið er metið 60-65 km^2 að flatarmáli og er þá miðað við lágt viðnám, ummyndun og virkan jarðhita á yfirborði. Talið er að uppstreymi geti verið við Tröllladyngju og austan við Sveifluháls. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson voru manna fyrstir til að bora í jarðhitasvæði á Íslandi, þeir boruðu grunnar holur í Krísuvík og fengu upp gufu um miðja 18.öld. Fyrir 1948 voru boraðar 15-20 grunnar holur (flestar <100 m) í Krísuvík. Árin 1960-1972 voru boraðar 8 dýpri holur (300-1275 m) til rannsókna. Hæstur hiti, 262°C, mældist á 500 m dýpi í H-6 við Tröllladyngju. Efnahitamælar benda til þess að hiti geti verið nokkru hærri en þetta. Hola H-4 er nýtt til upphitunar (á bænum Krísuvík), en aðrar holur eru ónothæfar. Miðað við stærð svæðisins, hita í jarðhitakerfinu, að 80% þess séu aðgengileg til borana o.fl., hefur verið reiknað út að svæðið geti staðið undir vinnslu raforku sem svarar til 2400 GWh/ári í 50 ár, eða að afl þess sé 300 MW til sama árafjölda. Engar áætlanir eru til um rannsóknir né virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Krísuvík er innan Reykjanesfólkvangs, sem var friðlýstur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Engar sérstakar rannsóknir á áhrifum virkjunar á umhverfið hafa verið gerðar í Krísuvík.


Keilir
Tröllaðyngja
Djúpavatn
Sveifluháls
KLEIFARVATN
Sandfell
Krísuvík
Austurengjahver
Geitahlíð
Ögmundarhraun
Krísuvíkurberg
KRÍSUVÍK
Jarðhitasvæði í Krísuvík
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

4. BRENNISTEINSFJÖLL

Stærð svæðis á yfirborði	17	km^2	Yfirborðshiti og viðnámslægð
Aðgengilegt til vinnslu	100	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	800	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	100	MWe	
Á náttúruminjaskrá	100	%	Allt innan Reykjanesfólkvangs

Lýsing: Háhitasvæðið í Brennisteinsfjöllum liggur í 420-450 m hæð og liggja engir vegir þangað. Svæðið er í Grindavík, Gullbringusýslu og Ölfushreppi (áður Selvogshreppi) í Árnessýslu og yrði aðgengilegt með vegi frá t.d. Bláfjöllum. Svæðið er talsvert úfið og sprungið. Ekkert vatn er þar á yfirborði.

Rannsóknastaða: Jarðmyndanir eru móberg og grágrýti frá síðustu ísöld en ung hraun þekja þessar eldri myndanir. Brennisteinsfjöll eru í greinilegu sprungubelti og hefur gosið þar nokkrum sinnum á sögulegum tíma. Þó litlar heimildir séu til um eldgos þarna benda jarðfræðirannsóknir til þess að Tvíbollahraun hafi runnið um 950, Breiðadalshraun um 910, Rjúpnadyngnahraun um 1150, Kóngsfellshraun um 1200, en Selvogshraun er líklega talsvert eldra. Stórir jarðskjálftar hafa orðið á þessu svæði, t.d. 1929 M:6,3 og 1933 M:6,0. Árin 1992 hófust rannsóknir á þessu svæði. Stærð þess er metin út frá yfirborðsummerkjum og viðnámsmælingum.

Jarðhitakerfið: Gufuaugu með allt að 98°C hita og kaldar ummyndunarskellur eru einu yfirborðsummerki á svæðinu. Ef miðað er við dreifingu hita og ummyndunar á yfirborði er flatarmál svæðisins yfir 2 km^2. Viðnámsmælingar gerðar 1992 benda til þess að svæðið sé a.m.k. 17 km^2 að flatarmáli á 1200 m dýpi undir sjávarmáli. Enskt námafélag reyndi að nýta brennistein þaðan um 1882, en það mistókst, og er nafnið Brennisteinsfjöll eini afrakstur þeirra framkvæmda. Engin þekking er fyrir hendi um jarðhitakerfið. Litið er á að um einn virkjunarstað sé að ræða þarna. Miðað við stærð svæðisins er reiknað með að það geti staðið undir 800 GWh/ári raforkuvinnslu og 100 MW í afli í 50 ár. Engar áætlanir eru um virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Brennisteinsfjöll er innan Reykjanesfólkvangs sem var friðlýstur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Engar sérstakar umhverfisrannsóknir hafa farið fram á svæðinu, en hin gamla Selvogsgata liggur um svæðið norðanvert.





BRENNISTEINSFJÖLL

Jarðhitasvæði í Brennisteinsfjöllum

Mörk háhitasvæðis

1 cm = 1 km

5. HENGILL

ALLT SVÆÐIÐ			
Stærð svæðis á yfirborði	100	km^2	Yfirborðshiti og viðnámslægð
Aðgengilegt til vinnslu	80	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	5.500	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	690	MWe	
Á náttúruminjaskrá	50	%	
NESJAVELLIR:			
Hæstur mældur hiti í holu	>380	°C	H-11 neðan 2100 m dýpis
Vinnsla 1993	150	kg/s	Meðalframleiðsla, gufa og vatn
Vermi borholuvökva	950-2.500	kJ/kg	
Uppsett varmaafl	150	MWt	Fyrir hitaveitu
Á náttúruminjaskrá	0	%	
ÖLFUSDALUR-GRENSDALUR:			
Hæstur mældur hiti í holu	233	°C	Hola 1
Vermi borholuvökva	800-1.000	kJ/kg	
Á náttúruminjaskrá	100	%	

Lýsing: Hengill er í Árnessýslu (Grafningshreppi, Ölfushreppi og Hveragerði). Hengilssvæðið er fremur úfið, liggur mest í 300-600 m hæð, en hæst rís Skeggi í 800 m. Um 70-80% svæðisins eru talin þokkalega aðgengileg til virkjunar. Samgöngur eru góðar um hluta svæðisins. Því er venjulega skipt niður í minni einingar, t.d. Nesjavelli, Ölfusdal-Grensdal, Ölkelduháls, Hengladali og Vestur-Hengil. Hengill er eitt af stærstu háhitasvæðum landsins.

Rannsóknastaða: Hengill er að mestum hluta úr móbergi og eru elstu berglög er að finna nálægt Hveragerði. Berggrunnur er að mestu leyti basalt en andesít og líparít koma einnig fyrir. Nútímahraun eru mörg og þeirra yngst er Svínahraun, runnið árið 1000. Sprungubeltið um Hengil er a.m.k. 45 km langt og 10 km breitt þar sem siga verður vart. Jarðskjálftar eru algengir á svæðinu og mikið er um smáskjálfta. Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á efnafræði jarðhitavökva, jarð- og jarðeðlisfræði, og byggir mat á svæðinu á þessum rannsóknum. Rannsóknastaða er fremur góð á þessu svæði, yfirborðsrannsóknum er lokið og næsta stig undirbúnings eru rannsóknaboranir.

Jarðhitakerfið: Virkur jarðhiti á yfirborði er mikill og er fyrrnefnd svæðaskipting að hluta til byggð á dreifingu jarðhitans. Mesta jarðhitavirknin er við Ölkelduháls og í Hengladölum. Ummyndun er mikil og víða eru kaldar ummyndunarskellur. Samkvæmt dreifingu hita, ummyndunar á yfirborði og viðnámsmælingum er stærð svæðisins um 112 km^2, og er heitasta svæðið um 75 km^2. Í Hveragerði er nýting mest til upphitunar. Hiti í borholum er hæstur 233°C í Hveragerði og í holu 11 á Nesjavöllum hefur mælst yfir 380°C neðan 2100 m dýpis. Hitaveita Reykjavíkur hitar vatn á Nesjavöllum í varmaorkuveri. Iðnaðarráðherra getur, skv. lögum nr. 74/1990, heimilað HR að framleiða 76 MWe með gufu á Nesjavöllum. Fyrir utan Nesjavelli og Hveragerði er nýting lítil og rannsóknir á jarðhitakerfinu skemmra á veg komnar. Miðað við stærð svæðisins er reiknað með að svæðið geti staðið undir 5.500 GWh/ári raforkuvinnslu í 50 ár, og 690 MWe uppsettu afli. Reiknað er með um 5-7 virkjunarstöðum.

Umhverfismál: Ölfusdalur og Hengladalir eru á Náttúruminjaskrá sem "náttúruminjar" og nemur það svæði um 50% af jarðhitasvæðinu. Engin svæði eru vernduð með sérstökum lögum. Á Nesjavöllum er fylgst er með massatöku, þrýstingi og efnum í gasi og borholuvökva.


ÞINGVALLAVATN
Nesjavellir
HENGILL
Henglaðadalir
Ölkelduháls
Vestur Hengill
Ölfusdalur
Skálafell
HENGILL
Jarðhitasvæði í Hengli
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

6. GEYSIR

Stærð svæðis á yfirborði	3	km^2	Yfirborðshiti og ummyndun
Aðgengilegt til vinnslu	100	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	220	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	27	MWe	
Á náttúruminjaskrá	100	%	Ákveðnar umgengnisreglur eru við Geysi

Lýsing: Geysissvæðið er í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu og liggur í 100-200 m hæð, samgöngur þangað eru ágætar og er svæðið vel aðgengilegt.

Rannsóknastaða: Geysissvæðið er á austurjaðri virka gosbeltisins, en engar nútíma gosminjar eru þar. Án efa er Geysir frægastur hvera á Íslandi og hefur víða verið um hann fjallað, en lítið um jarðhitasvæðið í heild. Jarðlög eru að mestum hluta basalt, en Laugafjall er úr líparíti. Jarðmyndanir í nágrenni Geysis eru myndaðar undir jökli á seinni hluta ísaldar. Svæðið er hluti af gamalli megineldstöð, en mörk hennar eru óljós. Svæðið virðist ekki tengt neinu virku sprungubelti, en í hinum stóru Suðurlandsskjálftum hafa hverir eflst mjög og er þeirra fyrst getið í tengslum við jarðskjálfta 1294. Stórir jarðskjálftar eru ekki tíðir. Rannsóknastaða er slæm fyrir jarðhitasvæðið í heild.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti og ummyndun á yfirborði þekja um 3 km^2, en virkur jarðhiti er aðeins á hluta þess svæðis. Jarðhitinn er mest sem vatnshverir og eru Strokkur og Geysir frægastir goshveranna. Meðalvatnsrennsli svæðisins er nálægt 20 l/s, þar af voru 2,5 l/s úr Geysi sjálfum um 1964, en rennsli virðist vera mun minna nú. Jarðhitavatnið hefur oft verið athugað og benda efnarannsóknir til þess að hitinn í djúpkerfinu sé 230-250°C. Flatarmál viðnámslægðar (á 500 m dýpi undir sjávarmáli) er um 7 km^2, en þar sem ekki liggur fyrir endanleg úrvinnsla á þeim gögnum er ekki tekið tillit til þeirra til stækkunar svæðisins og eru 3 km^2 trúlega lágmarksstærð. Nýting svæðisins er aðeins til upphitunar á staðnum, þá með afrennslisvatni. Á undanförnum árum hefur verið borað í nágrenni jarðhitasvæðisins (borað í jaðar jarðhitakerfisins). Ekki hafa komið fram áhrif þeirrar vinnslu á hverina við Geysi, enda lítið fylgst með henni. Engar áætlanir eru til um rannsóknir né virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Haukadalur og Almenningar eru á Náttúruminjaskrá. Geysissvæðið er ekki friðlýst með sérstökum lögum, en um það gilda ákveðnar umgengnisreglur. Geysissvæðið er talsvert rannsakað af jarð- og líffræðingum. Mikill ferðamannastraumur fer þar um á ári hverju. Geysir er undir umsjón Náttúruverndarráðs frá 1991.



GEYSIR

Jarðhitasvæðið á Geysi

7. KERLINGARFJÖLL

Stærð svæðis á yfirborði	11	km^2	Yfirborðshiti og ummyndun
Aðgengilegt til vinnslu	70	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	600	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	75	MWe	
Á náttúruminjaskrá	100	%	

Lýsing: Kerlingarfjöll eru á miðhálendinu og tilheyra Árnessýslu. Jarðhitasvæðið liggur í 900-1100 m hæð og er sumarfær vegslóði að því. Svæðið er fjöllótt og fremur illa aðgengilegt. Mestur hluti jarðhitasvæðisins er í Hveradölum.

Rannsóknastaða: Nær allt berg á svæðinu er til orðið við gos undir jökli og er basískt móberg þar hlutdrýgst, en mikið er einnig af líparíti. Nútímagosmyndanir eða eldstöðvar eru engar á svæðinu, næst er Illahraun í 6 km fjarlægð. Jarðskjálftar virðast ekki tíðir og 1968 mældust þarna engir smáskjálftar. Engar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar þarna og lítið er vitað um efnafræði jarðhitakerfisins. Rannsóknir á svæðinu eru skammt á veg komnar.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti er mikill á yfirborði, einkum gufuhverir. Ummyndun er einnig mjög mikil og er flatarmál hita og ummyndunar um 11 km^2. Þar sem engar viðnámsmælingar hafa farið fram á þessu svæði er eingöngu höfð hliðsjón af jarðhitaummerkjum á yfirborði við mat á stærð svæðisins. Nýting er aðeins til upphitunar í skíðaskála, og vatn er tekið úr grunnum holum. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 75 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma sé 600 GWh/ári. Engar áætlanir eru til um rannsóknir né virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Svæðið er allt sem "náttúruminjar" á Náttúruminjaskrá, engin sérstök lög kveða á um verndun ákveðinna hluta svæðisins. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði, einkum til skíðaiðkunar. Engar umhverfisrannsóknir hafa verið gerðar á svæðinu.



KERLINGARFJÖLL

Jarðhitasvæðið í Kerlingarfjöllum

Mörk háhitasvæðis

1 cm = 1 km

8. HVERAVELLIR

Stærð svæðis á yfirborði	1	km^2	Yfirborðshiti og ummyndun
Aðgengilegt til vinnslu	100	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	72	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	9	MWe	
Friðlýst sem náttúruvætti	100	%	

Lýsing: Jarðhitasvæðið á Hveravöllum liggur á miðhálendinu í 600 m hæð og tilheyrir Austur-Húnavatnssýslu. Kjalvegur liggur að svæðinu og þangað má komast á fólksbíl að sumarlagi. Jarðhitasvæðið er sléttlent og er vel aðgengilegt til vinnslu.

Rannsóknastaða: Fremur lítið er vitað um jarðfræði þessa svæðis en megineldstöð er 5 km vestur af, í norðurhluta Langjökuls og í Þjófadalafjöllum, og er þar talsvert af súru bergi. Líklega eru Hveravellir tengdir slíkri eldstöð, en rannsóknir eru nær engar á jarðfræði þessa svæðis. Kjalhraun er nútímahraun og liggur yfir suðurhluta svæðisins. Engin smáskjálftavirkni var þarna 1968, og virðist svæðið ekki tengt neinu sprungubelti og er því líkt Geysissvæðinu að því leyti.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti er mest sem vatnshverir og er afrennslið um 10-15 l/s. Jarðhitinn hefur lítið verið rannsakaður, en stærð svæðisins skv. yfirborðshita og ummyndunar er um 1 km^2, en frekari rannsóknir gætu breytt þeirri mynd. Engar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar á svæðinu og er stærð þess því metin eftir yfirborðsummerkjum. Rannsóknir hafa verið gerðar á efnafræði vatnsins, á grundvelli þeirra er hiti í jarðhitakerfinu um 280°C, samkvæmt efnahitamælum. Boranir eru engar og nýting aðeins í hlaðna sundlaug og til upphitunar í skála og veðurathugunarstöð. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 9 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma sé 72 GWh/ári. Engar áætlanir eru til um rannsóknir né virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Hveravellir voru friðlýstir sem náttúruvætti 1960 og friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 217/1975, stærð 170 ha. Svæðið er fjölsóttur ferðamannastaður.



HVERAVELLIR

Jarðhitasvæðið á Hveravöllum

Mörk háhitasvæðis

1 cm = 1 km

9. MÝRDALSJÖKULL

Stærð svæðis á yfirborði	óþekkt	km^2	Öskjusig og afrennsli
Aðgengilegt til vinnslu	0	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	0	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	0	MWe	
Á náttúruminjaskrá	0	%	

Lýsing: Þetta háhitasvæði er allt jökli hulið og því ekki aðgengilegt. Mýrdalsjökull er í Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslum og nær hæst í um 1450 m hæð.

Rannsóknastaða: Elstu jarðmyndanir á yfirborði eru frá síðari hluta ísaldar. Mikil gosvirkni hefur verið í Kötlu, og gos hafa orðið a.m.k. 14 sinnum á sögulegum tíma, síðast 1918 og hugsanlega einnig 1955, er mikið jökulhlaup kom frá jöklinum. Megnið af berginu er basískt, en líparít er í austurjaðri jökulsins og í sumum jökulskerjum. Lítið hefur verið unnið að jarðfræðirannsóknum á þessari megineldstöð. Efnafræði hjálpar lítið við könnun svæðisins, en brennisteinslykt er af vötnum sem af svæðinu renna. Mælingar hafa verið gerðar á undirlagi Mýrdalsjökuls og kemur lag öskjunnar þar vel í ljós. Smáskjálftavirkni er fremur mikil auk þess sem stærri skjálftar eru ekki óalgengir. Yfir Mýrdalsjökli er 70-80 km^2 segullægð sem er sennilega vegna öskjusigs í eldstöðinni, og er jarðhitasvæðið líklega innan sigsins. Aðrar jarðeðlisfræðilegar rannsóknir hafa ekki verið gerðar sem auka þekkingu á jarðhitasvæðinu.

Jarðhitakerfið: Þar sem stærð og gerð svæðisins eru óþekktar er ekki unnt að gera grein fyrir orku þess, enda ekki gert ráð fyrir virkjun þess í bráð. Þrjú vatnsföll hafa bæði fnyk og efnainnihald sem ótvírætt bendir til háhitasvæðis: Jökulsá á Sólheimasandi (Fúlilækur), Múlakvísl og Skálm. Nýting er engin né boranir.

Umhverfismál: Svæðið er ekki á Náttúruminjaskrá.


KATLA
MÝRDALSJÖKULL
Sólheimajökull
Jökulsá á Sólheimasandi
Skálm
Múlakvísl
VÍK
MÝRDALSJÖKULL
Jarðhitasvæðið í Mýrdalsjökli
1 cm ≈ 2.5 km

10. TORFAJÖKULL

Stærð svæðis á yfirborði	140	km^2	Yfirborðshiti, ummyndun og viðnám
Aðgengilegt til vinnslu	70	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	7.700	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	960	MWe	
Á náttúruminjaskrá	100	%	Svæðið er friðland

Lýsing: Torfajökulssvæðið er í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum og eru vegslóðar inn á svæðið, færir að sumarlagi. Svæðið er í 600-1100 m hæð og fremur óaðgengilegt til vinnslu. Landið er úfið og talsverðar vegaframkvæmdir þarf áður en boranir geta hafist.

Rannsóknastaða: Torfajökulssvæðið er stærsta líparítsvæði á landinu og einnig stærsta jarðhitasvæðið að flatarmáli. Gosvirkni hefur verið mikil á síðasta jökulskeiði. Samkvæmt öskulagarannsóknum á Veiðivatnasvæðinu hafa orðið þar a.m.k. þrjú stór eldgos á sögulegum tíma sem náðu inn á Torfajökulssvæðið. Gosin eru talin hafa verið nálægt 150, 900 og 1480, þ.e. tvö á sögulegum tíma. Smáskjálftar eru tíðir á svæðinu og einnig koma þar stærri skjálftar. Á árunum 1973 og 1974 voru gerðar þar allmargar viðnámsmælingar, en þær mælingar eru of fáar til þess að nokkur heilleg mynd fáist af svæðinu. Á árunum 1968 og 1973 var mæld innrauð hitageislun frá svæðinu. Segullægð er yfir Torfajökulssvæðinu. Árið 1992 hófust aftur yfirborðsrannsóknir á svæðinu á vegum Orkustofnunar. Jarðfræði- og jarðhitarannsókn Torfajökulssvæðisins er skammt á veg komin.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti er mikill á yfirborði á Torfajökulssvæðinu og er ummyndun mjög víða. Yfirborðsummerki eru að mestu innan öskjusigs í eldstöðinni og ná yfir um 130 km^2. Jarðhitinn er að mestu sem gufuhverir en leir- og vatnshverir finnast einnig. Efnafræði í heitu vatni bendir til þess að um 265°C hiti geti verið í jarðhitakerfinu. Nýting jarðhitans er engin ef frá er talinn baðpollur við Landmannalaugar og upphitun skálans þar. Engar boranir hafa verið gerðar á svæðinu. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 960 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma sé 7.700 GWh/ári. Engar áætlanir eru til um rannsóknir né virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 354, 1979 var allt svæðið friðlýst sem friðland, nefnt "Friðland að Fjallabaki".



TORFAJÖKULL

Jarðhitasvæðið í Torfajökli

Mörk háhitasvæðis

1 cm = 2 km

11. GRÍMSVÖTN

Stærð svæðis á yfirborði	65	km^2	Yfirborðshiti og öskjusig
Aðgengilegt til vinnslu	0	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	?	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	?	MWe	
Á náttúruminjaskrá	100	%	Innan þjóðgarðs í Skaftafelli

Lýsing: Grímsvatnasvæðið er rúmlega 100 km^2 sigdæld í Vatnajökli sem hefur myndast við öskjusig og er svæðið að mestu hulið jökli. Svæðið er í um 1400 m hæð og telst til Vestur-Skaftafellssýslu. Það liggur um 30 km frá jökulröndinni og er óaðgengilegt til orkuvinnslu.

Rannsóknastaða: Grímsvötnin sjálf eru talin vera um 30-40 km^2 og eru þau að mestu hulin ís. Það litla sem sér í berg er basískt móberg ásamt hraunlögum. Eldvirkni hefur alla tíð verið mikil í Grímsvötnum og þar gaus síðast 1934 og 1983, en alls er talið að þar hafi gosið um 50 sinnum á sögulegum tíma. Jarðskjálftar eru algengir en lítið er vitað um smáskjálfta. Efnagreiningar hafa verið gerðar á afrennsli frá svæðinu, en fáar greiningar eru til á gasi frá svæðinu sjálfu. Nokkuð hefur verið gert af jarðeðlisfræðilegum mælingum í Grímsvatnalægðinni og nágrenni hennar, bæði til að kanna þykkt jökulsins og landslagið undir honum. Segullægð er yfir Grímsvötnum.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti er virkur á yfirborði og verður hans vart við Vatnshamar og í Svíahnúkum á nokkrum stöðum og mælst hefur tæplega 100°C hiti þar. Eftir hlaupið 1954 sást mikill gufuhver við Svartabunka. Lægðir og sig er myndast norðan- og austantil í öskjunni benda og til jarðhita þar undir. Ekki er reiknað með að virkur jarðhiti sé undir jöklinum í allri 100 km^2 öskjunni, en með því að telja sigin norðan- og austantil sem jarðhita má áætla að flatarmál jarðhitasvæðisins sé nálægt 65 km^2. Út frá athugunum á vatnsbúskap jökulsins og Grímsvatnahlaupum hefur flatarmál svæðisins verið reiknað nálægt 100 km^2 og að náttúrulegt varmastreymi svæðisins sé 4.700-5.900 MWt. Ef flatarmál svæðisins er 65 km^2 er orkuflæðið 80-90 W/m^2 sem er með því hæsta á landinu. Ýmis rök benda hins vegar til að aflið sé óeðlilega mikið og fari dvínandi, t.d. hafa Skeiðarárhlaup farið minnkandi á síðustu áratugum. Boraðar voru 2 holur á Grímsfjalli (Eystri-Svíahnúk) árið 1983, 15 m og 27 m djúpar, til þess að afla orku fyrir ýmis fjarskipta- og mælitæki. Miðað við stærð svæðisins og hita er ljóst að mikil orka er þar fólgin þótt erfitt verði að virkja hana og flytja til byggða. Engar áætlanir eru til um rannsóknir né virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Grímsvötn eru hluti af þjóðgarði í Skaftafelli sem stofnaður var 1967 og reglugerð birt í Stjórnartíðindum B, nr. 319/1984.


Svartibunki
Grímsvötn
Vatnshamar
Eystri Sviahnúkur
Grímsfjall
© OS/ESA/LMÍ
GRÍMSVÖTN
Jarðhitasvæðið í Grímsvötnum
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

12. KÖLDUKVÍSLARBOTNAR

Stærð svæðis á yfirborði	12	km^2	Yfirborðshiti og ummyndun
Aðgengilegt til vinnslu	80	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	480	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	60	MWe	
Á náttúruminjaskrá	0	%	

Lýsing: Jarðhitasvæðið í Köldukvíslarbotnum er í Rangárvallasýslu og liggur í um 820 m hæð. Engir vegir eru inn á svæðið, en vegslóðar liggja þangað af Sprengisandsleið. Svæðið er sléttlent, en mikill vatnsagi er frá Köldukvísl og svæðið því ekki allt vel aðgengilegt til vinnslu vegna árinnar.

Rannsóknastaða: Litlar rannsóknir hafa verið gerðar á jarðhita á svæðinu. Bergið í Syðri- og Nyrðri Hágöngu er líparít og er trúlega myndað undir jökli á síðari hluta ísaldar. Móberg og líparít er í fjöllunum milli Hágangna og þar norðan og sunnan við. Eldvirkni hefur ekki verið á svæðinu eftir að ísöld lauk og engin gos hafa orðið á sögulegum tíma í nágrenninu svo vitað sé. Hraun hafa runnið inn á svæðið, t.d. hefur Hágönguhraun runnið að Syðri-Hágöngu úr austri. Næstu nútímaeldstöðvar eru um 6 km austan svæðisins. Litlar upplýsingar eru til um jarðefnafræði og engar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar á svæðinu utan þess að árið 1973 var mæld innrauð hitageislun frá svæðinu.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti kemur upp á eyrum og á bökkum Köldukvíslar norðaustan við Syðri-Hágöngu og teygist svæðið til norðausturs. Stærð jarðhitasvæðisins er eingöngu metin eftir jarðhita á yfirborði, en jarðhitaskellur stinga sér víða upp úr áraurunum. Hiti mældist allt að 95°C í skellum þessum 1984. Jarðhitasvæðið er ílangt með stefnu SSV-NNA, er um það bil 1,5-2 km á breidd og rúmlega 7 km langt. Stærð þess er metin 12-14 km^2. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 60 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma sé 480 GWh/ári. Engar áætlanir eru til um rannsóknir né virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Svæðið liggur afskekkt og er ekki á Náttúruminjaskrá.


Nyrðri Háganga
Kaldakvísl
KÖLDUKVÍSLARBOTNAR
Syðri Háganga
Kaldakvísl
Hágönguhraun
KÖLDUKVÍSLARBOTNAR
Jarðhitasvæðið í Köldukvíslarbotnum
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

13. VONARSKARÐ

Stærð svæðis á yfirborði	11	km^2	Yfirborðshiti og ummyndun
Aðgengilegt til vinnslu	60	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	520	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	65	MWe	
Á náttúruminjaskrá	100	%	

Lýsing: Háhitasvæðið sem kennt er við Vonarskarð liggur austan við Tungnafellsjökul. Upplýsingar um það eru mjög litlar. Svæðið er að mestum hluta í Rangárvallasýslu en teygir sig norður í Suður-Þingeyjarsýslu, en sýslumörk eru hér óljós. Svæðið liggur í um 900-1000 m hæð og er fremur úfið. Síðsumars má aka torfærubílum inn á svæðið. Sandar liggja yfir hluta svæðisins, en vestan þeirra rís lágur fjallakragi, 200-300 m yfir sandana og er jarðhitinn aðallega í austurhlíðum fjallanna. Svæðið er ekki vel aðgengilegt til vinnslu.

Rannsóknastaða: Jarðmyndanir eru frá ísöld, aðallega basískt móberg, en talsvert er af líparíti. Engin nákvæm jarðfræðikort eru til af svæðinu. Engar nútímaeldstöðvar eru inni á svæðinu, næst er gígaröðin Dvergar í rúmlega 10 km fjarlægð til norðurs. Smáskjálftavirkni var sannreynd á svæðinu 1968. Lítið er vitað um efnafræði jarðhitavökvans og engar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar á svæðinu er hjálpa við mat á stærð þess.

Jarðhitakerfið: "Vonarskarð" hefur oft verið látið ná yfir jarðhitasvæðin í Vonarskarði og Köldukvíslarbotnum, en hér er þeim skipt í tvö svæði, því milli þeirra eru 12 km þar sem ekki verður vart jarðhita. Frekari rannsóknir kunna að leiða í ljós tengsl þarna á milli, en svæðin eru nánast á sömu línu (norðaustur - suðvestur). Fremur litlar upplýsingar eru um yfirborðshita, en á norðurhluta svæðisins eru laugar með um 65°C hita og merki um ummyndun í gili Rauðár. Á vesturhluta svæðisins á móts við Jökuldal er háhitasvæðið greinilegt með leirhverum og gufuaugum. Einnig eru hverir og ummyndun í norðurhlíðum fjallsins Skrauta. Eftir dreifingu jarðhita og ummyndunar á yfirborði er stærð svæðisins metin 11 km^2. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 65 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma sé 520 GWh/ári. Engar áætlanir eru til um rannsóknir né virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Svæðið er allt á Náttúruminjaskrá sem náttúruminjar, og er það einkum jarðhitinn ásamt fjölbreytilegu landslagi og gróðurvinjum sem vernda ber. Engin lög kveða á um sérstaka vernd svæðisins.



VONARSKARÐ

Jarðhitasvæðið í Vonarskarði

Mörk háhitasvæðis

1 cm = 1 km

14. KVERKFJÖLL

Stærð svæðis á yfirborði	25	km^2	Yfirborðshiti og ummyndun
Aðgengilegt til vinnslu	20	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	400	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	50	MWe	
Á náttúruminjaskrá	100	%	

Lýsing: Kverkfjöll eru í norðurjaðri Vatnajökuls og tilheyra Norður-Múlasýslu. Samgöngur eru slæmar, en fært er að sumarlagi á jeppa að Sigurðarskála. Frá Möðruvöllum eru 108 km í Sigurðarskála og þaðan eru um 3 km að Kverká. Jarðhitasvæðið sjálft liggur í 1500-1900 m hæð og hylur jökull mestan hluta þess. Svæðið er mjög úfið og lítt aðgengilegt til vinnslu.

Rannsóknastaða: Kverkfjöll eru úr móbergi og hefur súrt berg ekki fundist þar. Eldvirkni á nútíma hefur verið talsverð í þessu brotakerfi, en ekki vitað með vissu um nein gos á sögulegum tíma. Vafalaust hafa sum hinna mörgu jökulhlaupa sem komið hafa í Jökulsá á Fjöllum orðið vegna goss undir jökli, að öllum líkindum undir Dyngjujökli, norðan við Kverkfjallahrygg eða sunnan Kverkfjalla. Nokkur gos hafa orðið eftir ísöld í Kverkfjallakerfinu, en hraun þaðan eru fremur lítil og þunn. Getur hafa verið leiddar að gosi sunnan Kverkfjalla 1938. Talið er að tvö öskjusig séu hulin undir jöklinum og er sjáanlegur jarðhiti í nyrðri öskjunni. Töluverð smáskjálftavirkni er á Kverkfjallasvæðinu og stórir skjálftar (stærri en M:4) ekki óalgengir. Rannsóknir á umhverfisáhrifum jarðhita, á vegum Orkustofnunar og fleiri stofnana hófust í Kverkfjöllum 1992. Engar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar fyrir utan að árin 1966 og 1968 var mæld innrauð hitageislun frá svæðinu.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti er mikill á yfirborði og er stærsta svæðið í Hveradal, en þar er jarðhiti á um 3 km löngu svæði með stefnuna NA-SV. Syðst á þessu svæði varð mikil hverasprenging 23. eða 24. maí 1968. Jarðhiti er einnig í austurtindum Kverkfjalla og 1953 fannst þar 84°C hiti (gufa) í 1880 m hæð og 94°C er í gufuaugum nyrst á svæðinu. Kverká kemur volg undan Kverkjökli og var rennsli hennar nálægt 800 l/s og hiti 26°C þann 5. júlí 1979. Varmastreymið frá svæðinu hefur verið reiknað 1250-2250 MW, eða nálægt 50-90 W/m^2. Samkvæmt dreifingu yfirborðshita og ummyndunar og legu öskjusigs er flatarmál Kverkfjallasvæðisins áætlað 25 km^2. Jarðefnafræði bendir til um og yfir 300°C hita í jarðhitakerfinu. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 50 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma sé 400 GWh/ári. Nýting svæðisins er engin. Engar áætlanir eru til um rannsóknir né virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Allt svæðið er á Náttúruminjaskrá sem náttúruminjar. Einkum er það stórbrotið landslag, hverir, virkar eldstöðvar og jarðmyndanir, auk ísheilis sem Kverká kemur úr sem talið er til verndargilda. Svæðið hefur undanfarin ár orðið æ vinsælla ferðamannasvæði, lítið er þó farið um syðri hluta hverasvæðisins vegna þess hve afskekktur hann er. Árið 1992 var hafin rannsókn á svæðinu til að bera saman náttúrulegar breytingar á ósnortnum svæðum og breytingar sem verða samfara virkjun háhitasvæða á umhverfið. Gróður er lítill á þessu svæði.


DYNGJUJÖKULL
Jökulsá á Fjöllum
Sigurðarskáli
Kverká
KVERKJÖKULL
Hveradalur
KVERKFJÖLL
Hveragil
Þorbergsvatn
KVERKFJALLAHRYGGUR
Skarphéðinstindar
Skarphéðinstindar
BRÚARJÖKULL
© OS/ESA/LMÍ
KVERKFJÖLL
Jarðhitasvæðið í Kverkfjöllum
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

15. ASKJA

Stærð svæðis á yfirborði	25	km^2	Yfirborðshiti og ummyndun
Aðgengilegt til vinnslu	30	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	600	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	75	MWe	
Á náttúruminjaskrá	100	%	Náttúruvætti

Lýsing: Askja er í Dyngjufjöllum í Suður-Þingeyjarsýslu. Þangað er fært að sumarlagi og er vegalengd frá Mývatni í Öskju um 130 km. Jarðhitasvæðið liggur í 1100-1300 m hæð og er hluti þess undir Öskjuvatni. Aðrir hlutar svæðisins eru utan í bröttum hlíðum fjallanna. Svæðið er því fremur illa aðgengilegt til vinnslu.

Rannsóknastaða: Jarðmyndanir í Dyngjufjöllum eru að mestum hluta móberg frá síðjökultíma, en nútíma gosmyndanir eru miklar að magni, og hefur talsverð eldvirkni verið síðan sögur hófust. Líparít er í öskjurimanum að norðan, en innan öskjunnar eru þykk basalt- og andesíthraun. Askjan sjálf er a.m.k. 55 km^2, en eru e.t.v. þrjár og grípa hver inn í aðra og er Öskjuvatn yngst, 12 km^2, myndað í gosinu 1875. Í Öskjugosinu 1875 voru gosefnin að mestu súr og talið er að þá hafi átt sér stað kvikuhlaup norður í Sveinagjá, þar sem gaus basalti sama ár. Þessir kvikuflutningar, ásamt gosinu í Öskju, hafa þá valdið Öskjuvatnssiginu. Gosið hefur nokkrum sinnum í Öskju á þessari öld, síðast 1961, en vegna þess hve langt er til byggða er minna vitað um gosvirkni fyrri alda. Stórir jarðskjálftar verða öðru hvoru á Dyngjufjallasvæðinu. Fremur lítil smáskjálftavirkni virðist vera í Öskju. Engar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar á svæðinu. Árin 1966 og 1968 var mæld innrauð hitageislun frá svæðinu en lítð hefur verið unnið úr þeim gögnum enn. Nokkuð hefur verið unnið í jarðefnafræði á svæðinu, einkum með tilliti til Öskjuvatns og sögu þess. Jarðhitavökvinn er staðbundin úrkoma, og hátt efnainnihald Öskjuvatns stafar af efnaskiptum við hraun sem runnið hafa í vatnið og af jarðhita á bökkum og botni þess. Fylgst var með breytingum á efnainnihaldi jarðhitavökvans í sambandi við gosið 1961, en annars er efnafræði jarðhitakerfisins lítið rannsökuð.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti á yfirborði virðist einkum vera tengdur við bogsprungur á jöðrum öskjunnar og er virknin mest sunnan og austan við Öskjuvatn. Einnig er jarðhiti úti í vatninu og norður við Öskjuop. Jarðhiti og ummyndun hafa ekki verið kortlögð nákvæmlega. Samkvæmt yfirborðshita er jarðhitasvæðið í Öskju nálægt 25 km^2. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 75 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma sé 600 GWh/ári. Engar áætlanir eru til um rannsóknir né virkjun þessa svæðis. Nýting er engin.

Umhverfismál: Askja var friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 194/1978. Askja og umhverfi Dyngjufjalla, raunar svæðið frá jökli norður í Jökulsárgljúfur er innan friðaða svæðisins sem nefnt er "Mývatn og Laxá", friðað með lögum, sbr. Stjórnartíðindi A, 36/1974. Askja og umhverfi hennar er fjölsóttur ferðamannastaður og jarðfræðilega séð er eldstöðin ein sú merkasta á landinu.


Öskjuop
Vikrahraun 1961
ASKJA
Víti
Dreki
ÖSKJUVATN
Suðurskarð
Þorvaldsfell
ASKJA
Jarðhitasvæðið í Öskju
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

16. FREMRINÁMAR

Stærð svæðis á yfirborði	4	km^2	Yfirborðshiti og ummyndun
Aðgengilegt til vinnslu	100	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	280	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	35	MWe	
Á náttúruminjaskrá	100	%	

Lýsing: Fremrinámar eru í Suður-Þingeyjarsýslu og má komast þangað að sumarlagi á torfærubílum. Frá Grænavatni er fjarlægðin 35-40 km. Svæðið er í 800-900 m hæð, efst í Ketildyngju, og er fremur slétt, að undanskildum dyngjugígnum. Svæðið er mjög vel aðgengilegt til vinnslu.

Rannsóknastaða: Jarðfræði svæðisins hefur verið athuguð lítillega. Elstu jarðmyndanir eru móbergskollar er stinga sér upp úr nútímahraunum. Einkum ber á Ketilhyrnum sem eru norðan við Ketildyngju og er önnur úr móbergi en sú eystri úr líparíti. Frá Ketildyngju rann Laxárhraun eldra 82 km leið norður í Aðaldal, fyrir um 4000 árum. Norðan við Ketildyngju er Skuggadyngja og að sunnan er Kerlingardyngja, báðar myndaðar á nútíma. Norðan í Ketildyngju er gígaröð sem liggur upp í austurhlíðar eystri Ketilhyrnunnar. Engin gos hafa orðið á sögulegum tíma á svæðinu og er lítið sem ekkert vitað um skjálftavirkni. Litlar rannsóknir hafa verið gerðar á jarðeðlisfræði og fá sýni tekin af gasi. Ekkert yfirborðsvatn er á svæðinu.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti er á fremur takmörkuðu svæði í austanverðum dyngjugígnum, niður á botn hans og um 1 km til norðausturs. Ummyndun er ekki mikil, en nær yfir talsvert stærra svæði en yfirborðshiti. Gufuaugu og hverir eru á um 3,5 km^2 svæði og er mat á stærð þessa svæðis eingöngu byggt á dreifingu yfirborðsummerkja. Stærð svæðisins er áætluð 4 km^2, sem er vafalítið lágmarksstærð. Athyglisvert er hve jarðhitasvæðið sjálft virðist lítið haggað af brotum og er það fremur óalgengt meðal háhitasvæða. Hinsvegar liggur svæðið í greinilegu sprungubelti, sem nær nokkuð slitrótt allt norður á Sléttu, eða rúmlega 120 km leið. Jarðefnafræðilegar athuganir benda til 260-280°C hita í jarðhitakerfinu. Strax á 13. öld og allt fram á 17. og 18. öld var brennisteinn numinn í Fremrinámum og fluttur á hestum til Húsavíkur, en engin not eru nú af svæðinu og boranir engar. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 35 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma sé 280 GWh/ári. Engar áætlanir eru til um rannsóknir né virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Fremrinámar eru innan friðaða svæðisins sem nefnt er "Mývatn og Laxá", friðað með lögum sbr. Stjórnartíðindi A, 36/1974. Þetta er fáfarinn staður og gróðurvana.


Búrfell
Heilagsdalsfjall
Heilagsdalur
Skuggadyngja
Ketilhyrnur
BLÁFJALL
KETILDYNGJA
Kerlingardyngja
FREMRINÁMAR
Jarðhitasvæðið í Fremrinámum
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

17. NÁMAFJALL

Stærð svæðis á yfirborði	8	km^2	Yfirborðshiti, ummyndun og viðnám
Aðgengilegt til vinnslu	90	%	
Hæstur hiti í holu	320	°C	Í holu 11
Vinnsla gufu 1993	um 20	kg/s	vatn og gufa
Uppsett afl til raforkuvinnslu	3	MWe	
Vermi borholuvökva (Bjarnarflag)	1.000-2.200	kJ/kg	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	570	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	72	MWe	
Á náttúruminjaskrá	100	%	

Lýsing: Námafjall er í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu og liggur í 300-400 m hæð. Samgöngur eru góðar. Svæðið er sléttlent og vel aðgengilegt til vinnslu. Svæðinu má skipta í tvo virkjunarstaði, Bjarnarflag og Hverarönd. Bjarnarflag er virkjað en Hverarönd ekki.

Rannsóknastaða: Fjallið Námafjall er syðsti hluti 15 km langs móbergshryggjar og er Dalfjall áframhald hans til norðurs, hvort tveggja myndað við gos undir jökli. Eldvirkni hefur verið mikil á nútíma í því sprungubelti sem Námafjall tilheyrir, en lengra til norðurs eru Kröflu-, Gjástykkis- og Öxarfjarðarsvæðin í sama sprungubelti. Þann 8. september 1977 varð lítið eldgos um borholu nr. 4. Súrt berg er ekki inni á jarðhitasvæðinu, en ísúrt nútímahraun (íslandít) í Hraunbungu, norðan við Lúdent, tilheyrir þessari megineldstöð. Gossaga svæðisins er nokkuð vel þekkt og eru gosin í Lúdent (9000 ára), Hverfjalli (2800 ára), Þrengslaborgum, Laxárhraun yngra (2500 ára), Svörtuborgir-Dalfjall (2000 ára) þau helstu. Jarðskjálftar stærri en M:4 eru ekki óalgengir á þessu belti. Smáskjálftavirkni er nokkur á þessu svæði. Allmikið hefur verið gert af jarðeðlisfræðilegum mælingum á svæðinu. Flugsegulkort hefur verið gert af Námafjalls- og Kröflusvæði. Árin 1966, 1968, 1973 og 1993 var mæld innrauð hitageislun og hefur verið unnið nokkuð úr gögnunum.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti er mikill á svæðinu, bæði gufu- og leirhverir, en engir vatnshverir. Dreifing jarðhita og ummyndunar á yfirborði hefur verið kortlögð, en í umbrotunum er hófust 1975 varð talsverð breyting þar á. Afrennsli frá svæðinu er vestur til Mývatns og má sjá gufur leggja upp úr hraununum í kyrru veðri. Hiti og ummyndun á yfirborði eru á nálægt 11 km^2 svæði, en hluti þess er afrennsli, og sé það undanskilið er svæðið 8 km^2 að stærð, skv. dreifingu jarðhita, ummyndunar og viðnáms. Virkur jarðhiti er á um 5 km^2 svæði. Hiti í jarðhitakerfinu hefur mælst hæstur 320°C (í holu 11). Í Bjarnarflagi var byrjað að nota jarðgufu árið 1967 til að þurrka kísilgúr (Kísiliðjan) og er þar einnig 3 MWe rafstöð (tekin í notkun 1969). Þá er kalt vatn af svæðinu hitað upp með gufu og notað í hitaveitu fyrir þéttbýliskjarnann við Reykjahlíð. Fyrsta holan í Bjarnarflagi var boruð 1963 (342 m), en alls hafa verið boraðar þar 12 holur. Árin 1951-52 voru boraðar fjórar höggborsholur í Hverarönd, 11-227 m, en þær eru ónýtar. Vinnslusaga svæðisins spannar 30 ár og er heildarmassataka úr því um 46 milljónir tonna á þessu tímabili. Þessi vinnsla hefur haft mjög lítil áhrif á þrýsting í jarðhitakerfinu. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 72 MW í 50 ár, og að orkugeta til sama tíma sé 570 GWh/ári. Til eru áætlanir um aukna virkjun Bjarnarflags.

Umhverfismál: Námafjall er innan friðaða svæðisins sem nefnt er "Mývatn og Laxá", friðað með lögum sbr. Stjórnartíðindi A, 36/1974. Í Bjarnarflagi er fylgst með massatöku, þrýstingi, hitabreytingum og efnum í gasi og borholuvökva.


Gæsadalur
Víti
Krafla
Hlíðarfjall
Dalfjall
NÁMAFJALL
Reykjahlíð
BJARNARFLAG
HVERARÖND
Hverfjall
MÝVATN
Lúdent
NÁMAFJALL
Jarðhitasvæðið í Námafjalli
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

18. KRAFLA

Stærð svæðis á yfirborði	30 km^2	Yfirborðshiti, ummyndun og lágt viðnám
Aðgengilegt til vinnslu	90 %	
Hæstur hiti í holu	344 °C	Holur 6 og 7.
Vermi borholuvökva	900-2800 kJ/kg	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	3.000 GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	375 MWe	
Á náttúruminjaskrá	100 %	

Lýsing: Jarðhitasvæðið sem kennt er við fjallið Kröflu er í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu og liggur í 400-600 m hæð. Samgöngur eru góðar. Meginhluti Kröflusvæðisins er sléttlendi og liggur vel við vinnslu.

Rannsóknastaða: Elstu jarðmyndanir eru hraunlög frá hlýskeiðum og móberg og líparít myndað undir jöklum á seinni hluta ísaldar. Móbergið er að mestu í hryggjum er stefna N-S eins og brot frá nútíma. Ísúrt gjóskuberg er talið vera tengt gosum í eða við jaðra Krófluöskjunnar, og er það frá síðasta hlýskeiði. Miklar brotahreyfingar hafa orðið á þessu sprungubelti eftir ísöld, en jarðhitasvæðið liggur í austurhluta þess. Eldvirkni er talsverð og kemur í hrinum á nokkurra alda fresti. Síðan jökla leysti hafa orðið um 10 sprungugos á Kröflusvæðinu, eða álíka mörg og á Námafjallssvæðinu. Mývatnseldar stóðu 1724-1729 og Kröflueldar 1975-1984. Mikil jarðskjálftavirkni hefur verið öðru hvoru á þessu svæði. Smáskjálftar eru tíðir. Á um 3 km dýpi innan Krófluöskjunnar hefur deyfing á S-bylgjum verið túlkuð sem kvikuhólf. Mikið hefur verið unnið í efnafræði jarðhitakerfisins og fylgst er með efnabreytingum. Miklar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar í Kröflu. Lágviðnámssvæðið er ílangt í stefnu NV-SA (120°A) og kemur sú stefna einnig fram í flugsegul-, sjálfspennu- og þyngdarmælingum. Hæðar- og þyngdarmælingar eru notaðar til þess að fylgjast með massabreytingum innan Krófluöskjunnar.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti og ummyndun eru á 30-35 km^2 svæði, en virkur yfirborðshiti er á talsvert minna svæði eða 16-18 km^2. Tala má um minnst þrjú eða fjögur aðaluppstreymissvæði, Leirhnúk, Hveragil, Suðurhlíðar Kröflu og Hvíthólaklif. Jarðhitakerfið er sumsstaðar tvískipt, efra og neðra kerfi. Hiti í efra kerfinu er um 200°C, en í neðra kerfinu, þ.e. neðan við 1100-1500 m, er 300-350°C hiti. Raforkuvinnsla hófst í Kröfluvirkjun 1978. Uppsett afl er 30 MWe, en stöðin var hönnuð fyrir 60 MWe og hefur Alþingi samþykkt heimildarlög fyrir 60 MWe virkjun (nr. 74/1990). Boranir hófust árið 1974 og hafa verið boraðar 27 holur. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 375 MW í 50 ár, og að orkugeta til sama tíma sé 3.000 GWh/ári.

Umhverfismál: Krafla er innan friðaða svæðisins sem nefnt er "Mývatn og Laxá", friðað með lögum, sbr. Stjórnartíðindi A, 36/1974. Í Kröflu er fylgst með massatöku, þrýstingi, hitabreytingum og efnum í gasi og borholuvökva.


Gæsafjöll
Leirhnúkshraun
Gæsadalur
Leirhnúkur
Víti
Hveragil
KRAFLA
Suðurhlíðar Kröflu
Hvíthólaklif
Hlíðarfjall
DALFJALL
Námafjall
Reykjahlíð
Bjarnarflag
Hverarönd
Mývatn
KRAFLA
Jarðhitasvæðið í Kröflu
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

19. ÞEISTAREYKIR

Stærð svæðis á yfirborði	19	km^2	Yfirborðshiti, ummyndun og lágt viðnám
Aðgengilegt til vinnslu	80	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	1.200	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	150	MWe	
Á náttúruminjaskrá	50	%	

Lýsing: Þeistareykir eru í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Jarðhitasvæðið liggur í 320-560 m hæð og eru samgöngur slæmar. Frá Þeistareykjum eru 18 km að Kísilveginum á Hólasandi og 11 km að gamla Reykjaheiðarveginum milli Húsavíkur og Kelduhverfis. Svæðið er að meginhluta slétt hraun, helstu fjöll eru Bæjarfjall (561 m) og Ketilfjall (550 m). Svæðið er vel aðgengilegt til vinnslu.

Rannsóknastaða: Þeistareykjasvæðið er virk megineldstöð. Elstu jarðmyndanir á svæðinu eru frá seinni hluta ísaldar. Lambafjöll marka vesturjaðar þess sprungubeltis er jarðhitasvæðið telst til, en jarðhitinn er að mestu í austurjaðri þess. Súrt berg er í Mælifelli og lágum hól þar norðanvið. Gosvirkni hefur verið lítil á nútíma, og yngsta hraunið á svæðinu (Þeistareykjahraun) er um 2900 ára skv. öskulagarannsóknum. Alls hefur gosið um 14 sinnum í og við þetta sprungubelti eftir ísöld. Árið 1968 voru engir smáskjálftar á svæðinu. Stórir skjálftar koma fyrir, en trúlega eru upptök slíkra skjálfta nokkrum kílómetrum norðar, þar sem svonefnd Húsavíkurmisgengi ganga því sem næst þvert á sprungubeltið. Á vegum Orkustofnunar var unnið að rannsóknum á svæðinu 1972-1974 og 1981-1984. Efnafræði jarðhitakerfisins hefur verið könnuð eins og unnt er með rannsókn á gasi í hverum. Samkvæmt mælingum er lægð í þyngdarsviðinu í tengslum við sprungubeltið og önnur er tengd Tjörnes-brotabeltinu. Árin 1966, 1968 og 1973 var mæld innrauð hitageislun á svæðinu og voru þau gögn höfð til hliðsjónar við vinnu þar 1981-1983. Svæðið er tilbúið fyrir rannsóknaboranir.

Jarðhitakerfið: Virkur yfirborðshiti nær yfir 10 km^2 og ásamt kaldri ummyndun þekur hann 19 km^2. Virkur jarðhiti er mest gufuaugu og leirhverir, lítið vatn er á yfirborði. Út frá túlkun viðnámsmælinga er jarðhitasvæðið um 18 km^2 og teygist úr svæðinu til norðurs. Um 30 m eru niður á grunnvatn við Þeistareyki. Niðurstöður efnagreininga benda til tveggja uppstreymisstaða norðan undir Bæjarfjalli og að annað minna svæði sé vestan undir Ketilfjalli. Efnasamsetning gufu bendir til hita allt að 280-310°C og virðist vatnsleiðni bergs meiri við Tjarnarás en norðan undir Bæjarfjalli. Engin nýting er á jarðhita á svæðinu, en á 17. og 18. öld var unninn brennisteinn á Þeistareykjum og fluttur út. Borholur eru engar á svæðinu. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 150 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma sé 1.200 GWh/ári. Engar áætlanir eru um virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Hluti svæðisins er á Náttúruminjaskrá sem náttúruminjar, en er ekki friðað með sérstökum lögum. Einkum er getið fjölbreyttra jarðhitamyndana, útfellinga og jarðhitaplantna.


TÁMBÆJARJÖKLI
Mælifell
Ketilfjall
Tjarnarás
BÆJARFJALL
Þórunnarfjöll
Kvíhólafjöll
HÓLASANDUR
Gæsafjöll
ÞEISTAREYKIR
Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

20. ÖXARFJÖRÐUR

Stærð svæðis á yfirborði	30	km^2	Yfirborðshiti, ummyndun og lágt viðnám
Aðgengilegt til vinnslu	90	%	
Orkugeta til raforkuvinnslu í 50 ár	2.000	GWh/ári	
Afl svæðisins í 50 ár	250	MWe	
Á náttúruminjaskrá	80	%	

Lýsing: Jarðhitasvæðið er í Keldunes- og Öxarfjarðarhreppum í Norður-Þingeyjarsýslu. Hluti þess liggur undir sjó, en á landi nær það lítið hærra en í 40-50 m hæð. Sá hluti sem liggur á landi er sléttlendur og má segja að meiri hluti svæðisins sé vel aðgengilegur til vinnslu.

Rannsóknastaða: Þetta svæði er að litlum hluta hulið nútímahraunum en mestur hluti þess liggur undir sjávar- og vatnaseti. Í borunum á svæðinu hefur komið fram að set þessi eru mörg hundruð metra þykk. Engar nútímaeldstöðvar eru á svæðinu, þær næstu eru í 11 km fjarlægð. Svæðið er mikið brotið og urðu miklar hreyfingar á sprungum í Öxarfirði í upphafi umbrotahrinunnar er hófst árið 1975. Svæðið er í sama sprungubelti og Krafla. Efnafræðirannsóknir hafa verið gerðar á svæðinu. Í þessu jarðhitakerfi hefur orðið vart olíugasa, sem er einsdæmi á landinu. Viðnámsmælingar hafa verið gerðar og kemur fram mjög lágt viðnám á talsvert stóru svæði. Jarðskjálftar eru algengir.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti er eingöngu sem vatnshverir og laugar og er hitastig allt að 90°C. Efnahiti bendir til yfir 200°C og er jarðhitavökvinn fremur saltur, enda svæðið við sjó. Stærð þessa svæðis er 42 km^2 ef dæmt er eftir öllum jarðhita á yfirborði, en viðnámsmælingar gefa til kynna rúmlega 20 km^2 svæði. Sumir jarðhitastaðanna gætu verið afrennsli frá Þeistareykjum og er stærð þessa svæðis því metin 30 km^2. Heita vatnið er notað í hitaveitur fyrir einstaka bæi og í fiskeldi. Nokkrar grunnar holur hafa verið boraðar á svæðinu. Miðað við orku í bergi er áætlað að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 250 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma sé 2.000 GWh/ári. Engar áætlanir eru um virkjun þessa svæðis.

Umhverfismál: Svæðið er á Náttúruminjaskrá, um 80% þess eru innan þess sem taldar eru náttúruminjar. Um er að ræða 3 km spildu meðfram ströndinni þar sem sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn eru iðandi af fuglalífi. Mikill hluti svæðisins er sléttir sandar og Jökulsá á Fjöllum kvíslast um austurhluta þess.


ÖXARFJÖRÐUR
Skógar
BAKKAHLAUP
Stóraá
Jökulsá á Fjöllum
ÖXARFJÖRÐUR
Jarðhitasvæðið í Öxarfirði
Mörk háhitasvæðis
1 cm = 1 km

21. ÓVISS HÁHITASVÆÐI

Undir "óviss háhitasvæði" falla svæði þar sem grunur leikur á að háhita sé að finna. Hér á eftir verða þessi svæði talin upp og þær ástæður sem valda því að athyglin hefur beinst að þeim. Það er þessum svæðum flestum sameiginlegt að yfirleitt hafa litlar rannsóknir farið þar fram, þau liggja afskekkt og engar boranir hafa verið gerðar til þess að kanna þau.

21.1 Prestahnúkur

Stærð svæðis á yfirborði	1	km^2	Yfirborðshiti og ummyndun
Aðgengilegt til vinnslu	?	%	Svæði illa afmarkað, er óslétt
Á náttúruminjaskrá	0	%	

Lýsing: Prestahnúkur er hluti af fjallasvæði sunnan við Langjökul og er í Borgarfjarðarsýslu. Engir vegir eru inn á svæðið en þangað má komast á jeppa.

Rannsóknastaða: Prestahnúkur er úr líparíti (perlusteini), myndaður seint á ísöld, en umhverfið er að mestu leyti móberg. Engar nútíma gosminjar eru á svæðinu. Sennilega er megineldstöð suðvestan í Langjökli og tilheyrir Prestahnúkur henni. Þetta landssvæði hefur verið kannað með tilliti til náms perlusteins. Árið 1968 varð vart við smáskjálftavirkni á þessu svæði og var lengi vel engin skýring á henni, en smáskjálftar eru að mestu bundnir við háhitasvæðin. Sé það rétt að undir suðvesturhluta Langjökuls sé háhitasvæði, skýrir það smáskjálftavirknina. Engar jarðeðlisfræðilegar mælingar né efnafræðiathuganir hafa farið fram á svæðinu er varpað gætu frekara ljósi á tilveru þessa jarðhitasvæðis. Svæðið hefur ekki verið kannað með tilliti til jarðhita og er á frumstigi könnunar. Engar áætlanir eru um rannsóknir né virkjun þessara svæðia.

Jarðhitakerfið: Suðvestan í Prestahnúk (1223 m) hefur fundist 94°C heit gufa í 940 m hæð og bendir það til að þarna geti verið lítið háhitasvæði. Árið 1971 voru boraðar þrjár grunnar holur (20 m, 25 m og 50 m) vestan við Prestahnúk vegna athugana á perlusteini. Úr þeim komu tugir lítra af allt að 29°C heitu vatni og styrkir það þá hugmynd að jarðhitasvæði sé við Prestahnúk, en um stærð þess verður lítið í ráðið, þó má telja 1 km^2 lágmarksstærð. Um það bil helming þess má telja aðgengilegan til vinnslu. Án jarðhitarannsókna er ekki talið rétt að gefa upp orku í bergi né áætla afl svæðisins til raforkuvinnslu.

Umhverfismál: Svæðið er ekki á Náttúruminjaskrá. Það er afskekkt og fáfarið.

21.2 Tindfjallajökull

Stærð svæðis á yfirborði	1	km^2	Laugar, öskjusig, ókannað
Aðgengilegt til vinnslu	10	%	
Á náttúruminjaskrá	0	%	

Lýsing: Tindfjallajökull er í Rangárvallasýslu og liggur fremur afskekkt, en svæðið þar sem einhvern hita er að finna er í nálægt því 400 m hæð. Engir vegir eru inn á svæðið sem er illa aðgengilegt.

Rannsóknastaða: Stór megineldstöð er undir Tindfjallajökli og í tengslum við hana er mikið af súru bergi og greinilegt öskjusig. Þar sem háhitasvæði eru oft í tengslum við stórar megineldstöðvar hefur verið talið mögulegt að háhitasvæði kunni að vera í Tindfjöllum. Lítil gosvirkni hefur verið á svæðinu á nútíma, en þar sem það liggur í gosbeltinu er talið mögulegt að eldvirkni hafi verið nægilega mikil til að stór innskot séu í iðrum eldstöðvarinnar. Hekla er skammt norðvestan við Tindfjöll en þar virðist megnið af kvikunni koma til yfirborðs. Þar hefur samt ekki orðið vart háhitavirkni, þótt Hekla hafi flest það sem nægir til að mynda háhitasvæði. Langt er síðan jarðfræði svæðisins var könnuð að einhverju marki og engin jarðhitaleit hefur farið fram á svæðinu. Engar efnafræðiathuganir né jarðeðlisfræðiathuganir hafa farið fram er varpa frekara ljósi á þetta svæði.

Jarðhitakerfið: Hiti er suðaustan í Tindfjöllum, í svonefndu Hitagili, en er aðeins 40°C og ekki eru til góðar efnagreiningar á vatni þaðan. Boranir eða nýting er engin. Án jarðhitarannsókna er ekki talið rétt að gefa upp orku í bergi né áætla afl svæðisins til raforkuvinnslu. Svæðið er erfitt aðgöngu og er aðeins gert ráð fyrir að 10-20% þess séu aðgengileg.

Umhverfismál: Svæðið er ekki á Náttúruminjaskrá. Það er afskekkt og fáfarið.

21.3 Hofsjökull

Stærð svæðis á yfirborði	?	km^2	Afrennsli, öskjusig
Aðgengilegt til vinnslu	0	%	
Á náttúruminjaskrá	10	%	Friðland í Þjórsárverum

Lýsing: Hofsjökull skiptir þremur sýslum, Árnes-, A-Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu. Hæst nær hann í 1765 m og er illfært að jökuljöðrum víðast hvar.

Rannsóknastaða: Hofsjökull er virk megineldstöð og á nútíma hefur gosið í norðurjaðri hans, en söguleg gos eru engin. Súrt berg hefur fundist í Arnarfelli hinu mikla og greinilegt öskjusig er í miðjum jöklinum. Trúlega eru jarðlög flest mynduð við gos undir jökli og hefur fjallabálkurinn hlaðist upp að mestu á seinni hluta ísaldar. Engar jarðeðlisfræðilegar athuganir hafa verið gerðar er hjálpa til við mat á jarðhitasvæðinu.

Jarðhitakerfið: Fjögur atriði benda einkum til að háhitasvæði sé undir Hofsjökuli. Í fyrsta lagi er að þarna er virk megineldstöð, í öðru lagi eru heitar laugar um 68°C við Nauthaga, sunnan við jökulinn. Í þriðja lagi hafa fundist geilar í jöklinum sem benda til jarðhita þar undir og í fjórða lagi hafa komið hlaup í kvíslar frá jöklinum og brennisteinfýla af þeim. Úr laugunum í Nauthaga voru tekin vatnssýni árið 1975 og bendir efnasamsetning þeirra til þess að þær séu afrennsli frá háhitasvæði. Án jarðhitarannsókna er ekki talið rétt að gefa upp orku í bergi né áætla afl svæðisins til raforkuvinnslu. Nýting er engin og engar boranir hafa verið framkvæmdar.

Umhverfismál: Syðri hluti Hofsjökuls og Þjórsárver voru friðlýst 1981. Friðlýsingin var síðan endurskoðað með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 507/1987. Þjórsárverasvæðið er talið hafa alþjóðlegt gildi. Lindir í Nauthaga eru á verndaða svæðinu og ef háhitasvæði er þarna undir jöklinum liggur það líklega í norðurjaðri verndarsvæðisins. Um 10% þess gætu verið innan verndarmarka, en svæðið er afskekkt og fáfarið.

21.4 Þórðarhyrna

Stærð svæðis á yfirborði	?	km^2	Yfirborðshiti og ummyndun
Aðgengilegt til vinnslu	0	%	
Á náttúruminjaskrá	100	%	

Lýsing: Þórðarhyrna (1659 m) er í Vestur-Skaftafellssýslu. Svæðið sem hér um ræðir er hulið jökli og því óaðgengilegt með öllu til vinnslu og fremur illfært yfirferðar.

Rannsóknastaða: Að því er best verður séð er Þórðarhyrna og umhverfi virk megineldstöð, t.d. er Þórðarhyrna úr líparíti. Gos var á þessum slóðum 1903. Um eldvirkni liðinna alda er minna vitað, en þar eð þetta svæði liggur afskekkt er ekki ólíklegt að gos þarna hafi verið eignuð Grímsvötnum. Lítið er vitað um skjálfta á þessu svæði.

Jarðhitakerfið: Jarðfræðilegar líkur á jarðhitasvæði þarna byggjast á legu svæðisins í jaðri virka gosbeltisins og súru bergi í Þórðarhyrnu sem venjulega er tengt megineldstöðvum. Fúll lækur sem kemur undan jökli er talinn geta verið afrennsli frá jarðhita við Þórðarhyrnu, en lækurinn rennur í Grænalón. Ölkeldur og kalkhrúður austast í Grænafjalli eru talin vera af sama toga. Um efnafræði vatnsins er ekkert vitað og engar jarðeðlisfræðilegar athuganir hafa verið gerðar er koma til hjálpar við mat á stærð svæðisins. Nýting er engin og boranir engar í nágrenni við svæðið. Án jarðhitarannsókna er ekki talið rétt að gefa upp orku í bergi né áætla afl svæðisins til raforkuvinnslu.

Umhverfismál: Svæðið er allt á Náttúruminjaskrá sem náttúruminjar, einkum er litið til náttúrfegurðar. Svæðið liggur að þjóðgarðinum í Skaftafelli.

21.5 Jökulskálar vestan Grímsvatna

Stærð svæðis á yfirborði	?	km^2	Sig í jöklinum
Aðgengilegt til vinnslu	0	%	
Á náttúruminjaskrá	0	%	

Lýsing: Svæðið sem hér um ræðir er bundið við sig eða skálar í Vatnajökli og telst það til Vestur-Skaftafellssýslu. Þessar jökulskálar liggja í á að giska 1100-1500 m hæð, og er svæðið alveg óaðgengilegt til vinnslu.

Rannsóknastaða: Á milli Grímsvatna og Hamarsins má sjá, t.d. á gervitunglamyndum, nokkuð greinilega röð af sigkötlum eða sigskálum í jöklinum. Eftir þessum sigum hafði einnig verið tekið í sambandi við jökulhlaup í Skaftá. Ekki fara sögur af eldvirkni þarna enda hafa öll gos á þessum stað í Vatnajökli verið heimfærð upp á Grímsvötn, þó svo vel geti verið að gosið hafi víðar. Jökulskálarnar eru 100-150 m djúpar og virðast dýpka og stækka við hlaup í Skaftá. Getum hefur verið leitt að því að þarna kunni að vera jarðhitasvæði, en önnur rök en skálarnar sjálfar eru ekki fyrir hendi.

Jarðhitakerfið: Ekkert er vitað um jarðhita þarna og án jarðhitarannsókna er ekki talið rétt að gefa upp orku í bergi.

Umhverfismál: Svæðið er ekki á Náttúruminjaskrá.

21.6 Hrúthálsar

Stærð svæðis á yfirborði	7	km^2	Köld ummyndun
Aðgengilegt til vinnslu	90	%	
Á náttúruminjaskrá	100	%	

Lýsing: Hrúthálsar eru í Suður-Þingeyjarsýslu, 15 km norð-norðvestur af Herðubreið og 30 km norð-norðaustur af Öskju. Hrúthálsar ná í 1050 m hæð, en svæði það sem hér um ræðir er í 1000-1100 m hæð. Engir vegir liggja þangað. Ekkert vatn er þarna á yfirborði.

Rannsóknastaða: Hrúthálsar eru móbergsfjöll og við athuganir þar 1984 fannst súrt berg og bendir það til megineldstöðvar. Hraun mikil hafa runnið upp að fjöllunum og eru nútímaeldstöðvar á sjálfu svæðinu. Lítið er vitað um skjálftavirkni. Svæðið er lítið rannsakað.

Jarðhitakerfið: Jarðhiti er enginn á yfirborði, en heimildir geta þess að þarna séu gufuaugu og brennisteinshverir. Séu þær heimildir réttar hefur sá jarðhiti fjarað út, því nú er hann horfinn með öllu. Á yfirborði eru hins vegar miklar útfellingar af brennisteini og gifsi, en bergið er mikið ummyndað svo þarna hefur verið háhitasvæði eftir að ísöld lauk. Verið getur að svæðið sé enn þarna undir en hafi þést og lokast vegna útfellinga. Ummyndun teygir sig í norður á um 7 km^2 svæði og eru það forsendur mats á stærð þess. Ef þarna er ennþá hitaorka í bergi má áætla að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 60 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma sé 480 GWh/ári.

Umhverfismál: Hrúthálsar eru innan friðaða svæðisins sem nefnt er "Mývatn og Laxá", friðað með lögum, sbr. Stjórnartíðindi A, 36/1974. Þetta er mjög fáfarinn staður og gróðurvana.

21.7 Gjástykki

Stærð svæðis á yfirborði	7	km^2	Yfirborðshiti
Aðgengilegt til vinnslu	100	%	
Á náttúruminjaskrá	0	%	

Lýsing: Gjástykki er sigdalur um 5-6 km norðan við jarðhitasvæðið í Kröflu og í sprungubelti sem kennt er við Kröflu. Svæðið er að hálfu í Suður- og að hálfu í Norður-Þingeyjarsýslu. Það er í 400-500 m hæð, undir sléttum hraunum og er vel aðgengilegt til vinnslu.

Rannsóknastaða: Allt svæðið er hulið nútímahraunum. Þar hefur gosið nokkrum sinnum síðan umbrot hófust í sprungubeltinu 1975 og jókst virkni svæðisins í sambandi við Kröflugos, enda í sama sprungubelti og vafalaust samtengt. Litlar jarðeðlisfræðilegar athuganir hafa verið gerðar er koma að notum við mat þessa svæðis. Jarðefnafræðilegar rannsóknir eru nær engar, enda er það mest vatnsgufa sem upp stígur úr sprungunum. Skjálftar eru algengir á svæðinu.

Jarðhitakerfið: Örnefni á svæðinu, svo sem Hrútafjallahitur, Hituhólar o.þ.h. benda til hita fyrr á öldum. Svæðið er mjög sprungið og er jarðhitinn (að mestu gufa) aðallega bundinn við ung brot. Útbreiðsla jarðhitans á yfirborði hefur verið kortlögð og tekur yfir um 7 km^2. Jarðhiti er aðallega bundinn við sprungur og ummyndun er lítil sem engin. Miðað við að þetta sé sérstakt jarðhitasvæði er áætlað eftir orku í bergi að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé 70 MW í 50 ár, og orkugeta til sama tíma sé 560 GWh/ári. Þarna er þörf frekari rannsókna, enda eru þarna engar boranir til að sannreyna jarðhitakerfið.

Umhverfismál: Svæðið er ekki á Náttúruminjaskrá, það er úfið og eftir að hraun runnu í Kröflueldum er það ógreitt yfirferðar.

21.8 Kolbeinsey

Stærð svæðis á yfirborði	?	km^2	Yfirborðshiti og ummyndun
Aðgengilegt til vinnslu	0	%	
Á náttúruminjaskrá	0	%	

Lýsing: Kolbeinsey liggur rúmlega 100 km norður af Siglunesi og telst ekki til neinnar sýslu. Jarðhitasvæði hefur fundist þar og er réttvísandi mið í Kolbeinsey 3,6 sjómílur og 11°. Þetta svæði er mjög óaðgengilegt.

Rannsóknastaða: Kolbeinsey liggur á Kolbeinseyjarhrygg, sem er virkur hluti af Mið-Atlantshafshryggnum. Bergið í Kolbeinsey er frekar óvenjulegt basalt, en ekki hefur verið getið um súrt berg á þessu svæði. Litlar rannsóknir hafa verið gerðar þarna utan hafrannsóknir, en kafað hefur verið niður að svæðinu.

Jarðhitakerfið: Hiti sjávarins er eitthvað yfir meðallagi sjávarhita á þessu hafsvæði. Hitasvæðið er a.m.k. nokkur hundruð metrar í þvermál og er dýptin á það 90 m þar sem grynnst er, en hafdýpið umhverfis er 220 m. Sýni sem tekin voru úr sjónum árið 1979 og 1981 sýndu óvenju mikið af kísli, brennisteinssamböndum og málmum. Bestu sýnin er náðust voru af 60 m dýpi og gætir þar vafalaust mikillar blöndunar við sjóinn umhverfis. Mikið var af loftbólum í sjónum á svæðinu.

Þess eru mörg dæmi að jarðhitasvæði finnast á hafsvæðum og er Galapagos jarðhitasvæðið vafalaust þekktast, en í Atlantshafinu er t.d. getið um jarðhitasvæði á 26°N og jarðhitasvæði er í lögsögu Íslands suður af Reykjanesi. Það er því líklegt að fleiri jarðhitasvæði finnist á hafsbotnum í framtíðinni. Án jarðhitarannsókna er ekki talið rétt að gefa upp orku í bergi né áætla afl svæðisins til raforkuvinnslu, enda langt í virkjun þess.

Umhverfismál: Svæðið er ekki á Náttúruminjaskrá, en það er mjög óaðgengilegt, þó það sé nálægt fjölförnum fiskimiðum.

955. Fyrirspurn [597. mál]

til félagsmálaráðherra um námskeið fyrir atvinnulausa.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Hve miklum fjárhæðum hefur Atvinnuleysistryggingasjóður varið til að styrkja námskeiðahald fyrir atvinnulausa árin 1990, 1991, 1992 og 1993? Hvaða aðilar hafa hlotið þessa styrki og til hvaða verkefna?
   Óskað er eftir upplýsingum um umfang hvers verkefnis (stundafjöldi og þátttakendafjöldi) og hve há upphæð hefur runnið til hvers verkefnis?
2. Eftir hvaða reglum er fé veitt úr sjóðnum til námskeiða fyrir atvinnulausa og hvernig eru þær reglur ákveðnar?
3. Hvað ræður vali á námsefni sem styrkhæft er og styttir biðtíma bótagreiðslna?
4. Eru uppi áform um að breyta reglum sjóðsins um biðtíma bótagreiðslna og þá í hvaða veru?

Skriflegt svar óskast.

956. Fyrirspurn [598. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárveitingu úr starfsmenntasjóði.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Hverjir hafa fengið styrk úr starfsmenntasjóði síðan hann var stofnaður og í hvaða skyni?
2. Hve háar fjárhæðir voru veittar til hvers verkefnis og hve mikið var umfang hvers verkefnis (stundafjöldi — þátttakendafjöldi)?

Skriflegt svar óskast.

957. Fyrirspurn [599. mál]

til menntamálaráðherra um þróun og rannsóknir á táknmáli.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Hve miklu fé er varið á þessu ári til að efla Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og hvernig er varið samstarfi miðstöðvarinnar og Háskóla Íslands?

2. Mun ráðherra stuðla að því, t.d. með fjárveitingu, að Málvísindastofnun Háskólans hefji rannsóknir á táknmáli og táknmálskennslu á þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

958. Nefndarálit [378. mál]

um till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Á fund hennar komu til viðræðna frá forsætisráðuneytinu Ólafur Davíðsson ráðuneytisstjóri og Guðmundur Árnason deildarstjóri og frá Byggðastofnun Guðmundur Malmquist forstjóri og Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður þróunarsviðs, frá Alþýðusambandi Íslands Guðmundur Gylfi Guðmundsson hagfræðingur og Björn Grétar Sveinsson miðstjórnarfulltrúi, frá Stéttarsambandi bænda Haukur Halldórsson formaður og Baldvin Jónsson, frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja Friðfinnur Skaftason og Guðrún Eyjólfsdóttir, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður, Þórður Skúlason framkvæmdastjóri og Sigríður Stefánsdóttir, Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Árni Benediktsson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Ingibjörg Broddadóttir, deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, Halldór Árnason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, og Elsa Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri átaksverkefnis í atvinnumálum kvenna á Vestfjörðum. Þá bárust nefndinni greinargerðir frá forsætisráðuneytinu, landbúnaðarráðuneytinu, sjávarútvegsráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Elsu Guðmundsdóttur.

Tillaga þessi er lögð fyrir Alþingi í samræmi við 8. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 64/1985, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1991. Snemma árs 1991 var lögum um Byggðastofnun breytt í því markmiði að leggja aukna áherslu á atvinnuþróunarstarf og áætlanagerð af hendi stofnunarinnar. Með setningu reglugerðar um Byggðastofnun, nr. 51/1992, var þessi áherslubreyting Alþingis gerð enn skýrari. Með breytingunum var lögbundið að Byggðastofnun geri tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn sem forsætisráðherra leggur fyrir Alþingi. Skal þar koma fram stefna ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og tengsl hennar við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum, svo og við áætlanir á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Við gerð byggðaáætlunar hefur Byggðastofnun samráð við fjölmarga aðila, þar á meðal ráðuneyti, Þjóðhagsstofnun, sveitarfélög og samtök þeirra. Stjórn Byggðastofnunar fjallar um stefnumótandi hluta byggðaáætlunar við undirbúning hennar og fylgist með framkvæmd þeirra þátta hennar sem henni er falið af Alþingi. Í þeirri tillögu, sem hér liggur fyrir, er gerð grein fyrir meginmarkmiðum byggðastefnu og greint í fjórum liðum hvaða stefnumál verður lögð áhersla á til ársloka 1997.

Lagt er til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Ólafur Þ. Þórðarson skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara en stendur ekki að breytingartillögunum.

Lögð er til breyting á d-lið 1. tölul. og er lagt til að horft verði til landgæða í aðgerðum ríkisvaldsins á jaðarsvæðum.

Lagt er til að c-liður 2. tölul. falli brott, en þar segir að forsætisráðherra leggi fram skýrslu um framkvæmd fjögurra ára áætlana um hvern þjónustumálaflokk sem verði grundvöllur fjárlagagerðar til lengri tíma. Gefast mun tækifæri til umræðna um byggðamál í umræðum um ársskýrslu Byggðastofnunar sem lögum samkvæmt fara fram ár hvert, auk þess sem stefnumótandi áætlun verður endurskoðuð og því til umræðu annað hvert ár. Þykir c-lið því vera ofaukið.

Þá er lögð til veruleg breyting á töflu undir d-lið 4. tölul. sem sýnir framlög til byggðamála. Eftir að tillagan kom til nefndarinnar kom í ljós að taflan þarfnaðist gagngerrar endurskoðunar. Breytingar á töflunni eru einkum tilkomnar vegna þess að ekki var rétt farið með framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í fyrri töflu. Í þeirri töflu var gert ráð fyrir að samanlögð framlög til byggðamála á tímabilinu mundu ekki lækka og að lækkun framlaga til Framleiðnisjóðs kæmi fram í samsvarandi hækkun framlaga til Byggðastofnunar. Við gerð tillögu að leiðréttri töflu er þetta lagt til grundvallar, en framlög til Framleiðnisjóðs eru 50 m.kr. hærri samkvæmt búvörusamningi á næsta ári (1995) en taflan gerði ráð fyrir. Árið 1996 munar einnig 50 m.kr. og á árinu 1997 munar 100 m.kr.

Auk þessa atriðis er varðar Framleiðnisjóð eru gerðar nokkrar leiðréttingar á töflunni. Þær eru eftirfarandi:

1. Samkvæmt þingsályktunartillögunni átti ekki að leggja fé í afskriftarsjóð Byggðastofnunar á yfirstandandi ári, en samkvæmt rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir 1994 verða lagðar 60 m.kr. í afskriftarsjóð og hefur stofnunin raunar þegar gert það. Nauðsynlegt var að leiðrétta gerðan hlut, en að öðru leyti breytast framlög í afskriftarsjóð ekki frá því sem upphaflega var ætlað og verða þau 25 m.kr. á ári út tímabilið sem tillagan nær til.

2. Hlutfallsleg skipting framlaga til atvinnuráðgjafar og nýsköpunar breytist lítils háttar og þau framlög lækka lítillega vegna þess sem að ofan er getið, þ.e. að framlög til Byggðastofnunar eru lægri en áður var miðað við en framlög til Framleiðnisjóðs aftur á móti hærri.

3. Framlag félagsmálaráðuneytisins til atvinnumála kvenna er fellt niður, enda er styrkjum til atvinnusköpunar meðal kvenna nú ráðstafað óháð búsetu þeirra á landinu.

4. Árlegt framlag til að stuðla að fjárfestingu erlendra aðila hér á landi er fellt niður, en undirbúningur að því verkefni fer nú fram á vegum viðskiptaráðuneytisins.

Í nefndinni var fjallað um framkomnar breytingartillögur við málið frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar og var m.a. rætt um breytingartillögu við málið frá þingmönnum Kvennalistans þar sem lagt er til að sérstakur atvinnuráðgjafi fyrir konur verði ráðinn í öllum landshlutum. Meiri hlutinn bendir á að með samþykkt breytingartillögu Kvennalistans yrðu ekki aðeins lagðar auknar skyldur á Byggðastofnun til fjárframlaga heldur einnig á viðkomandi sveitarfélög. Meiri hlutinn hefur fullan skilning á þeim sjónarmiðum sem liggja að baki breytingartillögunni um að nauðsynlegt sé að huga að atvinnuskapandi verkefnum fyrir konur. Meiri hlutinn vill í þessu sambandi minna á að þegar eru konur starfandi sem atvinnuráðgjafar. Jafnframt vill meiri hlutinn benda á að í a-lið 4. tölul. þingsályktunartillögunnar er tekið fram að áfram verði stutt við verkefni sem efla framtak kvenna í atvinnumálum.

Björn Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. apríl 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Ey. Kon. Jónsson. Gísli S. Einarsson.

Ingi Björn Albertsson. Ólafur Þ. Þórðarson, með fyrirvara.

959. Breytingartillögur [378. mál]

við till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997.

Frá Sólveigu Pétursdóttur, Gísla S. Einarssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Inga Birni Albertssyni.

1. Á eftir orðunum „nýtingar náttúruauðlinda“ í d-lið 1. tölul. komi: annarra landgæða.
2. C-liður 2. tölul. falli brott.
3. D-liður 4. tölul. orðist svo:
   Framlag af fjárlögum verði sem hér segir:

Byggðastofnun	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Atvinnuráðgjöf	25	35	35	35
Nýsköpun, ýmis verkefni	25	75	75	125
Framlag til rekstrar	75	100	100	100
Framlag í afskriftasjóð	60	25	25	25
Alls	**185**	**235**	**235**	**285**
Iðnaðarráðuneyti — landsbyggðariðnaður	11	11	11	11
Framleiðnisjóður	300	250	250	200
Samtals á árinu	**496**	**496**	**496**	**496**

Framlag til Framleiðnisjóðs 1994–1996 er samkvæmt búvörusamningi.

960. Tillaga til þingsályktunar [600. mál]

um samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari.

Loðnuveiðar hafa farið fram síðastliðnar tvær vertíðar á grundvelli samnings milli landanna frá 18. maí 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 27/1992 þar sem samningurinn er birtur. Sá samningur tók við af samningi milli landanna frá 12. júní 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1989. Fram að gildistöku þess samnings fóru loðnuveiðar fram á grundvelli samnings milli Íslands og Noregs frá 28. maí 1980 en sá samningur tók ekki til veiða innan grænlenskrar lögsögu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1980.

Samkvæmt 2. gr. núgildandi samnings skulu aðilar reyna að ná samkomulagi um leyfilegan hámarksafla fyrir hverja vertíð. Ef ekki næst samkomulag mun Ísland ákveða hámarksafla. Leitast skal við að ákveða fyrir 1. júní ár hvert leyfilegan hámarksafla til bráðabirgða og fyrir 1. desember endanlegan leyfilegan hámarksafla fyrir vertíðina sem hefst 1. júlí og stendur til 30. apríl árið eftir.

Samkvæmt 3. gr. skiptist aflinn þannig að 78 af hundraði falla í hlut Íslands, 11 af hundraði í hlut Grænlands og 11 af hundraði í hlut Noregs.

Samkvæmt 7. gr. er íslenskum og norskum skipum heimilt að veiða loðnu í lögsögu Grænlands og íslenskum skipum og skipum með grænlenskt fiskveiðileyfi heimilt að veiða í lögsögu Jan Mayen (8. gr.).

Um veiðar í íslenskri lögsögu er fjallað í 6. gr. Heimildir eru takmarkaðar við norsk skip og grænlensk skip, þ.e. skip sem skráð eru í Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild. Íslensk stjórnvöld geta einnig veitt fiskiskipum af öðru þjóðerni, sem fengið hafa grænlensk fiskveiðleyfi, veiðiheimildir. Í viðræðunum milli aðila hefur verið gengið út frá því að færeysk skip, sem hafa leyfi grænlenskra stjórnvalda til veiða á þeirra hlut, fái heimild til að veiða innan íslenskrar lögsögu. Veiðiréttindi takmarkast við svæðið norðan 64°30'N og tímabilið 1. júlí til 15. febrúar á hverri vertíð.

Samningur þessi rennur út í lok yfirstandandi loðnuvertíðar, þ.e. 30. apríl 1994. Sendinefndir landanna hafa átt með sér þrjá fundi til þess að ræða hugsanlega framlengingu samningsins, fyrst í Reykjavík 11. og 12. janúar 1994, síðan í Ósló 21. og 22. febrúar 1994 og loks í Kaupmannahöfn 11. og 12. apríl 1994. Á fundinum í Kaupmannahöfn náðist samkomulag um samningsdrögin sem hér um ræðir.

Samningsdrögin eru í grundvallaratriðum byggð á núgildandi samningi. Ákvæði um hlutfallslega skiptingu veiðiheimilda (3. gr.), ákvörðun leyfilegs hámarksafla (2. gr.) og heimildir aðila til veiða í lögsögu hvers annars (8. til 11. gr.) eru þannig óbreytt.

Í samningaviðræðunum lögðu Norðmenn og Grænlendingar mikla áherslu á að samningsákvæðum yrði breytt þannig að þeim gæfist betri möguleiki á að nýta veiðiheimildir sínar. Flestar breytinganna í samningsdrögunum má rekja beint eða óbeint til þessa. Þær eru helstar:

1. Alþjóðahafrannsóknaráðið miðar ráðgjöf sína um leyfilegan hámarksafla við að sá bráðabirgðakvóti sem ákveðinn er í upphafi vertíðar samsvari ⅔ hlutum af endanlegum kvóta. Í samningnum er ákveðið að Norðmenn og Grænlendingar geti miðað sína hlutdeild af upphafskvótanum við þennan væntanlega kvóta þannig að í reynd geta þeir veitt 16,5% af bráðabirgðakvótanum (4. gr.). Jöfnuður næst þegar endanlegur kvóti er ákveðinn. Með þessu móti ættu Norðmenn og Grænlendingar að veiða stærri hluta af sínum kvóta utan lögsögu Íslands.
2. Bótareglum samningsins er breytt nokkuð. Ef bráðabirgðakvótinn er aukinn minna en forsendur Alþjóðahafrannsóknaráðsins ganga út frá getur forgjafarákvæðið leitt til þess að Grænlendingar og/eða Norðmenn veiði meira en þeim ber. Þetta fá Íslendingar að fullu bætt í upphafi næstu vertíðar (5. gr.).
   Takist Grænlendingum eða Norðmönnum ekki að veiða sinn hlut af væntanlega kvótanum fellur hann bótalaust til Íslendinga (2. tölul. 4. gr.).
   Sé kvótinn aukinn umfram hinn væntanlega kvóta skal Grænland og/eða Noregur fá bætur frá Íslandi á næstu vertíð að því marki sem Íslendingar veiða hlutfallslega meira úr viðbótinni (6. gr.), enda eru veiðimöguleikar Grænlands og Noregs í lok vertíðar mjög litlir.
3. Í sameiginlegri yfirlýsingu varðandi framkvæmd samningsins, sem birt er sem fylgiskjal II með þingsályktunartillögu þessari, er kveðið á um að Norðmenn megi ekki veiða meira en 60 af hundraði af heildarkvóta sínum innan íslenskrar lögsögu. Sams konar takmarkanir gilda um veiðar Íslendinga við Jan Mayen.
4. Samkvæmt 11. gr. samningsins getur hver aðili ákveðið fjölda erlendra skipa í lögsögu sinni. Fallist var á að rýmka þær takmarkanir á fjölda erlendra skipa innan íslenskrar lögsögu, sem íslensk stjórnvöld hafa sett, úr 25 í 36 á sumar- og haustvertíð. Takmarkanir eftir 1. desember verða þær sömu og verið hafa.

Í samningaviðræðunum gerðu Norðmenn tillögu um að breyta þeim takmörkunum um veiðar í íslenskri lögsögu sem miðast við að veiðar Norðmanna og Grænlendinga megi ekki fara fram eftir 15. febrúar eða sunnan 64°30'N. Á þetta gat íslenska sendinefndin ekki fallist. Í lok viðræðnanna var samþykkt að gera bókun í tengslum við undirritun samningsins þar sem afstaða Norðmanna er kynnt. Fram kemur í bókuninni að Íslendingar hafi tekið við þessum sjónarmiðum og skýrt frá þeim aðstæðum sem lægju að baki ákvæðunum. Bókunin er birt sem fylgiskjal III með þingsályktunartillögu þessari.

Samningurinn gildir fyrir næstu fjórar vertíðirnar og framlengist sjálfkrafa um tvö ár í senn eftir það nema einhver aðilanna segi honum upp (15. gr.).

Fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi tóku þátt í samningaviðræðunum um gerð samningsins og hafa mælt með staðfestingu hans.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
milli Íslands, Noregs og Grænlands/ Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands

1. gr.

Aðilar skulu eiga samvinnu um verndun og nýtingu loðnustofnsins á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

2. gr.

Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um leyfilegan hámarksafla á loðnu fyrir hverja vertíð. Náist ekki samkomulag mun Ísland, sem sá aðili sem mestra hagsmuna hefur að gæta varðandi loðnustofninn, ákveða leyfilegan hámarksafla. Noregur og Grænland skulu þó ekki bundin af þeirri ákvörðun, sé hún bersýnilega ósanngjörn. Leitast skal við að ákveða fyrir 1. júní ár hvert leyfilegan hámarksafla til bráðabirgða og fyrir 1. desember endanlegan leyfilegan hámarksafla fyrir vertíðina sem hefst 1. júlí og stendur til 30. apríl árið eftir.

3. gr.

Leyfilegur hámarksafli skiptist milli aðila þannig:

Grænland	11 af hundraði
Ísland	78 af hundraði
Noregur	11 af hundraði

4. gr.

1. Eftir að vertíð hefst geta Noregur og Grænland veitt 11 af hundraði af þeim leyfilega hámarksafla sem búist er við að verði ákveðinn fyrir vertíðina („væntanlegum leyfilegum hámarksafla"). Við matið munu aðilar taka mið af vinnureglum Alþjóðahafrannsóknaráðsins, um að leyfilegur hámarksafli, sem ákveðinn er til bráðabirgða fyrir sumar- og haustvertíðina, nemi að jafnaði tveimur þriðju hlutum af endanlegum leyfilegum hámarksafla á vertíðinni.

2. Grænland og Noregur skulu tilkynna Íslandi um afla sbr. 1. tl. Ef í ljós kemur að hlutur Noregs og/eða Grænlands veiðist ekki skal Íslandi heimilt að veiða það magn sem óveitt er.

5. gr.

Ef í ljós kemur að Noregur og/eða Grænland hafa samkvæmt ákvæðum 4. gr. veitt stærra hlut

AVTALE
mellom Grønland/Danmark, Island og Norge om loddebestanden i farvannene mellom Grønland, Island og Jan Mayen

Artikkel 1

Partene skal samarbeide om bevaring og forvaltning av loddebestanden i farvannene mellom Grønland, Island og Jan Mayen.

Artikkel 2

Partene skal søke å bli enige om den største tillatte totalfangst (TAC) for lodde for hver enkelt sesong. Hvis det ikke oppnås enighet, skal Island, som den Part som har den største interesse i loddebestanden, fastsette den største tillatte fangstmengde. Norge og Grønland skal imidlertid ikke være bundet av denne fastsettelse dersom den er åpenbart urimelig. Man skal innen 1. juni og 1. december hvert år, forsøke å fastsette henholdsvis den foreløpige og den endelige TAC for den sesong som begynner 1. juli og varer til 30. april påfølgende år.

Artikkel 3

Den største tillatte totalfangst skal fordeles mellom Partene som følger:

Grønland	11 prosent
Island	78 prosent
Norge	11 prosent

Artikkel 4

1. Etter sesongstart har Norge og Grønland adgang til å fiske 11 prosent av den TAC som antas å ville bli fastsatt for hele sesongen («den forventede TAC»). Ved vurderingen legger Partene til grunn de retningslinjer som er vedtatt av ICES, om at den foreløpige TAC for sommer- og høstperioden som regel skal utgjøre 2/3 av den endelige TAC for hele sesongen.

2. Grønland og Norge skal informere Island om fangsten i h.t. pkt. 1. Hvis det viser seg, at de norske og grønlandske kvotene ikke oppfiskes, tillates Island å fiske det resterende kvantum.

Artikkel 5

Hvis det viser seg, at Norge og/eller Grønland i henhold til bestemmelsene i artikkel 4 har

en sem nemur 11 af hundraði af endanlegum leyfilegum hámarksafla skal draga það magn, sem umfram er, frá hlut þeirra á næstu vertíð og úthluta því til Íslands.

6. gr.

1. Verði endanlegur leyfilegur hámarksafli ákveðinn hærri enn væntanlegur leyfilegur hámarksafli og veiði Grænland og/eða Noregur ekki sinn hlut af því sem kemur til viðbótar og úthlutað er til þeirra skal Íslandi heimilt að veiða það magn sem óveitt er. Fari svo skal Grænland og/eða Noregur fá bætur frá Íslandi á næstu vertíð sem nema 11 af hundraði af afla Íslands úr viðbótarhlutdeildinni.

2. Bætur skv. 1. tl. skulu minnka að því marki sem Grænland og/eða Noregur veiðir úr sínum viðbótarhlut.

3. Hafi Ísland, beint eða óbeint, fengið framseldan hlut frá Grænlandi og/eða Noregi skal ekki reikna með því magni við bóta-útreikning.

4. Ef bætur samkvæmt grein þessari leiða til þess á einhverri vertíð að skiptingin verði bersýnilega ósanngjörn skulu aðilar reyna að ná samkomulagi um það hvernig bótum skuli háttað.

7. gr.

1. Ef aðili ákveður að framselja sinn hlut að fullu eða að hluta skal hann tilkynna það hinum aðilunum.

2. Afli úr hlut, sem hefur verið framseldur, skal dreginn af hlut þess aðila sem framseldi.

8. gr.

1. Grænlenskum og norskum fiskiskipum skal heimilt til 15. febrúar á hverri vertíð að veiða loðnu í íslenskri efnahagslögsögu norðan 64°30'N með þeim takmörkunum sem aðilar komast að samkomulagi um. Ísland mun einnig leyfa þessum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum og taka um borð vistir í íslenskum höfnum. Að fengnum tilmælum grænlenskra stjórnvalda getur Ísland veitt fiski-skipum af öðru þjóðerni, sem fengið hafa grænlenskt fiskveiðileyfi, sömu réttindi, enda sé gerður um það samningur við Ísland sem gildi fyrir eina vertíð í senn. Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á alþjóðlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

2. „Grænlenskt fiskiskip" merkir í 1. tl. skip sem skráð eru í Grænlandi og fullnægja

fisket et større kvantum enn 11 prosent av den endelige TAC, skal det overskytende kvantum komme til fradrag på disse Parters kvote i den påfølgende sesong, og overføres til Island.

Artikkel 6

1. Hvis den endelige TAC fastsettes høyere enn den forventede TAC og Grønland og/eller Norge ikke fisker sin andel av tilleggskvoten, som dermed er til disposisjon for dem, tillates Island å fiske det resterende kvantum. I så tilfelle skal Grønland og/eller Norge få kompensasjon fra Island i den påfølgende sesong, tilsvarende 11 prosent av Islands fangst av tilleggskvoten.

2. En eventuell kompensasjon i h.t. pkt. 1 reduseres i det omfang Grønland og/eller Norge har fisket av sin tilleggskvote.

3. Hvis Island, direkte eller indirekte, har fått overført kvote fra Grønland og/eller Norge, medregnes ikke dette kvantum ved beregning av kompensasjonen.

4. Hvis kompensasjon i henhold til denne artikkel i en sesong fører til en fordeling som er klart urimelig, skal Partene søke å bli enige om på hvilken måte kompensasjonen skal gjennomføres.

Artikkel 7

1. Hvis en av Partene beslutter å overføre sin kvote, helt eller delvis, skal de øvrige Parter informeres om dette.

2. Fangster på overførte kvoter avskrives på den overførende Parts kvote.

Artikkel 8

1. Grønlandske og norske fartøyer skal tillates å fiske lodde i hver sesong inntil 15. februar i den islandske økonomiske sone nord for 64°30'N, med slik begrensning som Partene måtte bli enige om. Island vil også tillate slike fartøyer å ilandføre sine fangster i islandske havner, samt å ta ombord forsyninger i islandske havner. På anmodning fra Grønland, og i henhold til avtale med Island, for en sesong av gangen, kan Island tilstå disse rettigheter til fartøyer av andre nasjonaliteter med grønlandsk lisens. Denne bestemmelse virker ikke inn på Islands internasjonale forpliktelser i henhold til EØS-avtalen.

2. Med «grønlandske fartøyer» som omtalt i punkt 1, forstås fartøyer som er registrert i

skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild.

9. gr.

Íslenskum og norskum fiskiskipum skal heimilt að veiða loðnu í grænlenskri fiskveiðilögsögu norðan 64°30'N.

10. gr.

Fiskiskipum með grænlenskt fiskveiðileyfi og íslenskum fiskiskipum skal heimilt að veiða loðnu í fiskveiðilögsögunni við Jan Mayen með þeim takmörkunum sem aðilar komast að samkomulagi um og einnig til að landa afla sínum í norskum höfnum.

11. gr.

Með vísan til veiðiheimilda í lögsögu samkvæmt 8., 9. og 10. gr. getur hver aðili fyrir sig sett takmarkanir í sinni lögsögu með tilliti til stærðar fiskiskipa, fjölda þeirra og gerðar.

12. gr.

Aðilar skulu skiptast reglulega á tölfræðilegum upplýsingum um loðnuveiðarnar.

13. gr.

Aðilar skulu vinna saman að vísindalegum rannsóknum á loðnustofninum.

14. gr.

Aðilar skulu halda fund a.m.k. einu sinni á ári, til skiptis í löndunum þremur, til að ræða framkvæmd samningsins. Aðilar skulu hafa samráð um verndunaraðgerðir, þar á meðal um tillögur um lokanir svæða til verndunar smáloðnu.

15. gr.

Samningurinn skal gilda fyrir vertíðirnar frá og með 1. júlí 1994 til og með 30. apríl 1998 og framlengist um tvö ár í senn nema einhver aðilanna segi samningnum upp innan sex mánaða fyrir lok upprunalegs gildistíma samningsins eða framlengds gildistíma.

Grønland og oppfyller den grønlandske fiskerilovs krav til eierskap.

Artikkel 9

Islandske og norske fartøyer skal tillates å fiske lodde i den grønlandske fiskerisone nord for 64°30'N.

Artikkel 10

Grønlandsk lisensierte og islandske fartøyer skal tillates å fiske lodde i fiskerisonen ved Jan Mayen, med slik begrensning som partene måtte bli enige om, så vel som å ilandføre sine fangster i norske havner.

Artikkel 11

I forbindelse med fiskeadgang, som er nevnt i artiklene 8, 9 og 10, kan hver av Partene fastsette restriksjoner for sin sone m.h.t. fartøyenes størrelse, antall og type.

Artikkel 12

Partene skal løpende utveksle statistikk om loddefangstene.

Artikkel 13

Partene skal samarbeide om gjennomføring av vitenskapelig forskning vedrørende loddebestanden.

Artikkel 14

Partene skal møtes minst en gang i året, vekselvis i hvert av de tre land, for å drøfte gjennomføringen av avtalen. Partene skal konsultere vedrørende iverksettelse av bevaringstiltak, inklusive forslag om stengning av områder for å beskytte loddeyngel.

Artikkel 15

Avtalen skal gjelde for sesongene fra og med 1. juli 1994 og til og med 30. april 1998, og vil bli forlenget med 2 år om gangen, medmindre en av Partene sier opp avtalen senest 6 måneder før utløpet av avtalens opprinnelige periode, eller en tilleggsperiode.

Fylgiskjal II.

Sameiginleg yfirlýsing varðandi framkvæmd samningsins

Norskum fiskiskipum er aðeins heimilt að veiða 60 af hundraði af þeim hluta leyfilegs hámarksafla, sem kemur í hlut Noregs á viðkomandi vertíð samkvæmt 3. gr., innan efnahagslögsögu Íslands. Íslenskum fiskiskipum er aðeins heimilt að veiða 60 af hundraði af þeim hluta leyfilegs hámarksafla, sem kemur í hlut Íslands, innan fiskveiðilögsögunnar við Jan Mayen.

Avtalememorandum

Av den kvoteandel som tildeles Norge i angjeldende sesong, fastsatt i henhold til artikkel 3, tillates norske fartøyer kun å fiske 60 prosent i den islandske økonomiske sone. Islandske fartøyer tillates å fiske i fiskerisonen ved Jan Mayen kun 60 prosent av den kvoteandel, som tildeles Island.

Fylgiskjal III.

Bókun

Af hálfu Noregs var lögð áhersla á að samvinna um nýtingu hins sameiginlega loðnustofns á svæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands og framkvæmd á skiptingu hámarksaflans, sem samið hefur verið um, skuli vera byggð á gagnkvæmu og jafngildu skipulagi.

Í þessu sambandi var af hálfu Noregs bent á tíma- og svæðistakmarkanir innan íslenskrar lögsögu sem ákveðnar eru í 8. gr. samningsins og þess farið á leit að Ísland endurskoðaði þessi ákvæði.

Af hálfu Íslands voru þessar athugasemdir teknar til skoðunar og ástæðurnar fyrir þessum ákvæðum kynntar.

Memorandum

Den norske Part fremhevet at samarbeid om forvaltingen av den felles loddebestanden ved Island/Jan Mayen/Grønland og gjennomføringen av den avtalte kvotefordelingen, bør skje på grunnlag av gjensidige og likeverdige ordninger.

Den norske Part viste i denne forbindelse til tids- og områdebegrensninger for den islandske sonen, fastsatt i avtalens artikkel 8, og anmodet Island om å revurdere disse bestemmelsene.

Den islandske Part tok ovenstående til etterretning, og informerte om bakgrunnen for disse bestemmelsene.

961. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til lyfjalaga.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingganefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið sem felur í sér verulegar breytingar á lyfjadreifingu. Á fund nefndarinnar komu frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Einar Magnússon skrifstofustjóri og Eggert Sigfússon deildarstjóri, Ólafur Ólafsson landlæknir, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir, Guðrún S. Eyjólfsdóttir, forstöðumaður Lyfjaeftirlits ríkisins, Guðmundur Reykjalín og Ingolf Petersen frá Apótekarafélagi Íslands, Ásta Möller og Ingibjörg Þórhallsdóttir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sverrir Bergmann og Ludvig Guðmundsson frá Læknafélagi Íslands, Rögnvaldur Ingólfsson, formaður Dýralæknafélags Íslands, Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, Hjörleifur Þórarinsson og Ólöf Briem frá Stéttarfélagi íslenskra lyfjafræðinga, Daníel Helgason framkvæmdastjóri, Hrannar Erlingsson viðskiptafræðingur, Hanna María Siggeirsdóttir, apótekari í Stykkishólmi, Jón Þórðarson, apótekari í Hveragerði, Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, Magnús Jóhannsson prófessor og Birgir Thorlacius, Bjarni Bjarnason, Guðmundur Hallgrímsson, Sindri Sindrason og Stefán Guðjónsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna.

Þá studdist nefndin við umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Apótekarafélagi Íslands, Borgarspítalanum, Búnaðarfélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Háskóla Íslands, lyfjafræði lyfsala Háskóla Íslands, heilbrigðismálaráði Austurlandshéraðs, heilbrigðismálaráði Norðurlandshéraðs eystra, heilbrigðismálaráði Suðurlandshéraðs, heilbrigðisráði Norðurlandshéraðs vestra, Landakotsspítala, landlækni, Lyfjaeftirliti ríkisins, Lyfjafræðingafélagi Íslands, lyfjanefnd, lyfjaverðlagsnefnd, Læknafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samkeppnisstofnun, Stéttarfélagi íslenskra lyfjafræðinga, Stéttarsambandi bænda, stjórnarnefnd Ríkisspítala, stjórnum heilsugæsluumdæmanna í Reykjavík, Tryggingastofnun ríkisins, Vigfúsi Guðmundssyni, apótekara á Húsavík, og yfirdýralækni.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

1. Með breytingum á 1. gr. er í fyrsta lagi lögð áhersla á mikilvægi þess að almenningur njóti fræðslu um lyf og lyfjanotkun. Í því sambandi má vísa til niðurstöðu könnunar um lyfjanotkun aldraðra í heimahúsum þar sem 82% þátttakenda reyndust neyta lyfja sinna með röngum hætti. Þá er orðalagið „draga úr óhóflegri notkun lyfja“ og „minnka lyfjakostnað“ talið óheppilegt og byggt á fullyrðingum sem ekki hafa verið færðar sönnur á. Þá er lögð til breyting á hæfisskilyrði embættis lyfjamálastjóra. Talið er að orðalagið „má ekki eiga neinna hagsmuna að gæta“ sé óglöggt og ekki í fullu samræmi við gildandi rétt á sviði stjórnsýslu þar sem vanhæfi á grundvelli hagsmuna manna er metið út frá nánar tilteknum skilyrðum, m.a. að „verulegir“ hagsmunir þurfi að vera fyrir hendi. Í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, er ekki að finna almennt neikvætt hæfisskilyrði hliðstætt því sem hér er lagt til að sett verði. Í greinargerð með frumvarpi til stjórnsýslulaga segir hins vegar að eðlilegast sé að tekin verði afstaða til þess við setningu sérlaga hverju sinni hvort þörf sé á að lögtaka slík ákvæði. Fræðimenn á þessu sviði hér á landi hafa haldið því fram að fara

þurfi varlega í þessu efni vegna smæðar þjóðfélags okkar, þ.e. að ekki megi með slíkum skilyrðum útiloka þá menn sem búa yfir mestri þekkingu. Hæfisskilyrðið, sem hér er lagt til að lögfest verði, er byggt á óskráðri reglu sem ætlað er að koma fyrir fram í veg fyrir að embættismaðurinn verði vanhæfur á grundvelli hinna sérstöku hæfisreglna í 3. gr. stjórnsýslulaga. Ekki er talinn leika vafi á þörf slíks skilyrðis varðandi lyfjamálastjóra sem fjallar í starfi sínu um verulega hagsmuni. Talið er eðlilegt að miða hér við að hann megi ekki hafa „persónulegra" hagsmuna að gæta. Þá er í þriðja lagi lagt til að lyfjamálastjóri og lyfjaverðsnefnd verði tiltekin meðal þeirra sem eru ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar við framkvæmd laganna. Loks er lagt til að nafni lyfjagreiðslunefndar verði breytt og að nefndin heiti „lyfjaverðsnefnd". Er það í samræmi við breytingu sem lögð er til á 41. gr. um breytt hlutverk nefndarinnar.

2. Breytingin, sem lögð er til í a-lið breytingartillögu við 2. gr., er í samræmi við hæfisreglur á sviði stjórnsýsluréttar, sbr. athugasemdir í 1. tölul. Með breytingunni, sem lögð er til í b-lið, er lögð áhersla á að í reglugerð verði sérstaklega kveðið á um ákvörðun eftirlitsgjalda og innheimtu þeirra.
3. Breytingin, sem lögð er til á 4. gr., er til samræmis við orðalag í athugasemdum með frumvarpinu þar sem segir að gert sé ráð fyrir að innheimt verði gjöld fyrir öll útgefin leyfi en ekki eingöngu fyrir skráningu sérleyfa eins og verið hefur.
4. Breytingar, sem lagðar eru til á 5. gr., eru annars vegar orðalagsbreyting sem ekki þarfnast skýringar en hins vegar breyting sem er til komin þar sem hugtakið „geislavirk lyf" er talið óljóst. Hið breytta orðalag er einnig í samræmi við orðalag í öðrum ákvæðum kaflans.
5. Breytingin, sem lögð er til á 8. gr., er talin rökrétt ef leyfa á að takmarka skráningu lyfja til reynslu í skemmri tíma en almennt gildir.
6. Lögð er til orðalagsbreyting á 13. gr. sem ekki þarfnast skýringar.
7. Meginbreytingin, sem lögð er til á 20. gr., felur í sér að stuðst skuli við umsagnir sveitarstjórna áður en lyfsöluleyfi eru veitt, einnig að stuðst skuli við íbúafjölda að baki lyfjabúð og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Breytingunni er ætlað að koma í veg fyrir að rekstrargrundvelli apóteka í dreifbýli verði stefnt í hættu eins og hagsmunaaðilar óttast að óbreyttu frumvarpi. Meiri hluti nefndarinnar telur afar mikilvægt að tryggð sé örugg lyfjadreifing um land allt. Í 6. mgr. 20. gr. er kveðið á um að ráðherra geti falið stjórn heilsugæslustöðvar rekstur lyfjabúðar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að mótaðar verði skýrar verklagsreglur varðandi það þegar nýir aðilar leita eftir lyfsöluleyfi í umdæmi þar sem stjórn heilsugæslustöðvar hefur verið veitt slíkt leyfi. Mikilvægt er að ráðherra geti þegar svo stendur á, að fengnum meðmælum sveitarstjórnar, fellt niður leyfi heilsugæslustöðvar og veitt það einstaklingi er uppfyllir skilyrði 20. gr. Aðrar breytingar, sem lagðar eru til, eru ekki efnislegar en eru taldar gera ákvæðið skýrara.
8. Í fyrsta lagi er lagt til að Lyfjaeftirlit ríkisins veiti umsögn varðandi framlengingu lyfsöluleyfis í 22. gr. í stað landlæknis eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Starfsemi lyfjabúða er undir stöðugu eftirliti Lyfjaeftirlits ríkisins og eðlilegt verður að telja að eftirlitið hafi með höndum það faglega mat sem umsögn hlýtur að byggjast á. Þá er lagt til að við andlát leyfishafa verði kveðið á um rétt dánarbús hans til að reka lyfjabúðina um skeið þannig að svigrúm skapist til að ganga frá öllum málum rekstrarins, svo sem varðandi starfsfólk, lyfjabirgðir o.fl.

9. Breytingum, sem lagðar eru til á 24. gr., er fyrst og fremst ætlað að gera ákvæðið skýrara. Þá er lagt til að kveðið verði á um að lyfsalar hafi upplýsingaskyldu gagnvart heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti en ekki einungis heilbrigðisyfirvöldum almennt eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Lagt er til að bætt verði við ákvæðum um upplýsingaskyldu lyfjabúða, ekki einungis gagnvart yfirvöldum, heldur ekki síður gagnvart neytendum. Einnig er kveðið á um skyldu lyfjabúða til að kynna í samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir lyfjafræðilega umsjá með það að markmiði að draga úr líkum á sjúkdómum og auka almennt heilbrigði.
10. Orðalagsbreytingar, sem lagðar eru til á 29. gr., þarfnast ekki skýringa.
11. Lagt er til að í 30. gr. verði kveðið á um að það sé forsenda lyfjasölu stofnana sem kveðið er á um í 4. mgr. 30. gr. að þær hafi lyfjafræðing í starfi. Með óbreyttu frumvarpi er verið að draga úr þeim öryggiskröfum sem gilda í dag að þessu leyti sem er andstætt stefnu heilbrigðisyfirvalda. Þá er lagt til að dýralæknar verði tilteknir í 4. mgr. á sama hátt og læknar og tannlæknar, til samræmis við efni ákvæðisins að öðru leyti. Meiri hlutinn telur og eðlilegt að lyfjaverðsnefnd ákveði þóknun fyrir lyfjaafhendingu til handa dýralæknum og lögð er til viðbót við ákvæðið þess efnis. Loks er lagt til að skýrar verði kveðið á um upplýsingaskyldu lyfjaheildsala, að hverjum hún beinist og einnig um form. Talið er mikilvægt að ráðuneytið hafi aðgang að nákvæmum upplýsingum um þetta atriði.
12. Sem fyrr er hér lagt til að í 32. gr. verði kveðið á um að upplýsingaskylda lyfjaframleiðanda sé gagnvart heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti en ekki heilbrigðisyfirvöldum almennt eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu og er hið breytta orðalag talið skýrara.
13. Lagt er til að 33. gr. verði breytt þannig að heimilt verði að veita lyfjabúðum framleiðsluleyfi sem takmarkist við tiltekin lyfjaform. Með þessu er veitt svigrúm til leyfisveitinga til lyfjabúða sem hafa yfir takmörkuðum búnaði að ræða. Þess eru dæmi að lyfjabúðir úti á landsbyggðinni hafi búnað til að framleiða lyfjastauta sem getur verið verulegt þjónustuatriði fyrir neytendur.
14. Lagt er til að í 34. gr. verði kveðið á um „fjárhagslegan“ aðskilnað sem er víðtækara orðalag en „reikningslegur“ aðskilnaður. Meiri hlutinn vill leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að rekstur lyfjabúða á sjúkrahúsum sé aðskilinn frá öðrum rekstri sjúkrahússins.
15. Breytingin, sem lögð er til á 35. gr., er talin í samræmi við eftirlitshlutverk Lyfjaeftirlits ríkisins samkvæmt frumvarpinu.
16. Í 37. gr. er lagt til að tekin verði af tvímæli um að um sé að ræða lyfjafræðing sem starfar á sjúkrahúsinu.
17. Lögð er til sú grundvallarbreyting á 40. gr. að lyfjaverðsnefnd ákvarði hámarksverð bæði í heildsölu og smásölu en ekki einungis að lyfjaframleiðendur sæki um hámarksverð eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Með breytingunni telur meiri hluti nefndarinnar að koma megi í veg fyrir að misvægi skapist, t.d. að hækkun verði á framleiðslu- og heildsölustigi án þess að eðlileg verðbreyting verði gerð á smásölustigi. Samkeppnisstofnun hefur m.a. bent á að hvarvetna þar sem hámarksverðlagning hefur gilt hefur þótt nauðsynlegt að verðleggja sérstaklega hvert sölustig þannig að tryggt verði að verðlagningin standi undir eðlilegum kostnaði. Þá er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um ákvörðun þóknunar til dýralækna. Lagðar eru til nokkrar breytingar varðandi skipan lyfjaverðsnefndar. Eðlilegt er talið að kveðið verði á um að nefndin sé skipuð pólitískt og miðist við kjörtímabil ráðherra. Þá er

lagt til að fulltrúum nefndarinnar verði fækkað úr fimm í þrjá en talið er að starf nefndarinnar verði þar með skilvirkara. Fyrir liggur að nefndinni er ætlað að fjalla um mikla hagsmuni og mikilvægt er að ákvarðanir hennar verði hafnar yfir gagnrýni. Því er hér lagt til að Hæstiréttur Íslands tilnefni einn fulltrúa í nefndina. Þar sem lyfjaverðsnefnd mun við verðákvarðanir vera skipuð fjórum fulltrúum er hér lagt til að kveðið verði á um að atkvæði formanns ráði úrslitum mála ef atkvæði falla jöfn. Aðrar breytingar þarfnast ekki skýringa.

18. Breytingar, sem lagðar eru til á 41. gr., eru af tvennum toga. Annars vegar er lagt til að ráðherra en ekki lyfjagreiðslunefnd ákvarði þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði að fenginni tillögu Tryggingastofnunar ríkisins. Talið er mikilvægt að ráðherra geti tekið slíkar ákvarðanir og jafnframt óæskilegt að lyfjaverðsnefnd hafi með höndum tvíþætt hlutverk eins og frumvarpið gerir ráð fyrir að lyfjagreiðslunefnd hafi.
19. Breyting, sem lögð er til varðandi gildistökuákvæði í 45. gr., þarfnast ekki skýringar.
20. Með breytingunni, sem lögð er til á 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða, er tryggt að lyfjaþjónusta bjóðist óslitið. Þá er lagt til að fellt verði niður ákvæði 3. tölul. sem talið er óþarft þar eð ráðherra hlýtur ætíð að geta synjað umsókn um lyfsöluleyfi ef skilyrði eru að öðru leyti fyrir hendi. Aðrar breytingar, sem lagðar eru til, þarfnast ekki skýringa.
21. Lögð er til sú grundvallarbreyting að sett verði nýtt ákvæði til bráðabirgða sem varðar gildistöku þeirra kafla laganna sem fjalla um breyttar reglur varðandi lyfsöluleyfi og verðlagningu lyfja. Gildistöku VII. og XIV. kafla laganna er því frestað í rúmt ár, til 1. júní 1995. Markmið með þessari breytingu er tvíþætt. Annars vegar gefst með þessari breytingu tækifæri til að greina afmarkað áhrif EES-samningsins, þ.e. samhliða innflutnings, á lyfjamarkaðinn hér á landi. Þá er talið eðlilegt, þar sem lögfesting frumvarpsins mun leiða til umfangsmikilla breytinga, að veita lengri aðlögunartíma en almennt gerist þannig að allir aðilar geti lagað sig að aðstæðum og undirbúið starfsemi í breyttu rekstrarumhverfi.

Að lokum vill meiri hlutinn taka fram að enda þótt ekki sé lagt til að gerð verði breyting á 21. gr. frumvarpsins varðandi það að læknar megi ekki vera starfsmenn lyfjabúða er ekki með því verið að útiloka að læknar, t.d. á minni stöðum úti á landsbyggðinni, grípi í afgreiðslu lyfja þegar nauðsyn ber til, eins og tíðkast hefur fram að þessu.

Alþingi, 15. apríl 1994.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm. Lára Margrét Ragnarsdóttir. Guðmundur Hallvarðsson.

Sólveig Pétursdóttir. Sigríður A. Þórðardóttir.

962. Breytingartillögur [255. mál]

við frv. til lyfjalaga.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar (GunnS, LMR, GHall, SP, SAÞ).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „draga úr óhóflegri notkun lyfja og minnka lyfjakostnað“ í síðasta málslið fyrri málsgreinar komi: auka fræðslu um lyfjanotkun, sporna við óhóflegri notkun og halda lyfjakostnaði í lágmarki.
   b. Í stað orðsins „neinna“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: persónulegra.
   c. Síðasti málsliður síðari málsgreinar orðist svo: Lyfjamálastjóri, Hollustuvernd ríkisins, landlæknir, Lyfjaeftirlit ríkisins, lyfjanefnd ríkisins, lyfjaverðsnefnd og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis við framkvæmd laganna.
2. Við 2. gr.
   a. Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: og má hann ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja.
   b. Í stað 3. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
      Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins.
      Verja skal tekjum þessum til greiðslu kostnaðar við eftirlitið og skal miðað við að gjaldið standi undir kostnaði við rekstur eftirlitsins.
3. Við 4. gr. Við 5. mgr. bætist: svo og öðrum leyfisgjöldum, svo sem markaðsleyfum og leyfum fyrir klínískar prófanir.
4. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „ætluð“ í 1. mgr. komi: notuð.
   b. Í stað orðsins „lyf“ á eftir orðinu „geislavirk“ í 1. mgr. komi: efni.
5. Við 8. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Heimilt er að skrá lyf og veita markaðsleyfi tímabundið til reynslu.
6. Við 13. gr. Í stað orðanna „auglýsingar um lyf“ komi: lyfjaauglýsingar.
7. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   Leyfi til lyfjasölu hafa þeir aðilar einir sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.
   Ráðherra veitir lyfsöluleyfi þeim sem uppfyllir eftirtalin skilyrði og um slíkt leyfi sækir:
   1. Er lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. lög um lyfjafræðinga.
   2. Hefur starfað sem lyfjafræðingur í þrjú ár. Veita má undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.
   3. Hefur verslunarleyfi eða hefur gert samning við aðila með verslunarleyfi.

   Umsóknir um ný lyfsöluleyfi skal ráðherra senda viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Við mat umsóknar skal m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu nýs leyfis er ráðherra heimilt að hafna umsókninni.
   Áður en starfsemi lyfjabúðar er hafin skal liggja fyrir yfirlýsing Lyfjaeftirlits ríkisins um að húsnæði, búnaður og starfslið fullnægi kröfum þess.
   Ráðherra er heimilt að kveða á um vaktskyldu lyfsöluleyfishafa.
   Ráðherra getur falið stjórn heilsugæslustöðvar í heilsugæsluumdæmi þar sem lyfjabúð er ekki starfrækt rekstur lyfjabúðar og skal samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins liggja fyrir áður en starfsemi hennar er hafin. Stjórn heilsugæslustöðvar, sem falinn er

rekstur lyfjabúðar, er heimilt að semja við utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa um þjónustu, þar með talinn rekstur lyfjabúðar, sbr. 35. gr.

Fyrir lyfsöluleyfi skal greiða gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

8. Við 22. gr.
   a. Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: Lyfjaeftirlits ríkisins.
   b. 4. tölul. orðist svo: við andlát leyfishafa. Þó er dánarbúi heimilt að reka lyfjabúð í hálft ár, undir faglegri stjórn lyfjafræðings, að fengnu samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Við starfslok er leyfishafa eða dánarbúi heimilt að selja reksturinn lyfjafræðingi sem öðlast hefur lyfsöluleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara.
9. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Lyfsölum er skylt að hafa á boðstólum lyf sem selja má hér á landi, hafa hæfilegar lyfjabirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði og útvega þau lyf sem ekki er að finna í birgðum þeirra svo fljótt sem auðið er. Enn fremur skulu vera til sölu í lyfjabúðum helstu gerðir lyfjagagna og hjúkrunar- og sjúkragagna eftir því sem kostur er.

   Lyfsölum er skylt að veita heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi, enda brjóti það ekki í bága við önnur lög.

   Lyfsölum er skylt að veita neytendum og heilbrigðisstéttum upplýsingar um lyf, notkun þeirra og geymslu. Þá er þeim jafnframt skylt að kynna lyfjanotkun og lyfjafræðilega umsjá í samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir með það að markmiði að draga úr líkum á sjúkdómum og auka almennt heilbrigði.

   Lyfsalar skulu tölvuskrá allar upplýsingar af lyfseðlum á formi sem samþykkt er af landlækni og tölvunefnd, sbr. lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Landlæknir getur krafist þessara upplýsinga allt að einu ári aftur í tímann.
10. Við 29. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
    Leyfi til innflutnings fullgerðra lyfja og lyfjaefna til dreifingar í heildsölu hafa þeir einir sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.
11. Við 30. gr.
    a. 4. mgr. orðist svo:
       Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum, tannlæknum og dýralæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna, tannlækna og dýralækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir rekstrarkostnað. Þóknun fyrir lyfjaafhendingu dýralækna skal ákveðin af lyfjaverðsnefnd í samráði við yfirdýralækni, sbr. 40. gr.
    b. 5. mgr. orðist svo:
       Lyfjaheildsölum er skylt að tölvuskrá söluupplýsingar á formi sem samþykkt er af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og jafnframt að veita ráðuneytinu upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.
12. Við 32. gr. Í stað orðsins „heilbrigðisyfirvöldum“ í síðari málslið síðari málsgreinar komi: heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

13. Við 33. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að takmarka framleiðsluleyfi þeirra við tiltekin lyfjaform.
14. Við 34. gr. Í stað orðsins „reikningslega“ í 1. mgr. komi: fjárhagslega.
15. Við 35. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

    Hafi stofnunin ekki lyfjafræðing í þjónustu sinni skv. 1. mgr. skal stjórn stofnunarinnar semja við utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa um lyfjafræðilega þjónustu, svo sem umsjón með öflun lyfja og eftirlit með notkun þeirra. Samningurinn er háður samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.
16. Við 37. gr. Á undan orðinu „lyfjafræðingur“ í 2. málsl. komi: starfandi.
17. Við 40. gr. Greinin orðist svo:

    Lyfjaverðsnefnd ákvarðar hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum í heildsölu og smásölu. Nefndin ákveður jafnframt þóknun til dýralækna fyrir afhendingu dýralyfja.

    Innflytjendur lyfja, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra skulu sækja um hámarksverð í heildsölu og allar verðbreytingar á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum til lyfjaverðsnefndar.

    Í nefndinni skulu eiga sæti þrír menn sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar til setu á kjörtímabili sínu, þar af einn tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Ráðherra skipar formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þegar fjallað er um hámarksverð á lyfjum í heildsölu tekur sæti í nefndinni fulltrúi samtaka lyfjaheildsala og þegar fjallað er um hámarksverð í smásölu tekur fulltrúi samtaka lyfsala sæti í nefndinni. Þegar fjallað er um þóknun til dýralækna tekur fulltrúi samtaka dýralækna sæti í nefndinni auk þess sem nefndin skal þá leita álits yfirdýralæknis. Falli atkvæði jöfn við afgreiðslu mála hjá nefndinni sker atkvæði formanns úr.

    Nefndin skal fylgjast með innkaups- og framleiðsluverði lyfja og verðlagningu lyfja í heildsölu og smásölu og taka mið af þeim athugunum við verðákvarðanir sínar. Þá skal nefndin hafa með höndum útgáfu lyfjaverðskrár sem í er birt hámarksverð lyfseðilsskyldra lyfja.

    Kostnaður við störf nefndarinnar, þar með talin laun nefndarmanna og starfsliðs, greiðist úr ríkissjóði.
18. Við 41. gr. Í stað orðanna „Lyfjagreiðslunefnd ákveður fyrir Tryggingastofnun ríkisins“ komi: Ráðherra ákveður að fenginni tillögu Tryggingastofnunar ríkisins.
19. Við 45. gr.
    a. Í stað orðsins „mars“ í 1. mgr. komi: júlí.
    b. Í stað orðsins „mars“ í fyrri málslið síðari málsgreinar komi: júní.
20. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. 2. tölul. orðist svo: Núverandi lyfsalar halda lyfsöluleyfum sínum eftir gildistöku ákvæða VII. kafla laganna. Samvinnureknar lyfjabúðir á Akureyri og Selfossi og Lyfjabúð Háskóla Íslands hafa frest til 1. júní 1995 til að uppfylla skilyrði laga þessara. Læknar og sveitarfélög halda leyfum sínum til lyfsölu fram til 1. júní 1995 og eftir það þar til sá er uppfyllir skilyrði samkvæmt lögum þessum sækir um lyfsöluleyfið.
    b. 3. tölul. falli brott.
21. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Ákvæði VII. og XIV. kafla koma þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. júní 1995.

963. Fyrirspurn [601. mál]

til menntamálaráðherra um þróun samstarfs Kennaraháskólans og Þroskaþjálfaskólans.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

Með hvaða hætti hyggst ráðherra stuðla að áframhaldandi þróun tilraunasamstarfs Kennaraháskólans og Þroskaþjálfaskólans á sviði uppeldis- og kennslufræða? Hver munu næstu skrefin verða í þeirri þróun?

Skriflegt svar óskast.

964. Lög [290. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 369.

965. Lög [354. mál]

um samfélagsþjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 950.

966. Lög [275. mál]

um breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 951.

967. Lög [72. mál]

um breyting á lögum nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.

(Afgreidd frá Alþingi 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 953.

968. Tillaga til þingsályktunar [602. mál]

um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd og nýtingu síldarstofna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur sem miði að því að auka nýtingu síldar til manneldis og nýta betur þá möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í veiðum og vinnslu síldar. Nefndin endurskoði m.a. í þessu sambandi lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, í þeim tilgangi að efla markaðsöflun fyrir síldarafurðir.

Greinargerð.

Til sjávarútvegsnefndar hefur í vetur verið vísað tveimur tillögum til þingsályktunar sem tengjast síldveiðum. Önnur er um nýtingu síldarstofna og hin um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd. Nefndin hefur nú ákveðið að sameina þessar tillögur í eina og standa saman að flutningi hennar.

Með auknum síldarafla og vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa í Austur-Evrópu, hefur vaxandi hluti þeirrar síldar, sem landað hefur verið hérlendis síðustu árin, farið til bræðslu og var þetta hlutfall um 60–70% á síðustu vertíð. Þetta er miður þar sem mun hærra verð fæst fyrir síld sem unnin er til manneldis en þær afurðir sem bræðslan gefur af sér. Markaðir fyrir ýmsar síldarafurðir eru víða allstórir en kröfur neytenda mjög mismunandi eftir markaðssvæðum, t.d. er neysla saltsíldar mikil í Rússlandi en Japanar vilja fá síldina frysta. Þeir aðilar, sem unnið hafa síld til manneldis, kvarta hins vegar yfir erfiðleikum á því að fá nægilegt hráefni til að vinna upp í gerða samninga þar sem mikill hluti landaðs afla hefur farið beint í bræðslu. Nefnd sú, sem tillagan gerir ráð fyrir að verði skipuð, skal leggja fram tillögur um leiðir til að koma þessum málum í betra horf. Þær skulu bæði taka mið af hvort ekki sé hægt að auka hlutfall síldar til vinnslu og hvort grundvöllur sé fyrir að auka heildarveiðiheimildir á síld. Jákvæðar spár um að norsk-íslenski síldarstofninn sé að ná þeirri stærð að hann fari að ganga á Íslandsmið á ný hljóta að knýja á um að þetta verði skoðað. Jafnframt þessu skal nefndin taka lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, til endurskoðunar í þeim tilgangi að efla markaðsöflun fyrir síldarafurðir.

Rússar, sem oftast hafa verið stærstu kaupendur okkar að síldarafurðum, hafa ítrekað óskað eftir því að fá að kaupa síld beint úr veiðiskipum og hafa m.a. boðist til að greiða síldina með heilfrystum þorski úr Barentshafi. Vitað er að þeir hafa í fjölda ára keypt fersksíld beint úr veiðiskipum hjá helstu keppinautum okkar svo sem Kanada-

mönnum, Norðmönnum, Bretum og Írum og í sumum tilfellum skuldbundið sig til að kaupa jafnhliða unnar síldarafurðir. Með hliðsjón af þessu er full ástæða til að nefndin geri jafnframt tillögur um endurskoðun á núgildandi fyrirkomulagi á þessum viðskiptum Íslendinga við Rússa.

969. Breytingartillaga [507. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður svohljóðandi:

22. Að endurgreiða eða fella niður toll af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa töluliðar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

970. Nefndarálit [507. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Á fund nefndarinnar um málið komu frá fjármálaráðuneytinu þeir Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri og Snorri Olsen deildarstjóri. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með einni breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali og er þess efnis að kartöfluútsæði verði einnig fellt inn í frumvarpið.

Guðjón Guðmundsson og Ingi Björn Albertsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Árni R. Árnason.
	Guðrún J. Halldórsdóttir.	

971. Nefndarálit [545. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Á fund nefndarinnar um málið mættu frá fjármálaráðuneytinu Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri og Snorri Olsen deildarstjóri. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Hún felur í sér að sleppt verði að tilgreina þau tímamörk sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins en ráðherra í staðinn falið að kveða nánar á um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

Guðjón Guðmundsson og Ingi Björn Albertsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Árni R. Árnason.
	Guðrún J. Halldórsdóttir.	

972. Breytingartillaga [545. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa á ökumælum, vegna nýskráningar bifreiða, tengi- eða festivagna eða vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á ökumælum í bifreiðar, tengi- eða festivagna ef ákvörðun er tekin um að hætta að miða innheimtu þungaskatts við ekna kílómetra samkvæmt ökumælum.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

973. Nefndarálit [548. mál]

um frv. til l. um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Á fundi nefndarinnar um málið komu Indriði H. Þorláksson og Snorri Olsen frá fjármálaráðuneytinu og Árni Guðmundsson og Guðmundur Ásgeirsson frá Lífeyrissjóði sjó-

manna. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Guðjón Guðmundsson og Ingi Björn Albertsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Árni R. Árnason.
	Guðrún J. Halldórsdóttir.	

974. Nefndarálit [556. mál]

um till. til þál. um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og lýsir stuðningi við hana. Á fund nefndarinnar mætti Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu.

Alþingi, 18. apríl 1994.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir.	Sturla Böðvarsson.
Jóhann Ársælsson.	Guðni Ágústsson.	Stefán Guðmundsson.
Egill Jónsson.	Árni Johnsen.	Guðrún J. Halldórsdóttir.

975. Nefndarálit [558. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Á fund nefndarinnar mætti Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu.

Alþingi, 18. apríl 1994.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir.	Stefán Guðmundsson.
Guðni Ágústsson.	Sturla Böðvarsson.	Jóhann Ársælsson.
Egill Jónsson.	Árni Johnsen.	Guðrún J. Halldórsdóttir.

976. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn til viðræðna frá Áburðarverksmiðju ríkisins Hákon Björnsson framkvæmdastjóra og Teit Gunnarsson framleiðslustjóra, frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna Pál Halldórsson formann og Birgi Björn Sigurjónsson framkvæmdastjóra, frá Verkamannafélaginu Dagsbrún Guðmund J. Guðmundsson formann og Leif Guðjónsson, starfsmann félagsins, Jón Höskuldsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneyti, Sigríði Kristinsdóttur, formann Starfsmannafélags ríkisstofnana, Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, og Ögmund Jónasson, formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þá studdist nefndin við umsagnir frá 116. og 117. þingi frá Áburðarverksmiðju ríkisins, Búnaðarfélagi Íslands, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðju ríkisins, Stéttarsambandi bænda, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Einnig fræddust nefndarmenn um starfsemi Áburðarverksmiðjunnar í heimsókn sem farin var þegar nefndin fjallað um málið á 116. þingi og áttu þá m.a. viðræður við stjórnendur og stjórnarmenn verksmiðjunnar.

Í athugasemdum við frumvarpið koma fram rök fyrir stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins. Meiri hlutinn tekur undir þá röksemd að eðlilegt sé að ríkið dragi sig út úr atvinnustarfsemi, einkum samkeppni við almennan atvinnurekstur.

Nokkur óvissa er um framtíð Áburðarverksmiðjunnar. Hinu nýja hlutafélagi verður að vísu veitt einkaleyfi það sem Áburðarverksmiðja ríkisins hefur haft til framleiðslu, innflutnings og sölu á tilbúnum áburði en það fellur úr gildi ekki síðar en í ársbyrjun 1995. Skapast þá aðstæður til samkeppni innfluttra áburðartegunda við framleiðsluvörur félagsins og má búast við að til hennar komi. Með stofnun hlutafélags um starfsemina er fyrirtækinu skapað aukið svigrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum.

Starfsemi Áburðarverksmiðju ríkisins hefur mikla þýðingu fyrir íslenskan landbúnað og eru bændur jafnframt helstu viðskiptavinir hennar. Miklu skiptir fyrir afkomu landbúnaðarins hvernig verksmiðjan hagar starfsemi sinni. Þessir gagnkvæmu hagsmunir hafa verið viðurkenndir hingað til með því fyrirkomulagi sem gilt hefur um skipan stjórnar Áburðarverksmiðjunnar. Meiri hlutinn telur við hæfi að á meðan ríkissjóður er einn eigandi að öllum hlutum í hinu nýja félagi verði stjórnarmenn áfram valdir eftir svipuðum forsendum og verið hefur og að leitað verði til samtaka bænda og landbúnaðar eftir því sem við getur átt.

Við fyrri umræður á Alþingi og umfjöllun þingnefnda um frumvörp til laga um stofnun hlutafélaga um ríkisfyrirtæki hafa orðið miklar umræður og skiptar skoðanir meðal þingmanna um hvernig gætt skuli réttinda ríkisstarfsmanna við slíkar breytingar. Nefndin hefur kynnt sér þær lögfræðilegu greinargerðir sem aðrar nefndir öfluðu sér við umfjöllun þeirra um hliðstæð mál og leggur áherslu á að allt verði gert til þess að ná samkomulagi við samtök ríkisstarfsmanna um málið. Er það mun betri kostur en ef leysa þyrfti málið fyrir dómstólum eins og annars stefnir í.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að fimm menn skipi stjórn hlutafélagsins, svo og jafnmargir varamenn. Enn fremur er lagt til að yfirtöku hins nýja hlutafélags á eignum, skuldum og rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins, svo og brottfalli laga um hana, verði seinkað til 1. júlí 1994.

Alþingi, 18. apríl 1994.

Egill Jónsson, form.	Einar K. Guðfinnsson, frsm.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.
Eggert Haukdal.	Gísli S. Einarsson, með fyrirvara.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.
	Árni M. Mathiesen.	

977. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (EgJ, ÁMM, EKG, EH, GE, GÁ, JGS).

1. Á eftir 6. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Stjórn hlutafélagsins skulu skipa fimm menn, kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, svo og jafnmargir varamenn þeirra.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna „1. janúar 1994“ komi: 1. júlí 1994.

978. Tillaga til þingsályktunar [603. mál]

um breytingu á þingsályktun frá 2. maí 1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis.

Frá forsætisnefnd.

Alþingi ályktar að gera eftirfarandi

Breytingu á reglum
um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis,
nr. 82/1988.

1. gr.

Í stað orðanna „ sbr. 11. gr. laga nr. 52/1985, um þingsköp Alþingis“ í 1. tölul. 3. gr. reglnanna kemur: samkvæmt lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 74/1974“ í 2. málsl. komi: laga nr. 19/1991.
b. Í stað orðanna „2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974“ í 4. málsl. kemur: lögum nr. 19/1991.

3. gr.

1. mgr. 12. gr. reglnanna orðast svo:

Umboðsmaður skal fyrir 1. september ár hvert gefa Alþingi skýrslu um starf sitt á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega.

Greinargerð.

Reglur um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, nr. 82/1988, hafa gilt í tæp sex ár. Heppilegt þykir að nokkrum atriðum verði breytt og er gerð tillaga um það hér. Ekki er þó um viðamiklar breytingartillögur að ræða.

Í 1. og 2. gr. er lagt til að tilvísunum verði breytt í samræmi við lagabreytingar og þær jafnframt einfaldaðar.

Í 3. gr. er lagt til að umboðsmaður Alþingis hafi frest til 1. september ár hvert til að skila skýrslu um starf sitt til Alþingis í stað 1. mars. Þá er líklegt að hann hafi fengið viðbrögð stjórnvalda við álitum sínum og þess vegna unnt að birta hvort tveggja í ársskýrslunni. Þessi breytingartillaga er gerð að höfðu samráði við umboðsmann Alþingis.

979. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri og Arndís Steinþórsdóttir, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Stefán Guðmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Anna Ólafsdóttir Björnsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 18. apríl 1994.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Gísli S. Einarsson.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson.	Halldór Ásgrímsson.
Vilhjálmur Egilsson.		Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

980. Fyrirspurn [604. mál]

til landbúnaðarráðherra um niðurgreiðslur á ull.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hve miklum fjármunum hefur verið varið til niðurgreiðslna á ull hvert ár frá því að búvörusamningurinn var gerður 11. mars 1991?
2. Hafa aðrir en bændur fengið einhvern hluta þeirra fjármuna sem farið hafa til niðurgreiðslna á ull og ef svo er hverjir og hve mikið?

981. Fyrirspurn [605. mál]

til samgönguráðherra um boðflutning frá öryggiskerfum um símkerfi Póst- og símamálastofnunar.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Býður Póstur og sími upp á leigu á svonefndum öryggislínum við símkerfi landsins til almennra nota við öryggisvöktun?
2. Hafa einkaaðilar slíkan búnað tengdan símkerfinu?
3. Ef svo er, veitir sá búnaður fullnægjandi tryggingu fyrir öryggi borgaranna um að símkerfið verði ekki truflað eða hlerað með einhverjum hætti?
4. Hvernig er þessu háttað hjá nágrannaþjóðum, t.d. annars staðar á Norðurlöndum?

Skriflegt svar óskast.

982. Fyrirspurn [606. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnað Tryggingastofnunar ríkisins við svonefnda neyðarhnappa fyrir sérstakan áhættuhóp sjúklinga.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hve margir sjúklingar njóta nú þessarar þjónustu?
2. Hve mikið hefur Tryggingastofnun greitt á ári fyrir þessa þjónustu?
3. Hver er kostnaður á hvern sjúkling (á ári):
   a. tækjakaup,
   b. gæslugjald?
4. Hverjir selja Tryggingastofnun þessa þjónustu?
5. Hvernig fór val þessara seljenda fram?

6. Hvað höfðu margir áhugaaðilar möguleika á að bjóða í þessa þjónustu samkvæmt útboðsskilmálum?
7. Fer útboð fram reglulega?
8. Tryggir samkeppni nú lágmarkskostnað Tryggingastofnunar?
9. Fór fram útboð á þessari þjónustu áður en gerður var samningur um að víkka út þjónustusvæði Securitas og eru þar gerðar sömu öryggiskröfur og á Reykjavíkursvæðinu?

Skriflegt svar óskast.

983. Nefndarálit [538. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Við athugun kom í ljós að tvær fyrstu greinar frumvarpsins hafa víxlast og jafnframt er því tilvísun í 3. gr. frumvarpsins röng. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. 1. gr. verði 2. gr. og 2. gr. verði 1. gr.
2. Við 3. gr. Í stað „1. gr.“ komi: 2. gr., og í stað „2. gr.“ komi: 1. gr.

Alþingi, 18. apríl 1994.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Steingrímur Hermannsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Geir H. Haarde.
Páll Pétursson.	Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

984. Nefndarálit [530. mál]

um frv. til l. um réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings um opna lofthelgi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. apríl 1994.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Steingrímur Hermannsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Páll Pétursson.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Árni R. Árnason.	Geir H. Haarde.

985. Nefndarálit [542. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings um Svalbarða.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana jafnframt sjávarútvegsnefnd til umsagnar og mælti hún eindregið með samþykkt hennar á þessu þingi.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 18. apríl 1994.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Steingrímur Hermannsson.	Geir H. Haarde.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Páll Pétursson.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Árni R. Árnason.

986. Nefndarálit [495. mál]

um till. til þál. um staðfestingu breytinga á samningi um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana jafnframt umhverfisnefnd til umsagnar og mælir hún með samþykkt hennar. Umsögn umhverfisnefndar er birt sem fylgiskjal með áliti þessu.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 18. apríl 1994.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Steingrímur Hermannsson.	Geir H. Haarde.
Páll Pétursson.	Ólafur Ragnar Grímsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Árni R. Árnason.	Rannveig Guðmundsdóttir.

Fylgiskjal.

Umsögn umhverfisnefndar.
(12. apríl 1994.)

Umhverfisnefnd hefur að beiðni utanríkismálanefndar fjallað um þingsályktunartillögu um varnir gegn mengun hafsins, 495. þingmál. Tillagan varðar breytingar á svonefndum Lundúnasamningi frá 29. desember 1972 sem Íslendingar fullgiltu 24. maí 1973. Samningurinn öðlaðist gildi hér á landi 30. ágúst 1975. Breytingarnar eru hins vegar grundvallaðar á samkomulagi samningsaðila frá 12. október 1978. Þær lúta einungis að þeim þætti samningsins er varðar meðferð ágreiningsmála. Með breytingunni gefst samningsaðilum kostur á að velja hvort þeir vísi deilumálum sínum til Alþjóðadómstólsins eða hvort þeir leggi deiluna í gerð.

Nefndin fékk á fund sinn vegna málsins frá umhverfisráðuneyti Þóri Ibsen deildarstjóra og Karitas Gunnarsdóttur deildarsérfræðing. Fram kom í máli þeirra að fyrirkomulag varðandi lausn deilumála væri mismunandi í þeim alþjóðasamningum sem Íslendingar eru aðilar að og ekki væri alltaf gefinn kostur á því að vísa þeim til Alþjóðadómstólsins. Þá kom fram að 71 ríki hefur nú fullgilt Lundúnasamninginn, en einungis 18 ríki hafa fullgilt þær breytingar sem þingsályktunartillaga þessi kveður á um. Forsenda þess að breytingarnar öðlist gildi er að ¾ hlutar aðildarríkja hafi fullgilt þær þannig að fyrir liggur að 30 ríki til viðbótar þurfa að fullgilda breytingarnar. Þrátt fyrir þetta kváðu fulltrúar umhverfisráðuneytis Íslendinga hafa legið undir ámæli fyrir að fullgilda breytingarnar svo seint sem raun ber vitni.

Umhverfisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar en telur þó aðfinnsluvert hve langur tími hefur liðið frá samþykkt breytinganna til undirbúnings fullgildingu þeirra. Nefndin bendir á að slíkt hefur ítrekað gerst áður og telur ástæðu til að mótaðar verði skilvirkar verklagsreglur að þessu leyti.

F.h. umhverfisnefndar,

Kristín Einarsdóttir.

987. Nefndarálit [531. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem kveður á um lögfestingu framgangskerfis kennara við Háskólann á Akureyri með hliðstæðum hætti og tíðkast hefur í Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Í framgangskerfinu felst að heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsstöðu.

Nefndin telur eðlilegt að samræma lög að þessu leyti og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Petrína Baldursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Björn Bjarnason.	Tómas Ingi Olrich.	Guðrún J. Halldórsdóttir.

988. Svar [481. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning fyrir árið 1992, kafla um dóms- og kirkjumálaráðuneytið, eru gerðar nokkrar athugasemdir um embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

1. *Viðskiptareikningar embættisins.* Embættið hefur verið að vinna í samvinnu við Ríkisbókhald og ýmis ráðuneyti um frágang eldri viðskiptareikninga sem eru innan ríkisreiknings.

2. *Innheimta vínefirlitsgjalds.* Eftirlitsmönnum vínveitingahúsa hefur verið beitt við innheimtu vínefirlitsgjalds og hefur það gefið góða raun.

3. *Yfirsýn yfir álagningu sekta og innheimtumál embættisins.* Ráðinn hefur verið lögfræðingur til að veita þessum málaflokki forstöðu og verið er að koma nýju og betra skipulagi á málin.

4. *Kostnaður embættisins við rekstur ökutækja, munur á rekstrarkostnaði eftir tegund ökutækja.* Búið er að endurskipuleggja bílanotkun embættisins. Stórir og kostnaðarsamir bílar hafa verið teknir úr umferð eins og unnt er og löggæslunni haldið meira úti á fólksbílum.

989. Frumvarp til laga [607. mál]

um sjúkraliða.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem sjúkraliði og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi á sjúkraliðabraut frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir. Einnig má veita þeim leyfi sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar landlæknis og Sjúkraliðafélags Íslands.

3. gr.

Óheimilt er að ráða til sjúkraliðastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Fáist sjúkraliði ekki til starfa er heimilt að ráða aðra aðila.

4. gr.

Sjúkraliða ber að þekkja skyldu sína, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

5. gr.

Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Heimilt er að ráða sjúkraliða til starfa á lækningasviði og starfar hann þá samkvæmt fyrirmælum, undir handleiðslu og á ábyrgð læknis eða sérfræðings, að svo miklu leyti sem slík störf eru ekki falin öðrum með lögum eða reglugerðum.

6. gr.

Sjúkraliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

7. gr.

Ef sjúkraliði vanrækir skyldur sína eða brýtur gegn heilbrigðislöggjöf landsins að dómi landlæknis skal landlæknir áminna hann. Komi áminning ekki að haldi leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að hlutaðeigandi skuli sviptur starfsleyfi en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstóla.

Nú hefur sjúkraliði verið sviptur starfsleyfi skv. 1. mgr. og er þá ráðherra heimilt að veita honum leyfi aftur enda liggi fyrir meðmæli landlæknis og umsögn Sjúkraliðafélags Íslands.

8. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmda þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 2. gr. gildandi laga eins og henni var breytt með lögum nr. 15/1992.

Um 3. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er óheimilt að ráða sem sjúkraliða aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögunum. Eigi að festa störf sjúkraliða í sessi er nauðsynlegt að um þá gildi svipað ákvæði og um aðrar heilbrigðisstéttir sem er að til þeirra starfa megi aðeins ráða sjúkraliða. Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi áhrif á starfsöryggi ófaglærðra sem nú eru í starfi á heilbrigðisstofnunum.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um verksvið sjúkraliða en það er samkvæmt gildandi lögum bundið við aðstoð við hjúkrun undir stjórn hjúkrunarfræðings sem jafnframt fer með hjúkrunarstjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber þá sjúkraliði ábyrgð gagnvart þeim hjúkrunarfræðingi.

Samkvæmt gildandi lögum er hjúkrunarfræðingur faglegur yfirmaður sjúkraliða, nema þegar hjúkrunarfræðingur er ekki til staðar, en þá getur sérfræðingur í annarri grein tekið þessa ábyrgð samþykki ráðuneytið það, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1989, um breytingu á lögum um sjúkraliða. Í 5. gr. eins og hún birtist hér er gert ráð fyrir að sjúkraliða sé heimilt að starfa á lækningasviði að svo miklu leyti sem slík störf eru ekki falin öðrum með lögum eða reglugerðum. Ekki er átt við sérfræðinga innan stoðstétta við lækningar, s.s. sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa og þroskaþjálfa.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 6. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga nema að lagt er til að Sjúkraliðafélag Íslands gefi umsögn um endurveitingu starfsleyfa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkraliða.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingu. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

990. Frumvarp til vegalaga. [119. mál]

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Vegur merkir í lögum þessum akbraut, önnur mannvirki og land sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

Til vegar telst því vegsvæði og öll mannvirki viðkomandi veginum sem eru innan þess.

2. gr.

Veghald merkir forræði yfir vegi og vegsvæði, þar með talið vegagerð, þjónusta og viðhald vega. Veghaldari er sá aðili sem hefur veghald.

Ákvæði laganna gilda um allt veghald að svo miklu leyti sem við á nema annað sé ákveðið í lögum.

3. gr.

Þegar lega vegar er ákveðin á staðfestum skipulagsuppdrætti, eða á annan hátt af þar til bærum skipulagsyfirvöldum, skulu ákvæði laga þessara taka gildi um vegalagninguna.

II. KAFLI
Stjórn vegamála og veghald.

4. gr.

Ráðherra sá, er fer með samgöngumál, hefur yfirstjórn vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamálastjóra er veitir Vegagerðinni forstöðu.

Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega samkvæmt lögum þessum. Vegamálastjóra er þó heimilt að fela einstaklingi, fyrirtæki, sveitarstjórn, stofnun eða samtökum þessara aðila veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti.

6. gr.

Nú er heimild 5. gr. notuð og skal þá Vegagerðin hafa eftirlit með að lagning og viðhald vega þeirra eða gatna, sem um er að ræða, sé framkvæmt á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðarinnar skal hún gefa veghaldara fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests. Ef umbætur eru ekki gerðar getur Vegagerðin látið framkvæma þær á kostnað veghaldara og/eða rift samningi við hann.

III. KAFLI
Þjóðvegir.

7. gr.

Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá.

8. gr.

Þjóðvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Vegakerfi þetta skal tengja öll býli á landinu, alla þéttbýlisstaði, flugvelli þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug, hafnir og bryggjur ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar og aðra staði eins og nánar er lýst hér á eftir.

Þjóðvegum skal skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

Stofnvegir:

Vegir sem ná til 1.000 íbúa svæðis og tengja slík svæði saman. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kauptúna sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um vegi sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1.000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Við það stofnvegakerfi sem þannig fæst skal tengja með stofnvegi þéttbýli 400 íbúa eða fleiri enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200– 400 íbúa ef tenging er ekki lengri en sem svarar 5 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

Tengivegir:

Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er. Þetta ákvæði gildir þó ekki ef um er að ræða veg í kaupstað eða kauptúni. Einnig má telja tengiveg að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð.

Þar sem tengivegur tengir þéttbýli við stofnvegakerfið skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

Vegir að flugvöllum þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug og vegir að höfnum og bryggjum, ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar, skulu einnig vera tengivegir ef þeir eru ekki stofnvegir samkvæmt skilgreiningu um þann vegflokk.

Safnvegir:

Safnvegir tengja einstök býli, stofnanir o.fl. við tengivegi eða stofnvegi.

Til safnvega teljast:

Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð.

Vegir að kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með minna en 200 íbúa.

Landsvegir:

Til þessa vegflokks skal telja þjóðvegi sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum. Þar er um að ræða vegi yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegi sem tengja saman landshluta, vegi innan þjóðgarða og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

IV. KAFLI
Almennir vegir og einkavegir.

9. gr.

Almennir vegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir en eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Einkavegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

10. gr.

Eigendur almennra vega og einkavega hafa veghald þeirra. Á einkavegum, sem opnir eru fyrir almennri umferð, getur viðkomandi lögreglustjóri skyldað eiganda að gera úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn þar til bót hefur verið á ráðin ef hann telur veghaldi svo áfátt að hætta geti stafað af.

11. gr.

Ráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna almennra vega og einkavega, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum IX. kafla.

Ráðherra getur bundið eignarnámsheimild fyrir einkavegi skv. 1. mgr. vissum skilyrðum, svo sem um gerð og frágang vegarins, umferðarrétt um hann, viðhald og tengingar við þjóðvegi og almenna vegi.

12. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta skv. 11. gr. en getur krafið þann sem bætur á að greiða um tryggingar sem gildar eru metnar, þar á meðal fyrir matskostnaði.

13. gr.

Þegar einkavegur er notaður sem umferðarleið að fleiri eignum en einni eru allir eigendur skyldir að halda veginum við í hlutfalli við not þeirra af honum. Ákvæði þetta breytir í engu áunnum réttindum eða ákvörðunum um viðhald vegarins. Viðhaldsskyldu geta eigendur uppfyllt með því að láta í té efni eða vinnu eða með fjárframlögum.

Það er hér hefur verið ákveðið um viðhald einkavega skal við sömu aðstæður gilda um endurbætur og endurbyggingu vegar.

14. gr.

Nú verða þeir sem einkaveg nota ekki á eitt sáttir um hverjir hafi rétt til nota af veginum eða um greiðslu viðhaldskostnaðar og getur þá hver þeirra krafist mats samkvæmt reglum 46. gr.

Þegar meiri hluti þeirra sem afnotarétt hafa af veginum er sammála um hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hina, þar á meðal að kostnaður skuli að einhverju eða öllu leyti greiðast af umferðargjaldi.

Þegar skipting kostnaðar hefur verið ákveðin með samkomulagi eða mati getur endurskoðun ekki farið fram fyrr en liðin eru fimm ár frá síðustu ákvörðun nema rétthafar séu sammála um annað.

Útgjöldum, sem einn eða fleiri rétthafar hafa haft af viðhaldi og ekki hefur verið skipt, er ekki hægt að krefjast að skipt verði með matsgjörð eftir að liðin eru þrjú ár frá því að stofnað var til þeirra.

15. gr.

Meiri hluti rétthafa getur ákveðið að rétthafar velji stjórn eða eftirlitsmann með veginum til þriggja ára í senn.

Stjórn vegarins eða eftirlitsmaður skal sjá um að viðhaldsskyldu sé fullnægt eins og til er tekið í mati eða samkomulagi og sker úr ágreiningi í því sambandi.

Stjórn eða eftirlitsmaður getur bannað umferð um veginn til að forða honum frá skemmdum. Vanræki einhver, sem til þess er skyldur, að halda veginum við að sínum hluta getur stjórnin látið framkvæma viðhald á hans kostnað.

16. gr.

Í vegáætlun er heimilt að veita fé til greiðslu kostnaðar við eftirfarandi samgönguleiðir: götur í þéttbýli, vegi yfir fjöll og heiðar sem ekki eru þjóðvegir, vegi að bryggjum, vegi að eyðibýlum, vegi að flugvöllum sem ekki eru áætlunarflugvellir en taldir upp í flugmálaáætlun sem þjónustuvellir eða lendingarstaðir, vegi að skipbrotsmannaskýlum, vegi að skíðaskálum og skíðasvæðum, vegi að fjallskilaréttum, vegi að leitarmannaskálum, vegi að fjallaskálum, vegi að fullgerðum orkuverum, vegi að félagsheimilum, vegi að og innan uppgræðslu- og skógræktarsvæða og ferjur sem ekki fullnægja skilyrðum 23. gr.

Þeir aðilar, sem sækja um og er veitt fé til framkvæmda við vegi samkvæmt þessari grein, skulu annast veghald viðkomandi vegar.

Heimilt er að binda fjárveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegar og merkingu hans.

Ráðherra ákveður skiptingu fjárveitinga til einstakra framkvæmdaflokka að fengnum tillögum vegamálastjóra og samgöngunefndar Alþingis.

Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna samgönguleiða samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Í vegáætlun skal veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög.

V. KAFLI
Vegáætlun og langtímaáætlun.

18. gr.

Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum vegamálastjóra tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir Alþingi. Tillöguna skal leggja fyrir svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu og útgjöld sundurliðuð eftir helstu framkvæmdaflokkum samkvæmt lögum þessum. Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og skal tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þingsályktun um vegáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

Við skiptingu fjárveitinga milli kjördæma og svæða héraðsnefnda eða vegasamlaga skal hafa hliðsjón af kostnaði við gerð vega, ástandi þeirra, notkun eða lengd eftir því sem við getur átt hverju sinni.

Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í tillögu til þings ályktunar um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunarinnar á sama hátt og að framan getur.

Vegáætlun öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Er þingsályktun um vegáætlun hefur gilt í tvö ár skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi vegáætlun fyrir a.m.k. tvö ár.

19. gr.

Í vegáætlun skulu taldir upp allir stofnvegir og tengivegir og nýbyggingar á þeim á áætlunartímabilinu. Enn fremur áætlaður kostnaður við vegaviðhald og annar kostnaður Vegagerðarinnar á sama tímabili.

Í vegáætlun um nýbyggingar skal gera grein fyrir fjárveitingum til einstakra framkvæmda a.m.k. þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins.

20. gr.

Þar sem þjóðvegur liggur um þéttbýli skal við það miðað við gerð vegarins að til vegagerðarkostnaðar teljist aðeins sá kostnaður sem til fellur vegarins vegna, en þann kostnað, sem sérstaklega er til kominn vegna þéttbýlisins, svo sem við holræsi, færslur á lögnum, gangstíga og því um líkt, greiði viðkomandi sveitarfélag.

21. gr.

Vegagerðin skal gera áætlun til fjögurra ára í senn um framkvæmdir við einstök verkefni á safnvegum í samráði við héraðsnefndir eða vegasamlög. Áætlun þessa skal endurskoða á tveggja ára fresti. Áætlun um safnvegi skal fylgja upptalning allra safnvega.

22. gr.

Ráðherra ákveður skiptingu framlags til landsvega árlega að fengnum tillögum vegamálastjóra. Skiptingunni skal fylgja upptalning allra landsvega.

23. gr.

Vegagerðinni er heimilt að kaupa, eiga og hafa umsjón með ferjum og flóabátum sem reknir eru til samgöngubóta, svo og eiga aðild að félögum sem hafa eignarhald á þeim.

Heimilt er að greiða af vegáætlun hluta kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði, enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg a.m.k. hluta úr ári. Einnig er heimilt að greiða hluta kostnaðar við bryggjur fyrir slíkar ferjur.

Í vegáætlun skulu ferjuleiðir taldar upp og gerð grein fyrir stofnframlögum til einstakra ferja.

24. gr.

Ár hvert skal a.m.k. einum hundraðshluta af tekjum samkvæmt lögum um fjárðflun til vegagerðar, nr. 3/1987, varið til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn Vegagerðarinnar.

25. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að fengnum meðmælum vegamálastjóra að ráðist skuli í framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun ef til hefur komið tjón á vegum, t.d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.

26. gr.

Heimilt er að reisa sæluhús við þjóðvegi þar er þurfa þykir og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði. Fela má öðrum aðilum viðhald þeirra og rekstur.

27. gr.

Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

28. gr.

Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum vegamálastjóra tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun í vegagerð fyrir Alþingi. Áætlunin skal vera til 12 ára. Í áætluninni skal gerð grein fyrir markmiðum áætlunarinnar, áætlaðri fjárflun skipt á þrjú fjögurra ára tímabil og útgjöld sundurliðuð á helstu framkvæmdaflokka. Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal útgjöldum skipt til einstakra framkvæmdaliða á hverju hinna þriggja tímabila, þar með talið til einstakra vegarkafla á stofnvegum. Tillöguna skal afgreiða í endanlegu formi sem þingsályktun um langtímaáætlun í vegagerð.

Langtímaáætlun um vegagerð öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Þegar þingsályktun um langtímaáætlun í vegagerð hefur gilt í fjögur ár skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir eitt fjögurra ára tímabil til viðbótar þannig að alltaf sé fyrir hendi gildandi langtímaáætlun fyrir a.m.k. tvö fjögurra ára tímabil.

VI. KAFLI
Skipulag og fjarlægð mannvirkja frá vegi.

29. gr.

Vegir skulu lagðir í samræmi við skipulag. Við gerð skipulags skal haft samráð við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá. Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmun. Rísi ágreiningur um réttmæti slíkrar kröfu eða um fjárhæð skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

30. gr.

Óheimilt er að tengja vegi og götur þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar. Þegar slík tenging er heimiluð skal eigandi tengingar bera allan kostnað við gerð hennar.

31. gr.

Ef skipulag er ekki fyrir hendi er Vegagerðinni heimilt að banna að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi allt að þremur árum hverju sinni. Einnig er Vegagerðinni heimilt að óska eftir því við skipulagsstjórn ríkisins að fyrirhugað vegarstæði sé auglýst sem skipulag.

32. gr.

Nú er lagður vegur gegnum land manns þar sem skipulag er ekki fyrir hendi og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að vegi, a.m.k. á einum stað frá landareign sinni. Landeigandi skal birta Vegagerðinni kröfu sína í þessu efni áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað sem hann vill hafa aðgang að og skal aðgangur gerður þar eða svo nálægt sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi Vegagerðinni eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað.

33. gr.

Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi Vegagerðinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg nema lægsti hluti línu sé a.m.k. 5 m frá yfirborði vegar.

Ekki er heimilt að gera brýr yfir þjóðvegi nema að fengnu leyfi Vegagerðarinnar sem ákveður hvert lágmarksrými skuli vera undir þeim.

Ekki er heimilt að hengja á loftlínur eða brýr merki eða auglýsingar sem ekki eru leyfð annars staðar á vegsvæðinu.

34. gr.

Vegagerðin getur ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skv. 33. gr. skuli aukin. Enn fremur getur Vegagerðin leyft að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

35. gr.

Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi Vegagerðarinnar við vegamót á svæði sem takmarkast af beinum línum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Vegagerðin getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.

36. gr.

Óheimilt er að grafa framræsluskurði, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu tengivegar og 30 m frá miðlínu stofnvegar. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi Vegagerðarinnar.

VII. KAFLI
Girðingar.

37. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis Vegagerðarinnar nema um einkaveg sé að ræða. Sama bann gildir þar sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi enda hafi Vegagerðin tilkynnt jarðarábúanda hvar mælt hefur verið.

38. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 4 m á breidd, þannig gerð að hún haldist opin af sjálfu sér meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

Vegagerðinni er heimilt að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum.

39. gr.

Skylt er eiganda girðinga að halda þeim við svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt er Vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess sem að réttu ber að halda girðingunni við.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri.

40. gr.

Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði á veginum en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar skv. 1. mgr. má leggja undir úrskurð vegamálastjóra.

VIII. KAFLI
Bráðabirgðaafnot lands.

41. gr.

Vegagerðinni er heimilt að framkvæma rannsóknir og byrjunarathuganir, sem nauðsynlegar eru við undirbúning vegagerðar, á hvaða landi sem er. Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem Vegagerðin hefur sett til að marka mælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hennar. Leit að efni til vegagerðar má Vegagerðin gera hvar sem vera skal.

42. gr.

Vegagerðinni eru heimil afnot lands fyrir geymslu efnis og fyrir bækistöðvar vinnuflokka við lagningu eða viðhald vegar.

43. gr.

Skylt er landeiganda að leyfa að vatni, sem veita þarf frá vegi, sé gerð framrás um land hans.

Til framkvæmdar vetrarþjónustu má Vegagerðin ryðja snjó af vegi út fyrir vegsvæði ef með þarf.

44. gr.

Vegagerðin skal hafa samráð við landeiganda um bráðabirgðaafnot lands.

Um bætur fyrir bráðabirgðaafnot lands fer eftir ákvæðum IX. kafla, eftir því sem við á.

IX. KAFLI
Eignarnám, jarðrask, átroðningur o.fl.

45. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar að álitið verði að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og eignarnám vegna vegar teljast með kostnaði vegarins.

Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við veghald og græða upp sár sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir.

46. gr.

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeigenda og veghaldara. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

47. gr.

Mat skal fara fram á vettvangi þá jörð er snjólaus. Við matið skal taka tillit til árlegs afrakstrar af landi því er um ræðir, svo og til þess hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega allt það er getur haft áhrif á verðmæti þess er meta skal. Einnig skal taka tillit til annarra hagsbóta sem eiganda hlotnast við vegagerðina eða geta haft áhrif á verðmæti eignanna.

Nú leggst eldri vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegsvæði og draga frá upphæð þeirri er landeiganda er metin fyrir eignarnám lands fyrir hinn nýja veg eða jarðrask er leiðir af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum nema sannað verði að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri.

48. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir eignarnám og jarðrask vegna vegagerðar. Ábúandi á þó bætur fyrir átroðning og skemmdir á mannvirkjum þeim sem eru hans eign og skal meta það sérstaklega.

49. gr.

Skaðabóta, sem af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá því að verki lauk, eða frá því að skaði kom í ljós, ella fellur réttur til skaðabóta niður. Slíkar kröfur fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá því að verki lauk.

X. KAFLI
Viðhald þjóðvega og reglur fyrir umferð.

50. gr.

Vegagerðin skal, svo fljótt sem við verður komið eftir að hún hefur fengið vitneskju um skemmdir á þjóðvegum sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram.

Vegagerðin er ekki ábyrg fyrir tjóni sem hljótast kann af slysum á þjóðvegum nema um sé að ræða stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna hennar og sannað sé að slysi hefði ekki orðið afstýrt þótt ökumaður hefði sýnt eðlilega varkárni.

51. gr.

Kostnað við vetrarþjónustu skal telja með öðrum viðhaldskostnaði vega. Heimilt er Vegagerðinni að binda vetrarþjónustu því skilyrði að allur kostnaður við hana eða hluti hans verði greiddur með framlagi úr héraði.

52. gr.

Vegagerðin getur sett þær reglur fyrir umferð, sem nauðsynlegar eru, til þess að girða fyrir skemmdir á vegum eða til þess að greiða fyrir umferð, svo sem um hámarksþunga bifreiða er fara mega um ákveðna vegarkafla.

Vegagerðin getur enn fremur bannað umferð ökutækja þann tíma árs sem hættast er við skemmdum á vegum. Einnig getur Vegagerðin bannað alla umferð ökutækja um vegi sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum þar til viðgerð er lokið.

XI. KAFLI
Skemmdir á mannvirkjum o.fl.

53. gr.

Óheimilt er að gera skurði eða önnur mannvirki sem aukið geta vatnsrennsli í vegskurðum án leyfis Vegagerðarinnar. Enn fremur er óheimilt að leiða holræsi úr íbúðarhúsum, verksmiðjum eða þess háttar í vegskurði.

54. gr.

Enginn má stífla skurði meðfram vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi eða veita vatni á veg.

55. gr.

Bannað er að skilja eftir hluti eða muni á vegi eða vegsvæði. Enn fremur er bannað að kasta sorpi eða hvers konar úrgangi á vegi eða vegsvæði. Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja óviðkomandi hluti eða muni af vegi eða vegsvæði á kostnað eigenda.

56. gr.

Lausaganga búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar er bönnuð. Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda.

57. gr.

Enginn má skemma eða aðhafast neitt sem leitt getur til skemmda á vegi eða mannvirki sem til vegarins telst.

Skemmist eitthvert mannvirki, sem til vegarins telst, við árekstur ökutækis er ökumanni skylt að tilkynna það þegar Vegagerðinni eða lögreglu. Skal sá er valdið hefur árekstrinum skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

58. gr.

Hver sá sem notar sæluhús skal ganga þrifalega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum sem verður var við að brotið hafi verið á móti þessu að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

XII. KAFLI
Sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

59. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það sem hann hefur unnið.

60. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

XIII. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

61. gr.

Ákvæði III. kafla, 16. og 17. gr. og V. kafla laga þessara, sem fjalla um vegáætlun, flokkun þjóðvega og styrkvegi, öðlast gildi við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar. Önnur ákvæði laganna taka þegar gildi.

62. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi vegalög, nr. 6/1977, með síðari breytingum. Ákvæði III., IV. og V. kafla þeirra laga halda þó gildi til næstu reglulegrar endurskoðunar vegáætlunar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að greiða hluta kostnaðar við ferjur skv. 23. gr. í allt að fimm ár frá gildistöku laga þessara þótt ekki sé fullnægt skilyrðum greinarinnar.

991. Frumvarp til laga [507. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

Breytingar á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

22. Að endurgreiða eða fella niður toll af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa tölulíðar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

Breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fjármálaráðherra er enn fremur heimilt að endurgreiða eða fella niður vörugjald af innlendu hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara og garðyrkjuafurða. Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessarar málsgreinar í reglugerð.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó er heimilt að láta ákvæði 1. gr. taka til innfluttra vara sem tollafgreiddar hafa verið frá 1. janúar 1994 og ákvæði 2. gr. taka til innlendra vara sem seldar hafa verið frá sama tíma.

992. Frumvarp til laga [545. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa á ökumælum, vegna nýskráningar bifreiða, tengi- eða festivagna eða vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á ökumælum í bifreiðar, tengi- eða festivagna ef ákvörðun er tekin um að hætta að miða innheimtu þungaskatts við ekna kílómetra samkvæmt ökumælum.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

993. Þingsályktun [556. mál]

um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 868.

994. Frumvarp til laga [538. mál]

um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein sem verður 4. gr., svohljóðandi:

Birting breytinga og viðbóta við EES-samninginn í sérstöku blaði, sem gefið verður út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA, telst fullgild birting.

2. gr.

Í stað a-liðar 4. tölul. bókunar 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. fskj. II við lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, kemur nýr a-liður, svohljóðandi:

a. Þegar aðildarríki EB ber að veita framkvæmdastjórn EB upplýsingar skal EFTA-ríki veita eftirlitsstofnun EFTA slíkar upplýsingar og hún koma þeim áleiðis til fastanefndar EFTA-ríkjanna. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að annast

sendingu upplýsinga. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum sem þeim hafa borist frá aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjunum eða þar til bærum yfirvöldum.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Ákvæði 2. gr. laga þessara öðlast gildi 1. júlí 1994 að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 2. mgr. 103. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni. Eftir það öðlast 2. gr. laganna gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir að síðasta tilkynningin berst EES-nefndinni.

995. Þingsályktun [542. mál]

um staðfestingu samnings um Svalbarða.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 850.

996. Þingsályktun [495. mál]

um staðfestingu breytinga á samningi um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 761.

997. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá samgöngunefnd.

Á eftir 1. málsl. 61. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 56. gr. öðlast gildi 1. janúar 1995.

998. Nefndarálit [378. mál]

um till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Tillaga um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997 er gerð samkvæmt breytingu á lögum um Byggðastofnun sem samþykkt var í upphafi árs 1991 í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Taldi sú ríkisstjórn mikilvægt að staða landsbyggðarinnar og horfur í byggðaþróun yrðu á þann hátt teknar til ítarlegrar umfjöllunar á Alþingi. Undirbúningur að gerð þessarar fyrstu áætlunar hefur því tekið alllangan tíma. Í lögunum er kveðið á um að í tillögunni komi fram stefna ríkisstjórnar í byggðamálum og skuli forsætisráðherra kynna Byggðastofnun þá stefnu þegar undirbúningur tillögunnar hefst og hvaða atriði lögð skuli áhersla á við gerð hennar. Í samræmi við það sendi Davíð Oddsson forsætisráðherra stjórn Byggðastofnunar bréf, dags. 28. febrúar 1992, þar sem hann kynnir þau almennu markmið sem ríkisstjórnin leggur áherslu á. *Af þeim sökum er ljóst að þessi tillaga er fyrst og fremst stefnumörkun núverandi ríkisstjórnar.*

Það skortir á bjartsýni og framtíðarsýn í þessari tillögu. Fyrsti minni hluti telur byggðir landsins mikil auðæfi sem eigi eftir á næstu árum og áratugum að verða sífellt verðmætari. Við þurfum að nýta þá möguleika sem breyttar aðstæður í heiminum skapa okkur.

Aðstæður í heiminum breytast óðfluga.

Hin gífurlega öra fólksfjölgun kallar á aukna matvælaframleiðslu. Því hefur verið mætt með ört vaxandi efnanotkun til að margfalda uppskeru sem og við framleiðslu annarra afurða. Þetta mengar ekki aðeins þau matvæli sem verið er að framleiða heldur hefur orkunotkun við framleiðsluna líka margfaldast. Með sama áframhaldi stefnir í algjört óefni vegna óbætanlegrar röskunar á öllu lífríki jarðarinnar og sífellt aukinni mengun. Menn ættu að sjá það í hendi sér að þau lönd, sem geta miðlað öðrum matvælum og orku, verða í afar eftirsóttri aðstöðu innan fárra ára.

Það þrengir sífellt að íbúum jarðar. Fyrir 70 árum voru þeir 1.800 milljónir en eru núna 5.300 milljónir. Fyrir hvern einn sem lifði fyrir 70 árum eru þrír í dag. Um þessar mundir er talið að fjölgunin sé um 70–90 milljónir á hverju ári. Meginhluti þessa fólks býr í menguðu umhverfi stórborga. Þær stækka ár frá ári og aðstæður batna ekki. Draumar þessa fólks um frí verður ekki að heimsækja aðrar stórborgir.

Við slíkar aðstæður er hreint og víðáttumikið land ómetanlegur fjársjóður. *Sú staðreynd kallar á endurmat og algjöra viðhorfsbreytingu* og fráhvarf frá hinum þröngsýnu hagfræðikenningum sem mótað hafa stefnu ríkisstjórna víða um heim eins og hér á landi síðustu árin.

Ört vaxandi eftirspurn eftir ómenguðum matvælum gefur ekki aðeins sjávarútvegi aukna möguleika heldur styrkir ekki síður stöðu landbúnaðar takist okkur að skapa þá ímynd að afurðir, sem koma frá Íslandi og hafinu kringum það, séu þær hreinustu sem hægt er að fá. Það er auðugasti hluti mannkyns sem sækist eftir þannig afurðum og er tilbúinn að greiða hátt verð fyrir.

Okkur má vera alveg ljóst að margir erlendir aðilar girnast slíka fjársjóði og vilja gjarnan fá að nýta sér þá möguleika sem hér bjóðast. Við höfum því miður orðið nokkuð vör við slíkt síðustu missiri. Vonandi berum við gæfu til þess nú sem fyrr að standa vörð um þjóðarauð okkar, veraldlegan sem andlegan.

Það er því til mikils að vinna. Það þarf ekki aðeins að selja afurðirnar erlendis heldur einnig að hvetja erlenda ferðamenn, sem koma hingað, til að neyta þeirra og njóta hreinnar náttúru og víðáttu landsins, en þá verður að gjörbreyta um viðhorf og vinnubrögð. T.d. yrði að hverfa frá þeirri skattpíningarstefnu sem nú er að sliga ferðaþjónustuna.

Ríkisvaldið þarf í verki að sýna skilning sinn á því að við þurfum að nýta gæði landsins alls hvar sem þau er að finna til að allir geti haft nóg að starfa við sköpun verðmæta fyrir þjóðarbúið. Hér er að finna margvíslega möguleika með fjölbreyttari nýtingu landsins og úrvinnslu hágæðavöru. Ekki síst vegna þess hversu atvinnulífið er orðið aðþrengt eftir hávaxtastefnu ríkisstjórnarinnar síðustu árin er nauðsynlegt að ríkisvaldið hafi frumkvæði að skipulegri úttekt og hefjist þegar í stað handa við að styðja þá sem nýta vilja þessa möguleika. Þrátt fyrir hina lamandi hönd stjórnarstefnunnar eru, sem betur fer, víða einstaklingar sem eru tilbúnir að leggja grundvöll að því að nýta þá en koma alls staðar að lokuðum dyrum þegar stíga á fyrstu skrefin. Dæmi um slíka möguleika eru tilraunir til útflutnings á vatni í neytendaumbúðum.

Eins og áður var bent á er gífurlega ört vaxandi eftirspurn eftir hreinum og ómenguðum matvælum. Viðurkenning annarra þjóða á þeirri staðreynd mun auðvelda okkur að komast inn á neysluvatnsmarkaðinn sem hlýtur einnig að herða kröfur sínar og stækka mikið á næstu árum. Þar sem við vitum að við eigum gífurlegt magn af vatni, sem orðið er mikil og verðmæt verslunarvara erlendis, og markaðurinn fer stækkandi, hlýtur það að vera skynsamleg ákvörðun að styðja þá sem af miklum vanefnum hafa verið að gera tilraun til útflutnings og móta um það stefnu hvernig æskilegt sé að standa að þessum málum þegar til lengri tíma er litið.

Í því efnahags- og atvinnuástandi, sem þjóðin býr nú við, verður að vinna markvisst að nýtingu slíkra tækifæra þó að gæta þurfi þess að byggja ekki óraunsæjar skýjaborgir. Því er nauðsynlegt að ríkisvaldið hafi forustu um það og styðji við bakið á þeim sem af miklum dugnaði og með ærnum kostnaði hafa verið að vinna brautryðjendastarf.

Sökum þess hve gott vatn er að finna í miklu magni víðs vegar um landið gæti nýting þess orðið mikilvægur stuðningur við byggðaþróun. Vegna samdráttar í atvinnurekstri eru víða fyrir hendi vannýttar byggingar sem gætu hentað til slíkrar framleiðslu.

Þar sem meiri hluti nefndarinnar vildi ekki gera neinar efnisbreytingar á þingsályktunartillögunni mun undirritaður flytja sérstaka tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar um vatnsútflutning. Í þeirri nefnd eigi sæti fulltrúar allra þingflokka. Yrði hlutverk hennar að leiðbeina og styðja þá aðila, sem nú eru að hasla sér völl á þessu sviði, við markvissa markaðssetningu. Jafnframt yrði mótuð framtíðarstefna og í samstarfi við Byggðastofnun gerð áætlun um hvernig nýta megi þessa miklu auðlind til að efla byggð í þeim héruðum þar sem gnótt lindarvatns er fyrir hendi.

Meginmarkmið byggðastefnu.

Í upphafi tillögunnar eru sett fram meginmarkmið byggðastefnunnar í þremur málsgreinum. Fyrsta markmiðið er almennt orðað og án takmarkana. Velta má fyrir sér hinum markmiðunum tveimur.

Annað markmiðið fjallar um atvinnulífið og þjónustu. Þar er sett fram það skilyrði fyrir sérstökum stuðningi að atvinnulífið geti verið fjölbreytt, eða eins og segir í tillögunni: „Svæðin verða að vera nægilega fjölmenn til þess að hægt sé að reka þar fjölbreytta þjónustu og atvinnulíf á hagkvæman hátt.“ Þetta er gott markmið og má segja að náist það sé hlutverki Byggðastofnunar á þessum svæðum að verulegu leyti lokið og gæti þá stofnunin einbeitt sér að svæðum sem eftir standa, þ.e. jaðarsvæðunum.

Atvinnulíf á Íslandi utan stærstu þéttbýlisstaðanna byggist fyrst og fremst á landbúnaði og sjávarútvegi. Margir útgerðarstaðir hafa landrými að baki sér þar sem rekinn er landbúnaður en hjá öðrum er ekki um slíkt að ræða og þar hlýtur atvinnulíf því að verða að teljast einhæft þar sem segja má að öll önnur starfsemi sé bein og óbein þjónusta við þennan eina atvinnuveg.

Það sama gildir um þau héruð sem liggja langt frá útgerðarstöðum og verða því eingöngu að byggja á landbúnaði og nýtingu jarðanna. Þrátt fyrir það er hægt á þessum stöðum að reka einhæfan atvinnuveg með viðunandi árangri sem er þjóðarbúskapnum mikils virði. Það má skilja það á texta tillögunnar að þessum byggðarlögum verði ekki veittur stuðningur á sama hátt og öðrum og þyrfti það að koma greinilega fram ef svo er ekki.

Þriðja meginmarkmiðið er samkvæmt tillögunni: „Að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega.“ Af hverju á aðeins að „draga úr“? Af hverju á ekki að stöðva eða snúa við? Hvað með gæði landsins og aðrar auðlindir? Þetta er veikt orðað meginmarkmið. Umrætt jafnvægi í byggð landsins hefur raskast allt of mikið og það lagast ekki með því aðeins „að draga úr“ þeirri röskun.

Áhersluatriði.

Á eftir meginmarkmiðum tillögunnar eru talin upp í fjórum liðum þau atriði sem sérstök áhersla er lögð á til þess að hægt sé að ná þeim á næstu fjórum árum. Í 1. og 4. tölul. er fjallað um atvinnulífið. Í d-lið 1. tölul. er rætt um aðgerðir á jaðarsvæðum og þar nefnt að einkum verði horft til nýtingar náttúruauðlinda og ferðaþjónustu.

Í riti Byggðastofnunar eru náttúruauðlindir í þessu skyni skilgreindar mjög þröngt, svo sem jarðhiti, og virðist það óeðlilegt þar sem um ýmsa aðra kosti getur verið að ræða, svo sem nýtingu gróðurs, veiðihlunninda og lindarvatns. Meiri hluti allsherjarnefndar hefur tekið tillit til þessarar ábendingar og flutt breytingartillögu, sem 1. minni hluti styður, um að við bætist orðin „annarra landgæða“.

Staða atvinnulífsins.

Í upphafi 4. tölul. er sett fram grundvallaratriði fyrir allri byggðaþróun, þ.e. að atvinnulífinu í landinu verði búin þau skilyrði að fyrirtækin geti skilað arði. Þetta gildir þó ekki aðeins um byggðaþróun heldur alla atvinnuþróun. Um þetta er síðan ekkert fjallað frekar, hvorki í ályktuninni sjálfri eða greinargerð, og virðist erfitt að fjalla um áætlunina án þess að gera frekari grein fyrir hvernig staðan er og hvernig við þeim vanda skuli brugðist.

Öllum er ljóst að miklar breytingar hafa orðið síðustu árin í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar. Þjóðartekjur hafa dregist saman og atvinnuleysið haldið innreið sína. Þótt ástæður séu margar, t.d. samdráttur í þorskveiðum, er aðgerðaleysi stjórnvalda mikill örlagavaldur. Aðgerðaleysið eða gjaldþrotastefnan miðar að því að gera atvinnulífið og fyrirtækin auðvelda bráð fyrir samansafnað fjármagn sem hávaxtastefna undanfarinna ára hefur fært örfáum aðilum í þjóðfélaginu. Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort við

sættum okkur við þessa aðferð frjálshyggjunnar, þ.e. að láta uppboðshaldaranum það eftir að stjórna hagræðingu í íslenskum atvinnuvegum.

Núverandi stjórnarflokkar þora ekki að segja við þjóðina, enn síður við atvinnurekendur og allra síst við íbúa þessara staða, að hagræða eigi í sjávarútvegi og byrja á því að leggja niður 15–20 frystihús og leggja 5–10 togurum. Svo er kröfuhöfunum, sem eru að vísu oftast ríkisbankar og sjóðir í eigu ríkisins, kennt um erfiðleika þeirra sem lenda í vandræðum og missa skip sín og kvóta. Við þriðja högg uppboðshaldara getur mestur hluti atvinnu fólks í sjávarplássi glatast og eignir fólks þar orðið verðlausar. Er þetta ásættanleg atvinnustefna?

Eðlilegt er að fela Byggðastofnun að gera úttekt á því hvað það kostaði þjóðfélagið að leggja niður byggð og flytja fólkið á brott frá slíkum stöðum, hversu mikil verðmæti tapast og hvað kostar að byggja fyrir fólkið annars staðar, bæði atvinnustarfsemi og íbúðar- og þjónustuhúsnæði. Það hlýtur að vera gott fyrir alla aðila að vita hvað þeir eru að gera.

Samdráttur í landbúnaði veldur tekjuhruni hjá bændum og atvinnuleysi bæði hjá þeim og í þjónustugreinum landbúnaðarins þó að ríkisstjórnin hafi ekki fengist til að gera úttekt á því hversu mikil þau áhrif eru þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Viðhorf ríkisstjórnarinnar hafa verið þau að horfa aðgerðalaus á þessa þróun atvinnulífsins og það er fyrst nú sem settar eru fram fálmkenndar hugmyndir um takmarkaða aðstoð í einum landshluta. Þessi þróun síðustu ára hefur smátt og smátt verið að draga þrótt úr atvinnulífinu og mergsjúga það og dregið hefur úr möguleikum einkaaðila til þess að fara inn á nýjar brautir til að bæta upp það sem hefur tapast.

Sem dæmi má nefna að eignir falla í verði og verða víða óseljanlegar. Af þeim sökum lækka bankar ört lánshlutfall út á fasteignir og mikil tregða er að taka nýja aðila í viðskipti. Og þó að nú sé hafið fyrsta ár þessarar stefnumótandi byggðaáætlunar sjást engin merki hjá ríkisstjórninni um aðgerðir í samræmi við meginmarkmið hennar. Fyrsti minni hlutinn gerði því tillögu um það í nefndinni að a-liður 4. tölul. kvæði á um að Byggðastofnun gerði í samvinnu við atvinnuvegaráðuneytin og samtök atvinnuveganna markvissa áætlun um eflingu starfandi atvinnurekstrar, aukna fjölbreytni framleiðslu og framleiðni. Á þessa tillögu féllst meiri hluti nefndarinnar ekki.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að meginstefna ríkisstjórnarinnar er innflutningsstefna. Ráðherrarnir hafa hamrað á því að þjóðin þurfi að græða á því að auka sem mest innflutning ódýrra neysluvara í stað innlendrar framleiðslu og lagt áherslu á að því þurfi að ná fram með erlendum viðskiptasamningum, enda hefur þeim orðið þar allvel ágengt. Eru það þverðfug vinnubrögð við allar nágrannaþjóðir okkar sem lagt hafa mikla áherslu á að vernda sína innlendu atvinnuvegi.

Niðurstöður.

Hægt er að taka undir ábendingar gesta sem komu á fund nefndarinnar um að þessi tillaga til þingsályktunar væri beinagrind sem mestallt hold vantaði á. Það hlýtur að vera nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, ekki síst með tilliti til núverandi aðstæðna, hvernig við ætlum að ná þeim markmiðum sem þar eru sett fram, sem og öðrum sem þarf að bæta við. Því hefði verið, að mati undirritaðs, nauðsynlegt að Alþingi hefði fjallað miklu meira um þá hlið málsins og sett fram ábendingar um afdráttarlausar aðgerðir.

Í tillögunni, eins og hún var lögð fram, var gert ráð fyrir 1.300 millj. kr. framlagi á fjárlögum til Byggðastofnunar á næstu fjórum árum. Þetta var of naumt skammtað og erfitt að sjá að stofnunin gæti framfylgt hlutverki sínu með þeirri fjárveitingu. Nú ger-

ir meiri hluti nefndarinnar tillögu um, samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnar, að lækka þessa tölu niður í 940 millj. kr. Vonlaust er við slíkar aðstæður, verði þessi tillaga samþykkt, að Byggðastofnun ráði við verkefni sín með ekki meira fjármagn í höndum.

Fyrsti minni hluti telur að í meginmarkmiðum þingsályktunartillögunnar séu settar fram frómar óskir, þó með þeim athugasemdum sem hér hefur verið bent á, og vill því ekki tefja að hún verði afgreidd fyrir þinglok. Hins vegar kallar þessi afgreiðsla á að þegar í stað verði haldið áfram vinnu við nánari útfærslu og aðgerðir svo að vænta megi að eitthvað þokist í átt að þeim markmiðum sem sett hafa verið fram.

Eðlilegt hefði verið að leggja fram mótaðar breytingartillögur. Hins vegar kom tillagan til nefndar í lok febrúar eftir að hafa verið í vinnslu í tvö ár. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að meiri hluti hennar vildi engar efnisbreytingar gera á tillögunni umfram það sem fram kemur í breytingartillögum hans og þar af leiðandi ekki leggja neina vinnu í ítarlega athugun á stöðu og horfum í byggðamálum eða nauðsynlegar tillögur til úrbóta. Undirritaður mun því sitja hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Alþingi, 19. apríl 1994.

Jón Helgason.

999. Frumvarp til laga [608. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Útflutningur hrossa hefur aukist mjög mikið á undanförnum árum og hefur í raun tífaldast á síðasta áratug. Þessi aukni útflutningur hefur leitt af sér að nú eru mun fleiri hross flutt út á veturna og á vorin en áður var. Samhliða hefur orðið mikil breyting á allri flutningatækni, ekki síst í flutningi á lifandi dýrum. Aðbúnaður í flutningsförum fyrir hross hefur batnað mikið og flutningsför eru mun öruggari en áður var.

Hér er lagt til að lengdur verði um einn mánuð sá tími sem leyfilegt er að flytja hross með venjulegum áætlunarskipum. Þegar notast er við sérútbúna gáma við flutninginn er engin hætta á að aðbúnaður hrossanna sé verri en í gripaflutningaskipum og hvergi er slakað á kröfum um dýravernd. Þessir flutningar eru auk þess einn ódýrasti flutningsmátinn og geta því orðið til að auka útflutning hrossa og arð af honum enn frekar.

1000. Nefndarálit [400. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum og fengið til sín Magnús Pétursson ráðuneytisstjóra og Þórhall Arason, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra tryggingafélaga, Sigurð Helga Guðjónsson, lögfræðing hjá Húseigendafélaginu, og Jón Guðmundsson formann og Sverri Kristinsson, framkvæmdastjóra Félags fasteignasala.

Samkomulag náðist í nefndinni um að mæla með samþykkt frumvarpsins, en nefndin áskilur sér rétt til að taka málið aftur til umfjöllunar fyrir 3. umræðu, m.a. í tengslum við skipun stjórnar ef hlutverk Fasteignamats ríkisins við brunabótamat verður lögfest með samþykkt 577. máls þingsins, frumvarps til laga um brunatryggingar.

Alþingi, 20. apríl 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Árni R. Árnason.	Ingi Björn Albertsson.

1001. Nefndarálit [546. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin tók frumvarpið fyrir á nokkrum fundum og fékk til sín Indriða H. Þorláksson og Snorra Olsen frá fjármálaráðuneytinu. Þá fékk nefndin umsagnir um frumvarpið frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Sambandi veitinga- og gistihúseigenda og Samtökum fiskvinnslustöðva.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar fela það í sér að hugbúnaðariðnaður verði færður niður í hinn sérstaka gjaldflokk en um leið hækki sá flokkur um 0,05% frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir til að mæta skertum tekjum ríkissjóðs af þessum sökum.

Alþingi, 20. apríl 1994.

Vilhjálmur Egilsson, frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Ingi Björn Albertsson.		Árni R. Árnason.

1002. Breytingartillaga [546. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, RG, GuðjG, IBA, ÁRÁ).

Við 1. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:

a. Í stað hlutfallstölunnar „2,95“ í a-lið komi: 3.
b. Efnismálsliður b-liðar orðist svo: Hugbúnaðariðnað, hótelgistingu, veitingarekstur og útleigu bifreiða.

1003. Nefndarálit [294. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á fund til sín fulltrúa fjármálaráðuneytisins. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá ASÍ, fjármálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sparisjóða, Verslunarráði og VSÍ.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar miðast að því að taka lánastofnanir sem fjallað er um í lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, inn í frumvarpið. Slíkar lánastofnanir munu framvegis lúta að mörgu leyti sömu reglum og viðskiptabankar og sparisjóðir, m.a. að því er varðar eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, eiginfjárkröfur o.fl., og því þykir eðlilegt að samræmdar reglur gildi þar um varðandi skattalega stöðu lánastofnana. Þetta er til samræmis við það sem gildir annars staðar á Norðurlöndum. Ekki er þó gert ráð fyrir að eignarleigufyrirtæki, sem skilgreind eru í 9. gr. laga nr. 123/1993, muni falla undir skattskyldu laga nr. 65/1982 vegna sérsjónarmiða sem um slík fyrirtæki gilda, annars vegar varðandi fjármögnunarleigusamninga og hins vegar kaupleigusamninga. Þá er lagt til að gildistöku verði frestað um eitt ár.

Alþingi, 20. apríl 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Ingi Björn Albertsson.	Árni R. Árnason.

1004. Breytingartillögur [294. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við bætist ný grein, er verði 1. gr., svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Viðskiptabankar, sparisjóðir, veðdeildir við innlánsstofnanir og opinberir fjárfestingarlánasjóðir“ í 1. mgr. kemur: Lánastofnanir aðrar en eignarleigufyrirtæki.
   b. 2. mgr. fellur brott.

2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.).
   a. 1. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Frá tekjum aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum má draga þau almennu og sérstöku framlög í afskriftareikning útlána sem gjaldfærð eru í rekstrarreikningi í samræmi við gildandi reglur um ársreikning þessara aðila.
   b. 4. efnismgr. falli brott.
3. Við bætist ný grein, er verði 4. gr., svohljóðandi:
   Heiti laganna verður: **Lög um skattskyldu lánastofnana.**
4. Við 3. gr. (er verði 5. gr.). Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1996 vegna tekjuársins 1995.

1005. Nefndarálit [581. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk til sín Indriða H. Þorláksson skrifstofustjóra og Snorra Olsen, deildarstjóra í fjármálaráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 20. apríl 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Guðjón Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Árni R. Árnason.	Ingi Björn Albertsson.

1006. Nefndarálit [579. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu frá landbúnaðarráðuneytinu Sigurgeir Þorgeirsson og Jón Höskuldsson, Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, Gísli Karlsson, framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins, og Stefán Pálsson bankastjóri.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Er þar annars vegar um að ræða efnislegar tillögur um breytingar á frumvarpinu en hins vegar breytingar á búvörulögunum sem taka mið af óskum er nefndinni bárust um þau efni. Er þá sérstaklega vísað til óska Stéttarsambands bænda um að lögfest verði viðbótarheimild til töku verðjöfnunargjalda hliðstætt heimildum 20. gr. laganna til að treysta markaðsgrundvöll nautgripa- og kindakjöts með auknum útflutningi.

Nefndinni bárust yfirlit um stöðu þessara mála og áætlun um horfur í lok næsta framleiðsluárs. Þar kemur fram að umframbirgðir kindakjöts verði um 400 tonn af kindakjöti og að um 100 millj. kr. skorti til að ná fram jöfnuði í framleiðslu og sölu sauðfjárafurða. Þá var enn fremur sýnt fram á að með markaðsaðgerðum væri unnt að ná jafnvægi í sölu og framleiðslu nautakjöts á næsta ári.

Meðal annars með tilliti til framangreindra skýringa leggur nefndin til að orðið verði við málaleitan Stéttarsambands bænda um auknar heimildir til verðskerðingar. Þessi heimild er ekki bundin við samþykki aðalfundar Stéttarsambands bænda, gagnstætt ákvæðum 20. gr. sem fjallar um hliðstæð efni. Hér kemur tvennt til, annars vegar að þeirri ákvörðun um verðskerðingu, sem tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir, er einungis ætlað að gilda til loka næsta framleiðsluárs og hins vegar að nauðsyn ber til að þegar í stað verði hafist handa um framkvæmd þessara mála. Þess vegna er brýnt að nú þegar liggi fyrir heimildir um töku þessa gjalds svo að nauðsynlegar ákvarðanir varðandi framgang þessara mála nái fram að ganga hið fyrsta. Þessu til enn frekari áréttingar er vert að benda á að þess gætir nú áþreifanlega að erlendir markaðir herði kröfur sínar um hreinlæti og búnað sláturhúsa. Svíar hafa t.d. tilkynnt að eftirleiðis gildi um innflutning kindakjöts til Svíþjóðar að útflutningssláturhús uppfylli kröfur ESB-staðla, en svo sem kunnugt er hafa einungis tvö íslensk sláturhús staðist reglur Evrópusambandsins.

Nefndinni barst erindi frá Framleiðsluráði landbúnaðarins með ósk um að sá umsagnarréttur, sem ráðið hafði skv. 52. gr. laganna áður en þeim var síðast breytt, verði lögfestur að nýju. Af því tilefni vill nefndin taka fram að í breytingum á 3. gr. laganna felst áréttíng á forræði landbúnaðarráðherra varðandi útflutning landbúnaðarafurða. Það er því í hans valdi hvort hann leitar umsagnar Framleiðsluráðs, t.d. á grundvelli 8. tölul. 6. gr. búvörulaganna.

Alþingi, 20. apríl 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Guðni Ágústsson.
Eggert Haukdal.	Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.	Sigurður Hlöðvesson.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Einar K. Guðfinnsson.

1007. Breytingartillögur [579. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   3. gr. laganna orðast svo:
   Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til, þar með talinn útflutning landbúnaðarvara.
2. Við 1. gr. (sem verði 2. gr.). Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt er í samningnum heimilt að ákveða að framleiðendur, sem hætta sauðfjárframleiðslu, geti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum haldið beinum greiðslum samkvæmt greiðslumarki lögbýlisins til verðlagsársins 1997–98.
3. Á eftir 1. gr. komi ný grein (sem verði 3. gr.), svohljóðandi:
   G-liður ákvæða til bráðabirgða í lögunum orðast svo:
   Fram til 31. ágúst 1995 getur landbúnaðarráðherra heimilað innheimtu sérstaks verðskerðingargjalds af sláturafurðum sauðfjár og nautgripa til viðbótar gjaldi skv. 20. gr. laga þessara. Gjald þetta dregst af verði til framleiðenda. Það má að hámarki nema 5% af afurðaverði til framleiðenda og skal eingöngu varið til markaðsaðgerða utan lands. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um innheimtu og ráðstöfun gjalds þessa.

1008. Svar [485. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Farið hefur verið eftir þeim almennu athugasemdum sem gerðar voru um bókhald og fjármál stofnana sem undir ráðuneytið heyra og ráðuneytisins.

Í athugasemdum um einstakar stofnanir er fjallað um eftirtalin atriði:

11-302 Rafmagnseftirlit ríkisins.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er vikið að endurskipulagningu rafmagnsöryggismála og greinargerð Hagsýslu ríkisins um skipan rafmagnsöryggis. Á vegum ráðuneytisins er unnið að endurskoðun rafmagnsöryggismála á grundvelli ofangreindrar skýrslu og með tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af aðild Íslendinga að Evrópska efnahagssvæðinu.

Ráðuneytið er sammála skoðun Ríkisendurskoðunar um innheimtu rafmagnseftirlitsgjalds að hún væri betur komin hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Hins vegar er gert ráð fyrir í þeim tillögum sem fyrir liggja að gjaldið verði lækkað í áföngum á næstu árum og hefur af þeim sökum ekki þótt ástæða til að breyta tilhögun innheimtunnar að svo stöddu.

Unnið hefur verið að því að leiða innheimtumál þau, sem vikið er að í skýrslunni, til lykta.

11-321 Rafmagnsveitur ríkisins.

Rafmagnsveitur ríkisins sendu ríkisendurskoðanda ítarlega greinargerð vegna athugasemda við ársreikning 1992 og héldu með honum fund um málið þar sem kynntar voru þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til. Í þessu sambandi er rétt að benda á eftirfarandi:

Hjá Rafmagnsveitum ríkisins er verið að koma á gæðastjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum IST 9001. Í þessu felst að vinnuferlar eru endurskoðaðir og settar eru ítarlegar verklagsreglur um einstaka þætti starfseminnar og skilgreint með hvaða hætti vinna skal að úrbótum og hvernig eftirliti skuli háttað. Unnið hefur verið að þessu verkefni undanfarið ár og verður fyrsti hluti gæðakerfisins tekinn í notkun síðar á þessu ári en kerfið í heild á næsta ári.

Samhliða og í tengslum við gæðakerfið hafa vinnubrögð við áætlanir fyrirtækisins verið endurskipulögð, þ.e. vinna við rekstraráætlun, framkvæmdaáætlun, greiðsluáætlun, fjárhagsáætlun og eftirlit með þeim.

Þá eru Rafmagnsveiturnar að endurskipuleggja allt birgðahald fyrirtækisins og birgðastýringu. Aðalbirgðastöð fyrirtækisins í Reykjavík hefur verið lögð niður og starfsemin flutt út á land. Unnið hefur verið að aðstöðusköpun úti á landi vegna þessara breytinga sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til birgðahalds.

Að öðru leyti hefur verið hert á kostnaðareftirliti, reglum um aðgerðir vegna vanskila, reglum um meðferð bifreiða o.s.frv. Reglur þessar falla síðan inn í framangreint gæðastjórnunarkerfi.

1009. Breytingartillaga [581. mál]

við breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Við bætist ný grein er verði 2. gr., svohljóðandi:

11. gr. laganna orðast svo:

Fyrir leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi skal greiða 5.000 kr.

Fyrir endurnýjun leyfa skv. 1. mgr. skal greiða 1.000 kr.

1010. Nefndarálit [87. mál]

um till. til þál. um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og fékk til sín Jón Birgi Jónsson ráðuneytisstjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneytinu. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með aðeins breyttu orðalagi sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin felur aðallega í sér upptöku orðsins líftjón sem greinilega hefur fallið niður í tillögunni en í greinargerð er skýrlega talað um bætur fyrir líf- eða líkamstjón.

Alþingi, 20. apríl 1994.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.
Jóhann Ársælsson.	Petrína Baldursdóttir.	Sturla Böðvarsson.
Guðni Ágústsson.	Egill Jónsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

1011. Breytingartillögur [30. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði, án þess að það teljist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi, er honum heimilt í stað beins kostnaðar skv. 2. mgr. að draga frá þeim tekjum húsaleigugjöld af íbúðarhúsnæði til eigin nota. Frádráttur þessi leyfist eingöngu til frádráttar leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er tímabundið til útleigu.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1995 á tekjur ársins 1994.

1012. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Á fund nefndarinnar um frumvarpið komu fulltrúar fjármálaráðuneytisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru aðallega skatttæknilegs eðlis. Þannig stefnir fyrri breytingartillagan að því að laga frumvarpið að tekjuhugtaki tekjuskattslaganna, en í þeim lögum hefur alfarið verið byggt á því að skattskyldar tekjur séu skilgreindar sem brúttóstærðir. Þá er í þeirri tillögu lagt til að tryggt verði að frádráttur sá, sem frumvarpið mælir fyrir um, geti aðeins komið til frádráttar tekjum sem maður hefur af útleigu íbúðarhúsnæðis sem hann áður nýtti til eigin nota en ekki til frádráttar öðrum tekjum. Í síðari breytingartillögunni er lagt til að gildistöku verði frestað um ár, en það byggist á því að ýmsir framkvæmdalegir annmarkar eru á því að hafa frumvarpið afturvirkt, m.a. að skilafrestur á skattframtölum einstaklinga er liðinn og yfirferð framtala á skattstofum langt komin.

Alþingi, 20. apríl 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Vilhjálmur Egilsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Ingi Björn Albertsson.	Árni R. Árnason.

1013. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá ASÍ, Sambandi íslenskra sparisjóða, Verslunarráði og VSÍ. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með smávægilegum breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. apríl 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Guðjón Guðmundsson.	Árni R. Árnason.
Ingi Björn Albertsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.

1014. Breytingartillaga [246. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir orðunum „sem við á“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, sbr. 23. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, (frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri), kemur: svo og stofnfjárbréf í sparisjóðum samkvæmt lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, enda séu ekki lagðar hömlur á viðskipti með bréfin umfram það sem leiðir af ákvæðum kafla II C í þeim lögum.

1015. Breytingartillaga [87. mál]

við till. til þál. um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögum.

Frá samgöngunefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að endurskoða ákvæði siglingalaga, nr. 34/1985, um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna líf- eða líkamstjóns. Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna, rannsóknarnefndar sjóslysa, Sambands íslenskra tryggingafélaga og Siglingamálastofnunar.

1016. Nefndarálit [500. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn til viðræðna Jón Höskuldsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu, Árna Ísaksson veiðimálastjóra, frá félagi veiðiréttareigenda við sjó og vötn í Vestur-Húnavatnssýslu (Sókn) Ólaf Þórhallsson formann, Tryggva Eggertsson og Heimi Ágústsson og frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva Vigfús Jóhannsson og Júlíus Birgi Kristinsson. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, Sókn, Hafrannsóknastofnun, Landssambandi veiðifélaga, veiðimálanefnd, veiðimálastjóra, fisksjúkdómanefnd, Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Stéttarsambandi bænda og Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

1. Lagðar eru til nokkrar breytingar á orðalagi skilgreininga í 1. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að almennt verði notað hugtakið „vatnafiskar“ í stað „laxfiskar“ enda þykir rétt að viðkomandi orðskýringar taki einnig til annarra tegunda vatnafiska en laxa, svo sem

áls og silungs. Á þetta við um skilgreiningar hugtakanna eldisstofn, fiskeldi, geldstofn, hafbeitarstofn og strandeldi. Með sömu rökum er lagt er til að hugtakið „hafbeit til stangaveiði“ verði ekki takmarkað við laxa. Í öðru lagi er lagt til að bætt verði við skilgreiningu á hugtakinu lagardýr en með breytingartillögu við g-lið 5. gr. (68. gr.) er lagt til að það hugtak verði notað í frumvarpinu. Í þriðja lagi er lagt til að hugtakið vatnafiskur verði skilgreint, enda kemur það víða fyrir í frumvarpstextanum, og í fjórða og síðasta lagi er lagt til að hugtakið umhverfismat, sem ekki er notað í frumvarpinu, falli brott.

2. Lagðar eru til breytingar á 2. gr. Breytingarnar á a-lið (14. gr.) felast annars vegar í umorðun 2. mgr. og er þar ekki um efnislega breytingu að ræða. Þannig verður framkvæmdin sú að þeim sem veiðir lax í sjó í veiðitæki sem ætluð eru til veiði annarra fiska ber skylda til að skila laxinum í sjó aftur, lífs eða liðnum, enda óheimilt að koma með slíkan fisk að landi. Hins vegar er lagt til að 6. mgr., um að hverri landareign, sem liggur að sjó, skuli almennt heimilt að hafa mest tvö silungslagnet samtímis í sjó, falli brott. Þess í stað er lagt til að netaveiðiheimildir landareigna, sem liggja að sjó, til silungsveiða miðist við fimm ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði frá 1957. Er þetta samhljóða ákvæði laganna frá 1957 og 1970 var þetta ákvæði áréttað í gildandi löggjöf. Er lagt til að ekki verði horfið frá þeim reglum gildandi laga.

   Breytingin á b-lið (15. gr.), þar sem settar eru takmarkanir við hve nálægt ósi straumvatns eða þeim stað þar sem fiskur gengur í hafbeitarstöð má leggja net eða hafa ádrátt í sjó, er tvíþætt. Annars vegar er lagt til að miðað verði við vatnsmagn áa eins og í gildandi lögum og verði friðunarsvæði stærri áa bundið við 2.000 metra eins nú gildir en þeirra vatnsminni 1.500 metra sem er 500 metra aukning frá gildandi reglum. Um hafbeitarstöðvar gildi ávallt 1.500 metra viðmið. Hins vegar er lagt til að fyrrgreindar takmarkanir gildi frá 1. apríl í stað 1. mars sem þykir óþarflega snemmt.

3. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 5. gr. Lagt er til að í stað g-liðar (68. gr.) um ákvörðun ráðherra um hámarkssleppingu í hafbeit, sem felld er efnislega brott, verði 3. mgr. a-liðar (62. gr.) umorðuð og nýrri málsgrein, sem verði 4. mgr., bætt við. Þannig verði árleg framleiðsla í kvía- og strandeldi og hámark sleppinga á seiðum í hafbeit tilgreind í rekstrarleyfi viðkomandi stöðvar en ráðherra getur jafnframt heimilað aukningu á fjölda slepptra seiða í hafbeit, að fenginni umsögn veiðimálanefndar og veiðimálastjóra. Í þessari breytingu felst að allar stöðvar fá framleiðslukvóta í byrjun rekstrar. Ákvæði g-liðar (68. gr.) þykir að óbreyttu of opið og hefði getað leitt til efnahagslegra þrenginga hjá starfandi stöðvum hefði komið til mikils niðurskurðar eftir á. Á hinn bóginn er stöðvum, sem starfræktar eru við gildistöku frumvarpsins, gert skylt að leita eftir framleiðsluheimild með því að endurnýja rekstrarleyfi innan árs frá gildistöku þess. Í framhaldi af þessum breytingum er lagt er til að g-liður (68. gr.) verði annars efnis en frumvarpið gerir ráð fyrir og þar kveðið á um að eldi annarra lagardýra í kvía- og strandeldi skuli eftir því sem unnt er hlíta sömu reglum og eldi vatnafiska. Byggist tillagan á því að eldi á erlendum tegundum hefur hafist í nokkrum mæli hér á landi. Má þar nefna barra og ýmsar hlýsjávartegundir frá Miðjarðarhafi. Af þessum dýrum getur stafað sjúkdómahætta. Þykir því eðlilegt að taka af öll tvímæli um að þessi rekstur fellur undir X. kafla laganna sem fjallar um fisksjúkdóma og hefur m.a. að geyma ákvæði um fisksjúkdómanefnd.

Lagt er til að k-liður (72. gr.) falli brott, en þar er fjallað um heimildir hafbeitarstöðvar, að fengnu leyfi ráðherra, til laxveiði í sjó innan við 200 metra frá frárennsli hennar enda hafi gönguseiðum verið sleppt í frárennslið í því skyni að þau gangi í sjó og komi aftur upp í stöðina að sjávarvist lokinni. Þetta ákvæði frumvarpsins er óbreytt frá gildandi lögum en vart hefur reynt á það í framkvæmd. Með hliðsjón af ábendingum sem nefndinni bárust þykir eðlilegt að fella það brott.

Þá er lagt til að breyting verði á l-lið (73. gr.) sem gerir ráð fyrir að fiskeldisstöð með starfsleyfi, t.d. kvíaeldi, sem missir út fisk, fái heimild til að reyna að ná fiskinum aftur. Í breytingunni felst að í stað þess að heimild þessari verði beitt „undir eftirliti“ veiðimálastjóra nægi að um samráð verði að ræða enda ætti í mörgum tilvikum ekki að vera þörf á að kalla fulltrúa veiðimálastjóra á staðinn.

4. Loks eru lagðar til nokkrar breytingar á 6. gr. Breytingin á e-lið felur í sér að fjölgað verði um tvo menn í veiðimálanefnd frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir og skipi ráðherra einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir, en auk þess tvo frá Landssambandi veiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Með því þykir tryggt að hagsmunaaðilar í fiskeldi og hafbeit fái gætt hagsmuna sinna við ákvarðanatöku í nefndinni. Þá er lagt til að ákvæði 6. og 7. mgr. g-liðar falli brott en þar er kveðið á um öfuga sönnunarbyrði varðandi það hvort um sé að ræða ólöglegt veiðifang og heimild til húsleitar án undangengins dómsúrskurðar. Þykja ákvæði þessi ekki lengur eiga heima í lögum um lax- og silungsveiði, enda hefur vart reynt á þau í framkvæmd.

Alþingi, 19. apríl 1994.

Egill Jónsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Guðrún J. Halldórsdóttir.	Sigurður Hlöðvesson.	Eggert Haukdal.
Árni M. Mathiesen.	Einar K. Guðfinnsson.	Guðni Ágústsson.

1017. Breytingartillögur [500. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað „laxfiska“ í liðnum *fiskeldi* komi: vatnafiska. Samsvarandi breytingar verði á öðrum liðum í orðskýringunum nema í liðnum *villtur laxastofn*.
   b. Í stað orðsins „laxaframleiðslu“ í liðnum *hafbeit til stangaveiði* komi: framleiðslu.
   c. Á eftir liðnum *kvísl* komi nýr liður sem orðist svo: *Lagardýr*: Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
   d. Á eftir liðnum *vatn* komi nýr liður sem orðist svo: *Vatnafiskur*: Fiskur sem lifir að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
   e. Liðurinn *umhverfismat* falli brott.

2. Við 2. gr.
   a. 2. mgr. a-liðar (14. gr.) orðist svo:
      Óheimilt er að koma með lax að landi sem veiðst hefur í sjó í veiðitæki sem ætluð eru til veiði annarra fiska. Ber þeim er veiðir lax á þann hátt að sleppa honum í sjó aftur.
   b. 6. mgr. a-liðar (14. gr.) orðist svo:
      Heimild landareigna, sem liggja að sjó, til silungsveiða skal miðast við þann netafjölda sem viðkomandi landareign hafði síðustu fimm ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði frá 1957. Um ágreining skal fjalla skv. 94. gr. Rétt er ráðherra að setja reglur um silungsveiði í sjó.
   c. 1. málsl. 2. mgr. b-liðar (15. gr.) orðist svo: Á tímabilinu 1. apríl til 1. október má eigi leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 1.500 metra ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m^3 á sekúndu en 2.000 metra ef vatnsmagnið er meira og eigi nær en 1.500 metra frá hafbeitarstöð, enda gangi fiskur í það vatn eða þá hafbeitarstöð.
   d. Inngangur greinarinnar verði svohljóðandi: IV. kafli laganna, er hafi fyrirsögnina **Veiðistjórn lax- og göngusilungs og fiskirækt**, orðist svo.
3. Inngangur 3. gr. verði svohljóðandi: V. kafli laganna, er hafi fyrirsögnina **Veiðistjórn vatnasilungs**, orðist svo.
4. Inngangur 4. gr. verði svohljóðandi: VII. kafli laganna, er hafi fyrirsögnina **Fiskvegir og önnur mannvirkjagerð í og við veiðivötn**, orðist svo.
5. Við 5. gr.
   a. Í stað 3. mgr. a-liðar (62. gr.) komi tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:
      3. Er skilríkjum hefur verið skilað og mannvirkjagerð lokið skal veiðimálastjóri gera úttekt á stöðinni. Teljist frágangur fullnægjandi skal veiðimálastjóri mæla með staðfestingu rekstrarleyfis. Ráðherra gefur síðan út rekstrarleyfi og öðlast starfsemin þar með réttindi skv. 66. gr. Í rekstrarleyfi skal tilgreina leyfilega árlega framleiðslu í kvía- og strandeldi og hámark sleppinga á seiðum í hafbeit. Ráðherra getur heimilað aukningu í fjölda slepptra seiða í hafbeit að fenginni umsögn veiðimálanefndar og veiðimálastjóra.
      4. Ráðherra er rétt að setja skilyrði fyrir rekstrarleyfi í reglugerð. Hafbeitar- og eldisstöðvar í rekstri við gildistöku þessara laga skulu endurnýja rekstrarleyfi innan árs frá gildistöku þeirra.
   b. G-liður (68. gr.) orðist svo:
      Eldi annarra lagardýra í kvía- og strandeldi skal hlíta sömu reglum og eldi vatnafiska eftir því sem unnt er.
   c. K-liður (72. gr.) falli brott.
   d. Í stað orðanna „skulu framkvæmdar undir eftirliti“ í 2. málsl. l-liðar (73. gr.) komi: skal framkvæmd í samráði við.
   e. Inngangur greinarinnar verði svohljóðandi: IX. kafli laganna, er hafi fyrirsögnina **Fiskeldi og hafbeit**, orðist svo.
6. Við 6. gr.
   a. 1.–2. málsl. 1. mgr. e-liðar (90. gr.) orðist svo: Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og tvo samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga.

b. 6. og 7. mgr. g-liðar (92. gr.) falli brott.
c. Inngangur greinarinnar verði svohljóðandi: XIII. kafli laganna, er hafi fyrirsögnina **Stjórn veiðimála, Veiðimálastofnun og eftirlit**, orðist svo.

1018. Svar [483. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Svar við fyrirspurninni er í tveimur liðum, annars vegar almennar ábendingar um uppgjör og framsetningu ríkisreiknings og hins vegar ábendingar er varða stofnanir fjármálaráðuneytisins.

Almennar ábendingar.

1. Í skýrslunni er talið að skilin milli A- og B-hluta séu afar óljós og því undir hælinn lagt hvorum megin stofnanir og fyrirtæki eru færð. Við þessari ábendingu er það einfalda svar að í tillögum ríkisreikningsnefndar, sem birtar verða innan skamms, eru m.a. sett fram skýrari mörk um skilgreiningu þessara aðila.
2. Bent er á að rekstrarform heilsugæslustöðva sé með ýmsu móti og aðild sveitarfélaganna að rekstri þeirra. Ábending yfirskoðunarmanna er að gerður verði samanburður á rekstrarformi og rekstri stöðvanna og kannað hvort leita megi leiða til sparnaðar. Því er til að svara að Hagsýsla ríkisins er langt komin með slíka samanburðarathugun sem ætti að geta orðið til þess fallin að endurmeta fjárveitingar til heilsugæslunnar.
3. Vakið er máls á því að nú hafi lífeyrisskuldbindingar verið færðar til bókar hjá ríkinu um nokkurt skeið en bent á að hér sé um stórt mál að ræða sem samtök launafólks og ríkisvaldið þurfi að taka á. Málefni lífeyrissjóða eru nú til sérstakrar athugunar. Fyrst má nefna undirbúning frumvarps um starfsemi lífeyrissjóða. Í annan stað er unnið að leiðréttingu á réttindabókhaldi opinberra starfsmanna sem leyfir að færa til gjalda og skulda hjá mismunandi stofnunum og fyrirtækjum þær skuldbindingar sem stofnað hefur verið til í þessu efni.
4. Yfirskoðunarmenn telja ágæta reynslu af starfsemi Fasteigna ríkissjóðs og benda á að e.t.v. mætti gefa stofnuninni víðtækara hlutverk. Jafnframt benda þeir á að tímabært sé að endurskoða lög um embættisbústaði með það að markmiði að ríkið selji þá og þá eftir fyrir fram gerðri áætlun. Hér má benda á að árið 1992 var reglugerð um húsaleigu tekin til gagngerðrar endurskoðunar sem færði útleigu á eignum ríkisins í betra horf. Nú hefur verið rætt um það í fjármálaráðuneytinu hvort skoða eigi nýtingu á húsnæði í ríkiseigu og hvernig fara megi með kostnað í sambandi við það.
5. Á síðustu árum hefur vinna við fjárlagagerð sveigst til meiri þátttöku og ábyrgðar einstakra ráðuneyta í því starfi. Beitt hefur verið svokölluðum útgjaldarömmum sem felst í því að á grundvelli stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum fær

hvert ráðuneyti tiltekna fjárhæð til ráðstöfunar til skipta á málaflokka og stofnanir. Samhliða aukinni ábyrgð ráðuneyta hefur safnliðum fjölgað og ráðherrum er ætlað sérstakt ráðstöfunarfé til að mæta óvissum útgjöldum. Yfirskoðunarmenn benda á að slíkir safnliðir geri samanburð á fjárlögum og útkomu erfiðan og nauðsyn sé á að setja reglur um notkun slíkra liða. Ráðuneytið getur tekið undir það að settar verði ákveðnar reglur um slíka ráðstöfun en bendir á að aukin ábyrgð ráðuneyta á gerð fjárlaga og eftirliti með framkvæmd þeirra hafi bætt fjármálastjórn og dregið úr frávikum í rekstri stofnunar frá fjárlögum.

6. Í skýrslunni er vakin athygli á því að talsverður fjöldi stofnana ríkisins færi bókhald sitt í öðrum kerfum en í bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins (BÁR). Talin er þörf á að ríkið marki skýra stefnu í þessum málum. Því er til að svara að á vegum Ríkisbókhalds starfar nefnd helstu hagsmunaaðila sem vinnur að því að endurmeta þarfir ríkisstofnana í bókhaldsuppgjöri og marka stefnu í þessum efnum. Áformað er að nefndin ljúki störfum á þessu ári.
7. Á síðasta ári birti ráðuneytið mat á innheimtuárangri ásamt ítarlegri sundurgreiningu og nákvæmri skilgreiningu í því efni. Ráðuneytið telur að þessi aðferð gefi mun betri mynd af innheimtuárangri en fengist hefur með þeim aðferðum sem beitt hefur verið til þessa einkum að því er varðar samanburð milli tímabila og innheimtuembætta. Þá skekkir sjálfvirkur dráttarvaxtaútreikningur á niðurfærðar kröfur mjög þá mynd sem dregin er af þessum málum í dag. Á undanförnum árum hefur af hálfu ráðuneytisins verið markvisst unnið að því að bæta innheimtu opinberra gjalda. Mikilvægt er að í umfjöllun um framkvæmd þessara mála séu þeim gerð fullnægjandi skil með raunhæfum mælikvörðum. Í skýrslunni kemur hins vegar fram að Ríkisendurskoðun telur ekki um sinn ástæðu til að breyta um aðferðir. Ráðuneytið telur mikilvægt að samstaða náist um þær aðferðir sem notaðar eru.
8. Í skýrslunni er vakin á því athygli að erfiðleikum sé háð að meta rekstrarárangur ríkisstofnana. Hann sé of oft mældur eftir því hvernig þeim tekst að haga rekstri innan ramma fjárveitinga án tillits til umfangs þeirrar þjónustu sem veitt er. Í því samhengi vill ráðuneytið taka fram að á vegum þess hefur á síðustu árum verið unnið að tillögugerð um breyttar áherslur í rekstri ríkisins. Í stað þess að miða fjárveitingar eingöngu við magn þeirra aðfanga sem notuð eru við reksturinn verði stofnunum ríkisins sett markmið um þá þjónustu sem þeim er ætlað að veita á grundvelli fjárheimilda. Nú nýverið kynnti fjármálaráðherra á ráðstefnu hugmyndir um nýskipan í ríkisrekstri, svokallaða samningsstjórnun, sem m.a. byggist á samningum við stofnanir um skilgreinda þjónustu fyrir tiltekið verð.
9. Í ábendingum yfirskoðunarmanna er fjallað um það með hvaða hætti eigi að taka á þeim athugasemdum sem þar koma fram. Í tengslum við endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar koma óhjákvæmilega upp athugasemdir um atriði sem færa má til betri vegar. Í mörgum tilvikum er um að ræða bókhaldstæknileg mál eða frágang bókhaldsgagna sem eðlilegast er að leysa beint milli viðkomandi stofnunar og Ríkisendurskoðunar. Í öðrum tilvikum getur verið um að ræða atriði sem varða frávik frá heimildum fjárlaga sem Ríkisendurskoðun vill vekja athygli á í sinni endurskoðunarskýrslu. Eðlilegast er að á slíkum málum sé tekið með fundi Ríkisendurskoðunar og viðkomandi ráðuneytis. Á það má jafnframt benda að mikilvægt er að endurskoðunarskýrslan sé gefin út svo skjótt sem frekast er kostur eftir lok reikningsárs. Með þeim hætti hafa ábendingar í skýrslunni meira vægi en ella.

Ábendingar er varða rekstur stofnana fjármálaráðuneytis.

1. Ríkisendurskoðun hefur lagt fram sérstakar endurskoðunarskýrslur fyrir nokkrar ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem undir fjármálaráðuneytið heyra, þ.e. Lánasýslu ríkisins, Lyfjaverslun ríkisins og Ríkiskaup. Ráðuneytið telur margar ábendingar í umræddum skýrslum gagnlegar. Hefur ráðuneytið beint þeim tilmælum til stjórna og forstöðumanna umræddra stofnana að athugasemdir og ábendingar Ríkisendurskoðunar séu sérstaklega skoðaðar. Ráðuneytið vill þó vekja athygli á eftirfarandi liðum.
2. Í umfjöllun um Lyfjaverslun ríkisins er það gagnrýnt að ráðist sé í breytingar á framleiðsluaðstöðu fyrirtækisins á sama tíma og fyrir dyrum standi að breyta því í hlutafélag. Ráðuneytið telur að full rök séu fyrir þessari ákvörðun og hefur lagt fram gögn þar að lútandi. Ákvörðun um framkvæmdirnar voru teknar af Alþingi áður en frumvarp um stofnun hlutafélagsfyrirtækisins kom fram. Á það má jafnframt benda að frumvarp um að breyta fyrirtækinu í hlutafélag hefur enn ekki verið afgreitt frá Alþingi meira en einu ári eftir að það kom fyrst fram.

   Hitt er til umhugsunar hvort það sé á verksviði Ríkisendurskoðunar að setja fram athugasemdir um stefnumörkun Alþingis í ýmsum málum. Með sama hætti gæti verið tilefni til umfjöllunar um stefnumörkun, t.d. í skólamálum, heilbrigðismálum eða umönnunarmálum fatlaðra. Eðlilegra er að í endurskoðunarskýrslu ríkisreiknings sé gerð grein fyrir því hvort fjárhagslegar ráðstafanir séu í samræmi við heimildir Alþingis og gerðar starfsreglur og að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag.

   Þá er enn fremur ranglega fullyrt í skýrslunni að vegna fyrirhugaðra framkvæmda Lyfjaverslunar ríkisins hafi hún ekki greitt arð í ríkissjóð frá árinu 1989 þrátt fyrir umtalsverðan hagnað. Ríkisendurskoðun var á fyrri stigum bent á að hið rétta í þessu máli er að á árinu 1989 var ákveðið að nota hagnað Lyfjaverslunarinnar til að greiða niður skuld hennar við ríkissjóð í stað þess að greiða hann sem arð til ríkissjóðs. Skuld þessi varð til þegar skilið var á milli fjárhags hennar og ÁTVR í júlí 1986. Í lok ársins 1989 nam skuldin um 240 millj. kr. á verðlagi í lok árs 1992. Ofangreind ákvörðun um endurgreiðslu var tekin eftir ábendingu frá Ríkisendurskoðun um þetta efni.

   Loks er gerð athugasemd við það að Lyfjaverslunin hafi einungis greitt 19 millj. kr. af skuld sinni við ríkissjóð í stað 62 millj. kr. eins og áformað var í fjárlögum. Til svars vill ráðuneytið taka fram að í fjárlögum 1992 var gert ráð fyrir verulegri aukningu hagnaðar frá fyrra ári og að hann yrði 116 millj. kr. í stað 47 millj. kr. og fjárfesting áætluð 64 millj. kr. Í raun varð hagnaður 67 millj. kr. eða tæpum 50 millj. kr. lægri en áætlað var. Þessari lækkun getur fyrirtækið ekki mætt með öðrum hætti en að draga úr fjárfestingu og afborgunum lána.
3. Í umfjöllun um Lánasýslu ríkisins er því haldið fram með tilvísun til laga um starfsemi hennar að sýna eigi allan lántökukostnað í reikningum hennar. Ráðuneytið er algerlega ósammála þessari fullyrðingu og telur engin ákvæði laga um starfsemi Lánasýslu ríkisins styðja þessa fullyrðingu. Samkvæmt lögum eru Lánasýslunni ætluð ákveðin verkefni hvað varðar lánaumsýslu ríkisins. Hins vegar var aldrei áformuð nein breyting á færslu lána ríkissjóðs eða fjármagnskostnaði þeirra lána með þessari lagasetningu. Lántökukostnaður er samkvæmt almennri bókhaldsvenju hluti af fjármagnskostnaði og ber því að færa með vaxtagjöldum. Á reikninga Lánasýslunnar færist því eingöngu venjubundinn stjórnsýslukostnaður við slíka starfsemi.

1019. Svar [90. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sturlu Böðvarssonar um skuldbreytingar og lán vegna skattaskulda árin 1988–1992.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir fengu skuldbreytingu vegna skattaskulda hvert ár 1988–1992?*
2. *Hversu há fjárhæð af skattaskuldum við ríkið var þannig veitt sem lán hvert ár 1988–1992?*
3. *Hversu mörg skuldabréf vegna skattaskulda voru í vanskilum um síðustu áramót og hversu há fjárhæð?*

Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum um skuldbreytingar og lán sem ráðuneytið hefur heimilað árin 1988–1992. Upplýsingar um skuldbreytingar á árunum 1989–1991 liggja fyrir í skýrslum Ríkisendurskoðunar um skuldbreytingar opinberra gjalda sem komu út í mars 1991 og ágúst 1992. Á þessari stundu er verið að vinna að nýrri skýrslu um sama efni. Í þessari nýju skýrslu verða upplýsingar um skuldbreytingar á árunum 1992 og 1993. Ráðuneytið hefur því tekið saman tölur um skuldbreytingar 1988–1992 til að brúa bilið þar til skýrsla Ríkisendurskoðunar liggur fyrir.

1. Fjöldi aðila sem ráðuneytið veitti heimild til skuldbreytingar kemur fram í meðfylgjandi töflu.

Mismunur þessara talna liggur í því að ráðuneytið setur sem skilyrði fyrir skuldbreytingu að gjaldendur standi skil á staðgreiðslu, virðisaukaskatti, tryggingagjaldi, söluskatti og bifreiðagjöldum áður en af skuldbreytingu getur orðið. Nokkur fjöldi gjaldenda getur ekki orðið við þessum skilyrðum og því fellur heimildin niður.

2. Upphæðirnar sem fram koma í meðfylgjandi töflu eru á verðlagi hvers árs.

3. Í töflunni kemur fram fjöldi aðila sem eru í vanskilum og hve stór hlutur höfustólsins (á verðlagi hvers árs) er í vanskilum. Inn í þessa tölu vantar áfallna vexti og kostnað.

Ár	Fjöldi skuld-breytinga	Þar af skuld-breyttu	Samtals upphæð í þ.kr. á verðl. hvers árs	Fjöldi í vanskilum 1. mars 1994	Vanskil 1. mars 1994
1992	22	9	18.968	6	3.279
1991	31	24	122.784	11	23.122
1990	34	23	82.128	6	49.402
1989	17	5	33.569	2	9.027
1988	27		114.395		

1020. Frumvarp til laga [609. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal vera 25.090 kr. á mánuði í sjö mánuði við hverja fæðingu til móður sem á lögheimili hér á landi, sbr. þó 2. mgr. Frá 1. janúar 1995 skal fæðingarstyrkur greiddur í átta mánuði og frá 1. janúar 1996 í níu mánuði. Að auki á barnshafandi kona rétt á greiðslu fæðingarstyrks einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag fram að fæðingardegi. Staðfesta skal áætlaðan fæðingardag með læknisvottorði. Ef fæðingu ber að fyrir áætlaðan fæðingardag fellur niður ónýttur réttur konu til greiðslu fæðingarstyrks fyrir áætlaðan fæðingardag.

b. Í stað 1. málsl. 5. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu. Að auki skal kona, sem gengur með fleiri en eitt barn, eiga rétt á greiðslu fæðingarstyrks í tvo mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

c. 6. mgr. orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal og greiddur ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri, vegna töku barns yngra en fimm ára, í sjö mánuði frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á. Fæðingarstyrkur skal greiddur í átta mánuði frá 1. janúar 1995 og í níu mánuði frá 1. janúar 1996.

d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að loknum fyrstu þremur mánuðum fæðingarorlofs að óska þess að einungis verði greiddur helmingur fæðingarstyrks á mánuði og lengist sá tími sem greitt er til samræmis við það.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. C-liður orðast svo: Fæðingardagpeningar skulu greiddir í sjö mánuði. Frá 1. janúar 1995 skulu þeir greiddir í átta mánuði og frá 1. janúar 1996 í níu mánuði.

b. E-liður orðast svo: Barnshafandi kona á rétt á greiðslu fæðingardagpeninga einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag fram að fæðingardegi. Staðfesta skal áætlaðan fæðingardag með læknisvottorði. Ef fæðingu ber að fyrir áætlaðan fæðingardag fellur niður ónýttur réttur konu til greiðslu fæðingardagpeninga fyrir áætlaðan fæðingardag. Kona, sem gengur með fleiri en eitt barn, skal eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í tvo mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

c. Í stað orðanna „sex mánaða fæðingardagpeningum, sbr. c-lið“, í niðurlagi síðari málsliðar f-liðar kemur: sjö, átta eða níu mánaða fæðingardagpeningum, sbr. c-lið.

d. H-liður orðast svo: Fæðingarorlof og greiðslur fæðingardagpeninga framlengjast um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu.
e. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Heimilt er að loknum fyrstu þremur mánuðum fæðingarorlofs að óska þess að einungis verði greiddur helmingur fæðingardagpeninga á mánuði og lengist sá tími sem greitt er til samræmis við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 113. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt óbreytt nema hvað breytt er ártölum og tilvísunum í lagagreinar.

Markmið þessa lagafrumvarps er að tryggja velferð barna og foreldra þeirra og gera foreldrum betur kleift að annast börn sín á fyrstu mánuðum ævi þeirra. Með því treystum við innbyrðis tengsl fjölskyldunnar og styrkjum hana á þýðingarmiklu og viðkvæmu skeiði.

Það er viðurkennd staðreynd í þjóðfélagi okkar að flest heimili þurfa tvær fyrirvinnur, enda hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist gífurlega á undanförnum áratugum. Árið 1960 unnu um 29% kvenna utan heimilis. Í sérriti Þjóðhagsstofnunar nr. 1 frá því í janúar 1989 kemur m.a. fram að árið 1985 var atvinnuþátttaka ógiftra kvenna um 79% og giftra kvenna 83%. Ekkert bendir til þess að það hlutfall hafi lækkað síðastliðin ár nema síður sé. Í sérriti Þjóðhagstofnunar segir enn fremur: „Ef einungis er tekið mið af konum á aldrinum 16–74 ára var atvinnuþátttaka íslenskra kvenna árið 1986 90,1%.“ Heimilin bera það ekki fjárhagslega að önnur fyrirvinnan láti af launuðum störfum utan heimilis til að annast ungbarn á fyrsta æviskeiði þess. Einnig er rétt að minna á að á mörgum heimilum er aðeins ein fyrirvinna. Það er skylda samfélagsins að gera öllum foreldrum fjárhagslega kleift að eignast börn og veita þeim viðunandi umönnun. Greiðslur í fæðingarorlofi nú eru allt of lágar og óviðunandi er að tekjur fjölmargra fjölskyldna skuli í raun lækka við það að eignast barn.

Lagabreytingar, sem frumvarpið kveður á um, eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi að fæðingarorlof verði lengt um þrjá mánuði eftir fæðingu. Í öðru lagi að öllum mæðrum sé tryggður hvíldartími fyrir fæðingu. Í þriðja lagi að fleirburamæðrum séu tryggðir tveir mánuðir fyrir fæðingu og þrír mánuðir að auki eftir fæðingu. Í fjórða lagi er lagt til að fæðingarorlof til ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra, lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra. Í fimmta lagi er veitt heimild til þess að foreldrar geti dreift greiðslum fæðingarorlofs eftir ákveðinn tíma þannig að hægt sé að lengja fæðingarorlofið á þann hátt ef foreldrar kjósa það.

Eins og fyrr segir er lagt til að sú skipan verði tekin upp hér að fæðingarorlof eftir fæðingu verði níu mánuðir. Það mundi lengjast nú þegar í sjö mánuði, 1. janúar 1995 í átta mánuði og 1. janúar 1996 í níu mánuði. Vart þarf að fjölyrða um hversu mikilvægt það er fyrir heilbrigði og framtíð barna okkar að njóta umönnunar foreldra sinna sem lengst. Hér er um að ræða réttindamál barna jafnt sem foreldra og ekki síður hagsmunamál samfélagsins alls. Sú staðreynd að foreldrar þurfa að hverfa aftur til vinnu sinnar að loknu sex mánaða fæðingarorlofi hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um hvað við erum að bjóða ungum börnum okkar. Í mörgum tilfellum eru þau sett í hendur ókunnugra meiri hluta dagsins aðeins sex mánaða gömul. Á þeim aldri þarfnast börn stöðugrar umönnunar sem eðlilegast er að foreldrar veiti. Sex mánaða gamalt barn er enn mjög háð upp-

alanda sínum, þremur mánuðum síðar hefur það öðlast mun meiri þroska og getur betur tekist á við umhverfið. Rannsóknir hafa leitt í ljós hve mikilvægt það er fyrir þroska barns að náið og traust samband myndist milli þess og móður þess eða nánasta uppalanda þegar á fyrsta æviskeiði. Gildi móðurmjólkur fyrir ungbörn er ótvírætt, bæði til næringar og verndar gegn sýkingum. Jafnframt skiptir brjóstagjöf mjög miklu máli til myndunar sterkra tilfinningatengsla milli móður og barns. Enn fremur benda rannsóknir til þess að börn fái síður ofnæmi ef reynt er að bægja frá þeim ofnæmisvaldandi efnum fyrstu sex til níu mánuðina eftir fæðingu. Í því sambandi er talið mikilvægt að gefa börnum eingöngu brjóstamjólk, a.m.k. fyrstu sex mánuðina. Við sex mánaða aldur eru þau mótefni sem ungbörn fá frá móður að mestu uppurin og hæfileiki til mótefnamyndunar hjá barninu er að þroskast. Á þessu aldursskeiði, þ.e. sex til níu mánaða, eru börn því viðkvæm fyrir alls kyns smiti og þá sérstaklega ofnæmisbörn. Þetta styður enn frekar þá tilhögun að lengja fæðingarorlof úr sex í níu mánuði.

Það skref sem stigið var með lögum nr. 57 og 59 árið 1987, um lengingu fæðingarorlofs í sex mánuði, var vissulega skref í rétta átt. En þar má ekki láta staðar numið og því er þetta frumvarp lagt fram. Það er rétt að geta þess hér að kvennalistakonur lögðu í þrígang fram frumvarp á fyrsta kjörtímabili sínu um lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex. Þá kom m.a. fram í umræðum að þingmenn töldu sex mánuði ekki vera endanlegt markmið, heldur aðeins skref í átt til lengra fæðingarorlofs.

Það er mikið hagsmunamál fyrir verðandi mæður að hafa skýlausan rétt til þess að fara í fæðingarorlof allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Meðganga er mikið líkamlegt álag og geta ýmsir fylgikvillar gert vart við sig ekki síst á síðustu mánuðum meðgöngunnar. Það getur skipt sköpum, bæði fyrir verðandi móður og ekki síður fyrir nýburann, að móðirin sé óþreytt þegar að fæðingu kemur. Nú starfa um 80% kvenna utan heimilis, auk þess sem heimilisstörfin hvíla enn að stórum hluta á herðum kvenna. Það mundi því létta mjög á verðandi mæðrum ef þær gætu hafið töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir fæðingu. Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að fresta því að taka þennan mánuð fyrir fæðingu og lengja þannig fæðingarorlofið eftir fæðingu, heldur er hér verið að stuðla að því að konur geti hvílst fyrir fæðingu. Í lögum um almannatryggingar segir að konu sé heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Ef ekki er um viðurkenndan sjúkdóm að ræða hefur það í för með sér að sá tími, sem hún hefur með barni sínu eftir fæðingu, styttist sem því nemur. Í 1. og 2. tölul. 2. og 3. gr. reglugerðar um fæðingarorlof, nr. 20/1989, segir til um hvaða ástæður geti leitt til framlengingar fæðingarorlofs:

„1. Sjúkdómar sem upp koma vegna meðgöngu og valda óvinnufærni, samkvæmt vottorði læknis.

2. Sjúkdómar, tímabundir eða langvarandi, sem versna um meðgöngu og valda óvinnufærni, samkvæmt vottorði læknis."

Sú breyting, sem hér er lögð til, felst í því að konur hafi skilyrðislausan rétt til að hefja töku fæðingarorlofs mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag án vottorðs frá lækni og að fæðingarorlof eftir fæðingu skerðist ekki við það. Sambærilegar reglur eru í gildi annars staðar á Norðurlöndum um töku fæðingarorlofs fyrir fæðingu.

Ljóst er að konum sem ganga með fleirbura er hættara við fyrirburafæðingum en þeim sem ganga með eitt barn. Reynslan sýnir að hættast er við fyrirburafæðingu á tímabilinu frá 30. viku og fram til 35. viku meðgöngunnar. Þeim sið hefur verið fylgt á kvennadeild Landspítalans til margra ára að hvetja konur til að hætta vinnu þetta tímabil til að minnka þessa áhættu. Í mörgum tilvikum hafa konur verið lagðar inn á meðgöngudeild

ef þær hafa fengið fyrirvaraverki á þessu hættuskeiði. Í 3. tölul. 2. gr. reglugerðar um fæðingarorlof, nr. 20/1989, er kveðið á um þær heilsufars- og öryggisástæður sem geta leitt til framlengingar fæðingarorlofs: „Fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda valdi meðferðin óvinnufærni, samkvæmt vottorði læknis."

Með þeirri lagabreytingu, sem hér er lögð til, ættu allar fleirburamæður rétt á að hefja töku fæðingarorlofs a.m.k. tveimur mánuðum fyrir áætlaðan fæðingardag. Enn fremur er ljóst að það að eignast fleiri en eitt barn í einu er mikið álag fyrir hverja fjölskyldu og því þykir flutningsmönnum rétt að lengja fæðingarorlof um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt. Reynslan sýnir að hér á landi eru tvíburafæðingar um 40 á hverju ári að meðaltali. Þríburar fæðast hér annað eða þriðja hvert ár og fjórburar hafa fæðst tvisvar hér á landi svo vitað sé. Hér er því ekki um stóran hóp að ræða en nauðsynlegt er að tryggja öryggi þessara barna og mæðra þeirra eins og best verður á kosið og í samræmi við þær kröfur sem fæðingarlæknar telja við hæfi.

Eðlilegt hlýtur að teljast að kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar, njóti sama réttar og aðrir foreldrar í þessu sambandi þar sem þeir og viðkomandi börn þurfa tíma til að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Hér er ekki um mörg tilfelli að ræða á ári svo að ekki mun verða um umtalsverða kostnaðaraukningu að ræða. Nú er orlof vegna töku fósturbarna fimm mánuðir en lagt er til að það lengist nú þegar í sjö mánuði, síðan í átta mánuði 1. janúar 1995 og loks í níu mánuði 1. janúar 1996 til samræmis við fæðingarorlof annarra foreldra.

Mörgum foreldrum gæti hentað betur að vera lengur í fæðingarorlofi en í níu mánuði og því er lagt til að heimilt sé að dreifa greiðslum eftir fyrstu þrjá mánuðina þannig að greiðslutímabilið geti lengst um allt að helming. Þetta er í samræmi við heimild sem starfsmenn hins opinbera hafa svo fremi sem því verður við komið á vinnustað þeirra. Það sama þyrfti að gilda hér, þ.e. að um slíka tilhögun yrði samið á vinnustað hvers og eins, en við teljum nauðsynlegt að tryggja þennan möguleika í lögunum.

Okkur Íslendingum er tamt að bera okkur saman við aðrar Norðurlandaþjóðir með ýmis málefni sem snerta þjónustu hins opinbera. Varðandi þann málaflokk, sem hér er til umræðu, kemur í ljós að víðast er fæðingarorlofið lengra en hér á landi. Hér er nokkur munur á milli landa. Svíar hafa nú lengsta fæðingarorlofið á Norðurlöndum, því næst Finnar, svo Danir og Norðmenn með svipaða tímalengd og loks við með stysta orlofið. Í Svíþjóð er fæðingarorlof nú 18 mánuðir, þar af getur móðirin tekið 60 virka daga fyrir fæðingu. Í Finnlandi eiga konur rétt á að vera frá vinnu í 30 virka daga (fimm vikur) fyrir áætlaðan fæðingardag og í 75 virka daga (u.þ.b. fjóra mánuði) eftir fæðingu sem geta orðið 105 virkir dagar ef konan nýtir sér ekki dagana sem hún á rétt á fyrir fæðingu. Að þessum tíma liðnum tekur við svokallaður umönnunartími sem foreldrar geta skipt á milli sín sem eru 158 virkir dagar (u.þ.b. átta mánuðir). Í Danmörku eiga konur á vinnumarkaði rétt á að vera frá vinnu frá og með fjórum vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Eftir fæðingu er fæðingarorlofið 24 vikur (sex mánuðir). Alls getur fæðingarorlof í Danmörku því orðið 28 vikur (sjö mánuðir). Fyrstu 14 vikurnar verður móðirin að vera í fæðingarorlofi en tíu vikunum þar á eftir geta foreldrar skipt að eigin vali. Í Noregi eiga konur á vinnumarkaði rétt á fjarveru í 24 eða 30 vikur, sex til sjö og hálfan mánuð, vegna fæðingar. Allt að 12 vikum af þessum tíma má taka fyrir fæðinguna. Fyrstu sex vikurnar eftir fæðingu verður móðirin að vera heima en vikunum sem eftir eru geta foreldrar skipt á milli sín.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun fengu 5.501 greiddan styrk í fæðingarorlofi árið 1993. Þar af fengu 4.502 fulla fæðingardagpeninga en 336 hálfa upphæð fæðingardagpeninga. 17 karlmenn fengu greidda fæðingardagpeninga það ár. Heildargreiðslur vegna fæðingarorlofs eru áætlaðar um 1.200 millj. kr. í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eða um 100 millj. kr. til jafnaðar á mánuði. Það er því einfalt reikningsdæmi hver kostnaðarauki yrði ef þetta frumvarp yrði samþykkt. Sú upphæð getur virst há eða lág eftir forgangsröðun hvers og eins.

Farsæl byrjun æviferils í faðmi foreldra hlýtur að vera eitt af grundvallaratriðum þess að við eignumst hæfa og vel gerða einstaklinga. Árangur bættra aðstæðna ungbarnaforeldra verður án vafa aukið heilbrigði, andlegt og líkamlegt, og færri félagsleg vandamál svo eitthvað sé nefnt — í stuttu máli betra mannlíf. Það er kominn tími til að Íslendingar taki sig á í þessu efni og búi betur að börnum sínum. Gerum þetta mál að forgangsverkefni dagsins í dag.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Við gildistöku þessara laga skal greiða fæðingarstyrk í sjö mánuði eftir fæðingu, frá 1. janúar 1995 í átta mánuði og frá 1. janúar 1996 í níu mánuði. Sú nýbreytni er lögð til að allar konur eigi einnig rétt á greiðslu fæðingarstyrks í einn mánuð fyrir áætlaðan fæðingardag. Kona, sem tekur fæðingarorlof einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag en á barn sitt fyrir tímann, telst eiga (sjö, átta) níu mánuði eftir í fæðingarorlofi eftir fæðingu barnsins. Ef kona gengur með barn fram yfir áætlaðan fæðingardag er hún í orlofi fram að fæðingardegi en eftir það telst hún eiga (sjö, átta) níu mánaða fæðingarorlof. Ef fæðingu barns ber að áður en kona er komin í fæðingarorlof fellur niður ónýttur réttur hennar til greiðslu fæðingarstyrks fyrir áætlaðan fæðingardag. Rétt er að taka það fram að sá réttur, sem konur hafa nú til að hefja töku fæðingarorlofs meira en mánuði fyrir fæðingu vegna veikinda, er á engan hátt skertur. Það ákvæði stendur óbreytt í lögunum. Við gildistöku laganna yrði fæðingarorlof alls átta mánuðir, níu mánuðir frá 1. janúar 1995 og tíu mánuðir frá 1. janúar 1996.

Í b-lið er lagt til að þrír mánuðir bætist við fæðingarorlof eftir fæðingu ef fleiri en eitt barn fæðast í einu. Ef kona eignast tvíbura verður fæðingarorlof hennar því a.m.k. tíu mánuðir eftir fæðingu þegar lög þessi taka gildi, eftir 1. janúar 1995 yrði það 11 mánuðir og eftir 1. janúar 1996 12 mánuðir. Þá er lagt til að fleirburamæður eigi rétt á fæðingarstyrk í tvo mánuði að auki fyrir fæðingu barnanna. Ef um er að ræða tvíburafæðingu gæti móðirin því hafið töku fæðingarorlofs a.m.k. tveim mánuðum fyrir áætlaðan fæðingardag og síðan verið í tíu mánuði í fæðingarorlofi eftir fæðingu.

Í c-lið er lagt til að lengd fæðingarorlofs kjör- og fósturforeldra vegna töku barns yngra en fimm ára verði samræmd við lengd fæðingarorlofs annarra foreldra.

D-liður er nýmæli þar sem foreldrum er gefinn kostur á að skipta greiðslum Tryggingastofnunar til helminga eftir þrjá mánuði. Orlofsgreiðslur yrðu með öðrum orðum þær sömu en dreifðust á lengri tíma. Hér yrði að vera um samkomulagsatriði að ræða milli vinnuveitanda og launþega í hvert sinn.

Um 2. gr.

Í 16. gr. laganna er kveðið á um hvaða reglur skuli gilda um greiðslu fæðingardagpeninga. Þær breytingar, sem hér eru gerðar á þeirri grein, eru allar í samræmi við breytingar á 15. gr. þar sem fjallað er um greiðslu fæðingarstyrks.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1021. Frumvarp til laga [610. mál]

um breyting á lögum um fæðingarorlof, nr. 57 31. mars 1987, með síðari breytingum.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á níu mánaða fæðingarorlofi frá fæðingu barns.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Barnshafandi kona á rétt á fæðingarorlofi einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag fram að fæðingardegi. Staðfesta skal áætlaðan fæðingardag með læknisvottorði. Óheimilt er að bæta fæðingarorlofi samkvæmt þessari grein við fæðingarorlof sem tekið er eftir fæðingu barns skv. 2. gr.

3. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar, eiga rétt til níu mánaða fæðingarorlofs vegna töku barns að fimm ára aldri þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fæðingarorlof skal vera sjö mánuðir frá gildistöku þessara laga til 1. janúar 1995. Fæðingarorlof skal vera átta mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 1996.

Fæðingarorlof ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra, skal vera sjö mánuðir frá gildistöku þessara laga til 1. janúar 1995, en átta mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 1996.

Greinargerð.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að lengja fæðingarorlof eftir fæðingu úr sex mánuðum í níu og að tryggja öllum barnshafandi konum einn mánuð sem hvíldartíma fyrir fæðingu.

Það er enginn vafi á því að bættar aðstæður foreldra ungbarna skila sér margfalt til baka til þjóðfélagsins í formi betra mannlífs, betri heilsu og færri félagslegra vandamála. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frumvarpi á þskj. 1020.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fæðingarorlof eftir fæðingu skal verða níu mánuðir. Í bráðabirgðaákvæði segir að orlofið skuli lengjast í þrepum, þ.e. nú þegar í sjö mánuði, frá 1. janúar 1995 í átta mánuði og frá 1. janúar 1996 í níu mánuði.

Um 2. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þá nýbreytni að barnshafandi kona eigi rétt á fæðingarorlofi mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Kona, sem tekur fæðingarorlof einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag en á barn sitt fyrir tímann, fær fæðingarorlof samkvæmt þessari grein fram að fæðingunni, en eftir fæðinguna tekur við fæðingarorlof skv. 2. gr. laganna. Ef kona gengur með barn fram yfir áætlaðan fæðingardag er hún í orlofi samkvæmt þessari grein fram að fæðingardegi, en eftir það tekur hún fullt orlof skv. 2. gr. laganna. Þessi mánuður fyrir fæðingu er ætlaður sem hvíldartími fyrir barnshafandi konur og óheimilt er að bæta honum við fæðingarorlof eftir fæðingu.

Beri fæðingu að meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag hefst þegar fæðingarorlof skv. 2. gr. laganna og konan getur ekki nýtt fæðingarorlof samkvæmt þessari grein.

Um 3. gr.

Í þessari grein er verið að samræma lengd fæðingarorlofs ættleiðandi foreldra, uppeldis- og fósturforeldra, við lengd fæðingarorlofs annarra foreldra. Við gildistöku þessara laga yrði það sjö mánuðir til 1. janúar 1995, en þá yrði það átta mánuðir og 1. janúar 1996 yrði það níu mánuðir.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1022. Svar [480. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Eins og fram kemur í athugasemdum Ríkisendurskoðunar gerði utanríkisráðuneytið í ársbyrjun 1992 ráðstafanir til að bæta eftirlit með yfirfærslu fjármuna þannig að ekki verði greitt meira til sendiráða og fastanefnda en nemur eðlilegri fjárþörf þeirra á hverjum tíma.

Utanríkisráðuneytið mun framvegis taka mið af ábendingum um færslu söluandvirðis vegna eignabreytinga og færa tekjur á ríkissjóðstekjur á því ári sem eignabreytingar verða.

Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli.

Gerðar hafa verið ráðstafanir í fullu samræmi við ábendingar í athugasemdum, einkum hefur með tölvuskráningu verið bætt talning á lager og skráning lagerbókhalds.

Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.

Endurskoðun og athugun á gjaldskrá flugvallarins hefur farið fram og mun áfram verða til skoðunar í tengslum við hugmyndir um markaðssetningu flugvallarins, aukna nýtingu hans, fríiðnaðarsvæði o.fl.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Unnið er að lausn á fjárhagsvanda flugstöðvarinnar. Í nánu samráði við fjármálaráðuneyti eru nú í undirbúningi tillögur er miða að lausn fjárhagsvandans og vonast er til að niðurstaða þar um verði í maímánuði nk.

1023. Nefndarálit [541. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um opna lofthelgi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir hún með samþykkt hennar.

Björn Bjarnason og Páll Pétursson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1994.

Steingrímur Hermannsson, varaform.	Geir H. Haarde, frsm.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Árni M. Mathiesen.

1024. Nefndarálit [529. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Torremolinos-bókunarinnar frá 1993 við Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa, 1977.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana jafnframt samgöngunefnd til umsagnar og mælir hún með samþykkt hennar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Björn Bjarnason og Páll Pétursson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1994.

Steingrímur Hermannsson, varaform.	Geir H. Haarde, frsm.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Árni M. Mathiesen.

1025. Nefndarálit [389. mál]

um frv. til l. um sölu notaðra ökutækja.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á fund sinn fulltrúa iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bílgreinasambandinu, Bílasölu Reykjavíkur, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Neytendasamtökunum og Verslunarráði.

Að loknum umræðum um málið ákvað nefndin að leggja til að frumvarpið yrði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi er lagt til að í 4. tölul. 1. mgr. frumvarpsins verði kveðið á um hámark tryggingarfjárhæðarinnar í stað þess að það verði lagt alfarið í hendur ráðherra að ákveða hana með reglugerð. Þá er í þessu sambandi lögð til sú breyting að ekki komi til kasta tryggingarinnar nema bifreiðasali sé ógjaldfær. Hér er um að ræða breytingar í samræmi við þá leið sem farin var í lögum nr. 30/1993, um neytendalán, og í frumvarpi til breytingar á þeim lögum sem nú er til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd. Í öðru lagi er lagt til að skilyrði lokamálsliðar 2. mgr. 3. gr. verði víkkað þannig að það verði ekki bundið við framkvæmdastjóra eingöngu. Breytingin gerir þó ráð fyrir að um stjórnunarstöðu innan fyrirtækisins verði að vera að ræða. Í þriðja lagi er lagt til að skýrar verði kveðið á um að með ástandslýsingu þeirri, sem mælt er fyrir um í 4. gr. frumvarpsins, sé aðeins átt við almenna lýsingu á ástandi bifreiðar en ekki nákvæma úttekt eins og þá sem 5. gr. mælir fyrir um. Þá er tekinn af allur vafi um afdráttarlausa skyldu bifreiðasala til að láta slíka almenna lýsingu fylgja hverju ökutæki. Í fjórða lagi er lagt til að bifreiðasali verði að fullnægja leiðbeiningarskyldu sinni samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 5. gr. á sannanlega máta og jafnframt er tekið fram að kaupandi beri kostnað af því að láta framkvæma slíka

skoðun nema um annað hafi verið samið. Loks er lögð til sú breyting á 6. gr. að kveðið verði skýrar á um skyldu bifreiðasala til að tilkynna eigendaskipti um leið og kostur er. Vart getur talist eðlilegt að meira en einn dagur líði þar til eigendaskipti eru tilkynnt nema mjög sérstæðar aðstæður réttlæti lengri frest. Þetta helgast m.a. af því að nú er hægt að tilkynna eigendaskipti á öllum póststöðvum.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Ingi Björn Albertsson.

Alþingi, 20. apríl 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Vilhjálmur Egilsson. Rannveig Guðmundsdóttir.

Guðjón Guðmundsson. Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Kristín Ástgeirsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon. Árni R. Árnason.

1026. Breytingartillögur [389. mál]

við frv. til l. um sölu notaðra ökutækja.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 4. tölul. 1. mgr. orðist svo: Hafa lagt fram skilríki því til sönnunar að þeir hafi gilda tryggingu sem bætir viðskiptavinum tjón er þeir kunna að verða fyrir vegna ásetnings eða gáleysis bifreiðasala. Trygging þessi getur verið fólgin í ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, bankatryggingu eða annars konar tryggingum sem sýslumaður metur gildar. Tryggingarfjárhæð, innan hvers tryggingartímabils, skal nema að hámarki 20 millj. kr. Að gengnum fullnaðardómi eða að gerðri réttarsátt um vanefnd og þegar ljóst er að seljandi getur ekki efnt skyldu sína samkvæmt dóminum eða sáttinni skal kaupanda greitt af tryggingarfénu. Nánari ákvæði um tryggingarskylduna, lágmarksfjárhæð, lágmarksskilmála og gildissvið tryggingarinnar og hverjir geti veitt tryggingu skulu sett í reglugerð. Í henni má einnig kveða á um hækkun tryggingarfjárhæðarinnar til samræmis við almenna verðlagsþróun í landinu.
   b. Lokamálsliður 2. mgr. orðist svo: Framkvæmdastjóri fyrirtækisins eða yfirmaður viðkomandi starfsemi innan þess skal fullnægja skilyrðum 1.–3. og 5. tölul. 1. mgr.
2. Við 4. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Bifreiðasali skal staðfesta að fullnægjandi ástandslýsing, sbr. 1. mgr., fylgi ökutæki og einnig skal hann staðreyna upplýsingar um eiganda ökutækis og hvort veðbönd hvíli á ökutækinu.
3. Við 5. gr. Í stað lokamálsliðar 1. mgr. komi tveir málsliðir, svohljóðandi: Bifreiðasali skal, áður en gengið er frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda með sannanlegum hætti frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis, svo sem faggilta skoðunarstofu eða faggilt skoðunarverkstæði. Slíkt mat skal gert á kostnað kaupanda nema um annað verði samið.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „sem fyrst“ í 2. mgr. komi: án tafar.

1027. Nefndarálit [378. mál]

um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur fjallað ítarlega um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997 og m.a. fengið á fund sinn fulltrúa samtaka sveitarfélaga, stéttarfélaga, atvinnulífs og atvinnuþróunarfélaga. Í umfjöllun nefndarinnar komu fram allmargar ábendingar um hvað betur mætti fara í tillögunni. Annar minni hluti getur tekið undir margar þeirra. Texti tillögunnar er mjög útþynntur og almenns eðlis og mætti að ósekju vera bæði metnaðarfyllri og skýrari. Lítill áhugi virtist hins vegar á að víkja frá þeim texta sem lagður var fyrir Alþingi og því m.a. borið við að hann væri niðurstaða samkomulags sem náðst hafi um framlagningu tillögunnar. Annar minni hluti getur engan veginn tekið undir það að eðlilegt sé að Alþingi sé á þennan hátt stillt upp við vegg og megi helst engu breyta í textum frumvarpa og tillagna. Yfir Alþingi hellast nú tilskipanir sem því er ætlað að samþykkja án þess að mega neinu breyta. Alþingi er einnig boðið upp á að setja stimpil sinn á alls kyns samkomulagstexta stéttarfélaga og hagsmunaaðila. Ofan á það bætist síðan að höfundar frumvarpa og þingsályktunartillagna eru einnig farnir að láta þau skilaboð fylgja með texta sínum að helst megi engu orði hnika. Þetta er óþolandi aðstaða fyrir löggjafarvaldið og 2. minni hluti sættir sig engan veginn við vinnubrögð af þessu tagi.

Nokkrar breytingartillögur hafa verið lagðar fram til að bæta texta tillögunnar. Annar minni hluti styður samþykkt tillögunnar með þeim breytingartillögum sem lagðar eru til á þskj. 637, 673 og 674. Annar minni hluti telur að verði þær samþykktar verði innihald tillögunnar mun hnitmiðaðra og markmiðin ljósari. Almennt má segja að tekið hafi verið undir innihald þessara tillagna í umræðu innan nefndarinnar þótt meiri hlutinn hafi ekki treyst sér til að taka þær upp og gera að sínum. Annar minni hluti telur það rökrétt framhald af umfjöllun nefndarinnar að samþykkja tillögurnar.

Breytingartillaga á þskj. 674 fjallar um ráðningu atvinnuráðgjafa fyrir konur í öllum landshlutum. Atvinnuleysi meðal kvenna er mun meira en meðal karla og það hefur sýnt sig að þar sem sérstakir atvinnuráðgjafar hafa verið ráðnir til að sinna málefnum þeirra hefur nást umtalsverður árangur. Nefndinni barst einnig mjög fróðleg greinargerð frá Elsu Guðmundsdóttur, verkefnisstjóra Snerpu, átaksverkefnis í atvinnumálum kvenna á Vestfjörðum, en hún kom á fund nefndarinnar. Greinargerðin er birt í fskj. I. Í fskj. II má sjá tölur um atvinnuleysi og kemur það glöggt fram hve mikið atvinnuleysi kvenna er víða um land. Það rennir stoðum undir þá skoðun 2. minni hluta að þörf sé á sérstöku átaki í atvinnumálum kvenna. Ljóst er að það er vilji höfunda þingsályktunartillögunnar að tekið verði sérstaklega á atvinnumálum kvenna, sbr. a-lið 4. tölul. tillögunnar. Í breytingartillögunni er bent á nýtilegt ráð í því skyni og samþykkt hennar er því fullkomlega í takt við þá stefnu sem boðuð er í þingsályktunartillögunni.

Breytingartillaga á þskj. 673 um að a-liður 3. tölul. orðist eins og þar segir er sjálfsögð áréttting á því að hugur fylgi máli um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Verði ekki samhliða fluttar tillögur um flutning tekjustofna til sveitarfélaganna er tómt mál að tala um nokkra sátt um flutning verkefna. Það er ekkert launungarmál að ýmsir forsvarsmenn sveitarfélaga eru mjög uggandi um það að ekki muni vera gengið á fullnægjandi hátt frá flutningi tekjustofna með þeim verkefnum sem fyrirhugað er að sveit-

arfélögin taki við. Það er því augljóst að í stefnumótandi byggðaáætlun er bæði rétt og skylt að setja þessi sjálfsögðu markmið inn.

Breytingartillaga á þskj. 637 er tvíþætt. Annars vegar er bætt við í 2. mgr. orðunum „og leitast við að tryggja viðgang þeirra og að umhverfi sé ekki spillt“. Að mati 2. minni hluta er hér um sjálfsagða viðbót að ræða og í anda vaxandi vitundar fólks um gildi þess að nýting auðlinda lands og sjávar sé í sátt við vistkerfið. Síðari hluti tillögunnar felst í því að ný málsgrein, 5. mgr., bætist við tillöguna, svohljóðandi: „Að tryggja að sem mestur jöfnuður náist í opinberri þjónustu og verðlagningu á orku, fjarskiptum og öðrum sambærilegum undirstöðuþáttum er varða afkomu fólks um land allt.“ Undir þetta getur 2. minni hluti tekið og telur að hér sé um brýnt byggðamál að ræða.

Annar minni hluti styður einnig breytingartillögur sem hluti nefndarinnar flytur á þskj. 959 og telur þær eðlilegar lagfæringar á texta tillögunnar.

Annar minni hluti styður þingsályktunartillöguna að samþykktum þeim breytingum sem hafa verið nefndar þrátt fyrir að afskaplega skammt sé gengið í þá átt að móta raunhæfa og metnaðarfulla byggðastefnu. Annar minni hluti lítur þrátt fyrir það á tillöguna sem skref í rétta átt. Verði breytingartillögurnar ekki samþykktar mun 2. minni hluti ekki taka þátt í afgreiðslu þingsályktunartillögunar.

Alþingi, 25. apríl 1994.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Nefndarálitinu fylgdu tvö fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt greinargerð Elsu Guðmundsdóttur, verkefnastjóra Snerpu, átaksverkefnis í atvinnumálum kvenna á Vestfjörðum, um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, og á fskj. II kafli úr yfirliti um atvinnuástandið frá vinnumálaskrifstofu félagsmálráðuneytisins frá 15. apríl 1994, ásamt töflum um hlutfallslegt atvinnuleysi í mars 1985–1994 og atvinnuleysi eftir landshlutum og kyni sl. 12 mánuði.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

1028. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum.

Frá stjórnarskipunarnefnd.

Á fundi sínum 29. mars kaus Alþingi sérnefnd, sbr. 32. gr. þingskapa, til að fjalla um frumvarp þetta sem felur í sér að 28. gr. stjórnarskrárinnar, sem veitir heimild til útgáfu bráðabirgðalaga, falli brott.

Á fundi nefndarinnar kom fram að bráðabirgðalagaákvæði stjórnarskrárinnar er eitt þeirra atriði sem eru til umfjöllunar á vettvangi stjórnarskrárnefndar sem skipuð er fulltrúum þingflokkanna. Með hliðsjón af því að stutt er til þingloka og að málið er til um-

fjöllunar í stjórnarskrárnefnd þykir heppilegt að ríkisstjórnin feli stjórnarskrárnefnd að fjalla um þá tillögu sem felst í frumvarpinu. Nefndin leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Guðmundur Bjarnason, Kristín Einarsdóttir og Sigurður Hlöðvesson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 1994.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Páll Pétursson.	Geir H. Haarde.	Gunnlaugur Stefánsson.

1029. Nefndarálit [470. mál]

um frv. til l. um Þjóðarbókhlöðu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem kveður á um sameiningu Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns í eina stofnun. Á fund nefndarinnar komu frá menntamálaráðuneyti Árni Gunnarsson skrifstofustjóri, Örlygur Geirsson skrifstofustjóri og Stefán Stefánsson deildarstjóri, Egill Skúli Ingibergsson, formaður samstarfsnefndar um nýtt þjóðbókasafn, Einar Sigurðsson háskólabókavörður, Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður, Vésteinn Ólason, prófessor við Háskóla Íslands, Anna Elín Bjarkadóttir frá Bókavarðafélagi Íslands, Ólöf Benediktsdóttir frá Félagi bókavarða í rannsóknarbókasöfnum, Guðrún Pálsdóttir frá Félagi bókasafnsfræðinga, Andrea Jóhannsdóttir og Áslaug Agnarsdóttir frá Háskólabókasafni, Sjöfn Kristjánsdóttir og Ingibjörg Gísladóttir frá Landsbókasafni.

Þá studdist nefndin við umsagnir frá Bókavarðafélagi Íslands, Félagi bókasafnsfræðinga, Félagi bókavarða í rannsóknarbókasöfnum, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands, Landsbókasafni Íslands, Sigurði Líndal, prófessor við Háskóla Íslands, starfsmönnum Háskólabókasafns og Landsbókasafns og Vísindaráði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

1. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting að safnið beri heitið „Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn“. Erfitt er að mæla fyrir um rithátt heitisins í lagatexta en nefndin leggur til að „Landsbókasafn Íslands“ verði aðalheiti safnsins en undir því komi „Háskólabókasafn“ með smærra letri. Nefndin lítur svo á að ekki sé heppilegt að nota orðið „Þjóðarbókhlaða“ þar sem það er heiti hússins sem mun hýsa hið nýja safn. Þá telur nefndin æskilegt að hinu rótgróna nafni „Landsbókasafn Íslands“ verði við haldið með þessum hætti. Jafnframt telur nefndin rétt að nafn Háskólabókasafns verði tengt aðalheitinu þar sem starfsemi nýja safnsins mun öðrum þræði byggjast á þeirri starfsemi sem í dag fer fram í Háskólabókasafni og annað meginhlutverk hins sameinaða safns er að sinna þörfum háskóla. Nefndin telur að hið tvíþætta hlutverk, sem hinu nýja safni er ætlað að gegna, endurspeglist vel í heitinu Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn. Safninu er í senn ætlað að vera bókasafn sem sinnir þjónustu við

almenning og rannsóknar- og háskólabókasafn sem leitast við að sinna sem best þeim sem leggja stund á háskólanám. Nefndin telur afar mikilvægt að bæði þessi hlutverk verði rækt af kostgæfni.

2. Breytingar, sem lagðar eru til á 2. gr., eru af tvennum toga. Annars vegar er lagt til að starfsheiti forstöðumanns hins nýja safns verði „landsbókavörður“ í samræmi við tillögu sem gerð er í 1. tölul. um breytingu á nafni safnsins. Hins vegar er lagt til að 5. mgr. 2. gr. verði felld brott úr ákvæðinu og að efni til flutt í almennt reglugerðarákvæði í 12. gr. þar sem það er talið eiga betur heima.
3. Lagt er til að 3. gr. verði breytt með þeim hætti að forsenda skipunar í stöðu landsbókavarðar verði að stjórn bókasafnsins telji viðkomandi hæfan til að gegna embættinu. Nefndin leggur ekki til að gerðar verði tilteknar menntunarkröfur þar sem fjölbreytt menntun og reynsla getur nýst í starfinu en telur á hinn bóginn að fagleg hæfni landsbókavarðar verði að vera ótvíræð.
4. Lagt er til að 4. gr. verði breytt með þeim hætti að landsbókavörður ráði aðstoðarlandsbókavörð. Nefndin telur mikilvægt að góð tengsl séu milli yfirmanna stofnunarinnar og að landsbókavörður fái með þessum hætti tækifæri til að ráða við hlið sér þann mann sem hann treystir best til starfans. Þá telur nefndin að með þessu gefist svigrúm til að ráða í stöðurnar fólk með mismunandi menntun. Þannig mætti hugsa sér að aðra stöðuna skipi t.d. maður með sérfræðiþekkingu á sviði bókasafnsfræði en hina stöðuna maður með menntun og reynslu á sviði stjórnunar. Lagt er til að einungis verði ráðinn maður sem stjórn bókasafnsins metur hæfan.
5. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 7. gr. Breytingar, sem lagðar eru til á 8. og 10. tölul., eru til einföldunar en með breytingunni sem lögð er til á 13. tölul. er lögð áhersla á að þjónustu við lista- og menningarmál verði sinnt vel.
6. Lagt er til að kaflafyrirsögn III. kafla verði breytt til samræmis við breytta skipan ákvæða í kaflanum, sbr. 7. tölul., og að ákvæðum varðandi fjárhagsmálefni verði einum skipað í sérstakan kafla með því heiti.
7. Lagt er til að 11. gr. og þeim ákvæðum sem á eftir koma verði skipað í nýjan kafla sem ber heitið „Ýmis ákvæði“, sbr. breytingu sem skýrð er í 6. tölul.
8. Lagt er til að 5. mgr. 2. gr. verði felld inn í 12. gr. frumvarpsins þar sem efni ákvæðisins er talið eiga betur heima.
9. Lagt er til að í 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins, um réttarstöðu starfsmanna, verði skýrt kveðið á um það að um þá gildi 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ákvæðið felur í sér að starfsmenn Landsbókasafns og Háskólabókasafns eigi að öðru jöfnu forgangsrétt til starfa í hinu nýja safni. Kjósi starfsmenn af einhverjum ástæðum að þiggja ekki störf í hinu nýja sameinaða safni er þeim tryggður réttur til biðlauna skv. 14. gr. laga nr. 38/1954, í mislangan tíma eftir starfsaldri.

Enn fremur vill nefndin leggja áherslu á eftirfarandi: Menntamálanefnd hefur í vetur fjallað um þingsályktunartillögu um varðveislu tónlistararfs í Þjóðbókasafni Íslands. Í umfjöllun um frumvarp til laga um Þjóðarbókhlöðu kom fram að fyrirhugað væri að leggja rækt við þennan þátt í starfsemi hins nýja safns og telur nefndin mikilvægt að það verði gert með þeim hætti sem yfirmenn safnsins telja hagkvæmast. Að lokum skal þess getið að í umræðum um frumvarp til laga um Þjóðarbókhlöðu kom fram að nefndarmenn leggja ríka áherslu á að safnahúsið við Hverfisgötu hýsi í framtíðinni safna- og menningarstarfsemi.

Alþingi, 20. apríl 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Petrína Baldursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Björn Bjarnason.	Tómas Ingi Olrich.	Kristín Ástgeirsdóttir.

1030. Breytingartillögur [470. mál]

við frv. til l. um Þjóðarbókhlöðu.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „Þjóðarbókhlaða“ í 1. gr. og í stað sama orðs í öðrum ákvæðum frumvarpsins komi (í viðeigandi beygingarföllum): Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn.
   b. Orðin „Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn sameinuð“ falli brott.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „þjóðbókavörður“ í 4. mgr. og í stað sama orðs í öðrum ákvæðum frumvarpsins komi (í viðeigandi beygingarföllum): landsbókavörður.
   b. 5. mgr. falli brott.
3. Við 3. gr.
   a. Orðin „sem aflar rökstuddrar umsagnar stjórnar bókasafnsins“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Landsbókavörður skal skipaður úr hópi þeirra umsækjenda sem stjórn bókasafnsins telur hæfa.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Landsbókavörður ræður aðstoðarlandsbókavörð til sex ára í senn úr hópi þeirra umsækjenda sem stjórn bókasafnsins telur hæfa. Heimilt er að endurráða aðstoðarlandsbókavörð einu sinni án þess að staðan sé auglýst.
   Landsbókavörður ræður jafnframt aðra starfsmenn bókasafnsins.
5. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „alþjóðabóknúmerakerfið (ISBN) og fyrir“ í 8. tölul. komi: alþjóðabóknúmerakerfi og.
   b. Orðin „m.a. með því að tengjast alþjóðlegum tölvunetum og upplýsingalindum“ í 10. tölul. falli brott.

c. 13. tölul. orðist svo: Að veita bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega, stjórnsýslu, rannsókna og hvers konar lista- og menningarmála í landinu.
6. Heiti III. kafla verði: **Fjárhagsmálefni.**
7. Á undan 11. gr. komi nýtt kaflaheiti: **Ýmis ákvæði.**
8. Við 12. gr. 2. málsl. fyrri málsgreinar orðist svo: Í reglugerð skal m.a. mælt fyrir um starfshætti bókasafnsins, starfssvið stjórnenda þess og stjórnarfundi og boðun þeirra.
9. Við 14. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um rétt starfsmanna fer skv. 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954.
10. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn.

1031. Nefndarálit [477. mál]

um frv. til l. um Vísinda- og tækniráð Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um stofnun Vísinda- og tækniráðs Íslands. Ráðið mun taka við starfsemi Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins en því er einnig ætlað aukið hlutverk í því að fylgjast með framvindu í vísinda- og tæknistarfi, meta árangur rannsóknarstarfs, leita leiða til þess að efla rannsóknarstarfsemi í landinu og efla alþjóðlegt samstarf.

Nefndin fékk á fund sinn við umfjöllun um málið Ólaf Davíðsson, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti, frá menntamálaráðuneyti Stefán Baldursson deildarstjóra og Eirík Baldursson deildarsérfræðing, Jóhannes Nordal og Axel Björnsson frá Vísindaráði, Vilhjálm Lúðvíksson og Pétur Stefánsson frá Rannsóknaráði ríkisins, Sveinbjörn Björnsson, Sigmund Guðbjarnason og Helga Valdimarsson frá Háskóla Íslands og Guðrúnu Kvaran, formann Vísindafélags Íslendinga. Þá studdist nefndin við umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Axel Björnssyni, framkvæmdastjóra Vísindaráðs, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Hafrannsóknastofnun, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Iðntæknistofnun, Landsbókasafni Íslands, Listasafni Íslands, læknaráði Borgarspítalans, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Skógrækt ríkisins, Stofnun Árna Magnússonar, Veðurstofu Íslands, Vísindafélagi Íslendinga og Vísindaráði. Þá barst nefndinni athugasemd um rithátt í frumvarpinu frá Íslenskri málstöð.

Nefndin telur að lögfesting frumvarpsins ýti undir nýsköpun hér á landi og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

1. Lagt er til að nafni ráðsins verði breytt úr „Vísinda- og tækniráð Íslands“ í „Rannsóknarráð Íslands“. Nefndin telur að heiti það sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé langt og óþjált og óvíst hvort það yrði notað í daglegu tali. Heitið „Rannsóknarráð Íslands“ lýsir vel fyrirhugaðri starfsemi hins nýja ráðs.
2. Með breytingunni sem lögð er til á 2. gr. er kveðið skýrara á um að nýsköpun sé eitt af meginhlutverkum Rannsóknarráðs Íslands.

3. Lagt er til að í 3. gr. verði breytt með tvennum hætti. Annars vegar er lagt til að lagfært verði orðalag í c-lið ákvæðisins. Þá er lögð til breyting sem ætlað er að tryggja að sjónarmið atvinnulífs komi fram í ráðinu. Nefndin telur mikilvægt að í frumvarpinu sé þannig skýrt kveðið á um aðild atvinnulífsins svo að auka megi þátt fyrirtækja í rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Þannig telur nefndin að unnt verði með markvissum hætti að byggja upp þekkingu innan fyrirtækja.
4. Lögð er til breyting á skilgreiningu hlutverks Tæknisjóðs sem kveðið er á um í 11. gr. þannig að það taki ekki einungis til nýsköpunar, heldur ekki síður til þróunar.
5. Lögð er til sú breyting á 16. gr. að kveðið verði á að Rannsóknarráð Íslands sjái um rekstur Rannsóknarnámssjóðs í umboði stjórnar hans.
6. Breyting, sem lögð er til á 22. gr., felur í sér að skýrt verði kveðið á um hverjir geti átt frumkvæði að tilnefningu í stöður rannsóknarprófessora. Jafnframt er lagt til að tryggt verði að í slíkar stöður verði einungis skipaðir þeir sem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu fyrir rannsóknarstörf og að sérstök dómnefnd meti hæfni þeirra. Nefndin telur þetta ákvæði þýðingarmikið þar sem það mun t.d. veita fleiri tækifæri til að kalla til starfa hingað til lands reynda og hæfileikaríka Íslendinga sem hafa fest rætur erlendis.

Við umfjöllun um málið í menntamálanefnd komu fram þau sjónarmið að úthlutunarkerfi það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, væri flókið. Nefndin telur að vel athuguðu máli að rétt sé að láta reynslu skera úr um hvort svo sé.

Þá vill nefndin taka fram að hún telur mikilvægt að Alþingi fái upplýsingar um starfsemi ráðsins eins og kveðið er á um í 11. tölul. 2. gr. frumvarpsins, þar með talið um tillögur ráðsins um framlög úr ríkissjóði til vísinda- og tæknimála.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Petrína Baldursdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.		Sturla Böðvarsson.

1032. Breytingartillögur [477. mál]

við frv. til l. um Vísinda- og tækniráð Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Í stað orðsins „Vísinda- og tækniráðs Íslands“ í fyrirsögn I. kafla og í stað sama orðs hvarvetna í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): Rannsóknarráð Íslands.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „og tækni“ í 1. tölul. komi: tækni og nýsköpunar.

3. Við 3. gr.
   a. C- liður 1. mgr. orðist svo: Þrjá án tilnefningar að höfðu samráði við ríkisstjórn.
   b. Á eftir 2. málsl. í 2. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Við skipun í ráðið skal menntamálaráðherra gæta þess að jafnvægi sé á milli vísinda og tækni og að sjónarmið atvinnulífs komi fram í ráðinu.
4. Við 11. gr. Á undan orðinu „nýsköpun“ í fyrri málslið fyrri málsgreinar komi: þróun og.
5. Við 16. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Rannsóknarráð Íslands sér um rekstur Rannsóknarnámssjóðs í umboði stjórnar sjóðsins, sbr. 23. gr.
6. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra er heimilt í samráði við mennta- og rannsóknarstofnanir að setja á stofn tímabundnar stöður prófessora er sinni rannsóknum á sviðum sem talin eru sérstaklega mikilvæg. Rannsóknarráð Íslands og mennta- og rannsóknarstofnanir geta gert tillögur til menntamálaráðherra um að slíkar stöður verði stofnaðar.
   Í stöður rannsóknarprófessora skal einungis ráða þá sem hlotið hafa viðurkenningu á alþjóðlegum vettvangi fyrir rannsóknarstörf. Sérstök dómnefnd skal meta hæfni umsækjenda.
   Menntamálaráðherra setur reglugerð um stöður rannsóknarprófessora.
7. Heiti frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um Rannsóknarráð Íslands.

1033. Vegalög. [119. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 990 með þessari breytingu:

61. gr. hljóðar svo:
Ákvæði III. kafla, 16. og 17. gr. og V. kafla laga þessara, sem fjalla um vegáætlun, flokkun þjóðvega og styrkvegi, öðlast gildi við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar. Önnur ákvæði laganna taka þegar gildi. Ákvæði 56. gr. öðlast gildi 1. janúar 1995.

1034. Lög [507. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 991.

1035. Lög [530. mál]

um réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings um opna landhelgi.

(Afgreidd frá Alþingi 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 829.

1036. Lög [545. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 992.

1037. Lög [558. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu.

(Afgreidd frá Alþingi 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 871.

1038. Lög [538. mál]

um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 994.

1039. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til lyfjalaga.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Frumvarp til lyfjalaga er í eðli sínu tvíþætt, annars vegar breytingar á lyfjamálum við tilkomu EES-samningsins og hins vegar umfangsmiklar breytingar varðandi lyfsölumál óháð fyrrnefndum samningi. Undirritaðir nefndarmenn telja ekki rétt að blanda þessu saman. Ekki eigi að taka ákvörðun um meiri háttar breytingar aðrar en þær er varða

EES-samninginn þar sem þær breytingar einar sér eru viðamiklar. Nauðsynlegt er að fylgjast með hvaða áhrif þær munu hafa á lyfjaneyslu í landinu áður en aðrar róttækar breytingar eru ákveðnar.

Þær breytingar á lögum og reglugerðum, sem eru óumflýjanlegar vegna EES-samningsins, eru einkum eftirfarandi níu atriði:

— Skráning og markaðsleyfi lyfja, þar með talin ónæmislyf, sem eru bóluefni, eitur eða sermi og efni sem valda ofnæmi, geislavirk lyf, náttúrulækningalyf og hómópatalyf.
— Merking lyfja og fylgiseðla með lyfjum.
— Prófanir á lyfjum.
— Klínískar prófanir á lyfjum.
— Litarefni í lyfjum.
— Heildsala lyfja.
— Auglýsingar og kynningar á lyfjum.
— Góðir framleiðsluhættir lyfja (GMP-reglur).
— Samhliða innflutningur lyfja.

Þessar breytingar eru mismunandi áhrifamiklar. Gera má ráð fyrir að svokallaður samhliða innflutningur lyfja, þ.e. þegar hægt verður að kaupa lyf frá öðrum aðilum en framframleiðendum, muni valda nokkurri lækkun á lyfjaverði en um leið fylgir honum sú áhætta á að fölsuð lyf komist inn á markaðinn. Þessi innflutningur kallar þar af leiðandi á aukið eftirlit. Varðandi skráningu samhliða innfluttra lyfja í sérlyfjaskrá gilda ekki sömu reglur og um önnur lyf og orkar það tvímælis.

Auglýsingar á lausasölulyfjum verða leyfðar og er það nýmæli á Íslandi sem engan veginn getur þótt eftirsóknarvert. Markmið auglýsinga er að auka sölu sem leiðir til aukinnar neyslu sem samrýmist vart heilbrigðissjónarmiðum. Sumar aðgerðir Evrópusambandsins eru þess eðlis að hægt er að útfæra þær miðað við innlendar aðstæður og teljum við rétt að Íslendingar notfæri sér það. Til að mynda hafa Danir valið þá leið að banna lyfjaauglýsingar í sjónvarpi og telur minni hlutinn rétt að feta í fótspor þeirra.

Önnur atriði frumvarpsins, óháð EES, eru margþætt. Því fer fjarri að heilbrigðismarkmið séu höfð að leiðarljósi í því frumvarpi til lyfjalaga sem hér er til afgreiðslu. Það hefur þó tekið breytingum til hins betra frá því að það var fyrst lagt fram á 116. löggjafarþingi. Enn er það þó frelsi til að selja lyf sem er aðalinntak frumvarpsins og að mati þeirra sem bera ábyrgð á frumvarpinu á þetta frelsi að lækka lyfjaverð.

Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar í þskj. 961 er í miklu ósamræmi við þær upplýsingar sem nefndin hefur aflað sér og gengur í berhögg við meginþorra umsagnaraðila um frumvarpið en þeir skipta tugum. Rétt er að leggja áherslu á að enginn umsagnaraðili fullyrðir að breytingarnar muni lækka verð á lyfjum. Meiri hluti þeirra sem nefndin hefur fengið til sín telja að lyfjaverð komi til með að hækka verulega á landsbyggðinni og öryggi lyfjadreifingar sé stefnt í tvísýnu. Varla getur það talist háleitt heilbrigðismarkmið að verðlagning lyfja sé mismunandi eftir því hvar fólk er búsett í landinu. Ekkert bendir til þess að lyfjaverð lækki á höfuðborgarsvæðinu þar sem fjárfesting mun að öllum líkindum stóraukast samfara fjölda nýrra lyfjaverslana.

Gert er ráð fyrir að verð á lausasölulyfjum sé gefið frjálst en verð á lyfseðilsskyldum lyfjum hafi visst hámark. Því má reikna með að lyfjaverð gæti þróast á þann veg að verð lausasölulyfja verði misjafnt eftir því hvar búið er á landinu, hæst þar sem veltan er minnst.

Stærri matvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu geta orðið sér úti um heimild til að reka apótek þar sem verslunarleyfishafi, sem uppfyllir skilyrði um húsnæði, þarf aðeins að ráða til sín lyfjafræðing til þess að geta rekið lyfjaverslun. Í kjölfarið gæti þróast póstverslun með lyf fyrir þá sjúklinga sem neyta þurfa lyfja reglulega. Lyf fyrir þessa sjúklinga eru um 70% af heildarveltu apótekanna í lyfsölu. Lyfjaverslanir í dreifðum byggðum sætu þá eftir, jafnvel með 30% af núverandi veltu lyfja. Þær verslanir sinntu þá aðeins sjúklingum sem þyrftu bráðaðkallandi lyf. Ljóst er að fáar lyfjaverslanir úti á landsbyggðinni þyldu samkeppni sem þessa. Minnkandi sókn lyfjafræðinga út á land mundi óhjákvæmilega fylgja í kjölfarið.

Verði þetta frumvarp að lögum munu öryggis- og heilbrigðissjónarmið ekki ráða ferðinni í lyfjamálum heldur blind markaðssjónarmið.

Í breytingartillögum meiri hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar er lagt til að almenningur njóti fræðslu um lyf og lyfjanotkun. Minni hlutinn tekur undir þau sjónarmið að þarna skorti mikið á að lyfsalar og heilbrigðisyfirvöld hafi sinnt þeim skyldum sínum að fræða sjúklinga um notkun lyfja, áhrif lyfja og aukaverkanir. Í umsögn frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga kemur í ljós að eldra fólk er illa upplýst um sín lyf og tekur þau gjarnan í röngum skömmtum.

Samkvæmt þessu frumvarpi er heimilt að reka sjúkrahússapótek og er sú þjónusta til bóta fyrir sjúklinga. Því tekur minni hlutinn undir það að sjúkrahússapótek geti selt sjúklingum lyf við útskrift og göngudeildarsjúklingar geti fengið sambærilega þjónustu. Þó telur minni hlutinn að útfærslan í frumvarpinu varðandi sjúkrahússapótek þurfi að vera mun skýrari.

Minni hlutinn telur öll rök hníga að því að rétt sé að meta áhrif EES-samningsins eftir eitt og hálft ár, en fyrst þá ætti að vera komin nægileg reynsla af honum. Minni hlutinn gerir það að tillögu sinni að nefnd verði þegar skipuð sem hafi það verkefni að meta áhrif þeirra breytinga sem samningnum fylgja. Í framhaldi af því fari fram endurskoðun á lögum um lyfjadreifingu.

Minni hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar mælir með því að sá hluti frumvarpsins sem lýtur að ákvæðum EES-samningsins verði afgreiddur en öðrum þáttum frumvarpsins verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 25. apríl 1994.

Ingibjörg Pálmadóttir, frsm. Margrét Frímannsdóttir. Finnur Ingólfsson.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Nefndarálitinu fylgdu sjö fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt umsögn Alþýðusambands Íslands frá 2. mars 1994, á fskj. II nokkrar staðreyndir og samviskuspurningar um lyfjamál frá 16. mars 1994 frá Vigfúsi Guðmundssyni, apótekara á Húsavík, á fskj. III umsögn Stéttarfélags íslenskra lyfjafræðinga frá 25. febrúar 1994, á fskj. IV umsögn heilbrigðismálaráðs Austurlands frá 4. mars 1994, á fskj. V umsögn Lyfjatæknafélags Íslands, ásamt ályktun fulltrúaþings norrænna lyfjatækna, á fskj. VI umsögn Læknafélags Íslands frá 29. mars 1994 og á fskj. VII umsögn

stjórnarnefndar lyfjafræði lyfsala frá 17. febrúar 1994.
Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

1040. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JGS, IBA, RG, GuðjG, SP, FI, ÁRÁ).

Við 5. gr. Í stað orðanna „1. maí 1994“ í 1., 2. og 3. mgr. komi: 1. júlí 1994.

1041. Fyrirspurn [611. mál]

til samgönguráðherra um kostnað við snjómokstur yfir Fjöllin veturinn 1993–94.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er orðinn heildarkostnaður við snjómokstur á leiðinni yfir Fjöllin milli byggða í Mývatnssveit og á Jökuldal veturinn 1993–94?
2. Hvaða tækjakostur er notaður við moksturinn og hvernig er að honum staðið að öðru leyti?
3. Hversu oft hefur leiðin verið opnuð og hversu lengi hefur hver opnun notast til umferðar að meðaltali?
4. Hvernig hafa snjóalög verið á þessu tímabili miðað við meðaltalsaðstæður á liðnum árum?

Skriflegt svar óskast.

1042. Svar [482. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:
Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

07-705 Málefni fatlaðra Norðurlandi vestra.
Ráðuneytið hefur í samvinnu við stofnunina þegar svarað þeim athugasemdum sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar og gert grein fyrir tillögum til lagfæringa á þeim.

07-706 Málefni fatlaðra Norðurlandi eystra.

Ráðuneytið bíður skýringa frá stofnuninni varðandi athugasemdir Ríkisendurskoðunar en þeirra er að vænta innan skamms.

07-982 Ríkisábyrgð á launum.

Í samráði við félagsmálaráðuneytið tók Ríkisendurskoðun saman greinargerð um framkvæmd laga um ríkisábyrgð orlofs fyrir árin 1989–1992. Í greinargerðinni leggur Ríkisendurskoðun m.a. til að athugað verði hvort ekki sé eðlilegra að ábyrgðasjóður launa yfirtaki ábyrgð á orlofsgreiðslum líkt og öðrum launagreiðslum vegna gjaldþrota.

Með lögum nr. 127/1993, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, var framkvæmd ríkisábyrgðar á orlofi breytt og ábyrgðasjóði launa falið að ábyrgjast greiðslur á orlofi vegna greiðsluerfiðleika launagreiðenda.

27-270 Húsbréfadeild.
27-271 Byggingarsjóður ríkisins.
27-272 Byggingarsjóður verkamanna.

Þær athugasemdir í skýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings er varða málefni Húsnæðisstofnunar eru til umfjöllunar á samráðsfundum ráðuneytisins og stofnunarinnar.

Í framhaldi af úttekt Ríkisendurskoðunar á vaxtakjörum húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar hjá Seðlabanka Íslands var sú breyting gerð á lögum um Húsnæðisstofnun, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 25/1994, að húsnæðismálastjórn getur að fengnu samþykki félagsmálaráðherra ákveðið að Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verði varðveittir annars staðar en hjá Seðlabanka Íslands að nokkru leyti eða öllu ef það er talið auka möguleika sjóðanna á ávöxtun án þess að það hafi í för með sér áhættu fyrir þá.

1043. Nefndarálit [532. mál]

um frv. til l. um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Jón Ingimarsson, skrifstofustjóra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Breytingartillögurnar miða fyrst og fremst að því að gera einstök ákvæði frumvarpsins skýrari og er í þeim tilvikum ekki um efnislegar breytingar að ræða. Þær efnisbreytingar, sem um er að ræða, fela í sér að bætt er í frumvarpið ákvæðum um hávaða sem berst frá heimilistækjum til að tryggja að neytendur fái upplýsingar um hávaða heimilistækja með sama hætti og um orkunýtni tækjanna.

Pálmi Jónsson og Finnur Ingólfsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1994.

Svavar Gestsson, form., frsm.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Páll Pétursson.
Gísli S. Einarsson.	Guðjón Guðmundsson.	Tómas Ingi Olrich.
	Kristín Einarsdóttir.	

1044. Breytingartillögur [532. mál]

við frv. til l. um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðinu „orkunotkun“ komi: og hávaðamengun.
   b. Í stað orðsins „annars“ í lok greinarinnar komi: annað.
2. Við 2. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „kveðið er á um“ í lok fyrri málsgreinar komi: kveðið skal á um.
   b. Í stað orðsins „notaðra“ í síðari málsgrein komi: endursölu notaðra.
3. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðinu „orkunýtni“ í 1. málsl. fyrri málsgreinar komi: og hávaða.
   b. Orðin „er tengjast tækjum“ í 2. málsl. fyrri málsgreinar falli brott.
4. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „tæknilegar upplýsingar“ í upphafi 1. mgr. komi: tæknileg gögn.
   b. Á eftir 4. tölul. fyrri málsgreinar komi nýr töluliður, svohljóðandi: Lýsingu á mælingum og könnunum á hávaða.
   c. Lokamálsgreinin orðist svo:
      Birgðasali skal hafa þessi gögn til reiðu vegna skoðunar í fimm ár frá því tækið var síðast framleitt.
5. Við 5. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Óheimilar eru merkingar sem samrýmast hvorki ákvæðum þessara laga né reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.
6. Við 6. gr. 1. málsl. orðist svo: Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Ef ástæða er til að ætla að upplýsingar, sem veittar hafa verið, séu rangar er eftirlitsaðilum, sbr. 6. gr., heimilt að krefja birgðasala eða seljendur um gögn sem nauðsynleg eru við eftirlit. Jafnframt er þeim heimilt að krefjast þess að eintak vöru og umbúða verði lagt fram til skoðunar.
8. Við 9. gr. Í stað orðanna „meðferð þeirra“ í síðari málsgrein komi: meðferð slíkra brota.
9. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

1045. Nefndarálit [561. mál]

um frv. til l. um vöruflutninga á landi.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund til sín Jón Birgi Jónsson ráðuneytisstjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneytinu, og þá Sigurgeir Aðalgeirsson formann og Guðmund Arnaldsson, framkvæmdastjóra Landvara, landsfélags vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Egill Jónsson og Guðni Ágústsson.

Alþingi, 26. apríl 1994.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Sturla Böðvarsson.
Petrína Baldursdóttir.	Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.
	Jóhann Ársælsson.	

1046. Svar [528. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um flokkun veitingastaða.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hve margir veitingastaðir eru í hverjum flokki skv. 9. gr. laga nr. 67/1985, þ.e.

a. hve margir staðir teljast „veitingahús“ skv. a-lið,
b. hve margir staðir teljast „skemmtistaðir“ skv. b-lið,
c. hve margir staðir teljast „veitingastofur“ eða „greiðasala“ skv. c-lið,
d. hve margir staðir teljast „veisluþjónusta“ eða „veitingaverslun“ skv. d-lið,
e. hve margir staðir teljast vera skv. e-lið eða hve mörg leyfi hafa verið gefin út samkvæmt þeim staflið?

Beðið er um fjölda staða eftir lögreglustjóraumdæmum annars vegar í árslok 1993 og hins vegar til samanburðar í árslok 1983.

Fyrirspyrjandi gengur út frá því í greinargerð með fyrirspurninni að heildaryfirlit yfir leyfin sé til í samgönguráðuneytinu en svo er ekki. Samkvæmt 11. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, er lögreglustjóra gert að halda skrá yfir veitt leyfi.

Ekki reyndist mögulegt að fá upplýsingar um fjölda veitingastaða sem störfuðu í árslok 1983 eða skiptingu þeirra frá sýslumannsembættum og lögreglustjórum þar sem ekki hefur verið haldið utan um leyfisveitingarnar hjá embættunum.

Hins vegar fengust upplýsingar um þann fjölda veitingastaða sem störfuðu í árslok 1993 og í hvaða flokki þeir reyndust vera skv. 9. gr. laga nr. 67/1985.

Flokkun sem þessi er vandkvæðum bundin að því leyti til að fjöldinn allur af þessum stöðum sem um ræðir, sérstaklega á landsbyggðinni, eru með mörg leyfi. Oft á tíðum er um að ræða staði sem eru með gistileyfi, veitingaleyfi og skemmtistaðaleyfi. Reynt hefur verið að setja þá staði í viðeigandi flokk ef svo má segja. Ekki er um að ræða tvítalningu á neinum stað.

Leyfi til veitingareksturs 31. desember 1993.

Sýslumannsembætti	Flokkar frá a–e					Samtals
	a	b	c	d	e	
Akranes	3		1			4
Borgarnes	8		16			24
Stykkishólmur	9	1	4	2		16
Búðardalur	3					3
Patreksfjörður	4		3		36	43
Bolungarvík		1	1		2	4
Ísafjörður	2	1	3			6
Hólmavík	3		3			6
Blönduós	5		2			7
Sauðárkrókur	2		17		12	31
Siglufjörður	2		1			3
Ólafsfjörður	1	1			1	3
Akureyri	19	5	14		29	67
Húsavík	7		5			12
Seyðisfjörður	5		9		10	24
Neskaupstaður	1	1	1		1	4
Eskifjörður	3	2	2			7
Höfn	6		2			8
Vík	2					2
Vestmannaeyjar	7	2			84	93
Hvolsvöllur	3	1	2			6
Selfoss	15	1	11	1		28
Keflavík	3	3	3			9
Hafnarfjörður	11				52	63
Kópavogur	7		4			11
Keflavíkurflugvöllur	1					1
Reykjavík	128	29	64	17	21	259
Samtals	**260**	**48**	**168**	**20**	**248**	**744**

Inni í þessum tölum eru nokkur sumarleyfi til reksturs veitingaþjónustu eða samtals 10 leyfi, þ.e. 2 á Seyðisfirði, 1 í Stykkishólmi, 1 í Búðardal, 2 á Selfossi og 4 í Borgarnesi.

1047. Svar [488. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992?

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings lúta að eftirtöldum þáttum í rekstri stofnana ráðuneytisins á árinu 1992:

1. Ríkisendurskoðun gagnrýnir það fyrirkomulag að ferjurekstraraðilar séu skuldarar lána sem tekin hafa verið vegna þeirra. Þegar ríkissjóður ákveður að lána til kaupa á ferjum er hann um leið að taka ákvörðun um að greiða þann kostnað sem af kaupunum leiðir. Það er því mat Ríkisendurskoðunar að eðlilegt sé að ríkið taki á sig formlega skuldbindingu vegna kaupanna um leið og þau eru ákveðin.

Með því að fela Vegagerð ríkisins umsjón með ferjum og kosta rekstur þeirra af vegafé var stigið fyrsta skrefið í þá átt að auka ráðdeild í rekstri þeirra. Nú er unnið að því að stofnuð verði hlutafélög þar sem Vegagerðin eigi meiri hluta og sé þar með formlegur skuldari lána vegna þeirra.

2. Ríkisendurskoðun telur að athuga þurfi hvort ekki sé ástæða til að fækka fjárlagaliðum vegna vita- og hafnamála í ljósi þess að um eina deildaskipta stofnun er að ræða.

Ráðuneytið mun leggja til við fjármálaráðuneytið að við fjárlagagerð ársins 1995 verði fjárlagaliðum vegna vita- og hafnamála fækkað.

3. Hjá Flugmálastjórn er gerð sú athugasemd að breyta þurfi fyrirkomulagi á greiðslum til starfsmanna vegna aksturs, en í gildi hefur verið samkomulag við stéttarfélög starfsmanna frá árinu 1987 um að stofnunin greiði starfsmönnum á Reykjavíkurflugvelli árlega ákveðna fjárhæð í stað þess að sjá þeim fyrir ferðum til og frá vinnustað.

Gengið hefur verið frá samningum við starfsmenn á Reykjavíkurflugvelli sem þiggja greiðslur vegna aksturs á milli heimilis og vinnustaðar.

4. Í athugasemdum Ríkisendurskoðunar kemur fram að Flugmálastjórn beri að gæta betur að því að fá frumrit flugfarseðla vegna ferða erlendis. Þá ber stofnuninni að fá viðbótarheimild breytist ferðatilhögun frá áður veittri heimild.

Flugmálastjórn gengur mjög ákveðið eftir því að fá frumrit farseðla vegna ferða starfsmanna erlendis. Þess er gætt að leita eftir viðbótarheimild til ráðuneytisins breytist ferðatilhögun starfsmanna.

5. Ríkisendurskoðun spyr í skýrslu sinni um Ferðamálasjóð „hvort ekki sé heppilegt í ljósi reynslunnar að þrengja heimildir hans (til lánveitinga) nokkuð frá því sem nú er og gera þær um leið markvissari".

Ráðuneytið telur ekki ástæðu til þess að þrengja heimildir Ferðamálasjóðs. Sjóðurinn starfar innan heimilda laga auk þess sem ávallt er fylgst með starfsemi hans af aðilum sem láta sig ferðamál varða, þar á meðal Alþingi og Ríkisendurskoðun.

1048. Svar [540. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Vilhjálms Egilssonar um gjaldskrá Pósts og síma.

1. Hverjar breytingar hafa orðið á gjaldskrá Pósts og síma frá 1990?

Frá árinu 1981 til apríl 1994 hefur símakostnaður innan lands lækkað að raungildi um 59% sem aðallega verður fyrir 1990. Háar greiðslur í ríkissjóð undanfarin ár hafa þrengt mjög verulega svigrúm fyrirtækisins til lækkunar á gjaldskrám. Eftir 1990 hefur stefna Pósts og síma verið að beita takmörkuðu svigrúmi til þess að lækka gjaldskrá fyrir símtöl til útlanda.

Frá árslokum 1990 til apríl 1994 eru eftirfarandi breytingar helstar:

Gjaldskrá fyrir símaþjónustu innan lands.

Stofngjald og ársfjórðungsgjald fyrir númer í miðstöð og línu hafa hækkað um 11% og sama hækkun hefur orðið á verði teljaraskrefs.

Stofngjald í almenna gagnanetinu hefur hækkað um tæp 11% og sama gildir um gjald fyrir hvert samband og tímagjald. Afnotagjald hefur lækkað um allt að 17% og magngjald hefur lækkað um 27% innan stöðvarsvæðis en er óbreytt milli stöðvarsvæða. Á tímabilinu var síðan tekinn upp afsláttur á magngjaldi sem getur numið allt að 50% eftir fjölda gagnasneiða í hverjum mánuði.

Stofngjald og afnotagjald fyrir leigulínur hefur hækkað um 11% en teknir hafa verið upp fleiri möguleikar hvað varðar hraða fyrir gagnasendingar og breyting hefur verið gerð á samsetningu gjalda sem hefur ekki í för með sér umframhækkun. Breytingar á gjaldi fyrir gagnasendingar á langlínu hafa verið mjög mismunandi eða frá því að hækka um 11% í það að lækka um allt að 62% eftir því við hvaða hraða er miðað.

Aðrir liðir í gjaldskránni fyrir símaþjónustu innan lands hafa hækkað um 9–11%. Á sama tíma hefur framfærsluvísitala hækkað um rúmlega 14%.

Samkvæmt könnun, sem nýlega var gerð á vegum OECD í aðildarlöndum, eru útgjöld vegna símanotkunar innan lands lægst á Íslandi og er þá sama hvort miðað er við kostnað heimila eða fyrirtækja. Sama gildir fyrir farsíma. Hvað varðar gagnanet og línuleigu er Ísland fyrir neðan meðaltal aðildarlanda.

Gjald fyrir sjálfvirkt val til útlanda.

Gjald fyrir símtal til Norðurlanda hefur lækkað um 16,5%.
Gjald fyrir símtal til Bretlands hefur lækkað um 15,5%.
Gjald fyrir símtal til Þýskalands hefur lækkað um 28,0%.
Gjald fyrir símtal til Frakklands hefur lækkað um 31,0%.
Gjald fyrir símtal til Bandaríkjanna hefur lækkað um 21,8%.
Gjald fyrir símtal til annarra landa hefur lækkað um 11–13%.

Að meðaltali hefur gjaldskrá fyrir símtöl til útlanda lækkað um 19% á tímabilinu.

Samkvæmt könnun, sem nýlega var gerð á vegum OECD á kostnaði í aðildarlöndum vegna hringinga til útlanda, er Ísland í miðjum hópnum.

Gjaldskrá fyrir póstþjónustu.

Gjaldskrá fyrir póstþjónustu hefur hækkað um 28% að meðaltali á tímabilinu. Í lok ársins 1992 var gerð breyting á gjaldskrá fyrir póstþjónustu. Var þá tekinn upp A- og B-póstur í almennum bréfum til útlanda þar sem burðargjald ákvarðast af gæðum þjónustunnar en ekki innihaldi sendinga eins og áður var. Innan lands er eingöngu gert ráð fyrir A-pósti. Var þetta áfangi í því að breyta uppbyggingu gjaldskrár til samræmis við það sem er að gerast í nágrannalöndum okkar.

Póstþjónusta skilaði 22,3% tekna 1990 og 25,2% tekna 1993.

2. Eru breytingar fyrirhugaðar á gjaldskrá Pósts og síma á árinu 1994 og ef svo er þá hverjar?

Gjaldskrá fyrir símaþjónustu.

Engar breytingar eru ákveðnar á gjaldskrá fyrir símaþjónustu en til athugunar er að leggja fram tillögu um stækkun gjaldsvæða, fækkun innifalinna skrefa í ársfjórðungsgjaldi og lækkun á gjaldskrá fyrir símtöl til útlanda. Ekki er gert ráð fyrir að slík breyting hafi áhrif á tekjur fyrirtækisins heldur verður um tilfærslur að ræða. Ekki er ljóst hvenær slík tillaga verður lögð fram.

Gjaldskrá fyrir póstþjónustu.

Mikil nauðsyn er á því að leiðrétta og færa nær raunkostnaði burðargjald fyrir innrituð blöð og tímarit, ábyrgðarsendingar og fleiri liði. Er þar um að ræða framhald á þeirri breytingu sem var gerð á gjaldskránni í nóvember 1992. Samtímis er fyrirtækinu mikilvægt að geta brugðist við mikilli og ört vaxandi samkeppni í dreifingu sendinga með endurskipulagningu og hagræðingu í starfsemi póstþjónustunnar um allt land.

1049. Frumvarp til laga [612. mál]

um bókhald.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI

Bókhaldsskylda.

1. gr.

Eftirtaldir aðilar eru bókhaldsskyldir:

1. hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila;
2. samvinnufélög og samvinnusambönd, gagnkvæm vátrygginga- og ábyrgðarfélög og önnur félög með breytilegan höfuðstól og breytilega félagatölu;
3. sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna;
4. bankar, sparisjóðir, verðbréfasjóðir og -fyrirtæki sem falla ekki undir aðra töluliði þessarar greinar;
5. hvers konar fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis eða sveitarfélaga sem stunda atvinnurekstur;

6. þrotabú og önnur bú sem eru undir skiptum ef þau stunda atvinnurekstur;
7. hvers konar önnur félög, sjóðir og stofnanir sem stunda atvinnurekstur eða hafa á hendi fjáröflun eða fjárvörslu;
8. hver sá einstaklingur sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Þegar tveir eða fleiri aðilar standa saman að afmörkuðum rekstri í tengslum við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að færa sameiginlegt bókhald um samreksturinn. Niðurstöður sameiginlega bókhaldsins skulu færðar sundurliðaðar á viðeigandi reikninga í bókhaldi hvers samrekstraraðila að réttri tiltölu svo oft sem þurfa þykir.

2. gr.

Þeir sem skyldir eru að færa bókhald skv. 1. gr. skulu halda tvíhliða bókhald, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru þeir einstaklingar sem nota ekki meira aðkeypt vinnuafl við starfsemi sína en sem svarar einum starfsmanni að jafnaði og stunda eftirtalda starfsemi:

1. útgerð á bátum undir 10 rúmlestum;
2. verkun sjávarafla ef meiri hluti sölu hans fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis;
3. búrekstur ef meiri hluti sölu afurða fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis;
4. akstur leigu-, sendi-, vöru- og fólksflutningabifreiða, svo og rekstur vinnuvéla;
5. iðnað, þar með talda viðgerðarstarfsemi;
6. þjónustu þar sem fyrst og fremst er seld vinna eða fagleg þekking og ekki er um fjárvörslu að ræða í tengslum við selda þjónustu.

Undanþegin skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru enn fremur félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 7. tölul. 1. gr., sem stunda ekki atvinnurekstur ef tekjur þeirra eru eingöngu framlög sem innheimt eru hjá félagsaðilum og ganga til greiðslu á sameiginlegum útgjöldum, þar með töldu aðkeyptu vinnuafli sem svarar til allt að einum starfsmanni að jafnaði.

Ef aðili er skyldur til að halda tvíhliða bókhald vegna einhvers þáttar starfsemi sinnar skal það eiga við um allan atvinnurekstur hans.

4. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu á skýran og aðgengilegan hátt og semja ársreikninga í samræmi við lög, reglugerðir og góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

5. gr.

Stjórnendur þeirra félaga, sjóða og stofnana, sem um ræðir í 1.–7. tölul. 1. gr., og þeir sem ábyrgð bera á starfsemi skv. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., sbr. og 2. mgr. 1. gr., skulu sjá um og bera ábyrgð á að ákvæðum laga þessara og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt.

II. KAFLI
Bókhald.

Almenn ákvæði um bókhald.

6. gr.

Bókhaldi skal haga þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna. Það skal veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag sem þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjast og nauðsynlegar eru til að meta megi tekjur og gjöld, eignir og skuldir.

Bókhaldið skal með tilliti til umfangs rekstrar og eðlis starfseminnar vera í samræmi við góða bókhalds- og reikningsskilavenju eins og hún er á hverjum tíma, svo og ákvæði laga og reglugerða.

7. gr.

Tvíhliða bókhald skal skipuleggja með tilliti til umfangs rekstrar og eðlis starfsemi.

Skrifleg lýsing á skipulagi og uppbyggingu bókhaldskerfis skal liggja fyrir og m.a. veita upplýsingar um tölvukerfi og tölvubúnað, tengsl við aðrar tölvur og hlutverk þeirra. Ef sjálfvirkri tölvuúrvinnslu er beitt í bókhaldi skal á sama hátt liggja fyrir lýsing á henni á þann hátt að unnt sé án erfiðleika að fylgja eftir og hafa eftirlit með meðferð hvers liðar. Reikningar bókhaldsins skulu sérstaklega tilgreindir og notkun þeirra greinilega afmörkuð, svo og lýsing á tekjuskráningu.

Skipulag og stjórnun bókhaldsins skal við það miðuð að tryggja vörslu bókhaldsgagna og koma í veg fyrir villur og misnotkun.

Bókhaldið skal þannig skipulagt að eðlilegt innra eftirlit skapist og auðvelt sé að rekja sig frá frumgögnum til færslna í bókhaldi, svo og frá færslum í bókhaldi til frumgagna, og milli niðurstöðu úr bókhaldi og ársreiknings.

Ráðherra getur sett reglur um lágmarkskröfur sem gerðar eru til bókhaldskerfa fyrir tölvur og mælt fyrir um að þau skuli hljóta opinbera viðurkenningu áður en notkun þeirra er heimiluð.

8. gr.

Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna. Ytri sem innri gögn skulu fela í sér upplýsingar sem nægja til réttmætrar skráningar í bókhaldið.

Með ytri frumgögnum er átt við gögn frá þeim sem viðskipti eru gerð við, svo sem reikning, afreikning, greiðsluseðil, gíróseðil, greiðslukvittun, samning, myndrit, skeyti eða önnur jafngild frumgögn. Þessi gögn skulu bera með sér, eftir því sem við á, auðkenni útgefanda og viðtakanda og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að sannreyna megi viðskiptin.

Með innri frumgögnum er átt við gögn sem verða til hjá hinum bókhaldsskylda sjálfum, svo sem samrit reikninga, afreikninga, greiðsluseðla, gíróseðla, greiðslukvittana, samninga eða skeyta, svo og öll önnur gögn sem gerð eru til að skrá hreyfingar eða millifærslur innan bókhaldsins sjálfs.

Ávallt skal vera unnt að kalla fram og prenta þau skjöl sem liggja til grundvallar færslum í bókhaldi þegar um er að ræða sendingar milli tölva.

9. gr.

Í bókhaldi skal skrá viðskipti jafnskjótt og þau fara fram enda sé það í samræmi við góða bókhaldsvenju. Önnur atvik skulu skráð svo fljótt sem unnt er eftir að þau eiga sér stað.

Færslur, sem eingöngu byggjast á skjölum sem flutt eru milli tölvukerfa, skulu skráðar í bókhaldið jafntryggilega og aðrar færslur.

Færslur í bókhaldi skulu vera í skipulegri númeraröð, endurspegla að jafnaði rétta tímaröð viðskipta og annarra færslutilefna og gefa skýra mynd af því sem þeim er ætlað að lýsa.

Færslurnar skulu vísa til viðeigandi frumgagna og geyma skýrar upplýsingar um efni viðskipta eða annarra atvika, reikningsheiti og dagsetningu.

Bókhaldsbækur og reikningaskipan.

10. gr.

Bókhaldsbækur skulu færðar á varanlegan hátt í skipulögðu og öruggu bóka-, korta-, lausblaða- eða tölvukerfi.

Bókhald þeirra aðila, sem skyldir eru til að halda tvíhliða bókhald, skal samanstanda af:

1. dagbók þar sem allar færslur koma fram í færsluröð;
2. hreyfingalista þar sem allar færslur dagbókar hafa verið flokkaðar á viðeigandi bókhaldsreikninga, sbr. þó 5. mgr.;
3. aðalbók þar sem fram kemur staða hvers einstaks bókhaldsreiknings, sbr. 12. gr.;
4. ársreikningi, sbr. 22. gr.

Bækur skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. nefnast einu nafni fjárhagsbókhald.

Í bókhaldi aðila skv. 2. mgr. skulu vera eftir því sem við á:

1. sjóðbók fyrir innborganir í sjóð og útborganir úr honum, sbr. 13. gr.;
2. viðskiptamannabókhald, sbr. 15. gr.

Í bókhaldi þeirra aðila, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skv. 3. gr., skulu vera:

1. sjóðbók fyrir innborganir í sjóð og útborganir úr honum, sbr. 13. gr.;
2. sundurliðunarbók, sbr. 14. gr.;
3. ársreikningur, sbr. 22. gr.

Í handfærðu bókhaldi eru kröfur skv. 2. tölul. 2. mgr. uppfylltar með færslu á viðeigandi bókhaldsreikninga í dagbók, sbr. 1. tölul. 2. mgr. Heimilt er að sameina sjóðbók og dagbók sem nefnist þá sjóðsdagbók. Sjóðbók og sjóðsdagbók skulu vera fyrir fram innbundnar og blaðsíðurnar tölusettar en færi aðili bæði sjóðbók og sjóðsdagbók má hin síðarnefnda vera lausblaðabók. Í handfærðu bókhaldi skal aðalbók vera fyrir fram innbundin og blaðsíðurnar tölusettar og færa má ársreikninginn í aðalbókina.

Bókhaldsbækurnar skulu vera til staðar hér á landi. Skal texti þeirra vera á íslensku og fjárhæðir í íslenskum krónum.

11. gr.

Að jafnaði skal haga reikningaskipan í bókhaldinu þannig að færðir séu hreinir eigna- og skulda-, gjalda- og teknareikningar. Færa skal þá reikninga í bókhaldinu sem nauðsynlegt er til að eðlileg sundurliðun náist með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

Í stað sundurliðunar á skylda reikninga er heimilt að halda einn eða fáa reikninga í fjárhagsbókhaldinu en sundurliða þá í sérstöku undirkerfi. Slík undirkerfi skulu tengjast fjárhagsbókhaldinu á skýran og öruggan hátt um tiltekna reikninga sem eru ekki nýttir í öðrum tilgangi. Færslur, sem eiga uppruna sinn í slíkum undirkerfum, skulu færast í sérstaka dagbók og berast til fjárhagsbókhalds með reglubundnum og öruggum hætti. Við færslu í undirkerfi skal ætíð vísað til grunngagna.

Eftir því sem aðstæður leyfa skal haga reikningaskipan þannig að nægilegt innra eftirlit skapist.

12. gr.

Í aðalbók skal koma fram staða hvers einstaks bókhaldsreiknings í lok hvers bókhaldstímabils í samræmi við hreyfingalista eða dagbók í handfærðu bókhaldi. Samtölur aðalbókar skulu hverju sinni innifela allar færslur sem fram að því hafa verið gerðar á reikningsárinu.

13. gr.

Í sjóðbók skal færa allar innborganir í sjóð og útborganir úr honum á þann hátt að auðvelt sé að bera saman sjóðseign og niðurstöðu sjóðbókar í lok starfsdags eða vinnulotu, allt eftir tegund starfsemi.

Hver greiðsla færist sérstaklega. Þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Enn fremur er leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og færslu sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina og skal í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslum. Undirbækur sjóðbókar mega vera lausblaðabækur.

Falla má frá færslu í sjóðbók þegar fyrir liggur annað jafnöruggt skráningarkerfi innborgana og útborgana.

14. gr.

Þeir sem eru undanþegnir skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu sundurliða viðskipti sín í sérstaka bók, sundurliðunarbók, þar sem hreyfingar ársins á eignum og skuldum, tekjum og gjöldum eru flokkaðar eftir tegundum. Heimilt er að færa í einu lagi niðurstöðutölur undirbóka bókhaldsins, þar með taldar samanlagðar niðurstöður af útgefnum reikningum á bókhaldstímabilinu. Í lok hvers bókhaldstímabils skal stemma færslur í sjóðbók á tímabilinu af við færslur í sundurliðunarbókina með því að taka tillit til útistandandi reikninga og ógreiddra krafna við upphaf og lok bókhaldstímabilsins.

Niðurstöður sundurliðunarbókar skal vera unnt að rekja til ársreiknings.

15. gr.

Í fjárhagsbókhaldi eða sérstöku viðskiptamannabókhaldi, sem tengist fjárhagsbókhaldinu, skal hafa reikninga yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau sem hönd selur hendi. Þó er heimilt að sameina óveruleg viðskipti á einn eða fáa reikninga.

Ef notað er sérstakt viðskiptamannabókhald sem undirkerfi fjárhagsbókhalds skal það uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Viðskiptamannabókhald skal tengjast fjárhagsbókhaldinu á skýran hátt um sérstaka tiltekna reikninga sem eru ekki nýttir í öðrum tilgangi.

2. Í viðskiptamannabókhaldi skal á hverjum tíma vera unnt að kalla fram stöðu viðskiptamannareikninga hvers um sig og í heild. Samtöluna skal vera unnt að rekja til tiltekinna reikninga í fjárhagsbókhaldi, sbr. 1. tölul.
3. Færslur á viðskiptamannareikninga skulu berast milli fjárhagsbókhalds og viðskiptamannabókhalds með reglulegum og öruggum hætti.
4. Þegar færslur eiga uppruna sinn í viðskiptamannabókhaldi skal færð dagbók um þær færslur með sama hætti og í fjárhagsbókhaldi.
5. Við færslur í viðskiptamannabókhald skal ætíð vísað til grunngagna.

16. gr.

Í lok hvers reikningsárs skal telja vörubirgðir og reikna út verðmæti þeirra. Á vörutalningarlistum eða í vörutalningarbókum skal koma fram magn, einingarverð og útreiknað verðmæti hverrar einstakrar vörutegundar ásamt samtölu. Vörutalningarlista og vörutalningarbækur skulu talningarmenn undirrita.

Þeir sem nota stöðugt birgðabókhald eru ekki bundnir af ákvæðum 1. mgr. enda er þá gert ráð fyrir skipulegum talningum og að birgðaskrár séu leiðréttar með reglubundnum hætti.

Ef birgðir eru verðlagðar á söluverði skal á skýran og aðgengilegan hátt koma fram hvernig kostnaðarverð er reiknað.

17. gr.

Tekjuskráning bókhaldsskyldra aðila skal byggjast á skýru og öruggu kerfi sem tryggir að unnt sé að sannreyna að allar tekjur komi fram. Öruggt kerfi í þessu sambandi teljast m.a. reikningar, afreikningar og gíróseðlar, enda séu þessi gögn í öruggu skipulegu númerakerfi, og sjóðvélar sem notaðar eru við sölu á vörum og þjónustu í smásölu, svo og önnur sambærileg og örugg kerfi til tekjuskráningar, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í öðrum lögum.

18. gr.

Sjóðbók, sjóðsdagbók og dagbók í handfærðu bókhaldi skal lokað reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Niðurstöður einstakra reikninga skulu þá færðar í aðalbók. Færslu í aðalbók skal að jafnaði vera lokið eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers bókhaldstímabils.

Þeir sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu sundurliða færslur sínar í sundurliðunarbók eftir því sem þörf er á og eigi sjaldnar en í lok reikningsárs.

Við gerð ársreikninga skal fara fram nákvæm og fullkomin lokun á öllum bókhaldsbókum.

Samræmi skal vera milli fjárhæðanna í ársreikningi og í aðalbókinni.

Fylgiskjöl og geymsla bókhaldsgagna.

19. gr.

Fylgiskjöl með bókhaldinu skal tölusetja á reglubundinn hátt og til þeirra vísa við innfærslur í bækurnar. Þau skulu geymd í samfelldri töluröð.

Hverjum bókhaldsskyldum aðila er skylt að geyma með skipulögðum hætti öll bréf, myndrit og skeyti er honum berast og hafa þýðingu í rekstri hans. Enn fremur skal halda eftir samritum af öllum þeim bréfum, myndritum og skeytum er hann sendir öðrum og hafa þýðingu í rekstri hans.

20. gr.

Allar bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt bókhaldsgögnum og fylgiskjölum, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þar með talin gögn sem varðveitt eru í tölvutæku formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skulu varðveittar hér á landi á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita sjóðvélastrimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggi fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

Ef tölvubúnaði, sem nauðsynlegur er til að kalla fram bókhaldsgögn, er breytt eða fargað ber að prenta gögnin í upprunalegu formi eða yfirfæra á nýjan miðil þannig að áfram verði unnt að kalla þau fram.

Ársreikning skal ætíð varðveita í 25 ár.

21. gr.

Allt, sem fært er í bækur eða á reikninga, skal vera skýrt og læsilegt með varanlegu letri. Eigi má eyða eða gera á annan hátt ólæsilegt það sem eitt sinn hefur verið í þær fært þótt fyrst hafi verið misfært af vangá. Þurfi að gera breytingu á færslu skal það gert með annarri færslu eða þannig að hin ranga færsla verði læsileg að leiðréttingu lokinni.

Leiðrétting á rangri færslu skal gerð með sérstöku fylgiskjali þar sem fram komi hvaða færslu er verið að leiðrétta og hvers vegna.

III. KAFLI
Ársreikningur og skýringar.
Reikningsár og undirritun.

22. gr.

Þeir sem bókhaldsskyldir eru skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár samkvæmt lögum þessum enda séu ekki gerðar strangari kröfur í öðrum lögum. Ársreikningurinn skal a.m.k. hafa að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning, svo og skýringar eftir því sem við á. Reikningsskilin skulu mynda eina heild.

Reikningsárið skal vera tólf mánuðir. Við upphaf rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó aldrei lengra en átján mánuðir. Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum.

Ársreikningurinn skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsársins. Hann skal undirritaður af þeim sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 5. gr.

Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikninginn, mótbárur fram að færa gegn honum skal hann undirrita reikninginn með árituðum fyrirvara. Koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Efnahagsreikningar og rekstrarreikningar.

23. gr.

Í efnahagsreikningi skal á kerfisbundinn hátt tilgreina eignir, skuldir og eigið fé hluthafa eiganda í lok reikningsársins. Reikningurinn skal þannig sundurliðaður að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í árslok í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Í rekstrarreikningi skal á kerfisbundinn hátt sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað að reikningurinn gefi skýra mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu í samræmi við góða reikningsskilavenju.

24. gr.

Rekstrarreikningar og efnahagsreikningar skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Ef gerðar eru breytingar skulu þær tilgreindar í skýringum.

Óheimilt er að jafna saman eignum og skuldum eða tekjum og gjöldum.

Í ársreikningi skulu fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

25. gr.

Tekjur og gjöld skulu að jafnaði færð í rekstrarreikning þess árs þegar þeirra er aflað eða til þeirra stofnað.

26. gr.

Óefnisleg réttindi skal aðeins telja til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Sama á við um rannsóknar- og þróunarkostnað.

27. gr.

Gerð skal grein fyrir ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu í ársreikningnum eða skýringum.

Mat eigna.

28. gr.

Í efnahagsreikningi ber að tilgreina peningalegar eignir og skuldir með þeirri fjárhæð er raunverulega svarar til verðmætis þeirra. Varanlegir rekstrarfjármunir skulu að jafnaði tilgreindir á kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum. Sé frá þessu vikið skal ársreikningurinn bera það greinilega með sér.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði, sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim, fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

Vörubirgðir má eigi telja til eignar á hærra verði en kostnaðarverði eða dagverði ef það er lægra.

Ef gerðar eru verulegar breytingar á mati eigna eða skulda frá síðasta efnahagsreikningi skal ársreikningurinn bera það greinilega með sér.

29. gr.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Heimilt er að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reikningsskiladegi ef það er lægra en bókfært verð. Slíkar eignir skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum.

Matsbreytingar samkvæmt þessari grein skal færa í rekstrarreikning.

30. gr.

Taka má tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag starfseminnar í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

Skýringar.

31. gr.

Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísan til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki greinilega fram þar:

1. breytingar á varanlegum rekstrarfjármunum á árinu;
2. opinbert mat á eignunum ef það liggur fyrir;
3. nafnverð eignarhluta í félögum;
4. hreyfingar á eiginfjárreikningum;
5. veðsetningu eigna og ábyrgðir;
6. önnur þau atriði sem máli skipta við mat á rekstri og efnahag og ekki koma annars staðar fram.

Skoðun reikninga.

32. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar, sem falla ekki undir ákvæði laga um ársreikninga, geta á aðalfundi eða félagsfundi kosið einn eða fleiri skoðunarmenn ársreikninga og varamenn þeirra. Skoðunarmenn geta verið úr hópi félagsmanna en mega ekki sitja í stjórn félagsins eða gegna stjórnunarstörfum fyrir það.

Skoðunarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 11. gr. laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur. Uppfylli skoðunarmaður ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er til að koma í hans stað skal stjórn félagsins annast um að valinn verði nýr skoðunarmaður eins fljótt og unnt er og skal hann gegna því starfi þar til kosning getur farið fram.

Ef félag kýs löggiltan endurskoðanda sem skoðunarmann skulu ákvæði laga um löggilta endurskoðendur eiga við um starf hans.

33. gr.

Skoðunarmenn skulu hafa aðgang að bókhaldi hvenær sem er á reikningsárinu til að gera þær athuganir og kannanir sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skal stjórn sjá til þess að skoðunarmenn fái þau gögn, upplýsingar og aðstoð sem þeir álíta nauðsynlega.

34. gr.

Með áritun sinni á ársreikning skulu skoðunarmenn staðfesta að þeir hafi yfirfarið hann. Þar skal koma fram að eignir þær og skuldir, sem tilgreindar eru í efnahagsreikningi, séu fyrir hendi og að breytingar á eigin fé séu í samræmi við bókhaldið. Þá skulu skoðunarmenn ganga úr skugga um að á reikningsárinu hafi verið farið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum. Telji skoðunarmaður að svo hafi ekki verið skal hann árita ársreikninginn með viðeigandi athugasemdum.

Ef skoðunarmaður telur að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða skýrslu stjórnar eða upplýsingar séu villandi og enn fremur ef hann telur að fyrir liggi atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð skal hann vekja athygli á því í áritun sinni. Áritun skoðunarmanns telst hluti ársreiknings og skal varðveitt ásamt honum.

35. gr.

Skoðunarmenn eiga rétt á að sitja fundi þar sem fjallað er um ársreikninga.

Skoðunarmönnum er óheimilt að gefa einstökum félagsaðilum eða öðrum upplýsingar um hag félags.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

36. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um bókhaldsskyldu, undanþágu frá færslu tvíhliða bókhalds, skipulag bókhalds, bókhaldsgögn og notkun tölva við færslu bókhalds og geymslu gagna.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 51/1968, um bókhald, með síðari breytingum. Hjá þeim sem hafa annað reikningsár en almanaksárið koma lög þessi þó ekki til framkvæmda fyrr en við upphaf fyrsta reikningsárs sem hefst eftir 1. janúar 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er samið af nefnd sem fjármálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 23. desember 1992. Nefndin hóf störf í ársbyrjun 1993 og er hún þannig skipuð: Guðmundur Guðbjarnason viðskiptafræðingur, formaður nefndarinnar, Bragi Gunnarsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti, Lárus Ögmundsson, lögfræðingur hjá Ríkisendurskoðun, Sigurður H. Pálsson, löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, og Alexander G. Eðvardsson, löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Hlutverk nefndarinnar samkvæmt bréfi ráðherra er að endurskoða lög um bókhald, en núgildandi lög eru frá árinu 1968 og hafa litlum breytingum tekið. Löngu er orðið tímabært að taka þau til gagngerrar endurskoðunar þar eð miklar breytingar hafa orðið á viðskiptaháttum frá árinu 1968 og ör þróun orðið í notkun tölva, svo sem við færslu bókhalds og geymslu bókhaldsgagna, frá því að lögin voru samþykkt. Núgildandi lög byggjast á því að bókhald sé handfært en með breytingum frá árinu 1978 var heimilað að færa lausblaðabókhald með vélum. Þróun viðskipta á undanförnum árum er æ meir í þá átt að þau fari um tölvur og jafnvel án þess að pappír eða skjöl í almennum skilningi liggi til grundvallar. Að þessu leyti má halda því fram að núgildandi bókhaldslög standi íslensku viðskiptalífi og þróun þess fyrir þrifum og hamli gegn því að viðskiptalífið geti tileinkað sér þá kosti sem erlendir viðskipta- og samkeppnisaðilar geta nýtt sér. Enn fremur hafa orðið umtalsverðar breytingar á framsetningu ársreikninga enda er svo komið að ýmis almenn ákvæði um þá eru útfærð í sérlögum, t.d. í hlutafélagalögum nr. 32/1978, með síðari breytingum, og lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991. Þótt telja verði að þessi þróun hafi gert það löngu tímabært að endurskoða lögin knýr það þó mest á um endurskoðun þeirra að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, EES, gerir beinlínis ráð fyrir að íslenskri löggjöf um bókhald og ársreikninga verði breytt. Þannig er í 77. gr. samningsins um EES kveðið á um samræmingu ákveðinna atriða í löggjöf er varða félagarétt og eru þessi atriði talin upp í XXII. viðauka. Í honum er að finna níu tilskipanir en þar af fjalla fjórar um bókhald, ársreikninga og skyld atriði. Fjórða tilskipun fjallar um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, svo sem hlutafélaga og tiltekinna sameignarfélaga og samlagsfélaga í eigu hlutafélaga, 7. tilskipun um samstæðureikninga, 8. um löggildingu endurskoðenda og sú 11. um ársreikninga útibúa.

Að athuguðu máli taldi nefndin heppilegast að semja tvö lagafrumvörp og fylgja þar með fordæmi Dana. Annars vegar er samið frumvarp til laga um bókhald, sem hefur að geyma ákvæði um bókhaldsskyldu, bókfærslu, bókhaldsskjöl og geymslu þessara gagna, auk almennra ákvæða um ársreikninga og endurskoðun þeirra, og hins vegar frumvarp til laga um ársreikninga sem hefur að geyma ákvæði um ársreikninga tiltekinna lögaðila, svo sem hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaðri ábyrgð, samvinnufélaga, samlaga og tiltekinna sameignarfélaga og samlagsfélaga sem eru eingöngu í eigu fyrrnefndra aðila eða fara yfir tiltekna stærð. Um sameignarfélög og samlagsfélög, sem falla utan gildissviðs væntanlegra ársreikningalaga, munu þá gilda ákvæði laga um bókhald að því er gerð ársreikninga varðar.

Við samningu þessa frumvarps var höfð til hliðsjónar samsvarandi löggjöf á Norðurlöndum.

Nefndin gerir ekki tillögur um breytingar á viðurlagaákvæðum enda er til umræðu að samræma refsingar við efnahagsbrotum.

Um I. kafla.

Í I. kafla er kveðið á um það hverjir skuli vera bókhaldsskyldir, svo og hverjir skulu bera ábyrgð á því að ákvæðum laganna sé fylgt. Einnig eru ákvæði um færslu tvíhliða bókhalds sem aðalreglu og undanþágu frá því fyrir minni háttar starfsemi. Eðlilegt er að í lögum um bókhald sé kveðið á um almenna skyldu til að halda bókhald og færa eða skrá í bókhaldsbækur allar upplýsingar um viðskipti og aðrar fjárreiður sem eðli máls samkvæmt ber að gera eigendum, félagsaðilum, lánardrottnum og/eða hinu opinbera grein fyrir í einu eða öðru formi. Í sérlögum er einnig að finna ýmis ákvæði um bókhald sem ætlað er að skýra nánar sérstakar aðstæður tiltekinna aðila. Þannig er t.d. sérstaklega kveð-

ið á um bókhald ríkisins í sérstökum lögum og í skattalögum er einnig að finna ýmis ákvæði er lúta að bókhaldi.

Um II. kafla.

Í II. kafla er kveðið á um færslu bókhalds, bókhaldsbækur, bókhaldsgögn og fylgiskjöl og geymslu þeirra hvort sem handfært er eða fært á tölvu eða á annan hátt. Fram kemur almenn umsögn um bókhaldið, tilgang þess og markmið. Settar eru kröfur til þeirra sem halda tvíhliða bókhald um skipulag og uppbyggingu þess, svo og um notkun á tölvum og tengingar og skjalasendingar milli þeirra. Samkvæmt frumvarpinu er notkun tölva og annarra hliðstæðra tækja jafnrétthá handfærðu bókhaldi. Í 6. gr. gildandi laga, eins og henni var breytt með lögum nr. 47/1978, er veitt heimild til að nota laus kort og blöð eða önnur hjálpargögn í stað innbundinna og löggiltra bóka með því skilyrði að gögn þessi séu hluti af skipulegu og öruggu kerfi. Notkun tölva við færslu bókhalds var að hefjast á þessum árum en er nú hin almenna regla. Frumvarpið felur ekki í sér breytingar á meginreglum bókhalds heldur er því ætlað að taka mið af þeirri þróun og möguleikum sem opnast hafa með tölvunotkun og settar eru fram kröfur til tölva og hugbúnaðar.

Mælt er fyrir um bókhaldsgögn en sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna. Færslur skulu vera í skipulagðri númeraröð og endurspegla að jafnaði rétta tímaröð viðskipta og annarra færslutilefna. Í 2. mgr. 9. gr. er nýmæli er varðar skjalasendingar milli tölva sem nefnt er pappírslaus viðskipti og er nýjasta þróunin í viðskiptum. Átt er við skjalasendingar milli tölva, SMT, sem er þýðing á enska heitinu Electronic Data Interchange, EDI. Hugtakið er notað um sendingar á stöðluðum og forsniðnum upplýsingum milli tölvukerfa tveggja aðila sem eiga í viðskiptum án þess að mannshöndin þurfi að koma þar nálægt, eða a.m.k. mjög lítið, eins og fram kemur í handbók ICEPRO, nefndar um verklag í viðskiptum, en upplýsingar úr þeirri handbók eru notaðar hér í þessari greinargerð.

Skjalasendingar milli tölva felast í því að sameina tölvu- og símatækni. Þær leysa af hólmi hefðbundin viðskiptaskjöl af ýmsu tagi sem venjulega eru á pappír og geyma alls kyns upplýsingar um viðskiptin sem þeim tengjast. Byggt er á fyrir fram ákveðnum og stöðluðum rammaskeytum í samskiptum milli þeirra sem eiga í viðskiptum. Um er að ræða skipulögð upplýsingaskipti milli tölva sem gera þeim kleift að vinna og nýta upplýsingar sem þeim berast. Þessi skjalaskipti fara því aðeins fram að báðir aðilar samþykki þau fyrir fram. Jafnframt því sem viðskipti eiga sér stað á þennan hátt getur farið fram bókun þeirra beint á viðeigandi reikninga í bókhaldi beggja aðila án frekari aðgerða og engin önnur skjöl liggja fyrir en þau sem tölvurnar geyma.

Í þessu kemur fram ný skilgreining á hugtakinu skjal. Fjallað er um pappírslaus viðskipti og skjalasendingar milli tölva þótt engin skjöl í eiginlegri merkingu þess orðs fari á milli þeirra. Að vísu er hægt að prenta skjalið bæði hjá sendanda og viðtakanda. Skjalið er í tölvunni, óáþreifanlegt en sjáanlegt. Útprentunin er þá aðeins afrit af frumskjalinu.

Til fróðleiks er bent á 2. mgr. 3. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, en þar segir:

„Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og orðið hafa til við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, uppdrætti, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptökur, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn.“

Lagt er til að bókhaldsfærslur, sem byggjast á skjalasendingum milli tölva, verði jafnréttháar öðrum færslum enda uppfylli þær allar kröfur um öryggi og áreiðanleika sem gerðar eru til pappírsskjala. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um pappírslaus viðskipti og geymslu gagna á rafrænu formi.

Í reglugerð verður væntanlega kveðið nánar á um frágang bóka og prentaðra lista sem koma í stað innbundinna bóka í handfærðu bókhaldi, sbr. reglugerð nr. 417/ 1982 um bókhald.

Í 13. gr. er fjallað um sjóðbók. Reglubundin færsla hennar hefur verið talin grundvallaratriði í öryggi bókhalds. Lagt er til að falla megi frá því að færa sjóðbók þegar sýnt er fram á að annað jafnöruggt kerfi sé notað.

Lagt er til að geymsluskylda bókhaldsbóka og -gagna verði óbreytt. Sama gildir um gögn sem varðveitt eru með rafrænu sniði. Þó er lagt til að geyma skuli sjóðvélastrimla í þrjú ár í stað sjö áður. Jafnframt er gerð sú krafa til þeirra sem nota tölvur við færslu bókhalds að prenta öll gögn í upprunalegt form eða yfirfæra þau á nýjan miðil ef tækjum, sem nauðsynleg eru til að kalla þau fram, er breytt eða fargað.

Um III. kafla.

Í III. kafla eru ákvæði um ársreikninginn og skýringar með honum, svo og um skoðunarmenn ársreikninga og hlutverk þeirra.

Samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til laga um ársreikninga. Það er samið með hliðsjón af tilskipunum Evrópubandalagsins (Evrópusambandsins) og fjallar um ársreikningagerð tiltekinna lögaðila, þ.e. hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaðri ábyrgð, samlaga, samvinnufélaga og einnig tiltekinna sameignarfélaga og samlagsfélaga. Þau félög, sjóðir og stofnanir, svo og bókhaldsskyldir einstaklingar sem ekki falla undir ákvæði væntanlegra ársreikningalaga, skulu gera ársreikninga sína í samræmi við ákvæði þessa frumvarps en þeim er þó heimilt að fara eftir væntanlegum ársreikningalögum.

Bókhaldsskyldir aðilar skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár og undirrita hann. Lagt er til að lengdur verði frestur til að fullgera og undirrita ársreikninga, úr fimm mánuðum í sex eftir lok reikningsárs. Með hliðsjón af ákvæðum skattalaga um skilafrest á skattframtölum er þó ljóst að ársreikningar skattskyldra aðila þurfa að vera tilbúnir fyrr.

Í 30. gr. er lagt til að áfram verði heimilt að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag. Er það í samræmi við ákvæði 25. gr. frumvarps til laga um ársreikninga. Þar er heimilað að leiðrétta liði ársreiknings, þar með talið eigið fé, vegna áhrifa verðbólgu og skulu þá slíkar leiðréttingar bæði taka til rekstrarreiknings og efnahagsreiknings.

Í 31. gr. eru ákvæði þess efnis að veita skuli upplýsingar um tiltekna liði í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi í skýringum en ákvæðið á sér fyrirmyndir í lögum um hlutafélög og samvinnufélög.

Í 32.–35. gr. er að finna ákvæði sem ekki hafa hingað til verið í bókhaldslögum þótt sambærileg ákvæði sé að finna í öðrum lögum, svo sem hlutafélagalögum. Þau fjalla um kosningu eða ráðningu skoðunarmanna ársreikninga ef þeir eru á annað borð kosnir eða ráðnir samkvæmt samþykktum félaga en það er ekki gert að lagaskyldu. Hlutverk þeirra er skilgreint í 34. gr. Yfirleitt má segja að starfssvið skoðunarmanna eða endurskoðenda, eins og þeir eru nefndir í samþykktum félaga, sé ekki skilgreint þar. Með skoðunarmanni er átt við þann sem ekki hefur hlotið löggildingu til endurskoðunarstarfa en valinn er af félagsmönnum eða stjórn félags til að yfirfara bókhald og ársreikning þess og árita hann.

Ekki er gerð krafa um sérstaka bókhaldskunnáttu skoðunarmanns.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla eru ákvæði um heimild ráðherra til að setja reglugerð um margvísleg framkvæmdaratriði, svo og um brot á lögunum og gildistöku þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru ákvæði um það hverjir skuli vera bókhaldsskyldir og er hún efnislega óbreytt frá gildandi lögum. Segja má að allur atvinnurekstur sé bókhaldsskyldur án tillits til þess í hvaða formi hann er rekinn. Einnig eru þeir bókhaldsskyldir sem hafa með höndum eða fara með fé annarra. Hér hefur verið farin sama leið og í gildandi lögum, þ.e. að telja upp helstu flokka bókhaldsskyldra aðila. Hafa verður í huga að slík upptalning verður aldrei tæmandi. Hugsanleg vafatilvik ber að skýra út frá þeim meginsjónarmiðum sem liggja að baki efni greinarinnar.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. eru öll þau félög bókhaldsskyld sem rekin eru með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila án tillits til þess hvort þau hafa með höndum atvinnurekstur eða ekki. Hér er m.a. um að ræða hlutafélög og félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila sem um er fjallað í c-lið 33. gr. laga nr. 42/1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð. Samkvæmt því ákvæði skal hvert það félag, er hefur breytilega félagatölu eða breytilegan höfuðstól, talið félag með takmarkaðri ábyrgð þótt félagsmenn hafi ótakmarkaða ábyrgð.

Samkvæmt 2. tölul. eru m.a. bókhaldsskyld hvers konar félög sem stofnuð eru og rekin á samvinnugrundvelli samkvæmt lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, svo og hvers konar gagnkvæm vátrygginga- og ábyrgðarfélög.

Samkvæmt 3. tölul. eru öll félög tveggja eða fleiri aðila, sem stofnuð eru og rekin með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, bókhaldsskyld án tillits til þess hvort þau stunda atvinnurekstur eða eru skráð í verslanaskrár eða og án tillits til skattalegrar stöðu þeirra. Hér er um að ræða sameignarfélög, sem er félagsskapur tveggja eða fleiri manna eða félagsaðila um atvinnustarfsemi eða önnur áhugamál, þar sem félagsaðilar bera persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins, einn fyrir alla og allir fyrir einn, hvort sem þau hafa fjárhagsleg markmið eða önnur markmið. Hér með teljast t.d. félagsbú bænda sem stofnuð eru skv. 2. mgr. 25. gr. jarðalaga, nr. 90/1984, með síðari breytingum. Einnig teljast hér með samlagsfélög sem um er fjallað í a-lið 33. gr. fyrrnefndra laga nr. 42/1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð. Samkvæmt því ákvæði er félag talið samlagsfélag þegar einn eða fleiri félagsmenn þess bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en einn eða fleiri félagsmenn takmarka ábyrgð sína við tillög sín eða hlutafé sem tilkynnt hefur verið í verslanaskrá.

Samkvæmt 4. tölul. eru ríkisbankar bókhaldsskyldir eins og í gildandi lögum en hlutafélagsbankar eru bókhaldsskyldir skv. 1. tölul. greinarinnar. Sama á við um sparisjóði og aðrar fjármálastofnanir sem ekki falla undir aðra töluliði greinarinnar, svo sem verðbréfasjóði og verðbréfafyrirtæki.

Í 5. tölul. er lagt til að öll fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis eða sveitarfélaga, sem hafa með höndum atvinnurekstur, séu bókhaldsskyld. Með ríkisfyrirtækjum er átt við fyrirtæki í eigu ríkisins sem standa að öllu eða nokkru leyti undir kostnaði af starfsemi sinni með tekjum af sölu á vörum og þjónustu eða stunda starfsemi sem í meginatriðum er hliðstæð starfsemi einkaaðila. Eðlilegt er að sömu lög og reglur gildi um bókhald og árs-

reikninga fyrirtækja í eigu opinberra aðila og gilda mundu ef viðkomandi rekstur væri á vegum einkaaðila. Lög nr. 52/1966 gilda um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Samkvæmt 6. tölul. eru þrotabú og önnur bú, sem eru undir skiptum, t.d. dánarbú, bókhaldsskyld ef þau stunda atvinnurekstur. Þetta ákvæði er ekki í gildandi lögum en þessi bú hafa þó verið talin bókhaldsskyld samkvæmt almennum reglum um bókhaldsskyldu. Eðlilegt er að greina sérstaklega þennan flokk lögaðila.

Samkvæmt 7. tölul. eru hvers konar félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru annars staðar talin, bókhaldsskyld hvort sem þau stunda atvinnurekstur eða ekki. Mörg þessara félaga, sjóða og stofnana hafa með höndum fjármuni og þurfa að gera öðrum grein fyrir öflun og ráðstöfun þeirra. Telja verður eðlilegt að hagsmunir félaga í slíkum félagsskap séu tryggðir með bókhaldsskyldu og gerð ársreiknings. Undir þetta falla margvísleg félög og hagsmunasambönd sem stofnsett eru og starfrækt um ýmis áhugamál, svo sem stéttar- og fagfélög og sambönd þeirra, lífeyrissjóðir, íþróttafélög og sambönd þeirra, kvenfélög, kirkju- og safnaðarsjóðir, minningarsjóðir, menningar- og styrktarsjóðir, stjórnmálafélög og -samtök, líknarfélög, sjálfseignarstofnanir, húsfélög og veiðifélög.

Samkvæmt 8. tölul. eru allir einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, bókhaldsskyldir. Ekki er talin ástæða til að telja upp hinar ýmsu atvinnugreinar eins og gert er í gildandi lögum. Með þessu ákvæði verða allir bændur bókhaldsskyldir en samkvæmt gildandi lögum um bókhald eru þeir undanþegnir færslu bókhalds nema þeir selji meiri hluta afurða beint til smásala eða neytenda. Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 eru allir, sem skattskyldir eru samkvæmt þeim lögum, þar á meðal bændur, skyldir að haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattskila. Bændur eru því í reynd bókhaldsskyldir og eðlilegast að það komi fram í bókhaldslögum.

Í 2. mgr. er fjallað um samrekstur tveggja eða fleiri aðila, hvort sem það eru einstaklingar eða lögaðilar, í tengslum við annan atvinnurekstur þeirra. Dæmi um þetta eru sameiginlegur rekstur á skrifstofu, sameiginleg innkaup rekstrarvara eða rekstrareigna og sameiginleg afnot þeirra við atvinnurekstur hvers um sig. Hér er ekki átt við eiginlegt sameignarfélag, sbr. 3. tölul. 1. mgr. Sem dæmi má nefna að algengt er að læknar, lögfræðingar eða endurskoðendur sameinist um sameiginlega skrifstofuþjónustu o.þ.h. eða tvö eða fleiri félög sameinist um kaup og rekstur á atvinnutæki eða fasteign. Hvort sem samrekstraraðilarnir deila einstökum reikningum milli sín að réttri tiltölu eða safna þeim saman á einn stað og færa sérstakt bókhald um samreksturinn veldur það vanda hvernig með skuli fara í bókhaldi samrekstraraðilanna sjálfra. Í þessu tilviki er hver samrekstraraðili um sig bókhaldsskyldur en ekki samreksturinn sjálfur. Við færslu í bókhaldi hvers samrekstraraðila um sig skapast sá vandi að seljandi gefur aðeins út einn sölureikning þannig að samrekstraraðilarnir geta ekki hver um sig bókað kostnað eftir fullnægjandi gögnum, þ.e. frumriti reiknings.

Með 2. mgr. er lagt til að slíkir samrekstraraðilar hafi heimild til að færa sameiginlegt bókhald yfir samreksturinn. Niðurstöðutölur sameiginlega bókhaldsins skulu færðar sundurliðaðar á viðeigandi reikninga í bókhaldi hvers samrekstraraðila, að réttri tiltölu, svo oft sem þurfa þykir. Fylgiskjöl að baki færslunum í hinu sameiginlega bókhaldi varðveitast þá þar með skipulegum hætti.

Ákvæði 2. mgr. geta á sama hátt átt við sameiginlegar tekjur samrekstraraðila. Hér getur t.d. verið um að ræða svo kölluð sameiginleg fyrirtæki eða samstarfsfyrirtæki (joint venture) sem eru stofnuð af tveimur eða fleirum aðilum til að leysa tiltekin samstarfsverkefni og er síðan slitið þegar verkefninu lýkur. Það fer eftir eðli samstarfsins hverju sinni hvort líta skuli á það sem rekstur sameignarfélags eða samrekstur.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um þá meginreglu, sem er óbreytt frá gildandi lögum, að allir bókhaldsskyldir aðilar skuli halda tvíhliða bókhald nema undantekning sé gerð frá því, sbr. 3. gr.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er með sama hætti og í gildandi lögum gert ráð fyrir að áfram verði heimiluð undanþága frá færslu tvíhliða bókhalds hjá einstaklingum í tilteknum atvinnugreinum. Heimildin er þó þrengd nokkuð þannig að allmargir, sem nú eru undanþegnir færslu tvíhliða bókhalds, skulu framvegis færa tvíhliða bókhald. Kröfur sem hið opinbera gerir til þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eru miklar, bæði hvað varðar skýrslugerð og skráningu viðskiptanna. Það þykir þó ekki þjóna neinum tilgangi að skylda t.d. einyrkja, sem reka minni háttar starfsemi sem fyrst og fremst byggist á eigin vinnuframlagi, til færslu tvíhliða bókhalds. Krafan til þessara manna er fyrst og fremst sú að þeir skrái hjá sér í ákveðnu formi tekjur sínar og gjöld, eignir og skuldir og færslugögn séu í skipulegri röð og uppfylli formkröfur. Bent er á að nú þegar eru gerðar tiltölulega nákvæmar kröfur til bókhalds þeirra aðila sem falla undir ákvæði laga um virðisaukaskatt og eru ákvæði greinarinnar í samræmi við þessar kröfur. Þetta eru í reynd lágmarkskröfur um bókhald þeirra sem kunna að vera undanþegnir færslu tvíhliða bókhalds. Aukin tölvunotkun í atvinnurekstri auðveldar færslu tvíhliða bókhalds og margir þeirra sem hafa heimild til færslu einhliða bókhalds notfæra sér þegar tölvutæknina og færa tvíhliða bókhald. Engu að síður er raunhæft að veita undanþáguna vegna þess að einstaklingar með minni háttar atvinnurekstur eru fjölmargir.

Undanþágan er bundin sömu skilyrðum og í gildandi lögum, þ.e. að viðkomandi starfi einn eða með maka sínum og börnum innan 16 ára aldurs og noti ekki meira aðkeypt vinnuafl en sem svarar einum starfsmanni að jafnaði á ári. Í gildandi lögum er undanþágan miðuð við að aðkeypt vinnuafl fari ekki fram úr 52 vinnuvikum á ári og er því ekki um efnisbreytingu að ræða. Með aðkeyptu vinnuafli er einnig átt við aðkeypta þjónustu verktaka.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. eru þeir sem stunda útgerð á bátum undir 10 rúmlestum undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald. Algengast er að þeir selji afla sinn á fiskmarkaði, til fiskverkenda eða fisksala. Selji útgerðarmaður verkaðan afla þarf hann einnig að uppfylla skilyrði 2. tölul.

Samkvæmt 2. tölul. eru þeir sem verka sjávarafla og selja meiri hluta afurða sinna um afurða- eða fisksölufyrirtæki undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald.

Samkvæmt 3. tölul. eru bændur undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald ef þeir selja meiri hluta afurða sinna um afurða- eða sölufyrirtæki. Þessi undanþága nær þó ekki til bænda sem stofnað hafa til félagsbúa skv. 2. mgr. 25. gr. jarðalaga, nr. 90/1984, þar sem þau teljast bókhaldsskyld skv. 3. tölul. 1. gr. laganna.

Samkvæmt 4. tölul. eru þeir sem reka leigu-, sendi-, vöru- og fólksflutningabifreiðar, svo og vinnuvélar, undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald. Þetta er tiltölulega einföld starfsemi sem byggist á vinnuframlagi eiganda á umræddum bifreiðum og tækjum.

Samkvæmt 5. tölul. eru þeir sem stunda viðgerðir eða aðra iðnstarfsemi undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald vegna starfs síns.

Samkvæmt 6. tölul. eru þeir undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald sem fyrst og fremst selja vinnu sína og faglega þekkingu. Undir þetta fellur margvísleg starfsemi, svo sem starfsemi lækna, tannlækna, arkitekta og ráðgjafa hvers konar. Lögfræðingar og aðrir þeir sem stunda fjárvörslu eru þó skyldir að halda tvíhliða bókhald.

Í 2. mgr. er dregið úr skyldu tiltekinna félaga, sjóða og stofnana til að færa tvíhliða bókhald. Undanþágan í gildandi lögum nær eingöngu til manna þannig að nú skulu öll félög, sjóðir og stofnanir færa tvíhliða bókhald án tillits til umfangs starfseminnar. Umsvif margra slíkra félaga eru svo lítil að það þjónar engum tilgangi að leggja slíka kvöð á þau. Einkum er hér horft til lítilla húsfélaga og ýmissa áhugamannafélaga. Óþarft er að íþyngja almennum félagsmönnum meira í þessu efni en nauðsynlegt er og má segja að þessi tilhögun sé fremur í samræmi við það sem nú tíðkast hjá hinum ýmsu félögum þar sem haldið er utan um fjárreiður á fullnægjandi hátt.

Í 3. mgr. er lagt til að sú regla verði óbreytt frá gildandi lögum að ef aðili er skyldur til að færa tvíhliða bókhald vegna einhvers þáttar starfsemi sinnar skuli það eiga við um allan atvinnurekstur hans.

Um 4. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um almennar reglur um færslu á bókhaldi og samningu ársreiknings.

Í gildandi lögum er notað hugtakið „góð bókhalds- og reikningsskilavenja“. Vegna þess hve félög eru fjölbreytt og þróun ör er þess ekki að vænta að unnt sé að setja í lög og reglur ákvæði sem taka á öllum atriðum um bókhald og gerð ársreikninga. Í hugtakinu góð bókhalds-og reikningsskilavenja felst einkum það að bókhald sé fært og reikningsskil séu gerð í samræmi við þau sjónarmið sem á hverjum tíma eru almennt ráðandi hjá sérhæfðu og samviskusömu fólki sem vinnur við bókhald og reikningsskil.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar um ábyrgð stjórnenda eru óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Um 6. gr.

Þessi grein felur í sér almenna lýsingu á bókhaldi, tilgangi þess og markmiðum. Bókhaldinu er ætlað að gefa upplýsingar fyrst og fremst til eigenda og stjórnenda til að þeir geti innt af hendi skyldur sínar í samræmi við markmið starfseminnar og gagnvart öðrum aðilum, svo sem lánardrottnum og viðskiptamönnum. Þá er krafan ekki síst fram komin vegna víðtækrar upplýsingaskyldu til opinberra aðila, svo sem til greiðslu ýmissa skatta og gjalda til þjóðfélagsins og margvíslegra annarra upplýsinga um starfsemina til yfirvalda til að unnt sé að sannprófa að farið sé að réttum leikreglum í viðskiptum. Í greininni eru settar fram tvær reglur. Sú fyrri mælir fyrir um við hvaða þarfir skuli miða bókhaldið en hin síðari kveður á um hvaða kröfur skuli gera til skýrleika þess. Lúta þessar reglur að meginatriðum í sambandi við bókhaldið. Vísað er til góðrar bókhalds-og reikn-

ingsskilavenju sem leiðarljóss að þessum tilgangi og markmiði laga um bókhald.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru settar fram kröfur um skipulag og uppbyggingu bókhaldsins til þeirra sem halda tvíhliða bókhald hvort sem þeim ber skylda til þess samkvæmt lögum eða hafa undanþágu frá þeim en halda engu að síður tvíhliða bókhald. Á þetta bæði við handfært sem tölvufært bókhald, svo og notkun á rafrænum tækjum, m.a. til nettengingar og skjalasendinga milli tölva. Skrifleg lýsing á skipulagi og uppbyggingu bókhaldsins skal liggja fyrir og veita m.a. upplýsingar um skipulag bókhaldskerfisins, tölvubúnaðinn og þann hugbúnað sem notaður er við bókhaldið. Þegar sjálfvirkri tölvuvinnslu er beitt í bókhaldi, eins og t.d. við vaxtaútreikning á viðskiptakröfum við mánaðamót, skal liggja fyrir í gögnum bókhaldsins greinargóð lýsing á þeirri vinnslu. Ákvæði um skriflega lýsingu á bókhaldskerfum er ekki að finna í gildandi lögum. Í frumvarpinu er notkun tölva jafnrétthá handfærðu bókhaldi og af því leiðir að gera verður þær kröfur til tölvukerfanna að fyrir liggi skýrar upplýsingar um þau. Þá skal liggja fyrir listi yfir reikningslykla og skulu heiti þeirra vera lýsandi fyrir tilgang þeirra í bókhaldinu.

Vel skipulagt bókhald felur í sér gott innra eftirlit og gerir það eðlilegt og sjálfsagt að rekja megi færslur frá færslugögnum til bókhaldsins og frá bókhaldinu til færslugagna, svo og frá niðurstöðu bókhaldsins til ársreiknings og öfugt.

Í 5. mgr. eru nýmæli þess efnis að ráðherra geti sett reglur um tiltekin lágmarksskilyrði sem sett eru um bókhaldskerfi fyrir tölvur. Jafnframt er gert ráð fyrir að hann geti mælt fyrir um að þau skuli hljóta opinbera viðurkenningu áður en notkun þeirra er heimiluð. Með þessu er tryggt að unnt sé að bregðast á skjótan hátt við ef brögð verða að því að boðin séu til sölu bókhaldskerfi sem ekki uppfylla þær kröfur um bókhald sem sett eru í frumvarpi þessu.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um bókhaldsgögn. Með bókhaldsgögnum er átt við þau gögn er liggja skulu til grundvallar færslum í bókhaldið. Um er að ræða tvenns konar gögn að uppruna til.

Svonefnd ytri gögn eru þau sem verða til hjá utanaðkomandi aðilum í viðskiptum við þá. Þessi gögn geta t.d. verið reikningur, afreikningur eða kvittun fyrir mótteknum verðmætum, greiðsluseðill eða gíróseðill. Einnig getur verið um að ræða samninga milli aðila, símskeyti eða myndrit sem bókað er eftir. Gerðar eru þær kröfur til þessara gagna að þau séu áreiðanleg og fullnægjandi til sönnunar þess að viðskiptin hafi farið fram og varði starfsemina og réttlæti þar með færsluna. Telja verður eðlilegt þegar um viðskipti er að ræða milli bókhaldsskyldra aðila hérlendis að þessi gögn séu sýnilegur hluti af bókhaldskerfi útgefanda skjalsins þannig að t.d. reikningar, afreikningar eða greiðslukvittanir uppfylli tiltekin ákvæði um form og innihald. Ekki skiptir máli hvort um er að ræða einstaklingsfyrirtæki, lögaðila eða félagasamtök enda gegna gögnin þýðingarmiklu hlutverki í bókhaldi útgefandans. Í viðskiptum við erlenda eða óbókhaldsskylda aðila er að sjálfsögðu ekki unnt að gera slíkar kröfur til þeirra um frágang bókhaldsskjals en það þarf þó að uppfylla lágmarksskilyrði um áreiðanleika í bókhaldi þess er það færir. Þetta eru ekki eingöngu hagsmunir hins opinbera heldur fara saman almennir hagsmunir eigenda í atvinnurekstri svo og almennings í margvíslegum félagasamtökum sem fara með fjármuni félagsmanna. Þessum ákvæðum er ætlað að tryggja að bókhald og ársreikningur, sem gerður er eftir því, byggist á trúverðugum og áreiðanlegum gögnum sem jafnframt

eru hluti af bókhaldskerfi mótaðilans.

Innri gögn eru þau sem verða til hjá hinum bókhaldsskylda aðila sjálfum. Þar má nefna samrit reikninga, afreikninga, greiðslukvittana, samninga og skeyta sem viðkomandi gefur út vegna viðskipta sinna. Þá má nefna útsláttarseðil sjóðvélar þegar hún er notuð til skráningar tekna. Einnig má nefna fylgiskjöl sem útbúin eru af hinum bókhaldsskylda aðila, svo sem launaseðla, fylgiskjöl til skýringar á millifærslum, færslum milli deilda og leiðréttingum, svo og vegna sjálfvirkra færslna í tölvufærðu bókhaldi, t.d. mánaðarlegs vaxtaútreiknings. Gerð er krafa til þess að þessi bókhaldsgögn beri greinilega með sér, hvaða tilgangi þau þjóna og að þau séu hluti af öruggu kerfi fylgiskjala sem við á hverju sinni.

Í 4. mgr. er gerð krafa til þess að ávallt skuli vera unnt að sýna á tölvuskjá og prenta þau skjöl sem send eru milli tölva og liggja til grundvallar færslum í bókhaldi í pappírslausum viðskiptum.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um sjálfa skráningu viðskiptanna í bókhaldið. Meginreglan er að bóka skal viðskiptin svo fljótt sem verða má. Þrátt fyrir breytt orðalag er hér ekki um efnisbreytingu að ræða frá 10. gr. gildandi bókhaldslaga. Lögð er áhersla á að bókunin fari fram þegar reikningur eða bókhaldsskjal hefur verið útbúið eða eigi síðar en slík gögn hefðu átt að liggja fyrir samkvæmt góðri viðskipta- og reikningsskilavenju. Þetta kallar þannig á að bókhaldsskjöl séu útbúin hið fyrsta eftir að viðskipti eiga sér stað og dráttur á slíku getur ekki talist í samræmi við góða viðskiptahætti. Þá eru ákvæði um að bókunin skuli að jafnaði vera í réttri tímaröð og gefa rétta og skýra mynd af viðskiptunum þegar þau fóru fram. Texti bókunarinnar skal lýsa innihaldi færslunnar á skýran hátt og skal vísa til viðeigandi fylgiskjals sem skal vera númerað í kerfisbundinni röð, svo og dagsetningar þess. Það að skrá nafn viðkomandi reiknings í texta færslu telst ekki nægilega skýr færslumáti.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli er varða skjalasendingar milli tölva, pappírslaus viðskipti öðru nafni. Í frumvarpi þessu er lagt til að bókhaldsfærslur, sem byggjast á slíku kerfi pappírslausra viðskipta, verði jafnréttháar öðrum færslum enda uppfylli viðkomandi aðilar allar kröfur um öryggi og áreiðanleika og þar með talda samfellda númeraröð skjala og færslna, sbr. 3. mgr.

Ákvæði 3. og 4. mgr. eru efnislega í samræmi við 15. gr. gildandi laga. Bókhaldsfærslur skulu vera í skipulegri númeraröð í réttri tímaröð viðskiptanna og annarra færslutilefna og færslurnar skulu vísa til frumgagna.

Um 10. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þær bókhaldsbækur sem lögskipað er að færa, bæði bækur þeirra sem halda tvíhliða bókhald sem er aðalreglan og þeirra sem heimild hafa til að færa einhliða bókhald sem er undanþága frá aðalreglunni. Litið er svo á að þeim sem heldur tvíhliða bókhald, þrátt fyrir heimild til að halda einhliða bókhald, beri að fara að öllu leyti eftir sömu ákvæðum og gilda um tvíhliða bókhald. Enn fremur tekur ákvæðið bæði til þeirra sem nota tölvur við að færa bókhaldið og þeirra sem handfæra það.

Í 1. mgr. er sú aðalregla að bókhaldsbækur skuli færðar á varanlegan hátt í skipulögðu og öruggu kerfi og skiptir þá ekki máli hvort bókhaldið er tölvufært eða handfært eða fært á annan hliðstæðan hátt svo fremi það uppfylli öll öryggisskilyrði.

Í 2. mgr. eru taldar upp þær bækur og listar sem skylt er að færa í tvíhliða bókhaldi. Í gildandi lögum er getið nokkurra bóka sem skylt er að færa. Lagt er til að viðhalda þeim heitum sem tíðkast hafa um þessar bókhaldsbækur og skilgreina að nýju þannig að tölvulistar teljist til bóka í þessu sambandi og er þá gert ráð fyrir að þeir séu varðveittir í samfelldu formi. Handfærsla hefðbundinna bóka hefur að mestu lagst af en tölvulistar komið í staðinn. Listunum hafa verið gefin mismunandi heiti í einstökum tölvukerfum en með greininni er ætlunin að stuðla að samræmdum heitum þeirra.

Í 1. tölul. 2. mgr. er lýst dagbók en í henni koma færslurnar fram í samfelldri númeraröð fylgiskjala eins og þau voru bókuð. Í tölvufærðu bókhaldi skal koma fram dagsetning, texti færslunnar, fylgiskjalsnúmer og númer reikninga sem fært er á ásamt fjárhæðum í debet eða kredit á viðkomandi reikningslykil. Í handfærðu bókhaldi skulu koma fram sömu upplýsingar en þá þannig að fjárhæðirnar eru færðar beint á viðkomandi reikninga.

Í 2. tölul. 2. mgr. er fjallað um hreyfingalista sem er listi í tölvubókhaldi sem flokkar allar færslur dagbókar á bókhaldsreikninga, hvern eftir annan, og leggur þær saman. Þar koma fram allar sömu upplýsingar og í dagbókinni. Í handfærðu bókhaldi á hvort tveggja sér stað við færslu dagbókar að færslurnar eru í réttri færsluröð og jafnframt færðar á bókhaldsreikninga, sbr. 1. málsl. 5. mgr. greinarinnar.

Í 3. tölul. 2. mgr. er lýst aðalbók sem hefur að geyma niðurstöðutölur einstakra bókhaldsreikninga hverju sinni. Niðurstöður bókhaldsreikninga samkvæmt dagbók í handfærðu bókhaldi skulu færðar reglulega í aðalbók í lok tiltekins bókhaldstímabils sem getur verið að hámarki tveir mánuðir samkvæmt ákvæðum 18. gr. frumvarpsins. Í tölvufærðu bókhaldi er jafnan unnt að kalla fram aðalbók hvenær sem ástæða þykir til. Ekki er gerð krafa um að slík aðalbók sé prentuð reglulega innan reikningsársins en aðalbók í árslok skal þó prentuð og geymd eftir sömu reglum og aðrar bókhaldsbækur.

Í 4. tölul. 2. mgr. er áskilið að gerður skuli ársreikningur. Í 5. gr. gildandi laga er kveðið á um að halda skuli efnahagsbók og í 18. gr. þeirra segir að í hana skuli færa ársreikning og skuli hann a.m.k. hafa að geyma efnahagsreikning og rekstrarreikning. Efnahagsbókar er ekki getið í frumvarpinu og kemur ársreikningur í hennar stað. Sérstaklega er fjallað um ársreikning í III. kafla frumvarpsins.

Í 3. mgr. er áréttað að dagbók, hreyfingalisti og aðalbók myndi eina heild sem kallast fjárhagsbókhald.

Í 4. mgr. eru nefndar sjóðbók og viðskiptamannabók sem færa skal í tvíhliða bókhaldi þegar þess er þörf.

Í 5. mgr. eru taldar upp þær bækur sem þeim bókhaldsskyldu aðilum sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald er skylt er að færa. Samkvæmt 1. tölul. eru þeir skyldir til að færa sjóðbók eins og aðrir ef á annað borð er um sjóðshreyfingar að ræða hjá þeim. Auk þess geta þessir aðilar uppfyllt bókhaldsskyldu sína frekar með því að færa þau viðskipti sem fara um bankareikninga í sömu bók aðskilið frá sjóðreikningi. Samkvæmt 2. tölul. skulu þeir í stað færslu dagbókar, viðskiptamannabókar og aðalbókar færa í sérstaka bók, sundurliðunarbók, sundurliðaðar færslur úr sjóðbók og/eða sölureikningum eftir tegundum viðskipta. Í stað viðskiptamannabókar er útskrift sölureikninga og geymsla á afriti þeirra í samfelldri númeraröð fullnægjandi. Samkvæmt 3. tölul. skulu þeir einnig gera ársreikning.

Í 6. mgr. er lagt til að áfram verði heimilt, eins og í gildandi lögum, að sameina í handfærðu bókhaldi sjóðbók og dagbók sem þá er heitir sjóðsdagbók enda uppfylli hún form sjóðbókar um fyrir fram innbundnar og tölusettar blaðsíður. Enn fremur má sameina hjá þeim, sem handfæra bókhald, aðalbók og efnahagsbók sem nú er nefnd ársreikningur. Aðalbók í handfærðu bókhaldi á að vera fyrir fram innbundin og blaðsíður hennar tölusettar en í tölvufærðu bókhaldi er fullnægjandi að lokaeintak ársins sé innbundið eða heft eftir á eða geymt í skipulagðri röð í geymslubindi. Fallið er frá kröfu gildandi laga um að ársreikningur (áður efnahagsbók) sé í formi innbundinnar og löggiltrar bókar.

Í 7. mgr. er að finna nýmæli. Þar er lagt til að bókhaldsbækur skuli varðveittar á Íslandi, texti þeirra sé á íslensku og fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum. Þetta ákvæði tryggir að bókhaldsgögnin séu hér á landi þótt hinn bókhaldskyldi aðili sé búsettur erlendis eða hafi starfsstöð þar og að gögnin séu ávallt til taks. Ákvæðið um færslu bókhalds í íslenskum krónum kemur ekki í veg fyrir að í tölvufærðu bókhaldi séu færðar fjárhæðir í erlendum gjaldmiðlum, umreiknaðar í íslenskar krónur í bókhaldsbókunum.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. eru settar fram almennar reglur um það hvernig reikningaskipan skuli háttað og er ákvæðið efnislega óbreytt frá 9. gr. gildandi laga. Í bókhaldsgögnum skal liggja fyrir lýsing á bókhaldsreikningum, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Hver yfirlitsreikningur skal að jafnaði vera hreinn eigna- eða skulda-, gjalda- eða teknareikningur.

Í stað þess að færa einstaka skylda reikninga í fjárhagsbókhaldi er heimilað í 2. mgr. að færa þá í undirkerfi fjárhagsbókhalds. Þeir skulu þá tengjast yfirlitsreikningum í fjárhagsbókhaldinu.

Upptalningu á lágmarki þeirra yfirlitsreikninga, sem er að finna í 9. gr. gildandi laga, er sleppt en slík upptalning á frekar heima í reglugerð.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað nánar um aðalbók. Í lok hvers bókhaldstímabils á rekstrarárinu færast niðurstöðutölur einstakra bókhaldsreikninga í aðalbók í handfærðu bókhaldi. Um lokun einstakra bókhaldsbóka og bókhaldstímabil er fjallað í 18. gr. Í tölvufærðu bókhaldi skulu fjárhæðir í aðalbók samanstanda af öllum þeim færslum sem gerðar hafa verið og miðaðar eru við dagsetningar fyrir viðmiðunardag aðalbókarinnar.

Um 13. gr.

Í þessari grein er nánar fjallað um sjóðbókina. Allar greiðslur, sem bókhaldsskyldur aðili tekur við, hvort sem það er í reiðufé eða ávísunum, ber að færa í sjóðbók svo fljótt sem við verður komið og sama á við um allar greiðslur sem hann innir af hendi með reiðufé. Gerðar eru kröfur til þess að færslum í sjóðbókina sé hagað þannig að unnt sé að bera saman sjóðseign og niðurstöðu sjóðbókar í lok starfsdags eða vinnulotu eftir aðstæðum.

Í 3. mgr. eru nýmæli frá gildandi lögum, en þar er lagt til að linað sé á kröfunni um að færa sjóðbók þegar viðkomandi getur sýnt fram á að fyrirkomulag hans sé jafnöruggt eða öruggara. Með jafnöruggu fyrirkomulagi er fyrst og fremst átt við að allar inn- og útborganir séu látnar fara um bankareikning eða bankareikninga, hver um sig, með þeirri einu undantekningu að heimilt er að leggja innkomu hvers dags inn í einu lagi.

Felld eru niður ákvæði 2. mgr. 7. gr. gildandi laga um að í sjóðbók sé vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum. Í 19. gr. frumvarpsins er að finna almennt ákvæði um tölusetningu fylgiskjala og tilvísanir til þeirra í bókhaldsbókum og því óþarft að taka slíkt fram annars staðar.

Eins og fram kemur í 1. tölul. 5. mgr. 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að þeir sem undanþegnir eru skyldu til að færa tvíhliða bókhald skuli færa sjóðbók og gilda þá sömu reglur um færslu sjóðbókar og hjá þeim sem halda tvíhliða bókhald.

Um 14. gr.

Þeir sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald eiga, í stað þess að færa dagbók og aðalbók, að sundurliða í sérstaka bók, sundurliðunarbók, viðskipti sín eftir færslum í sjóðbókina, bæði sjóðsfærslur og bankaviðskipti. Þá skal taka tillit til viðskiptakrafna og ógreidds kostnaðar í lok bókhaldstímabils. Sundurliða skal eftir rekstrarþáttum og einstökum eigna- og skuldaliðum. Í sundurliðunarbókina skal færa sérhver viðskipti á sama veg og færð væri dagbók nema hér er ekki um tvíhliða færslur að ræða. Á sama hátt og í tvíhliða bókhaldi er heimilt að færa í einu lagi niðurstöðutölur undirbóka eins og t.d. niðurstöðu útskrifaðra reikninga eða niðurstöðu sjóðvélar samkvæmt útsláttarseðli.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. gildandi laga en hér er kveðið á um að halda skuli sérstaka reikninga í fjárhagsbókhaldi eða sérstöku viðskiptamannabókhaldi yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau er hönd selur hendi, eða með öðrum orðum að færa skuli á viðskiptamannareikninga viðskipti sem eru ekki staðgreidd.

Í 2. mgr. er veitt heimild til að nota sérstakt viðskiptamannabókhald sem undirkerfi fjárhagsbókhalds að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem fram koma í greininni. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 16. gr.

Efnislega er 1. mgr. óbreytt frá 14. gr. gildandi laga en fallið er frá því að bækur þessar séu fyrir fram innbundnar eða heftar og blaðsíðurnar tölusettar.

Þeir sem nota tölvufært birgðabókhald, sem tengt er sölukerfi, eru ekki bundnir af ákvæðum um vörutalningu í lok reikningsárs. Hins vegar er gert ráð fyrir að vörutalningar á einstökum hlutum vörubirgða fari fram með reglubundnum hætti og nauðsynlegar leiðréttingar gerðar.

Um 17. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er fjallað um tekjuskráningu bókhaldsskyldra aðila. Hún skal byggjast á skýru og öruggu kerfi sem tryggir að unnt sé að sannreyna að allar tekjur komi fram. Með öruggu kerfi er fyrst og fremst átt við reikninga, afreikninga og gíróseðla sem eru í fyrir fram númeruðu kerfi, svo og sjóðvélar. Enn fremur skal bent á að ýmis tölvukerfi uppfylla kröfur um öruggt og skipulagt númerakerfi sem ekki á að vera unnt að breyta þótt ekki sé það á sama veg fyrir fram númerað og á prentuðum eyðublöðum.

Bent skal á að skv. 1. mgr. 20. gr. laga um virðisaukaskatt skulu reikningseyðublöð vera fyrir fram tölusett í samfelldri töluröð. Samkvæmt 21. gr. sömu laga er ráðherra heimilað að mæla svo fyrir í reglugerð þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi að taka megi upp aðrar aðferðir við tekjuskráningu en kveðið er á um í fyrrnefndri 1. mgr. 20. gr. enda sé í stað reiknings notað annað jafnöruggt skráningar- og eftirlitskerfi. Með þessari heimild getur ráðherra þannig aðlagað framkvæmd virðisaukaskattslaganna að frumvarpi þessu að þessu leyti.

Um 18. gr.

Í þessari grein er lagt til að bókhaldstímabil í tvíhliða bókhaldi skuli eigi vera lengra en tveir mánuðir en bókhaldstímabil er að hámarki þrír mánuðir skv. 11. gr. gildandi laga. Er breytingin gerð til samræmis við lög um virðisaukaskatt sem kveður á um tveggja mánaða virðisaukaskattstímabil með viðeigandi uppgjöri og lokun bóka. Þá skal loka sjóðbók, sjóðsdagbók og dagbók í handfærðu bókhaldi og færa niðurstöðutölur í aðalbók. Færslu í aðalbók skal hafa verið lokið eigi síðar en mánuði eftir lok bókhaldstímabilsins.

Þeir sem undanþegnir eru færslu tvíhliða bókhalds skulu a.m.k. í lok reikningsársins sundurliða viðskipti sín í sundurliðunarbók.

Við gerð ársreiknings skal fara fram nákvæm og fullkomin lokun á öllum bókhaldsbókum og gæta skal þess að samræmi sé milli fjárhæða í ársreikningi og aðalbók eða sundurliðunarbók þannig að rekja megi fjárhæðirnar saman.

Um 19. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal tölusetja fylgiskjöl á reglubundinn hátt eins og áskilið er í 15. gr. gildandi laga og vísa til tölusetningarinnar í færslunum. Fylgiskjölin skal geyma í samfelldri töluröð. Heimilt er að nota fleiri en eina töluröð ef þær eru aðgreindar hver frá annarri á skýran og öruggan hátt.

Ákvæði 2. mgr. er óbreytt frá 2. mgr. 15. gr. gildandi laga um skipulagða geymslu bókhaldsgagna og annarra gagna sem þýðingu hafa í rekstrinum og á það jafnt við um geymslu gagna á pappír sem tölvugögn.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um geymsluskyldu bókhaldsbóka og bókhaldsgagna og er greinin sambærileg við 1. mgr. 16. gr. gildandi laga. Lagt er til að halda óbreyttri sjö ára geymsluskyldu þessara gagna, sbr. þó lokamálslið málsgreinarinnar en þar eru nýmæli. Samkvæmt þeim er linað á geymslukröfu sjóðvélastrimla hjá þeim sem nota sjóðvélar úr sjö árum í þrjú ár eftir lok reikningsárs enda liggi fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur fyrir viðkomandi ár. Í bókhaldinu skulu áfram liggja fyrir útsláttarseðlar með samtölu fyrir sölu hvers dags og skulu þeir geymdir í sjö ár.

Geymsla gagna á tölvum hefur tíðkast um nokkurt skeið og fer vaxandi. Áríðandi er að hún verði örugg á geymslutímanum. Í 2. mgr. er að finna nýmæli um geymslu í tölvutæku formi og skilyrði hennar.

Í 3. mgr. er óbreytt ákvæði um geymslu ársreikninga í 25 ár.

Um 21. gr.

Efnislega er þessi grein óbreytt frá 17. gr. gildandi laga um leiðréttingar og breytingar á þegar gerðum færslum í bókhaldi. Þegar fært hefur verið til bókar má hvorki eyða færslum né gera ólæsilegar. Í tölvubókhaldi falla breytingar og leiðréttingar, sem gerðar eru á færslum áður en þær eru uppfærðar, ekki undir þetta.

Um 22. gr.

Í þessari grein eru samsvarandi ákvæði og í 18. gr. gildandi laga. Ársreikningur skal a.m.k. hafa að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning, svo og skýringar eftir því sem við á. Fer það eftir því hverjir eiga að lesa ársreikninginn að hvaða marki þörf er á skýringum. Ársreikning skal gera fyrir hvert reikningsár sem er tólf mánuðir. Reikningsárið er ekki bundið almanaksárinu. Við upphaf rekstrar getur reikningsárið verið skemmra fyrsta árið og er það í samræmi við viðtekna venju. Einnig er heimilað að við upphaf rekstrar geti reikningsárið verið lengra en tólf mánuðir en þó að hámarki átján mánuðir. Sama á við ef reikningsári er breytt síðar. Breytingin skal þá tilgreind og rökstudd í skýringum. Ákvæðið um afbrigðilegt reikningsár við upphaf rekstrar eða breytingu á reikningsári er nýtt í bókhaldslögunum en á sér fyrirmynd í hlutafélagalögum og lögum um samvinnufélög.

Lagt er til að lengdur verði frestur til að fullgera og undirrita ársreikning úr fimm mánuðum í sex mánuði eftir lok reikningsárs. Með hliðsjón af ákvæðum skattalaga um skilafrest á framtali og ársreikningi er þó ljóst að ársreikningur verður að vera fyrr tilbúinn hjá skattskyldum aðilum.

Ákvæði um undirritun ársreikninga eru óbreytt og hvernig skuli með fara ef mótbárur koma fram.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað um innihald efnahags- og rekstrarreiknings en felld niður upptalning um lágmarkssundurliðun sem er að finna í 19. og 20. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að kveðið verði á um slíka sundurliðun í reglugerð.

Um 24. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 25. gr.

Hér er áréttuð sú regla að tekjur skuli að jafnaði tekjufæra á því ári sem þeirra er aflað, án tillits til innheimtu. Gjöld skal á sama hátt gjaldfæra á því ári sem til þeirra er stofnað, án tillits til greiðslu.

Um 26. gr.

Þessi grein er nýmæli en styðst við viðtekna venju. Hún felur í sér að því aðeins skuli telja óefnisleg réttindi, svo sem viðskiptavild, vörumerki, einkaleyfi, framleiðslurétt í landbúnaði og fiskveiðiheimildir, til eignar að þeirra hafi verið aflað gegn greiðslu. Sama á við um rannsóknar- og þróunarkostnað.

Um 27. gr.

Þessi grein er nýmæli og styðst við viðtekna venju í reikningsskilum en þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 28. gr.

Þessi grein fjallar um mat eigna og er efnislega í samræmi við 21. gr. gildandi laga. Peningalegar eignir og skuldir ber að tilgreina með þeirri fjárhæð sem svarar til verðmætis þeirra. Varanlegir rekstrarfjármunir skulu tilgreindir á kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum. Afskriftahlutföll eru ekki tilgreind í frumvarpinu fremur en í gildandi lögum.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 29. gr.

Í 1. mgr er fjallað um það þegar verðmæti fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra og slíkt ástand verður talið langvarandi. Þá ber að lækka bókfærða verðið að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju. Þegar um skammvinn áhrif er að ræða ber ekki að lækka bókfært verð.

Í 2. mgr. er fjallað um mat áhættufjármuna og langtímakrafna. Þegar markaðsverð þeirra er lægra en bókfært verð er heimilað að færa bókfært verð niður um þann mismun. Þessar eignir skulu einnig sæta niðurfærslu þegar fyrir liggur að hætta sé á því að þær innheimtist ekki.

Matsbreytingar samkvæmt þessari grein skulu færðar á rekstrarreikning og er áréttað að slíkar færslur séu ekki færðar beint á eiginfjárreikninga.

Um 30. gr.

Samkvæmt þessari grein er heimilað að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag starfseminnar enda sé gerð rækileg grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru. Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við þau reikningsskil sem tíðkast hafa hér á landi á undanförnum árum.

Um 31. gr.

Veita skal upplýsingar um a.m.k. tiltekna liði í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þær upplýsingar ekki greinilega fram í ársreikningi.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 32. gr.

Ákvæði þessarar greinar fela í sér nýmæli um kosningu skoðunarmanna eða ráðningu löggiltra endurskoðenda og hlutverk þeirra. Yfirleitt er í samþykktum félaga, sjóða og stofnana ákvæði um kosningu endurskoðenda en engin frekari ákvæði um hlutverk þeirra og verksvið. Í lögum um hlutafélög og lögum um samvinnufélög eru á hinn bóginn almenn ákvæði um hlutverk og verksvið þeirra. Í frumvarpi þessu er hlutverk skoðunarmanna skilgreint. Kosning endurskoðenda eða skoðunarmanna er ekki gerð að lagaskyldu í frumvarpi þessu enda er ekki talin þörf á slíku hjá aðilum sem stunda óverulegan atvinnurekstur eða ef um fámenn félagasamtök er að ræða.

Gerður er greinarmunur á skoðunarmanni og endurskoðanda að því er varðar þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar. Um starfsskyldur endurskoðenda er vísað til laga um löggilta endurskoðendur en engar sérstakar hæfniskröfur eru gerðar til skoðunarmanna. Nefna má að í lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, er notað orðið skoðunarmaður reikninga til aðgreiningar frá löggiltum endurskoðanda sem kosinn er til starfans. Hæfisskilyrði beggja eru bundin við ákvæði laga um löggilta endurskoðendur en þau eru eftirfarandi:

Viðkomandi er óheimilt að yfirfara og árita ársreikning hjá félagi þar sem hann er að öllu leyti eða að hluta ábyrgur fyrir skuldbindingum þess; hann má ekki sitja í stjórn eða fulltrúanefnd né vera framkvæmdastjóri eða starfsmaður félagsins; hann má ekki heldur vera undir stjórn eða á annan hátt háður stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða þeim starfsmönnum sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi eða fjármunum; hann má ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja, fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri, fósturforeldri eða fósturbarn og að lokum má hann ekki vera fjárhagslega háður viðkomandi félagi.

Félag getur í stað þess að kjósa skoðunarmann, annaðhvort úr hópi félagsmanna eða utan hans, eða samhliða kosningu skoðunarmanns, valið að kjósa eða ráða löggiltan endurskoðanda og gilda þá ákvæði laga um löggilta endurskoðendur um starf hans.

Um 33. gr.

Í 33. gr. eru almenn ákvæði um aðgang skoðunarmanna að bókhaldi og bókhaldsgögnum og þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Um 34. gr.

Í 34. gr. er gerð grein fyrir hlutverki skoðunarmanna. Skoðunarmaður er í reynd fulltrúi félagsmanna sem ekki hafa aðgang að bókhaldi félagsins. Með áritun sinni á ársreikninginn gefur hann félagsmönnum skýrslu um athugun sína á bókhaldi og bókhaldsgögnum og hvort ársreikningur gefi skýra mynd af starfsemi félagsins. Ekki er gerð krafa til sérstakrar bókhaldskunnáttu en áður en skoðunarmaður áritar ársreikninginn ber honum að yfirfara hann og fullvissa sig um að eignir þær sem þar eru tilgreindar séu raunverulega fyrir hendi og farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar. Þannig getur skoðunarmaður til dæmis sannreynt bankainnstæður, verðbréfaeign og tilvist varanlegra eigna. Sama á við um tilgreindar skuldir. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 35. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 36. gr.

Í grein þessari er fjármálaráðherra heimilað að gefa út reglugerð um ýmis atriði bókhaldsins, svo sem um uppsetningu efnahagsreiknings og rekstrarreiknings.

Um 37. gr.

Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á viðurlagaákvæðum enda er til umræðu að samræma refsingar við efnahagsbrotum.

Um 38. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1995 og falli þá jafnframt niður eldri lög um bókhald. Hjá þeim sem hafa annað reikningsár en almanaksárið koma lög þessi til framkvæmda við upphaf fyrsta reikningsárs sem hefst eftir 1. janúar 1995.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um bókhald.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði út gildi eldri lög um bókhald, nr. 51/1968. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta, ef að lögum verður, muni hafa í för með sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð.

1050. Frumvarp til laga [613. mál]

um ársreikninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi gilda um hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila, samvinnufélög og samvinnusambönd, gagnkvæm vátrygginga- og ábyrgðarfélög og önnur félög með breytilegan höfuðstól og breytilega félagatölu. Enn fremur gilda lögin um sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, sbr. 2. gr. Lög þessi skulu víkja fyrir ákvæðum um ársreikninga í sérlögum enda geri þau jafnmiklar eða meiri kröfur til ársreikningagerðar en lög þessi.

Í lögum þessum merkir:

1. *félag*: fyrirtæki skv. 1. mgr. sem semja skal ársreikning eða samstæðureikning samkvæmt lögum þessum;
2. *félagsaðili*: hluthafa í hlutafélagi og eiganda eignarhluta í öðru félagi sem lög þessi taka til;
3. *eignarhluti*: hlutdeild félagsaðila í eigin fé félags sem lög þessi taka til;
4. *hlutdeildarfélag*: félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga eignarhluta í og hafa veruleg áhrif á; félag er talið hafa veruleg áhrif ef það og dótturfélög þess fara með 20% eða meira af atkvæðum í hlutdeildarfélaginu;
5. *móðurfélag*: félag sem á beinan eða óbeinan hátt á svo mikinn hluta eigin fjár í öðru félagi að það fer með meiri hluta atkvæða í því eða það hefur vegna samninga yfirráð í öðru félagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess;
6. *dótturfélag*: félag sem er undir yfirráðum annars félags á þann hátt sem lýst er í 5. tölul.;
7. *félagasamstæða*: móðurfélag og dótturfélög þess;
8. *samstæðureikningur*: reikningsskil þar sem reikningar móðurfélags og dótturfélaga þess eru sameinaðir í eitt;
9. *félagaskrá*: hver sú stofnun sem með lögum er fengið það hlutverk að skrásetja félög og afla og geyma gögn um stofnun félaga og starfsemi þeirra.

Þegar talið er saman atkvæðamagn félags í öðru félagi skal bæði telja atkvæði sem félagið sjálft fer með og atkvæði dótturfélaga þess hlutfallslega.

Eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, skulu ekki taldir með þegar talin eru saman atkvæði félags í dóttur- eða hlutdeildarfélögum.

2. gr.

Lög þessi gilda um sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félagsaðilar þeirra eru eingöngu félög sem talin eru í 1. gr., sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar. Enn fremur gilda lög þessi um félög með ótakmarkaðri ábyrgð sem fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð:

1. eignir nema samtals a.m.k. 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema a.m.k. 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 50.

Ef félag, sem uppfyllt hefur ofangreind skilyrði, gerir það ekki lengur tvö ár í röð er því ekki skylt að fara að ákvæðum laga þessara.

Sameignarfélögum og samlagsfélögum, sem um ræðir í 1. mgr. og eru að öllu leyti í eigu félaga sem talin eru í 1. gr., er ekki skylt að semja ársreikninga ef allar tekjur og gjöld, eignir og skuldir þeirra eru meðtaldar í ársreikningum félagsaðilanna.

Gerð ársreikninga.

3. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu á hverju reikningsári láta semja ársreikning og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Í félögum, sem hafa ekki formlega stjórn, hvílir þessi skylda á öllum félagsaðilum sameiginlega. Í móðurfélögum skal enn fremur semja samstæðureikning er skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Jafnframt skal samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Ársreikningurinn skal mynda eina heild.

Ársreikningur með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og stjórnenda skal lagður fram í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu undirrita ársreikninginn og eftir atvikum samstæðureikninginn. Ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telur að ekki skuli samþykkja ársreikninginn eða samstæðureikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að félagsaðilar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

4. gr.

Hafi verðbréf félags ekki verið tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-ríki) þarf félagið ekki að semja samstæðureikning ef:

1. það er dótturfélag;
2. ársreikningur þess og allra dótturfélaga þess er hluti af samstæðureikningi móðurfélags sem lýtur löggjöf EES-ríkis;
3. stjórn félagsins hefur ekki sex mánuðum fyrir lok reikningsárs borist krafa frá félagsaðilum, sem eiga a.m.k. 10% af eigin fé félagsins, um að láta semja samstæðureikning;
4. félagið sendir félagaskrá ársreikning sinn ásamt samstæðureikningi, sbr. 2. tölul., svo og upplýsingar sem greinir í 1. málsl. 2. mgr. og

5. félagið gerir grein fyrir því í skýringum í ársreikningi að með stoð í þessari grein hafi það ekki samið samstæðureikning og skýrir frá nafni og lögheimili móðurfélagsins, sbr. 2. tölul.

Félagaskrá getur krafist þess að látnar verði í té sams konar upplýsingar um samstæðureikninga sem tilgreindir eru í 2. tölul. 1. mgr. og hefðu átt að fylgja samstæðureikningi félagsins sjálfs samkvæmt lögum þessum. Félagaskrá getur enn fremur krafist íslenskrar þýðingar á samstæðureikningnum.

5. gr.

Halda má dótturfélagi utan samstæðureiknings ef:

1. það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur eða efnahag félagasamstæðunnar vegna smæðar þess;
2. stjórnun þess er ekki lengur í höndum eigenda þess eða verulegar og varanlegar hindranir eru á að félag geti nýtt eignarhluta sinn í dótturfélaginu eða haft áhrif á stjórnun þess;
3. ekki er unnt að afla nauðsynlegra upplýsinga tímanlega og án óeðlilegs kostnaðar eða
4. eignarhluti í því er eingöngu ætlaður til endursölu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. skulu félög, sem hvert um sig hafa óverulega þýðingu, innifalin í samstæðureikningi ef þau hafa verulega þýðingu samanlagt.

Ef starfsemi dótturfélags er svo ólík starfsemi móðurfélags að það gæfi villandi mynd af félagasamstæðunni að innifela það í samstæðureikningi skal halda því utan við hann. Eignarhluti móðurfélagsins í dótturfélaginu skal þá færður til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Sé dótturfélagi haldið utan samstæðureiknings skv. 1. eða 3. mgr. skal gerð grein fyrir því í skýringum.

6. gr.

Móðurfélag þarf ekki að semja samstæðureikning ef hvorki verðbréf þess né dótturfélaga þess hafa verið tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í EES-ríki og félagasamstæðan fer ekki fram úr tveimur af eftirfarandi stærðum á reikningsskiladegi:

1. eignir nema a.m.k. 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema a.m.k. 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 50.

Heimildin til að beita ákvæði 1. mgr. breytist því aðeins að félagasamstæðan hafi farið fram úr eða fari ekki lengur fram úr tveimur af stærðunum þremur tvö reikningsár í röð.

7. gr.

Láti félag, sem skv. 4. eða 6. gr. þarf ekki að semja samstæðureikning, samt semja slíkan reikning skal það gert samkvæmt ákvæðum laga þessara um samstæðureikninga að undanskilinni 69. gr.

8. gr.

Reikningsárið skal vera tólf mánuðir. Við upphaf rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó aldrei lengra en átján mánuðir. Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum.

Félög í sömu félagasamstæðu skulu hafa sama reikningsár nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.

9. gr.

Ársreikningar og samstæðureikningar skulu gerðir í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess.

Ef ákvæði laga eða góð reikningsskilavenja nægja ekki til að gefa glögga mynd af rekstrarafkomu og efnahag skal veita frekari upplýsingar í skýringum.

10. gr.

Efnahagsreikning og rekstrarreikning skal setja upp með kerfisbundnum hætti. Fjármálaráðherra setur reglur um uppsetningu efnahagsreikninga og rekstrarreikninga.

Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Breytingar skulu tilgreindar og rökstuddar í skýringum.

Víkja má frá ákvæðum laga þessara um uppsetningu efnahagsreiknings eða rekstrarreiknings ef þau leiða til þess að ársreikningur eða samstæðureikningur gefur villandi eða óskýra mynd af rekstrarafkomu eða efnahag félags eða félagasamstæðu.

11. gr.

Í ársreikningum og samstæðureikningum, sem samdir eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

Ef getið er tölulegra upplýsinga í ársreikningum eða samstæðureikningum í annarri mynt en hinni upphaflegu skal það gert á því gengi sem við átti á reikningsskiladegi. Tilgreina skal það gengi sem við er miðað.

12. gr.

Óheimilt er að jafna saman eignum og skuldum eða tekjum og gjöldum.

II. KAFLI
Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur.

13. gr.

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast fastafjármunir. Eignir, sem eru ekki ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast veltufjármunir.

14. gr.

Gjöld, sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, skal færa til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddan kostnað. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, skal færa til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

Gjöld, sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, skal færa til skuldar í efnahagsreikningi. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, skal færa til eignar í efnahagsreikningi. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

15. gr.

Óefnisleg réttindi skal aðeins telja til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Sama á við um rannsóknar- og þróunarkostnað. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

16. gr.

Heimilt er að færa til gjalda og skuldar fjárhæðir sem ætlað er að mæta útgjöldum vegna skýrt skilgreindra skuldbindinga sem varða reikningsárið eða fyrri ár og eru sennilega eða örugglega áfallnar á reikningsskiladegi en óvissar að því er fjárhæð varðar eða hvenær þær falla til greiðslu.

Skuldbindingum skv. 1. mgr. má eigi jafna á móti eignum og skulu þær ekki nema hærri fjárhæðum en nauðsynlegt er talið.

17. gr.

Gerð skal grein fyrir ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu í ársreikningi eða skýringum með honum.

18. gr.

Hrein velta samanstendur af tekjum af sölu á vörum og þjónustu í reglulegri starfsemi, að frádregnum afslætti og sköttum sem tengjast sölunni beint.

19. gr.

Tekjur og gjöld, sem tengjast ekki reglulegri starfsemi, skal sýna sérstaklega í rekstrarreikningi og greina frá eðli þeirra í skýringum nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða. Sama á við um tekjur og gjöld sem varða önnur reikningsár.

III. KAFLI
Matsreglur.

20. gr.

Eftirfarandi almennar reglur eiga við um einstaka liði ársreiknings:

1. Gera skal ráð fyrir að félagið haldi starfsemi sinni áfram.
2. Matsaðferðum skal beitt með hliðstæðum hætti frá ári til árs.
3. Við mat á einstökum liðum skal gætt tilhlýðilegrar varkárni og skal þannig m.a:
   a. aðeins tekjufæra hagnað sem áunninn er fyrir lok reikningsárs;
   b. taka tillit til allra fyrirsjáanlegra skuldbindinga og tapa sem myndast kunna á reikningsárinu eða vegna fyrri reikningsára, jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn og
   c. gjaldfæra alla verðmætisrýrnun hvort heldur sem hagnaður eða tap er á rekstrinum.
4. Tekjur og gjöld, sem varða reikningsárið, skal færa í ársreikning án tillits til þess hvenær greitt er.

5. Einstaka þætti eigna- og skuldaliða skal meta til verðs hvern fyrir sig.
6. Efnahagsreikningur við upphaf hvers reikningsárs skal samsvara efnahagsreikningi við lok fyrra reikningsárs.

Í undantekningartilvikum má víkja frá ákvæðum 1. mgr. Skal þá geta um frávikin í skýringum í ársreikningi og tilgreina ástæður þeirra, svo og mat á áhrifum þeirra á eignir og skuldir, tekjur og gjöld.

21. gr.

Ef vikið er frá 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. skal hinni nýju aðferð beitt við allt það reikningsár þegar breytingin var gerð. Í skýringum skal geta um heildaráhrif breytingarinnar á fjárhagsstöðu og afkomu félagsins ef breytingin er veruleg.

22. gr.

Fastafjármuni skal eigi meta til eignar við hærra verði en kostnaðarverði eða framreiknuðu kostnaðarverði.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

Framleiðslukostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kostnaðarverði hráefnis og hjálparefna að viðbættum kostnaði sem beinlínis leiðir af framleiðslu fjármunanna. Til kostnaðarverðs má enn fremur telja eðlilegt hlutfall af útgjöldum sem óbeint tengjast framleiðslunni enda hafi þau fallið til á framleiðslutímanum.

Til kostnaðarverðs má enn fremur telja fjármagnskostnað af lánsfé sem nýtt er til að fjármagna kaup eða framleiðslu varanlegra rekstrarfjármuna á framleiðslutímanum. Ef fjármagnskostnaður er talinn til kostnaðarverðs skal greint frá því í skýringum.

23. gr.

Varanlegir rekstrarfjármunir, sem nýtast takmarkaðan tíma vegna aldurs, úreldingar, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu afskrifaðir árlega á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma þeirra. Ef þessir fjármunir eru endurmetnir samkvæmt ákvæðum 25. gr. ber að reikna afskriftir af framreiknuðu kostnaðarverði þeirra eins og það er á hverjum tíma.

24. gr.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra skv. 22. eða 23. gr. og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Heimilt er að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reikningsskiladegi ef það er lægra en bókfært verð. Slíkar eignir skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Niðurfærslur samkvæmt þessari grein skulu færðar í rekstrarreikning. Ef eignir hafa verið færðar niður skv. 1. eða 2. mgr. og ástæður verðlækkunarinnar eiga ekki lengur við ber að færa bókfært verð þeirra til fyrra horfs.

Matsbreytingar skv. 1.–3. mgr. skal færa í rekstrarreikning. Ef þær eru ekki sérgreindar í rekstrarreikningnum skal gera grein fyrir þeim í skýringum, enda sé um verulegar fjárhæðir að ræða.

25. gr.

Taka má tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag félaga með eftirtöldum aðferðum:

a. Heimilt er að leiðrétta liði ársreiknings, þar með talið eigið fé, vegna áhrifa verðbólgu. Slíkar leiðréttingar skulu bæði taka til rekstrarreiknings og efnahagsreiknings.
b. Ef raunvirði fastafjármuna er verulega hærra en kostnaðarverð eða framreiknað kostnaðarverð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi.

Matsbreytingar skv. 1. mgr. skal færa á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Endurmatsreikningi, sem myndaður er skv. a-lið 1. mgr., má aðeins ráðstafa með eftirfarandi hætti:

a. til hækkunar á hlutafé með útgáfu jöfnunarhlutabréfa;
b. til að verðbæta lögbundinn varasjóð, að því marki sem svarar útgefnum jöfnunarbréfum;
c. til að verðbæta annað eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar;
d. nú nemur endurmatsreikningur hærri eða lægri fjárhæð en framreikningi á innborguðu eigin fé í samræmi við almennar verðlagsbreytingar og er þá heimilt að færa mismuninn á annað eigið fé;
e. nú er endurmatsreikningur neikvæður í lok reikningsárs og er þá heimilt að jafna hann á móti öðru eigin fé.

Endurmatsreikning, sem myndaður er skv. b-lið 1. mgr., má aðeins leysa upp ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.

Hreyfingar á endurmatsreikningi á reikningsárinu skal sundurliða í skýringum.

Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

26. gr.

Veltufjármuni skal ekki færa til eignar við hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði ef það er lægra.

Kostnaðarverð veltufjármuna samanstendur af kaupverði og þeim kostnaði sem tengist beint öflun þeirra. Til kostnaðarverðs má enn fremur telja eðlilegt hlutfall af útgjöldum sem tengjast öfluninni óbeint enda hafi útgjöldin fallið til á sama tímabili og eignanna var aflað eða þær voru framleiddar.

27. gr.

Kostnaðarverð vörubirgða er heimilt að ákvarða sem vegið meðalverð allra birgða af sama tagi, á grundvelli síðasta innkaupsverðs eða með annarri viðurkenndri aðferð. Vörubirgðir skulu þó aldrei metnar við hærra verði en dagverði.

Ef vörubirgðir eru metnar við dagverði og það er verulega lægra en kostnaðarverð skal gera grein fyrir því í skýringum.

Um framleiðslukostnaðarverð vörubirgða gilda hliðstæðar reglur og getur í 3. mgr. 22. gr. Dreifingarkostnað má ekki telja til framleiðslukostnaðar vörubirgða.

28. gr.

Skammtímakröfur skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að þær muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Ákvæði 3. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. 24. gr. gilda um þetta eftir því sem við á.

29. gr.

Verðbréf, sem eru ekki ætluð til varanlegrar eignar og skráð eru á opinberu verðbréfaþingi, er heimilt meta við síðasta skráða kaupgengi þrátt fyrir ákvæði 26. gr.

Tilgreina skal í skýringum ef þessu ákvæði er beitt.

30. gr.

Kostnað við stofnun félags eða hækkun hlutafjár má ekki færa til eignar.

31. gr.

Ef kostnaður vegna óefnislegra réttinda, rannsókna eða þróunar er ekki gjaldfærður strax skal afskrifa hann með kerfisbundnum hætti á tilteknu tímabili, þó ekki á lengri tíma en fimm árum.

Afskriftatímann má þó lengja fram yfir fimm ár enda sé hann ekki lengri en nýtingartími viðkomandi eignar. Gera skal grein fyrir ástæðum þessa í skýringum.

32. gr.

Afföll og lántökukostnað af seldum skuldaviðurkenningum má færa í efnahagsreikning og skal þá gerð grein fyrir þeim þar eða í skýringum.

Afföllin skulu færð til gjalda með reglubundnum hætti á lánstímanum.

33. gr.

Óverulegar birgðir af rekstrarvörum, hráefnum eða hjálparefnum má eignfæra með fastri fjárhæð enda breytist þær ekki umtalsvert að magni, samsetningu eða verðgildi.

34. gr.

Eigin hlutir skulu færðir til lækkunar á heildarhlutafé. Þó er heimilt að færa eigin hluti, sem keyptir hafa verið á síðustu tveimur reikningsárum, til eignar enda hafi þeirra verið aflað í þeim tilgangi að selja þá aftur.

35. gr.

Í stað þess að færa eignarhluta sinn í dótturfélagi til eignar við kostnaðarverði í samræmi við ákvæði þessa kafla getur móðurfélag fært eignarhlutann samkvæmt hlutdeildaraðferð í samræmi við hlutdeild sína í eigin fé dótturfélagsins. Mismunur á upphaflegu kaupverði eignarhlutans annars vegar og hlutdeildar í eigin fé dótturfélagsins á kaupdegi hins vegar skal enn fremur hafa áhrif á bókfært verð fjárfestingar í dótturfélaginu.

Einnig er heimilt að beita hlutdeildaraðferð við eignfærslu á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum.

IV. KAFLI
Skýringar.

36. gr.

Í skýringum í ársreikningi eða í skýrslu stjórnar, ef hún er hluti ársreiknings, skal a.m.k. veita upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 37.–51. gr., auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

37. gr.

Veita skal upplýsingar um mat á einstökum liðum ársreiknings, þar á meðal þær aðferðir sem beitt er við endurmat og afskriftir fastafjármuna. Ef fjárhæðir í ársreikningi eru byggðar á erlendum gjaldmiðli á reikningsskiladegi skal tilgreina það gengi sem við er miðað.

38. gr.

Tilgreina skal nöfn, heimilisföng og félagsform dótturfélaga og hlutdeildarfélaga. Geta skal hlutdeildar í hverju þeirra fyrir sig og eigin fjár þeirra samtals, svo og rekstrarárangurs síðasta reikningsárs. Ekki er nauðsynlegt að veita þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu eða þær geta valdið félaginu verulegu tjóni enda sé ástæðunnar getið.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. mgr. um upplýsingar um eigið fé og rekstrarárangur dóttur- og hlutdeildarfélaga ef:

1. hlutdeildarfélag birtir ekki ársreikning sinn og hlutur félagsins í eigin fé þess er minni en 50%;
2. reikningsskil dótturfélags eru hluti af samstæðureikningi félagsins eða
3. félagið metur eignarhluta sína samkvæmt hlutdeildaraðferð, sbr. 35. gr.

39. gr.

Í skýringum skal tilgreina nöfn, heimilisföng og form félaga með ótakmarkaðri ábyrgð sem félagið er aðili að. Ekki þarf að gefa þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu. Ákvæði 2. mgr. 38. gr. gilda einnig eftir því sem við á.

40. gr.

Ef eignarhlutum í félagi er skipt í flokka skal sérgreina þá og tilgreina fjölda hluta og nafnverð þeirra eða bókfært verð ef nafnverð er ekki fyrir hendi. Í hlutafélögum skal ávallt tilgreina fjölda hluta og nafnverð þeirra.

41. gr.

Hafi félagið tekið skuldabréfalán er veitir lánardrottnum rétt til að breyta kröfum sínum á hendur félaginu í hluti í því skal tilgreina eftirstöðvar hvers láns, skiptihlutfall og frest þann sem veittur hefur verið til breytingar í hluti.

Hafi skuldabréfalán með rétti til vaxta verið tekið og vaxtakjörin ráðast að nokkru eða öllu leyti af rekstrarárangri félagsins skal tilgreina eftirstöðvar hvers láns og hina umsömdu ávöxtun.

Sams konar upplýsingar skal veita um hlutdeildarskírteini og önnur sambærileg réttindi eftir því sem við á, m.a. um fjölda þeirra.

42. gr.

Veita skal upplýsingar um þann hluta skulda sem fellur árlega til greiðslu á næstu fimm árum frá lokum reikningsárs annars vegar og hins vegar vegna þess hluta sem fellur til greiðslu síðar.

Hafi félag sett eignir að veði skal veita upplýsingar um fjárhæð veðsetninganna og bókfært verð veðsettra eigna, sundurliðað eftir eignum. Heildartryggingar í þágu dótturfélaga og annarra félaga innan sömu félagasamstæðu skulu tilgreindar sérstaklega.

Veita skal upplýsingar um heildarfjárhæðir lífeyris-, ábyrgðar- og tryggingarskuldbindinga, selda víxla og aðrar fjárskuldbindingar sem eru ekki tilfærðar í efnahagsreikningi, að því leyti sem það skiptir máli við mat á fjárhagsstöðu. Hafi félagið gert leigu- eða eignarleigusamninga sem nema verulegum fjárhæðum skulu slíkar skuldbindingar tilgreindar sérstaklega. Skuldbindingar gagnvart móðurfélagi og dótturfélögum þess skal tilgreina sérstaklega.

43. gr.

Tilgreina skal fjárhæðir lána, svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar sem veittar hafa verið félagsaðilum eða stjórnendum félags eða móðurfélags þess vegna tengsla þessara aðila við félögin, sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við gagnvart einstaklingum, nátengdum þeim sem þar eru taldir.

44. gr.

Upplýsa skal um síðasta opinbert fasteignamat. Sama á við um vátryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna.

45. gr.

Ef hluti af áætluðum hagnaði af langtímaverkefni er innleystur áður en því er að fullu lokið skal þess getið í skýringum og gerð grein fyrir matsreglum. Ef hagnaður af slíku verkefni er ekki tekjufærður fyrr en við verklok skal gera grein fyrir því í skýringum.

46. gr.

Upplýsa skal um skiptingu rekstrartekna eftir starfsþáttum og markaðssvæðum ef þessir þættir og svæði hafa veruleg áhrif í rekstri félagsins.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um félög sem falla undir 1. mgr. 77. gr. Þá má sleppa þessum upplýsingum ef þær geta valdið viðkomandi félagi verulegu tjóni enda sé þess getið í skýringum.

47. gr.

Upplýsa skal um heildarfjárhæð skatta vegna rekstrar á árinu og eigna í lok þess.

Upplýsa skal um skattaleg áhrif af óreglulegum rekstrarliðum.

Upplýsa skal um frestaða skattskuldbindingu vegna mismunar á gjaldfærðum sköttum á reikningsárinu og fyrri árum annars vegar og þeim sköttum, sem álagðir eru vegna sömu ára hins vegar nema þessar upplýsingar hafi óverulega þýðingu. Einnig má tilfæra fjárhæðina sem sérstakan skuldalið í efnahagsreikningi.

Leiði sala á eignum félags við bókfærðu verði til skattlagningar umfram þá fjárhæð sem tilgreind er í 3. mgr. skal greina frá því ef fjárhæðin er veruleg.

Upplýsingar skv. 3. og 4. mgr. skulu bera með sér á hvaða liðum ársreiknings skattkvöðin hvílir.

48. gr.

Upplýsa skal um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Þá skulu laun og launatengd gjöld sundurliðuð ef það er ekki gert í rekstrarreikningi.

Veita skal upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess.

Greina skal frá samningum, sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra eða starfsmenn um eftirlaun, og tilgreina heildarfjárhæðir.

49. gr.

Eftirfarandi upplýsingar skal veita um eign félags á eigin hlutum:

1. fjölda og nafnverð eigin hluta, svo og hlutfall þeirra af heildarhlutum;
2. fjölda og nafnverð eigin hluta sem hafa verið keyptir eða seldir á reikningsárinu, svo og kaup- og söluverð þeirra og
3. ástæður þess að félagið eignaðist eigin hluti á reikningsárinu.

Sömu upplýsingarnar og taldar eru í 1. mgr. skal veita ef tekið hefur verið veð í eigin hlutum.

Sömu upplýsingar og getið er í 1. og 2. mgr. skal veita um hluti í félagi sem dótturfélag þess hefur eignast eða látið af hendi á reikningsárinu.

50. gr.

Sundurliða skal breytingar á eigin fé félags á reikningsárinu.

51. gr.

Ef félag er dótturfélag skal greina frá nafni og heimili móðurfélags þess og enn fremur hvar afla má samstæðureiknings félaganna.

V. KAFLI
Skýrsla stjórnar.

52. gr.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal upplýsa um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félags og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim nema sérstakar ástæður séu til að ætla að slíkt geti skaðað félagið. Ef veruleg óvissa ríkir um einstaka liði í ársreikningi eða ársreikninginn í heild skal veita upplýsingar um slíkt.

Í skýrslunni skal gera grein fyrir tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á síðasta reikningsári.

Í félögum, sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi, skal enn fremur gera grein fyrir samanburði á raunverulegri afkomu félagsins og rekstraráætlun þess hafi hún verið birt opinberlega, ásamt skýringum á helstu frávikum.

Í hlutafélögum skal upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs. Þá skal upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga a.m.k. 10% hlutafjár félagsins í lok ársins. Ef atkvæðagildi hluta er mismunandi miðað við fjárhæð þeirra skal gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 10% allra atkvæða í félaginu. Við útreikning þennan telst félagasamstæða einn aðili.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi móðurfélags skal veita upplýsingar um félagasamstæðuna í heild.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur fjallað um eftir því sem við á:

1. mikilvæg atvik sem orðið hafa eftir lok reikningsársins;
2. framtíðarhorfur félagsins;
3. rannsóknar- og þróunarstarfsemi og
4. útibú félagsins erlendis ef einhver eru.

VI. KAFLI
Samstæðureikningar.

53. gr.

Í samstæðureikningi skal gera grein fyrir samanlögðum eignum og skuldum, tekjum og gjöldum félagasamstæðu í heild. Við gerð reikningsins skulu eftirfarandi liðir falla niður:

1. kröfur og skuldir félaga innan samstæðunnar gagnvart öðrum félögum innan hennar;
2. tekjur og gjöld af gagnkvæmum viðskiptum félaga innan samstæðunnar og
3. óinnleystur hagnaður eða tap af þeim viðskiptum.

54. gr.

Samstæðureikning skal setja upp á skýran hátt í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Samstæðureikningur skal settur þannig fram að samkynja tekjur og gjöld, eignir og skuldir séu lagðar saman.

Í samstæðureikningi skal fella niður fjárfestingu móðurfélags í dótturfélögum á móti hlutfallslegri eign móðurfélagsins í eigin fé þeirra. Hlutdeild eigenda minni hluta í eigin fé dótturfélaga skal birta sem sérstakan lið meðal skulda samstæðunnar nema fjárhæðin sé óveruleg.

55. gr.

Í samstæðureikningi skal mat á sambærilegum eignum og skuldum vera með samræmdum hætti.

Í samstæðureikningi skal meta eignarhluta samstæðunnar í hlutdeildarfélögum samkvæmt hlutdeildaraðferð nema eignarhlutarnir hafi óverulega þýðingu.

56. gr.

Nú rekur félag innan samstæðu starfsemi í sameign með einu eða fleiri félögum og er þá heimilt að innifela hlutdeild samstæðunnar í samrekstrinum í samstæðureikningi. Eignir og skuldir, tekjur og gjöld hins sameiginlega rekstrar skulu þá tekin inn í samstæðureikninginn í hlutfalli við aðild samstæðunnar að rekstrinum.

VII. KAFLI
Endurskoðun.

57. gr.

Aðalfundur eða almennur félagsfundur kýs einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn og varamenn þeirra í samræmi við lög þessi og samþykktir félagsins. Í samþykktum má enn fremur fela opinberum eða öðrum aðilum að tilnefna einn eða fleiri endurskoðendur eða skoðunarmenn.

Þegar félagsmenn, sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða á aðalfundi þar sem kjósa skal endurskoðendur eða skoðunarmenn, krefjast þess skal stjórn félagsins beina þeim tilmælum til viðkomandi félagaskrár að hún tilnefni endurskoðanda til að taka þátt í endurskoðunarstörfum með þeim sem kjörnir eru fram til næsta aðalfundar. Telji félagaskráin ástæðu til að verða við þessari ósk skal hún tilnefna endurskoðanda til starfans. Þóknun til hans skal félagið greiða.

58. gr.

Um hæfisskilyrði löggiltra endurskoðenda fer eftir ákvæðum laga um löggilta endurskoðendur. Skoðunarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfans. Af þeim aðilum, sem kosnir eru til endurskoðunarstarfa, skal a.m.k. einn vera heimilisfastur hér á landi. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki.

Ef endurskoðunarfélag er kosið til að annast endurskoðun skal sá sem falin er endurskoðunin vera löggiltur endurskoðandi.

Hæfisskilyrði 11. gr. laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, eiga einnig við um skoðunarmenn.

59. gr.

Í félögum, þar sem bundið eigið fé er a.m.k. 50 milljónir króna, skuldir og bundið eigið fé er a.m.k. 100 milljónir króna, rekstrartekjur á ári eru a.m.k. 200 milljónir króna eða starfsmenn (ársmenn) eru fleiri en 50, skal kjósa a.m.k. einn endurskoðanda. Þegar ljóst er við stofnun félags eða upphaf rekstrar að einhverjum framangreindum mörkum verði þegar náð skal regla 1. málsl. gilda frá þeim tíma. Annars skal við það miðað að skuldir og bundið eigið fé hafi náð framangreindum mörkum í ársreikningum tveggja síðastliðinna reikningsára eða starfsmenn hafi verið fleiri en 50 tvö síðastliðin reikningsár.

Félög, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

Í félögum, þar sem ekki eru lagðar hömlur á viðskipti með eignarhluta, skal kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

Félagsmenn, sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða á fundi þar sem kjósa skal endurskoðendur eða skoðunarmenn, geta á fundinum krafist þess að kosinn verði a.m.k. einn endurskoðandi.

60. gr.

Kjósa skal a.m.k. einn af endurskoðendum eða skoðunarmönnum móðurfélags til að gegna sams konar starfa fyrir dótturfélag ef þess er nokkur kostur.

Ekki má kjósa neinn þann til endurskoðunarstarfa fyrir dótturfélag sem væri ekki hæfur til að gegna sama starfi fyrir móðurfélag.

Endurskoðandi eða skoðunarmaður má hvorki vera skuldugur félaginu eða félögum innan sömu félagasamstæðu né njóta ábyrgða af hálfu þeirra.

61. gr.

Í samþykktum félaga skal kveða á um starfstíma endurskoðenda eða skoðunarmanna. Starfi þeirra lýkur við lok þess aðalfundar þegar kjósa skal þá að nýju. Hafi endurskoðandi eða skoðunarmaður verið kosinn til ótiltekins tíma lýkur starfi hans þegar annar hefur verið kosinn í hans stað. Nú lýkur starfi endurskoðanda eða skoðunarmanns og skal þá tilkynna félagaskrá hvenær hann lætur af starfi. Í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal þegar í stað senda tilkynningu um starfslok endurskoðanda til verðbréfaþingsins.

Endurskoðendur og skoðunarmenn geta hvenær sem er sagt af sér störfum. Þeir sem kusu þá geta einnig leyst þá frá störfum þótt starfstíma þeirra sé ekki lokið.

Ljúki starfi endurskoðanda eða skoðunarmanns, áður en kjörtímabili hans lýkur, eða uppfylli hann ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er í hans stað skal stjórn félagsins hlutast til um að nýr endurskoðandi eða skoðunarmaður verði þegar í stað valinn. Í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal boða til fundar innan viku frá því að endurskoðandi sagði starfi sínu lausu eða var leystur frá störfum þar sem kjósa skal annan endurskoðanda.

Hafi endurskoðandi eða skoðunarmaður sagt starfi sínu lausu eða verið leystur frá störfum skal hann veita þeim er kosinn er í hans stað upplýsingar um hverjar hann telur vera ástæður starfslokanna.

62. gr.

Ef endurskoðandi eða skoðunarmaður er ekki valinn, kjör hans brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins eða hann uppfyllir ekki lengur hæfisskilyrði laganna skal félagaskrá tilnefna endurskoðanda eða skoðunarmann að ósk stjórnarmanns, framkvæmdastjóra eða félagsaðila.

Hafi félagsfundur ekki orðið við kröfu um að kjósa endurskoðanda skv. 4. mgr. 59. gr. tilnefnir félagaskrá endurskoðanda að ósk félagsmanns. Tilmælin skulu borin fram innan mánaðar frá því að félagsfundur var haldinn.

Tilnefning endurskoðanda eða skoðunarmanns samkvæmt þessari grein gildir uns endurskoðandi eða skoðunarmaður hefur verið kosinn.

63. gr.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu endurskoða ársreikninginn í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Í móðurfélögum skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn jafnframt endurskoða samstæðureikninginn.

Ef endurskoðendur eða skoðunarmenn verða þess varir að stjórnendur félags hafi í störfum sínum fyrir það ekki farið að lögum, þannig að það geti haft í för með sér ábyrgð fyrir þá eða félagið, eða brotið gegn félagssamþykktum skulu þeir gera aðalfundi grein fyrir því.

Endurskoðandi eða skoðunarmaður skal verða við tilmælum félagsfundar um endurskoðunina ef þau eru ekki andstæð lögum, félagssamþykktum eða góðri endurskoðunarvenju.

64. gr.

Stjórn félags og framkvæmdastjóri skulu koma á framfæri við endurskoðendur eða skoðunarmenn þeim upplýsingum og gögnum sem þeir telja að hafi þýðingu vegna endurskoðunarinnar. Stjórnendur dótturfélags hafa sömu skyldum að gegna gagnvart endurskoðendum og skoðunarmönnum móðurfélags.

Stjórn félags og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum og skoðunarmönnum þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem endurskoðendur eða skoðunarmenn telja nauðsynlega vegna starfa síns. Stjórnendur dótturfélags hafa sömu skyldum að gegna gagnvart endurskoðendum og skoðunarmönnum móðurfélags.

65. gr.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og enn fremur samstæðureikning ef hann er saminn og skal áritunin fylgja ársreikningnum.

Í árituninni skal koma fram að ársreikningurinn eða samstæðureikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal koma fram álit endurskoðenda eða skoðunarmanna á því hvort ársreikningurinn eða samstæðureikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga, samþykkta félagsins og góða reikningsskilavenju, svo og greinargerð um niðurstöðu endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef endurskoðendur eða skoðunarmenn telja að ekki beri að samþykkja ársreikninginn skulu þeir taka það fram sérstaklega.

Ef skýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar, sem þar ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikninginn skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn vekja athygli á því í áritun sinni.

66. gr.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur eða skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók eða færa fram skriflega á annan hátt. Stjórnin skal varðveita gögn þessi á öruggan hátt.

67. gr.

Endurskoðendur og skoðunarmenn eiga rétt á að sitja félagsfundi. Þá skulu þeir sitja fundi ef félagsstjórn eða framkvæmdastjóri, einstakir stjórnarmenn eða félagsaðilar fara þess á leit. Í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skulu endurskoðendur sitja aðalfundi.

Á aðalfundi skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn svara fyrirspurnum um ársreikning þann sem til umfjöllunar er og þeir hafa áritað.

Enn fremur eiga endurskoðendur og skoðunarmenn rétt á að sitja stjórnarfundi þegar fjallað er um reikningsskil sem þeir hafa áritað. Þá skulu þeir sitja stjórnarfundi ef a.m.k. einn stjórnarmaður fer þess á leit.

68. gr.

Endurskoðendum, skoðunarmönnum og samstarfsmönnum þeirra er óheimilt að veita einstökum félagsaðilum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félagsins.

VIII. KAFLI
Birting ársreiknings.

69. gr.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda félagaskrá ársreikning eða samstæðureikning ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur. Ársreikninga félaga, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal þó senda þegar í stað eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ef samþykkt á ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps kemur ekki fram í ársreikningnum eða skýrslu stjórnar skal enn fremur senda staðfest endurrit úr gerðabók aðalfundarins þar sem greint er frá ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fara ekki fram úr stærðarmörkunum í 1. mgr. 6. gr., heimilt að senda félagaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum. Heimild þessi nær þó ekki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi og heldur ekki til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluta sína.

Félagaskrá skal veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld eru samkvæmt þessari grein.

70. gr.

Ársreikninga dótturfélaga, sem haldið er utan samstæðureiknings samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 5. gr., skal senda félagaskrá með ársreikningi eða samstæðureikningi móðurfélags.

71. gr.

Sameignarfélög og samlagsfélög, sem tilgreind eru í 2. gr., skulu senda félagaskrá tilkynningu um nafn, heimilisfang, félagsform og atvinnugrein sína samtímis því að þau senda henni í fyrsta sinn birtingarskyld gögn skv. 69. gr.

Sameignarfélög og samlagsfélög, sem nýta sér undanþáguheimildir 75. eða 76. gr., skulu veita upplýsingar um nöfn og heimilisföng þeirra félaga sem semja ársreikninga þeirra eða innifela þá í samstæðureikningum sínum ef eftir því er leitað.

72. gr.

Ef félag birtir ársreikning sinn eða samstæðureikning í heild skal hann vera í sama formi og hann var samþykktur á aðalfundi með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna. Ef áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna er ekki fyrirvaralaus skal vakin athygli á því og ástæður þess tilgreindar.

Nú er ársreikningur eða samstæðureikningur ekki birtur í heild og skal þá koma fram með ótvíræðum hætti að hann sé samandreginn. Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna þarf ekki að fylgja með samandreginni útgáfu en koma skal fram ef áritunin var ekki fyrirvaralaus og ástæður þess tilgreindar.

73. gr.

Útibússtjórar í útibúum erlendra félaga, sem skráð eru hjá félagaskrá, skulu í síðasta lagi átta mánuðum eftir lok reikningsárs senda staðfest endurrit ársreiknings eða samstæðureiknings félagsins til félagaskrár ásamt reikningsskilum útibúsins.

Reikningar, sem sendir eru félagaskrá skv. 1. mgr., skulu vera í sama formi og ber að birta þá samkvæmt gildandi reglum í heimaríki félagsins.

Ársreikninga fyrir erlent félag, sem lýtur löggjöf EES-ríkis, má senda félagaskrá óendurskoðaða ef slíkt samræmist löggjöf í heimaríki félagsins.

Félagaskrá skal veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld eru samkvæmt þessari grein.

74. gr.

Í stað þess að senda félagaskrá ársreikning sinn getur erlent dótturfélag, sem rekur útibú hér á landi og lýtur löggjöf annars EES-ríkis, sent félagaskrá samstæðureikning móðurfélags síns ef:

1. móðurfélagið lýtur löggjöf EES-ríkis;
2. allir félagsaðilar hafa samþykkt þessa aðferð;
3. móðurfélagið ábyrgist skuldbindingar félagsins;
4. reikningar félagsins og dótturfélaga þess eru teknir með í samstæðureikningi móðurfélagsins í samræmi við ákvæði laga þessara um samstæðureikninga;
5. getið er um reikningsskilaaðferðir við gerð samstæðureikningsins og
6. samstæðureikningurinn ásamt skýrslu stjórnar og áritun endurskoðenda er sendur félagaskrá ásamt staðfestingu á því sem tilgreint eru í 2. og 3. tölul.

Í stað þess að senda félagaskrá ársreikninga sína geta önnur erlend félög sent henni samstæðureikning móðurfélaga sinna ef það samræmist þeirri löggjöf sem um þau gildir og

1. skilyrði 2., 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. eru uppfyllt og
2. félagaskrá telur að samstæðureikningarnir séu gerðir í samræmi við ákvæði laga þessara.

Tilkynning skv. 2. tölul. 1. mgr. skal send fyrir hvert reikningsár. Yfirlýsing um efni 3. tölul. 1. mgr. gildir uns hún hefur verið afturkölluð.

75. gr.

Sameignarfélag eða samlagsfélag, sem tilgreint er í 2. gr., þarf ekki að senda félagaskrá ársreikning sinn ef a.m.k. einn af félagsaðilum þess er heimilisfastur hér á landi, semur ársreikning fyrir félagið og lætur endurskoða hann og senda skránni ásamt sínum eigin ársreikningi.

Félag, sem um ræðir í 1. mgr. þar sem enginn félagsaðili er heimilisfastur hér á landi, þarf ekki að senda félagaskrá ársreikning sinn ef einhver félagsaðili þess:

1. lýtur löggjöf EES-ríkis;
2. semur ársreikning fyrir félagið og lætur endurskoða hann samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar og
3. sendir félagaskrá ársreikninginn innan þeirra tímamarka, sem greinir í 1. mgr. 69. gr., ásamt sínum eigin ársreikningi eða opinbera staðfestingu á að ársreikningar félagsins hafi verið birtir í samræmi við löggjöfina sem nefnd er í 1. tölul.

Félagsaðili getur haft ársreikning skv. 1. mgr. sem hluta af eigin ársskýrslu.

76. gr.

Sameignarfélag eða samlagsfélag, sem tilgreint er í 2. gr., þarf ekki að senda félagaskrá ársreikning sinn ef hann er hluti af samstæðureikningi félagsaðila sem saminn er og endurskoðaður í samræmi við ákvæði laga þessara og sendur félagaskrá.

Ákvæði 1. mgr. eiga enn fremur við ef ársreikningur félags er hluti af samstæðureikningi móðurfélags þess félagsaðila sem ekki er skylt að senda félagaskrá samstæðureikning sinn, sbr. 4. gr.

Í samstæðureikningum þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. skal geta þess í skýringum ef félag skv. 2. gr. sendir félagaskrá ekki ársreikning sinn.

Innan tímamarka 1. mgr. 69. gr. skal senda félagaskrá samstæðureikninga skv. 1. og 2. mgr. eða staðfestingu opinbers aðila á að ársreikningur hafi verið saminn og birtur í samræmi við ákvæði 1. mgr.

77. gr.

Þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því geta félög, sem á reikningsskiladegi fara ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum, sent félagaskrá samandreginn rekstrarreikning, samkvæmt nánari reglum sem fjármálaráðherra setur:

1. eignir nema samtals 500 milljónum kr.;
2. rekstrartekjur nema samtals 1.000 milljónum kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 250.

Heimildinni til þess að beita ákvæði 1. mgr. má aðeins breyta ef félag hefur á reikningsskiladegi farið fram úr eða fer ekki lengur fram úr tvennum af þeim mörkum, sem nefnd eru í 1. mgr., tvö reikningsár í röð.

78. gr.

Félagaskrá skal gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði þessara laga. Hún getur krafist þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

IX. KAFLI
Reikningsskilaráð og góð reikningsskilavenja.

79. gr.

Ráðherra skal skipa fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn í nefnd sem nefnist reikningsskilaráð. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, annar af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, þriðji af Verslunarráði Íslands, sá fjórði skal vera ríkisendurskoðandi en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann reikningsskilaráðs úr hópi nefndarmanna.

80. gr.

Reikningsskilaráð skal stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Ráðið skal gefa álit á því hvað telst góð reikningsskilavenja á hverjum tíma. Reikningskilaráð skal árlega auglýsa í Lögbirtingablaðinu skrá yfir útgefnar reglur og álit.

Ráðið skal starfa í nánu samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og hagsmunaaðila. Það getur einnig verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum um reikningsskil.

81. gr.

Ráðherra ákveður skiptingu kostnaðar við störf reikningsskilaráðs að höfðu samráði við tilnefningaraðila.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

82. gr.

Ráðherra getur sett reglugerð um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um uppsetningu ársreikninga og samstæðureikninga, óstyttra og samandreginna, svo og um skil á þeim og birtingu þeirra.

Viðmiðunarmörkin í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 1. og 2. tölul. 6. gr., svo og 59. gr. og 77. gr., eru grunnfjárhæðir sem miðast við gengi í ECU 1. janúar 1995. Ráðherra er heimilt að breyta þessum fjárhæðum til samræmis við breytingar á 4. tilskipun ESB eða ef verulegar breytingar verða á gengi ECU.

83. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

84. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og skulu gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst frá og með þeim tíma.

85. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi 80.–91. gr., svo og 93.–105. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, með síðari breytingum, og 55.–76. gr. um samvinnufélög, nr. 22/1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er samið af nefnd sem fjármálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 23. desember 1992. Nefndin hóf störf í ársbyrjun 1993 og er hún þannig skipuð: Guðmundur Guðbjarnason viðskiptafræðingur, formaður nefndarinnar, Bragi Gunnarsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti, Lárus Ögmundsson, lögfræðingur hjá Ríkisendurskoðun, Sigurður H. Pálsson, löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda og Alexander G. Eðvardsson, löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Hlutverk nefndarinnar samkvæmt bréfi ráðherra er að endurskoða lög um bókhald en núgildandi lög eru frá árinu 1968 og hafa litlum breytingum tekið. Löngu er orðið tímabært að taka þau til gagngerrar endurskoðunar þar eð miklar breytingar hafa orðið á viðskiptaháttum frá árinu 1968 og ör þróun orðið í notkun tölva, svo sem við færslu bókhalds og geymslu bókhaldsgagna frá því að lögin voru samþykkt. Núgildandi lög byggjast á því að bókhald sé handfært en með breytingum frá árinu 1978 var heimilað að færa lausblaðabókhald með vélum. Þróun viðskipta á undanförnum árum er æ meir í þá átt að þau fari um tölvur og jafnvel án þess að pappír eða skjöl í almennum skilningi liggi til grundvallar. Að þessu leyti má halda því fram að núgildandi bókhaldslög standi íslensku

viðskiptalífi og þróun þess fyrir þrifum og hamli gegn því að viðskiptalífið geti tileinkað sér þá kosti sem erlendir viðskipta- og samkeppnisaðilar geta nýtt sér. Enn fremur hafa orðið umtalsverðar breytingar á framsetningu ársreikninga enda er svo komið að ýmis almenn ákvæði um þá eru útfærð í sérlögum, t.d. í hlutafélagalögum, nr. 32/1978, með síðari breytingum, og lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991. Þótt telja verði að þessi þróun hafi gert það löngu tímabært að endurskoða lögin knýr það þó mest á um endurskoðun þeirra að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, EES, gerir beinlínis ráð fyrir að íslenskri löggjöf um bókhald og ársreikninga verði breytt. Þannig er í 77. gr. samningsins um EES kveðið á um samræmingu ákveðinna atriða í löggjöf er varða félagarétt og eru þessi atriði talin upp í XXII. viðauka. Í honum er að finna níu tilskipanir en þar af fjalla fjórar um bókhald, ársreikninga og skyld atriði. Fjórða tilskipun fjallar um ársreikninga félaga af tiltekinni tegund, svo sem hlutafélaga og tiltekinna sameignarfélaga og samlagsfélaga í eigu hlutafélaga, 7. tilskipun um samstæðureikninga, 8. um löggildingu endurskoðenda og sú 11. um ársreikninga útibúa.

Að athuguðu máli taldi nefndin heppilegast að semja tvö lagafrumvörp og fylgja þar með fordæmi Dana. Annars vegar er samið frumvarp til laga um bókhald sem hefur að geyma ákvæði um bókhaldsskyldu, bókfærslu, bókhaldsskjöl og geymslu þessara gagna, auk almennra ákvæða um ársreikninga og endurskoðun þeirra, og hins vegar frumvarp til laga um ársreikninga sem hefur að geyma ákvæði um ársreikninga tiltekinna lögaðila, svo sem hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaðri ábyrgð, samvinnufélaga, samlaga og tiltekinna sameignarfélaga og samlagsfélaga sem eru eingöngu í eigu fyrrnefndra aðila eða fara yfir tiltekna stærð. Um sameignarfélög og samlagsfélög, sem falla utan gildissviðs væntanlegra ársreikningslaga, munu þá gilda ákvæði laga um bókhald að því er gerð ársreikninga varðar. Jafnframt hvílir á þeim félögum sem gera skulu ársreikninga eins og lagt er til í frumvarpi þessu kvöð um endurskoðun og áritun löggiltra endurskoðenda á ársreikninga eða áritun skoðunarmanna á ársreikninga minni félaga, svo og opinbera birtingu ársreikninga hjá viðkomandi félagaskrá.

Samkvæmt 4. tilskipun skal í hverju ríki vera stofnun sem taka skal við ársreikningum félaga og hafa með höndum eftirlit með því að ákvæði laganna um gerð og birtingu ársreikninga séu virt. Hér á landi er starfrækt hlutafélagaskrá samkvæmt hlutafélagalögum og samvinnufélagaskrá samkvæmt samvinnufélagalögum. Hlutverk þeirra hefur einkum verið að safna saman og geyma upplýsingar um stofnun félaga og starfsemi þeirra, svo og að taka við ársreikningum stærri félaga og geyma þá. Sambærilegar stofnanir, sem taka til landsins alls, eru ekki til vegna annarra félagaforma. Önnur félög skulu tilkynna um stofnun og starfsemi sína til firmaskrár sem skal vera í öllum lögsagnarumdæmum landsins og skulu sýslumenn halda slíkar skrár. Þeim félögum er að gildandi lögum óskylt að leggja fram ársreikninga sína en samkvæmt þessu frumvarpi, sem m.a. byggist á ákvæðum 4. tilskipunar, verða þau skyld til að leggja ársreikningana fram. Að áliti nefndarinnar er heppilegra að allt eftirlit með ársreikningum verði á hendi sömu stofnunar, m.a. til að samræmis verði gætt. Þetta kann að kalla á breytingar á löggjöf um félagaskrár.

Þá leggur nefndin til að þau ákvæði í lögum um hlutafélög og lögum um samvinnufélög, er fjalla um ársreikninga og endurskoðun þeirra, verði felld niður og eingöngu verði um þetta fjallað í lögum um ársreikninga nema um sé að ræða sérstök eða sértæk ákvæði sem eingöngu varða einstök félagaform.

Auk tilvitnaðra tilskipana voru dönsk lög um ársreikninga höfð til hliðsjónar þegar frumvarpið var samið en dönsku lögin eru byggð á sömu tilskipunum.

Í inngangi að 4. tilskipun eru aðildarríkin hvött til að samræma lög um uppsetningu og efni ársreikninga og skýrslu stjórnar tiltekinna félaga, matsaðferðir sem beitt er og hvernig beri að haga birtingu þessara gagna til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðja aðila. Bent er á nauðsyn samræmingar vegna þess að þessi félög starfa oft í fleiri en einu ríki. Þá er ábyrgð þeirra takmörkuð við hreina eign þeirra sjálfra og því meiri nauðsyn á áreiðanlegum og samræmdum upplýsingum um þau. Enn fremur er talin þörf á að gera lágmarkskröfur til félaga, sem eiga í samkeppni, og ákveða í hve miklum mæli upplýsingar um fjármál þeirra skuli aðgengilegar almenningi.

Tilskipunin gerir ráð fyrir að aðferðir við mat á eignum og skuldum verði samræmdar milli aðildarlandanna til að tryggja að í ársreikningum komi fram sambærilegar og jafngildar upplýsingar. Í þessu skyni er mælt fyrir um samræmda efnahagsreikninga og rekstrarreikninga auk skýringa og skýrslu stjórnar. Undanþágu má samt sem áður veita smærri fyrirtækjum. Ársreikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum en lágmarkskröfur um menntun og hæfi þeirra eru gerðar í 8. tilskipun. Lög nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, eru í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar. Einungis má létta þessari endurskoðunarskyldu af litlum félögum. Þegar félög mynda samstæðu er gerð krafa til samstæðureikninga.

Nefndin gerir ekki tillögur um breytingar á viðurlagaákvæðum enda er til umræðu að samræma refsingar við efnahagsbrotum.

Um I. kafla.

Í I. kafla er að finna almenn ákvæði, svo sem um gildissvið og skilgreiningar, gerð ársreikninga og frávik frá þeim. Í 1. gr. er skilgreint hvaða félög skuli falla undir frumvarpið. Í samræmi við 4. tilskipun nær frumvarpið til allra hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaða ábyrgð en enn fremur til gagnkvæmra vátryggingafélaga og ábyrgðarfélaga, samvinnufélaga og -sambanda, en það er umfram ákvæði tilskipunarinnar. Talið er eðlilegt að láta síðastnefndu félagaformin fylgja sömu reglum um gerð og birtingu ársreikninga og hlutafélög enda núgildandi lög um þau um margt eðlislík, m.a. um ársreikning og skyldubirtingu hans ef félag hefur B-deild stofnsjóðs. Þá er lagt til að sameignarfélög og samlagsfélög, sem eru eingöngu í eigu félaga sem falla undir ákvæði þessa frumvarps, skuli einnig semja ársreikning og birta á sama hátt og eigendur þeirra. Er það í samræmi við breytingar nr. 90/604 og 90/605 á 4. tilskipun. Sömu kröfur eru settar um gerð ársreikninga stærstu sameignarfélaga og samlagsfélaga. Stærðarmörk þeirra eru nánar tíunduð í 2. gr. frumvarpsins. Í 4. tilskipun er um tvenns konar stærðarmörk að ræða, bæði um gerð og birtingu ársreikninga, skýringar með þeim og skýrslu stjórnar. Lagt er til að öll félög, sem falla undir 1. gr., skuli semja ársreikninga á samræmdan hátt án styttingar. Er það í samræmi við viðteknar venjur hér á landi en í núgildandi lögum er ekki kveðið á um mismunandi skyldu félaga til að semja ársreikninga. Í tilskipuninni er að finna margs konar undanþágur og frávik sem ekki þykir ástæða til að lögfesta hér. Þannig er ekki lagt til að félögum verði heimilað að semja ársreikninga sína með mismunandi hætti eftir stærð. Telja verður eðlilegt að samræmdar reglur gildi ávallt um gerð ársreikninga með þeirri einu undantekningu sem lýtur að birtingu samandreginnar útgáfu í vissum tilvikum.

Fjórða tilskipun hefur að geyma eftirfarandi stærðarmörk á litlum og meðalstórum félögum eins og henni hefur verið breytt 19. mars 1994:

	Lítil félög skv. 11. gr. 4. tilskipunar	**Meðalstór félög skv. 27. gr 4. tilskipunar**
Niðurstöðutölur úr efnahagsreikningi	2,5 millj. ECU 206 millj. ísl. kr.	10 millj. ECU 825 millj. ísl. kr.
Hrein velta	5 millj. ECU 412 millj. ísl. kr.	20 millj. ECU 1.650 millj. ísl. kr.
Meðalfjöldi starfsmanna	50	250

Samkvæmt 4. og 7. tilskipun mega félög haga gerð og birtingu ársreikninga sem hér segir:

Lítil félög: mega semja samandreginn rekstrarreikning;
mega falla frá birtingu rekstrarreiknings;
mega semja og birta samandreginn efnahagsreikning;
mega semja og birta samandregnar (styttar) skýringar;
mega falla frá að semja skýrslu stjórnar; þó með skilyrðum;
þurfa ekki löggilta endurskoðendur;
þurfa ekki að semja og birta samstæðureikninga;
mega falla frá að sundurliða veltu eftir atvinnugreinum og svæðum.

Meðalstór félög: mega semja og birta samandreginn rekstrarreikning;
skulu semja óstyttan efnahagsreikning;
mega birta samandreginn efnahagsreikning;
skulu semja óstytta útgáfu af skýringum;
mega birta samandregna útgáfu af skýringum;
skulu semja og birta óstytta útgáfu af skýrslu stjórnar;
skulu láta löggilta endurskoðendur annast endurskoðun;
þurfa ekki að semja og birta samstæðureikning;
mega falla frá að sundurliða veltu eftir atvinnugreinum og svæðum.

Í 9. tölul. 2. mgr. 1. gr. er „félagaskrá“ skilgreind sem „hver sú stofnun sem með lögum er fengið það hlutverk að skrásetja félög og afla og geyma gögn um stofnun félaga og starfsemi þeirra“ og vísast til þess sem áður er sagt um þetta atriði í inngangi.

Í 3. gr. er fjallað um skyldu stjórnar og framkvæmdastjóra að láta semja og undirrita ársreikninga, svo og um áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna á þá.

Í 4.–6. gr. er fjallað um það hvenær félög, sem ekki hafa látið skrá hlutabréf sín eða önnur verðbréf á opinberu verðbréfaþingi EES-ríkis, þurfa ekki að semja samstæðureikninga og enn fremur hvenær halda má dótturfélagi utan samstæðureiknings. Þá er í 7. gr. lagt til að geri slíkt félag samstæðureikning skuli það vera í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Þá eru ákvæði í 8.–12. gr. um reikningsárið sem skal vera tólf mánuðir með heimild til frávika í sérstökum tilvikum. Ársreikningar og samstæðureikningar skulu gerðir í samræmi við ákvæði frumvarpsins og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynd af rekstrarafkomu og efnahag. Náist það ekki skal veita frekari upplýsingar í skýringum.

Í stað þess að telja upp í frumvarpinu þá liði, sem fram skulu koma í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi, er lagt til að fjármálaráðherra gefi út reglugerð um uppsetninguna. Í 4. tilskipun er tilgreint hvernig efnahagsreikningar og rekstrarreikningar skuli settir fram og er vakin athygli á að uppröðun liða er þar mjög frábrugðin því sem tíðkast hefur hér á landi. Þar eð ætla má að áhersluatriði í þessum efnum kunni að vera breytingum undirorpin er ekki lagt til að lögfesta uppsetningu þessa heldur talið eðlilegt að mæla fyrir um hana í reglugerð. Með þeim hætti er unnt að bregðast fljótt við breytingum og þróun sem verður á reikningsskilum. Við setningu reglugerðar er eðlilegt að hafa samráð við reikningsskilaráð.

Um II. kafla.

Ákvæði II. kafla fjallar um einstaka liði efnahagsreiknings og rekstrarreiknings.

Í þessum kafla er að finna skilgreiningar á ýmsum atriðum sem eiga að tryggja að tilteknir liðir efnahagsreiknings og rekstrarreiknings séu sambærilegir. Í kaflanum er m.a. lagt til að lögfesta skilgreiningar á fastafjármunum, veltufjármunum og hreinni veltu í samræmi við ákvæði 4. tilskipunar en þær eru jafnframt í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju hér á landi. Óefnisleg réttindi, svo sem fiskveiðikvóta og rannsóknar- og þróunarkostnað, skal aðeins færa til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Tekjur skal færa þegar til þeirra er unnið og krafa hefur myndast á viðskiptaaðila, án tillits til þess hvort þær hafi verið innheimtar eða ekki. Með hliðstæðum hætti ber að færa gjöld þegar til þeirra er stofnað. Heimilað er í samræmi við 4. tilskipun að færa til gjalda og skulda fjárhæðir sem ætlað er að mæta útgjöldum vegna skýrt skilgreindra skuldbindinga sem eru sennilega eða örugglega áfallnar á reikningsskiladegi en óvissar að því er fjárhæð varðar eða hvenær þær falla til greiðslu, svo sem lífeyris- og eftirlaunaskuldbindingar og skattskuldbindingar.

Um III. kafla.

Í III. kafla er fjallað um matsreglur einstakra liða ársreiknings. Eru ekki gerðar verulegar efnisbreytingar frá gildandi ákvæðum um ársreikninga í lögum um hlutafélög eða samvinnufélög en um ýmis atriði er þó kveðið skýrar á en áður. Reikningsskil skulu miðuð við áframhaldandi starfsemi og ef það á ekki við er nauðsynlegt að upplýsa það. Matsreglurnar eiga bæði við um liði rekstrarreiknings og efnahagsreiknings og meta skal einstakar eignir og skuldir til verðs hverja fyrir sig en ekki í heild. Eignir skal skrá samkvæmt kostnaðarverðsreglu, þ.e. við upphaflegu kaupverði, og skuldir við því viðskiptaverði á kaupdegi. Fastafjármuni skal eigi meta hærra verði en kostnaðarverði eða framreiknuðu kostnaðarverði. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem nýtast um takmarkaðan tíma, skulu afskrifaðir árlega á kerfisbundinn hátt. Bókfært verð fastafjármuna ber að færa niður í raunvirði ef lækkun þess er ekki talin skammvinn. Heimilt er að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reikningsskiladegi ef það er lægra en bókfært verð. Niðurfærslur og matsbreytingar skulu færðar í rekstrarreikning og hafa áhrif á rekstrarafkomu.

Í 25. gr. eru ákvæði um hvernig taka megi tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag. Þar er heimilað að leiðrétta liði ársreiknings, þar með talið eigið fé, vegna áhrifa verðbólgu og skuli þá slíkar leiðréttingar bæði taka til rekstrarreiknings og efnahagsreiknings. Samkvæmt 4. tilskipun er það meginregla að reikningsskil skuli grundvallast á að skrá eignir við upphaflegu kostnaðarverði, sbr. 32. gr. hennar. Í tilskipuninni er þó gefinn kostur á að leiðrétta reikningsskil fyrir áhrifum verðbólgu, án þess að það sé skýrt nákvæmlega. Í 33. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum þannig heimilað að tilkynna framkvæmdastjórninni „að þrátt fyrir ákvæði 32. gr. áskilji þau sér, meðan beðið er síðari samræmingar, rétt til að heimila eða krefjast af félögum eða tilteknum flokkum þeirra:

a. að þau tilgreini verðmæti rekstrarfjármuna með takmarkaðan nýtingartíma, svo og vörubirgða, á grundvelli endurkaupsverðs;
b. að verðmæti sé fundið með annarri aðferð en þeirri sem kveðið á um í a-lið sem miðast við að tekið sé tillit til áhrifa verðbólgu á þá liði sem tilgreindir eru í ársreikningi, þar með talið á eigið fé;
c. að rekstrarfjármunir og áhættufjármunir séu endurmetnir“.

Fyrrgreind samræming hefur ekki farið fram og í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að taka tillit til áhrifa verðbólgu í samræmi við viðteknar reikningsskilavenjur hér á landi. Í tilvitnuðum a-lið er að finna aðferð sem ekki hefur verið beitt hér og er ekki talin ástæða til að breyta þeirri skipan. Talið er að þau verðbólgureikningsskil, sem tíðkast hafa hérlendis að undanförnu, samræmist þeirri lýsingu sem fram kemur í b-lið. Í 97. gr. hlutafélagalaga er að finna ákvæði sem er hliðstætt við ofangreindan c-lið. Hér eru því ekki lagðar til breytingar frá þeim reikningsskilaaðferðum sem beitt hefur verið hérlendis á undanförnum árum.

Nái frumvarp þetta fram að ganga er nauðsynlegt að tilkynna framkvæmdastjórn ESB að íslensk stjórnvöld hyggist nýta sér fyrrgreinda heimild um verðbólgureikningsskil.

Í 25. gr. eru enn fremur ákvæði um hvernig ráðstafa megi endurmatsreikningi og fer um ráðstöfunina eftir því hvort fjárhæð hans er byggð á a- eða b-lið 1. mgr. Þegar endurmatsreikningur er til kominn vegna áhrifa verðbólgu má m.a. ráðstafa honum til að hækka hlutafé með útgáfu jöfnunarhlutabréfa og til að verðbæta lögbundna varasjóði. Samkvæmt d-lið má þó ekki ráðstafa þeim hluta endurmatsreiknings sem svarar til framreiknings á innborguðu eigin fé, þar með talið hlutafé. Endurmatsreikning, sem myndaður er vegna - breytinga á raunvirði fastafjármuna, má einungis leysa upp við sölu eignanna eða þegar forsendur eru fyrir endurmatinu.

Í 26.–29. gr. er fjallað um mat á veltufjármunum.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er fjallað um skýringar sem fylgja skulu ársreikningi og teljast hluti hans.

Í þeim skal veita frekari upplýsingar um einstaka liði ársreikningsins og önnur þau atriði sem nauðsynleg eru við mat á fjárhagsstöðu viðkomandi aðila. Heimilt er að veita þessar upplýsingar í skýrslu stjórnar enda telst hún þá hluti ársreikningsins.

Ákvæði kaflans fela ekki í sér teljandi breytingar frá gildandi lagaákvæðum en eru þó að ýmsu leyti ítarlegri.

Um V. kafla.

Ákvæði V. kafla fjalla um skýrslu stjórnar. Í henni skal upplýsa um atriði sem mikilvæg teljast við mat á fjárhagslegri stöðu félags og afkomu þess á reikningsárinu. Um er að ræða hliðstæð ákvæði og í núgildandi lögum um hlutafélög og samvinnufélög.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er fjallað um samstæðureikningsskil og er þar byggt á 7. tilskipuninni. Ákvæði þessa kafla eru mun ítarlegri en nú er að finna í lögum um hlutafélög og samvinnufélög.

Í inngangi að 7. tilskipuninni eru aðildarríkin hvött til að samræma lög um uppsetningu og efni samstæðureikninga til að unnt sé að veita samræmdar fjárhagslegar upplýsingar um félagasamstæður. Með samræmingu er ætlunin að tryggja að upplýsingar, sem félög birta, séu sambærilegar og jafngildar. Samstæðureikningsskilin grundvallast á meirihluta atkvæðisréttar móðurfélags í dótturfélagi en geta einnig átt við í vissum tilvikum þrátt fyrir minni hluta atkvæða og er þannig ætlað að birta í einu lagi upplýsingar um þá fjárhagslegu rekstrareiningu sem félagasamstæða er.

Markmiðið með samræmingu samstæðureikninga er að vernda hagsmuni sem tengjast hlutafélögum og öðrum þeim félögum sem falla undir þetta frumvarp. Það felur í sér þá meginreglu að semja skuli samstæðureikninga þegar félag fer með meirihlutavald í öðru félagi.

Samstæðureikningi er ætlað að gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu allra félaga innan sömu samstæðu eins og um eitt félag væri að ræða. Í samstæðureikningi er nauðsynlegt að gera sérstaklega grein fyrir hlutdeild eigenda minni hluta í dótturfélögum innan samstæðunnar, bæði í rekstrarárangri og eigin fé hennar.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla er fjallað um endurskoðun ársreikninga. Ákvæðin eru hliðstæð og í núgildandi lögum um hlutafélög og samvinnufélög en þó nokkru ítarlegri.

Í 57. gr. kemur fram að kjósa skuli á aðalfundi eða almennum félagsfundi einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn og varamenn þeirra. Í frumvarpinu er gerður skýr greinarmunur á löggiltum endurskoðanda og skoðunarmanni enda er ekki talið unnt að gera sömu kröfur til þeirra sem fengið hafa löggildingu til endurskoðunarstarfa og annarra. Í samþykktum félaga er algengast að kveðið sé á um að kjósa endurskoðendur ársreikninga og ekki gerður greinarmunur á því hvort um sé að ræða löggilta endurskoðendur eða aðra. Starfsheitið „endurskoðandi“ er löggilt starfsheiti samkvæmt lögum nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, en þar segir í 2. mgr. 6. gr. að öðrum mönnum en löggiltum endurskoðendum sé ekki heimilt að nota orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu. Menntunarkröfur, sem gerðar eru til löggiltra endurskoðenda hér á landi, eru í samræmi við ákvæði 8. tilskipunar.

Félög, sem falla undir frumvarp þetta, skulu kjósa eða ráða löggilta endurskoðendur til endurskoðunarstarfa en þó má undanskilja lítil félög sem mega kjósa eða ráða skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninginn.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er fjallað um birtingu ársreikninga þeirra félaga sem falla undir frumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um hlutafélög ber þeim að senda hlutafélagaskrá ársreikninga sína ef engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hlutabréf þeirra. Einnig ber samvinnufélögum með B-deild stofnsjóðs að senda samvinnufélagaskrá ársreikninga sína. Í þessu frumvarpi er lagt til að öll félög, sem það tekur til, þar með talin erlend útibú hér á landi, skuli senda félagaskrá ársreikninga sína eigi síðar en mánuði eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Hafi félag verðbréf sín skráð á opinberu verðbréfaþingi ber að senda félagaskrá ársreikning þess þegar eftir samþykkt hans og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Litlum félögum er þó heimilað, eftir ákveðnum reglum, að falla frá þessari birtingarskyldu. Ákvæði þessa kafla eru byggð á ákvæðum 4. tilskipunar.

Lagt er til að félagaskrá geri úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum og samstæðureikningum til að sannreyna að innsend gögn séu í samræmi við ákvæði laga og að félagaskrá geti í því sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga hjá hverju félagi.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla er fjallað um reikningsskilaráð. Ákvæðin eru tekin óbreytt upp úr gildandi lögum um bókhald. Lagt er til að þessi kafli verði í lögum um ársreikninga í stað laga um bókhald.

Um X. kafla.

Í X. kafla er fjallað um ýmis ákvæði, þar á meðal um heimild ráðherra til að setja reglugerð um margvísleg framkvæmdaatriði. M.a. er lagt til að uppsetning efnahagsreiknings og rekstrarreiknings verði ákveðin með reglugerð. Uppsetning þessara reikninga er fastákveðin í ákvæðum 4. tilskipunar en talið er heppilegra að hafa slíka uppsetningu í reglugerð en í lögum.

Þá eru í þessum kafla ákvæði um meðferð brota gegn ákvæðum væntanlegra laga og eru þau óbreytt frá gildandi lögum um bókhald.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1995 og taki þannig til allra ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst eftir þann tíma. Með þessu ákvæði er komið í veg fyrir að lögin verði afturvirk.

Lagt er til að ákvæði laga um hlutafélög og samvinnufélög, sem fjalla almennt um ársreikninga og endurskoðun, verði felld úr gildi og ákvæði frumvarps þessa taki við. Með þessum hætti verður löggjöf um þessi efni einfaldari og skýrari og síður hætta á misræmi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er skilgreint hvaða félög skuli falla undir frumvarpið. Hér er m.a. um að ræða hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila sem um er fjallað í c-lið 33. gr. laga nr. 42/1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð. Samkvæmt því ákvæði skal hvert það félag, er hefur breytilega félagatölu eða breytilegan höfuðstól, talið félag með takmarkaðri ábyrgð þótt félagsmenn hafi ótakmarkaða ábyrgð, sbr. einnig 1. tölul. 1. gr. frumvarps til laga um bókhald. Einnig tekur ákvæðið til sameignarfélaga og annarra félaga með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélaga sem

eru eingöngu í eigu félaga með takmarkaðri ábyrgð eða fara yfir tiltekna stærð sem nánar er skilgreind í 2. gr. frumvarpsins. Er það í samræmi við 1. gr. 4. tilskipunar ESB eins og hún hljóðar samkvæmt breytingu nr. 90/605, sbr. einnig 3. tölul. 1. gr. frumvarps til laga um bókhald. Ákvæði frumvarpsins nær einnig til samvinnufélaga og samvinnusambanda, til gagnkvæmra vátrygginga- og ábyrgðarfélaga og annarra félaga með breytilegum höfuðstól og breytilegri félagatölu, sbr. 2. tölul. 1. gr. frumvarps til laga um bókhald. Fjórða tilskipunin tekur ekki til ársreikninga samvinnufélaga og samvinnusambanda en lagt er til að láta sömu reglur gilda um gerð og birtingu þeirra og eiga við um hlutafélög enda er í lögum um samvinnufélög samsvarandi ákvæði um gerð og birtingu ársreikninga samvinnufélaga sem hafa B-deild stofnsjóðs.

Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. skulu þessi lög víkja ef í sérlögum eða reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, eru gerðar jafnmiklar eða meiri kröfur til ársreikningagerðar en í frumvarpi þessu og er þar fyrst og fremst litið til laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Samkvæmt tilskipun ESB frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ber þeim án tillits til félagsforms að semja og birta ársreikninga sína með þeim hætti sem þar kemur fram.

Í 2. mgr. eru skilgreiningar á hugtökum sem koma fram í frumvarpinu. Hugtök þessi eru í samræmi við viðtekna notkun þeirra í íslensku viðskiptalífi en sum þeirra hafa þó ekki áður verið skilgreind formlega í lögum.

Samkvæmt 9. tölul. 2. mgr. er félagaskrá stofnun sem fengið er það hlutverk að skrásetja félög og afla og geyma gögn um stofnun og starfsemi þeirra. Nú hafa hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá og firmaskrá þetta hlutverk og vísast til þess sem áður er sagt um þetta atriði í almennum athugasemdum.

Í 3. mgr. eru ákvæði um það hvernig telja skal saman atkvæðamagn félags í öðru félagi. Atkvæði, sem dótturfélag fer með í slíku félagi, skal telja hlutfallslega hjá móðurfélaginu.

Í 4. mgr. eru samsvarandi ákvæði og í 4. mgr. 65. gr. hlutafélagalaga. Samkvæmt þessum ákvæðum skulu eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, ekki taldir með þegar talin eru saman atkvæði félags í dótturfélögum eða hlutdeildarfélögum.

Um 2. gr.

Hér er nánar fjallað um þau sameignarfélög og samlagsfélög sem falla undir ákvæði frumvarpsins. Fjórða tilskipunin fjallar um framsetningu og efni ársreikninga félaga með takmarkaðri ábyrgð en samkvæmt breytingu ráðs ESB nr. 90/605 tekur hún einnig til félaga með ótakmarkaðri ábyrgð þegar allir eigendur þeirra, beint eða óbeint, eru félög með takmarkaðri ábyrgð. Þá er lagt til að stór félög með ótakmarkaða ábyrgð félagsaðila, bæði einstaklinga og félaga, falli enn fremur undir ákvæði frumvarpsins enda þótt ekki sé kveðið á um það í tilskipuninni. Þykja öll rök hníga í þá átt að láta slík félög, sem eru yfir tiltekinni stærð, lúta sömu ákvæðum um gerð og birtingu ársreiknings. Samkvæmt greininni er slíku félagi skylt að fara að ákvæðum frumvarpsins samfellt í tvö ár eftir að hafa farið undir tvenn af þrennum tilgreindum stærðarmörkum en þurfa ekki að fara að ákvæðum frumvarpsins fyrr en þau hafa í tvö ár farið samfellt yfir tvenn af þrennum stærðarmörkum.

Lagt er til að draga mörkin við heildareignir að fjárhæð 200 millj. kr., veltu að fjárhæð 400 millj. kr. og 50 ársverk, sbr. einnig 6. gr., og eru stærðarmörk tilskipunarinnar þar hafðar að viðmiðun. Gert er ráð fyrir að stærðir þessar séu grunnstærðir sem ráðherra verði heimilað að breyta til samræmis við breytingar á tilskipunum eða verulegar breytingar á gengi ECU.

Samkvæmt 3. mgr. er slíkum félögum þó ekki skylt að semja ársreikning ef allar tekjur og gjöld, eignir og skuldir þeirra eru meðtaldar í ársreikningum félagsaðila. Þessi félög þurfa þó að semja ársreikning fyrir skattyfirvöld ef þau eru sjálfstæðir skattaðilar hér á landi.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. kemur það skýrt fram að það er skylda stjórnar félags og framkvæmdastjóra að láta semja ársreikning og eftir atvikum samstæðureikning. Hann skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar í samræmi við 1. mgr. 2. gr. 4. tilskipunar. Að auki er lagt til að fjárstreymisyfirlit skuli vera hluti ársreiknings. Þótt þessi skylda hafi til þessa ekki verið lögbundin hafa fjárstreymisyfirlit verið hluti ársreikninga félaga um árabil samkvæmt góðri reikningskilavenju og þykir því ástæða til að lögfesta þetta. Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess hvort birt er fjármagnsstreymis- eða sjóðstreymisyfirlit. Ef um er að ræða félag sem ekki hefur kosið sér formlega stjórn hvílir skyldan til að láta semja ársreikning í samræmi við frumvarpið á öllum félagsaðilum sameiginlega. Hér getur t.d. verið átt við sameignarfélög en um það félagsform eru engin almenn lög.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru hliðstæð ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. 88. gr. og 2. mgr. 93. gr. hlutafélagalaga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um undanþágu móðurfélags frá því að semja samstæðureikning og er hún byggð á ákvæðum 7. og 9. gr. 7. tilskipunar um samstæðureikninga. Meginreglan í frumvarpinu er að undanþágur ná ekki til félaga sem hafa verðbréf sín, þar með talin hlutabréf, skráð á verðbréfaþingi í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-ríki). Önnur félög geta fallið frá því að semja samstæðureikning samkvæmt ákvæðum 1.–5. tölul. greinarinnar.

Samkvæmt 2. mgr. getur félagaskrá krafist tiltekinna upplýsinga úr samstæðureikningi sem saminn er af erlendu móðurfélagi og innifelur íslenskt dótturfélag. Vakin er athygli á að félagaskrá getur krafist íslenskrar þýðingar á slíkum samstæðureikningi. Ákvæðið er byggt á bb-lið í 2. mgr. 7. gr. 7. tilskipunar.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um það hvenær halda má dótturfyrirtæki utan samstæðureiknings og er það byggt á 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. 7. tilskipunar.

Í 3. mgr. er gefinn kostur á að halda dótturfélagi utan samstæðureiknings ef starfsemi þess er svo ólík starfsemi móðurfélagsins að samstæðureikningur gæfi villandi mynd af starfsemi samstæðunnar ef dótturfélagið væri tekið með í hann. Átt er við að rekstur félaganna sé svo ólíkur að sameiginlegur rekstrarreikningur samstæðunnar væri órökréttur eða marklaus. Sem dæmi má nefna meirihlutaeign banka eða fjármálastofnana í félögum í almennum atvinnurekstri.

Um 6. gr.

Hér er móðurfélagi veitt heimild til að falla frá því að semja samstæðureikning enda séu verðbréf þess eða dótturfélaga þess ekki tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í EES-ríki og það er innan tiltekinna stærðarmarka tvö ár í röð. Er það í samræmi við 6. gr. 7. tilskipunar.

Stærðarmörkin, sem hér er miðað við, byggjast á 11. gr. 4. tilskipunar þar sem stærðarmörk lítilla félaga eru skilgreind. Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að þessi stærðarmörk, sem byggjast á heildareignum, rekstrartekjum og fjölda ársverka, séu að jafnaði endurskoðuð á fimm ára fresti. Fjárhæðir eru tilgreindar í ECU. Samkvæmt síðustu samþykkt ráðsins frá 19. mars 1994 telst félag til lítilla félaga ef niðurstöðutala efnahagsreiknings nær ekki 2.500.000 ECU (um 206 millj. ísl. kr.) eða ef hrein velta er lægri en 5.000.000 ECU á ári (um 412 millj. ísl. kr.) og meðalfjöldi ársverka innan við 50. Samkvæmt 27. gr. 4. tilskipunar eru félög skilgreind sem meðalstór ef niðurstöðutala efnahagsreiknings nær ekki 10.000.000 ECU (um 825 millj. ísl. kr.) eða ef hrein velta er innan við 20.000.000 ECU á ári (um 1.650 millj. ísl. kr.).

Lagt er til að draga mörkin við heildareignir að fjárhæð 200 millj. kr., veltu að fjárhæð 400 millj. kr. og 50 ársverk og eru stærðarmörk tilskipunarinnar þar hafðar að viðmiðun. Gert er ráð fyrir að stærðir þessar séu grunnstærðir sem ráðherra verði heimilað að breyta til samræmis við breytingar á tilskipunum eða verulegar breytingar á gengi ECU.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði skal móðurfélag, sem undanþegið er skyldu til að semja samstæðureikning en semur hann engu að síður, skylt að semja hann í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Hins vegar er því ekki skylt að birta hann.

Um 8. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 94. gr. laga um hlutafélög.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við 2.–4. mgr. 2. gr. 4. tilskipunar og einnig í samræmi við almennt viðteknar reikningsskilavenjur.

Um 10. gr.

Hér kemur fram að efnahagsreikning og rekstrarreikning skuli setja upp með kerfisbundnum hætti. Gert er ráð fyrir því að ráðherra muni með reglugerð ákveða framsetningu efnahagsreiknings í samræmi við 9. og 10. gr. og rekstrarreiknings í samræmi við 23.–26. gr. 4. tilskipunar. Eðlilegt þykir að setja ákvæði um uppsetningu efnahagsreiknings og rekstrarreiknings í reglugerð en í lagatexta þar sem slík framsetning er líkleg til að taka örum breytingum. Með þeim hætti er auðveldara að bregðast fljótt við eðlilegri þróun í þessum efnum.

Samkvæmt 3. gr. 4. tilskipunar er óheimilt að breyta uppsetningu efnahagsreiknings og rekstrarreiknings frá einu reikningsári til annars nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Frávik frá þessari grundvallarreglu eru leyfð samkvæmt tilskipuninni í undantekningartilvikum enda sé greint frá öllum frávikum í skýringum með ársreikningi og ástæður tilgreindar.

Ákvæði 3. mgr. styðjast við 5. mgr. 2. gr. 4. tilskipunarinnar.

Um 11. gr.

Hér er áskilið að fjárhæðir í ársreikningi og samstæðureikningi skuli vera í íslenskum krónum. Er þetta ákvæði í samræmi við 1. tölul. 1. mgr. 43. gr. 4. tilskipunar.

Um 12. gr.

Greinin er í samræmi við góða reikningsskilavenju og 7. gr. 4. tilskipunarinnar.

Um 13. gr.

Hér eru skýrð hugtökin veltufjármunir og fastafjármunir og er það í samræmi við 1. og 2. mgr. 15. gr. 4. tilskipunar. Greinin er efnislega samhljóða 96. gr. hlutafélagalaga.

Um 14. gr.

Í þessari grein er fjallað um lotun tekna og gjalda og er hún í samræmi við 18. og 21. gr. 4. tilskipunar og viðteknar reikningsskilavenjur.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru sett skilyrði þess að eignfæra óefnisleg réttindi eins og fram kemur í C-lið 9. gr. 4. tilskipunar. Hér er átt við óefnisleg réttindi svo sem viðskiptavild, vörumerki, einkaleyfi og framleiðsluheimildir, t.d. framleiðslurétt í landbúnaði og veiðiheimildir.

Um 16. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 20. gr. og 1. mgr. 42. gr. 4. tilskipunar. Hér er meðal annars átt við hvers konar ábyrgðarskuldbindingar, eftirlaunaskuldbindingar o.fl.

Í 2. mgr. er lagt bann við því að jafna skuldbindingum skv. 1. mgr. á móti eignum og enn fremur er þar áréttað að beita skuli varfærni við mat á þeim. Ákvæði þetta er í samræmi við 2. mgr. 42. gr. 4. tilskipunar.

Um 17. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við 6. gr. 4. tilskipunar, sbr. 103. gr. hlutafélagalaga.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við 28. gr. 4. tilskipunar.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 29. gr. 4. tilskipunar.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um mat á einstökum liðum ársreiknings og er hún í samræmi við 1. og 2. mgr. 31. gr. 4. tilskipunar.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. skal við mat eigna og skulda gera ráð fyrir því að félagið haldi starfsemi sinni áfram. Í þessu felst að það hafi hvorki áform um að hætta rekstri né neyðist til þess. Ef forsendan um áframhaldandi starfsemi er ekki fyrir hendi verður að semja reikningsskilin á öðrum grunni og upplýsa um slíkt í skýringum.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 21. gr.

Ef matsaðferðum er breytt frá því sem áður hefur tíðkast á reikningsári skal beita hinni nýju aðferð við allt það reikningsár þegar breytingin var gerð.

Um 22. gr.

Greinin er í samræmi við 35. gr. 4. tilskipunar og 1. mgr. 97. gr. hlutafélagalaga.

Um 23. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við b-lið 1. mgr. 35. gr. 4. tilskipunar og 2. mgr. 97. gr. hlutafélagalaga.

Um 24. gr.

Þessi grein fjallar um frávik frá kostnaðarverðsreglunni.

Samkvæmt 1. mgr. er skylt að færa fastafjármuni niður í raunvirði þegar bókfært verð þeirra samkvæmt matsreglum 22. og 23. gr. telst hærra en raunvirði og telja má að um varanlegt ástand sé að ræða. Endingartími fastafjármunarins skiptir þar ekki máli. Er þetta ákvæði í samræmi við c-lið bb) í 1. mgr. 35. gr. 4. tilskipunar.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reikningsskiladegi ef það er lægra en bókfært verð og er þetta ákvæði í samræmi við c-lið aa) í 1. mgr. 35. gr. 4. tilskipunar.

Samkvæmt 3. mgr. er skylt að færa þær eignir, sem um er rætt í 1. og 2. mgr., til fyrra horfs ef ástæður verðlækkunarinnar eiga ekki lengur við. Er þetta ákvæði í samræmi við c-lið dd) í 1. mgr. 35. gr. 4. tilskipunar.

Samkvæmt 4. mgr. skulu matsbreytingar skv. 1.–3. mgr. færðar í rekstrarreikning og gerð skal grein fyrir þeim í skýringum ef þær eru ekki sérgreindar í rekstrarreikningi. Er þetta ákvæði í samræmi við c-lið cc) í 1. mgr. 35. gr. 4. tilskipunar.

Um 25. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um hvernig taka megi tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag. Er byggt á reglum sem settar eru fram í 33. gr. 4. tilskipunar. Samkvæmt 32. gr. tilskipunarinnar er það meginregla að reikningsskil skuli grundvallast á upphaflegu kostnaðarverði. Í 33. gr. tilskipunarinnar er gefinn kostur að heimila í löggjöf að leiðrétta reikningsskil fyrir áhrifum verðbólgu, án þess að það sé skýrt nákvæmlega, en stjórnvöld verða að tilkynna framkvæmdastjórn ESB sérstaklega ef ætlunin er að nýta þessa heimild.

Í a-lið 1. mgr. er heimilað að leiðrétta liði ársreiknings, þar með talið eigið fé, vegna áhrifa verðbólgu og skulu slíkar leiðréttingar taka bæði til rekstrarreiknings og efnahagsreiknings. Ekki eru settar reglur um hvernig þessi verðbólguleiðrétting eigi að fara fram heldur er gengið út frá að sömu reglum og mótast hafa á undanförnum árum verði beitt. Verðlagsleiðréttingar þessar ber að færa á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Í b-lið 1. mgr. er heimilað að hækka bókfært verð fastafjármuna þegar raunvirði þeirra er verulega hærra en kostnaðarverð eða framreiknað kostnaðarverð þeirra og hækkunin er talin varanleg. Hér er um að ræða sértækt endurmat sem færa ber á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Í 3. mgr. er lagt til að endurmatsreikningi, sem myndaður er skv. a-lið 1. mgr., megi aðeins ráðstafa með þeim hætti sem greinir frá í liðum a–e. Ákvæði a–c-liða eru efnislega samhljóða ákvæðum í 4. mgr. 97. gr. hlutafélagalaga en liðir d og e eru nýmæli. Í d-lið kemur fram að heimilt er að færa endurmatsreikning yfir á annað eigið fé að því undanskildu að ávallt verður að skilja þar eftir fjárhæð sem samsvarar framreikningi á innborguðu eigin fé. Með því er ætlað að tryggja að bundið eigið fé nemi ávallt sömu fjárhæð að raungildi. Í e-lið er heimilað að jafna neikvæðan endurmatsreikning með færslu frá öðru eigin fé.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 26. gr.

1. mgr. er í samræmi við a-lið 1. mgr. 39. gr. 4. tilskipunar og 1. málsl. 96. gr. laga um hlutafélög og 2. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 39. gr sömu tilskipunar. Þá er greinin einnig í samræmi við viðteknar reikningsskilavenjur.

Um 27. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við 2. mgr. 39. gr., svo og 40. gr. 4. tilskipunar.

Um 28. gr.

Þessi grein er byggð á b- og d-liðum 39. gr. 4. tilskipunar. Athygli er vakin á því að niðurfærslu samkvæmt greininni skal færa á rekstrarreikning. Reynist forsendur hennar ekki eiga lengur við ber að bakfæra niðurfærsluna.

Um 29. gr.

Greinin er í samræmi við 7. mgr. 98. gr. laga um hlutafélög. Athygli er vakin á að hér er eingöngu fjallað um verðbréf sem ætluð eru til eignar um skamman tíma.

Um 30. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 6. mgr. 98. gr. hlutafélagalaga.

Um 31. gr.

Þessi grein er í samræmi við 37. gr. 4. tilskipunar og fjallar um afskriftatíma óefnislegra réttinda, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Um 32. gr.

Greinin er í samræmi við 41. gr. 4. tilskipunar og styðst einnig við 5. mgr. 98. gr. hlutafélagalaga.

Um 33. gr.

Greinin er í samræmi við 38. gr. 4. tilskipunar.

Um 34. gr.

Ákvæði þessarar greinar er að nokkru hliðstætt ákvæði 1. mgr. 98. gr. laga um hlutafélög en skilyrði fyrir eignfærslu eigin hluta eru nú önnur en verið hefur. Þannig er nú aðeins heimilt að eignfæra eigin hluti sem keyptir hafa verið síðastliðin tvö reikningsár og ætlaðir eru til endursölu.

Um 35. gr.

Þessi grein er í samræmi við 59. gr. 4. tilskipunar, sbr. 45. gr. 7. tilskipunar. Hér er verið að lögfesta reikningsskilaaðferðir sem um nokkurt skeið hafa verið viðteknar hérlendis en hefur til þessa ekki verið að finna í lögum.

Um 36. gr.

Þessi grein er í samræmi við 43. gr. 4. tilskipunar. Vakin er athygli á að sömu upplýsingar og hér er fjallað um má veita í skýrslu stjórnar ef hún er hluti ársreiknings.

Um 37. gr.

Þessi grein er byggð á 1. tölul. 1. mgr. 43. gr. 4. tilskipunar.

Um 38. gr.

Greinin er í samræmi við 2. tölul. 1. mgr. 43. gr., sbr. 46. gr. 7. tilskipunar, svo og b-lið 1. mgr. 45. gr. 4. tilskipunar. Enn fremur eru hliðstæð ákvæði í 1. tölul. 102. gr. hlutafélagalaga.

Um 39. gr.

Þessi grein er í samræmi við 2. tölul. 1. mgr. 43. gr. 4. tilskipunar, sbr. breytingu á tilskipuninni nr. 90/605.

Um 40. gr.

Þessi grein er í samræmi við 4. tölul. 1. mgr. 43. gr. 4. tilskipunar og hliðstæð ákvæði er einnig að finna í 8. tölul. 102. gr. hlutafélagalaga.

Um 41. gr.

Þessi grein er í samræmi við 5. tölul. 1. mgr. 43. gr. 4. tilskipunar, sbr. og 39. gr. hlutafélagalaga.

Um 42. gr.

Ákvæði þessarar greinar er byggt á 6. og 7. tölul. 1. mgr. 43. gr., sbr. einnig 14. gr. 4. tilskipunar og enn fremur 7. og 16. tölul. 102. gr. hlutafélagalaga.

Um 43. gr.

Þessi grein er í samræmi við 13. tölul. 1. mgr. 43. gr. 4. tilskipunar, sbr. einnig ákvæði 2. mgr. 100. gr. laga um hlutafélög.

Um 44. gr.

Þessi grein á sér hliðstæðu í 4. tölul. 102. gr. laga um hlutafélög.

Um 45. gr.

Í reikningsskilum er félögum heimilt að færa hagnað af langtímaverkefnum fyrst til tekna þegar lokið er við þau annars vegar og hins vegar að tekjufæra áætlaðan hagnað eftir framvindu verkefnis. Í þessari grein er áréttað að geta þurfi um það í skýringum hvor aðferðin er viðhöfð og hvaða matsaðferðum er beitt. Greinin á sér samsvörun í 14. tölul. 102. gr. hlutafélagalaga. Hér er einungis fjallað um hagnað af verkefnum en um fyrirsjáanlegt tap af þeim er fjallað í b-lið 3. tölul. 1. mgr. 20. gr.

Um 46. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 8. tölul. 1. mgr. 43. gr. 4. tilskipunar.

Samkvæmt 2. mgr. er félögum innan stærðarmarka, sem um er fjallað í 77. gr. frumvarpsins, heimilað að sleppa í skýringum upplýsingum skv. 1. mgr. Er það í samræmi við 2. mgr. 45. gr. 4. tilskipunar.

Um 47. gr.

Í þessari grein er lögfest að færa skuli upp frestaða skattskuldbindingu í reikningsskilum. Þetta nýmæli í lögum styðst við góða reikningsskilavenju og hafa íslensk fyrirtæki í auknum mæli fært slíka skuldbindingu í reikningsskil sín á undanförnum árum. Enn fremur styðst greinin við 2. mgr. 30. gr. og 11. tölul. 1. mgr. 43. gr. 4. tilskipunar.

Um 48. gr.

Skv. 1. mgr. skal upplýsa um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Með fjölda starfsmanna er átt við ársverk eða stöðugildi. Þá skal skv. 2. mgr. veita upplýsingar um ýmsar greiðslur til stjórnenda. Er þetta í samræmi við 9. og 12. tölul. 1. mgr. 43. gr. 4. tilskipunar, sbr. einnig 2. mgr. 103. gr. laga um hlutafélög.

Um 49. gr.

Þessi grein er í samræmi við d-lið 2. mgr. 46. gr. 4. tilskipunar, sbr. einnig 2. mgr. 22. gr. 2. tilskipunar. Þá er í 13. tölul. 102. gr. hlutafélagalaga að finna ákvæði sem að nokkru er hliðstætt greininni.

Um 50. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um sundurliðun breytinga á eigin fé á árinu í skýringum og er hún í samræmi við 9. tölul. 102. gr. hlutafélagalaga.

Um 51. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að dótturfélag greini frá móðurfélagi í skýringum sínum.

Um 52. gr.

Þessi grein fjallar um skýrslu stjórnar félags. Er greinin í samræmi við 46. gr. 4. tilskipunar. Skýrsla stjórnar skal vera hluti ársreiknings þegar þar er að finna upplýsingar sem skylt er að veita samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sbr. 36. gr. Í hlutafélagalögum eru sambærileg ákvæði í 103. gr. Vakin er athygli á að í frumvarpi þessu er skýrsla þessi ávallt nefnd skýrsla stjórnar en í lögum um hlutafélög er hún nefnd ársskýrsla. Sú nafngift er talin geta valdið misskilningi þar sem heitið ársskýrsla er oft notað um ársreikninga ásamt fylgigögnum þeirra. Er því lagt til að gera þennan greinarmun á hugtökum.

Um 53. gr.

Þessi grein fjallar um gerð samstæðureikningsskila og byggist á 1. mgr. 26. gr. 7. tilskipunar. Hliðstæð ákvæði er að finna í 104. gr. laga um hlutafélög.

Um 54. gr.

Í þessari grein eru gerðar sambærilegar kröfur til samstæðureikninga og gerðar eru til ársreikninga, sbr. 9. gr., og styðst greinin við 2. og 3. mgr. 16. gr. 7. tilskipunar.

Um 55. gr.

Þessi grein er í samræmi við 1. og 2. mgr. 29. gr. 7. tilskipunar.

Um 56. gr.

Þessi grein er í samræmi við 32. gr. 7. tilskipunar, sbr. 4. mgr. 34. gr. hennar.

Um 57. gr.

Í þessari grein er fjallað um kosningu löggiltra endurskoðenda til að endurskoða og árita ársreikninga félaga og kosningu skoðunarmanna sem ekki hafa hlotið löggildingu til slíks starfs. Sambærileg ákvæði eru í 80. gr. laga um hlutafélög. Í þeim er þó ekki gerður greinarmunur á löggiltum endurskoðanda og skoðunarmanni að því er varðar þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar. Slíkan greinarmun er hins vegar að finna í lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög.

Greinin er í samræmi við 1. mgr. 51. gr. 4. tilskipunar. Í 2. mgr. er þó lagt til að í stað ráðherra skuli félagaskrá tilnefna endurskoðanda ef það er gert samkvæmt ákvæðum málsgreinarinnar.

Um 58. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sambærileg ákvæðum 81. gr. laga um hlutafélög. Ákvæði um búsetuskilyrði eru í samræmi við EES-samninginn. Gerður er greinarmunur á skoðunarmanni og endurskoðanda að því er varðar þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar. Um starfsskyldur endurskoðenda er vísað til laga um löggilta endurskoðendur en til skoðunarmanna eru gerðar þær kröfur að þeir skuli hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptum sem nauðsynleg er til að uppfylla starfsskyldur sínar. Nefna má að í lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, er notað orðið skoðunarmaður reikninga til aðgreiningar frá löggiltum endurskoðanda sem kosinn er til starfans. Hæfisskilyrði beggja eru bundin ákvæðum laga um löggilta endurskoðendur en þau eru eftirfarandi:

Viðkomandi er óheimilt að yfirfara og árita ársreikning hjá félagi þar sem hann er að öllu leyti eða að hluta ábyrgur fyrir skuldbindingum þess; hann má ekki sitja í stjórn eða fulltrúanefnd né vera framkvæmdastjóri eða starfsmaður félagsins; hann má ekki heldur vera undir stjórn eða á annan hátt háður stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða þeim starfsmönnum sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi eða fjármunum; hann má ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja, fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri, fósturforeldri eða fósturbarn og að lokum má hann ekki vera fjárhagslega háður viðkomandi félagi.

Um 59. gr.

Í þessari grein eru sett viðmiðunarmörk um hvenær félagi ber að kjósa endurskoðanda eða hvort nægir að kjósa skoðunarmann og á ákvæðið sér hliðstæðu í 82. gr. laga um hlutafélög. Skyldan til að kjósa löggiltan endurskoðanda fremur en skoðunarmann er í samræmi við 51. gr. 4. tilskipunar. Viðmiðunarmörk af þessu tagi er einnig að finna í 11. gr. tilskipunarinnar, sbr. einnig 6. gr. frumvarpsins. Þó eru hér lagðar til nokkuð aðrar og lægri viðmiðanir og stafar það einkum af smæð íslenskra fyrirtækja.

Gert er ráð fyrir að stærðir þessar séu grunnstærðir sem ráðherra verði heimilað að breyta, sbr. 82. gr.

Þá skal félag kjósa löggiltan endurskoðanda án tillits til stærðar þess ef verðbréf þess, þar með talin hlutabréf, eru skráð á opinberu verðbréfaþingi eða engar hömlur eru lagðar á viðskipti með eignarhluta í því. Í þessu sambandi teljast það ekki hömlur á viðskipti með hluti þótt lög heimili ekki sölu hluta í tilteknum atvinnurekstri til erlendra aðila, t.d. í sjávarútvegi.

Um 60. gr.

Hér er m.a. fjallað um kosningu endurskoðenda eða skoðunarmanna í dótturfélögum. Ákvæðin eru hliðstæð 5. mgr. 81. gr., og 3. og 4. mgr. 83. gr. laga um hlutafélög.

Um 61. gr.

Sambærileg ákvæði um starfstíma endurskoðenda eru í 84. gr. laga um hlutafélög, sbr. og 91. gr. laganna.

Um 62. gr.

Í 85. gr. laga um hlutafélög eru sambærileg ákvæði um hvernig bregðast skuli við ef endurskoðandi eða skoðunarmaður hefur ekki verið kosinn með lögmætum hætti.

Um 63. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 86. gr. laga um hlutafélög.

Um 64. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 87. gr. laga um hlutafélög nema að bætt er við ákvæði um skyldu félagsstjórnar og framkvæmdastjóra til að koma að eigin frumkvæði á framfæri við endurskoðendur eða skoðunarmenn upplýsingum og gögnum sem þeir telja að þýðingu hafi við endurskoðun.

Um 65. gr.

Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í 88. gr. laga um hlutafélög og 73. gr. laga um samvinnufélög. Um starfsskyldur endurskoðenda vísast að öðru leyti til athugasemda við 58. gr.

Um 66. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 89. gr. laga um hlutafélög.

Um 67. gr.

Hér eru ítarlegri ákvæði en í 90. gr. laga um hlutafélög og er hér fjallað um heimildir og skyldu endurskoðenda og skoðunarmanna til að sitja stjórnar- og félagsfundi þegar fjallað er um reikningsskil.

Um 68. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. málsl. 91. gr. laga um hlutafélög.

Um 69. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um opinbera birtingu ársreikninga, og samstæðureikninga þegar um þá er að ræða, allra þeirra félaga sem semja skulu ársreikninga í samræmi við frumvarp þetta. Í 105. gr. laga um hlutafélög er hliðstætt ákvæði um birtingu ársreikninga hlutafélaga sem ekki leggja hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum og í 67. gr. laga um samvinnufélög um birtingu ársreikninga samvinnufélaga sem hafa B-deild stofnsjóðs. Ákvæðið er byggt á 1. mgr. 47. gr. 4. tilskipunar og felur það í sér að mun fleiri félögum verður skylt að birta ársreikninga sína en hingað til hefur tíðkast.

Í 2. mgr. er félögum veitt heimild, með tilgreindum skilyrðum, til að senda félagaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um slíka stytta útgáfu, sbr. 82. gr. Þessi heimild til að víkja frá birtingu ársreiknings eins og hann var samþykktur á félagsfundi er byggð á a- og b-liðum 2. mgr. 47. gr. 4. tilskipunar.

Í 3. mgr. er kveðið á um almennan aðgang að skilaskyldum ársreikningum og er ákvæðið verulega víðtækara en hingað til hefur verið.

Um 70. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggist á 3. mgr. 14. gr. 7. tilskipunar.

Um 71. gr.

Ákvæði 1. mgr. skýra sig sjálf en 2. mgr. byggist á 3. mgr. 57. gr. a í 4. tilskipun, sbr. breytingu á henni nr. 90/605.

Um 72. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggjast á 48. og 49. gr. 4. tilskipunar.

Um 73. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggjast á 3. gr. 11. tilskipunar en þar er fjallað um birtingarkröfur til útibúa erlendra félaga hér á landi. Einnig er hliðstætt ákvæði að finna í 2. mgr. 140. gr. hlutafélagalaga.

Um 74. gr.

Í greininni er að finna undanþágu frá meginreglu 73. gr. Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er dótturfélögum innan EES-svæðisins í vissum tilvikum óskylt að gera eigin ársreikninga ef efni slíkra ársreikninga er innifalið í samstæðureikningum móðurfélaga þeirra. Grein þessi er sett til samræmis við 4. gr. þannig að ekki sé gert að skyldu að birta ársreikninga sem að öðru leyti er óskylt að semja.

Um 75. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggjast á a-lið 2. mgr. 57. gr. a í 4. tilskipun, sbr. breytingu á henni nr. 90/605.

Um 76. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggjast á b-lið 2. mgr. 57. gr. a í 4. tilskipun, sbr. breytingu á henni nr. 90/605.

Um 77. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er félögum heimilt að senda félagaskrá samandreginn rekstrarreikning ef samkeppnisaðstæður mæla með því og félögin eru innan tiltekinna stærðarmarka. Er það í samræmi við 2. mgr. 47. gr. 4. tilskipunar. Stærðarmörk þessi taka mið af íslenskum aðstæðum. Gert er ráð fyrir að stærðir þessar séu grunnstærðir sem ráðherra verði heimilað að breyta, sbr. 82. gr.

Um 78. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir að meðal eftirlitshlutverka félagaskrár verði að gera úrtakskannanir á ársreikningum. Rétt þykir að félagaskrá verði falið að hafa eftirlit með birtingarskyldu samkvæmt frumvarpinu og að birt gögn séu í samræmi við ákvæði þess.

Um 79.–81. gr.

Þessar greinar, sem fjalla um reikningsskilaráð og hlutverk þess, eru samhljóða 23.–25. gr. laga nr. 51/1968, um bókhald, sbr. 1.–3. gr. laga nr. 95/1991. Eðlilegt er að þessi ákvæði séu sett í frumvarp þetta fremur en frumvarp til laga um bókhald. Samræmdar reglur, sem reikningsskilaráð setur, gilda með sama hætti um alla sem semja ársreikninga hvort sem það er gert á grundvelli laga um bókhald eða annarra laga.

Um 82. gr.

Þessi grein fjallar um heimild ráðherra til að gefa út reglugerðir.

Um 83. gr.

Grein þessi geymir viðurlagaákvæði.

Um 84. gr.

Grein þessi geymir gildistökuákvæði.

Um 85. gr.

Með frumvarpi þessu eru dregin saman á einn stað öll almenn ákvæði um ársreikninga, en sambærileg ákvæði hefur til þessa aðallega verið að finna í hlutafélagalögum og samvinnufélagalögum og eru þau í frumvarpi þessu mun ítarlegri. Í samræmi við það er nú lagt til að almenn ákvæði hlutafélagalaga og samvinnufélagalaga um ársreikninga verði felld úr þeim lögum. Með því er stuðlað að samræmi í ársreikningagerð í landinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lagðar verði ákveðnar skyldur á félagaskrá. Félagaskrá þessi er skilgreind í frumvarpinu sem hver sú stofnun sem með lögum er fengið það hlutverk að skrásetja félög og afla og geyma gögn um stofnun félaga og starfsemi þeirra. Samkvæmt gildandi löggjöf má segja að það hlutverk sem félagaskrá er falið

í frumvarpi þessu sé þegar á hendi ýmissa skráa sem starfa samkvæmt lögum, sbr. t.d. hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá og firmaskrá. Að sumu leyti er þó mælt fyrir um ný verkefni og kann það að leiða til einhvers kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, en þó má ætla að sá kostnaður verði óverulegur.

1051. Svar [496. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um framkvæmd laga um almenna fullorðinsfræðslu.

1. *Hvað hefur tafið útgáfu reglugerðar með nánari ákvæðum um framkvæmd laga um almenna fullorðinsfræðslu, sbr. 15. gr. laganna?*
2. *Hvenær má búast við útgáfu reglugerðarinnar?*

Eins og kveðið er á um í 15. gr. laga um almenna fullorðinsfræðslu skal menntamálaráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerð að fengnum tillögum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu. Nefnd um almenna fullorðinsfræðslu var skipuð 13. nóvember 1992, sama ár og lögin voru samþykkt, og var henni falið að semja drög að reglugerð. Við samningu reglugerðarinnar kom upp ágreiningur í nefndinni og 16. mars 1994 sendi nefndin menntamálaráðherra bréf þar sem fram kemur að hún telur að ekki sé hægt að komast að samkomulagi um reglugerð fyrir lög um almenna fullorðinsfræðslu. Ekki er hægt að gefa út reglugerð um almenna fullorðinsfræðslu á grundvelli gildandi laga fyrr en til þess skipaðir aðilar hafa borið fram tillögu þar um.

3. *Hvað hefur tafið skipan fulltrúa í fullorðinsfræðsluráð, sbr. 3. gr. laganna?*
4. *Hvenær má búast við að skipað verði í ráðið?*

Í 3. gr. laga um almenna fullorðinsfræðslu er tekið fram að í reglugerð skuli nánar kveðið á um skipan fullorðinsfræðsluráðs. Reglugerð þessi skal byggja á tillögum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu, sbr. það sem að framan segir. Ljóst er því að enn skortir forsendur fyrir skipan fullorðinsfræðsluráðs.

Í bréfi nefndar um almenna fullorðinsfræðslu frá 16. mars sl. eru málefni almennrar fullorðinsfræðslu lögð fyrir menntamálaráðherra til úrskurðar. Í sumar eru liðin tvö ár frá gildistöku laga um almenna fullorðinsfræðslu og í 16. gr. laganna segir að lögin skuli endurskoða eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þeirra. Í ljósi þessa og með tilliti til ágreinings innan nefndarinnar um setningu reglugerðar á grundvelli laganna telur menntamálaráðherra fulla þörf á að taka lög um almenna fullorðinsfræðslu til endurskoðunar.

Fullorðinsfræðsla er ofarlega á baugi hjá flestum þjóðum um þessar mundir. Með breyttum atvinnuháttum, auknu atvinnuleysi og nýjum og áður óþekktum kröfum til einstaklinga og þjóðfélags verður brýnna en nokkru sinni fyrr að taka heildstætt á fræðslumálum fullorðinna. Menntamálaráðherra hefur því ákveðið að vinna að undirbúningi stefnumótunar á sviði fullorðinsfræðslu og leita samvinnu við félagsmálaráðherra í því sambandi. Undir þá vinnu mun falla endurskoðun á lögum um almenna fullorðinsfræðslu og heildarskipulagning á menntunarframboði fyrir fullorðna sem fjármagnað er af opinberu fé.

1052. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið sem ætlað er að samræma löggjöf um villt dýr og leysa af hólmi sundurleit lagaákvæði á því sviði. Frumvörp um þetta efni voru lögð fram á 115. og 116. þingi án þess að hljóta afgreiðslu. Það frumvarp, sem liggur fyrir 117. þingi, er nokkuð breytt frá fyrri frumvörpum. Fæstar breytingar eru þó efnislegar.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun um málið Bjarna Kristjánsson, formann Skotveiðifélags Íslands, Guðmund Sigurðsson, formann hreindýraráðs, Jón Gunnar Ottósson, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra, Ólaf Walter Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneyti, Pál Hersteinsson veiðistjóra og Arnór Sigfússon og Þorvald Björnsson, starfsmenn veiðistjóraembættisins, og Þóru Ellen Þórhallsdóttur og Bergþór Jóhannsson í stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá studdist nefndin við umfjöllun sína við umsagnir frá 115., 116. og 117. þingi frá eftirtöldum: Búnaðarfélagi Íslands, Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga, Dýralæknafélagi Íslands, Eyþingi, Ferðamálafélagi Mývatnssveitar, Fiskifélagi Íslands, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, fuglafriðunarnefnd, Fuglaverndarfélagi Íslands, Hafrannsóknastofnun, Háskólanum á Akureyri, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, hringormanefnd, Íslenskum sjávarafurðum hf., íslenskum áhugamönnum um skotveiðar, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi stangaveiðimanna, Líffræðifélagi Íslands, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarráði, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, skotfélaginu Ósmanni, Rjúpnaverndarfélaginu, Sambandi dýraverndarfélaga Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum atvinnurekenda í sjávarútvegi, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum selabænda, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Skotfélagi Austurlands, Skotfélagi Reykjavíkur, Skotveiðifélagi Íslands, Skútustaðahreppi, Smábátafélaginu Ægi, Stéttarsambandi bænda, Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, Tófuvinafélaginu, Tryggva Stefánssyni, Unnsteini B. Eggertssyni, utanríkisráðuneyti, veiðistjóraembættinu, yfirdýralækni og Æðarræktarfélagi Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar telur mikilvægt að sett verði hér á landi ný heildarlöggjöf um villt dýr og mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstökum þingskjölum. Einstakir nefndarmenn flytja breytingartillögur við tiltekin ákvæði í samræmi við fyrirvara sem gerðir eru í nefndaráliti þessu. Breytingar, sem meiri hlutinn leggur til, eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til tvenns konar breytingar á orðskýringum í 1. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að hugtakið „friðun“ taki einnig til eggja og hreiðra friðaðra fugla. Er það í samræmi við 3. mgr. 8. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, sem lögum þessum er ætlað að leysa af hólmi. Breytingin er enn fremur í samræmi við Parísarsamþykktina frá 1956, Bernarsáttmálann og tilskipun ESB 79/409. Þá er lagt til að skilgreiningu á „lífsvæði“ verði breytt á þann hátt að hún sé ekki einskorðuð við land eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, enda nær frumvarpið til sjófugla, sela, hvítabjarna og efnahagslögsögunnar, sbr. 2. gr.
2. Lögð er til orðalagsbreyting á 2. gr. sem ekki þarfnast skýringar. Þá er lagt til að við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um að lögunum sé ekki ætlað að taka til hvala. Um hvali gilda sérstök lög, lög um hvalveiðar, nr. 26/1949, sem fjalla bæði um veiðar, vernd og friðun tiltekinna hvalategunda. Þá gilda einnig um hvali ákvæði í Rekabálki Jónsbókar, Alþingisdómur um rekamark frá um 1300, Konungsbréf frá 23. júní 1779 og opið bréf frá 4. maí 1778.
3. Lagt er til að heiti „villidýranefndar“ í 3. gr. verði breytt í „ráðgjafarnefnd um villt dýr“ þar sem mjög skiptar skoðanir eru um fyrrnefnda heitið. Bent hefur verið á að það geti verið villandi þar sem hugtakið „villidýr“ vísi í málvitund manna til stórra rándýra. Þá er lögð til orðalagsbreyting sem ekki þarfnast skýringar.
4. Breytingin, sem lögð er til á 4. gr., er í samræmi við breytingu sem skýrð er í 3. tölul. og þarfnast ekki frekari skýringa.
5. Breytingin, sem lögð er til á 5. gr., er ekki efnisleg en lagt er til að greinin verði umorðuð þar sem orðalagið í frumvarpinu þykir óvenjulegt.
6. Lagt er til að 6. gr. verði breytt með þeim hætti að vísað sé beint til þeirra ákvæða laganna sem fela í sér undantekningar frá meginreglunni um friðun. Óþarft er talið að vísa sérstaklega til reglugerðarákvæða þar sem lögin kveða á um heimild til ráðherra í því efni. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 2. mgr. sem gerir ákvæðið skýrara.
7. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 7. gr. frumvarpsins. Leitast er við að samræma fyrirkomulag varðandi setningu reglugerðarákvæða. Lagt er til að ráðherra leiti eftir beinum tillögum ráðgjafarnefndarinnar eða styðjist við umsagnir nefndarinnar. Þá er talið rétt að taka af öll tvímæli um að ákvarðanir um að aflétta friðun byggist einungis á þeim atriðum sem tiltekin eru í 1. mgr. 7. gr. og því er lagt til að orðin „fyrst og fremst“ falli brott. Þá er lagt til að í reglugerð verði kveðið á um hvaða fuglar teljist til „fágætra“ fugla og um skyldu skil á þeim. Loks er lagt til að haft verði samráð við landeigendur þegar Náttúrufræðistofnun nýtir heimild skv. 6. mgr. og að forðast skuli óþarfa átroðning. Meiri hlutinn vill leggja áherslu á að ekki er ætlast til að það nægi að starfsmaður Náttúrufræðistofnunar tilkynni landeiganda um áform sín, heldur er mikilvægt að haft sé samráð við landeigandann. Hér var höfð til hliðsjónar 15. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands. Aðrar breytingar sem lagðar eru til varða orðalag en meiri hlutinn vill leggja áherslu á að ákvarðanir ráðherra um að beita sér fyrir útrýmingu stofna séu byggðar á niðurstöðum vísindalegra rannsókna.

8. Talið er rétt að taka skýrt fram að átt sé við „erlenda ríkisborgara“ í 1. mgr. 8. gr. en ekki er um efnisbreytingu að ræða. Lagt er til að hugtakið „efnahagslögsaga“ sé notað í stað hugtaksins „landhelgi“ í samræmi við síðari málsgrein 2. gr. Breytingin felur í sér að lögin munu gilda um svæðið allt að 200 mílum frá grunnlínum landhelgi en ekki einungis 12 mílna landhelgi. Breytingin er að öðru leyti í samræmi við þann rétt sem gildir innan efnahagslögsögunnar, sbr. 4. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Enn fremur er lagt til að við 8. gr. bætist reglur sem eru nú í 2. mgr. 3. gr. og 1. tölul. 5. gr. laga nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun. Samkvæmt athugasemd við 8. gr. frumvarpsins felur ákvæðið ekki í sér breytingu frá gildandi rétti og telur meiri hlutinn m.a. af þeim sökum rétt að viðkomandi ákvæði í núgildandi lögum verði látin halda sér. Þá er lagt til að í stað opinnar reglugerðarheimildar í 6. mgr. verði skýrt kveðið á um að erlendum ferðamönnum, sem hyggjast veiða hér á landi, beri að hlíta sömu skilyrðum og sett eru gagnvart innlendum veiðimönnum. Meiri hlutinn telur eðlilegt að gerðar verði sömu kröfur til allra handhafa veiðikorta. Ekki eru lagðar til frekari breytingar á 8. gr. en bent er á að ákvæði greinarinnar varða álitaefni um eignarhald og umráðarétt á almenningum og afréttum sem ekki verður tekið á í frumvarpi þessu. Fallið hafa nokkrir hæstaréttardómar um álitaefnið. Má þar nefna Hrd. 1955:108, „Landmannaafréttardóm fyrri“, og Hrd. 1981:1584, „Landmannaafréttardóm síðari“. Í fyrri dómnum var talið að landeigendur ættu ekki ótvíræðan eignarrétt á Landmannaafrétti og í „Landmannaafréttardómi síðari“ var tekist á um það hvort ríkisvaldið teldist þá eiga eignarrétt á afréttinum. Hæstiréttur klofnaði í afstöðu sinni til þess hvort svo væri. Meiri hluti réttarins komst að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði ekki sett fram fullnægjandi rök fyrir eignartilkalli til afréttarins og orðrétt sagði í dómsorði: „Alþingi hefur ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málsefnið.“ Minni hlutinn taldi að íslenska ríkið ætti beinan eignarrétt yfir afréttinum með þeim takmörkunum sem leitt gætu af lögmæltum og venjuhelguðum réttindum þeirra sem upprekstur ættu á svæðinu. Meiri hlutinn telur þá réttaróvissu, sem framangreindir dómar bera vott um, afar óæskilega.
9. Lagt er til að gerðar verði nokkrar breytingar á 9. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að undantekning í 4. tölul. taki til lunda og álku, langvíu og stuttnefju að því er varðar hefðbundna nýtingu hlunninda, sbr. 5. mgr. 19. gr. Í Grímsey mun t.d. tíðkað að veiða þær fuglategundir í háf og lagt er til að ekki verði hróflað við þeirri hefðbundnu nýtingu. Þá leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæði varðandi nýtingu netafugls. Frumvarpið gerir ráð fyrir að að nýting netafugls sé bönnuð en meiri hlutinn telur heldur langt gengið að banna notkun fuglsins til eigin þarfa. Ekki verður komið í veg fyrir að fugl slæðist í fiskinet sem lögð hafa verið og hætt er við að of ströng ákvæði dragi úr virðingu veiðimanna fyrir lögunum. Því er lagt til að önnur ráðstöfun en nýting veiðimanns sjálfs verði bönnuð með sama hætti og í 5. mgr. 19. gr. frumvarpsins en leggur áherslu á að koma beri, eftir því sem kostur er, í veg fyrir að fugl lendi í netum. Breyting, sem lögð er til varðandi 10. tölul., er annars vegar orðalagsbreyting þar sem orðið „tilbúnir“ þykir óþarft en auk þess er lagt til að heimilt verði að nota ljósgjafa við refa- og minkaveiðar. Refaskyttur hafa tíðkað að lýsa upp agn við skothús sem notuð eru til refaveiða að vetrarlagi. Þar sem um er að ræða veiðar sem að hluta til eru kostaðar af ríkissjóði og fyrirkomulagið getur sparað útgjöld þykir rétt að heimila það. Þá má færa fyrir því rök að minni líkur séu á að dýr sem leita í agnið særist ef agnið er upplýst. Þá er lagt til að orðaröð í 14.

tölul. verði breytt þannig að skýrt sé að notkun sjálfvirkra skotvopna sé með öllu bönnuð en að notkun hálfsjálfvirkra skotvopna og handhlaðinna fjölskotabyssa sé heimil svo fremi þau séu ekki með skothylkjahólfum sem taki fleiri en tvö skothylki. Lagt er til að í stað orðsins „pumpa“ verði notuð orðin „handhlaðin fjölskotabyssa“. Betur er talið fara á því að nota síðarnefnda orðið enda þótt veiðimönnum sé tamt að nota orðið „pumpa“ yfir þessa tegund skotvopna. Enn fremur er lagt til að í 17. tölul. verði gerð undantekning varðandi selveiðar, auk fuglaveiða. Eðlilegt er talið að heimila selveiðar á bátum á sama hátt og fuglaveiðar. Þá leggur meiri hlutinn til að mörk í 17. tölul. verði lengd úr 50 m í 250 m, en fyrrnefnda vegalengdin þykir allt of stutt. Lagt er til að 2. mgr. verði flutt í 18. gr. þar sem hún er talin eiga betur heima. Loks leggur meiri hlutinn til að ákvarðanir umhverfisráðherra á grundvelli 3. mgr. 9. gr. verði teknar í samráði við ráðgjafarnefnd um villt dýr, auk orðalagsbreytingar sem ekki þarfnast skýringar.

10. Lagt er til að í 10. gr. verði gert að skilyrði að fyrir liggi samþykki bæði ráðgjafarnefndarinnar og Náttúruverndarráðs og er það í samræmi við aukið vægi ráðgjafarnefndarinnar sem gert er ráð fyrir í öðrum breytingartillögum.
11. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að kveðið verði á um það í 11. gr. hver annist útgáfu veiðikorta og telur eðlilegt að það verði falið embætti veiðistjóra, enda er gert ráð fyrir því í drögum að reglugerð um veiðikort. Þá er lagt til að tekið verði fram að veiðikortum sé ekki ætlað að taka til eggjatöku. Nefndin kynnti sér drög að reglugerð sem umhverfisráðherra hyggst setja um veiðikort, en nokkur umræða varð í nefndinni um stöðu landeigenda í þessu efni. Meiri hlutinn leggur til að lögleiddar verði sérstakar reglur er varða hlunnindabændur og gerir jafnframt að tillögu sinni að sama gjald verði tekið fyrir þau kort og almenn veiðikort. Eins og fram kemur í 11. gr. er gjaldi fyrir veiðikort ætlað að renna til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra og eðlilegt er því að allir greiði sama gjald fyrir kortin. Þá leggur meiri hlutinn til að hámark gjaldsins verði lögbundið 1.500 kr.
12. Lagt er til að uppsetningu og orðalagi 12. gr. verði breytt, m.a. þannig að greinin verði skýrari og auðskiljanlegri. Þá er sú breyting gerð á greininni frá því sem lagt var til í frumvarpinu að einungis sveitarstjórnum er ætlað að ráða menn til refaveiða á svæðum þar sem friðun refs er aflétt og eru refaveiðar óheimilar öðrum. Þó mega bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skjóta refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hætta af. Loks er lagt til að umhverfisráðherra geti heimilað sveitarstjórnum að láta veiða refi á tilteknum svæðum til viðbótar því sem veiðistjóri hefur talið nauðsynlegt. Reglur um greiðsluskyldu ríkissjóðs gilda ekki um þær veiðar.
13. Breytingar, sem lagðar eru til á 13. gr., eru ekki efnislegar en fela í sér rökréttari framsetningu.
14. Lagðar eru til breytingar á 14. gr. sem gera orðalag ákvæðisins skýrara.
15. Lagt er til að í 15. gr. sé tekið fram að rottur og húsamýs, svo og hagamýs í húsum inni, séu ekki friðaðar og er breyting þessi í samræmi við breytingu sem lögð er til á 6. gr. frumvarpsins. Rétt þykir að hagamýs séu friðaðar úti í náttúrunni enda er tegundin hérlendis a.m.k. jafngömul landnámi.

16. Lagt er til að í 16. gr. verði leiðrétt fjarlægð varðandi bann við skotum nærri friðlýstum látrum. Ekki var ætlunin að gera breytingu á frá núgildandi rétti en kveðið er á um þetta atriði í veiðitilskipun frá 20. júní 1849. Þar er vegalengdin um ½ dönsk míla sem samsvarar 3,7 km og lagt er til að þessi misskilningur verði leiðréttur. Einnig er lagt til að bannað verði að leggja net í sjó nær friðlýstu selalátri en 250 m, í stað ½ km eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Breytingin er í samræmi við 19. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að ekki megi leggja net nær æðarvarpi en 250 m.
17. Lagt er til að uppsetningu 17. gr. verði breytt. Ekki er um efnisbreytingu að ræða heldur rökréttari framsetningu.
18. Lagt er til að fyrri tímamörk í 2. tölul. 18. gr. verði flutt frá 20. ágúst til 1. september þar sem síðari hluta ágústmánaðar er enn mjög mikið um ófleyga eða illa fleyga fugla. Breytingin er einnig í samræmi við upphaf veiðitímabils í 3. tölul. og ætti einnig að auðvelda eftirlit. Þá er lagt til að dagsetningu í 3. tölul. 18. gr. verði breytt úr 19. maí í 30. apríl. Fuglafræðingar hafa bent á að svartfugl leiti í fuglabjörg löngu fyrir 19. maí og að eðlilegt sé að veiðum á þeim sé lokið þegar varpundirbúningur hefst. Vorveiðar á þessum fuglategundum munu alfarið bannaðar á öðrum Norðurlöndum. Enn fremur er lagt til að bjartmáfur verði felldur út úr 2. tölul. þar sem sérfræðingar á sviði fuglafræði telja óeðlilegt að sú fuglategund falli undir ákvæðið. Bjartmáfur, sem er vetrargestur hér á landi, hefur aldrei verið veiddur hér til matar né verið til óþurftar eins og sumar aðrar tegundir máfa. Einnig er lagt til að kjói falli undir 2. tölul. ákvæðisins og verði því friðaður yfir varptímann með þeirri undantekningu að ætíð sé heimilt að skjóta kjóa þar sem æðarvarpi stafar hætta af. Lagt er til að umhverfisráðherra geti ákveðið svæðisbundna friðun að ósk viðkomandi sveitarstjórnar innan tiltekinna tímamarka. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar um málið að mikil umferð veiðimanna getur valdið truflun og jafnvel hættu ekki síst um göngur á haustmánuðum. Þá fjölgar ferðamönnum sem leggja leið sína á ákveðin svæði í óbyggðum utan hefðbundins ferðamannatíma og nauðsynlegt getur verið að takmarka veiðar tímabundið til að koma í veg fyrir árekstra. Talið er mikilvægt að sveitarstjórnir geti því ef ástæða þykir til óskað eftir friðun á tilteknum stöðum. Þá er lagt til að bannað verði að fljúga flugvélum og vera með annan óþarfa hávaða nærri fuglabjörgum, svo sem vegna umferðar hraðbáta. Loks er lagt til að ákvæði um að óheimilt sé að veiða fugl í sárum verði flutt í 18. gr. Ákvæðið er talið eiga betur heima í þeirri grein.
19. Sú breyting, sem lögð er til á 19. gr., er ekki efnisleg en í henni felst að taldar eru upp þær tegundir sem heimilt er að taka egg frá í stað þess að tiltaka undan hvaða tegundum sé óheimilt að taka egg. Þá er lagt til að kveðið verði á um að auk andareggja verði óheimilt að bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf heiðargæsaregg.
20. Breytingin, sem lögð er til á 20. gr., er einungis orðalagsbreyting.
21. Lagt er til að gildistökutími frumvarpsins verði 1. júlí 1994. Þá leggur meiri hlutinn til að ákvæði Jónsbókar, sem vísað er til í 1. tölul. 22. gr., haldi gildi sínu þar sem engin rök eru til þess að þau verði felld brott í tengslum við gildistöku þessara laga. Þá er lagt til að tiltekið verði hvaða ákvæði tilskipunar um veiði frá 20. júní 1849 falli brott er frumvarp þetta verður að lögum. Loks er lagt til að 11. tölul. falli brott þar sem hann er talinn ónákvæmur.

22. Lagt er til að orðaröð í fyrirsögn IV. kafla verði breytt til samræmis við heiti frumvarpsins.
23. Lagt er til að orðin „öðrum en hvölum“ verði felld brott úr heiti frumvarpsins. Betur þykir fara á því að tekið verði á þessu atriði með sérstakri skýringu í 2. gr. frumvarpsins.

Petrína Baldursdóttir, Árni M. Mathiesen, Árni R. Árnason og Lára Margrét Ragnarsdóttir rita undir nefndarálit þetta með fyrirvara. Þau flytja ásamt Tómasi Inga Olrich, sem skilar sérstöku nefndaráliti, breytingartillögur sem fela í sér að Náttúrufræðistofnun Íslands gegni því hlutverki sem veiðistjóra er falið samkvæmt frumvarpi þessu. Þau munu gera grein fyrir tillögum sínum í umræðum um málið. Þá rita Kristín Einarsdóttir, Hjörleifur Guttormsson og Ólafur Ragnar Grímsson undir með fyrirvara varðandi 16. gr. frumvarpsins þar sem þau telja að málefni varðandi seli eigi að heyra undir umhverfisráðherra. Jón Helgason ritar einnig undir með fyrirvara, m.a. vegna 16. gr., þar sem hann telur að nýting selastofna eigi að heyra undir landbúnaðarráðherra. Þessir nefndarmenn munu flytja breytingartillögur varðandi 16. gr.

Alþingi, 20. apríl 1994.

Kristín Einarsdóttir, form., frsm., með fyrirvara.	Jón Helgason, með fyrirvara.	Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
Hjörleifur Guttormsson, með fyrirvara.	Petrína Baldursdóttir, með fyrirvara.	Árni R. Árnason, með fyrirvara.
Lára Margrét Ragnarsdóttir, með fyrirvara.		Ólafur Ragnar Grímsson, með fyrirvara.

1053. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til l. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (KE, JHelg, ÁMM, HG, PB, ÁRÁ, LMR, ÓRG).

1. Við 1. gr.
   a. Við skýringu orðsins *Friðun* bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.
   b. Í stað orðsins „landsvæði“ í skýringu orðsins *Lífsvæði* komi: svæði.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „skipulag á aðgerðum“ í fyrri málsgrein komi: aðgerðir.
   b. Á eftir fyrri málsgrein komi ný málsgrein er orðist svo:
      Ákvæði laga þessara taka ekki til hvala en um þá gilda lög um hvalveiðar, nr. 26/1949, auk einstakra ákvæða í öðrum lögum.

3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „öllum málum er varða villt dýr“ í 1. mgr. komi: aðgerðum er varða vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum.
   b. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Ráðherra til ráðgjafar við umsjón þessara mála er ráðgjafarnefnd um villt dýr, sbr. þó 14. gr. að því er varðar hreindýr.
   c. Í stað orðsins „villidýranefndar“ í 3. mgr. komi: ráðgjafarnefndarinnar.
4. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „villidýranefndar“ í 1. mgr. komi: ráðgjafarnefndar um villt dýr.
   b. Í stað orðsins „villidýranefnd“ í 5. mgr. komi: ráðgjafarnefnd um villt dýr.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Umhverfisráðherra skipar fulltrúaráð sem fram kemur fyrir Íslands hönd í Alþjóðafuglaverndarráðinu (Bird Life International) sem Ísland er aðili að. Í ráðinu skulu eiga sæti fulltrúar nefnda, samtaka og stofnana sem hafa fuglavernd á stefnuskrá sinni. Nánar skal kveðið á um skipan ráðsins og starfsreglur þess í reglugerð sem umhverfisráðherra setur.
6. Við 6. gr.
   a. Fyrri málsgrein orðist svo:
      Villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð, sbr. þó undantekningar varðandi einstakar tegundir í VI. kafla og nýtingu hefðbundinna hlunninda í VII. kafla laga þessara. Um innflutning dýra gilda lög nr. 54/1990.
   b. Í stað orðanna „byggðar og aðra landnýtingu“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: og landnotkun.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvörðun um að aflétta friðun skv. VI. kafla skal byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða og að með veiðum sé verið að nytja verðmæti í kjöti, skinnum eða öðrum afurðum. Einnig er heimilt að taka tillit til þess hvort viðkomandi dýr valdi tjóni.

   Í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr, skal kveðið á um vernd, friðun og veiðar einstakra tegunda villtra dýra. Þar skal m.a. kveða á um hvaða tegundir eru alfriðaðar, hverjar er heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, gerð vopna, veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, hvað teljist til fágætra fugla, skylduskil á þeim, umgengni við hreiður þeirra og annað sem máli skiptir.

   Þar sem talið er að villt dýr valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur umhverfisráðherra að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr, eða hreindýraráðs að því er varðar hreindýr, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Í reglugerð skal kveðið á um hvaða tegundir skuli ávallt undanskildar þessu ákvæði.

   Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um sölu, innflutning og útflutning villtra dýra og hluta þeirra, svo og egg. Þar skal einnig kveðið á um hamtöku og skinnatöku, uppsetningu dýra og starfsemi hamskera.

   Umhverfisráðherra getur að fenginni umsögn ráðgjafarnefndarinnar veitt undanþágur til veiða á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar ef nota á þau við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis.

Náttúrufræðistofnun Íslands má án sérstakrar heimildar láta veiða allar tegundir fugla, þar á meðal friðaðar tegundir, og safna eggjum handa stofnuninni hvar sem er og án þess að endurgjald komi fyrir, enda sýni viðkomandi skilríki verði því við komið. Haft skal samráð við landeigendur fyrir fram og forðast óþarfa átroðning. Ráðherra ákveður að fenginni tillögu ráðgjafarnefndar um villt dýr hvaða tegundir skuli undanskildar þessu ákvæði.

Umhverfisráðherra getur að fenginni tillögu ráðgjafarnefndarinnar ákveðið að beita sér fyrir útrýmingu stofns eða tegundar dýra sem flust hefur til Íslands af mannavöldum.

8. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „og mönnum“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: svo og erlendum ríkisborgurum.
   b. Í stað orðanna „íslenskri landhelgi“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: efnahagslögsögu Íslands.
   c. Í stað orðsins „við“ á undan orðinu „landareign“ í síðari málslið 3. mgr. komi: frá.
   d. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

      Nú er landareign í óskiptri sameign og eru þá landeigendum öllum dýraveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands nema samkomulag verði um aðra skipan.
   e. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé forn venja til þess að réttur til dýraveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum skal sú venja gilda eftirleiðis.
   f. 6. mgr. orðist svo:

      Erlendir ferðamenn, sem veiða hér á landi, skulu afla sér veiðikorta, sbr. 11. gr., og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem gerðar eru til veiðimanna hér á landi.
9. Við 9. gr.
   a. 4. tölul. orðist svo: Net, nema til kópaveiða, og háf til lundaveiða, sbr. þó 5. mgr. 19. gr. að því er varðar álku, langvíu og stuttnefju. Fugla, er drepast í netum sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
   b. 10. tölul. orðist svo: Ljósgjafa, nema til refa- og minkaveiða.
   c. 14. tölul. orðist svo: Sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskotabyssur og hálfsjálfvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
   d. Á eftir orðinu „fuglaveiða“ í 17. tölul. komi: og selveiða.
   e. Í stað tölunnar „50“ í 17. tölul. komi: 250.
   f. 2. mgr. falli brott.
   g. 3. mgr. orðist svo:

      Umhverfisráðherra getur í samráði við ráðgjafarnefnd um villt dýr veitt tímabundna undanþágu til að nota ofangreindar veiðiaðferðir í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.
10. Við 10. gr. Síðari málsliður fyrri málsgreinar orðist svo: Umhverfisráðherra getur aflétt tímabundið eða rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund að fengnu samþykki ráðgjafarnefndar um villt dýr og Náttúruverndarráðs.

11. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, skulu afla sér veiðikorts gegn gjaldi, sbr. 3. mgr. Veiðikort þarf ekki til eggjatöku. Veiðistjóri annast útgáfu veiðikorta. Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, gildistímabils og þeirra tegunda sem viðkomandi hefur heimild til að veiða. Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum. Hann skal framvísa því ef óskað er. Korthafi skilar árlega skýrslu um veiðar sínar á gildistíma korts áður en nýtt kort er útgefið.

Ábúendur hlunnindajarða og aðrir rétthafar hefðbundinna hlunninda skulu fá sérstök veiðikort, hlunnindakort, til staðfestu því að þeir hafi rétt til að nýta hlunnindi á jörðinni, eða á tilteknu svæði, og til að verjast tjóni af völdum villtra dýra á jörðinni eða svæðinu. Hlunnindakort gilda fyrir eiganda eða ábúanda og það fólk sem honum er nauðsynlegt að hafa með sér við nýtingu hlunnindanna og við varnaraðgerðir við ágangi tjónvalda.

Gjald fyrir veiðikort skal notað til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Umhverfisráðherra ákveður gjald fyrir veiðikort og skal það að hámarki nema 1.500 kr. á ári og taka breytingum í samræmi við framfærsluvísitölu, sbr. lög nr. 5/1984.

Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð um veiðikort að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða.

12. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Refir eru friðaðir, sbr. þó 2. mgr. Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang. Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veiðistjóraembættinu.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum er sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann. Þar sem veiðistjóraembætti og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiðar að vetrarlagi í stað grenjavinnslu og fela þá skotmanni með sama hætti framkvæmdina. Öðrum eru refaveiðar óheimilar, en þó mega bændur og æðarræktendur, eða aðilar á þeirra vegum, skjóta refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum um slíka veiði svo fljótt sem auðið er. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt málsgrein þessari.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. mgr. Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum. Umhverfisráðherra getur í samráði við veiðistjóra heimilað sveitarstjórnum að ráða skotmenn til refaveiða á tilteknum svæðum til viðbótar því sem ákveðið hefur verið skv. 2. mgr. og falla þær ekki undir greiðsluskyldu ríkissjóðs.

13. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Minkar njóta ekki friðunar samkvæmt lögum þessum. Þó er umhverfisráðherra heimilt að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða menn til minkaveiða.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og annarra greiðslna fyrir unna minka sem veiddir eru skv. 2. mgr. Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um minkaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum. Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd veiðanna og um tilhögun endurgreiðslna á hlut ríkissjóðs í kostnaði við þær.

14. Við 14. gr.
    a. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Af hverju felldu hreindýri skal greiða til hreindýraráðs sérstakt leyfisgjald sem ráðherra ákveður árlega og skal gjaldinu varið til reksturs ráðsins, framkvæmda á þess vegum og rannsókna á hreindýrum.
    b. Á eftir orðinu „sveitarfélaga“ í 4. mgr. komi: um.
15. Við 15. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er verði fyrri málsgrein og orðist svo:

Rottur og húsamýs, svo og hagamýs í húsum inni, eru ekki friðaðar samkvæmt lögum þessum.

16. Við 16. gr.
    a. Í stað tölunnar „2“ í síðari málsgrein komi: 3,7.
    b. Í stað „½ km“ í síðari málsgrein komi: 250 m.
17. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Hvítabirnir eru friðaðir samkvæmt lögum þessum á landi, hafís og á sundi, sbr. þó 3. mgr.

Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfénaði er ekki talin stafa bráð hætta af er umhverfisráðherra heimilt að fela veiðistjóraembættinu að fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar hætta af honum.

Fella má hvítabjörn sem gengið hefur á land og fólki eða búfénaði er talin stafa hætta af.

Hafi hvítabjörn verið felldur skv. 3. mgr. skal það tilkynnt umhverfisráðherra án tafar og getur hann þá krafist þess að björninn verði afhentur Náttúrufræðistofnun Íslands til athugunar og ráðstöfunar, enda greiði ríkissjóður áfallinn kostnað.

18. Við 18. gr.
    a. Á eftir orðunum „Umhverfisráðherra getur í reglugerð“ í fyrri málsgrein komi: að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr.
    b. Orðið „kjói“ í 1. tölul. 1. mgr. falli brott.
    c. Í stað „20. ágúst“ í 2. tölul. komi: 1. september.
    d. Orðið „bjartmáfur“ í 2. tölul. falli brott.
    e. Við 2. tölul. bætist: kjói. Ætíð er heimilt að skjóta kjóa nærri æðarvarpi.
    f. Í stað „19. maí“ í 3. tölul. komi: 30. apríl.

g. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Nú hefur umhverfisráðherra ákveðið að aflétta friðun skv. 1. mgr. og getur hann þá að ósk sveitarstjórnar ákveðið að friðun gildi áfram í tiltekinn tíma á ákveðnum svæðum þar sem umferð veiðimanna er talin óæskileg.
h. Á eftir orðinu „flautur“ í síðari málsgrein komi: fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða.
i. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Óheimilt er að veiða fugla í sárum.

19. Við 19. gr. 6. mgr. orðist svo:
Á takmörkuðum svæðum, þar sem andarvarp er mikið, skal veiðirétthafa heimilt að taka egg frá eftirtöldum andartegundum: æðarfugli, stokkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd, skúfönd, hávellu, húsönd og toppönd. Við slíka eggjatöku skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri. Heimilt er og að taka grágæsar- og heiðargæsaregg, en þá skulu eigi færri en tvö egg skilin eftir í hreiðri. Andaregg og heiðargæsaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.
20. Við 20. gr. 2. mgr. orðist svo:
Tilraun til brota gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.
21. Við 22. gr.
a. Í stað orðsins „janúar“ í 2. mgr. komi: júlí.
b. 1. tölul. falli brott.
c. 2. tölul. orðist svo: 7., 8. og 9. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.
d. 11. tölul. falli brott.
22. Fyrirsögn IV. kafla hljóði svo: **Vernd, friðun og veiðar.**
23. Orðin „öðrum en hvölum“ í heiti frumvarpsins falli brott.

1054. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Umhverfismál ganga inn á svið mjög margra annarra málaflokka. Þess verður að gæta við stjórn umhverfismála að saman fari hagnýt sjónarmið og tillit til umhverfisins sé þess nokkur kostur. Þetta gildir almennt, en þó sérstaklega þegar í hlut á þjóð sem byggir efnahag sinn á nýtingu villtra dýrastofna eins og Íslendingar gera.

Nýting villtra dýrastofna, sem frumvarp þetta nær yfir, er tæplega undirstaða atvinnurekstrar hérlendis ef undan eru skildar selveiðar. Frumvarpið snertir aðeins með óbeinum hætti þá auðlindanýtingu sem hefur meginþýðingu fyrir efnahag þjóðarinnar, þ.e. nýtingu fiskimiðanna og gróðurlendisins.

Engu að síður er mjög æskilegt að við lagasetningu af þessu tagi sé þess gætt að fram komi ákveðin grundvallarafstaða til nýtingar náttúrulegra gæða. Ekki er skynsamlegt að ganga út frá því sem grundvallarreglu að villtir dýrastofnar séu friðaðir og að nýting þeirra heyri til undantekninga. Efnahagur þjóðarinnar byggist að verulegu leyti á nýtingu villtra dýrastofna, og mun svo verða um fyrirsjáanlega framtíð. Ekki verður séð að nein sérstök rök verði færð fyrir því að um nýtingarrétt eigi við önnur grundvallarviðhorf þegar fuglar og spendýr eiga í hlut en þegar fjallað er um nýtingu fiskimiðanna eða t.d. um nýtingu hvala.

Það er æskilegt að umhverfisvernd og hagnýt sjónarmið finni sér sameiginlegan farveg, ekki síst með þjóð sem byggir afkomu sína á auðlindum náttúrunnar. Undirstaða þeirra lagabálka, sem um gæði náttúrunnar fjalla, á því að vera réttur mannsins til að nýta þessi gæði á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Sú leið er ekki farin í því frumvarpi sem hér um ræðir. Minni hlutinn er ósamþykkur þeirri meginreglu, sem fram kemur í 6. gr. frumvarpsins, að dýr séu friðuð en að ráðherra geti heimilað nýtingu þeirra. Eðlilegra hefði verið að setja þá grundvallarreglu að öll dýr skuli njóta verndar í þeim skilningi að vernd feli í sér skynsamlega nýtingu. Hefði sú leið verið farin hefði verið nauðsynlegt að lögfesta friðun og veiðitíma einstakra tegunda.

Þótt mikilvæg grundvallarsjónarmið, sem fram koma í frumvarpinu, séu gagnrýnd eru allmörg einstök efnisatriði í því til bóta miðað við gildandi lög. Áskilur minni hlutinn sér rétt til að taka aðra afstöðu en meiri hlutinn til einstakra greina frumvarpsins og til breytingartillagna meiri hlutans sem varða frumvarpið í heild. Hins vegar stendur undirritaður að breytingartillögum varðandi embætti veiðistjóra ásamt öðrum þingmönnum stjórnarflokkanna.

Alþingi, 25. apríl 1994.

Tómas Ingi Olrich.

1055. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til l. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum, og brtt. á þskj. 1053.

Frá Tómasi Inga Olrich, Árna M. Mathiesen, Petrínu Baldursdóttur, Árna R. Árnasyni og Láru Margréti Ragnarsdóttur.

1. Við 3. gr. Í stað orðsins „veiðistjóraembættinu“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Fuglaverndarfélagi Íslands.
2. Við 4. gr. Í stað 1.–5. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með og stjórnar þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla laga þessara.

   Náttúrufræðistofnun Íslands leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Stofnunin getur með leyfi ráðherra gerst aðili að rekstri hundabús til ræktunar og þjálfunar minkaveiðihunda.

3. Við brtt. 1053, 11. Í stað orðsins „veiðistjóri“ í 1. mgr. komi: Náttúrufræðistofnun Íslands.
4. Við brtt. 1053, 12. Í stað orðanna „veiðistjóraembættinu“ í 1. mgr., „veiðistjóraembætti“ í 2. mgr., „veiðistjóraembættis“ í 2. og 3. mgr. og „veiðistjóra“ í 3. mgr. komi (í viðeigandi beygingarföllum): Náttúrufræðistofnun Íslands.
5. Við brtt. 1053, 13. Í stað orðsins „veiðistjóraembættis“ í 2. og 3. mgr. komi: Náttúrufræðistofnunar Íslands.
6. Við 14. gr. Í stað orðsins „Veiðistjóri“ í 3. mgr. komi: Fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands og í stað orðanna „veiðistjóra“ í 4. mgr. og orðanna „veiðistjóraembættið“ og „veiðistjóraembættisins“ í 1. mgr. komi (í viðeigandi beygingarföllum): Náttúrufræðistofnun Íslands.
7. Við brtt. 1053, 17. Í stað orðsins „veiðistjóraembættinu“ í 2. mgr. komi: Náttúrufræðistofnun Íslands.
8. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Starfsemi embættis veiðistjóra skal haldast óbreytt þrátt fyrir ákvæði 4., 12., 13., 14. og 22. gr. laga þessara til 1. janúar 1995.

1056. Breytingartillaga [201. mál]

við frv. til l. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

Frá Jóni Helgasyni.

Við 16. gr. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. komi: landbúnaðarráðherra.

1057. Breytingartillaga [201. mál]

við frv. til l. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

Frá Kristínu Einarsdóttur, Hjörleifi Guttormssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni.

Við 16. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:

Umhverfisráðherra getur í reglugerð aflétt friðun landsels, útsels, blöðrusels og vöðusels á tilteknum svæðum og árstímum samkvæmt tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr. Umhverfisráðherra hefur yfirumsjón með nýtingu selastofna og þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum.

1058. Nefndarálit [568. mál]

um frv. til l. um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn Þorstein A. Jónsson skrifstofustjóra frá dómsmálaráðuneytinu.

Tilgangur frumvarpsins er að framfylgja af Íslands hálfu þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem leiðir af ályktun samþykktar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 827 frá 25. maí 1993 um að koma á fót alþjóðlegum dómstóli þar sem rekin verða mál gegn mönnum sem taldir eru ábyrgir fyrir alvarlegum brotum á alþjóðlegum mannúðarreglum frömdum í Júgóslavíu, sem svo hét, frá og með 1. janúar 1991. Þar sem þessi ályktun er tekin með vísan til VII. kafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða eru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna skuldbundin til nauðsynlegra aðgerða til að unnt sé að framfylgja henni. Ekki er gert ráð fyrir að dómstóllinn, sem hefur aðsetur í Haag í Hollandi, verði varanlegur heldur er honum ætlað að starfa þar til öryggisráðið ákveður annað.

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru skv. VII. kafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða skuldbundin til að starfa með dómstólnum og sjá til þess að viðkomandi yfirvöld framfylgi beiðnum hans um réttaraðstoð. Er mikilvægt að frumvarp þetta nái nú fram að ganga þar sem gert er ráð fyrir að dómstóllinn, sem var skipaður síðastliðið haust, hefji meðferð mála ekki síðar en í byrjun júlí á þessu ári.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Vegna ábendinga um að orðalag 3. mgr. 5. gr. kynni að vera óljóst er lagt til að skýrt verði kveðið á um að sá sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald vegna framsalsbeiðni geti eftir 30 daga frá þeim úrskurði krafist úrskurðar dómstóls um hvort hann skuli sitja áfram í gæsluvarðhaldi.

Gísli S. Einarsson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Jón Helgason.
Tómas Ingi Olrich.	Kristinn H. Gunnarsson.	Ingi Björn Albertsson.

Árni M. Mathiesen.

1059. Breytingartillaga [568. mál]

við frv. til l. um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu.

Frá allsherjarnefnd.

Við 5. gr. Í stað orðanna „óskað eftir því að mál hans verði tekið til meðferðar á ný“ í lok 3. mgr. komi: krafist úrskurðar um hvort hann skuli sitja áfram í gæsluvarðhaldi.

1060. Nefndarálit [469. mál]

um till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1994–1997.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á nokkrum fundum og aðstoðaði Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, nefndina við yfirferð málsins. Á fund nefndarinnar komu Þorgeir Pálsson flugmálastjóri, Haukur Hauksson aðstoðarflugmálastjóri, Leifur Magnússon, formaður flugráðs, Jóhann Helgi Jónsson hjá Flugmálastjórn, Ómar Benediktsson og Gunnar Þorvaldsson frá Íslandsflugi hf., Sigurður Aðalsteinsson og Jón Karlsson frá Flugfélagi Norðurlands hf., Hörður Guðmundsson frá Flugfélaginu Erni hf., Gústaf Guðmundsson frá Flugfélagi Austurlands hf. og loks frá Félagi einkaflugmanna Þorkell Guðnason, Guðmundur Ásgeirsson og Víðir Gíslason.

Flugmálaáætlun var síðast lögð fram á 115. löggjafarþingi, 1991–92. Hún er nú til endurskoðunar á grundvelli 5. mgr. 1. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Í tillögum, sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali, leggur nefndin til nokkrar efnisbreytingar á III. og IV. lið tillögunnar og verður nánari grein gerð fyrir þeim breytingum í framsögu með nefndaráliti þessu. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt að svo breyttu.

Alþingi, 26. apríl 1994.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.	Sturla Böðvarsson.
Petrína Baldursdóttir.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.	Árni Johnsen.
Egill Jónsson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.

1061. Breytingartillögur [469. mál]

við till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1994–1997.

Frá samgöngunefnd.

1. Við III. Liðurinn orðist svo:

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1. Áætlunarflugvellir I.
Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Húsavík, Hornafjörður og Sauðárkrókur.

3.2. Áætlunarflugvellir II.
Patreksfjörður, Bíldudalur, Siglufjörður, Vopnafjörður, Grímsey, Norðfjörður, Flateyri, Þingeyri og Þórshöfn.

3.3. Áætlunarflugvellir III.
Mývatn, Hólmavík, Raufarhöfn, Gjögur, Kópasker, Breiðdalsvík og Borgarfjörður eystri.

3.4. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.
A. Þjónustuvellir: Bakkafjörður, Bakki, Blönduós, Borgarnes, Djúpivogur, Flúðir, Grundarfjörður, Hella, Ingjaldssandur, Melgerðismelar, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes við Djúp, Rif, Sandskeið, Selfoss, Stóri-Kroppur, Stykkishólmur og Vík.
B. Lendingarstaðir: Arngerðareyri, Álftaver, Búðardalur, Bæir, Dagverðará, Einholtsmelar, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Hrísey, Húsafell, Hvammstangi, Hveravellir, Hvolsvöllur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Króksfjarðarnes, Melanes, Narfastaðamelar, Nýidalur, Sandármelar, Skálavatn, Skógasandur, Sprengisandur, Steinasandur, Stórholt, Suðureyri, Tálknafjörður og Þórsmörk.
C. Lendingarstaðir í eigu og í umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar: Auðkúluheiði, Forsæti, Gunnarsholt, Múlakot og Þórisós.

2. Við IV. Liðurinn orðist svo:

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

Staður/verkefni	1994	1995	1996	1997
4.1. Reykjavík				
1. Girðing	5			
2. Öryggissvæði			20	
3. Aðflugshallasendir		12		
4. Endurnýjun slitlags			8	100
5. Skýjahæðar- og skyggnismælir	6			
6. Vindmælar	3			
7. Ýmis búnaður			5	5
	14	12	33	105
4.2. Akureyri				
1. Stækkun flugstöðvar	20	10		
2. Endurbætur eldri hluta flugstöðvar		25		
3. Stækkun flugvélahlaðs				20
4. Breikkun malbiks			25	
5. Nýtt malbiksyfirlag			20	10
6. Bílastæði og lóð			15	
7. Veðurmælitæki			12	
8. Endurbætur á aðflugi	2			
9. Ýmis búnaður			3	3
	22	35	75	33

4.3. Vestmannaeyjar

1. Flugstöð, athuganir	2			
2. Tækjageymsla	20			
3. Sandgeymsla				5
4. Slökkvibúnaður	2			
5. Snjóblásari				12
6. Vörubifreið/snjótönn			15	
7. Flutningur á DME	2			
8. Ýmis búnaður			3	3
	26	0	18	20

4.4. Egilsstaðir

1. Ný flugbraut	19			
2. Flugstöð	22	30		
3. Aðflugshallasendir	12			
4. Snjósópur	10			
5. Snjóblásari		10	7	
6. Vörubifreið/snjótönn		15		
7. Slökkvibúnaður			10	
8. Bílastæði og lóð			15	
9. Stækkun tækjageymslu		6	4	8
10. Skýjahæðar- og skyggnismælir	6			
11. Ýmis búnaður			2	3
	69	61	38	11

4.5. Ísafjörður

1. Ný tækjageymsla	5	6	1	1
2. Snjóblásari			10	7
3. Vörubifreið/snjótönn		15		
4. Endurbætur á flugstöð			12	
5. Yfirborðslokun klæðningar				14
6. Akbrautir og hlöð			15	
7. Bílastæði og lóð				10
8. Ýmis búnaður			3	3
	5	21	41	35

4.6. Hornafjörður

1. Lenging flugbrautar	20			
2. Breikkun bundins slitlags			14	
3. Snjósópur			10	
4. Slökkvibifreið	10			
5. Aðflugsbúnaður		7		
6. Flugbrautarljós, endurnýjun	6			
7. Sandgeymsla				5
8. Ýmis búnaður			3	3
	36	7	27	8

4.7. Húsavík

1. Bundið slitlag	52	18		
2. Öryggissvæði			15	
3. Tækjageymsla			15	
4. Snjósópur		10		
5. Snjóblásari				10
6. Bílastæði og lóð		10	5	
7. Ýmis búnaður				3
	52	38	35	13

4.8. Sauðárkrókur				
1. Bundið slitlag		55	10	
2. Öryggissvæði			15	
3. Tækjageymsla	7			
4. Snjósópur			10	
5. Snjóblásari				10
6. Slökkvibifreið		10		
7. Bílastæði og lóð		15		
8. Endurbætur aðflugs	2			
9. Ýmis búnaður				3
	9	80	35	13
4.9. Patreksfjörður				
1. Bundið slitlag		40	10	
2. Öryggissvæði				35
3. Tækjageymsla, innréttingar				6
4. Snjósópur			10	
5. Ýmis búnaður				4
	0	40	20	45
4.10. Bíldudalur				
1. Flugstöð	2			
2. Tækjageymsla	1			
3. Bundið slitlag	16	14		
4. Lenging flugbrautar				15
5. Snjósópur				10
6. Ýmis búnaður				3
	19	14	0	28
4.11. Grímsey				
1. Ný flugstöð	3	3		
2. Flugbrautarljós á lengingu		4		
3. Aðflugshallaljós, færsla	1			
	4	7	0	0
4.12. Siglufjörður				
1. Bundið slitlag	33			
2. Snjóblásari				10
	33	0	0	10
4.13. Þórshöfn				
1. Farþegaskýli	3			
2. Tækjageymsla	3			
3. Bundið slitlag	4	16		
4. Ýmis búnaður				3
	10	16	0	3
4.14. Hólmavík				
1. Tækjageymsla	1			
2. Ýmis búnaður				5
	1	0	0	5
4.15. Gjögur				
1. Öryggissvæði			10	
2. Flugbrautarljós á lengingu	4			
3. Slökkvibifreið				5
4. Ýmis búnaður				3
	4	0	10	8

4.16. Mývatn				
1. Lenging flugbrautar		5	10	
2. Ýmis búnaður	1			
	1	5	10	0
4.17. Vopnafjörður				
1. Bundið slitlag				5
	0	0	0	5
4.18. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Óskipt	5	5	10	10
4.19. Flugumferðar- og leiðsögubúnaður				
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	55	10	10	10
2. Aðflugsb. á Vestfjörðum	22			
3. GPS-leiðréttingarst. og ath.		22	5	5
	77	32	15	15
4.20. Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0	14	20	20
4.21. Stjórnunarkostnaður	8	8	8	8
Samtals	**395**	**395**	**395**	**395**

1062. Skýrsla [122. mál]

dómsmálaráðherra um árangur af einkavæðingu bifreiðaeftirlits, samkvæmt beiðni.

Beiðnin hljóðar svo:

Með tilvísun til 46. gr. þingskapa er óskað eftir að dómsmálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um árangur af einkavæðingu bifreiðaeftirlits í landinu. Þess er óskað að í skýrslunni verði gerður samanburður á kostnaði bifreiðaeigenda af þeirri þjónustu sem Bifreiðaeftirlit ríkisins veitti og þeirri þjónustu sem Bifreiðaskoðun Íslands veitir nú og áætlar að veita í framtíðinni.

Gerð verði skilmerkileg grein fyrir markmiðunum sem sett voru um þessa einkavæðingu og þeim árangri sem náðst hefur.

Einnig er óskað eftir að eftirfarandi upplýsingar komi fram í skýrslunni:

1. Hver var heildarkostnaður af rekstri Bifreiðaeftirlits ríkisins síðasta heila árið sem það var rekið og hverjar voru heildartekjur af þeim rekstri?
2. Hver var heildarkostnaður af rekstri Bifreiðaskoðunar Íslands hf. á síðasta ári og hverjar voru heildartekjur af þeim rekstri?
3. Hvar veitir Bifreiðaskoðun Íslands hf. þjónustu sína og á hvaða stöðum áætlar Bifreiðaskoðun Íslands að veita þjónustu í framtíðinni?
4. Hvar veitti Bifreiðaeftirlit ríkisins þjónustu sína?
5. Hvar hafa akstursvegalengdir bifreiðaeigenda til skoðunarstöðva lengst og hve mikið? Má ætla að vegalengdir aukist enn meir og þá hve mikið? Hver má ætla að kostnaður bifreiðaeigenda verði af þessum sökum til viðbótar við þann kostnað sem áður var til staðar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins?
6. Hve margir starfsmenn vinna hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. og hverjar eru heildarlaunagreiðslur til þeirra á ári? Hver eru heildarlaun og fríðindi helstu yfirmanna fyrirtækisins?
7. Hve margir starfsmenn unnu hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins og hverjar voru heildarlaunagreiðslur til þeirra á ári? Hverjar voru heildarlaunagreiðslur og fríðindi helstu yfirmanna?
8. Hvert var endurstofnverð eigna Bifreiðaeftirlits ríkisins þegar stofnunin var lögð niður?
9. Hvert er endurstofnverð eigna Bifreiðaskoðunar Íslands hf.? Hve mikið var hlutafé við stofnun félagsins? Hve mikill arður hefur verið greiddur til hluthafa?

10. Hve mörg slys í umferðinni eru talin eiga rætur að rekja til ónógs eftirlits með bifreiðum á síðustu átta árum? Óskað er eftir að svarið verði sundurliðað eftir árum.

Eftirlit með ökutækjum hefur það að markmiði að draga svo sem mest má verða úr umferðaróhöppum sem orsakast af ófullnægjandi ástandi ökutækja. Sú aðferð sem valin hefur verið hér á landi til að tryggja gott ástand ökutækja er árleg skoðun, með undantekningum eftir aldri og notkun.

Árangurinn af því að Bifreiðaskoðun Íslands hf. tók við framkvæmd skoðunar ökutækja af Bifreiðaeftirliti ríkisins er sá að á 5 árum hefur tekist að byggja upp fullkomna skoðunaraðstöðu fyrir ökutæki í öllum landshlutum og auka á þann hátt umferðaröryggi. Fyrirtækið er fyrst íslenskra fyrirtækja til þess að sýna fram á hæfni sína með faggildingu.

Á 40 árum þar áður hafði ríkisvaldinu ekki tekist að byggja upp eina einustu skoðunarstöð þrátt fyrir að ríkið hafi í marggang á þeim tíma látið teikna skoðunarstöðvar, fengið lóðir eða tekið húsnæði á leigu undir slíka starfsemi og hafi markað slíkri uppbyggingu tekjustofna eða fjárveitingar sem fóru ávallt til annarra nota.

Stofnun Bifreiðaskoðunar Íslands hf. var ekki einkavæðing í venjulegum skilningi þess orðs heldur aðferð þar sem ríkið tók með hlutafélagsforminu höndum saman við helstu hagsmunaaðila um framkvæmd verkefnisins sem því hafði verið ofviða að leysa um fjögurra áratuga skeið.

Með lögum sem samþykkt voru 31. maí 1927 var atvinnumálaráðherra gert að löggilda skoðunarmenn bifreiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu. Jafnframt var ráðherra veitt heimild til að löggilda skoðunarmenn í hverju umdæmi, þar sem bifreiðir ganga.

Hinn 1. febrúar 1928 gekk í gildi reglugerð um skoðun bifreiða, skoðunarmenn, framkvæmd ökuprófa og um störf prófdómara. Þá voru 753 bifreiðir skráðar í landinu. Í reglugerðinni var kveðið á um að hver bifreið væri skoðuð ekki sjaldnar en einu sinni á ársfjórðungi. Árleg aðalskoðun var tekin upp skömmu síðar og hélst það fyrirkomulag óbreytt til 1. janúar 1984 er árleg aðalskoðun á fólksbifreiðum og bifhjólum sem ekki voru notuð í atvinnuskyni var felld niður fyrstu tvö árin eftir skráningu. Nú þarf ekki að skoða fólksbifreiðir og bifhjól sem ekki eru notuð í atvinnuskyni á 1., 2. og 4. ári eftir skráningu. Árið 1947 flutti Bifreiðaeftirlits ríkisins höfuðstöðvar sínar og skoðunaraðsetur í Reykjavík að Borgartúni 7. Þessi aðstaða varð með aukinni bifreiðaeign alls ófullnægjandi.

Framkvæmd bifreiðaeftirlits var í svipuðu horfi um rúmlega sex áratuga skeið eða þar til Bifreiðaskoðun Íslands hf. var stofnuð. Bifreiðir voru yfirleitt skoðaðar utandyra að sumarlagi og byggðist skoðunin á persónulegu mati skoðunarmanns. Ekki var unnið samkvæmt fyrirfram ákveðnum vinnulýsingum né notuð tæki við skoðunina ef frá er talin lítil vökvalyfta. Skoðunaraðferðir og skoðunaraðstaða fylgdu þannig á engan hátt eftir þeirri miklu tækniþróun sem átti sér stað við smíði ökutækja.

Þetta kemur fram í áliti nefndar „um fyrirkomulag á skoðun og skráningu ökutækja“ sem skipuð var 24. september 1987. Þar segir einnig: „Af því sem að framan er sagt og fram kemur í gögnum þeim, er nefndin hefur kynnt sér, er ljóst að skoðun ökutækja hér á landi er alls óviðunandi og ekki í samræmi við nútímakröfur um eftirlit með ástandi tækjanna. Sem dæmi má nefna að í Svíþjóð og Sambandslýðveldinu Þýskalandi hafa verið sett á fót sérstök óháð fyrirtæki, sem annast skoðun ökutækjanna. Öll skoðun fer fram í sérhönnuðum skoðunarstöðvum. Unnið er skv. fyrirfram ákveðnu vinnuferli og vinnulýsingum fyrir hvern þann hlut sem skoða á. Notuð eru mælitæki þar sem það er unnt og matsatriði flokkuð til samræmingar. Gerðar eru ýtrustu kröfur til gæðaeftirlits og að fyllsta hlutleysis sé gætt gagnvart viðskiptavinum.“

Stjórnvöldum hafði lengi verið þetta sjónarmið ljóst. Hinn 6. október 1949 skrifaði

dóms- og kirkjumálaráðuneytið húsameistara ríkisins bréf þar sem farið var fram á að húsameistari í samráði við Bifreiðaeftirlitið gerði uppdrátt og kostnaðaráætlun að tækjavæddri skoðunarstöð og eru til grófir uppdrættir að slíkri stöð. Ekkert varð úr framkvæmdum.

Á 5. áratugnum var lítil hreyfing á húsnæðismálum Bifreiðaeftirlitsins þótt vitundin um ófullkomna skoðunaraðstöðu væri fyrir hendi. Upp úr 1960 var á ný farið að huga að úrbótum. M.a. var embætti húsameistara falið að áætla kostnað við innréttingar og frágang í leiguhúsnæði í húsi Almenna byggingafélagsins við Borgartún og er sú áætlun gerð árið 1963. Ekkert varð af framkvæmdum.

Árið 1964 var skoðunargjald bifreiða hækkað úr 80 krónum í 140 krónur og „var sú hækkun gerð með það fyrir augum, að tekjuaukningu yrði varið til byggingar bifreiðaskoðunarhúsa í Reykjavík og annars staðar, svo og búnaðar í þau" eins og segir í bréfi lögreglustjórans í Reykjavík til dómsmálaráðherra 22. júní 1967, en þá hafði tekjuaukinn sem varð af hækkun skoðunargjaldsins runnið í ríkissjóð í þrjú ár.

Árið 1964 teiknaði embætti húsameistara húsnæði fyrir skoðunarstöð með þremur skoðunarbrautum. Ekki er á teikningunum getið um staðsetningu en væntanlega hefur það verið ætlað á lóð á mótum Suðurlandsbrautar og Langholtsvegar eða við Síðumúla en á báðum stöðum höfðu borgaryfirvöld gefið ádrátt um lóð fyrir Bifreiðaeftirlitið. Ekkert varð af framkvæmdum.

Árið 1966 er úthlutun iðnaðarlóða í Ártúnshöfða undirbúin og er Bifreiðaeftirlitinu ætluð 1,4 ha. lóð skv. bréfi lóðanefndar Reykjavíkurborgar frá 1. júní 1966 þótt ekki verði gengið frá niðurröðun „fyrr en vitað er um, að umsækjendum sé full alvara í að byggja." Árið 1967 er húsnæði Brúar hf við Borgartún 23/25 kannað með tilliti til þess hvort það henti fyrir Bifreiðaeftirlitið sem þá þótti mjög að sér þrengt í Borgartúni 7. Ekkert varð úr framkvæmdum.

Aðstöðuleysi og tæknileg vangeta til eftirlitsins var bifreiðaeftirlitsmönnum vel ljós og á aðalfundi Félags íslenskra bifreiðaeftirlitsmanna 28. október 1967 var samþykkt „að nú þegar verði hafist handa um byggingu skoðunarstöðvar í Reykjavík með fullkomnum tækjabúnaði og gæti sú stöð annazt skoðun allra ökutækja í Reykjavík, Kópavogi og Kjósarsýslu". Þetta viðhorf er ítrekað í bréfi félagsins til dómsmálaráðherra tveim árum síðar, 2. júlí 1969: „Bifreiðaeftirlitsmenn og þá ekki sízt forstöðumaður, verða þráfaldlega fyrir aðkasti bifreiðareigenda, vegna þess hve aðbúnaður er ófullnægjandi og athafnarsvæði er lítið og menn verða að standa úti þegar verið er að athuga ástand bifreiðanna."

Árið 1969 hefur Bifreiðaeftirlit ríksins enn fyrirheit borgaryfirvalda um lóð á Ártúnshöfða undir skoðunarstöð auk þess sem húseign Bílasmiðjunnar á mótum Tunguháls og Bæjarháls er boðin til kaups. Við þessu er brugðist árið 1970 með því að hækka skoðunargjald úr kr. 140 í kr. 260. 23. júní 1970 úthluta borgaryfirvöld Bifreiðaeftirliti ríkisins lóð á milli Bíldshöfða og Dvergshöfða. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til fjármálaráðuneytisins 25. ágúst 1969 segir „af hálfu þessa ráðuneytis er við það miðað að tryggt verði, að hækkun skoðunargjaldsins renni óskert til áframhaldandi byggingaframkvæmda skoðunarstöðva fyrir bifreiðaeftirlitið, og er óskað staðfestingar fjármálaráðuneytisins á því, að svo muni verða." Var þetta staðfest með bréfi fjármálaráðuneytisins 24. september 1969. Ekkert varð úr framkvæmdum.

Árið 1972 ítelur aðalfundur Bílgreinasambandsins „það ófremdarástand sem ríkir í starfsaðstöðu Bifreiðaeftirlits ríkisins og skorar ... á Dómsmálaráðuneytið að hlutast til um að stofnunin verði búin viðunandi tækjum og húsakosti, svo fljótt sem auðið er."

Í nóvember 1974 gerði embætti húsameistara ríksins frumdrög að teikningum að skoðunarstöð á lóð stofnunarinnar á Ártúnsholti með átta skoðunarbrautum fyrir litlar bifreiðir og tveimur brautum fyrir stórar bifreiðir og í framhaldi af því var gerð viðamikil

greinargerð vegna nýbyggingarinnar. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til fjárveitinganefndar 13. desember sama ár segir að ekki þurfi „að lýsa því hversu aðkallandi er orðið að sköpuð verði viðhlítandi aðstaða til skoðunar bifreiða í Reykjavík og nágrenni" enda sé aðstaðan hvorki bjóðandi bifreiðaeigendum né starfsfólki. Er beðið um fjárveitingu í samræmi við kostnaráætlun og framlagða teikningu húsameistara. Fjárveitinganefnd varð ekki við erindinu.

Þegar engin fjárveiting fékkst til byggingar skoðunarstöðvar á árinu 1975 var farið að leita að bráðabirgðahúsnæði fyrir stofnunina þar til skoðunarstöð væri risin. Til boða stóð leiga á húsnæði að Bíldshöfða 8 rétt hjá þeirri lóð sem borgin hafði úthlutað stofnuninni. Í bréfi forstöðumanns Bifreiðaeftirlitsins til dóms- og kirkjumálaráðueytisins 18. júní 1975 með húsaleigusamningi vegna Bíldshöfða 8 segir: „Ekki má líta á þetta sem framtíðarlausn á húsnæðismálum stofnunarinnar, heldur sem áfanga til þess að komast í nýtt húsnæði, sem fyrirhugað er að byggja. Með því að flytja í þetta leiguhúsnæði er bægt hjá algjöru vandræðaástandi hjá stofnuninni, og jafnframt auðveldar það mikið nýtingu nýrrar skoðunarstöðvar, sem hugsanlega mætti þá byggja í áföngum, þar sem leiguhúsnæðið er svo nærri væntanlegri nýbyggingu." Hinn 1. október 1977 flutti stofnunin í skrifstofuálmu húsnæðisins að Bíldshöfða 8 og bráðabirgðaaðstaða var gerð fyrir skoðunarmenn í kjallara hússins og skoðunarpallur útbúinn við norðurenda hans Í þessu bráðabirgðahúsnæði starfaði Bifreiðaeftirlitið þar til það var lagt niður í árslok 1988.

Árið 1976 eru veittar 11,0 m.kr. á fjárlögum vegna greiðslu gatnagerðargjalda vegna skoðunarstöðvar í Reykjavík. Hinn 5. nóvember það ár, í framhaldi af fundi með undirnefnd fjárveitinganefndar, gerir Bifreiðaeftirlit ríkisins áætlun um kostnað vegna uppbyggingar skoðunarstöðva um land allt. Gert var ráð fyrir að byggja skoðunarstöðvar í Reykjavík, Akranesi, Borgarnesi, Stykkishólmi, Ísafirði, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Eskifirði, Vestmannaeyjum, Selfossi og Keflavík. Einnig var gert ráð fyrir tveimur færanlegum skoðunarstöðvum, annarri starfræktri frá Patreksfirði og hinni frá Höfn í Hornafirði. Heildarkostnaður þessarar uppbyggingar var áætlaður 579.4 m.kr.

375 m^2 af leiguhúsnæðinu á Bíldshöfða 8 var iðnaðarhúsnæði. Fljótlega komu upp hugmyndir um að innrétta skoðunaraðstöðu í húsnæðinu og taka annað eins húsnæði við hliðina á leigu. Bifreiðaeftirlitið sótti árum saman um heimild til leigutöku en fékk jafnan afsvar enda voru aðrir möguleikar við framkvæmd bifreiðaskoðunar þá komnir til umræðu. Í einni af ársskýrslum Bifreiðaeftirlits ríkisins segir t.d. „Hvorki gekk né rak í húsnæðismálum stofnunarinnar á árinu. Þó er stöðugt verið að reyna að fá úrbætur."

Í mars 1977 ákvað Fjárlaga- og hagsýslustofnun að kanna hvort hagkvæmt væri „að hin almennu bifreiðaverkstæði tækju að sér hina árlegu skoðun í stað Bifreiðaeftirlits ríkisins." Niðurstaða ráðgjafafyrirtækisins sem annaðist úttektin var sú að „breyting sé ekki hagkvæm og að ekki sé, að óbreyttum forsendum þörf á frekari athugunum." Þessi athugun Fjárlaga- og hagsýslustofnunar á möguleikum á að flytja skoðun bifreiða á verkstæðin var ekki aðeins til komin vegna þessi hve kostnaðaráætlun uppbyggingar skoðunarstöðva var há heldur höfðu bæði Bílgreinasambandið og Félag íslenskra bifreiðaeigenda vakið athygli á þessari leið.

Á landsþingi FÍB 1976 var fjallað um fyrirkomulag bifreiðaskoðunar og beinir þingið „þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórnar og Alþingis að hlutast verði til um, að löggilda starfsmenn bifreiðaverkstæða til þess að annast um árlega skoðun öryggistækja bifreiða á sama hátt og nú á sér stað um ljósastillingar." Sama ár birti Bílgreinasambandið álit nefndar sem það hafði skipað um fyrirkomulag bifreiðaskoðunar. Þar er lagt til „að þau bifreiðaverkstæði, sem þess óska og til þess eru útbúin að mati þar til kvaddra og dómbærra aðila, fái heimild til að annast lögbundna skoðun að öllu leyti eða hluta til ... undir yfirumsjón Bifreiðaeftirlits ríkisins ...á verkstæðum eða á sínum eigin skoðunarstöðvum." Jafnframt

vísar nefndin til fyrri samþykkta aðalfunda Bílgreinasambandsins um að starfsaðstaða Bifreiðaeftirlitsins sé stórbætt enda sé hún gjörsamlega óviðunandi.

Í september 1978 skilaði nefnd um minnkun ríkisumsvifa sem skipuð var af fjármálaráðherra árið áður áfangaskýrslu þar sem fjallað var um Bifreiðaeftirlit ríkisins. Nefndin lagði til að „hefja beri skipulegan undirbúning að því að flytja skoðunarverkefni frá Bifreiðaeftirliti ríkisins til verkstæða, sem hljóta munu löggildingu til þess verks."

Í maí 1979 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp „til þess m.a. að gera tillögur um skipan bifreiðaeftirlits hér á landi í næstu framtíð." Starfshópurinn var sammála um að „ekki beri að slaka á reglubundinni skoðun bifreiða" en meirihluti starfshópsins lagði til breytt fyrirkomulag á bifreiðaskoðun þannig að „Bifreiðaeftirlit ríkisins framkvæmi ítarlega skoðun á hverri bifreið á 4. ári bifreiðarinnar sem og á 8. ári hennar og upp frá því. Annars verði það á valdi eiganda bifreiðar hvort hann lætur Bifreiðaeftirlitið eða löggilt verkstæði annast hina árlegu bifreiðaskoðun." Minnihluti starfshópsins, forstöðumaður Bifreiðaeftirlits ríkisins, lagði til að fyrirkomulag yrði óbreytt. Jafnframt lagði hópurinn til að fullkominni skoðunaraðstöðu sé komið upp hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins í Reykjavík, sköpuð sé aðstaða til inniskoðunar á stærstu stöðum úti á landi og annars staðar bætt úr skoðunaraðstöðu með færanlegri skoðunarstöð eða með því að leigja aðstöðu hjá bifreiðaverkstæðum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið tók ekki afstöðu til tillagna starfshópsins en um þær var fjallað í nefnd sem á þessum misserum vann að endurskoðun umferðarlaga. Á meðan reyndi Bifreiðaeftirlitið að fá aukið húsnæði til leigu að Bíldshöfða 8 til að setja upp skoðunarstöð í húsnæðinu. Jafnframt var þrýst á, einkum af Bílgreinasambandinu, að einhver hluti bifreiðaskoðunar flyttist til verkstæða. Þetta leiddi til þess að árið 1984 hófst tilraun sem Bifreiðaeftirlitið og Bílgreinasambandið stóðu að um að viðurkennd verkstæði á Akureyri og í nágrenni fengju heimild til að endurskoða bifreiðir sem ekki fengu fullnaðarskoðun hjá Bifreiðareftirlitinu. Þessi tilraun þótti takast vel og var útvíkkuð til alls Austurlands og Norðurlands árið 1986 og síðar til landsins alls

Árið 1982 býðst Bifreiðaeftirlitinu húsnæði að Dugguvogi 13-15 og að Bíldshöfða 6 til kaups eða leigu auk þess sem möguleiki var að fá lóðina að Bíldshöfða 4 undir athafnasvæði. Hinn 1. maí það ár tók Bifreiðaeftirlitið húseignina að Bíldshöfða 6 á leigu til 12 ára auk þess sem dóms-og kirkjumálaráðuneytið keypi lóðina að Bíldshöfða 4 af þáverandi lóðarhafa með samþykki Reykjavíkurborgar. Á næstu misserum var unnið að hönnun hins nýja húsnæðis. Í minnisblaði dags. 13. apríl 1987 frá því verkfræðifyrirtæki sem átti að stýra verkefninu kom í ljós að „fljótlega komu fram verulegar efasemdir um þessa notkun á húsinu. Gerð var frumathugun á skoðunarstöð þar sem borinn var saman kostnaður við endurbætur á Bíldshöfða 6 og kostnaður við nýja stöð. Niðurstaða þeirrar athugunar var sú að breytingar á Bíldshöfða 6 væru dýrari en ný skoðunarstöð." Aldrei var flutt inn í hið leigða húsnæði og var leigusamningi slitið á árinu 1986.

Þegar ekkert varð úr framkvæmdum á Bíldshöfða 6 beindust augun á ný að Bíldshöfða 8 og hinn 1. júlí 1986 fékkst þar leigð sú viðbót í húsnæði sem Bifreiðaeftirlitið hafði beðið um í áratug. Hófst á ný vinna við að undirbúa uppsetningu skoðunarstöðvar. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að „í núverandi húsnæði er ekki hægt að koma fyrir þeim skoðunartækjum, sem eru forsenda þess að taka upp betri og skilvirkari vinnubrögð við skoðun bifreiða" eins og segir í bréfi dómsmálaráðherra til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar 22. apríl 1987. Síðar í bréfinu kemur ráðherra fram með þá tillögu að „nú þegar verði hafist handa um byggingu nýrrar skoðunarstöðvar og smíði hennar lokið fyrir árslok," enda hafði fengist vilyrði borgarinnar fyrir lóð undir skoðunarstöð í Árbæjarhverfi norðan Suðurlandsbrautar.

Fyrr á árinu 1987 urðu breytingar á skipulagi Bifreiðaeftirlitsins er ráðinn var fram-

kvæmdastjóri fjármála- og starfsmannasviðs til að skipuleggja og hrinda í framkvæmd áformum stjórnenda og starfsmanna Bifreiðaeftirlitsins í náinni samvinnu við dómsmálaráðuneyti og fjárlaga- og hagsýslustofnun um „að bæta þjónustu við viðskiptavini bifreiðaeftirlitsins...þrátt fyrir þröng fjárráð“ eins og segir í fréttatilkynningu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 4. febrúar það ár. Þessi breyting var annars vegar gerð til að reyna að bæta þjónustu stofnunarinnar en hins vegar til að bæta rekstur hennar og fjármál en stofnunin hafði um árabil farið fram úr fjárveitingum fjárlaga og hélt mun fleiri starfsmenn en hún hafði stöðuheimildir fyrir.

Hinn 24. september 1987 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að fjalla um skoðun og skráningu ökutækja. Nefndin skilaði áliti sínu í febrúar 1988. Nefndin lagði til „að Bifreiðaeftirlit ríkisins verði lagt niður og stofnað verði hlutafélagið Bifreiðaskoðun Íslands með þátttöku ríkissjóðs, tryggingafélaga, fyrirtækja og samtaka sem tengjast bifreiðaeign og bifreiðaþjónustu.“ Helstu rök nefndarinnar fyrir þessari niðurstöðu voru „að með stofnun nýs fyrirtækis gefist kostur á að virkja frumkvæði og afl stjórnunarþekkingar og fjármagns frá þeim aðilum, sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta varðandi ástand ökutækja landsmanna.“

Í framhaldi af tillögugerð nefndarinnar flutti dómsmálaráðherra frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum sem fól í sér heimild til að fela hlutafélagi sem ríkissjóður á hlut í skráningu og skoðun ökutækja. Frumvarpið varð að lögum nr. 62/1988 um breytingu á umferðarlögum og markar lagagrundvöll starfsemi Bifreiðaskoðunar Íslands: „Fela má hlutafélagi, sem ríkissjóður á hlut í, að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, sbr. 1. mgr., enda verði settar upp skoðunarstöðvar í öllum kjördæmum landsins. Tekur hlutafélagið þá við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun dómsmálaráðherra sem einnig fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélaginu.“ Þann 21. júlí 1988 var hlutafélagið Bifreiðaskoðun Íslands hf., stofnað og með samningi dags. 10. ágúst 1988 gerði þáverandi dómsmálaráðherra, Jón Sigurðsson, samning við hlutafélagið, f.h. ríkisins, sem fól m.a. í sér að félagið fékk einkaleyfi til að annast skoðun og skráningu ökutækja til ársloka árið 2000, en félagið hefur raunar fallið frá einkaleyfi til skoðunar frá síðustu áramótum, með ákveðnum fyrirvara, en ekki er efni til að fjalla nánar um það efni í þessari skýrslu.

Sú saga sem hér hefur verið rakin er á margan hátt athygli verð. Þar er lýst hvernig ríkisvaldinu mistekst um 40 ára skeið að byggja upp aðstöðu fyrir starfsemi sem samstaða virðist þó vera um að byggja beri upp; tækjum búna innanhússaðstöðu til að skoða bifreiðir. Á 6. áratugnum eru hugmyndir um skoðunarstöð að festa rætur. Á 7. áratugnum fæst ekkert fjármagn til framkvæmda þrátt fyrir markaðan tekjustofn og á 8. áratugnum koma deilur um hvort skoða eigi bifreiðir hjá ríkisstofnun eða á verkstæðum í veg fyrir mörkun og framkvæmd markvissrar stefnu. Á 9. áratugnum voru húsaleigumál og fjármál Bifreiðaeftirlitsins með óviðunandi hætti og það er fyrst þegar ríkið tekur höndum saman við hagsmunaaðila um að leysa þetta viðfangsefni sameiginlega í formi hlutafélags, Bifreiðaskoðunar Íslands, að sú uppbygging sem að var stefnt gengur eftir.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði árið 1992 könnun á kostnaði bifreiðaeigenda af þeirri þjónustu sem Bifreiðaeftirlit ríkisins veitti og þeirri þjónustu sem Bifreiðaskoðun Íslands veitir. Var gjaldskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins í árslok 1988 borin saman við gjaldskrá Bifreiðaskoðunar Íslands hf. eins og hún var árlega 1989-1992.

Í greinargerð Hagfræðistofnunar H.Í. segir:

„Við mat á verðlagsbreytingum eru tveir mælikvarðar notaðir. Annars vegar er notuð vísitala framfærslukostnaðar en hins vegar einungis sá liður framfærsluvísitölunnar sem tekur til bíla, bensíns og varahluta í bíla.

Í útreikningum er tekið tillit til þess að gjaldskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins var án sölu-

eða virðisaukaskatts að viðbættu 400 kr. ljósastillingargjaldi í aðalskoðun. Hins vegar er miðað við gjaldskrá Bifreiðaskoðunar með söluskatti (25%) eða virðisaukaskatti (24,5%) að undanskildum skráningagjöldum 1989 og 1990.

Niðurstöður útreikninga eru hjálagðar. Þær sýna í aðalatriðum eftirfarandi:

1) Gjaldskráin var í upphafi, þ.e. 1989, í samræmi við gjaldskrá Bifreiðaeftirlitsins að undanteknum stórum bílum, sérskoðunum og skráningarskoðun.
2) Beinn samanburður við breytingar í vísitölu framfærslukostnaðar sýnir að gjaldskráin hefur í flestum atriðum lækkað frá 1989. Á tímabilinu 1988 til 1992 lækkaði kostnaður við nýskráningu um 4%, skráning eigendaskipta um 22% og skoðunargjaldið fyrir fólksbíla um 29%. Umtalsverð hækkun hefur hins vegar orðið á skoðunargjaldi fyrir stórar bifreiðir, skv. töflu, en þessi gjöld vega ekki eins þungt í heildinni og skoðunargjöld fólksbíla.
3) Sé borið saman við þann lið framfærsluvísitölunar sem tekur til bíla, bensíns og varahluta í bíla hefur lækkunin orðið meiri en sé framfærsluvísitalan notuð í heild sinni. Samkvæmt þessum samanburði lækkaði kostnaður við nýskráningu um 11%, kostnaður við skráningu eigendaskipta um 27% og skoðunargjaldið um 34% á tímabilinu 1988 til 1992."

Að neðan er gjaldskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins í árslok 1988 og gjaldskrá Bifreiðaskoðunar Íslands 1989-1994. Gjaldskrá Bifreiðaeftirlitsins er án söluskatts en gjaldskrá Bifreiðaskoðunar er með söluskatti og síðar með virðisaukaskatti.

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994
Framfærsluvísitala	103,40	125,90	145,40	154,90	163,00	167,80	169,50
Gjald fyrir skráningar							
Nýskráning	2.900	3.600	4.400	5.474	5.474	5.474	5.474
Skráning eigendaskipta	1.500	1.500	1.850	2.300	2.300	2.300	2.300
Skráningarmerki m/endurskini	2.700	3.800	5.000	5.000	5.000	3.750	3.750
Skráningarmerki án endurskins	1.500						

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994
Gjald fyrir almenna skoðun							
Bifreið minni en 5 tonn	1.600	1.900	2.350	2.230	2.230	2.230	2.400
Bifreið stærri en 5 tonn	1.600	3.800	4.700	4.460	4.460	4.460	4.960
Bifhjól	1.600	1.900	2.350	2.230	2.230	2.230	2.480
Létt bifhjól	300	600	750	700	700	700	780
Eftirvagn minni en 5 tonn	1.200	1.900	2.350	2.230	2.230	2.230	2.480
Eftirvagn stærri en 5 tonn	1.200	3.800	4.700	4.460	4.460	4.460	4.960
Gjald fyrir endurskoðun							
Bifreið minni en 5 tonn	600	950	950	900	900	900	1.000
Bifreið stærri en 5 tonn	600	1.900	1.900	1.800	1.800	1.800	2.000
Bifhjól	600	950	950	900	900	900	1.000
Létt bifhjól	200	300	300	285	285	285	300

Sérskoðun ökutækja							
Skoðun breytts ökutækis	3.000	10.000	12.400	11.800	11.800	11.800	13.100
Sérskoðun vegna aksturskeppni	600	1.000	1.200	1.140	1.140	1.140	1.270
Skráningarskoðun	1.500	4.500	5.600	5.300	5.300	5.300	5.960
Mengunarmæling			350	330	330	330	330

- o - o - o -

Í fyrirspurninni er í tíu tölusettum liðum óskað svara við tilteknum atriðum;

1. Hver var heildarkostnaður af rekstri Bifreiðaeftirlits ríkisins síðasta heila árið sem það var rekið og hverjar voru heildartekjur af þeim rekstri ?

Árið 1988 var síðasta heila starfsár Bifreiðaeftirlits ríkisins. Upplýsingar um fjárhag þess koma fram í ríkisreikningi fyrir það ár:

06 252 Bifreiðaeftirlit ríkisins

Viðfangsefni:		**87.340**		
Almennur rekstur		**78.286**		
101	Bifreiðaeftirlit		79.364	
110	Bifreiðastjóra- og ökukennaranámskeið		-1.077	
	Stofnkostnaður			
9.053				
601	Innréttingar, tækjabúnaður			315
690	Skoðunarstöð			8.738
Tegundir:				
	87.340			
51	Laun og ýmis starfsmannaútgjöld			89.651
52-58	Önnur gjöld			74.955
4	Sértekjur til frádráttar		-77.266	

Skatttekjur ríkissjóðs árið 1988 af skoðunargjaldi ökutækja voru 130.480 þ.kr. og af skráningargjaldi ökutækja 150.371 þ.kr. eða alls 280,851 m.kr. Framlag ríkissjóðs til Bifreiðaeftirlits ríkisins nam, eins og áður er sagt, 87.340 þ.kr. Í ríkissjóð runnu því 193.511 þ.kr. af gjöldum vegna bifreiða. Varðandi tekjur af skráningargjaldi er þó rétt að minna á að bifreiðainnflutningur landsmanna var í hámarki á þessum tíma.

2. Hver var heildarkostnaður af rekstri Bifreiðaskoðunar Íslands hf. á síðasta ári og hverjar voru heildartekjur af þeim rekstri ?

Rekstrarreikningur ársins 1992 fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf. kemur fram í ársskýrslu fyrirtækisins fyrir það ár:

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 1992

REKSTRARTEKJUR:		
Skoðun ökutækja	Kr.	27.686.519
Skráning ökutækja		154.360.502
Aðrar tekjur		78.746.264
	Kr.	460.793.285

REKSTRARGJÖLD:		
Laun og tengd gjöld	Kr.	213.576.755
Almennur rekstrarkostnaður		189.984.841
Skattar af rekstrargjöldum		79.887
Afskriftir		40.857.760
	Kr.	444.499.243
Hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	Kr.	16.294.042
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:		
Vaxtatekjur og verðbætur	Kr.	2.434.041
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(47.316.499)
Reiknaðar tekjur v. verðlagsbreytinga		2.800.588
	Kr.	(42.081.870)
(Tap)/hagnaður fyrir tekju- og eignarskatt	Kr.	(25.787.828)
Reiknaður tekjuskattur		8.418.914
Eignarskattur		(332.994)
(Tap)/hagnaður af reglulegri starfsemi	**Kr.**	**(17.701.908)**
ÓREGLULEGAR TEKJUR OG GJÖLD:		
Tekjuskattsskuldbinding lækkun skatthlutfalls	Kr.	9.427.922
Áfallin tekjuskattsskuldbinding fyrri ára		0
	Kr.	9.427.922
(TAP) / HAGNAÐUR	**Kr.**	**(8.273.986)**

3. Hvar veitir Bifreiðaskoðun Íslands hf. þjónustu sína og á hvaða stöðum áætlar Bifreiðaskoðun Íslands að veita þjónustu í framtíðinni ?

Í lögum nr. 62/1988 um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987 sem skóp lagagrunn fyrir starfsemi Bifreiðaskoðunar Íslands hf. mótaði Alþingi þá stefnu að settar verði upp skoðunarstöðvar í öllum kjördæmum landsins. Byggð hefur verið ein fullkomin skoðunarstöð í hverju kjördæmi nema á Norðurlandi vestra, þar sem ný stöð hefur ekki verið reist og á Norðurlandi eystra þar sem tvær stöðvar hafa verið byggðar. Skoðunarstöð í Reykjavík var vígð 28. desember 1989, skoðunarstöð á Akureyri 21. mars 1991, skoðunarstöð í Fellabæ 22. mars 1991, skoðunarstöð á Selfossi 18. desember 1991, skoðunarstöð í Borgarnesi 27. desember 1991, skoðunarstöði á Ísafirði 17. janúar 1992 og skoðunarstöð í Njarðvík 26. ágúst 1993. Áformað er að byggja skoðunarstöð á Sauðárkróki. Samkvæmt ársskýrslu Bifreiðaskoðunar Íslands hf. fyrir 1992 var færanleg skoðunarstöð með sambærilegum skoðunarbúnaði og í skoðunarstöðvunum nýtt við skoðanir á 22 fámennari stöðum. Á árinu 1992 var skoðað við ófullkomnari aðstæður í leiguhúsnæði í Keflavík, á Akranesi, Blönduósi, Sauðarkróki, Eskifirði og Hvolsvelli. Þannig var skoðað á 40 stöðum á landinu öllu, auk þess sem endurskoðun fór fram á 84 bifreiðaverkstæðum. Árið 1992 var fjöldi skoðana sem hér segir :

Fjöldi skoðana 1992

	Aðalskoðanir	*Endurskoðanir*	*Skrán. skoðanir*
Reykjavík	52131	8913	1731
Akranes	1973	281	25
Borgarnes	2368	358	40
Patreksfjörður	401	38	1
Ísafjörður	2036	395	29
Blönduós	1247	206	8
Sauðárkrókur	1911	217	27
Siglufjörður	485	5	6
Akureyi	7974	1297	222
Húsavík	1742	268	12
Fellabær	1775	320	24
Eskifjörður	914	99	16
Neskaupstaður	379	21	0
Höfn	852	51	9
Hvolsvöllur	1668	208	23
Vestmannaeyjar	1198	142	9
Selfoss	4480	969	52
Keflavík	6893	1771	727
Færanleg skoðunarstöð	3871	282	10
Árneshreppur	18	1	0
Bakkafjörður	33	0	0
Borðeyri	75	5	0
Borgarfjörður eystri	52	1	0
Breiðdalsvík	86	1	0
Búðardalur	332	22	0
Djúpivogur	168	8	0
Fagurhólsmýri	21	0	0
Fáskrúðsfjörður	166	9	2
Grundarfjörður	191	23	2
Hólmavík	219	22	0
Hvammstangi	389	25	0
Kirkjubæjarklaustur	152	7	0
Kópasker	116	4	0
Ólafsvík	476	54	2
Raufarhöfn	124	12	0
Reykhólar	118	13	0
Stykkishólmur	369	38	2
Stöðvarfjörður	53	1	0
Vík í Mýrdal	161	12	1
Vopnafjörður	328	13	1
Þórshöfn	202	11	0
Bifreiðaumboð			8020
Bifreiðaverkstæði		6577	
Samtals	94298	22418	10991

Í reglugerð dómsmálaráðuneytisins nr. 558/1993 um starfshætti þeirra er annast

almenna skoðun ökutækja er gerð krafa um skoðunarsvæði og skoðunarstaði, sem skulu vera 27 hið fæsta, sums staðar tímabundið á hverju ári. Einnig eru í reglugerðinni ákvæði um að utan stærstu staðanna megi heimila skoðunarstofu að framkvæma aðalskoðun á endurskoðunarverkstæði sem hefur leyfi dómsmálaráðuneytisins til að endurskoða ökutæki á þeim sviðum sem aðalskoðunin fer fram á.

Skv. áðurnefndri reglugerð, viðauka II, 4. gr. eru eftirtaldir staðir skoðunarstaðir ökutækja:

„Skoðunarsvæði eru þeir staðir sem tilgreindir eru og svæði umhverfis þá að miðju fjarlægðar að næstu skoðunarstofu miðað við stystu leið eftir opinberum vegum.

Skoðunarstofa í flokki I skal vera á eftirtöldum stöðum eða í nágrenni þeirra:

Reykjavík.	Húsavík.
Borgarnesi.	Egilsstöðum.
Ísafirði.	Selfossi.
Sauðárkróki.	Keflavík.
Akureyri.	

Skoðunarstofa í flokki II skal vera á eftirtöldum stöðum eða í nágrenni þeirra:

Akranes.	Höfn.
Blönduósi.	Hvolsvelli.
Neskaupstað.	Vestmannaeyjum.

Skoðunarstofa í flokki III skal vera á eftirtöldum stöðum eða í nágrenni þeirra:

Ólafsvík.	Hólmavík.
Stykkishólmi.	Hvammstanga.
Búðardal.	Siglufirði.
Patreksfirði,	Þórshöfn.

Skoðunarstofa í flokki IV skal vera á eftirtöldum stöðum eða í nágrenni þeirra:

Vopnafirði.	Kirkjubæjarklaustri.
Djúpavogi.	Vík í Mýrdal.

Hafi skoðunarstofa gert samkomulag við endurskoðunarverkstæði á skoðunarsvæði II, III eða IV um að framkvæma aðalskoðun á verkstæðinu getur ráðuneytið fellt niður kröfu um skoðunarstofu á svæðinu."

4. Hvar veitti Bifreiðaeftirlit ríkisins þjónustu sína?

Árið 1988 hafði Bifreiðaeftirlit ríkisins fastar starfsstöðvar á 18 stöðum sem hér segir: Reykjavík, Hafnarfjörður Keflavík, Akranes, Borgarnes, Stykkishólmur, Patreksfjörður, Ísafjörður, Blönduós, Sauðárkrókur, Akureyri, Húsavík, Fellabær, Eskifjörður, Höfn, Vestmannaeyjar, Hvolsvöllur, Selfoss.

Auk þess fór aðalskoðun bifreiða fram á 42 stöðum sem hér segir: Grundarfjörður, Ólafsvík, Búðardalur, Saurbær, Reykhólar, Króksfjarðarnes, Bíldudalur, Þingeyri, Núpur, Melgraseyri, Arngerðareyri, Reykjanes, Ögur, Árneshreppur, Drangsnes, Hólmavík, Óspakseyri, Borðeyri, Hvammstangi, Hofsós, Grímsey, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Hrísey, Dalvík, Mývatnssveit, Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn, Bakkafjörður, Vopnafjörður, Borgarfjörður, Seyðisfjörður, Mjóifjörður, Neskaupstaður, Fáskrúðsfjörður, Stövarfjörður, Breiðdalsvík, Djúpivogur, Fagurhólsmýri, Kirkjubæjarklaustur, Vík í Mýrdal. Auk þess önnuðust bifreiðaverkstæði endurskoðanir að hluta.

5. Hvar hafa akstursvegalengdir bifreiðaeigenda til skoðunarstöðva lengst og hve mikið?

Má ætla að vegalengdir aukist enn meir og þá hve mikið? Hver má ætla að kostnaður bifreiðaeigenda verði af þessum sökum til viðbótar við þann kostnað sem áður var til staðar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins?

Milli áranna 1988 og 1992 var skoðun bifreiða hætt í Saurbæ, Króksfjarðarnesi, Bíldudal, Þingeyri, Núpi, Melgraseyri, Arngerðareyri, Reykjanesi, Ögri, Drangsnesi, Óspakseyri, Hofsósi, Ólafsfirði, Dalvík, Mývatnssveit, Seyðisfirði, Mjóafirði og Hafnafirði. Akstursleiðir þeirra sem sóttu skoðun til einhvers þessara staða hafa því lengst miðað við það sem áður var.

Ekki hefur verið gerð úttekt á kostnaði vegna þessa en ætla má að sá viðbótarkostnaður sem bifreiðaeigendur hafa orðið fyrir vegna þessa sé þó ekki í beinu hlutfalli við lengingu á akstursleið á skoðunarstað og kemur einkum fernt til:

Í fyrsta lagi má ætla að þótt bifreiðaeigendur þurfi að sækja um lengri veg en áður kalli það í ýmsum tilfellum ekki á aukaferð þar sem að bifreið sé skoðuð í sömu ferð og öðrum erindum er sinnt á skoðunarstað sem alla jafna er í byggðakjarna sem er miðstöð verslunar og þjónustu á viðkomandi landssvæði.

Í öðru lagi ber þess að gæta að allt til þess tíma að Bifreiðaskoðun Íslands hf. tók til starfa voru bifreiðaeigendur skyldaðir til að láta stilla ljós bifreiða sinna á bifreiðaverkstæði áður en í skoðun var komið. Ekki voru verkstæði á öllum þeim stöðum sem skoðun hefur nú verið hætt á sem stilltu ljós og þurftu bifreiðaeigendur því að fara úr heimabyggð til að fá ljósastillingu. Nú eru ljós skoðuð í fullkomnum tækjum á skoðunarstöðum Bifreiðaskoðunar Íslands hf. og ekki skylt að fá ljósastillingu fyrirfram.

Í þriðja lagi er það ekki svo að alltaf sé hagkvæmast fyrir bifreiðaeigendur að fá skoðun í heimabyggð. Á það má t.d. benda að fjöldi manna úr Hafnarfirði og nágrannabyggðum vinnur í Reykjavík og á auðveldara með að sækja skoðun þar en í Hafnarfirði.

Í fjórða lagi má ekki gleyma þeim ávinningi sem í því er fólginn fyrir bifreiðaeigandann og öryggi hans að eiga kost á vandaðri skoðun bifreiðar sinnar.

Við þetta má bæta að nú hefur skoðun verið felld niður á fjórða ári eftir að ökutæki var skráð í fyrsta sinn ef um er að ræða einkabifreið, bifhjól eða skráðan eftirvagn. Einnig hefur veruleg raunlækkun orðið á verði á almennum skoðunum ökutækja þrátt fyrir vandaðri og tæknivæddari skoðun. Það má því ætla að í ýmsum tilvikum hafi raunverulegur kostnaður bifreiðaeigenda lækkað þótt lengra sé að fara á skoðunarstað en áður, þótt vafalaust megi einnig finna dæmi um hið gagnstæða. Því miður er það óhjákvæmilegur fylgifiskur vandaðri og tæknivæddari skoðunar að skoðunarstöðum fækkar frá því sem var. Þar á móti kemur að vegir með bundnu slitlagi lengjast sífellt og auðvelda samgöngur staða í milli.

6. Hve margir starfsmenn vinna hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. og hverjar eru heildarlaunagreiðslur til þeirra á ári? Hver eru heildarlaun og fríðindi helstu yfirmanna fyrirtækisins?

Samkvæmt ársskýrslu Bifreiðaskoðunar Íslands hf. 1992 störfuðu að jafnaði 87 starfsmenn hjá félaginu það ár. Launagreiðslur námu alls 178,5 m.kr. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu námu heildarlaun framkvæmdastjóra, fjármálastjóra, rekstrarstjóra, deildarstjóra tölvudeildar, deildarstjóra tæknideildar, fræðslustjóra og gæðastjóra 26,5 m.kr. á árinu 1992. Samkvæmt ráðningarsamningum þessara starfsmanna voru föst mánaðarlaun þeirra í september 1993 alls 1,5 m.kr. Samkvæmt ráðningarsamningi leggur fyrirtækið framkvæmdastjóra til bifreið af gerðinni Subaru Legacy og fríðindi fjögurra af ofangreindum yfirmönnum er heimild til þess að aka til og frá vinnu í bifreiðum fyrirtækisins ef þær eru ekki í notkun við annað.

7. Hve margir starfsmenn unnu hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins og hverjar voru heildarlaunagreiðslur til þeirra á ári? Hverjar voru heildarlaunagreiðslur og fríðindi helstu yfirmanna?

Samkvæmt starfsmannaskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins 1988 voru tæp 72 störf hjá stofnuninni að ræstingafólki frátöldu. Laun og ýmis starfsmannaútgjöld það ár námu 89,7 m.kr. Heildarlaun forstöðumanns, framkvæmdastjóra, aðalfulltrúa, skrifstofustjóra og aðalbókara námu árið 1988 alls 8.1 m.kr. Fastagjald síma var greitt fyrir þrjá þessara manna og við einn þeirra var samið um blandaðan akstur.

8. Hvert var endurstofnverð eigna Bifreiðaeftirlits ríkisins þegar stofnunin var lögð niður?

Samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 8. febrúar 1989, keypti Bifreiðaskoðun Íslands hf. bifreiðir, tölvubúnað, húsgögn og aðra lausafjármuni í eigu Bifreiðaeftirlitsins þegar það hætti störfum. Kaupverð var kr. 9.189.997.-. Flestar starfsstöðvar Bifreiðaeftirlits ríkisins voru í leiguhúsnæði. Að Gagnheiði 20, Selfossi og Skeiði, Ísafirði lagði ríkissjóður stofnuninni til húsnæði. Húsnæðið við Gagnheiði 20 var selt 27. janúar 1992 fyrir 6,0 m.kr. en Bifreiðaskoðun Íslands hf. hafði leigt húsnæðið til 31. desember 1991 fyrir starfsemi sína. Húsnæði á Skeiði á Ísafirði var selt 22. janúar 1992 fyrir 1,5 m.kr. en Bifreiðaskoðun Íslands hf. hafði einnig leigt það húsnæði fyrir starfsemi sína til 31. desember 1991. Sala eigna Bifreiðaeftirlits ríkisins og húsnæðis sem því var lagt til nam því alls kr. 16.689.997.-

9. Hvert er endurstofnverð eigna Bifreiðaskoðunar Íslands hf.? Hve mikið var hlutafé við stofnun félagsins? Hve mikill arður hefur verið greiddur til hluthafa?

Hlutafé við stofnun félagsins var 80 m.kr. Árlega hefur hluthöfum verið greiddur 10% arður af hlutafjáreign.

EFNAHAGSREIKNINGUR pr. 31. 12. 1992

EIGNIR:		**1992**
VELTUFJÁRMUNIR:		
Handbært fé		
Sjóður og óbundnar bankainnistæður	Kr.	38.951.597
Verðbréf		0
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur		15.738.579
Greiðslukort		2.539.643
Aðrar skammtímakröfur		0
Fyrirframgreiddur kostnaður		1.389.990
Rekstrarvörubirgðir		4.063.317
Veltufjármunir:	Kr.	62.683.126
FASTAFJÁRMUNIR:		
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Fyrirframgreiddur kostnaður	Kr.	1.630.500
Verðbréf		21.438.188
Hlutabréf		1.017.128
	Kr.	24.085.816
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Bifreiðir	Kr.	11.357.984
Skrifstofuáhöld og innréttingar		37.271.175

Skoðunaráhöld og tæki		102.063.055
Fasteignir		384.966.565
	Kr.	535.658.779
Fastafjármunir:	Kr.	559.744.595
EIGNIR SAMTALS	Kr.	622.427.721

Skammtímaskuldir fyrirtækisins námu 87,7 m.kr., langtímaskuldir 249,7 m.kr. og eigið fé nam 285,0 m.kr.

10. Hve mörg slys í umferðinni eru talin eiga rætur að rekja til ónógs eftirlits með bifreiðum á síðustu átta árum. Óskað er eftir að svarið verði sundurliðað eftir árum.

Orsakir umferðarslysa eru margþættar og samverkandi. Þrír helstu orsakavaldar eru ástand og hæfni ökumanns, ástand vega og umhverfis og ástand ökutækis. Hér á landi hafa rannsóknir á umferðarslysum ekki verið með þeim hætti að mögulegt sé að svara því hversu mörg slys í umferðinni eigi rætur að rekja til ónógs eftirlits með bifreiðum á síðustu átta árum hvað þá að hægt sé að sundurliða þær upplýsingar eftir árum.

Algengasta orsök umferðarslysa er óvarfærni ökumanns þótt ástand ökutækja, vega og umhverfis eigi sinn drjúga þátt, sérstaklega þegar um stærri slys er að ræða. Oftast fléttast þessir þættir saman og benda erlendar rannsóknir til þess, að óvarkárni ökumanna eigi þátt í 70-90% slysanna, slæmir vegir og villandi umhverfi eigi þátt í 10-30% og vanbúnaður ökutækja eigi þátt í 10-30% slysa.

Sú viðleitni sem hefur verið höfð í frammi hérlendis í umferðaröryggismálum hefur skilað verulegum árangri. T.d. virðist banaslysum í umferðinni frekar hafa fækkað á síðustu 15 árum þrátt fyrir að fjöldi ekinna kílómetra á þjóðvegakerfinu hafi nálega tvöfaldast á sama tíma. Árin 1990-1992 létust 24 að meðaltali í umferðarslysum á ári en á þriggja ára tímabili 15 árum fyrr, 1975-1977, létust 29 að meðaltali í umferðarslysum á ári.

Í Danmörku hafa rannsóknir á ökutækjum verið framkvæmdar í mörg ár tengd dauðaslysum í umferðinni og benda athuganirnar til þess, að 7-9% dauðaslysanna stafi af vanbúnaði ökutækjanna, og að slysin verði stærri þegar um vanbúnað er að ræða.

Þrátt fyrir að rannsóknir skorti má leiða að því líkum að slysum vegna ófullnægjandi eftirlits hafi fækkað með tilkomu Bifreiðaskoðunar Íslands hf. vegna þess að sú skoðun sem framkvæmd er í skoðunarstöðvum félagsins er nákvæmari og margþættari en framkvæmd var hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins m.a. vegna þróaðrar skoðunartækni og góðs tækjabúnaðar.

Fylgiskjal I

LÖG

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað „þéttbýli“ í fyrirsögn á undan 23. gr. komi: þéttri umferð.

2. gr.

2. mgr. 64. gr. falli niður.

3. gr.

Við 65. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fela má hlutafélagi, sem ríkissjóður á hlut í, að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, sbr. 1. mgr. enda verði settar upp skoðunarstöðvar í öllum kjördæmum landsins. Tekur hlutafélagið þá við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun dómsmálaráðherra sem einnig fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélaginu.

4. gr.

108. gr. breytist þannig:

a. a.- og b-liðir 1. mgr. orðist svo:

a. ákvæðum 4. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 27. gr.,

b. ákvæðum a-, b-, h- og i-liðar 1. mgr. 28. gr.

b. Í stað 3. málsl. 3. mgr. komi: Hann getur og ákveðið, að ósk sveitarstjórnar, að álagning og innheimta gjaldsins fari, að öllu leyti eða að hluta, fram á vegum sveitarfélagsins. Rennur gjaldið þá í sveitarsjóð og skal því varið til að gera og reka bifreiðastæði og bifreiðageymslur til almenningsnota.

c. Í stað 5. og 6. mgr. komi:

Dómsmálaráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Verði á lagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests hækkar það um 50%.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hvernig gjaldið skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest. Má þar ákveða að á lagt gjald, sem eigi er greitt innan nánar tiltekins frests, hækki um 100%.

5. gr.

6. mgr. 110. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að fenginni ósk sveitarstjórnar, að framkvæmd ákvæða í grein þessari fari, eftir því sem við á, að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélagsins. Hann getur og sett nánari reglur um framkvæmdina, þar á meðal um greiðslu geymslukostnaðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1988.

Þorsteinn Pálss. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Thoroddsen.**
(L. S.)

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal II

Samningur um skoðun og skráningu ökutækja.

Dómsmálaráðherra skv. heimild í 3. gr. laga nr. 62 frá 24. maí 1988 um breytingu á umferðarlögum nr. 50 frá 30. mars 1987 annars vegar og Bifreiðaskoðun Íslands hf., hins vegar gera með sér svohljóðandi:

samning.

1. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf., tekur að sér skoðun ökutækja sbr. 67. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Framkvæmir félagið skoðun ökutækja í skoðunarstöðvum sínum, en er jafnframt heimilt að veita viðurkenndum aðilum með skoðunaraðstöðu heimild til að annast almenna skoðun eða tiltekna þætti skoðunar skv. nánari ákvörðun stjórnar félagsins. Félagið mun sjá um að settar verði upp stöðvar fyrir skoðun ökutækja í öllum kjördæmum landsins.

2. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf., tekur að sér að uppfæra og annast rekstur á ökutækjaskrá, sem er í eigu ríkisins og í umsjá dómsmálaráðuneytisins. Skráin er tölvuskráð og varðveitt hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Bifreiðaskoðun Íslands hf., er heimilt að selja aðgang að bifreiðaskrá og upplýsingar úr skránni skv. reglum, sem dómsmálaráðuneytið staðfestir til annarra en þeirra stofnana ríkisins, er fara með löggæzlu, innheimtu og hagtölugerð, en þær skulu hafa ókeypis aðgang að skránni.

3. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf., annast eða hefur eftirlit með nýskráningu ökutækja og félagið annast sölu á númeraskiltum ökutækja, sem framleidd verða á vegum dómsmálaráðuneytisins. Er þá miðað við að ökutæki beri sama skrásetningarnúmer frá nýskráningu til þess tíma er notkun bifreiðarinnar er endanlega hætt. Fyrirtækið tekur einnig að sér aflestur á ökumælum fyrir dieselbifreiðar eftir nánara samkomulagi við fjármálaráðuneytið og því er ætlað að taka að sér önnur eftirlits- og skoðunarverkefni eftir nánari ákvörðun stjórnar félagsins.

4. gr.

Markmið félagsins er að byggja upp fullkomnustu skoðunaraðstöðu fyrir aðalskoðun ökutækja, sem völ er á og að veita eigendum þeirra aukna þjónustu jafnframt því sem unnið sé að auknu umferðaröryggi í landinu.

Félagið mun í upphafi byggja nýja skoðunarstöð á höfuðborgarsvæðinu og sjá til þess að settar verði upp skoðunarstöðvar í kjördæmum utan þess. Jafnframt verður kappkostað að bæta þjónustu við bifreiðaeigendur með þjónustu við aðila, sem aðstöðu og búnað hafa til þess að framkvæma bifreiðaskoðun undir eftirliti starfsmanna félagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins ákveður gjaldskrá þess fyrir veitta þjónustu, en gjald fyrir aðalskoðun ökutækja skal þó háð staðfestingu dómsmálaráðherra.

Skal við það miðað, að rekstrartekjur fyrirtækisins nægi fyrir eðlilegum rekstrarútgjöldum og að hluhöfum skuli árlega greiddur eigi lægri en 10% arður af hlutafjáreign sinni að teknu tilliti til heimilaðrar útgáfu jöfnunarhlutabréfa.

6. gr.

Dómsmálaráðherra hefur fyrir sitt leyti samþykkt stofnsamning og samþykktir fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf., þar sem ríkissjóður á helming hlutafjár.

7. gr.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til ársloka árið 2000. Er þá reiknað með að fyrirtækið hefji starfsemi að fullu eftir nánara samkomulagi um leið og gengið hefur verið frá fullnægjandi skoðunaraðstöðu á vegum félagsins. Verði samningnum eigi sagt upp við lok samningstíma með a.m.k. 1 árs fyrirvara, framlengist hann um 10 ára tímabil í senn.

Framangreindu til staðfestu eru nöfn aðila rituð.

Reykjavík, 10. ágúst 1988.

f.h. ríkissjóðs

Jón Sigurðsson
dóms- og kirkjumálaráðherra.

f.h. Bifreiðaskoðunar Íslands hf.
Í stjórn félagsins:

Stefán Magnússon,
Björn Ómar Jónsson,
Guðmundur Hilmarsson,
Ingi R. Helgason,
Einar Sveinsson,
Haukur Ingibergsson,
Björn Friðfinnsson

Fylgiskjal III

Stofnsamningur
fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.

1. Heiti hlutafélagsins er Bifreiðaskoðun Íslands.
2. Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.
3. Tilgangur félagsins er að hafa með höndum eftirlit með ástandi og búnaði ökutækja og varðveisla og viðhald ökutækjaskrár í samvinnu við yfirvöld og að vinna að auknu umferðaröryggi í landinu. Nánar tiltekið eru verkefni félagsins sem hér segir:

a. Árleg skylduskoðun skoðunarskyldra ökutækja.
b. Gerðaskoðun ökutækja.
c. Nýskráning ökutækja í samvinnu við bifreiðaumboð.
d. Aðrar skoðanir á ökutækjum í samræmi við reglugerðir.
e. Varðveisla og viðhald ökutækjaskrár, sem er í eigu ríkisins.
f. Tölvuskráning upplýsinga og útgáfa á tölfræðilegum upplýsingum um ökutæki á Íslandi.
g. Sala númeraskilta á ökutæki.
h. Aðgerðir í því skyni að auka umferðaröryggi.
i. Ýmis eftirlitsverkefni skv. nánari ákvörðun stjórnar félagsins.
j. Aflestur ökumæla í dieselbifreiðum eftir nánara samkomulagi við fjármálaráðuneytið.

Félagið er stofnað á gundvelli samnings við dómsmálaráðherra um yfirtöku á skoðun ökutækja fyrir hönd hins opinbera á tímabilinu 1989-2000, en stjórn félagsins getur einnig ákveðið að félagið taki að sér fleiri eftirlitsverkefni, jafnt fyrir hið opinbera sem og fyrir einkaaðila.

4. Hlutafé félagsins er 80 milljónir króna og skiptist það í 500 þús. króna og 50 þúsund króna hluti. A.m.k. fjórðung hlutafjár skal greiða við stofnun félagsins, en afganginn síðar skv. nánari ákvörðun stjórnar.
Hlutafjársöfnun er lokið.
5. Stofnendur félagsins eru eftirtaldir aðilar:
Ríkissjóður Íslands
Almennar Tryggingar hf., Reykjavík
Brunabótafélag Íslands, Reykjavík
Samvinnutryggingar g.t., Reykjavík
Sjóvátryggingarfélag Íslands hf., Reykjavík
Tryggingamiðstöðin hf., Reykjavík
Ábyrgð hf.-tryggingafélag bindindismanna, Reykjavík
Hagrygging hf., Reykjavík
Íslensk endurtrygging, Reykjavík
Félag bifvélavirkja, Reykjavík
Guðjón Hannesson, Patreksfirði
Guðjón og Ólafur, Akranesi
Brautin hf., Akranesi
Bifreiðaverkstæði Halldórs Á . Guðmundssonar, Akranesi
Bifreiðaverkstæði Jóns Þorgrímssonar, Akranesi
Guðlaugur Ketilsson, Akranesi
Kaupfélag Árnesinga, Selfossi
Þórhamar, Akureyri
Pardus, Hofsósi
Bílaþjónustan, Blönduósi
Jón Hermannsson, Hvolsvelli
Ræsir hf.
Bifreiðaverkstæðið Berg, Keflavík
Bílabót sf., Njarðvík
Bifreiðaverkstæði Steinars, Keflavík
Bílasprautun - réttingar BG, Keflavík
Ísarn hf.,

P. Samúelsson & Co hf.
Bíla- og vélaverkstæði Hjalta Sigfússonar, Árskógsströnd
Kaupfélag Rangæinga, Hvolsvelli
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki
Bílaborg hf., Reykjavík
Bifreiðaverkstæði Ragnars Guðmundssonar, Siglufirði
Borgþór Gunnarsson bifreiðaverkstæði, Egilsstöðum
Bílabót hf., Egilsstöðum
Benni & Svenni hf., Eskifirði
Lúkasverkstæðið, Reykjavík
Bifreiðar- og landbúnaðarvélar hf., Reykjavík
Bifreiðaverkstæðið Lykill, Reyðarfirði
Bílaábyrgð hf., Reyðarfirði
Bílaábyrgð hf., Reykjavík
Jöfur hf., Kópavogi
Kraftur hf., Reykjavík
Sveinn Egilsson hf., Reykjavík
Réttingarmiðstöðin, Reykjavík
Norðurleið hf., Reykjavík
Vélsmiðjan Þór, Ísafirði
Bílanaust hf., Reykjavík
Ventill hf., Reykjavík
Brimborg hf., Reykjavík
Globus hf., Reykjavík
Ingvar Helgason hf., Reykjavík
Hekla hf., Reykjavík
Kristinn Guðnason hf., Reykjavík
Bílvangur sf., Reykjavík
Félag bifreiðasmiða, Reykjavík
Bílgreinasambandið, Reykjavík
Félag ísl. bifreiðaeigenda, Reykjavík

6. Stofnendur munu eigi veita ábyrgð á bráðabirgðalánum til uppbyggingar á skoðunarstöðum félagsins.
7. Félagið greiðir sjálft þann kostnað, sem af stonfun þess leiðir svo sem skrásetningarkostnað, stimpilgjald af hlutabréfum og lögmannsaðstoð.
8. Hlutabréf skulu hljóða á nafn. Eigi eru lagðar hömlur á sölu eða veðsetningu þeirra af hálfu félagsins.
   Eigi fylgja nein sérréttindi hlutafjáreign í félaginu önnur en réttur til þess að skrá sig fyrir nýjum hlutabréfum í hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu. Hverjum 50 þúsund króna hlut í félaginu fylgir eitt atkvæði.
9. Á stofnfundi félagsins eru lagðar fram til meðferðar samþykktir fyrir félagið, sem stofnendur hafa komið sér saman um.

Stofnsamningur þessi er gerður í einu eintaki, sem afhent verður hlutafélagaskrá, en allir stofnendur fá í hendur afrit samningsins.

Framangreindu til staðfestu, eru undirskriftir aðila.

Reykjavík, 21. júlí 1988.

SAMÞYKKTIR

fyrir Bifeiðaskoðun Íslands hf.

1. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.

1.01. Félagið er hlutafélag. Nafn þess er: **Bifreiðaskoðun Íslands.**

1.02. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

1.03. Tilangur félagsins er að hafa með höndum eftirlit með ástandi og búnaði ökutækja og skráningu þeirra í samvinnu við yfirvöld og að vinna að auknu umferðaröryggi í landinu. Nánar tiltekið eru verkefni félagsins sem hér segi:

a. ÁRleg skylduskoðun skoðunarskyldra ökutækja.
b. Gerðarskoðun ökutækja.
c. Nýskráning ökutækja í samvinnu við bifreiðaumboð.
d. Aðrar skoðanir á ökutækjum í samræmi við reglugerð.
e. Varðveisla og viðhald ökutækjaskrár, sem eru í eigu ríkisins.
f. Tölvuskráning upplýsinga og útgáfa á tölfræðilegum upplýsingum um ökutæki á Íslandi.
g. Sala númeraskilta á ökutæki.
h. Aðgerðir í því skyni að auka umferðaröryggi.
i. Ýmis eftirlitsverkefni skv. nánari ákvörðun stjórnar félagsins.
j. Aflestur ökumæla í dieselbifreiðum eftir nánara samkomulagi við fjármálaráðuneytið.

Félagið er stofnað á grundvelli samnings við dómsmálaráðherra um yfirtöku á skoðun ökutækja og viðhaldi ökutækjaskrár fyrir hönd hins opinbera á tímabilinu 1989-2000, en stjórn félagsins getur ákveðið að félagið taki að sér fleiri eftirlitsverkefni, jafnt fyrir hið opinbera sem og fyrir einkaaðila.

Í því skyni að ná tilgangi sínum skal félagið sjá um að settar verði upp skoðunarstöðvar fyrir ökutæki í öllum kjördæmum landsins. Félaginu er jafnframt heimilt að veita viðurkenndum aðilum með skoðunaraðstöðu heimild til að annast almenna skoðun eða tiltekna þætti skoðunar undir eftirliti starfsmanna félagsins skv. nánari ákvörðun stjórnar félagsins.

2. Hlutafé félagsins.

2.01. Hlutafé félagsins er kr. 80.000.000 og skiptist það í 500 þús. króna og 50 þúsund króna hluti.

2.02. Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu skal honum afhent hlutabréf, sem stjórnin gefur út og veitir honum full réttindi, sem lög eða samþykktir félagsins mæla fyrir um.

2.03. Hlutabréf félagsins skulu vera tölusett með áframhaldandi númerum. Þau skulu hljóða á nafn.

Yfir hlutabréfin skal halda hlutaskrá í löggiltu formi. Skal hún ætíð geymd á skrifstofu hlutafélagsins og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar. Í hlutaskrá skal greina:

2.03.01. Nöfn eigenda hlutabréfa
2.03.02. Heimilisfang eigenda og kennitölu
2.03.03. Fjölda hluta og númera á hlutabréfum
2.03.04. Útgáfudag hlutabréfs
2.03.05. Breytingar, sem verða kunna á skiptum félagsins og eigenda einstakara bréfa svo sem ef bréfið er ógilt með dómi.

Hlutabréf skal árita um þau atriði, sem talin eru upp í 21. gr. hlutafélagalaganna. Skulu stjórnarmenn félagsins allir setja nöfn sín undir hlutabréf og einn þeirra að minnsta kosti skal rita nafn sitt eigin hendi.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa á hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um breytingar á heimilisfangi. Nú glatast hlutabréf og skal þá eigandi fá nýtt bréf, jafnskjótt og félagsstjórninni hafa verið færðar sönnur á, að fenginn hafi verið ógildingardómur á hinu glataða bréfi. Ef hlutabréf skemmist, en þó verður eigi villst á tölu þess og efni getur eigandi þess fengið nýtt hlutabréf á sinn kostnað gegn því að skila aftur hinu skemmda bréfi.

2.04. Engar skorður eru á framsali hlutabréfa milli íslenskra aðilja skv. samþykktum þessum.

2.05. Hver hluthafi skal tilkynna stjórninni utanáskrift sína og má senda til hans allar tilkynningar um félagsmálefni með þeirri utanáskrift, á hann ekki heimtingu á að fá tilkynningar, sem stjórnin kynni að ákveða að senda hluthöfum einum, nema því aðeins, að stjórn félagsins sé kunnugt um heimilisfang hans. Eigi á hann þá heldur rétt á, að fá arðgreiðslur sendar sér. Arðs getur hann hins vegar vitjað í skrifstofu félagsins innan þriggja ára frá því að hann varð gjaldkræfur, en geri hann það ekki, fellur arðurinn til félagsins.

2.06. Hver hluthafi er skyldur til án sérstakrar skuldbindingar að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða þeim síðar kann að verða breytt á löglegan hátt. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með ályktunum hluthafafundar.

3. Stjórnskipulag.

3.01. Með stjórn félagsins fara:
3.01.01. Hluthafafundir
3.02.02. Stjórn félagsins
3.03.03. Framkvæmdastjóri

4. Hluthafafundir.

4.01. Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þess og landslög setja er í höndum lögmætra félagsfunda. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en 5 ár frá dagsetningu þess. Hluthafi má sækja fund ásamt ráðgjafa, en ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

4.02. Aðalfund skal halda fyrir lok apríl mánaðar ár hvert. Fundinn skal halda í Reykjavík eða á þeim stað, er stjórnin ákveður á hverjum tíma.

Til aðalfundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, með símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Fundarefnis skal getið með minnst einnar viku fyrirvara. Boðun skal ná til allra þeirra hluthafa, sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá.

Aðalfundur er lögmætur, ef han sækja fulltrúar, sem hafa yfir að ráða helmingi hlutfjárins hið minnsta. Nú reynist aðalfundur ólögmætur og skal þá kvatt til nýs fundar innan mánaða með a.m.k. 7 daga fyrirvara og þess skal þá getið í fundaboði,

að fundurinn sé haldinn í stað þess fyrri fundar, sem ekki varð lögmætur. Er hinn síðari fundur þá lögmætur til ákvarðana um þau mál, er ræða átti á fyrri fundi, hversu fáir sem sækja hann.

4.03. Stjórn félagsins skal kveðja til félagsfundar, þegar hún telur þess þörf svo og skv. fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða fyrir minnst tíunda huta hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Stjórnin tilkynnir hluthöfum fundarefnið með fundarboðinu. Slíkir aukafundir sem og aðrið venjulegir hluthafafundir skulu boðaðir á sama hátt og aðalfundur þ.e. með minnst einnar viku fyrirvara. Þegar lögmæt krafa um dunarhald er fram komin, skal stjórninni skylt að boða til fundar í síðasta lagi innan tveggja vikna frá því, er henni barst krafan. Hafi félagsstjórnin eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að ráðherra sá, er fer með málefni hlutafélaga, láti boða til fundarins. Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til þess að hægt sé að setja málið á dagskrá fundarins.

4.04. Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál til afgreiðslu:

4.04.01. Skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.

4.04.02. Rekstrar- og efnahagsreikning félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðenda, en reikningar skulu lagðir fram til staðfestingar fundarins.

4.04.03. Kosningu stjórnar sbr. gr. 5.01.

4.04.04. Kosningu endurskoðena sbr. gr. 7.02.

4.04.05. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

4.04.06. Ákvörðun um þóknun til endurskoðenda.

4.04.07. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.

4.04.08. Önnur mál.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/5 hluta hlutafjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðunum um liði 4.04.02 og 4.04.07. til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

4.05. Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða umboðsmanna þeirra eða lögfróðra manna, sem stjórnin stingur upp á. Formaður félagsstjórnar eða annar fulltrúi, sem stjórnin tilnefnir í hans stað setur fundinn og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð, þar til hluthafafundur samþykkir breytingar á henni. Fundarstjóri skal láta skjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók. Í fundargerðarbók skal skrá allar fundarsamþykktir og gagnorðar fundargerðir. Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt, skal fundarstjóri undirrita hana ásamt fundarritara.

Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um fundi. Hluthafa og fundarstjóra skal jafnan fengið í hendur eintak hlutafélagalaganna og eintak af samþykktum þessum.

4.06. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum 50 þús. króna hlut í félaginu. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir félagið skal hlutkesti ráða. Samþykki allra hluthafa þarf til

þess að ráða til lykta málefnum þeim er greinir í 77. grein hlutafélagalaganna nr. 32/1978, sbr. þó grein 9.02. samþykkta þessara.

4.07. Rétt til að sitja hluthafafundi hafa, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra framkvæmdastjóri og endurskoðendur félagsins, þótt eigi séu þeir hluthafar. Hafa þeir fullt málfrelsi og tillögurétt. Einnig er stjórninni heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

5. Stjórn félagsins

5.01. Aðalfundur kýs árlega 7 menn í stjórn félagsins. Einnig 7 varamenn. Stjórnarmenn þurfa ekki að vera hluthafar í félaginu. Þeir skulu allir hafa búsetu hér á landi.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/4 hlutafjárins krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanns. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnt fimmdögum fyrir aðalfund. Ef atkvæði falla jöfn við stjórnarkjör, skal beita hlutkesti.

5.02. Stjórnin kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi. Formaður boðar stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær, sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir eru ákvörðunarbærir, þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o.þ.h. skal varamanni veittur kostur á þátttöku í stjórnarfundum meðan forföllin standa.

Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.

Stjórnin skal halda gerðarbók um það, sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

Hún skal einnig halda sérstaka bók um hlutafjáreign stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, ef um það er að ræða og hún skal færa í hana yfirlýsingar þær er um getur í hlutafélagalögum nr. 32/1978.

5.03. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.
Meginskyldur hennar eru:

5.03.01. Að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör, ákvarða starfsskipulag, setja erindisbréf, þar sem m.a. er kveðið á um tæknimenntun skoðunarmanna, veita prókúruumboð og skera úr um ágreining, sem upp kynni að koma milli framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

5.03.02. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins, sjá um að fylgt sé settum reglum, jafnt lagareglum sem reglum er hluthafafundir eða stjórn hafa ákveðið og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur félagsins til skemmri og lengri tíma.

Sérstaklega skal stjórnin gæta þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð og hún skal taka ákvarðanir um þau framtíðarmarkmið, sem stefnt skal að á hverjum tíma.

5.03.03. Að koma fram fyrir félagsins hönd gagnvart dómstólum og stjórnvöldum.

5.03.04. Að taka ákvörðun um gjaldskrá félagsins fyrir veitta þjónustu. Ákvörðun stjórnar um gjald fyrir skoðun ökutækja þarf þó að hljóta samþykki dómsmálaráðherra hverju sinni.

5.03.05. Að ráða fram úr öðrum málum, sem hún telur nauðsyn á hverju sinni og þeim málu, sem vísað er til sérstakrar úrlausnar hennar af hluthafafundi.

5.04. Stjórn félagsins hefur heimilt til að skuldbinda það og er undirskrift 5 stjórnarmanna nægleg, þ. á. m. til veðsetningar og sölu einstakra eigna félagsins. Ákvarðanir um sölu á meginhluta eða öllum eignum félagsins þurfa staðfestingar hluthafafundar.

6. Framkvæmdastjóri.

6.01. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert skv. sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsmenn félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, hafa skal hann samráð við stjórnina um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstörf. Hann segir og upp starfsmönnum og fjallar um launamál þeirra.

6.02. Framkvæmdastjóri er skyldur að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Hann skal veita henni og skoðunarmönnum allar þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

Framkvæmdastjóri er ekki kjörgengur í stjórn félagsins.

7. Ársreikningar og endurskoðun.

7.01. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skal gerð ársreiknings lokið og hann lagður fyrir skoðunarmenn félagsins eigi síðar en einum og hálfum mánuði fyrir aðalfund.

7.02. Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn til eins árs í senn og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfirma. Skoðunarmenn mega þó ekki vera stjórnarmenn félagsins, framkvæmdastjóri eða aðrir stjórnendur né í þjónustu þeirra.

Skoðunarmenn skulu rannsaka allt rekningshald, meðferð fjármuna og samræmi milli rekstrarárangurs annars vegar og settra markmiða, áætlana og ákvarðana stjórnar hins vegar. Halda skal sérstaka endurskoðunarbók í samræmi við 39. gr. hlutafélagalaganna og skal þar skrá ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra.

Skoðunarmenn skulu gera endurskoðnarskýrslu í samræmi við 68. gr. hlutafélagalaga og skal hún vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi 10 dögum fyrir aðalfund.

7.03. Ársreikningar skulu samdir fyrir hvert reikningsár og skulu þeir hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning og uppsetningu þeirra hagað svo sem fyrir er mælt í XII. kafla hlutafélagalaga.

8. Eigið hlutafé félagsins.

8.01. Félaginu er heimilt að eig aeigið hlutafé allt að 10% - tíu af hundraði - en leitast skal stjórnin við að losa félagið á heilbrigðan hátt við þau hlutabréf, sem eðlilegt væri talið að kaupa innan félagsins. Óheimilt er að taka eigin hlutabréf að veði til tryggingar lánum til hluthafa. Aldrei má nota atkvæði þau, sem fylgja hlutum, er félagið kynni að eiga sjálft og skulu þau talin frá við ákvörðun atkvæðamagns í félaginu.

9. Breytingar á samþykktum félagsins.

9.01. Samþykktum félagsins má breyta á löglegan boðuðum hluthafafundum félagsins

enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Á fundinum þurfa að vera mættir hluthafar, er fara með umboð fyrir 3/4 hlutafjárins og með breytingunni þurfa að greiða atkvæði hluthafar, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

9.02. Ákvæðum samþykkta þessara um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti sín á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki meira en 9/10 hluta atkvæða allra hluthafa sbr. 77. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978.

10. Slit á félaginu.

10.01 Nú þykir nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um lagabreytingar, sbr. 2. mgr. 114. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Fundur sá sem samþykkir lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslum skulda í samræmi við XIV. kafla hlutafélagalaga.

11. Önnur ákvæði.

11.01. Ákvæði samþykkta þessara eru sett í samræmi við hlutafélagalög nr. 32/1978 og í mörgum tilvikum til nánari útfærslu á ákvæðum þeirra, en um öll vafaatriði víast til ákvæða laganna. Verði lögum nr. 32/1978 breytt á einhvern þann hátt, að það geti hugsanlega raskað gildi samþykkta þessara eða breytt efni þeirra frá birtingardegi, skal stjórn félagsins tararlaust láta kanna áhrif lagabreytinganna og ef ástæða þykir til breytinga á samþykktum þessum að mati eins eða fleiri stjórnarmanna, skal taka málið til meðferðar á næsta aðalfundi félagsins.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins, hinn 21. júlí 1988 og með breytingum samþykktum á aðalfundi 10. mars 1989.

1063. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um sérstaka fjáröflun til varna gegn ofanflóðum og um breytingu á kostnaðarhlut sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn frá félagsmálaráðuneytinu Berglind Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra, Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Sesselju Árnadóttur lögfræðing, Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðjón Petersen, framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins, og frá Viðlagatryggingu Íslands Geir Zoëga framkvæmdastjóra og Ásgeir Ásgeirsson ritara. Þá bárust nefndinni umsagnir á 116. löggjafarþingi frá bæjarstjórnum Siglufjarðar, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Ísafjarðar og Vestmannaeyja, hreppsnefndum Tálknafjarðar, Bíldudalshrepps og Flateyrarhrepps, frá Veðurstofu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Viðlagatryggingu Íslands og Almannavörnum ríkisins. Voru umsagnirnar almennt jákvæðar.

Lögin um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum eru frá árinu 1985 og er ljóst að þau þarfnast endurskoðunar. Tekjur ofanflóðasjóðs hafa á undanförnum árum dugað til að greiða lögbundinn hlut sjóðsins í þeim varnarvirkjum gegn snjóflóðum sem ráðist hefur verið í. Fyrirsjáanlegt er að á þessu verði breyting eftir því sem hættumötum fjölgar og kröfur aukast um framkvæmdir. Er ljóst að talsvert mun skorta á að ofanflóðasjóður geti fjármagnað þær framkvæmdir sem sveitarfélög vilja ráðast í á þessu sviði á komandi árum.

Á Vestfjörðum hafa nýlega fallið snjóflóð á svæðum sem áður hafa ekki verið metin sem hættusvæði. Í framhaldi af því beinist sérstök athygli að gerð hættumata og rannsóknum í tengslum við þau. Skömmu eftir atburðina á Vestfjörðum samþykkti ríkisstjórnin að beita sér fyrir endurskoðun laganna um varnir gegn snjóflóðum og skipa nefnd sem meti reynsluna af framkvæmd laganna og beini sérstakri athygli að gerð hættumata, forvörnum og rannsóknum og hvernig auka megi fjármagn til ofanflóðavarna.

Félagsmálanefnd leggur áherslu á að endurskoðun laganna verði hraðað og stefnt að því að frumvarp þar um verði lagt fram í haust. Eðlilegt er, í ljósi þessarar endurskoðunar laganna, að efni þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, verði tekið til athugunar við þá endurskoðun og leggur því nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 26. apríl 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir.
Eggert Haukdal.	Kristinn H. Gunnarsson.	Jón Kristjánsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Guðjón Guðmundsson.	Sigbjörn Gunnarsson.

1064. Skýrsla [468. mál]

sjávarútvegsráðherra um sölu ríkisins á SR-mjöli, samkvæmt beiðni.

Með lögum nr. 20/1993 var ákveðið að stofna hlutafélag sem tæki við rekstri Síldarverksmiðja ríkisins og skyldi ríkissjóður verða eigandi alls hlutafjár í félaginu. Hlutafélagið SR-mjöl var stofnað 6. júlí 1993 á grundvelli þessara laga og tók við öllum rekstri, eignum og skuldum Síldarverksmiðja ríkisins 1. ágúst 1993.

Í 3. gr. laga nr. 20/1993 eru ákvæði þess efnis að sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu og sé heimilt að selja hlutabréfin, öll eða hluta þeirra. Á stofnfundi SR-mjöls h.f. kynnti sjávarútvegsráðherra að hann hefði ákveðið að fela stjórn SR-mjöls h.f. að gera tillögur um hvernig best væri að standa að sölu hlutabréfanna og reifaði þau atriði sem sérstaklega þyrfti að líta til í því sambandi, en þau koma m. a. fram í athugasemdum er fylgdu sömu grein í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 20/1993. Þar segir m. a.:

„Hér er kveðið á um að ríkissjóður skuli í upphafi vera einn eigandi allra hlutabréfa í nýja félaginu. Er það undantekning frá almennum reglum hlutafélagalaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Enda þótt ríkissjóður verði eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess, er fyrirhugað að selja öðrum hluti og jafnvel öll hlutabréf í félaginu. Meta þarf sérstaklega hvenær aðstæður eru ákjósanlegar til sölu áður en ákvörðun verður tekin þar um. Skal við söluna stefnt að dreifðri hlutafjáreign þannig að enginn einn aðili eignist meirihluta. Frá þessu má þó víkja ef almenningshlutafélag á í hlut. Jafnframt skal við söluna sérstaklega horft til heimamanna og starfsmanna á þeim stöðum sem verksmiðjur eru starfræktar. Skal óskað eftir viðræðum við heimamenn og/eða samtök þeirra um hugsanleg kaup á hlutabréfum ...“

Stjórn SR-mjöls h.f. skilaði sjávarútvegsráðherra tillögum sínum um það hvernig staðið skyldi að sölu hlutabréfanna. Í þeim var m. a. gert ráð fyrir að skipaður yrði þriggja manna starfshópur sem annaðist söluna og að allt hlutafé félagsins yrði selt fyrir milligöngu hlutlauss aðila, t. d. verðbréfafyrirtækis, sjá fylgiskjal 1. Ráðherra féllst á tillögurnar og skipaði þriggja manna starfshóp í þessu skyni 13. október 1993. Segir í skipunarbréfum nefndarmanna að hópurinn skuli standa að undirbúningnum “... í samræmi við tillögur stjórnar og með hliðsjón af verklagsreglum við framkvæmd einkavæðingar ...“. Síðastnefndar verklagsreglur höfðu verið samþykktar á ríkisstjórnarfundi daginn áður, sjá fylgiskjal 2.

Í samráði við framkvæmdanefnd um einkavæðingu var ákveðið að afla tilboða frá

verðbréfafyrirtækjum í verðmat og umsjón með sölu hlutabréfanna. Tilboð barst frá fjórum verðbréfafyrirtækjum. Eftir athugun á þeim ákvað framkvæmdanefnd um einkavæðingu að mæla með því við sjávarútvegsráðuneyti að gengið yrði til samninga við Verðbréfamarkað Íslandsbanka h.f. Á grundvelli tilboðs VÍB var gerður samningur 3. nóvember 1993 og Verðbréfamarkaði Íslandsbanka h.f. falið að verðmeta SR-mjöl h.f. og hafa umsjón með sölu hlutabréfanna.

Í beiðni alþingismannanna um skýrslu þessa er sérstaklega spurt hvort ráðherra hafi talið VÍB hæft til þess að annast verðmat og umsjón með sölu á hlutabréfum ríkisins í SR-mjöli h.f. eftir að í ljós var komið að meirihluti eigenda VÍB hafði lýst áhuga sínum á að kaupa hlutabréfin. Þegar þessari spurningu er svarað er nauðsynlegt að hafa í huga að þegar framkvæmdanefnd um einkavæðingu mælti með því við sjávarútvegsráðuneytið að samið yrði við Verðbréfamarkað Íslandsbanka h.f. vissi enginn hverjir yrðu kaupendur að hlutabréfunum í SR-mjöli h.f. Á þeim tímapunkti hafði ekkert komið fram um hugsanlega viðsemjendur sem gæfi tilefni til vanhæfis VÍB. Þann 17. desember s.l. lá í stórum dráttum fyrir hvaða aðilar myndu hugsanlega gera tilboð í hlutaféð. Báðir endanlegra tilboðsgjafa nefndu þá sama fyrirtækið (Sjóvá-Almennar) til sögunnar sem hugsanlegan samstarfsaðila. Engin athugasemd kom þá fram af hálfu tilboðsgjafanna. Hefði einhver af væntanlegum tilboðsgjöfum viljað bera vanhæfi VÍB fyrir sig hefði átt að gera það þá, það hefði verið rétti tíminn. Í spurningu alþingismannanna eru gefnar rangar forsendur vegna þess að þeir tilboðsgjafar er síðar urðu kaupendur að hlutabréfum ríkisins í SR-mjöli h.f. eru ekki meirihluta eigendur Íslandsbanka h.f. Verðbréfamarkaður Íslandsbanka er eins og nafnið bendir til í eigu Íslandsbanka h.f. Hluthafar bankans eru hátt á fimmta þúsund. Rétt er að fram komi að enginn einn kaupandi keypti meira en 7,5% hlutafjár í SR-mjöli h.f.

Verðbréfamarkaður Íslandsbanka skilaði söluhópi verðmati í lok nóvember 1993 - sjá fylgiskjal 3. Hafa verður í huga að mjög miklar sveiflur eru í rekstri fyrirtækis á borð við SR-mjöl h.f. þannig að mikil áhætta er fólgin í rekstri fyrirtækisins. Rekstur Síldarverksmiðja ríkisins gekk illa á árunum 1980 til 1992. Samanlagt tap tímabilsins var um 1300 m.kr. miðað við verðlag í ágúst 1993. Afkoman sveiflaðist mikið á milli ára en að meðaltali töpuðu Síldarverksmiðjur ríkisins um 90 milljónum króna ár hvert. Við útreikninga á verðmati SR-mjöls h.f. var fjárstreymið áætlað og núvirt fyrir 11 ára tímabil samkvæmt ákveðnum forsendum. Með fjárstreymi er átt við rekstrarhagnað án afskrifta, að frádregnum fjármagnskostnaði og sköttum. Við útreikninga á fjárstreymi koma fjárfestingar í framtíðinni ekki við sögu frekar en afskriftir. Í fjárstreyminu er tekið tillit til vaxtakostnaðar en ekki er gert ráð fyrir að langtímalán séu greidd niður. Þá er miðað við stöðugt verðlag og stöðugt gengi gjaldmiðla. Forsendur fyrir hráefnisverði, nýtingu hráefnis, afurðaverði og markaðshlutdeild eru afar mikilvægar. Niðurstaða þess var, miðað við gefnar forsendur, að núvirði fjárstreymis SR-mjöls h.f. væri á bilinu 695 til 1.011 m.kr. eftir því hvernig heildarveiði dreifðist á árin og eftir ávöxtunarkröfu.

Spurt er hvort rétt sé að hagnaður fyrirtækisins á síðasta ári hafi verið nálægt 300 m.kr. Svar við þessari spurningu er nei. Rekstrarhagnaður SR-mjöls h.f. rekstrartímabilið 1. ágúst til 31. desember 1993 var 220 m.kr., sjá fylgiskjal 4. Rekstarhagnaður Síldarverksmiðja ríkisins frá 1. janúar 1993 til 31. júlí 1993 var um 3 m.kr., sjá fylgiskjal 5.

Hlutabréf ríkisins í SR-mjöli h.f. voru auglýst opinberlega til sölu í nóvember s.l. Með auglýsingunni var lýst opinberlega eftir áhugasömum kaupendum að hlutabréfunum. Með hliðsjón af stærð og mikilvægi SR-mjöls í íslenskum mjöliðnaði hafði seljandi hug á að kanna nánar hugsanlega tilboðsgjafa með tilliti til fjárhagslegs styrkleika þeirra og líkur á öruggum rekstri félagsins í höndum viðkomandi ásamt því að væntanlegir tilboðsgjafar lýstu því yfir að þeir hefðu kynnt sér ákvæði laga um fjárfestingu erlendra aðila í

atvinnurekstri á Íslandi. Fjórtán aðilar lýstu áhuga á kaupum í félaginu. Öllum þessum aðilum var tilkynnt með bréfi 7. desember 1993 að þeir þyrftu að gefa seljanda bréfanna eftirfarandi upplýsingar fyrir kl. 16.00 mánudaginn 13. desember 1993:

1. Nafn og kennitala tilboðsgjafa (nöfn og kennitölur ef um fleiri en einn er að ræða).
2. Helsta starfsemi tilboðsgjafa ef um félag er að ræða og aðstandendur þess. Greina þarf frá helstu starfsemi félags á síðustu árum og helstu aðstandendum eða eigendum félagsins.
3. Fjárhagur tilboðsgjafa. Gerð sé grein fyrir hvernig kaup á hlutabréfum í SR-mjöli h.f. verði fjármögnuð, þ. e. hvort ætlunin er að fjármagna þau af eigin fé tilboðsgjafa eða með lánsfé. Fram þarf að koma að tilboðsgjafi hafi fjárhagslegan styrk til að kaupa fyrirtækið allt og tryggja rekstur þess áfram.
4. Eignaraðild. Gerð sé grein fyrir því að fyrirhuguð kaup á hlutabréfum í SR-mjöli h.f. séu í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
5. Ef kaupin verða fjármögnuð með lántöku að einhverju leyti þarf að gera grein fyrir lánveitanda og þeim tryggingum sem tilboðsgjafi hyggst setja fyrir lántöku sinni.

Í tilkynningu þessari er jafnframt boðað að haft verði samband við þá þátttakendur sem teljast fullnægja skilyrðum seljanda fyrir kl. 12.00 föstudaginn 17. desember 1993 og verði í framhaldi af því óskað eftir tilboðum í hlutabréfin með tilboðsfresti til kl. 16.00 þriðjudaginn 28. desember 1993.

Þann 13. desember 1993 kl. 16.oo höfðu þrjú svör borist og aðilar óskað eftir útboðsgögnum. Þeir voru Akureyrarbær, Jónas A. Aðalsteinsson hrl. fyrir hönd 25 fjárfesta og Haraldur Haraldsson fyrir hönd hóps sem hugðist stofna hlutafélag um reksturinn, sjá fylgiskjal 6. Eftir ítarlega skoðun á svörum aðila tilkynnti framkvæmdastjóri Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka h.f. sjávarútvegsráðherra 17. desember s.l. það álit sitt að einn þessara aðila, Haraldur Haraldsson, uppfyllti ekki þau skilyrði sem sett hefðu verið fram í 3. og 5. tölulið bréfsins 7. desember, sjá fylgiskjal 7. Tilkynnti framkvæmdastjórinn Haraldi þetta einnig. Upplýsingar sem Haraldur veitti varðandi umrædd atriði veitti hann framkvæmdastjóra VÍB munnlega og bað hann fyrir þær sem trúnaðarmál. Framkvæmdastjórinn átti því óhægt um vik að kynna þær fulltrúum starfshópsins um sölu bréfanna, en hann kannaði sjálfur þær upplýsingar sem tilboðsgjafinn gaf honum og lagði faglegt mat á þær, sem hann tilkynnti ráðherra.

Starfshópurinn um sölu hlutabréfanna ákvað í ljósi þess hve fáir aðilar höfðu skilað inn tilskildum upplýsingum að leggja til við sjávarútvegsráðherra að hann heimilaði að þessum þremur aðilum yrði öllum heimilað að gera tilboð í bréfin, þrátt fyrir áðurgreint álit framkvæmdastjóra Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka h.f., en með þeim skýringum að ekki væri á því stigi lagt mat á þau atriði sem framkvæmdastjórinn hafði gert grein fyrir. Var framkvæmdastjóranum gerð grein fyrir þessu samdægurs. Er ljóst að með þessari ákvörðun veitti ráðherra Haraldi lengri frest en öðrum tilboðsgjöfum hafði verið veittur til að sýna fram á að hann gæti staðið við kauptilboð sitt og tryggt áframhaldandi rekstur fyrirtækisins, en eins og á stóð þótti það réttlætanlegt. Með þessu var Haraldi ennfremur gefinn lengri frestur til að upplýsa um hvaða aðilar stæðu að tilboðinu með honum.

Þegar tilboðsfrestur rann út 28. desember 1993 hafði Verðbréfamarkaði Íslandsbanka h.f. borist bréf frá öllum þeim aðilum sem fengið höfðu útboðsgögnin. Einn þeirra óskaði eftir framlengingu tilboðsfrests til 20. janúar 1994. Ekki var unnt að verða við þeirri málaleitan og verður því ekki fjallað um þann tilboðsgjafa frekar hér. Hinir tveir gerðu tilboð sem hér verður gerð nánari grein fyrir:

A. Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður.

Efni kauptilboðs sem lögmaðurinn setti fram f.h. umbjóðenda sinna var svohljóðandi:

„Með vísan til auglýsingar er birtist í Morgunblaðinu þann 18. nóvember s.l. og gagna sem Verðbréfamarkaður Íslandsbanka h.f. afhenti umbj. mínum, gerir undirritaður, Sigurður G. Guðjónsson hrl., fyrir hönd Haraldar Haraldssonar, kt. 131144-2459, vegna fleiri fjárfesta, eftirfarandi tilboð um kaup á öllum hlutabréfum ríkissjóðs í SR-mjöli h.f.

Fyrir hlutabréfin vilja umbj. mínir greiða kr. 801.000.000,- áttahundruð og einamilljón króna. Kaupverðið verður staðgreitt, enda ábyrgist seljandi að á félaginu hvíli engar skuldbindingar, hverju nafni sem nefnast, aðrar en þær sem tilgreindar eru í efnahagsreikningi SR-mjöls h.f. þann 31. október 1993.

Ef ofangreindu tilboði umbj. minna verður tekið, munu umbj. mínir greiða upp allar langtímaskuldir SR-mjöls h.f. sem nema samkvæmt efnahagsreikningi félagsins þann 31. október 1993, kr. 932.000.000,- níuhundruð þrjátíu og tværmilljónir.

Verði óskað viðræðna við mig eða umbjóðendur mína um ofangreint tilboð, munu umbj. mínir taka fullan þátt í þeim viðræðum, og eru umbj. mínir reiðubúnir að hefja viðræður nú þegar.“

Fram var komin staðfesting eins útgerðarfélags, Ísfélags Vestmannaeyja, um að það stæði að tilboðsgerð með Haraldi Haraldssyni en þess var jafnframt óskað að með þá staðfestingu yrði farið sem trúnaðarmál.

Að öðru leyti en að framan er greint lágu ekki fyrir skrifleg gögn um það hverjir stæðu að umræddri tilboðsgerð með Haraldi Haraldssyni eða um önnur atriði sem krafist hafði verið upplýsinga um svo sem að framan var greint.

B. Benedikt Sveinsson hæstaréttarlögmaður og Jónas A. Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður.

Tilboð lögmannanna var svohljóðandi:

„Við undirritaðir hæstaréttarlögmenn Benedikt Sveinsson og Jónas A. Aðalsteinsson sem höfum að undanförnu undirbúið kaup á hlutabréfum SR - mjöls h.f. á vegum hóps útgerðarmanna og nokkurra fjárfesta viljum að gefnu tilefni lýsa því yfir að við erum reiðubúnir að beita okkur fyrir því að kaupendahópurinn setjist að samningaborði með seljendum á þeim grundvelli að kaupverð verði eigi lægra en nafnverð hlutabréfanna.

Það er forsenda þess að samningar takist um kaupin að samkomulag geti tekist um fyrirkomulag langtímalána sem í dag hvíla á SR-mjöli h.f.

Gert er ráð fyrir verulegri greiðslu við samningsgerð og eftirstöðvum á árinu 1994 eða eins og um semst.“

Frá þessum aðilum hafði áður borist ítarlegt svar við bréfi Verðbréfamarkaðs Íslandsbanka h.f. 7. desember 1993. Kom þar fram að 25 aðilar standa saman að tilboðsgerðinni. Þessir aðilar eru allir nafngreindir og því lýst yfir að hver þeirra um sig uppfylli skilyrði laga til þess að kaupa og eiga hlutabréf í SR-mjöli h.f. Kom einnig fram að margir fleiri aðilar hafi lýst áhuga á að eiga aðild að kaupunum, svo og starfsmenn félagsins, og muni þeim, ef til kemur og þeir óska, verða gert kleift að kaupa hlut. Jafnframt er því lýst yfir að starfsmannafélög verksmiðja SR-mjöls h.f. hafi lýst stuðningi við kaup þessa hóps á hlutabréfum í félaginu, svo og þau sveitarfélög þar sem verksmiðjur SR-mjöls h.f. eru staðsettar.

Það var mat söluhóps ráðherra og framkvæmdastjóra Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka h.f. að þessir aðilar uppfylltu öll skilyrði sem sett voru af hálfu seljanda til sölunnar.

Þegar hér var komið sögu, að lokinni opnun tilboða, 28. desember 1993, voru fulltrúar tilboðsgjafa boðaðir á fund með starfshópi um sölu hlutabréfanna, formanni framkvæmdanefndar um einkavæðingu og framkvæmdastjóra Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka h.f. Tilgangur fundanna var m.a. sá, að fá Harald Haraldsson til að gera nánari grein fyrir tilboði sínu. Var ákveðið að óska eftir upplýsingum um hvaða aðilar stæðu að tilboði, hver yrðu eignahlutföll hvers og eins í félaginu eftir kaupin og fjárhagslegan styrkleika tilboðsgjafa ásamt því að óska eftir heimild til að leita eftir staðfestum upplýsingum frá viðskiptabanka.

Fyrstir komu til fundar Haraldur Haraldsson og Sigurður G. Guðjónsson hrl. Haraldur var ennþá ófús að gefa upp hverjir samstarfsaðilar sínir að þessu máli væru. Hann nefndi þó tvö fyrirtæki og nöfn þriggja kaupsýslumanna í Reykjavík sem hann kvað standa ásamt fleirum að baki sér. Ekki væri hægt að tilgreina hvernig eignahlutföll myndu skiptast, en hann teldi fyrirtækið best komið í eigu fárra aðila í fyrstu en að síðar mætti huga að því að gera það að almenningshlutafélagi. Haraldur gerði grein fyrir ýmsum hugmyndum varðandi rekstur fyrirtækisins í framtíðinni, greindi frá fjárhagsaðstoð Búnaðarbanka Íslands og þýsks banka sem lögð hefðu verið dög að. Haraldur samþykkti að fulltrúar ríkisins leituðu staðfestingar tiltekins aðstoðarbankastjóra Búnaðarbanka Íslands um upplýsingar sem vörðuðu fjármögnun kaupanna. Kvaðst Haraldur geta greitt tilboðsfjárhæðina með 15 daga fyrirvara.

Því næst komu til fundar við sömu aðila hæstaréttarlögmennirnir Benedikt Sveinsson og Jónas A. Aðalsteinsson. Þeir gerðu grein fyrir því hvernig eignaraðild að félaginu myndi skiptast í stórum dráttum, ef gengið yrði að tilboði þeirra. Fram kom að tilboðsgjafarnir gerðu sér grein fyrir að þeir þyrftu að greiða hærra verð fyrir hlutabréfin en þeir hefðu sett fram í kauptilboði sínu og lýstu sig reiðubúna til viðræðna um hærra söluverð, ef til kæmi.

Loks kom til fundar við sömu aðila sá aðstoðarbankastjóri Búnaðarbanka Íslands sem Haraldur Haraldsson hafði tilgreint að gæti staðfest upplýsingar hans um fjármögnun kaupanna og fleira í því sambandi. Hjá honum kom m. a. fram:

* Haraldur og fulltrúar Sjóvár-Almennra tryggínga h.f. og Olíuverslunar Íslands h.f. ræddu við Búnaðarbankann í október s.l. um hugsanleg kaup þessara aðila á SR-mjöli h.f. og mögulega þátttöku bankans. Á þeim tíma var gert ráð fyrir að hver þessara þriggja aðila mundi kaupa þriðjung hlutafjár í SR-mjöli h.f. Hvorugt umræddra hlutafélaga var lengur meðal þeirra sem Haraldur hafði tilgreint sem aðila að málinu með sér, en hann hafði þó ekki tilkynnt Búnaðarbankanum um þau breyttu viðhorf.
* Búnaðarbankinn og hinn þýski banki höfðu veitt vilyrði fyrir lánveitingum til endurfjármögnunar á langtímalánum félagsins, ef af hlutafjárkaupum Haraldar og félaga yrði. Þau vilyrði voru háð ýmsum skilyrðum sem ekki höfðu verið uppfyllt, og beðið var ýmissa frekari upplýsinga. Þegar málið var lagt fyrir hinn þýska banka voru þau tvö íslensku hlutafélög tilgreind sem aðilar að kaupunum, sem áður var að vikið, og kvaðst aðstoðarbankastjórinn ekki vita hvort Haraldur hefði tilkynnt bankanum um að þessi tvö félög stæðu ekki lengur að tilboðsgerðinni með honum.
* Búnaðarbankinn hafði aldrei ljáð máls á því að lána fé til hlutafjárkaupanna nema þá að einhverju óverulegu marki. Ekkert formlegt erindi hafði borist bankanum um lán til kaupa á hlutabréfunum.
* Búnaðarbankinn hafði gert Haraldi ljóst að bankinn mundi ekki geta veitt SR-mjöli h.f. afurðalánafyrirgreiðslu. Hafði bankinn gert að skilyrði fyrir hvers konar stuðningi við Harald og félaga að slík fyrirgreiðsla yrði áður tryggð með öðrum hætti.

* Búnaðarbankinn gat ekki staðfest kaupgetu þeirra aðila sem Haraldur sagði standa að tilboðsgerðinni með sér. Til þess vantaði bankann frekari upplýsingar. Raunar vissi bankinn ekki um fjárhæð tilboðs Haraldar og félaga fyrr en eftir að tilboðinu var skilað.

Þegar hér var komið sögu átti starfshópurinn um sölu hlutabréfanna um nokkra kosti að velja. Einn var að hafna báðum tilboðum. Annar var sá að ganga til samninga við aðila sem sögðust geta greitt 801 milljón króna eftir tvær vikur en höfðu ekki nema að litlu leyti gert grein fyrir öðrum atriðum varðandi kaup sín á félaginu sem þó voru skýrar forsendur sölu af hálfu seljanda. Þriðji kosturinn var sá að ganga til samninga við aðila sem talinn var uppfylla öll skilyrði seljanda fyrir viðskiptunum. Starfshópurinn gerði tillögu til ráðherra um síðastgreinda kostinn, og ráðherra féllst á þá tillögu. Þann 29. desember s.l. voru teknar upp viðræður við hæstaréttarlögmennina Benedikt Sveinsson og Jónas A. Aðalsteinsson og gerður við þá kaupsamningur um hlutabréfin þann dag. Söluverð hlutabréfanna var ákveðið 725 milljónir króna og var samið um að nýir eigendur tækju við rekstri félagsins 1. febrúar 1994. Jafnframt var samið um að kaupandi gæti að fengnu samþykki seljanda gert tilteknar breytingar á kaupendahópnum. Gekk það eftir og samþykkti sjávarútvegsráðherra hópinn 24. janúar s.l. eftir skoðun VÍB á fjárhagslegum styrkleika þeirra. Við kaupendahópinn bættust, eins og til stóð, starfsmenn SR-mjöls h.f. 77 talsins, ásamt þeim fjórum sveitarfélögum þar sem loðnuverksmiðjur félagsins eru starfræktar sem og ýmsir aðrir heimamenn. Þar að auki eru átta lífeyrissjóðir meðal viðbótarkaupenda. Þá höfðu gengið til liðs við hópinn ýmsir traustir fjárfestar og aðrir aðilar sem sjá félaginu fyrir vörum og þjónustu. Með þessu móti er saman kominn breiður hópur kaupenda og þannig hefur tekist að tryggja mikla dreifingu hlutafjáreignar þar sem enginn einn aðili ræður yfir stærri hlut en 7,5% hlutafjár. Tæplega 80% hlutafjár SR-mjöls h.f. voru þar með í höndum þeirra aðila sem gerðu upphaflega kauptilboðið, aðilum þeim tengdum og aðilum sem gengið var út frá að yrðu í endanlegum kaupendahópi. Samtals voru kaupendur 177 talsins, sjá fylgiskjal 8.

Ein af þeim spurningum sem óskað er svars við er hvers vegna formgildu tilboði hafi verið hafnað án þess að kanna hvort við það yrði staðið og þess í stað gengið til samninga við aðila sem ekkert tilboð höfðu gert heldur eingungis lýst yfir áhuga sínum á því að eignast SR-mjöl. Í spurningu þessari felst fullyrðing sem ágreiningur er um í því dómsmáli sem Haraldur Haraldsson hefur höfðað gegn íslenska ríkinu og fleirum. Þrátt fyrir mismunandi orðalag litu söluhópur og ráðgjafafyrirtæki á bæði þessi bréf sem tilboð aðila í hlutbréf ríkisins í SR-mjöli h.f. Haraldur Haraldsson hafði ekki skilað upplýsingum eins og óskað var eftir með bréfi frá 7. desember s.l. og þær upplýsingar sem hann gaf framkvæmdastjóra VÍB í einkaviðræðum, um væntanlega meðeigendur og fjármögnun hlutabréfakaupanna reyndust ekki réttar. Haraldi Haraldssyni hafði 17. desember verið tilkynnt að hann hefði ekki sýnt fram á fjárhagslegan styrkleika sinn og umbjóðenda sinna til að kaupa félagið og tryggja öruggan rekstur fyrirtækisins áfram. Þrátt fyrir það bætti Haraldur ekki úr þeim skorti á upplýsingum þegar hann skilaði kauptilboðinu eða þegar honum var ennþá einu sinni gefið tækifæri til þess á fundi í kjölfar opnunar á tilboðum. Með hliðsjón af öllu framansögðu var talið útséð um að frekari skýringar fengjust. Áhættan af því að taka tilboðinu var því einfaldlega talin of mikil og það staðfestu athuganir Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka á forsendum þess. Hafa skal í huga að athuganirnar fóru fram með samþykki bjóðandans. Lægra tilboðinu var því tekið einfaldlega af því að það var betra boð. Kaupendahópurinn er mjög traustur, fyrir lá að eignaraðild yrði dreifð og enginn einn aðili ráðandi í félaginu. Starfsmenn SR-mjöls h.f. og viðkomandi bæjarfélög höfðu lýst yfir stuðningi við þennan kaupendahóp. Allar forsendur virtust því fyrir að

áframhaldandi rekstur SR-mjöls h.f. yrði tryggður í höndum þessara kaupenda og síðast en ekki síst var söluverðið hagstætt að mati ráðgjafanna, sjá fylgiskjal 9. Sjávarútvegsráðherra vísar algerlega á bug öllum dylgjum um að óeðlileg vinnubrögð hafi verið viðhöfð í þessu sambandi og telur að staðið hafi verið að sölunni í samræmi við vilja Alþingis eins og hann birtist í athugasemdum við 3. gr. með frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríksins, sem óbreytt varð að lögum nr. 20/1993. Athugasemdirnar eru raktar í upphafi þessarar skýrslu.

Þá er spurt hvers vegna tilboðin hafi ekki verið opnuð að viðstöddum öllum tilboðsgjöfum. Og hvort ráðherra telji að sú ráðstöfun sé í samræmi við þær reglur og heföir sem um framkvæmd útboða gilda ?

Til svars þessum spurningum er þess fyrst að geta að við sölu hlutabréfanna var ekki um útboð á hlutabréfum ríkisins í SR-mjöli að ræða heldur var eins og að framan greinir með auglýsingu leitað eftir áhugasömum kaupendum hlutabréfanna. Lög nr. 65/1993 um framkvæmd útboða eiga því ekki við, eins og Haraldur Haraldsson hefur haldið fram í dómsmáli. Svar við fyrri spurningunni er einfalt, Þrír aðilar sendu inn tilboð, hið fyrsta barst á skrifstofu VÍB um kl. 11.30 um morguninn, annað um kl. 15.oo er Haraldur Haraldsson afhenti tilboð Sigurðar G. Guðjónssonar hrl. á skrifstofu VÍB en til þess atburðar mætti Haraldur í fylgd fréttamanna Stöðvar tvö og þriðja tilboðið barst um kl. 16.20 með símbréfi frá Akureyri. Enginn tilboðsgjafanna óskaði við afhendingu tilboðs síns eftir að fá að vera viðstaddur opnun þeirra. Enginn þeirra var á staðnum kl. 16.oo. Tilboð voru öll opnuð samtímis um kl. 16.25 og í kjölfar þess var ákveðið að boða strax til funda með raunverulegum tilboðsgjöfum til að afla frekari upplýsinga um tilboðin.

Einnig er spurt hvort ríkið verði vegna sölunnar af allt að 200 m.kr. skatttekjum vegna þess að mat á eigin fé fyrirtækisins hafi verið hækkað við söluna með þeim afleiðingum að afskriftagrundvöllur þess hækkar þannig að hinir nýju eigendur fái a.m.k. 200 m.kr. skattafslátt á þeim tíma sem tekur að afskrifa eignir fyrirtækisins.

Nokkurs misskilnings gætir þegar fjallað er um skattaleg áhrif af sölu hlutabréfa í SR-mjöli h.f. Í 1. gr. laga um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins segir svo:

> *„Ríkisstjórnin skal stofna hlutafélag með heimili og varnarþing á Siglufirði sem tekur við rekstri Síldarverksmiðja ríkisins. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilt að leggja hlutafélaginu til eignir Síldarverksmiðja ríkisins, þar með taldar fasteignir, sem stofnfé. Mat skal fara fram á eignum og skuldum verksmiðjanna til viðmiðunar um upphæð hlutafjár og eiginfjárstöðu nýja hlutafélagsins“.*

Eins og greinin ber með sér var ákveðið að endurmeta eignir verksmiðjanna áður en þær yrðu fluttar í nýtt hlutafélag, í stað þess að byggja á óbreyttum efnahagsreikningi Síldarverksmiðjanna. Í samræmi við ákvæði laganna voru eignir metnar. Að matinu unnu m.a. helstu sérfræðingar landins í mati á fasteignum og vélum sambærilegra fyrirtækja. Mátu þeir eignir Síldarverksmiðja ríksins til nývirðis að frádregnum afskriftum vegna liðins notkunartíma. Við endanlega niðurstöðu matsins var síðan tekið tillit til fleiri þátta er varða rekstur verksmiðjanna og nýtingu eignanna er leiddi til talsverðrar lækkunar á eignamati frá nývirðismati matsmannanna. Samkvæmt efnahagsreikningi Síldarverksmiðja ríkisins í júlílok 1993 nam bókfært eigið fé um 425 m.kr. og yfirfæranlegt skattalegt tap í ársbyrjun 1993 nam 1.411 m.kr. Samkvæmt stofnefnahagsreikningi SR-mjöls h.f. er eigið fé metið á um 1.074 m.kr., en skattalegt tap var ekki yfirfært til hins nýja hlutafélags heldur fellt niður. Það er því misskilningur að ríkissjóður hafi orðið af skatttekjum að fjárhæð 200 m.kr. við endurmat á eignum í tengslum við stofnun félagsins í stað þess að yfirfæra efnahagsreikning Síldarverksmiðja ríkisins. Hið rétta er að gamla fyrirtækinu, þ.e. Síldar-

verksmiðjum ríkisins, bar að greiða landsútsvar af skattskyldum hagnaði, en yfirfæranlegt skattalegt tap fyrirtækisins í ársbyrjun 1993 nam um 1.411 m.kr. eins og áður segir. Ríkissjóður hefði því ekki fengið skatt af rekstrarhagnaði fyrirtækis með slíkt tap, heldur hefði rekstrarhagnaðurinn lækkað nokkuð yfirfæranlegt tap. Ójafnað tap gamla fyrirtækisins, sem heimilt hefði verið að færa á móti hagnaði á næstu árum var þvert á móti fellt niður við breytingu á Síldarverksmiðjunum í hlutafélag og nemur niðurfellingin um 750 m.kr. Dæmi eru hins vegar um að við breytingu á ríkisfyrirtæki í hlutafélag hafi hlutafélaginu verið heimilt að taka við tapinu og draga það frá hagnaði á næstu árum, má þar nefna þegar Útvegsbanka Íslands var breytt. Það var hins vegar ekki gert í þessu tilviki. Niðurstaðan er því sú að ef rekstrarformi Síldarverksmiðja ríkisins hefði ekki verið breytt á síðasta ári hefði félagið enga skatta greitt af rekstrarhagnaði. Sama niðurstaða hefði fengist ef efnahagsreikningur Síldarverksmiðjanna hefði verið yfirfærður óbreyttur í nýja hlutafélagið SR-mjöl h.f. Í stað þess að skattgreiðslur hefðu engar orðið að óbreyttu má gera ráð fyrir að greiddur tekjuskattur SR-mjöls h.f. á árinu 1994 vegna gjaldársins 1993 verði um 51 m.kr. Því til viðbótar má minna á að Síldarverksmiðjur ríkisins voru undanþegnar eignarskatti en SR-mjöl h.f. mun greiða um 6.3 m.kr. í eignaskatt gjaldárið 1994.

Fylgiskjal 1.

SR-mjöl h.f.

Til: Þorsteins Pálssonar,
sjávarútvegsráðherra

Frá: Stjórn SR-mjöls h.f..

Efni: Sala á SR-mjöli h.f. tillögur stjórnar.

Gera má ráð fyrir að uppgjör á rekstri Síldarverksmiðja ríkisins tímabilið janúar til og með júli 1993 liggi fyrir fljótlega. Það er því komið að þeim tímapunkti að mögulegt sé að að hefja frekari undirbúning að einkavæðingu fyrirtækisins. Á stofnfundi SR-mjöls h.f. sem haldinn var á Siglufirði 6. júlí s.l. lýsti sjávarútvegsráðherra því yfir að fyrirhugað væri að selja hlutabréf í félaginu eða einstakar eignir þess. Jafnframt lýsti hann því yfir að hann hefði ákveðið að fela þeirri stjórn sem kjörin yrði á stofnfundinum að undirbúa og gera tillögur um hvernig best væri að standa að verki. Þá óskaði ráðherra eftir að stjórnin fjallaði sérstaklega um hvaða aðstæður þurfi að vera fyrir hendi til að ákjósanlegt geti talist að selja fyrirtækið.

Stjórn SR-mjöls h.f. hefur á nokkrum fundum fjallað ítarlega um þetta verkefni og fer greinagerð stjórnarinnar hér á eftir. Fyrst er fjallað um þau markmið sem stjórnin telur nauðsynlegt að sett verði. Síðan er fjallað um umfang þess fyrirtækis sem stjórnin telur rétt að boðið verði til sölu. Þá er fjallað um hvernig standa skuli að verðlagningu hlutafjár, hvernig skuli standa að sölunni á SR-mjöli og að lokum er umfjöllun um hvenær rétt sé að hefjast handa.

Helstu niðurstöður:

1. Myndaður verði þriggja manna starfshópur sem sjái um söluna. Hópurinn njóti ráðgjafar verðbréfafyrirtækis.

2. Selt verði allt hlutafé SR-mjöls h.f.

3. Hlutafé félagsins verði verðlagt af hlutlausum aðila t.d. verðbréfafyrirtæki.

4. Félagið verði auglýst til sölu strax að lokinni verðlagningu sbr. 3. lið.

5. Leitað verði að kaupendum að félaginu úr hópi vel skilgreindra fjárfesta. Almennt hlutafjárútboð fari ekki fram.

6. Tekið verði hagstæðasta tilboði að teknu tilliti til markmiða. Áskilinn verði réttur til að hafna öllum tilboðum og fresta sölu ef ekkert tilboð reynist viðunandi.

SR-mjöl h.f.

Það er vafasamt að nokkurn tímann hafi verið selt fyrirtæki á Íslandi sem er sambærilegt við verksmiðjur SR-mjöls h.f. Fyrirmyndir eru því varla nokkrar. Að mati stjórnar SR-mjöls h.f., er því mikilvægt að strax í upphafi verði sett markmið fyrir þá aðila til að vinna eftir sem munu fá það hlutverk að stýra vinnunni við einkavæðingu fyrirtækisins. Stjórnin leggur til að eftirfarandi markmið verði sett:

Markmið með sölu

* Að færa rekstur á SR-mjöli h.f. frá ríki til einkaaðila.
* Að varðveita heildarhagsmuni atvinnugreinarinnar sem best við þessa breytingu.
* Að losa fé - selja SR-mjöl h.f. fyrir sem hagstæðast verð.

Að lokinni markmiðssetningu þarf að gera sér grein fyrir *í hvernig rekstrareiningum á að selja félagið.* Í stórum dráttum er hægt að hugsa sér að selja:

- hverja einstaka rekstrareiningu sérstaklega,
- hlutafé félagsins,
- einstaka rekstrareiningar út úr félaginu en selja jafnframt hlutabréf í félaginu sem samanstendur þá af færri einingum en félagið rekur í dag.

Síldarverksmiðjur ríkisins höfðu starfað í 63 ár er félaginu var breytt í hlutafélag. Framlög ríkisins til félagsins voru óveruleg ef nokkur allan þann tíma en þá eru undanskildar þær 400 m.kr. sem ríkissjóður er nú að yfirtaka af skuldum Síldarverksmiðja ríkisins. Auðvelt er að sýna fram á að hin dreifða staðsetning verksmiðja félagsins hafi styrkt stöðu þess og gert því kleift að standa á eigin fótum, þannig að verksmiðjurnar hafi stutt hver aðra. Eitt árið gæti verið hagnaður af rekstri einnar, næsta ár af annarri o.s.frv. allt eftir því á hvaða veiðisvæði loðna og/eða síld var veiðanleg hverju sinni. Svo stór rekstrareining sem samanstendur af mörgum verksmiðjum gefur einnig möguleika á samnýtingu lagera fyrir rekstrarvörur og varahluti svo og útboðum á rekstrarvörum, vöruflutningum og fleiri mikilvægum þáttum sem geta leitt til lægri framleiðslukostnaðar en ella yrði. Rekstur öflugrar söludeildar er einnig vænlegur kostur þegar framleiðslan er jafn mikil og núverandi afkastageta gefur tilefni til. Einnig má leiða að því rök að atvinnugreinin í heild njóti góðs af því að innan hennar starfi öflugur aðili með burði til nauðsynlegrar tækni- og vöruþróunar. Þá er rétt að rifja upp að stjórnvöld hafa á undanförnum árum verið að hvetja fyrirtæki í sjávarútvegi til að sameinast og nýta sér hagræðingarmöguleika sem fylgir umfangsmeiri rekstri.

Með hliðsjón af framansögðu telur stjórn SR-mjöls h.f., að selja eigi allt hlutafé félagsins.

SR-mjöl h.f.

Verðlagning hlutafjár
Stjórn SR-mjöls telur nauðsynlegt að hlutlaus aðili meti hugsanlegt markaðsvirði félagsins. Fyrir þeirri skoðun eru nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi er það nauðsynlegt til að átta sig á verðmæti fyrirtækisins. Í öðru lagi til að verjast gagnrýni sem oft kemur upp við sölu á fyrirtækjum í eigu hins opinbera.

Með hliðsjón af framansögðu telur stjórn SR-mjöls h.f., að ráða eigi óháðan aðila t.d. verðbréfafyrirtæki til að leggja mat á markaðsvirði félagsins. Ekki er nokkur vafi á því að þetta er erfitt verk vegna þeirra miklu sveiflna sem er í loðnuveiðum. Þó nú veiðist vel og hugsanlega geti SR-mjöl h.f. hagnast töluvert á fyrstu mánuðum í rekstri félagsins er á óvísan að róa þar sem loðnan er. Óvissan er ekki eingöngu háð því hve stór útgefinn loðnukvóti er hverju sinni heldur skiptir höfuðmáli hvenær á göngutímanum hún veiðist. Loðnan er í vexti (þar með fitun) fram í október/ nóvember. Þá er nýting hennar í hámarki og getur orðið liðlega 30%, samtals af mjöli og lýsi. Síðari hluta veiðitímans í febrúar og mars er loðnan orðin horuð þannig að nánast ekkert lýsi verður til við framleiðslu á mjöli. Því til viðbótar eru verksmiðjur SR-mjöls h.f. best staðsettar ef loðnuvertíð hefst snemma á göngutíma. Árstekjur SR-mjöls h.f. geta því sveiflast mjög mikið vegna ytri innlendra aðstæðna sem fyrirtækið ræður ekki við. Hvað sem því líður verða sérfræðingar að gefa sér forsendur sem markaðsverð yrði metið eftir.

Nokkrar aðferðir eru til við að leggja mat á verðmæti fyrirtækis:

- Meta út frá núvirtu framtíðartekjuvirði.
- Meta út frá endurstofnverði á eignum að teknu tilliti til afskrifta.

Oftast mun stuðst við báðar framangreindar aðferðir þegar reynt er að meta markaðsvirði fyrirtækja sem selja á. Eins og áður er rakið er þetta fremur erfitt verk í svo sveiflóttum rekstri sem loðnuveiðar og vinnsla er. Stjórn SR-mjöls h.f. telur að beita eigi umræddum aðferðum við mat á hlutabréfum í fyrirtækinu.

Að lokum er rétt að minna á, að hvað sem öllu mati líður, er markaðsvirði það verð sem markaðurinn er tilbúinn til að kaupa eignina á og seljandi að selja.

Hvernig á að standa að sölunni á SR-mjöli h.f. ?
Mjög mikilvægt er að leggja vel niður fyrir sér hvernig æskilegt sé að standa að sjálfri sölunni og hverjir séu æskilegir kaupendur að félaginu. Segja má að eftirfarandi aðferðir komi til greina:

- Almennt hlutafjárútboð til almennings og annarra stærri fjárfesta
- Bein sala til einstakra fjárfesta eða hóps fjárfesta; t.d.:
  - fjárfesta sem þegar eru í sjávarútvegi
  - starfsmenn SR-mjöls h.f.
  - aðrir fjárfestar sem vilja hasla sér völl á nýju sviði
  - sveitarfélög

Viðskipti á almennum hlutabréfamarkaði síðustu misseri á Íslandi hafa verið mjög lítil. Þá er rétt að minnast þess að illa gengur að selja hlutabréf í stöndugum

SR-mjöl h.f.

fyrirtækjum í stöðugum rekstri. Því til viðbótar hefur almennt verið talið rétt í "einkavæðingafræðum" að ríkið beini fjárfestingum almennings að traustum atvinnurekstri en ekki áhættusömum og sveiflukenndum. Með hliðsjón af framansögðu er það skoðun stjórnar SR-mjöls h.f. að ekki eigi að reyna að selja SR-mjöl h.f. með almennu hlutafjárútboði.

Þá er hinn kosturinn eftir þ.e. að selja hlutabréfin til einstakra fjárfesta eða hóps fjárfesta. Stjórn SR-mjöls h.f. telur rétt að skilgreina vel og vandlega hvaða markhópar fjárfesta séu líklegir kaupendur og hefja viðræður við þá. Áður en viðræður við markhópa verða hafnar er brýnt að auglýst verði með áberandi hætti að félagið sé til sölu.

Hverjir eru þessir markhópar? Hugsanlega vilja stöndugustu fyrirtækin í þessari atvinnugrein, sem stunda útgerð loðnuskipa og/eða reka fiskimjölsverksmiðjur kaupa fyrirtækið. Tveir hópar sem tilheyra þessari grein hafa gefið sig fram og óskað eftir viðræðum. Einnig er hugsanlegt að einhver af öðrum stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum hafi áhuga. Þá hafa starfsmannafélög SR-mjöls h.f. á Raufarhöfn, Siglufirði og Seyðisfirði lýst því yfir að þau hafi áhuga á að kaupa hlut í félaginu - hugsanlega í samstarfi við aðra. Ekki er útlokað að aðrir fjárfestar, t.d. stórfyrirtæki og lífeyrissjóðir svo einhverjir séu nefndir, hafi áhuga á að hasla sér völl á nýju sviði. Sveitarstjórnir Reyðarfjarðar og Raufarhafnar hafa lýst því yfir að ef brjóta eigi fyrirtækið upp (sem sveitarfélögin eru reyndar alfarið á móti) hafi þau áhuga á "sinni" verksmiðju. Hins vegar má velta upp þeirri spurningu hvort það flokkist undir einkavæðingu að sveitarfélög kaupi SR-mjöl h.f.

Hver á að standa fyrir sölunni og hvenær á að hefjast handa?
Af viðbrögðum manna er greinilegt að margir aðilar hafa áhuga á að fá það verkefni að selja SR-mjöl h.f. Eftirtaldir eiga að sjá um verkið eða hafa lýst yfir áhuga á að gera það:

- Sjávarútvegsráðuneytið
- Verðbréfafyrirtæki
- Aðrir.
- Stjórn félagsins
- Framkvæmdanefnd um einkavæðingu

Af lögunum um stofnun hlutafélags um rekstur Síldarverksmiðja ríkisins er ótvírætt að sjávarútvegsráðherra ber að annast verkið. Söluaðili þarf að vera í nánum tengslum við og/eða hafa aðgang að fólki sem þekkir vel þann markhóp sem helst er talinn koma til greina sem kaupendur að SR-mjöli h.f. Þá þarf hann einnig að þekkja þó nokkuð til almennt í sjávarútvegi og geta rætt við kaupendur af fagmennsku. Markhópurinn virðist vera samanber það sem áður er sagt:

- Stórir aðilar í sjávarútvegi.
- Starfsmenn SR-mjöls h.f.
- Aðrir stórir fjárfestar
- E.t.v. sveitarfélög

Þekkingar- og tengslaleg skilyrði uppfylla greinilega ráðuneytið og stjórn félagsins. Verðbréfafyrirtæki gera það einnig að einhverju leyti. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu bætir þar litlu við en þekking sem þar hefur myndast við sölu á ríkisfyrirtækjum getur nýst í þessu sambandi.

SR-mjöl h.f.

Stjórn SR-mjöls h.f. telur mikilvægt að ná sem víðtækastri samstöðu um sölu félagsins þannig að hún nái fljótt og örugglega fram að ganga. Stjórnin telur með hliðsjón af framansögðu skynsamlegt að leggja til að til stuðnings ráðuneytinu verði myndaður þriggja manna starfshópur um þetta verkefni. Lagt er til að í honum eigi sæti, auk fulltrúa ráðuneytisins, fulltrúi stjórnarinnar og aðili tengdur framkvæmdanefnd um einkavæðingu. Jafnframt yrði það verðbréfafyrirtæki sem fengið verður til að meta verðmæti hlutabréfanna til ráðgjafar.

Stjórn SR-mjöls h.f. telur sig hafa orðið vara við áhuga fjárfesta á kaupum á hlutafé í fyrirtækinu. Samkvæmt upplýsingum Hafrannsóknastofnunar má vænta góðrar loðnuveiðar að minnsta kosti næstu tvær vertíðar. Með tilliti til þessara atriða telur stjórnin ekki eftir neinu að bíða og leggur til að starfshópurinn hefjist handa við að láta verðmeta hlutaféð og vinna aðra nauðsynlega undirbúningsvinnu þannig að sala geti farið fram sem fyrst.

Reykjavík 7. október 1993

Arndís Steinþórsdóttir

Arnar Sigurmundsson

Hermann Sveinbjörnsson

Pétur Bjarnason

Þórhallur Arason

Fylgiskjal 2.

Verklagsreglur við framkvæmd einkavæðingar

Nokkur reynsla hefur skapast af sölu ríkisfyrirtækja á síðustu misserum. Í því skyni, að samræma vinnubrögð og tryggja faglegan undirbúning einkavæðingar, hefur ríkisstjórnin samþykkt eftirfarandi verklagsreglur:

1. **Yfirstjórn einkavæðingar** er í höndum ríkisstjórnar og þriggja manna ráðherranefndar á hennar vegum. Í ráðherranefndinni eiga sæti forsætisráðherra, fjármálaráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Á vegum ráðherranefndar starfar framkvæmdanefnd (Framkvæmdanefnd um einkavæðingu) sem annast undirbúning og samræmingu verkefna á sviði einkavæðingar. Þegar til umfjöllunar eru einstök einkavæðingarverkefni kemur fulltrúi viðkomandi ráðuneytis inn í nefndina. Með framkvæmdanefndinni starfa 2 - 3 starfsmenn fjármálaráðuneytisins.

2. **Úttekt.** Áður en viðkomandi ráðuneyti tekur ákvörðun um sölu fyrirtækis fer fram ítarleg úttekt á rekstri fyrirtækis og rekstrarumhverfi þess og hvernig einkavæðing hefur áhrif á þessa þætti. Markaðsvirði fyrirtækisins skal metið í úttektinni. Við mat á markaðsvirði skal áætlað framtíðartekjuflæði núvirt. Öðrum aðferðum skal einnig beitt til samanburðar. Úttektin á að tryggja fullnægjandi upplýsingar um stöðu fyrirtækis áður en sala er ákveðin. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu er ráðuneytum til aðstoðar við framkvæmd úttektar skv. þessari grein.

3. **Auglýsingar.** Fyrirtæki, sem til stendur að selja, skulu ávallt auglýst almenningi til kaups þannig að öllum sem áhuga hafa sé tryggður réttur til að bjóða í þau.

4. **Söluaðferð.** Viðkomandi ráðuneyti ákveður að fengnum tillögum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu, hvaða söluaðferð skuli viðhöfð hverju sinni, þ.e. hvort fyrirtæki skuli selt samkvæmt almennu hlutafjárútboði eða hvort leita skuli tilboða í fyrirtækið. Stefnt skal að sölu alls eignarhlutar ríkissjóðs í viðkomandi fyrirtæki nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi.

5. **Sala.** Við sölu á fyrirtæki samkvæmt tilboði skal meta tilboð til staðgreiðsluverðs miðað við ávöxtunarkröfu í síðasta útboði spariskírteina. Þá skal meta sérstaklega þær tryggingar sem tilboðsgjafi leggur fram til tryggingar greiðslu. Taka skal því tilboði sem gefur öruggustu greiðslurnar og hæsta staðgreiðsluverðið sbr. þó 8. tölul. Hafna skal öllum tilboðum ef þau eru talin ófullnægjandi. Við sölu á fyrirtækjum samkvæmt almennu hlutafjárútboði skal gengi hvers hlutabréfs vera fastákveðið. Ef eftirspurn reynist meiri en framboð skulu hlutabréf seld í þeirri tímaröð sem staðfestar óskir um kaup bárust.

6. **Verðbréfafyrirtæki.** Úttekt á fyrirtækjum, sbr. 2. tölul., ráðgjöf og umsjón með sölu, sbr. 4. og 5. tölul., skal unnin af löggiltum verðbréfafyrirtækjum ásamt þeim ráðgjöfum sem þau kalla til. Verðbréfafyrirtæki skulu valin af viðkomandi ráðuneyti að fengnum tillögum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu að undangengnu útboði, sem nefndin annast, þar sem þjónusta og verð er skilgreint.

7. *Takmarkanir á sölu til einstakra aðila.* Heimilt er að setja hámark á hlutafjárkaup hvers aðila, eða fjárhagslega tengdra aðila, til að dreifa eignarhaldi að fyrirtækjum sem seld eru samkvæmt almennu hlutafjárútboði. Heimilt er að hafna tilboði frá aðilum ef sala til þeirra er líkleg til að draga úr virkri samkeppni á þeim markaði sem fyrirtækið starfar svo og ef sala með þeim hætti samræmist ekki settum markmiðum þannig að líklegt sé að atvinnugreinin bíði skaða af. Erlendir aðilar eiga rétt á að kaupa fyrirtæki innan ramma laga um fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi.

8. **Sérréttindi ríkisfyrirtækja.** Afnema skal öll lögbundin sérréttindi fyrirtækis áður en það er selt. Engir samningar sem kveða á um sérréttindi fyrirtækis til að annast þjónustu við ríkisstofnanir skulu fylgja sölu. Á sama hátt skal afnema allar kvaðir um að fyrirtæki veiti þjónustu á niðurgreiddu verði eða endurgjaldslaust. Samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun hefur eftirlit með einkavæddum fyrirtækjum í samræmi við samkeppnislög.

9. **Frávik.** Viðkomandi ráðuneyti getur að fenginni tillögu Framkvæmdanefndar um einkavæðingu samþykkt frávik frá ofangreindum reglum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Greina skal frá öllum slíkum frávikum opinberlega.

10. **Upplýsingar.** Viðkomandi ráðuneyti skal veita upplýsingar til fjölmiðla og annarra aðila um stöðu einkavæðingarverkefna á þeirra sviði eins skjótt og kostur er. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu skal annast almenna kynningu á einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Framkvæmdanefnd skal gefa út ársskýrslu um einkavæðingu, þar sem greint er frá fyrirtækjum sem ríkissjóður hefur selt og hvernig staðið var að sölu þeirra. Ársskýrsla fyrir árið 1993 skal einnig taka til áranna 1991 og 1992.

11. **Gildissvið.** Reglur þessar taka til allra fyrirtækja sem ríkissjóður selur eða hyggst selja. Reglurnar taka einnig til eignarhluta í fyrirtækjum sem ríkissjóður selur eða hyggst selja. Viðkomandi ráðuneyti og Framkvæmdanefnd um einkavæðingu bera ábyrgð á að farið sé að verklagsreglum þessum.

Samþykkt á ríkisstjórnarfundi 12. október 1993

Fylgiskjal 3.

Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf.

SR-mjöl hf. — Samantekt á forsendum verðmats.
(Desember 1993.)

I. Fjárstreymi

Eignir SR-mjöls hf. hafa allar verið metnar af öðrum aðilum og hefur niðurstöðum þess mats þegar verið dreift. Hér verður því ekki lagt frekara mat á verðmæti einstakra eigna, heldur leitast við að meta verðmæti fyrirtækisins í heild út frá þeirri afkomu sem gert er ráð fyrir að reksturinn skili. Tekjustraumar fyrirtækisins eru metnir þannig að unnt sé að núvirða þá.

Fjárstreymi SR-mjöls er áætlað fyrir 11 ára tímabil samkvæmt ákveðnum forsendum sem nánar er lýst í þriðja hluta þessarar skýrslu. Með fjárstreymi er hér átt við rekstrarhagnað án afskrifta, að frádregnum fjármagnskostnaði og sköttum. Við útreikning á fjárstreymi koma fjárfestingar í framtíðinni ekki við sögu frekar en afskriftir. Í fjárstreymi er tekið tillit til vaxtakostnaðar en ekki er gert ráð fyrir að langtímalán séu greidd niður. Þá er miðað við stöðugt verðlag og stöðugt gengi gjaldmiðla.

Leitast hefur verið við að taka tillit til þeirra miklu sveiflna sem eru í rekstrarumhverfi SR-mjöls, einkum hvað varðar loðnuveiðar. Ennfremur eru forsendur um hráefnisverð, nýtingu hráefnis, afurðaverð og gengi gjaldmiðla afar mikilvægar.

Í forsendum um loðnuveiði er gert ráð fyrir góðri veiði á árunum 1994 og 1995, eða að heildarloðnuveiði verði 950.000 tonn hvort árið. Eftir það er gert ráð fyrir að hending ráði því hverjar loðnuveiðarnar verða. Á árunum 1996 til 2003 er gert ráð fyrir að tvisvar verði hrun á loðnustofninum og heildarveiði verði aðeins 135.000 tonn hvort ár. Á einhverju einu ári er gert ráð fyrir að loðnuveiði verði 950.000 tonn og hin fimm árin verði veiðin í meðallagi, eða 770.000 tonn. Mismunandi niðurstöður fást svo eftir því hvernig þessi aflabrögð raðast niður á tímabilið.



Myndin sýnir heildarloðnuveiði frá því að sumarveiðar hófust árið 1977. Meðalveiði á þessu tímabili var 712 þús. tonn á ári. Meðalveiði var 135 þús. tonn árin 1982, 1983 og 1991, þegar loðnustofninn var í lágmarki. Árin 1978, 1979, 1985, 1988 og 1993 var stofninn í hámarki og veiddust þá að jafnaði 954 þús. tonn. Önnur ár var veiðin að meðaltali 770 þús. tonn.



Í forsendum er gert ráð fyrir að heildarveiði áranna 1994 og 1995 verði 950 þús. tonn hvort ár. Eftir það er hending látin ráða heildarveiði næstu átta árin þannig að tvö ár verði afli 135 þús. tonn, fimm ár verði afli 770 þús. tonn og eitt ár verði afli 950 þús. tonn. Meðalafli áranna 1993 til 2003 er samkvæmt þessu 719 þús. tonn.

Útreikningar miða við gengi gjaldmiðla eins og það var að jafnaði í september- og októbermánuði 1993 og afurðaverð eins og það var um miðjan nóvember 1993. Hráefnisverð er í forsendunum 4.300 til 4.500 krónur fyrir tonn af loðnu. Þá gera forsendur ráð fyrir að hlutdeild SR-mjöls í heildarloðnuveiði sé 32-33% sem byggt er á hlutdeild fyrirtækisins undanfarin ár. Ljóst er að hlutdeild í heildarafla skiptir sköpum um nýtingu þeirra fjármuna sem í SR-mjöli hf. eru fólgnir.

Þegar loðnuveiði er mikil (hér miðað við heildarveiði 950.000 tonn) er afkoma SR-mjöls fyrir afskriftir og fjármagnsliði samkvæmt útreikningum okkar 415 m.kr., þegar veiðar eru í meðallagi (hér miðað við heildarveiði 770.000 tonn) er afkoman 264 m.kr. en neikvæð um 102 m.kr. þegar loðnuveiði bregst (hér miðað við heildarveiði 135.000 tonn). Frá þessum tölum eru síðan dregnir skattar og fjármagnsliðir.

II. Helstu áhrifavaldar á afkomu

Afkoma SR-mjöls er háð ýmsum ytri og innri þáttum. Þar vega þyngst miklar sveiflur í loðnuveiðum, hlutdeild SR-mjöls í heildarafla, verð afurða og gengi gjaldmiðla, verð á loðnu úr sjó og nýtingarhlutföll við framleiðslu á loðnumjöli og loðnulýsi. Myndirnar hér á eftir sýna hversu viðkvæm afkoma SR-mjöls er fyrir breytingum á þessum lykilþáttum.



Miklar sveiflur í loðnuveiði skila sér beint í afkomu SR-mjöls. Myndin sýnir hvernig afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði breytist eftir því sem heildarloðnuveiði Íslendinga breytist, ef gert er ráð fyrir 32-33% hlutdeild SR-mjöls í heildarveiði. Ef ekkert veiðist er fastur kostnaður (tap) án afskrifta og fjármagnsliða 200 m.kr. eins og myndin sýnir. Þessi tala verður jákvæð þegar heildarveiði fer yfir 300 þús. tonn á ári.



Hlutdeild SR-mjöls í heildarloðnuafla Íslendinga hefur á síðustu árum verið á bilinu 32-33%. Ljóst er að hlutdeild í heildarafla ræður miklu um afkomu fyrirtækisins. Fyrir hvert prósentustig sem hlutdeild SR-mjöls eykst batnar afkoma fyrirtækisins um tæpar 14 m.kr. Á sama hátt versnar afkoma SR-mjöls um 14 m.kr. fyrir hvert prósentustig ef hlutdeildin minnkar.



Afkoma SR-mjöls er afar næm fyrir breytingum á afurðaverði eða gengi þeirra gjaldmiðla sem verðið miðast við. Myndin, sem byggir á 770 þús. tonna heildarveiði, sýnir að 1% hækkun á afurðaverði skilar um 20 m.kr. betri afkomu fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Að sama skapi þýðir 1% lækkun afurðaverðs um 20 m.kr. verri afkomu.



Verð á hráefnistonni hefur ekki jafn mikil áhrif á afkomu SR-mjöls eins og afurðaverð. Þessar stærðir eru þó alla jafna mjög tengdar. Engu að síður getur hráefnisverð verið breytilegt frá einum tíma til annars. Við 1% verðhækkun á hráefnistonni minnkar afkoma SR-mjöls um rúmar 10 m.kr. Með sama hætti batnar afkoman um 10 m.kr. við 1% verðlækkun á hráefnistonni.



Í útreikningum á fjárstreymi er miðað við 17,65% meðalnýtingu við framleiðslu á loðnumjöli, sem byggir á meðalnýtingu undanfarinna ára. Nýtingin er mismunandi á vetrarvertíð annars vegar og sumar- og haustvertíð hins vegar. Eins og sést á myndinni hefur nýtingarhlutfallið veruleg áhrif á afkomu SR-mjöls. Þannig skilar bætt nýting um eitt prósentustig 73 m.kr. betri afkomu fyrir afskriftir og fjármagnsliði.



Að sama skapi þýðir bætt nýting við framleiðslu á loðnulýsi um 51 m.kr. betra fjárstreymi fyrir hvert prósentustig. Við verðmat á fjárstreymi er gert ráð fyrir 10,2% meðalnýtingu við framleiðslu á lýsi. Við lýsisframleiðslu er verulegur munur á nýtingarhlutföllum á milli vetrarvertíðar og sumar- og haustvertíðar. Nýtingarhlutfallið er að jafnaði 7,2% á vetrarvertíð en 14,3% á sumar- og haustvertíð.

III. Forsendur verðmats

Áætlaðir tekjustraumar SR-mjöls eru reiknaðir 11 ár fram í tímann miðað við ákveðnar forsendur um veiðar, nýtingu o.s.frv. Gert er ráð fyrir föstu verðlagi og að fastir kostnaðarliðir haldist óbreyttir á tímabilinu.

Loðnuveiðar

Í forsendum verðmatsins er gert ráð fyrir að loðnuveiði Íslendinga árin 1994 og 1995 verði 950.000 tonn hvort ár og að aflinn skiptist þannig að 485.000 tonn veiðist á vetrarvertíð og 465.000 tonn veiðist á sumar- og haustvertíð. Á næstu 8 árum á eftir er gert ráð fyrir að veiði verði eftirfarandi:

a) Í tvö ár verði hrun á loðnustofninum og heildarveiði falli í 135.000 tonn, sem skiptist jafnt á milli sumar/haust- og vetrarvertíðar.

b) Í fimm ár verði veiði í meðallagi, eða 770.000 tonn, sem skiptist þannig að 462.000 tonn veiðist á vetrarvertíð en 308.000 tonn veiðist á sumar- og haustvertíð.

c) Í eitt ár verði veiði góð, eða 950.000 tonn, sem skiptist þannig að 485.000 tonn veiðist á vetrarvertíð og 465.000 tonn á sumar- og haustvertíð.

Skoðuð er mismunandi dreifing á góðum, slæmum og meðalárum.

Hlutdeild SR-mjöls í heildarloðnuveiði

Forsendurnar gera ráð fyrir að hlutdeild SR-mjöls í vinnslu heildarloðnuafla sé 32,1% þegar heildarveiði er í meðallagi, en 33,2% annars.

Skipting afla eftir verksmiðjum SR-mjöls

Í forsendum er gert ráð fyrir að afli sem SR-mjöl fær til vinnslu skiptist á verksmiðjur og vertíðir í sömu hlutföllum og á árunum 1988 til 1993.

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að hlutdeild einstakra verksmiðja SR-mjöls í heildarloðnuafla sé eftirfarandi:

Verksmiðja	Vetrarvertíð	Sumar- og haustvertíð
Siglufjörður	7,6%	16,7%
Raufarhöfn	4,9%	10,4%
Seyðisfjörður	9,7%	12,0%
Reyðarfjörður	4,8%	0,6%
Samtals	27,0%	39,7%

Móttekin síld til vinnslu

Á undanförnum árum er verksmiðjan á Seyðisfirði sú eina af verksmiðjum SR-mjöls sem brætt hefur síld og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan á Seyðisfirði vinni úr 10.000 tonnum af síld árlega.

Móttekinn fiskúrgangur til vinnslu

Verksmiðjurnar á Skagaströnd og Raufarhöfn hafa unnið úr fiskúrgangi á undanförnum árum. Í forsendunum er gert ráð fyrir að hvor verksmiðjan um sig vinni úr 1.000 tonnum af fiskúrgangi.

Nýtingarhlutföll við framleiðslu á loðnumjöli

Forsendurnar gera ráð fyrir að nýtingarhlutföll við framleiðslu á loðnumjöli hjá fyrirtækinu í heild séu 17,5% að jafnaði. Nýtingarhlutföllin eru á bilinu 16,7% til 18,3% eftir verksmiðjum og vertíðum. Þessi hlutföll byggja á raunverulegum nýtingarhlutföllum á árunum 1988, 1989, 1992 og 1993.

Nýtingarhlutföll við framleiðslu á lýsi

Forsendurnar gera ráð fyrir að nýtingarhlutföll við framleiðslu á lýsi séu að jafnaði 7,2% á vetrarvertíð og 13,3% á sumar- og haustvertíð.

Nýtingarhlutföll síldar

Í forsendunum er gert ráð fyrir að nýting á síld sé þannig að 20% skili sér í mjöli og 10% í lýsi.

Nýtingarhlutföll við framleiðslu á fiskimjöli

Gert er ráð fyrir að nýting við framleiðslu á fiskimjöli verði 20%.

Skipting framleiðslu eftir gæðaflokkum

Forsendur gera ráð fyrir að öll framleiðsla á loðnumjöli fari í „standard" flokk hjá verksmiðjunum á Siglufirði, Raufarhöfn og Reyðarfirði. Hins vegar er gert ráð fyrir að mjölframleiðsla verksmiðjunnar á Seyðisfirði skiptist þannig í gæðaflokka að 50% framleiðslunnar fari í „Aqua Star" flokk, 30% framleiðslunnar lendi í „Aqua Salar" flokki og 20% fari í „standard" flokk.

Gengi gjaldmiðla

Forsendurnar byggja á föstu gengi gjaldmiðla og er miðað við meðalgengi september- og októbermánaðar 1993, sem var eftirfarandi:

NOK	9,79
USD	69,73
GBP	105,54

Meðalverð framleiðslu

Forsendurnar gera ráð fyrir að loðnumjöl í gæðaflokkunum Aqua Star og Aqua Salar verði selt í norskum krónum, loðnumjöl í standard flokki verði selt í Sterlingspundum, lýsi verði selt í bandarískjadollurum og fiskimjöl verði selt á innlendum markaði í krónum.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi meðalverði eftir afurðum:

Loðnumjöl			
- Standard	GBP	305	pr. tonn
- Aqua Star	NOK	4.300	pr. tonn
- Aqua Salar	NOK	3.650	pr. tonn
Lýsi	USD	345	pr. tonn
Fiskimjöl	ÍSK	33.000	pr. tonn

Aðrar rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir að tekjur fyrir útselda vinnu, leigutekjur og aðrar tekjur verði þær sömu og þær voru að jafnaði árið 1992 og fyrstu 7 mánuði ársins 1993. Þessar tekjur vega ekki þungt, voru t.d. aðeins 0,8% af heildartekjum ársins 1992.

Meðalverð fyrir hráefni til vinnslu

Forsendur gera ráð fyrir að meðalverð sem greitt er fyrir tonn af loðnu sé 4.300 krónur á Siglufirði, Raufarhöfn og Reyðarfirði, en 4.500 krónur á Seyðisfirði. Þá er gert ráð fyrir að tonnið af síld sé keypt á 6.000 kr. að jafnaði og verð fyrir fiskúrgang (sem að hluta til felst í flutningskostnaði) sé að jafnaði 1.500 kr. fyrir tonnið.

Annar kostnaður vegna hráefnisnotkunar

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna rafmagns og hráolíu, svo og annar kostnaður vegna hráefnisnotkunar (sem er einkum aðkeypt vinna við löndun á Seyðisfirði) og kaup á hjálparefnum og rannsóknarvörum, fari að öllu leyti eftir hráefnisnotkun. Tekið er mið af kostnaði per innlagt tonn af hráefni á árinu 1992 og á fyrstu 7 mánuðum ársins 1993. Þannig er gert ráð fyrir að meðalverð fyrir olíu og rafmagn verði það sama og á þessu tímabili.

Laun og launatengd gjöld

Gert er ráð fyrir að hluti launakostnaðar sé fastur og hluti breytilegur eftir framleiðslumagni. Fastur launakostnaður er miðaður við laun 41 starfsmanns í verksmiðjunum fimm, en annar launakostnaður er breytilegur eftir framleiðslumagni.

Sölukostnaður

Forsendur gera ráð fyrir að sölukostnaður sé fast hlutfall af söluverðmæti framleiðslunnar. Sölukostnaður er einkum umboðslaun, flutningsgjöld og vátryggingar, bankakostnaður og vörugjald. Stuðst er við rauntölur síðustu ára.

Annar framleiðslukostnaður

Gert er ráð fyrir að önnur rekstrargjöld séu að hluta breytileg og að hluta fastur kostnaður. Þannig er gert ráð fyrir að kostnaður við viðhald sé háður framleiðslumagni, en kostnaður við rekstur lagers og önnur rekstrargjöld séu föst. Við áætlun þeirra er tekið mið af raunkostnaði á árinu 1992 og á fyrstu 7 mánuðum ársins 1993.

Sameiginlegur kostnaður

Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður, einkum rekstur aðalskrifstofu og yfirstjórnar svo og niðurskrift viðskiptakrafna verði að jafnaði 95 m.kr. á ári. Þessi fjárhæð tekur mið af sameiginlegum kostnaði eins og hann hefur verið á undanförnum árum.

Afskriftir

Í forsendum eru afskriftir miðaðar við mat eigna í drögum að stofnefnahagsreikningi. Fasteignir eru afskrifaðar um 4% á ári, verksmiðjuvélar um 12% og skrifstofubúnaður um 20%.

Fjármagnskostnaður

Gert er ráð fyrir sömu vöxtum af langtímalánum og þeir voru þann 31. júlí 1993. Gert er ráð fyrir föstu verðlagi í áætlun og óbreyttu gengi gjaldmiðla.

Gert er ráð fyrir að afurðalán séu 60% af söluverðmæti afurða á hverjum tíma. Meðaltími afurðalána er áætlaður 60 dagar fyrir standard loðnumjöl og lýsi, en 90 dagar fyrir loðnumjöl í öðrum gæðaflokkum.

1.	Heildarveiðar																
	Vetrarvertíð	600.570	609.060	665.923	200.492	579.	490.090	485.000	485.000	462.000	462.000	67.500	485.000	462.000	67.500	462.000	462.000
	Haustvertíð	120.721	53.930	83.675	55.976	216.312	446.552	465.000	465.000	308.000	308.000	67.500	465.000	308.000	67.500	308.000	308.000
	Samtals	721.291	662.990	749.598	256.468	795.908	936.642	950.000	950.000	770.000	770.000	135.000	950.000	770.000	135.000	770.000	770.000
2.	Móttekin loðna SR-mjöls í tonnum																
	Sigl-V	35.165	22.008	86.991	14.029	39.685	41.743	36.759	36.759	35.016	35.016	5.116	36.759	35.016	5.116	35.016	35.016
	Sigl-H	9.895	18.960	1.175	0	40.682	89.150	77.682	77.682	51.454	51.454	11.276	77.682	51.454	11.276	51.454	51.454
	Rauf-V	31.362	16.774	43.373	2.355	27.047	25.400	23.608	23.608	22.489	22.489	3.286	23.608	22.489	3.286	22.489	22.489
	Rauf-H	11.485	3.808	6.348	5.317	32.767	56.401	48.304	48.304	31.995	31.995	7.012	48.304	31.995	7.012	31.995	31.995
	Seyð-V	59.452	55.277	60.947	2.816	63.213	47.042	47.173	47.173	44.936	44.936	6.565	47.173	44.936	6.565	44.936	44.936
	Seyð-H	18.700	0	0	12.439	22.636	61.357	55.986	55.986	37.083	37.083	8.127	55.986	37.083	8.127	37.083	37.083
	Reyð-V	29.972	31.422	28.848	5.781	32.126	20.252	23.432	23.432	22.321	22.321	3.261	23.432	22.321	3.261	22.321	22.321
	Reyð-H	1.201	0	5.737	0	1.518	2.294	2.570	2.570	1.702	1.702	373	2.570	1.702	373	1.702	1.702
	SR-V	155.951	125.481	220.159	24.981	162.071	134.437	130.973	130.973	124.762	124.762	18.228	130.973	124.762	18.228	124.762	124.762
	SR-H	41.281	22.768	13.260	17.756	97.603	209.202	184.541	184.541	122.234	122.234	26.788	184.541	122.234	26.788	122.234	122.234
	SR-samtals	197.232	148.249	233.419	42.737	259.674	343.639	315.514	315.514	246.996	246.996	45.016	315.514	246.996	45.016	246.996	246.996
3.	Móttekin loðna SR-mjöls í %																
	Sigl-V	5,86%	3,61%	13,06%	7,00%	6,85%	8,52%	7,58%	7,58%	7,58%	7,58%	7,58%	7,58%	7,58%	7,58%	7,58%	7,58%
	Sigl-H	8,20%	35,16%	1,40%	0,00%	18,81%	19,96%	16,71%	16,71%	16,71%	16,71%	16,71%	16,71%	16,71%	16,71%	16,71%	16,71%
	Rauf-V	5,22%	2,75%	6,51%	1,17%	4,67%	5,18%	4,87%	4,87%	4,87%	4,87%	4,87%	4,87%	4,87%	4,87%	4,87%	4,87%
	Rauf-H	9,51%	7,06%	7,59%	9,50%	15,15%	12,63%	10,39%	10,39%	10,39%	10,39%	10,39%	10,39%	10,39%	10,39%	10,39%	10,39%
	Seyð-V	9,90%	9,08%	9,15%	1,40%	10,91%	9,60%	9,73%	9,73%	9,73%	9,73%	9,73%	9,73%	9,73%	9,73%	9,73%	9,73%
	Seyð-H	15,49%	0,00%	0,00%	22,22%	10,46%	13,74%	12,04%	12,04%	12,04%	12,04%	12,04%	12,04%	12,04%	12,04%	12,04%	12,04%
	Reyð-V	4,99%	5,16%	4,33%	2,88%	5,54%	4,13%	4,83%	4,83%	4,83%	4,83%	4,83%	4,83%	4,83%	4,83%	4,83%	4,83%
	Reyð-H	0,99%	0,00%	6,86%	0,00%	0,70%	0,51%	0,55%	0,55%	0,55%	0,55%	0,55%	0,55%	0,55%	0,55%	0,55%	0,55%
	SR-V	25,97%	20,60%	33,06%	12,46%	27,96%	27,43%	27,00%	27,00%	27,00%	27,00%	27,00%	27,00%	27,00%	27,00%	27,00%	27,00%
	SR-H	34,20%	42,22%	15,85%	31,72%	45,12%	46,85%	39,69%	39,69%	39,69%	39,69%	39,69%	39,69%	39,69%	39,69%	39,69%	39,69%
	SR-samtals	27,34%	22,36%	31,14%	16,66%	32,63%	36,69%	33,21%	33,21%	32,08%	32,08%	33,35%	33,21%	32,08%	33,35%	32,08%	32,08%
4.	Móttekin síld SR-mjöls í tonnum																
	Seyð.					8.024	10.000	9.012	9.012	9.012	9.012	9.012	9.012	9.012	9.012	9.012	9.012
5.	Móttekin fiskúrgangur SR-mjöls í tonnum																
	Rauf.					1.589	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000
	Skag.					1.100	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000

6.	Móttekið heildarhráefni SR-mjöls í tonnum									Skemmiár	Skemmiár	Skemmiár	Skemmiár	Skemmiár	Skemmiár	Skemmiár	Skemmiár
	Sigl.	45.060	40.968	88.166	14.029	86.[illegible]71	130.893	114.441	114.441	86.470	86.470	16.392	114.441	86.470	16.392	86.470	86.470
	Rauf.	42.847	20.582	49.721	7.672	61.403	82.801	72.912	72.912	55.484	55.484	11.298	72.912	55.484	11.298	55.484	55.484
	Skag.	0	0	0	0	1.100	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000
	Seyð.	78.152	55.277	60.947	15.255	93.873	118.399	112.171	112.171	91.031	91.031	23.704	112.171	91.031	23.704	91.031	91.031
	Reyð.	31.173	31.422	34.585	5.781	33.644	22.546	26.002	26.002	24.023	24.023	3.634	26.002	24.023	3.634	24.023	24.023
	SR samtals	197.232	148.249	233.419	42.737	270.387	355.639	326.526	326.526	258.008	258.008	56.028	326.526	258.008	56.028	258.008	258.008
7.	Nýtingarhlutföll við framleiðslu á mjöli																
	Sigl-V	18,04%	17,42%			18,13%	17,06%	17,66%	17,66%	17,66%	17,66%	17,66%	17,66%	17,66%	17,66%	17,66%	17,66%
	Sigl-H	16,88%	16,53%			16,70%	16,70%	16,70%	16,70%	16,70%	16,70%	16,70%	16,70%	16,70%	16,70%	16,70%	16,70%
	Rauf-V	18,15%	19,72%			18,99%	18,07%	18,73%	18,73%	18,73%	18,73%	18,73%	18,73%	18,73%	18,73%	18,73%	18,73%
	Rauf-H	16,93%	14,46%			17,31%	16,23%	16,23%	16,23%	16,23%	16,23%	16,23%	16,23%	16,23%	16,23%	16,23%	16,23%
	Seyð-V	18,25%	18,38%			19,66%	17,93%	18,56%	18,56%	18,56%	18,56%	18,56%	18,56%	18,56%	18,56%	18,56%	18,56%
	Seyð-H	17,80%	20,80%			16,18%	18,26%	18,26%	18,26%	18,26%	18,26%	18,26%	18,26%	18,26%	18,26%	18,26%	18,26%
	Reyð-V	18,34%	17,91%			18,14%	17,66%	18,01%	18,01%	18,01%	18,01%	18,01%	18,01%	18,01%	18,01%	18,01%	18,01%
	Reyð-H	17,39%	18,65%			14,62%	16,89%	16,89%	16,89%	16,89%	16,89%	16,89%	16,89%	16,89%	16,89%	16,89%	16,89%
	SR-V	18,20%	18,27%			18,87%	17,65%	18,24%	18,24%	18,24%	18,24%	18,24%	18,24%	18,24%	18,24%	18,24%	18,24%
	SR-H	17,33%	16,18%			16,75%	17,04%	17,06%	17,06%	17,06%	17,06%	17,06%	17,06%	17,06%	17,06%	17,06%	17,06%
	SR-samtals	18,02%	17,95%			18,08%	17,27%	17,55%	17,55%	17,65%	17,65%	17,53%	17,55%	17,65%	17,53%	17,65%	17,65%
8.	Nýtingarhlutföll við framleiðslu á lýsi																
	Sigl-V	9,48%	5,48%			4,53%	6,50%	6,50%	6,50%	6,50%	6,50%	6,50%	6,50%	6,50%	6,50%	6,50%	6,50%
	Sigl-H	15,80%	12,02%			14,55%	14,12%	14,12%	14,12%	14,12%	14,12%	14,12%	14,12%	14,12%	14,12%	14,12%	14,12%
	Rauf-V	9,24%	7,47%			5,51%	7,41%	7,41%	7,41%	7,41%	7,41%	7,41%	7,41%	7,41%	7,41%	7,41%	7,41%
	Rauf-H	12,67%	9,78%			13,96%	12,14%	12,14%	12,14%	12,14%	12,14%	12,14%	12,14%	12,14%	12,14%	12,14%	12,14%
	Seyð-V	7,93%	7,56%			7,51%	7,67%	7,67%	7,67%	7,67%	7,67%	7,67%	7,67%	7,67%	7,67%	7,67%	7,67%
	Seyð-H	13,30%	12,39%			13,75%	13,15%	13,15%	13,15%	13,15%	13,15%	13,15%	13,15%	13,15%	13,15%	13,15%	13,15%
	Reyð-V	6,98%	6,62%			7,55%	7,05%	7,05%	7,05%	7,05%	7,05%	7,05%	7,05%	7,05%	7,05%	7,05%	7,05%
	Reyð-H	11,78%	11,47%			12,85%	12,03%	12,03%	12,03%	12,03%	12,03%	12,03%	12,03%	12,03%	12,03%	12,03%	12,03%
	SR-V	8,36%	6,95%			6,45%	7,16%	7,18%	7,18%	7,18%	7,18%	7,18%	7,18%	7,18%	7,18%	7,18%	7,18%
	SR-H	13,68%	11,65%			14,14%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%
	SR-samtals	9,47%	7,67%			9,34%	10,89%	10,75%	10,75%	10,20%	10,20%	10,81%	10,75%	10,20%	10,81%	10,20%	10,20%
9.	Nýtingarhlutföll, súld																
	Mjöl						20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%
	Lýsi						10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%
10.	Nýtingarhlutföll við framleiðslu á fiskimjöli																

	Rauf.	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%
	Skagastr.	20 %	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%
11.	Framleiðsla í tonnum, mjöl (loðna og síld)													
	Sigl.	13.989	22.012	19.468	19.468	14.779	14.779	2.787	19.468	14.779	2.787	14.779	14.779	
	Rauf.	10.808	13.746	12.264	12.264	9.407	9.407	1.754	12.264	9.407	1.754	9.407	9.407	
	Seyð.	16.090	21.638	20.778	20.778	16.912	16.912	4.505	20.778	16.912	4.505	16.912	16.912	
	Reyð.	6.050	3.964	4.655	4.655	4.308	4.308	650	4.655	4.308	650	4.308	4.308	
	SR samtals	46.937	61.360	57.165	57.165	45.405	45.405	9.696	57.165	45.405	9.696	45.405	45.405	
12.	Framleiðsla í tonnum, lýsi (loðna og síld)													
	Sigl.		15.303	13.359	13.359	9.542	9.542	1.925	13.359	9.542	1.925	9.542	9.542	
	Rauf.		8.726	7.611	7.611	5.549	5.549	1.094	7.611	5.549	1.094	5.549	5.549	
	Seyð.		12.673	11.878	11.878	9.222	9.222	2.473	11.878	9.222	2.473	9.222	9.222	
	Reyð.		1.704	1.961	1.961	1.778	1.778	275	1.961	1.778	275	1.778	1.778	
	SR samtals		38.406	34.810	34.810	26.091	26.091	5.767	34.810	26.091	5.767	26.091	26.091	
13.	Framleiðsla í tonnum, fiskimjöl													
	Rauf.	318	200	200	200	200	200	200	200	200	200	200	200	
	Skag.	220	200	200	200	200	200	200	200	200	200	200	200	
	SR samtals	538	400	400	400	400	400	400	400	400	400	400	400	
14.	Skipting framleiðslu eftir gæðaflokkum													
	Venjulegt mjöl													
	Sigl.		100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	
	Rauf.		100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	
	Seyð.		20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	
	Reyð.		100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	
	Aqua Star													
	Seyð.		50,00%	50,00%	50,00%	50,00%	50,00%	50,00%	50,00%	50,00%	50,00%	50,00%	50,00%	
	Aqua Salar													
	Seyð		30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	
15.	Gengi gjaldmiðla og meðalverð framleiðslu í viðkomandi mynt													
	NOK		9,79	9,79	9,79	9,79	9,79	9,79	9,79	9,79	9,79	9,79	9,79	
	Aqua Star		4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	
	Aqua Salar		3.650	3.650	3.650	3.650	3.650	3.650	3.650	3.650	3.650	3.650	3.650	
	GBP		105,54	105,54	105,54	105,54	105,54	105,54	105,54	105,54	105,54	105,54	105,54	
	Mjöl		305	305	305	305	305	305	305	305	305	305	305	

	USD						69,73	69,73	69,73	69,73	69,73	69,73	69,73	69,73	69,73	69,73	69,73
	Lýsi						345	345	345	345	34[illegible]	345	345	345	345	345	345
	Fiskimjöl, ÍSK						33.000	33.000	33.000	33.000	33.00[illegible]	33.000	33.000	33.000	33.000	33.000	33.000
16.	Sala á mjöli, ÍSK																
	Sigl.						708.572	626.671	626.671	475.739	475.739	89.717	626.671	475.739	89.717	475.739	475.739
	Rauf.						442.465	394.767	394.767	302.794	302.794	56.453	394.767	302.794	56.453	302.794	302.794
	Seyð.						826.728	793.872	793.872	646.137	646.137	172.105	793.872	646.137	172.105	646.137	646.137
	Reyð.						127.596	149.831	149.831	138.672	138.672	20.936	149.831	138.672	20.936	138.672	138.672
	SR samtals						2.105.361	1.965.141	1.965.141	1.563.342	1.563.342	339.211	1.965.141	1.563.342	339.211	1.563.342	1.563.342
17.	Sala á lýsi, ÍSK																
	Sigl.						368.138	321.385	321.385	229.547	229.547	46.309	321.385	229.547	46.309	229.547	229.547
	Rauf.						209.932	183.098	183.098	133.486	133.486	26.327	183.098	133.486	26.327	133.486	133.486
	Seyð.						304.871	285.750	285.750	221.841	221.841	59.492	285.750	221.841	59.492	221.841	221.841
	Reyð.						40.988	47.179	47.179	42.783	42.783	6.611	47.179	42.783	6.611	42.783	42.783
	SR samtals						923.930	837.412	837.412	627.657	627.657	138.738	837.412	627.657	138.738	627.657	627.657
18.	Sala á fiskimjöli, ÍSK																
	Rauf.					0	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600
	Skag.					0	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600	6.600
	SR samtals					0	13.200	13.200	13.200	13.200	13.200	13.200	13.200	13.200	13.200	13.200	13.200
19.	Seld vinna																
	SR samtals				8.022	6.716	7.369	7.369	7.369	7.369	7.369	7.369	7.369	7.369	7.369	7.369	7.369
	Sigl.					34,98%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%	30,00%
	Rauf.					64,03%	70,00%	70,00%	70,00%	70,00%	70,00%	70,00%	70,00%	70,00%	70,00%	70,00%	70,00%
20.	Leigutekjur																
	Sigl.					1.347	1.347	1.347	1.347	1.347	1.347	1.347	1.347	1.347	1.347	1.347	1.347
	Rauf.					139	139	139	139	139	139	139	139	139	139	139	139
	Skag.					18	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18
	Seyð.					390	390	390	390	390	390	390	390	390	390	390	390
	Reyð.					34	34	34	34	34	34	34	34	34	34	34	34
	SR samtals					1.928	1.928	1.928	1.928	1.928	1.928	1.928	1.928	1.928	1.928	1.928	1.928
21.	Aðrar tekjur																
	Sigl.					13.068	9.149	11.109	11.109	11.109	11.109	11.109	11.109	11.109	11.109	11.109	11.109
	Rauf.					3.573	5.595	4.584	4.584	4.584	4.584	4.584	4.584	4.584	4.584	4.584	4.584

	Skag.					0	261	130	130	130	130	130	130	130	130	130	130
	Seyð.					116	5.457	2.786	2.786	2.786	2.786	2.786	2.786	2.786	2.786	2.786	2.786
	Reyð.						612	326	326	326	326	326	326	326	326	326	326
	SR samtals					16.797	21.074	18.935	18.935	18.935	18.935	18.935	18.935	18.935	18.935	18.935	18.935
22.	Meðalverð greitt fyrir hráefni í ISK																
	Loðna-H						4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300
	Loðna-V						4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300	4.300
	Loðna-Seyð						4.500	4.500	4.500	4.500	4.500	4.500	4.500	4.500	4.500	4.500	4.500
	Síld						6.000	6.000	6.000	6.000	6.000	6.000	6.000	6.000	6.000	6.000	6.000
	Fiskúrgangur						1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500
	Loðna:																
	Sigl.						562.840	492.097	492.097	371.821	371.821	70.487	492.097	371.821	70.487	371.821	371.821
	Rauf.						351.744	309.222	309.222	234.279	234.279	44.279	309.222	234.279	44.279	234.279	234.279
	Seyð.						487.796	464.217	464.217	369.088	369.088	66.116	464.217	369.088	66.116	369.088	369.088
	Reyð.						96.948	111.807	111.807	103.298	103.298	15.627	111.807	103.298	15.627	103.298	103.298
	Síld:																
	Seyð.						60.000	54.072	54.072	54.072	54.072	54.072	54.072	54.072	54.072	54.072	54.072
	Fiskúrgangur:																
	Rauf.						1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500
	Skag.						1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500
23.	Annar kostnaður vegna hráefnisnotkunar (per innlagt tonn af hráefni)																
	Sigl.					35,28	77,98	56,63	56,63	56,63	56,63	56,63	56,63	56,63	56,63	56,63	56,63
	Rauf.					22,99	99,17	61,08	61,08	61,08	61,08	61,08	61,08	61,08	61,08	61,08	61,08
	Skag.					1762,57	2885,00	2323,79	2323,79	2323,79	2323,79	2323,79	2323,79	2323,79	2323,79	2323,79	2323,79
	Seyð.					84,82	86,63	85,73	85,73	85,73	85,73	85,73	85,73	85,73	85,73	85,73	85,73
	Reyð.					84,74	93,24	88,99	88,99	88,99	88,99	88,99	88,99	88,99	88,99	88,99	88,99
	Annar kostnaður í krónum																
	Sigl.						10.207	6.481	6.481	4.897	4.897	928	6.481	4.897	928	4.897	4.897
	Rauf.						8.211	4.453	4.453	3.389	3.389	690	4.453	3.389	690	3.389	3.389
	Skag.						2.885	2.324	2.324	2.324	2.324	2.324	2.324	2.324	2.324	2.324	2.324
	Seyð.						10.257	9.616	9.616	7.804	7.804	2.032	9.616	7.804	2.032	7.804	7.804
	Reyð.						2.102	2.314	2.314	2.138	2.138	323	2.314	2.138	323	2.138	2.138
24.	Orkukaup (krónur per innlagt tonn af hráefni)																
	Rafmagn:																
	Sigl.					122,50	71,13	96,82	96,82	96,82	96,82	96,82	96,82	96,82	96,82	96,82	96,82

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár
Rauf.					184,24	187,05	185,65	185,65	185,65	185,65	185,65	185,65	185,65	185,65	185,65	185,65
Skag.					[illegible]48	1129,02	918,25	918,25	918,25	918,2.	918,25	918,25	918,25	918,25	918,25	918,25
Seyð.					[illegible]00	193,06	207,53	207,53	207,53	207,53	207,53	207,53	207,53	207,53	207,53	207,53
Reyð.					170,88	173,75	172,32	172,32	172,32	172,32	172,32	172,32	172,32	172,32	172,32	172,32
Hráolía:																
Sigl.					485,73	519,95	502,84	502,84	502,84	502,84	502,84	502,84	502,84	502,84	502,84	502,84
Rauf.					442,87	499,56	471,22	471,22	471,22	471,22	471,22	471,22	471,22	471,22	471,22	471,22
Skag.					688,59	1015,73	852,16	852,16	852,16	852,16	852,16	852,16	852,16	852,16	852,16	852,16
Seyð.					501,70	516,85	509,28	509,28	509,28	509,28	509,28	509,28	509,28	509,28	509,28	509,28
Reyð.					545,70	581,55	563,63	563,63	563,63	563,63	563,63	563,63	563,63	563,63	563,63	563,63
Annað:																
Sigl.					29,99	3,81	16,90	16,90	16,90	16,90	16,90	16,90	16,90	16,90	16,90	16,90
Rauf.					35,14	38,44	36,79	36,79	36,79	36,79	36,79	36,79	36,79	36,79	36,79	36,79
Skag.					13,22	25,11	19,16	19,16	19,16	19,16	19,16	19,16	19,16	19,16	19,16	19,16
Seyð.					38,03	26,48	32,25	32,25	32,25	32,25	32,25	32,25	32,25	32,25	32,25	32,25
Reyð.					53,03	14,77	33,90	33,90	33,90	33,90	33,90	33,90	33,90	33,90	33,90	33,90
25. Laun og launatengd gjöld																
Föst (þús kr.)			Starfsmenn	Mán. laun												
Sigl.			21	150.000		37.800	37.800	37.800	37.800	37.800	37.800	37.800	37.800	37.800	37.800	37.800
Rauf.			8	150.000		14.400	14.400	14.400	14.400	14.400	14.400	14.400	14.400	14.400	14.400	14.400
Skag.			1	150.000		1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800
Seyð.			8	150.000		14.400	14.400	14.400	14.400	14.400	14.400	14.400	14.400	14.400	14.400	14.400
Reyð.			3	150.000		5.400	5.400	5.400	5.400	5.400	5.400	5.400	5.400	5.400	5.400	5.400
Breytileg: (kr per tonn af hráefni)			Heild 92	Breytil. 92												
Sigl.			40.157	2.357	29,33	188,08	108,70	108,70	108,70	108,70	108,70	108,70	108,70	108,70	108,70	108,70
Rauf.			35.852	21.452	349,36	394,14	371,75	371,75	371,75	371,75	371,75	371,75	371,75	371,75	371,75	371,75
Skag.			2.096	296	269,09	700,80	484,95	484,95	484,95	484,95	484,95	484,95	484,95	484,95	484,95	484,95
Seyð.			35.388	20.988	223,58	259,89	241,73	241,73	241,73	241,73	241,73	241,73	241,73	241,73	241,73	241,73
Reyð.			23.225	17.825	529,81	500,63	515,22	515,22	515,22	515,22	515,22	515,22	515,22	515,22	515,22	515,22
26. Sölukostnaður (sem hlutfall af söluverðmæti)																
Loðnumjöl				11,20%	12,30%	12,30%	11,93%	11,93%	11,93%	11,93%	11,93%	11,93%	11,93%	11,93%	11,93%	11,93%
Loðnulýsi				11,70%	12,90%	11,03%	11,88%	11,88%	11,88%	11,88%	11,88%	11,88%	11,88%	11,88%	11,88%	11,88%
Annað				2,00%	1,30%	1,37%	1,56%	1,56%	1,56%	1,56%	1,56%	1,56%	1,56%	1,56%	1,56%	1,56%
27. Annar framleiðslukostnaður																
Viðhald, kr. pr. móttekið tonn			177	21.063	35.858	63.090	57.926	57.926	45.771	45.771	16.177	57.926	45.771	16.177	45.771	45.771
Sigl.					7.411	23.220	20.302	20.302	15.340	15.340	5.000	20.302	15.340	5.000	15.340	15.340

		1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár
	Rauf.			1992		2.413	14.689	12.935	12.935	9.843	9.843	3.000	12.935	9.843	3.000	9.843	9.843
	Skag.			133		[illegible]00	177	177	177	177	177	177	177	177	177	177	177
	Seyð.			1.993		1[illegible]53	21.004	19.899	19.899	16.149	16.149	6.500	19.899	16.149	6.500	16.149	16.149
	Reyð.			222		6.981	4.000	4.613	4.613	4.262	4.262	1.500	4.613	4.262	1.500	4.262	4.262
	Önnur gjöld				39.709	41.434	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
	Sigl.					14.960	18.053	18.053	18.053	18.053	18.053	18.053	18.053	18.053	18.053	18.053	18.053
	Rauf.					7.620	9.195	9.195	9.195	9.195	9.195	9.195	9.195	9.195	9.195	9.195	9.195
	Skag.					1.335	1.611	1.611	1.611	1.611	1.611	1.611	1.611	1.611	1.611	1.611	1.611
	Seyð.					11.480	13.853	13.853	13.853	13.853	13.853	13.853	13.853	13.853	13.853	13.853	13.853
	Reyð.					6.039	7.287	7.287	7.287	7.287	7.287	7.287	7.287	7.287	7.287	7.287	7.287
28.	Önnur rekstrargjöld																
	Lager:																
	Sigl.					9.507	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000
	Rauf.					7.025	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000
	Vélaverkst.																
	Sigl.					-6.916	-7.500	-7.500	-7.500	-7.500	-7.500	-7.500	-7.500	-7.500	-7.500	-7.500	-7.500
29.	Sameiginlegur kostnaður																
	Samtals:				73.019	64.948	95.000	95.000	95.000	95.000	95.000	95.000	95.000	95.000	95.000	95.000	95.000
	Sigl.					41,30%	34,40%	37,85%	37,85%	37,85%	37,85%	37,85%	37,85%	37,85%	37,85%	37,85%	37,85%
	Rauf.					17,80%	17,70%	17,75%	17,75%	17,75%	17,75%	17,75%	17,75%	17,75%	17,75%	17,75%	17,75%
	Skag.					1,40%	1,20%	1,30%	1,30%	1,30%	1,30%	1,30%	1,30%	1,30%	1,30%	1,30%	1,30%
	Seyð.					29,10%	36,40%	32,75%	32,75%	32,75%	32,75%	32,75%	32,75%	32,75%	32,75%	32,75%	32,75%
	Reyð.					10,40%	10,30%	10,35%	10,35%	10,35%	10,35%	10,35%	10,35%	10,35%	10,35%	10,35%	10,35%
30.	Afskriftir (stofn og afskriftarhlutfall)																
		Afskr. í Rvk. dreifast eins og stjórnarlaun				Raun 7/93											
	Sigl.																
	Mannvirki						267.561	263.102	252.578	242.474	232.776	223.464	214.526	205.945	197.707	189.799	182.207
	4%					6.805	11.264	10.524	10.103	9.699	9.311	8.939	8.581	8.238	7.908	7.592	7.288
	Verksmvélar						497.645	472.763	416.031	366.107	322.175	283.514	249.492	219.553	193.207	170.022	149.619
	12%					6.925	31.807	56.732	49.924	43.933	38.661	34.022	29.939	26.346	23.185	20.403	17.954
	Skrifstofuáh.						1.800	1.650	1.320	1.056	845	676	541	433	346	277	221
	20%						150	330	264	211	169	135	108	87	69	55	44
	Afskr. samtals						43.222	67.586	60.291	53.843	48.141	43.095	38.628	34.671	31.162	28.050	25.287
	Rauf.																
	Mannvirki						119.622	117.628	112.923	108.406	104.070	99.907	95.911	92.074	88.391	84.856	81.462
	4%					2.587	4.581	4.705	4.517	4.336	4.163	3.996	3.836	3.683	3.536	3.394	3.258
	Verksmvélar						250.498	237.973	209.416	184.286	162.172	142.711	125.586	110.516	97.254	85.583	75.313

Forsendur við veromat á SR-mjöli hf.

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Stembiár	Stembiár	Stembiár	Stembiár	Stembiár	Stembiár	Stembiár	Stembiár
12%					1[illegible]18	23.473	28.557	25.130	22.114	19.461	17.125	15.070	13.262	11.670	10.270	9.038
Skrifstofuáh.						1.300	1.192	953	763	610	488	390	312	250	200	160
20%						108	238	191	153	122	98	78	62	50	40	32
Afskr. samtals						28.162	33.500	29.838	26.603	23.745	21.219	18.985	17.007	15.256	13.704	12.328
Skag.																
Mannvirki						12.962	12.746	12.236	11.747	11.277	10.826	10.393	9.977	9.578	9.195	8.827
4%					1.174	1.390	510	489	470	451	433	416	399	383	368	353
Verksmvélar						5.591	5.311	4.674	4.113	3.620	3.185	2.803	2.467	2.171	1.910	1.681
12%					120	400	637	561	494	434	382	336	296	260	229	202
Skrifstofuáh.						400	367	293	235	188	150	120	96	77	62	49
20%						33	73	59	47	38	30	24	19	15	12	10
Afskr. samtals						1.823	1.221	1.109	1.010	923	845	776	714	659	609	565
Seyð.																
Mannvirki						138.431	136.124	130.679	125.452	120.434	115.616	110.992	106.552	102.290	98.198	94.270
4%					4.547	6.854	5.445	5.227	5.018	4.817	4.625	4.440	4.262	4.092	3.928	3.771
Verksmvélar						549.743	522.256	459.585	404.435	355.903	313.194	275.611	242.538	213.433	187.821	165.283
12%					33.129	60.616	62.671	55.150	48.532	42.708	37.583	33.073	29.105	25.612	22.539	19.834
Skrifstofuáh.						1.200	1.100	880	704	563	451	360	288	231	185	148
20%						100	220	176	141	113	90	72	58	46	37	30
Afskr. samtals						67.570	68.336	60.553	53.691	47.638	42.298	37.585	33.424	29.750	26.503	23.634
Reyð.																
Mannvirki						32.710	32.165	30.878	29.643	28.457	27.319	26.226	25.177	24.170	23.203	22.275
4%					1.081	1.626	1.287	1.235	1.186	1.138	1.093	1.049	1.007	967	928	891
Verksmvélar						123.307	117.142	103.085	90.714	79.829	70.249	61.819	54.401	47.873	42.128	37.073
12%					1.267	7.432	14.057	12.370	10.886	9.579	8.430	7.418	6.528	5.745	5.055	4.449
Skrifstofuáh.						1.300	1.192	953	763	610	488	390	312	250	200	160
20%						108	238	191	153	122	98	78	62	50	40	32
Afskr. samtals						9.167	15.582	13.796	12.224	10.840	9.620	8.545	7.598	6.762	6.024	5.372
Sameiginl.																
Mannvirki						13.550	13.324	12.791	12.280	11.788	11.317	10.864	10.430	10.012	9.612	9.227
4%						226	533	512	491	472	453	435	417	400	384	369
Skrifstofuáh.						4.700	4.308	3.447	2.757	2.206	1.765	1.412	1.129	904	723	578
20%						392	862	689	551	441	353	282	226	181	145	116
Afskr. samtals						618	1.395	1.201	1.043	913	806	717	643	581	529	485
Afskriftir samtals:						150.561	187.619	166.788	148.414	132.200	117.884	105.237	94.057	84.170	75.419	67.670
31. Vaxtagjöld																
Meðalbirgðah. (dagar)						60	60	60	60	60	60	60	60	60	60	60
Meðalbirgðah. Seyðisfirði (dagar)						90	90	90	90	90	90	90	90	90	90	90

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár	Slembiár
Vextir, afurðalán						6,75%	6,75%	6,75%	6,75%	6,75%	6,75%	6,75%	6,75%	6,75%	6,75%	6,75%
Stimpilgjald (% x tvöföld meðalstaða)						0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%
Viðskiptaskuldir						0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Ýmsar skammtímask.						0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Vextir, ISK						9,30%	9,30%	9,30%	9,30%	9,30%	9,30%	9,30%	9,30%	9,30%	9,30%	9,30%
Vextir, erl. lán						9,31%	9,31%	9,31%	9,31%	9,31%	9,31%	9,31%	9,31%	9,31%	9,31%	9,31%
Langtímaskuldir, ISK						2.064	2.064	2.064	2.064	2.064	2.064	2.064	2.064	2.064	2.064	2.064
Langtímaskuldir, erl. mynt						999.959	999.959	999.959	999.959	999.959	999.959	999.959	999.959	999.959	999.959	999.959
Afurðalán:																
Sigl.						7.313	6.439	6.439	4.790	4.790	924	6.439	4.790	924	4.790	4.790
Rauf.						4.431	3.925	3.925	2.963	2.963	562	3.925	2.963	562	2.963	2.963
Skag.						0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Seyð.						11.564	11.032	11.032	8.870	8.870	2.367	11.032	8.870	2.367	8.870	8.870
Reyð.						1.145	1.338	1.338	1.232	1.232	187	1.338	1.232	187	1.232	1.232
SR samtals						24.452	22.734	22.734	17.855	17.855	4.040	22.734	17.855	4.040	17.855	17.855
Langtímalán:																
Sigl.						26.780	33.605	33.722	33.844	33.971	34.104	34.242	34.387	34.538	34.696	34.860
Rauf.						17.449	16.657	16.689	16.722	16.756	16.792	16.829	16.868	16.909	16.951	16.995
Skag.						1.129	607	620	635	651	669	688	708	730	754	778
Seyð.						41.867	33.978	33.869	33.748	33.616	33.473	33.318	33.151	32.973	32.783	32.581
Reyð.						5.680	7.748	7.716	7.684	7.649	7.613	7.575	7.536	7.494	7.451	7.405
SR samtals						92.906	92.595	92.616	92.633	92.644	92.651	92.653	92.650	92.644	92.634	92.620

Fylgiskjal 4.

SR-mjöl hf.

Ársreikningur 1. ágúst til 31. desember 1993.

Rekstrarreikningur 1. ágúst til 31. desember 1993

	Skýr.	1993 1.8.-31.12.
REKSTRARTEKJUR:		
Söluverðmæti framleiðslu	18	1.709.549.552
Aðrar tekjur		10.157.486
		1.719.707.038
REKSTRARGJÖLD:		
Mjöl og lýsisframleiðsa:		
Hráefnisnotkun	19	762.668.361
Orkukaup	20	110.965.442
Laun og launatengd gjöld	21	72.047.155
Útflutningskostnaður	22	225.977.765
Annar framleiðslukostnaður	23	68.957.496
Samtals mjöl- og lýsisframleiðsla		1.240.616.219
Önnur rekstrargjöld:		
Rekstur annarra deilda, nettó		7.865.367
Sameiginlegur kostnaður	24	47.326.277
Samtals önnur rekstrargjöld		55.191.644
Rekstrargjöld án afskrifta		1.295.807.863
Rekstrarhagnaður án afskrifta		423.899.175
Afskriftir	1,7	75.747.302
Rekstrarhagnaður án fjármagnsgjalda og fjármunatekna		348.151.873
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):		
Vextir af langtímaskuldum		(15.147.981)
Önnur vaxtagjöld og vaxtatekjur		(151.367)
Arður af hlutabréfum		61.465
	16	(15.237.883)
Hagnaður fyrir reiknaðan tekjuskatt og eignarskatt		332.913.990
Reiknaður tekjuskattur	11,12	(106.307.725)
Reiknaður eignarskattur	11	(6.329.350)
HAGNAÐUR		220.276.915

Efnahagsreikningur

E i g n i r

	Skýr.	31.12.1993	1.8.1993
VELTUFJÁRMUNIR:			
Handbært fé	2,25	255.320.685	41.665.588
Skammtímakröfur:	5		
Söluaðilar		115.508.237	239.606.539
Aðrar viðskiptakröfur		52.265.421	365.980.539
Næsta árs afborganir langtímakrafna		5.705.485	5.589.049
Birgðir:			
Hráefnisbirgðir		715.560	420.828.381
Afurðabirgðir	4,26	258.976.428	1.628.710.976
Rekstrarvörubirgðir	4,27	74.021.190	268.019.680
Fyrirframgreiðslur		24.147.554	19.452.756
Veltufjármunir		786.660.560	1.069.853.508
FASTAFJÁRMUNIR:			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir og bundið fé í öðrum félögum	6,17	645.700	11.075.700
Langtímakröfur	5	18.260.907	20.185.183
Næsta árs afborganir		(5.705.485)	(5.589.049)
		13.201.122	15.671.834
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Mannvirki		571.378.623	570.000.000
Vélar, áhöld og tæki		1.257.744.133	1.285.000.000
Skrifstofuáhöld		11.528.412	10.000.000
	7	1.840.651.168	1.865.000.000
Fastafjármunir		1.853.852.290	1.880.671.834
EIGNIR SAMTALS		2.640.512.850	2.950.525.342

31. desember 1993

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	31.12.1993	31.12.1992
AMMTÍMASKULDIR:			
Afurðalán		268.174.304	597.417.453
Viðskiptaskuldir		68.750.111	214.496.354
Ýmsar skammtímaskuldir		18.613.512	61.187.575
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	10	211.568.738	276.386.008
Skattar ársins	28	58.481.557	1.050.000
		625.588.222	1.150.537.490
NGTÍMASKULDIR:			
Erlend lán	9	858.303.103	999.958.776
Innlend lán	9	1.043.235	2.064.008
Næsta árs afborganir	10	(211.568.738)	(276.386.008)
		647.777.600	725.636.776
Frestuð skattskuldbinding	12	55.392.045	0
		703.169.645	725.636.776
Skuldir samtals		1.328.757.867	1.876.174.166
SKILYRÐISSKULDBINDINGAR OG SKULDBINDINGAR	15		
EIGIÐ FÉ:			
Hlutafé		650.000.000	650.000.000
Varasjóður		424.351.176	424.351.176
Endurmatsreikningur		16.743.134	0
Óráðstafað eigið fé		220.660.673	0
Eigið fé	13	1.311.754.983	1.074.351.176
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		2.640.512.850	2.950.525.342

Sjóðstreymi tímabilið 1. ágúst til 31. desember 1993

	Skýr.	1993 1.8.-31.12.
HANDBÆRT FÉ TIL REKSTRAR:		
Hagnaður ársins		220.276.915
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	7	75.747.302
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	1	(11.789.546)
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum		1.017.512
Verðbætur af langtímakröfum		(3.023.177)
Niðurfærsla langtímakrafna og hlutabréfaeignar		3.242.343
Tekjuskattsskuldbinding	12	55.392.045
Veltufé frá rekstri		340.863.394
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, lækkun		127.813.420
Birgðir, lækkun		383.845.859
Aðrar skammtímaliðir, hækkun		(14.694.798)
Skammtímaskuldir, lækkun		(130.888.749)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		366.075.732
Handbært fé frá rekstri		706.939.126
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:		
Mannvirki	7	(2.342.036)
Vélar, áhöld og tæki	7	(17.884.234)
Skristofubúnaður	7	(2.255.762)
Skuldabréfaeign, breyting		2.135.110
Fjárfestingarhreyfingar		(20.346.922)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:		
Afborganir langtímalána		(143.693.958)
Skammtímalán, lækkun		(329.243.149)
Fjármögnunarhreyfingar		(472.937.107)
HÆKKUN Á HANDBÆRU FÉ		213.655.097
HANDBÆRT FÉ 1. ÁGÚST 1993	2,25	41.665.588
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK	2,25	255.320.685

Skýringar

KNINGSSKILAAÐFERÐIR

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn og er í því sambandi fylgt eftirfarandi aðferðum.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 1993 með verðbreytingarstuðli sem reiknaður er eftir breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. Endurmatshækkun á tímabilinu var 1,56%.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði framreiknuðu til meðalverðlags tímabilsins.

Mannvirki	2 - 8%
Verksmiðjuvélar og tæki	12%
Farartæki og vinnuvélar	15%
Skrifstofuáhöld	20%

Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í ágústbyrjun og á breytingu þeirra innan tímabilsins, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar innan tímabilsins og myndar reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 11,8 millj. kr.

Hinar reiknuðu tekjur vegna áhrifa verðlagsbreytinga eiga sér mótvægi í nokkrum liðum rekstrarreiknings og er færslunni skipt þannig í rekstrarreikningi í þús. kr.:

Reiknaðar tekjur til lækkunar á fjármagnskostnaði vegna vaxta, verðbóta og gengismunar af skuldum og peningalegum eignum	18.306
Reiknuð gjöld til hækkunar á framleiðslukostnaði vegna birgða af fullunnum vörum	(6.517)
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga, nettó	11.789

Endurmatshækkun rekstrarfjármuna og verðbreytingafærsla er færð í endurmatsreikning meðal eiginfjárliða í efnahagsreikningi sbr. skýringu nr. 13.

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf sbr. skýringu 25.

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi 31.12.1993. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 1994.

Afurðabirgðir eru metnar á gildandi lokaverði að frádregnum útflutningskostnaði og reiknuðum geymslukostnaði. Rekstrarvörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði. Varðandi sundurliðun birgða í árslok vísast til 26 og 27. skýringar.

Skammtímakröfur eru færðar niður um 12,2 millj. kr. og langtímakröfur um 17,6 millj. kr. í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast. Breyting reikningsins á tímabilinu greinist þannig í þús. kr.:

Mótreikningur 1. ágúst 1993	27.262
Hækkun niðurfærslu færð til gjalda á tímabilinu	2.531
Mótreikningur í árslok 1993	29.793

ÁHÆTTUFÉ Í ÖÐRUM FÉLÖGUM

6. Eignarhlutir og bundið fé í öðrum félögum greinist þannig í þús. kr:

	Nafnverð	Bókfært verð
Jöklar hf.	18	18
Umbúðamiðstöðin hf.	398	621
Stofnsjóður Samvinnutrygginga	7	7
Ísmjöl hf.	430	430
	853	1.076
Niðurfærsla		(430)
	853	646

VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

7. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig í þús. kr.:

	Mannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Skrifstofuáhöld	Samtals
Stofnverð 1.8.1993	570.000	1.285.000	10.000	1.865.000
Endurmat á árinu	8.882	20.009	158	29.049
Viðbót á árinu	2.342	17.884	2.256	22.482
Heildarverð 31.12.1993	581.224	1.322.893	12.414	1.916.531
Afskrifað á árinu	17	113	2	132
Endurmat afskrifta	9.828	65.036	884	75.748
Afskrifað samtals 31.12.93	9.845	65.149	886	75.880
Bókfært verð 31.12.1993	571.379	1.257.744	11.528	1.840.651

8. Brunabótamat fasteigna verksmiðjanna nam samtals um 2.133,4 millj. kr. en fasteignamat samtals um 431,9 millj. kr. í árslok 1993. Vátryggingarverðmæti véla, tækja og áhalda, nam samtals 2.989,3 millj. kr. í árslok 1993.

LANGTÍMASKULDIR

9. Yfirlit um langtímaskuldir í þús. kr.:

Lán í DEM. Vextir 9,85%	356.895
Lán í USD. Vextir 5,00%	276.491
Lán í NOK. Vextir 5,41%	103.993
Lán í GBP. Vextir 5,37%	77.765
Lán í öðrum myntum. Vextir 7,95%	43.159
Verðtryggð lán. Vextir 9,33%	1.043
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	859.346

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 1993.

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 1993 greinast þannig á næstu ár í þús. kr.:

Árið 1994	211.569
Árið 1995	372.141
Árið 1996	152.372
Síðar	123.264
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	859.346

ATTAMÁL

Opinber gjöld vegna rekstrarársins 1993 svo sem tekjuskattur og eignarskattur, hafa verið reiknuð og færð í ársreikninginn.

Tekjuskattsskuldbinding félagsins hefur verið reiknuð út og nemur hún 55,4 millj. kr. í árslok 1993 samkvæmt efnahagsreikningi, en útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi, svo og vegna þess að birgðir eru metnar á framleiðslukostnaðarverði við skattútreikning, en það er nokkru lægra en reikningsskilalegt mat birgðanna.

Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig í þús. kr.:

Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	106.308
Tekjuskattur til greiðslu 1994 vegna ársins 1993	(50.916)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok 1993	55.392

IÐ FÉ

Yfirlit um eiginfjárreikninga í þús. kr.:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats-reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.8.1993	650.000	424.351			1.074.351
Hagnaður ársins				220.277	220.277
Endurmatshækkun rekstrarfjármuna			28.916		28.916
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga			(11.789)		(11.789)
Endurmat á öðru eigin fé			(384)	384	
Eigið fé 31.12.1993	650.000	424.351	16.743	220.661	1.311.755

Eigið fé verksmiðjanna í ágústbyrjun 1993 nam 1.074,4 millj. kr. sem jafngildir 1.091,1 millj. kr. í árslok 1993 miðað við 1,56% verðlagsbreytingu innan þess. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé 1.311,8 millj. kr. í árslok 1993, eða 220,7 millj. kr. hærra en í ágústbyrjun, miðað við verðlag í árslok 1993. Breytingin greinist þannig í þús.kr.

	Samkvæmt ársreikningi	Á verðlagi 31.12.1993
Eigið fé 1.8.1993	1.074.351	1.091.094
Hagnaður ársins	220.277	220.661
Endurmat eigna að frádreginni verðbreytingarfærslu	17.127	
Eigið fé 31.12.1993	1.311.755	1.311.755

VEÐSETNINGAR OG SKULDBINDINGAR

15. Á eignum verksmiðjanna hvíla þinglýst veð til tryggingar skuldum þess sem voru að eftirstöðvum 850,9 millj. kr. í árslok 1993.

ÖNNUR MÁL

16. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig í þús. kr.:

	Langtíma-skuldir	Aðrir liðir	Samtals
Vaxtatekjur og verðbætur		8.003	8.003
Vaxtagjöld og verðbætur	(29.502)	(19.161)	(48.663)
Gengismunur	(1.019)	8.073	7.054
	(30.521)	(3.085)	(33.606)
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	15.373	2.934	18.307
	(15.148)	(151)	(15.299)
Arður af hlutabréfaeign			61
			(15.238)

Í framangreindum útreikningi er leitast við að reikna og færa raunvexti af langtímaskuldum og öðrum eignum og skuldum á fjármunatekjur og fjármagnsgjöld í rekstrarreikningi. Misvægi milli almennra verðlagsbreytinga og breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni er að teknu tilliti til erlendra verðlagsbreytinga óverulegt á tímabilinu. Hækkun á byggingarvísitölu innan tímabilsins var 1,56%, bandaríkjadalur hækkaði um 0,96% gagnvart krónunni, þýskt mark lækkaði um 1,0%, sterlingspund lækkaði um 0,5% en verulegur hluti skulda verksmiðjanna er í þessum gjaldmiðlum. Misvægi á milli gengis og verðlags er því óverulegt á tímabilinu.

17. Félagið á 43% hlut í Ísmjöli hf. sem annast hefur sölu á mjöli fyrir félagið en óvissa ríkir um framtíð félagsins og hefur því verið færð sérstök niðurfærsla vegna eignarhluta í því.

SUNDURLIÐANIR

18. Söluverðmæti framleiðslu:

	1.8.-31.12.1993
Loðnumjöl:	
Sala	1.285.842.165
Birgðir 1.8.1993	(446.229.031)
Birgðir 31.12.1993	156.992.837
Reiknuð verðbreytingagjöld vegna birgða	(4.621.733)
Söluverðmæti Loðnumjöls	991.984.238
Loðnulýsi:	
Sala	795.341.124
Birgðir 1.8.1993	(176.173.467)
Birgðir 31.12.1993	97.953.841
Reiknuð verðbreytingagjöld vegna birgða	(1.859.694)
Söluverðmæti Loðnulýsis	715.261.804

Frh.:

	1.8.-31.12.1993
Fiskimjöl:	
Sala	4.617.748
Birgðir 1.8.1993	(6.308.475)
Birgðir 31.12.1993	4.029.750
Reiknuð verðbreytingagjöld vegna birgða	(35.513)
Söluverðmæti fiskimjöls	2.303.510
Söluverðmæti framleiðslu	1.709.549.552

Hráefnisnotkun:

Löðnu	678.761.027
Fiskúrgangur	812.755
Síld og síldarúrgangur	74.968.067
Annar hráefniskostnaður	8.126.512
	762.668.361

Orkukaup:

Rafmagn	23.887.159
Hráolía	86.611.318
Bensín og olíur	393.614
Önnur orkukaup	73.351
	110.965.442

Laun og launatengd gjöld:

Laun	73.160.910
Launatengd gjöld	5.251.568
Starfsmannakostnaður	2.399.766
Fært á viðhald	(8.765.089)
	72.047.155

Útflutningskostnaður:

Loðnumjöl	121.391.996
Loðnulýsi	83.014.071
Annar útflutningskostnaður	21.571.698
	225.977.765

Annar framleiðslukostnaður:

Viðhald rekstrarfjármuna	47.332.904
Fært af launaliðum vegna viðhalds	8.765.089
Ýmis framleiðslukostnaður	12.859.503
	68.957.496

24. Sameiginlegur kostnaður:

Laun	22.010.339
Launatengd gjöld	2.642.933
Ýmis sameiginlegur kostnaður	22.673.005
	47.326.277

25. Handbært fé:

	31.12.1993	
Sjóður	197.096	
Bankainnstæður	53.614.792	
Markaðsverðbréf	201.508.797	
	255.320.685	

26. Afurðabirgðir:

Loðnumjöl, meðalverð per tonn 32.000 kr.	156.992.837	
Loðnulýsi, meðalverð per tonn 18.540 kr.	97.953.841	
Fiskimjöl, meðalverð per tonn 32.000 kr.	4.029.750	
	258.976.428	

27. Rekstrarvörubirgðir:

Pokar	33.362.050	
Íblöndunarefni	6.595.140	
Aðrar rekstrarvörubirgðir	34.064.000	
	74.021.190	

28. Skattar ársins:

Tekjuskattur	50.915.680	
Eignarskattur	6.329.350	
Markaðsgjald	858.179	
Iðnaðargjöld	50.308	
Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	328.040	
Gjald til útflutningsráðs	0	
Kirkjugarðsgjald	0	
	58.481.557	

KENNITÖLUR

29. Efnahagur:

Veltufjárhlutfall	1,26	
Eiginfjárhlutfall	0,50	

Fylgiskjal 5.

Síldarverksmiðjur ríkisins:

Ársreikningur 1. janúar til 31. júlí 1993.

Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. júlí 1993

	Skýr.	1993 1.1.-31.7.	1992 1.1.-31.12.
REKSTRARTEKJUR:			
Söluverðmæti framleiðslu	16	1.641.696.029	2.206.759.694
Seldar ýmsar vörur og vinna		3.587.849	6.715.807
Leigutekjur		1.356.660	1.928.581
Aðrar tekjur	17	12.292.393	16.797.288
		1.658.932.931	2.232.201.370
REKSTRARGJÖLD:			
Mjöl og lýsisframleiðsla:			
Hráefnisnotkun	18	780.805.277	1.103.564.534
Orkukaup	19	138.291.327	190.811.981
Laun og launatengd gjöld	21	83.900.169	136.719.317
Útflutningskostnaður	22	217.759.185	285.397.712
Annar framleiðslukostnaður	20	76.093.343	77.292.809
Samtals mjöl- og lýsisframleiðsla		1.296.849.301	1.793.786.353
Önnur rekstrargjöld:			
Rekstur annarra deilda, nettó	23	(2.669.769)	9.615.286
Sameiginlegur kostnaður	10,24	71.133.907	66.696.351
Samtals önnur rekstrargjöld		68.464.138	76.311.637
Rekstrargjöld án afskrifta		1.365.313.439	1.870.097.990
Rekstrarhagnaður án afskrifta		293.619.492	362.103.380
Afskriftir	1,6	68.582.497	116.405.622
Rekstrarhagnaður án fjármagnsgjalda og fjármunatekna		225.036.995	245.697.758
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):			
Vextir af langtímaskuldum		(52.663.887)	(82.904.859)
Önnur vaxtagjöld og vaxtatekjur		(37.250.131)	(65.531.042)
Arður af hlutabréfum		0	58.194
	15	(89.914.018)	(148.377.707)
Hagnaður af reglulegri starfsemi		135.122.977	97.320.051
AÐRAR TEKJUR OG (GJÖLD):			
Misvægi gengis og verðlags	15	(131.735.000)	(145.444.000)
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	12	3.387.977	(48.123.949)

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	31.7.1993	31.12.1992
VELTUFJÁRMUNIR:			
Sjóður og bankainnstæður:			
Sjóður		422.899	154.430
Bankainnstæður		41.242.689	7.407.414
Skammtímakröfur:	4		
Söluaðilar		239.606.539	158.533.582
Aðrar viðskiptakröfur		65.433.295	60.515.475
Birgðir:			
Hráefnisbirgðir		20.828.381	0
Afurðabirgðir	3,25	628.710.976	183.540.453
Rekstrarvörubirgðir	3,26	68.019.680	57.368.500
Næsta árs afborganir langtímakrafna		5.589.049	23.228.649
Veltufjármunir		1.069.853.508	490.748.503
FASTAFJÁRMUNIR:			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir og bundið fé í öðrum félögum	5	852.968	868.028
Langtímakröfur	4	20.185.183	28.452.321
Næsta árs afborganir		(5.589.049)	(23.228.649)
		15.449.102	6.091.700
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Mannvirki		437.648.475	447.029.618
Lóðir og lendur		76.638.963	75.484.053
Vélar, áhöld og tæki		701.468.605	724.628.890
	6	1.215.756.043	1.247.142.561
Fastafjármunir		1.231.205.145	1.253.234.261
EIGNIR SAMTALS		2.301.058.653	1.743.982.764

31. júlí 1993

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	31.7.1993	31.12.1992
SKAMMTÍMASKULDIR:			
Afurðalán		597.417.453	227.091.903
Viðskiptaskuldir		214.496.354	111.340.120
Ýmsar skammtímaskuldir		61.187.575	59.346.602
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	9	276.386.008	264.227.564
Skattar ársins	10	1.050.000	1.434.000
		1.150.537.390	663.440.189
LANGTÍMASKULDIR:			
Erlend lán	8	999.958.776	1.320.653.304
Verðtryggð lán	8	2.064.008	3.038.908
Næsta árs afborganir	9	(276.386.008)	(264.227.564)
		725.636.776	1.059.464.648
Skuldir samtals		1.876.174.166	1.722.904.837
VEÐSETNINGAR OG SKULDBINDINGAR	13,14		
EIGIÐ FÉ	11,12	424.884.487	21.077.927
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		2.301.058.653	1.743.982.764

Sjóðstreymi tímabilið 1. janúar til 31. júlí 1993

	Skýr.	1993 1.1.-31.7.	1992 1.1.-31.12.
HANDBÆRT FÉ TIL REKSTRAR:			
Hagnaður (tap) ársins	11	3.387.977	(48.123.949)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	68.582.497	116.405.622
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	1	(17.888.297)	(14.041.080)
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum		122.630.926	115.087.268
Verðbætur af langtímakröfum		(380.720)	(949.763)
Niðurfærsla langtímakrafna		2.961.954	(27.172.966)
Sölutap eigna		3.602.068	738.145
Veltufé frá rekstri		182.896.405	141.943.277
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun)		(85.990.777)	(135.243.845)
Birgðir, (hækkun)		(476.650.084)	(137.103.584)
Skammtímaskuldir, hækkun		120.638.793	40.697.554
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(442.002.068)	(231.649.875)
Handbært fé (til) rekstrar		(259.105.663)	(89.706.598)
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:			
Mannvirki	6	(4.609.208)	(8.336.257)
Vélar, áhöld og tæki	6	(22.759.117)	(61.892.407)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		4.892.218	1.227.125
Fjárfesting í eignarhluta í öðrum félögum		0	(430.000)
Skuldabréfaeign, breyting		5.685.904	35.392.716
Fjárfestingarhreyfingar		(16.790.203)	(34.038.823)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:			
Langtímalán yfirtekin af ríkissjóði		(400.000.000)	
Framlag ríkissjóðs		400.000.000	
Tekin ný langtímalán		0	277.500.000
Afborganir langtímalána		(60.325.940)	(80.521.523)
Skammtímalán, hækkun (lækkun)		370.325.550	(75.203.108)
Fjármögnunarhreyfingar		309.999.610	121.775.369
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ		34.103.744	(1.970.052)
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN		7.561.844	9.531.896
HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILSINS		41.665.588	7.561.844

Skýringar

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu verksmiðjanna eru reiknuð og færð í ársreikninginn og er í því sambandi fylgt eftirfarandi aðferðum.

- Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til júlíloka 1993 með verðbreytingarstuðli sem reiknaður er eftir breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. Endurmatshækkun á tímabilinu var 1,53%.

- Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði framreiknuðu til meðalverðlags tímabilsins.

Mannvirki	2 - 6%
Verksmiðjuvélar og tæki	12-20%
Bifreiðar og vinnuvélar	15%

- Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og á breytingu þeirra innan tímabilsins, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar innan tímabilsins og myndar reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 17,8 millj. kr.

- Hinar reiknuðu tekjur vegna áhrifa verðlagsbreytinga eiga sér mótvægi í nokkrum liðum rekstrarreiknings og er færslunni skipt þannig í rekstrarreikningi:

Reiknaðar tekjur til lækkunar á fjármagnskostnaði vegna vaxta, verðbóta og gengismunar af skuldum og peningalegum eignum	25.751.194
Reiknuð gjöld til hækkunar á framleiðslukostnaði vegna birgða af fullunnum vörum	(7.862.897)
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga, nettó	17.888.297

Endurmatshækkun rekstrarfjármuna og verðbreytingafærsla er færð í endurmatsreikning meðal eiginfjárliða í efnahagsreikningi sbr. skýringu nr. 11.

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi 31.07.1993. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. ágúst 1993.

3. Afurðabirgðir eru metnar á gildandi lokaverði að frádregnum útflutningskostnaði og reiknuðum geymslukostnaði. Rekstrarvörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði. Varðandi sundurliðun birgða í júlílok vísast til 25. og 26. skýringu.

4. Skammtímakröfur eru færðar niður um 12,5 millj. kr. og langtímakröfur um 14,8 millj. kr. í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast. Breyting reikningsins á tímabilinu greinist þannig:

Mótreikningur í ársbyrjun	15.872.000
Afskrifaðar kröfur á tímabilinu	0
Hækkun niðurfærslu færð til gjalda á tímabilinu	11.389.517
Mótreikningur í júlílok 1993	27.261.517

Skýringar, frh.:

Áhættufé í öðrum félögum

Eignarhlutir og bundið fé í öðrum félögum greinist þannig:

	1993	1992
Jöklar hf., Reykjavík	17.842	17.842
Umbúðamiðstöðin hf.	397.875	397.875
Séreignasjóður Skreiðarsamlags	0	17.420
Stofnsjóður Samvinnutrygginga	7.251	4.891
Ísmjöl hf.	430.000	430.000
	852.968	868.028

Framangreindir eignarhlutir eru eignfærðir á nafnverði.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Mannvirki	Lóðir og lendur	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.1993	764.831.873	75.484.053	2.002.114.569	2.824.430.495
Endurmat á árinu	11.426.524	1.154.910	30.632.354	43.213.788
Viðbót á árinu	4.609.208		22.759.117	27.368.325
Selt á árinu	(5.648.770)		(22.379.666)	(28.028.436)
Heildarverð 31.7.1993	757.218.835	76.638.963	2.033.126.374	2.866.984.172
Afskrifað 1.1.1993	299.802.255	0	1.277.485.679	1.577.287.934
Endurmat afskrifta	4.770.412		20.136.496	24.906.908
Afskrifað á árinu	16.193.348		52.389.149	68.582.497
Afskrift færð út	(1.195.655)		(18.353.555)	(19.549.210)
Afskrifað samtals 31.7.93	319.570.360	0	1.331.657.769	1.651.228.129
Bókfært verð 31.7.1993	437.648.475	76.638.963	701.468.605	1.215.756.043

7. Brunabótamat fasteigna verksmiðjanna nam samtals um 2.082 millj. kr. en fasteignamat samtals um 474 millj. kr. í júlílok 1993.

Langtímaskuldir

8. Yfirlit um langtímaskuldir:

Lán í DEM. Vextir 11,04%	449.386.207
Lán í USD. Vextir 5,75%	305.429.825
Lán í NOK. Vextir 14,81%	104.507.143
Lán í GBP. Vextir 7,19%	91.860.916
Lán í öðrum myntum. Vextir 7,95%	48.774.685
Verðtryggð lán. Vextir 9,30%	2.064.008
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	1.002.022.784

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í júlílok 1993.

Skýringar, frh.:

9. Afborganir af langtímaskuldum verksmiðjanna í júlílok 1993 greinast þannig á næstu ár:

Gjaldfallnar afborganir	64.401.014
1. ágúst 1993 til 31. júlí 1994	211.984.994
1. ágúst 1994 til 31. júlí 1995	373.020.629
1. ágúst 1995 til 31. júlí 1996	151.846.855
Síðar	200.769.292
	1.002.022.784

SKATTAMÁL

10. Skattar vegna ársins 1993 svo sem kirkjugarðsgjald og gjald til Útflutningsráðs hafa verið reiknaðir og færðir í ársreikninginn.

EIGIÐ FÉ

11. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	1993	1992
Eigið fé 1.1.1993	21.077.927	68.705.923
Endurmatshækkun rekstrarfjármuna	18.306.880	14.507.652
Hagnaður ársins	3.387.977	(48.123.949)
Reiknuð tekjufærsla vegna verðlagsbreytinga	(17.888.297)	(14.041.080)
Jöfnunarhlutabréf, fengin	0	29.381
Langtímalán yfirtekin af ríkissjóði	400.000.000	
Eigið fé 31.7.1993	424.884.487	21.077.927

12. Eigið fé verksmiðjanna í ársbyrjun 1993 nam 21,1 millj. kr. sem jafngildir 21,4 millj. kr. í júlílok 1993 miðað við 1,53% verðlagsbreytingu innan þess. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé um 424,9 millj. kr. í júlílok 1993, eða 403,5 millj. kr. hærra en í ársbyrjun, miðað við verðlag í júlílok 1993. Breytingin greinist þannig í þús.kr.

	Samkvæmt ársreikningi	Á verðlagi 31.7.1993
Eigið fé 1.1.1993	21.078	21.400
Langtímalán yfirtekin af ríkissjóði	400.000	400.000
Endurmat eigna að frádreginni verðbreytingarfærslu	419	
Hagnaður ársins	3.388	3.485
	424.885	424.885

VEÐSETNINGAR OG SKULDBINDINGAR

13. Á eignum verksmiðjanna hvíla þinglýst veð til tryggingar skuldum þess sem voru að eftirstöðvum 991,0 millj. kr. í júlílok 1993.

14. Verksmiðjurnar greiða 6% iðgjald í lífeyrissjóð vegna starfsmanna. Á verksmiðjunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna sem verið hafa í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, vegna þess að áunnin réttindi þeirra eru talsvert meiri en lífeyrissjóðurinn greiðir. Skuldbinding verksmiðjanna vegna þessa hefur verið reiknuð af tryggingastærðfræðingi og nam hún 138,1 millj. kr. í árslok 1992 miðað við 3% ársvexti, en skuldbindingin er ekki færð til skuldar í efnahagsreikningi. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki skuldbindinguna.

ÖNNUR MÁL

15. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig í þús. kr.:

	Langtíma-skuldir	Aðrir liðir	Samtals
Vaxtatekjur og verðbætur		2.482.952	2.482.952
Vaxtagjöld og verðbætur	(79.455.522)	(16.648.806)	(96.104.328)
Gengismunur	(125.670.365)	(28.108.471)	(153.778.836)
	(205.125.887)	(42.274.325)	(247.400.212)
Misvægi gengis og verðlags	131.735.000	0	131.735.000
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	20.727.000	5.024.194	25.751.194
	(52.663.887)	(37.250.131)	(89.914.018)
Misvægi gengis og verðlags			(131.735.000)
Arður af hlutabréfaeign			0
			(221.649.018)

Í framangreindum útreikningi er leitast við að reikna og færa raunvexti af langtímaskuldum og öðrum eignum og skuldum á fjármunatekjur og fjármagnsgjöld í rekstrarreikningi. Misvægi milli almennra verðlagsbreytinga og breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni er að teknu tilliti til erlendra verðlagsbreytinga, fært sem sérstakur liður meðal annarra tekna og gjalda en á árinu hækkuðu erlendir gjaldmiðlar yfirleitt mun meira en innlent verðlag. Hækkun á byggingarvísitölu innan tímabilsins var 1,53%, bandaríkjadalur hækkaði um 5,55% gagnvart krónunni og þýskt mark hækkaði um 8,0% en verulegur hluti skulda verksmiðjanna er í þessum gjaldmiðlum. Reiknað gengistap á tímabilinu 1993 vegna þessa nemur alls kr. 131,7 millj. kr.

SUNDURLIÐANIR

16. Söluverðmæti framleiðslu:

	1.1.-31.7.1993	1.1.-31.12.1992
Loðnumjöl:		
Sala	882.899.048	1.508.484.065
Birgðir í upphafi árs	(148.461.667)	(33.292.910)
Birgðir í lok árs	446.229.031	148.461.667
Reiknuð verðbreytingagjöld vegna birgða	(5.259.424)	(673.708)
Söluverðmæti Loðnumjöls	1.175.406.988	1.622.979.114
Loðnulýsi:		
Sala	315.462.154	568.676.104
Birgðir í upphafi árs	(30.033.053)	(27.571.293)
Birgðir í lok árs	176.173.467	30.033.053
Reiknuð verðbreytingagjöld vegna birgða	(2.581.258)	(14.401)
Söluverðmæti Loðnulýsis	459.021.310	571.123.463
Fiskimjöl:		
Sala	6.032.204	12.954.102
Birgðir í upphafi árs	(5.050.733)	(5.349.466)
Birgðir í lok árs	6.308.475	5.050.733
Reiknuð verðbreytingagjöld vegna birgða	(22.215)	(1.748)
Söluverðmæti fiskimjöls	7.267.731	12.657.117
Söluverðmæti framleiðslu	1.641.696.029	2.206.759.694

		1.1.-31.7.1993	1.1.-31.12.1992
17.	Aðrar tekjur:		
	Söluhagnaður (tap) af eignum	(3.587.008)	0
	Ýmsar tekjur	8.004.401	3.297.288
	Þátttaka verkstæðis og lagers í sameiginlegum kostnaði	7.875.000	13.500.000
		12.292.393	16.797.288
18.	Hráefnisnotkun:		
	Loðna	758.493.693	1.043.160.738
	Fiskúrgangur	3.231.899	44.340.811
	Annar hráefniskostnaður	19.079.685	16.062.985
		780.805.277	1.103.564.534
19.	Orkukaup:		
	Rafmagn	28.417.460	48.504.144
	Jarðolía	105.824.346	132.377.227
	Bensín og olíur	603.776	935.201
	Heitt vatn	201.150	145.267
	Gas	13.476	16.654
	Kalt vatn	3.231.119	8.833.488
		138.291.327	190.811.981
20.	Annar framleiðslukostnaður:		
	Viðhald rekstrarfjármuna	44.979.066	35.858.586
	Fært af launaliðum vegna viðhalds	11.259.324	14.996.718
	Tryggingar	10.678.516	12.467.923
	Félagsgjöld	2.753.100	2.467.880
	Fasteignagjöld	6.102.880	10.379.388
	Bifreiðaskattar	320.457	1.122.314
		76.093.343	77.292.809
21.	Laun og launatengd gjöld:		
	Laun	84.775.404	133.307.593
	Launatengd gjöld	7.546.802	14.054.672
	Starfsmannakostnaður	2.837.287	4.353.770
	Fært á aðra liði	(11.259.324)	(14.996.718)
		83.900.169	136.719.317
22.	Útflutningskostnaður:		
	Loðnumjöl	144.640.573	183.751.981
	Loðnulýsi	50.626.621	73.599.649
	Annar sölukostnaður	22.491.991	28.046.082
		217.759.185	285.397.712

23. Rekstur annarra deilda, nettó:

	1.1.-31.7.1993	1.1.-31.12.1992
Rekstur vélaverkstæðis:		
Innkaup endursöluvara	583.083	4.158.205
Laun	12.904.336	23.020.808
Launatengd gjöld	1.439.271	2.868.521
Bifreiðastyrkir	95.200	0
Annar kostnaður	5.507.041	7.941.983
Fært á aðra liði	(19.503.644)	(13.612.585)
	1.025.287	24.376.932
Seld þjónusta til annarra	(8.357.345)	(31.293.281)
Samtals rekstur vélaverkstæðis	(7.332.058)	(6.916.349)
Rekstur lagers:		
Innkaup endursöluvara	8.448.937	13.833.213
Laun	2.289.973	3.499.258
Launatengd gjöld	158.999	480.889
Annar kostnaður	4.504.055	7.567.221
Fært á aðra liði	(8.948.202)	(6.801.487)
	6.453.762	18.579.094
Seldar vörur til annarra	(1.791.473)	(2.047.459)
Samtals rekstur lagers	4.662.289	16.531.635
Samtals rekstur annarra deilda, nettó	(2.669.769)	9.615.286

24. Sameiginlegur kostnaður:

Orkukaup	351.430	514.123
Laun	35.308.454	32.214.581
Stjórnarlaun	659.428	1.124.044
Launatengd gjöld	3.417.040	3.082.882
Bifreiðastyrkir	1.910.689	2.831.356
Viðhald rekstrarfjármuna	3.021.905	2.160.317
Aðkeypt vinna	4.017.266	7.349.021
Aðkeyptur flutningur	1.618.513	2.381.151
Póstur, sími og faxkostnaður	2.137.576	3.800.488
Prentun, ritföng og tímarit	836.560	2.051.025
Ferðakostnaður starfsmanna	3.027.352	4.969.012
Móttaka gesta	1.149.924	1.516.463
Tryggingar	60.665	126.026
Fasteignagjöld	23.072	1.427.949
Kirkjugarðsgjald	268.250	300.000
Gjald til Útflutningsráðs	850.000	1.134.000
Mismunur áætlaðra og álagðra gjalda	(9.593)	313.981
Gjafir og styrkir	369.220	325.347
Tjónabætur	(12.740)	11.300
	59.005.011	67.633.066
Niðurfærsla krafna	12.128.896	(936.715)
	71.133.907	66.696.351

5. Afurðabirgðir:	1.1.-31.7.1993	1.1.-31.12.1992
Loðnumjöl, meðalverð per tonn 27.655	446.229.034	148.456.667
Loðnulýsi, meðalverð per tonn 22.783	176.173.467	35.083.786
Fiskimjöl, meðalverð per tonn 28.486	6.308.475	0
	628.710.976	183.540.453

6. Rekstrarvörubirgðir:		
Pokar	27.098.500	24.078.300
Formalín	465.080	1.476.200
Nítríte	160.200	1.078.200
Vítisódi	1.864.900	1.060.800
Viðhalds- og rekstrarvörur	38.431.000	29.675.000
	68.019.680	57.368.500

KENNITÖLUR

27. Efnahagur:		
Veltufjárhlutfall	0,93	0,72
Eiginfjárhlutfall	0,18	0,01

28. Rekstur:		
Rekstrartekjur á meðalverðlagi 1993 í þús.kr.	1.658.933	2.255.910
Hagnaður (tap) á meðalverðlagi 1993 í þús.kr.	3.388	48.635

Fylgiskjal 6.

Akureyri 13. desember 1993

Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf.
b.t. Sigurðar B. Stefánssonar
Ármúla 13a
155 Reykjavík

Efni: Þátttaka í útboði hlutabréfa í LSR-mjöli hf.

Með bréfi þessu vill Akureyrarbær lýsa yfir áhuga á þátttöku í útboði hlutabréfa í SR mjöli hf.

Akureyrarbær
kt. 410169-6229
Geislagötu 9
600 Akureyri

Hjálagt er Ársskýrsla Akureyrarbæjar.

f.h. Akureyrarbæjar

Halldór Jónsson, bæjarstjóri.

Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf.
b/t Sigurðar B. Stefánssonar
Ármúla 13A

108 REYKJAVÍK

13. desember 1993

Varðar: **Þátttöku í útboði í hlutabréf í SR-mjöli hf.**

Í framhaldi af auglýsingu Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka hf. (héreftir VÍB) í Morgunblaðinu hinn 18. nóvember 1993 um að öll hlutabréf ríkissjóðs í SR-mjöli hf. væru til sölu, hafa bæði fulltrúar mínir, þeir Sigurður G. Guðjónsson hrl. og Simon Kjærnested lögg. end., og eins ég sjálfur verið í sambandi við VÍB og fulltrúa seljenda, þar sem reynt hefur verið að fá sem gleggstar upplýsingar um SR-mjöl hf. Því miður hefur hvorki VÍB né sölustjórn SR-mjöls hf. getað upplýst um veigamikil atriði m.a. varðandi efnahag SR-mjöls hf., þar sem stofn efnahagsreikningur félagsins hefur ekki legið fyrir til skamms tíma.

Af þessum sökum má því segja, að bréf VÍB frá 7. desember 1993, til væntanlegra þátttakenda í útboði hlutabréfa í SR-mjöli hf., hafi komið eins og þruma úr heiðskýru lofti, þar sem í bréfinu er óskað mjög ítarlegra upplýsinga um væntanlega tilboðsgjafa. Líklega verður ekki komist hjá því, að svara þessu bréfi að nokkru, eigi að vera unnt að fá í hendur útboðsgögn varðandi SR-mjöl hf.

Ég mun því hér á eftir svara þeim fyrirspurnum sem fram koma í bréfinu, en leyfi mér að sameina undir einu lið, svar við liðum 1-4 í bréfi VÍB:

1-4) Komi til þess, að gert verði tilboð í hlutabréf ríkissjóðs í SR-mjöli hf. eftir að útboðsgögnin hafa verið skoðuð mun ég ásamt hópi einstaklinga og fyrirtækja sem tengjast útgerð, fiskvinnslu og annarri atvinnustarfsemi hér á landi, stofna hlutafélag, sem þá yrði hinn raunverulegi tilboðsgjafi. Eðli málsins samkvæmt er á þessu stigi ekki hægt að veita neinar frekari upplýsingar um fjárhag þessa óstofnaða félags. Vegna margháttaðra viðskiptasambanda þeirra er með mér standa, er ekki heldur hægt að upplýsa um nöfn eða fjárhag hvers og eins þeirra.

Hins vegar, og það hlýtur að vera mikilvægast fyrir seljanda, hefur þessi hópur lagt áætlanir sínar varðandi kaupin, fjármögnun þeirra, uppbyggingu og rekstur SR-mjöls hf. fyrir íslenskan og erlendan banka. Þessir bankar hafa í sameiningu sett fram ákveðnar lágmarks kröfur um efnahagslega stöðu væntanlegs tilboðsgjafa og SR-mjöls hf. og lýst sig fúsa til frekari viðræðna um fjármögnun kaupanna, að því gefnu að væntanleg útboðsgögn staðfesti þær upplýsingar, sem bönkunum hafa verið veittar um efnahag Síldarverksmiðju ríkisins, að teknu tilliti til þeirra ráðstafana sem ríkissjóður gerði við stofnun SR-mjöls hf., m.a. með því að létta af félaginu langtímalánum og lífeyrisskuldbindingum.

Vegna tl. 4, í bréfi VÍB skal sérstaklega tekið fram að í þeim hópi, sem ég stend fyrir er ekki að finna neina erlenda fjárfesta og því munu væntanleg kaup ekki fara í bága við ákvæði laga nr. 34/1991.

5. Eins og að framan greinir hef ég átt í viðræðum við íslenskan og erlendan banka um að standa sameiginlega að fjármögnun kaupanna að því marki sem til þess þarf lánsfé. Sá íslenski banki, sem hlut á að máli þessu hefur vegna viðskiptahagsmuna sinna lagt bann við því að nafn hans verði upplýst. Að sama skapi er því eðlilegt að halda leyndu nafni hins erlenda samstarfsbanka.

Telji VÍB þessar upplýsingar mínar ekki fullnægjandi óska ég eftir serstökum fundi með fulltrúum VÍB, þar sem ég mun fara yfir einstaka liði bréfsins frá 7. desember sl. og veita frekari upplýsingar um mál þetta. Ég legg hins vegar áherslu á, að sl. 8 mánuði hef ég unnið að því að undirbúa kaup á SR-mjöli hf. Fæ ég ekki séð, að það muni skaða hagsmuni seljanda, þó svo að ég fái útboðsgögnin í hendur án þess að upplýsa um nöfn þeirra aðila sem standa að baki mér í tengslum við fyrirhugaða tilboðsgöf Í versta falli kemur ekkert tilboð frá þessum hópi sem ég er í forsvari fyrir, eða þá að því verður hafnað af hálfu seljanda. Komi tilboð í hlutabréf ríkissjóðs í SR-mjöli hf. frá þessum hópi má ríkið vænta þess að kaupverð hlutabréfanna verði staðgreitt og áhvílandi langtímalán greidd upp.

Virðingarfyllst,

Haraldur Haraldsson, kt. 131144-2459,
Eyktarási 26, 110 Reykjavík,
S: 75676 - 670171

LÖGMENN LÁGMÚLA 7

Lágmúla 7, pósthólf 8975, 128 Reykjavík, sími 81 26 22, fax 68 62 69

Guðm. Ingvi Sigurðsson hrl. Jónas A. Aðalsteinsson hrl. Sveinn Snorrason hrl.
Þórunn Guðmundsdóttir hrl. Lilja Jónasdóttir hdl. Aðalsteinn E. Jónasson hdl. Helgi Jóhannesson hdl.

Verðbréfamarkaður Íslandsbanka h.f.,
b/t Sigurður B. Stefánsson, frkvstj.,
Ármúla 13a,
155 Reykjavík.

Reykjavík, 13. desember 1993

Málefni: Þátttaka í útboði á hlutabréfum í SR-mjöli h.f.

Vísað er til bréfs yðar til væntanlegra þátttakenda við útboð hlutabréfa í SR-mjöli h.f. dags. 7. þessa mánaðar.

Eftirtaldir aðilar hafa falið undirrituðum að staðfesta við yður að þeir hafa hug á því að standa sameiginlega að kaupum á hlutabréfum ríkisins í SR-mjöli h.f. Þess er hér með farið á leit, að staðfest verði að þeir teljist fullnægja skilyrðum seljanda um þátttakendur í útboði þessu og undirrituðum verði að því loknu afhent tilboðsgögn.

Í fyrsta lagi mun gerð grein fyrir þeim hópi útgerðarmanna, sem upp eru taldir í bréfi mínu til yðar um sama málefni dags. 1. desember 1993. Inn á listann hefur verið bætt kennitölum eigenda skipanna og nöfnum fyrirsvarsmanna þeirra. Helsta starfsemi flestra þessara aðila á síðustu árum hefur verið útgerð tilgreindra skipa. Nokkrir aðilanna stunda þó ennþá umfangsmeiri rekstur, en hann er í öllum tilvikum tengdur sjávarútvegi og vinnslu sjávarfangs.

Útgerðarfélag:	Skip	Loðnukvóti %
Þróttur hf., kt. 660566-0159 Marargötu 4, 240 Grindavík. Þórarinn I. Ólafsson stj.form. & frkv.stj.	Albert GK 31	1.8991859
Bergur hf., kt. 440169-5119 Hrauntúni 46, 900 Vestmannaeyjar Sævar Pálsson stj.form & frkv.stj.	Bergur VE 44	2.0234695

Langanes hf., kt. 601076-0209 Skólagarði 6, 640 Húsavík Bjarni Aðalgeirsson stj.form. & frkv.stj.	Björg Jónsdóttir ÞH 321	2.0143561
Garðar Guðmundsson hf., kt. 580183-0509 Hlíðarvegi 50, 625 Ólafsfirði Garðar Guðmundsson stj.form. & frkv.stj.	Guðmundur Ólafur ÓF 91	1.8816641
Fiskanes hf., kt. 451165-0119 Hafnargötu 17-19, 240 Grindavík Willard Fiske Olason stj.form. Dagbjartur Einarsson frkv.stj.	Grindvíkingur GK 606	3.9438535
Runólfur Hallfreðsson, kt. 260331-2999 Krókatúni 9, 300 Akranes	Bjarni Ólafsson AK 70	2.3438535
Huginn hf., 640169-6139 Geirseyri, 900 Vestmannaeyjar Guðm. Ingi Guðmundsson stj.form. & frkv.stj.	Huginn VE 55	1.8991859
Gjörgur hf., 570169-0769 Tómasarhaga 46, 107 Reykjavík Jóhann Adolf Oddgeirsson stj.form. Guðmundur Þorbjörnsson frkv.stj.	Hákon ÞH 250	2.5735486
Ingimundur hf., 660169-4159 Fiskislóð 137a, 101 Reykjavík Sjöfn Haraldsdóttir stj.form Ármann Ármannsson frkv.stj.	Helga II RE 373	3.5977264
Húnaröst hf., kt. 671274-0919 Austurstæti 6, 101 Reykjavík Hákon Magnússon stj.form. Björgvin Jónsson frkv.stj.	Húnaröst RE 550	2.2488034
Ufsaberg hf., 550371-0149 Hraunslóð 2, 900 Vestmannaeyjar Eyjólfur Guðmundsson stj.form. Elínborg Jónsdóttir frkv.stj.	Gullberg VE 292	2.2163839
Ísleifur hf., kt. 501075-1169 Vesturvegi 46, 900 Vestmannaeyjar Gunnar Jónsson stj.form. Leifur Ársælsson frkv.stj.	Ísleifur VE 63	2.4883950
Gísli Jóhannesson, kt. 260924-4789 Frostaskjóli 11, 107 Reykjavík	Jón Finnsson RE 506	1.8991859
Miðnes hf., kt. 460269-1649	Keflvíkingur KE 100	2.7878801

Tjarnargötu 3, 245 Sandgerði Gunnar Þór Ólafsson stj.form. Jón Ægir Ólafsson frkv.stj. Ólafur B. Ólafsson frkv.stj.		
Pétur Stefánsson, kt. 141043-4559 Eskihvammi 4, 200 Kópavogi	Pétur Jónsson RE 69	2.0823095
Ingimundur Ingimundarson, kt. 041027-3719 Eikjuvogur 6, 104 Reykjavík	Svanur RE 45	1.9688455
Valtýr Þorsteinsson hf., kt. 480982-0459 Bjarmastíg 4, 600 Akureyri Heimir V. Haraldsson stj.form. Hreiðar Valtýsson frkv.stj.	Þórður Jónsson EA 350	1.8032437
Sólbakki hf., kt. 590190-1019 Vatnsnesvegi 30, 230 Keflavík Þorsteinn Erlingsson stj.form. Örn Erlingsson frkv.stj.	Örn KE 13	3.6240090
Súlan hf., úrgerð, kt. 680988-1029 Aðalstræti 68, 600 Akureyri Sverrir Leósson stj.form. & frkv.stj.	Súlan EA 300	2.0735486
Festi hf., kt. 590371-0769 Mánasundi 1, 240 Grindavík Sigmar Björnsson stj.form. & frkv.stj.	Þórshamar GK 75	2.4987830
Sigluberg h.f., kt. 690788-1688 Ægisgötu 2, 240 Grindavík Jón Pétursson, stj.form. Finnbogi Arsælsson, frkvstj.	Háberg GK 299 Sunnuberg GK 199	5.6979210

Í öðru lagi vil ég greina frá því að starfsmannafélög verksmiðja SR-mjöls h.f. hafa lýst stuðningi sínum við kaup umbjóðenda minna á hlutabréfum í félaginu jafnframt því sem þau hafa lýst yfir áhuga sínum og einstakra félagsmanna á því að eiga þess kost að standa að kaupum á hlutabréfum í félaginu með hópnum. Á það hefur hópurinn fallist fyrir sitt leyti. Að svo stöddu hef ég ekki undir höndum gleggri upplýsingar um starfsmannafélögin eða einstaka félagsmenn þeirra, en mun gefa nánari upplýsingar þegar tilefni verður til. Er þess vænst að þessar upplýsingar um þennan hóp nægi að svo stöddu.

Í þriðja lagi hafa sveitarfélög þau, þar sem verksmiðjur SR-mjöls h.f. eru staðsettar, en þau eru fimm talsins, lýst yfir stuðningi sínum við kaup umbjóðenda minna á hlutabréfum í félaginu jafnframt því sem þau munu eiga þess kost að kaupa hlutabréf í félaginu með hópnum, ef þau svo kjósa.

Í fjórða lagi hafa eftirtalin fyrirtæki falið mér að staðfesta við yður áhuga fyrirtækjanna á því að standa að kaupum á umræddum hlutabréfum með öðrum þeim aðilum, sem upp eru taldir í bréfi þessu. Fyrirtækin eru þessi:

Sjóvá-Almennar tryggingar h.f., kt. 701288-1739
Kringlunni 5, 105 Reykjavík
Benedikt Sveinsson, stj.form.
Einar Sveinsson og Ólafur B. Thors, framkvæmdastjórar.

Draupnissjóðurinn h.f., kt. 540188-1579
Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík
Ragnar Önundarson, stj.form.
Gunnlaugur Briem, frkv.stj.

Þróunarfélag Íslands h.f.,, kt. 571285-0539
Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík
Þorgeir Eyjólfsson, stj.form.
Hreinn Jakobsson, frkvstj.

Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn h.f., kt. 420171-0139
Suðurlandsbraut 30, 128 Reykjavík
Jóhannes Siggeirsson, stj.form.
Guðjón Ármann Jónsson, hrl, frkvstj.

Allir þeir aðilar sem taldir eru upp hér að ofan uppfylla skilyrði laga til þess að kaupa og eiga hlutabréf í SR-mjöli h.f. auk þess sem þeir munu skuldbinda sig til þess að virða markmið og tilgang þeirrar lagasetningar sem sala hlutabréfanna byggist á.

Í bréfi yðar dags 7. desember 1993 er óskað upplýsinga um væntanlega tilboðsgjafa í fimm töluliðum. Ég tel að í framangreindum upplýsingum um umbjóðendur mína sé að finna svör við töluliðum nr. 1, 2 og 4 í bréfi yðar. Ég tel sömuleiðis að það megi ljóst vera af framangreindri upptalningu að stjórnendur þeirra fyrirtækja, sem hér um ræðir hafa yfir að ráða slíkri reynslu og þekkingu á rekstri fyrirtækja á umræddu sviði að ekki verði á betra kosið í því efni.

Varðandi umbeðnar upplýsingar um fjárhag væntanlegra kaupenda hlutabréfanna og fjármögnunarleiðir þeirra á kaupunum, sbr. tl. 3 og 5 í bréfi yðar, skal eftirfarandi tekið fram.
Miðað við þær upplýsingar, sem við notum í dag um SR-mjöl h.f. teljum við ótvírætt að framangeindur hópur hafi sem heild fjárhagslegt bolmagn til þess að kaupa öll hlutabréf í félaginu og fjármagna þau kaup með eigin fé sínu og að hann hafi auk þess fjárhagslegan styrk til þess að tryggja rekstur félagsins áfram. Af framangeindri upptalningu á væntanlegum kaupendum er aftur á móti einnig ljóst að fjárhagsleg geta og fjármögnunarleiðir einstakra aðila innan hópsins er mjög mismunandi svo vægt sé til orða tekið. Jafnframt skal á það bent að enginn framangreindra aðila hefur tekið endanlega ákvörðun um að taka þátt í kaupunum eða að hvaða marki hann kynni að vilja taka þátt í þeim þegar að endanlegri tilboðsgerð eða samningum kemur.

Þar eð beðið er um upplýsingar um fjárhag einstakra aðila innan hópsins skal á það bent að efnahagsreikningar þó nokkurra þeirra eru birtir á opinberum vettvangi og leyfi ég mér að vísa þangað um reikninga þeirra aðila. Varðandi upplýsingar um fjárhag annarra aðila, fyrirhugaðar fjármögnunarleiðir og tryggingar í því sambandi, ef til kæmi, er óhjákvæmilegt, vegna þess hversu þeir eru margir, að benda á hvern einstakan, en undirritaður er fús til þess að undirgangast milligöngu í því efni eftir því sem þurfa þykir.

Í ljósi þess að útboðsgögn hafa ekki ennþá verið send út og umbj.m. hafa þess vegna ekki ennþá getað tekið endanlega afstöðu til tilboðsgerðar eða kaupanna sem slíkra er þess vænst að framangeindar upplýsingar um umbjóðendur mína sé fullnægjandi, en sé svo ekki óskast undirritaður látinn vita þar um og mun þá úr því bætt svo fljótt sem kostur er.

Þess skal sérstaklega getið að ekki hefur verið um lokaðan kaupendahóp að ræða og hafa fleiri aðilar látið í ljós áhuga á samvinnu við ofangreinda aðila um kaup á hlutabréfum þessum. auk þess sem olíufélögin þrjú hafa lýst yfir stuðningsvilja sínum gagnvart kaupendahópnum.

Virðingarfyllst,

Jóhas A. Aðalsteinsson, hrl.

Samrit:

Arndís Steinþórsdóttir
Skarphéðinn Steinarsson
Arnar Sigurmundsson
Starfsmannafél. SR-mjöls h.f.
Bæjarstjóri Siglufjarðar
Sveitarstjóri Raufarhafnar
Bæjarstjóri Seyðisfjarðar
Bæjarstjóri Reyðarfjarðar
Sveitarstjóri Höfðahrepps
Olíufélagið h.f.
Olíufélagið Skeljungur h.f.
Olíuverslun Íslands h.f.
Allir aðilar, sem eru nafngreindir í bréfi þessu.

Fylgiskjal 7.

VÍB
VERÐBRÉFAMARKAÐUR ÍSLANDSBANKA HF.
Ármúla 13a, 155 Reykjavík. Sími 68 15 30. Telefax 68 15 26

Reykjavík, 14. desember 1993

Til: hr. Þorsteins Pálssonar sjávarútvegsráðherra
Frá: Sigurði B. Stefánssyni framkvstj. VÍB hf.

Efni: Fundur Haraldar Haraldssonar í Andra hf. og SBS mánudaginn 13. desember 1993 kl. 15:00-15:30 vegna þátttöku í útboði hlutabréfa í SR-mjöli hf.

1. HH hefur afhent meðfylgjandi bréf stílað á VÍB vegna þátttöku í útboði hlutabréfa í SR-mjöli hf.

2. Í bréfinu koma ekki fram upplýsingar um þátttakendur með Haraldi Haraldssyni í Andra hf. eða fjárhagslega stöðu þeirra en þeir eru samkvæmt munnlegum upplýsingum hans í samtali við SBS:

OLÍS hf.
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
Sigurður Ágústsson hf. í Stykkishólmi
Einar Oddur Kristjánsson (sem einstaklingur)
Sigurður Einarsson í Eyjum (hugsanlega)
Ólafur Kristjánsson í Nóru í Stykkishólmi (sem einstaklingur)

Fjármögnun munu annast Búnaðarbanki Íslands og Vereins- und Westbank í Hamborg til helminga og er þá átt við endurfjármögnun langtímalána og lán til að kaupa hlutabréfin að hluta. Samkvæmt uppl. HH telur hann að ofangreindir aðilar þurfi að veita tryggingar fyrir a.m.k. „nokkrum hundruðum milljónum króna".

Sjálfur kveðst hann munu selja hlutabréf sín í Stöð 2 (Íslenska útvarpsfélaginu hf.) ef til kaupanna kemur.

Eins og fram kemur í bréfi HH til VÍB hafa ofangreindir bankar ekki fallist á að þeirra verði getið vegna þessa máls.

Kaupandi hyggst stefna að lýsisfullnýtingu verði af kaupum hans á fyrirtækinu. Hann hyggst ennfremur bjóða hlutabréf þess til sölu á almennum markaði eftir að frá kaupum hefði verið gengið.

3. HH lagði ríka áherslu á að ofangreindar upplýsingar væru trúnaðarmál og óskaði þess að SBS kæmi þeim á framfæri beint við sjávarútvegsráðherra. Kvaðst hann hafa kynnt ráðherra málið í símtali um morguninn og fengið vilyrði fyrir því að þessi háttur væri hafður á við að koma upplýsingum á framfæri vegna þess hve viðkvæmar þær eru gagnvart ofangreindum aðilum.

Hjálagt: Bréf HH til VÍB dags. 13. desember 1993.

VÍB
VERÐBRÉFAMARKAÐUR ÍSLANDSBANKA HF.
Ármúla 13a, 155 Reykjavík. Sími 68 15 30. Telefax 68 15 26

Reykjavík 17. desember 1993

Til: Hr. Þorsteins Pálssonar sjávarútvegsráðherra
Frá: Sigurði B. Stefánssyni framkvæmdastjóra VÍB

Afrit sent Árna Kolbeinssyni ráðuneytisstjóra

Efni: Niðurstaða VÍB um þátttöku Haralds Haraldssonar í útboði hlutabréfa í SR-mjöli hf. eftir samtöl við forsvarsmenn OLÍS hf, Sjóvá-Almennra trygginga hf. og Búnaðarbanka Íslands.

1. Niðurstaða VÍB um fjárhagslegan styrk Haralds Haraldssonar og félaga til að kaupa öll hlutabréf í SR-mjöli hf. og tryggja rekstur félagsins áfram:

Með vísan til bréfs VÍB til sjávarútvegsráðherra dags. 14. desember 1993 og á grundvelli meðfylgjandi upplýsinga er ekki hægt að líta svo á að svör sem borist hafa frá Haraldi Haraldssyni við bréfi VÍB dagsettu þann 7. desember 1993 fullnægi þeim skilyrðum sem þar voru sett fram.

Ástæðurnar eru að skilyrðum í 3. lið og 5. lið bréfsins er ekki fullnægt. Rökstuðningurinn er eftirfarandi.

Liður 3: Fjárhagur tilboðsgjafa.
Gerð sé grein fyrir hvernig kaup á hlutabréfum í SR-mjöli hf. verði fjármögnuð, þ.e. hvort ætlunin er að fjármagna þau af eigin fé tilboðsgjafa eða með lánsfé. Fram þarf að koma að tilboðsgjafi hafi fjárhagslegan styrk til að kaupa fyrirtækið allt og tryggja rekstur þess áfram.

Í munnlegum upplýsingum HH til VÍB kemur fram að þátttakendur með honum í hlutabréfakaupum séu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og OLÍS hf. Í svari Búnaðarbankans til VÍB kemur fram að lánveiting bankans (og þar með Vereins- und Westbank) er háð því skilyrði að hlutabréfakaupin séu að mestu leyti fjármögnuð af eigin fé kaupenda. (Sjá gr. 4 og gr. 5 hér á eftir).

Forstjóri Sjóvá-Almennra trygginga hf. hefur staðfest að félag hans komi ekki við sögu við tilboðsgerð HH heldur starfi með öðrum hópi. (Sjá gr. 3 hér á eftir). Forstjóri OLÍS hf. hefur lýst yfir stuðningsvilja og „ótilgreindri fjármögnun" með öðrum hópi en ekki vegna tilboðsgerðar HH. (Sjá gr. 2 hér á eftir).

Líta verður þannig á að Haraldur Haraldsson hafi ekki fjárhagslegan styrk til að kaupa SR-mjöl hf. og tryggja rekstur þess áfram án stuðnings ofannefndra tveggja félaga. Jafnframt yrði ekki fullnægt því skilyrði bankanna tveggja fyrir lánsfjármögnun að hlutabréfakaup væru að mestu leyti af eigin fé tilboðsgjafa.

Liður 5:
Ef kaupin verða fjármögnuð með lántöku að einhverju leyti þarf að gera grein fyrir lánveitanda og þeim tryggingum sem tilboðsgjafi hyggst setja fyrir lántöku sinni.

Ekkert hefur komið fram um þær tryggingar sem tilboðsgjafi hyggst setja fyrir lántöku sinni vegna hlutabréfakaupa - nema að endurfjármögnun langtímalána verði með

tryggingum í eignum SR-mjöls hf. Ekki mun vera nægilegt eigið fé í þeim hópi sem HH stendur fyrir til kaupa á SR-mjöli hf. og tryggja rekstur þess áfram eftir að OLÍS hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. tóku ákvörðun um að vinna með öðrum. Ef af kaupum á hlutabréfum í SR-mjöli hf. yrði af hálfu HH og þessara aðila gæti svo farið að tryggingar fyrir lánsfé yrðu í eignum félagsins sjálfs og/eða fjármögnun af eigin fé félagsins sjálfs.

2. Úr samtali SBS við Einar Benediktsson forstjóra OLÍS hf. þann 16.12.93:

Haraldur Haraldsson hefur kynnt Einari Benediktssyni forstjóra OLÍS hf. áform sín um að kaupa fyrirtækið SR-mjöl hf.

Forstjóri OLÍS sýndi fyrir hönd fyrirtækis málinu almennan áhuga vegna viðskiptalegra hagsmuna. Ekkert formlegt erindi hefur hins vegar borist til OLÍS frá HH vegna kaupa á SR-mjöli hf. og því hefur ekki verið tekin afstaða til þess eða leitað álits eða heimildar hjá stjórn OLÍS. HH hefur aðeins lagt fram munnlegar upplýsingar um áform sín í málinu.

OLÍS hefur staðfest „stuðningsvilja" til þátttöku við kaup hóps útgerðarmanna o.fl. á hlutabréfum í SR-mjöli hf. Um bein kaup á hlutabréfum getur þó ekki verið að ræða. Forstjóri OLÍS hefur í samráði við formann stjórnar OLÍS hf. og varaformann staðfest „óskilgreindan fjárhagsstuðning" við tilboðsgerð með hópi útgerðarmanna þar sem Jónas Aðalsteinsson hrl. er í forsvari.

3. Úr samtali SBS við Einar Sveinsson forstjóra Sjóvá-Almennra trygginga hf. þann 16.12.93:

Haraldur Haraldsson hefur kynnt Einari Sveinssyni forstjóra Sjóvá-Almennra trygginga hf. áform sín um að kaupa fyrirtækið SR-mjöl hf.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. koma ekki við sögu vegna áforma HH nú um kaup á hlutabréfum í SR-mjöli hf. enda vinna forráðamenn þess að undirbúningi tilboðs með hópi útgerðarmanna þar sem Jónas Aðalsteinsson hrl. er í forsvari.

4. Úr samtali SBS við Jakob Ármannsson hjá Búnaðarbanka Íslands þann 16.12.93:

Haraldur Haraldsson hefur leitað til Búnaðarbanka Íslands vegna endurfjármögnunar á langtímalánum SR-mjöls hf. og voru viðræður bankans með því fororði að Vereins- und Westbank fjármagnaði helming lána á móti BÍ. Yrði annar hvor bankinn ekki með tæki hinn ekki þátt heldur. Skilningur bankanna er sá að hlutabréfakaupin yrðu fjármögnuð „að mestu leyti" af eigin fé þriggja aðila (með nokkurn veginn jafna hlutdeild): HH ásamt fleiri einstaklingum, Olís hf. og Sjóvá-Almennra trygginga hf.

5. Eftir fund Jakobs Ármannssonar og SBS bárust eftirfarandi boð frá Búnaðarbanka Íslands:

Búnaðarbanki Íslands staðfestir að bankinn er reiðubúinn að taka þátt í endurfjármögnun allra langtímalána SR-mjöls hf. og fjármögnun hlutabréfakaupa að einhverju leyti ef til kaupa Haralds Haraldssonar og félaga á fyrirtækinu kemur. Lánveiting BÍ er háð því að Vereins- und Westbank í Hamborg veiti sams konar lán til jafns við BÍ, þ.e. að bankarnir tveir takist lánveitingar á hendur að jöfnu.
Lánveitingin er einnig háð því að yfirlýst áform um hlutafjárkaup standi í meginatriðum, þ.e. að þau séu að mestu leyti fjármögnuð af eigin fé kaupenda.
Afurðalán SR-mjöls hf. í höndum nýrra eigenda verða ekki frá Búnaðarbanka Íslands og er það skilyrði bankans fyrir ofangreindri lánveitingu að frá þeim hafi verið gengið með öðrum hætti.

Búnaðarbanki Íslands staðfestir að bankinn er reiðubúinn að taka þátt í endurfjármögnun allra langtímalána SR-mjöls hf. og fjármögnun hlutabréfakaupa að einhverju leyti ef til kaupa Haralds Haraldssonar og félaga á fyrirtækinu kemur. Lánveiting BÍ er háð því að Vereins- und Westbank í Hamborg veiti sams konar lán til jafns við BÍ, þ.e. að bankarnir tveir takist lánveitingar á hendur að jöfnu.
Lánveitingin er einnig háð því að yfirlýst áform um hlutafjárkaup standi í meginatriðum, þ.e. að þau séu að mestu leyti fjármögnuð af eigin fé kaupenda.
Afurðalán SR-mjöls hf. í höndum nýrra eigenda verða ekki frá Búnaðarbanka Íslands og er það skilyrði bankans fyrir ofangreindri lánveitingu að frá þeim hafi verið gengið með öðrum hætti.

Fylgiskjal 8.

SR Mjöl hf

Dags og klst 21.01.1994 13:27

Hluthafaskrá

Kennitala	Nafn	Heimili	Þnr	Staður	Samtals 650.000.000 Nafnverð	125.000.000 Kaupverð peningum	600.000.000 Kaupverð í skuldabréfum	724.999.999 Kaupverð alls	650.000.000 Atkvæða fjöldi	100,00% x-STADF Hlutfall	Athugas
091270-4609	Aðalsteinn Þorvaldsson	Brekkugata 3	730	Reyðarfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
030548-3939	Aldís Kristjánsdóttir	Garðarsvegur 20	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
220145-2909	Andrés Ármannsson	Heiðarvegi 17	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
030845-4639	Andrés Þór Filippusson	Hafnargötu 46	710	Seyðisfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
181157-4299	Anna Lísa Gunnarsdóttir	Lyngmóar 16	210	Garðabæ	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03%	X
030453-2689	Arnar Ingólfsson	Rofabæ 31	110	Reykjavík	150.000	28.846	138.462	167.308	150.000	0,02%	X
240729-4749	Árni H. Sörensen	Aðalbraut 16	675	Raufarhöfn	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03%	X
181038-4279	Árni Pétursson	Vogsholt 9	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
130245-4399	Árni V. Elísson	Túngata 5	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
140169-5119	Bergur hf	Hrauntúni 46	900	Vestmannaeyjar	6.500.000	1.250.000	6.000.000	7.250.000	6.500.000	1,00%	X
240853-5079	Birgitta Pálsdóttir	Eyrargötu 15	580	Siglufjörður	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03%	X
111068-5399	Birna Björnsdóttir	Sjóvarborg	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
240240-4679	Björn Egilsson	Túngata 1	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
241042-3759	Björn Eiríksson	Ársíg 5	710	Seyðisfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
140645-3819	Björn Jónasson	Suðurgata 56	580	Siglufjörður	500.000	96.154	461.538	557.692	500.000	0,08%	X
241086-1299	Björn og Ingvi sf.	Garðarsvegi 2	710	Seyðisfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
180950-4199	Borgþór Jóhannsson	Fjarðarbakka 5	710	Seyðisfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
140475-4279	Bragi Elefsen	Eyrarflöt 1	580	Siglufjörður	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
260269-1969	Bæjarsjóður Siglufjarðar	Gránugötu 24	580	Siglufjörður	90.000	17.308	83.077	100.385	90.000	0,01%	X
151161-3519	Dagrún Magnúsdóttir	Fellsmúli 11	108	Reykjavík	150.000	28.846	138.462	167.308	150.000	0,02%	X
540188-1579	Draupnissjóðurinn hf	Kalkofnsvegi 1	150	Reykjavík	32.500.000	6.250.000	30.000.000	36.250.000	32.500.000	5,00%	X
150373-4099	Eiður Guðmundsson	Leirubakka 7	710	Seyðisfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
420171-0139	Eignarhaldsf. Alþýðubankinn hf.	Kringlunni 7	155	Reykjavík	48.750.000	9.375.000	45.000.000	54.375.000	48.750.000	7,50%	X
220463-2149	Einar Gunnarsson	Teigagerði	730	Reyðarfirði	30.000	5.769	27.692	33.462	30.000	0,00%	X
301241-3869	Eiríkur Guðmundsson	Aðalbraut 48	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
230548-4479	Erla Jónsdóttir	Oddagötu 4 e	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
221030-4869	Erling Ragnarsson	Grænási 2	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
140773-5309	Eva Björk Helgadóttir	Múlavegur 16	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
140773-5309	Eva Björk Helgadóttir	Múlavegur 16	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X

60463-4469	F. Ingi Brynjarsson	Hæðargerði 37	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
20581-0499	Fiskafurðir hf	Skipholti 17	105	Reykjavík	500.000	96.154	461.538	557.692	500.000	0,08%	X
51165-0119	Fiskanes hf	Hafnargötu 17-19	240	Grindavík	13.500.000	2.596.154	12.461.538	15.057.692	13.500.000	2,08%	X
60737-3019	Fríða Sigurðardóttir	Hafnargata 24	580	Siglufjörður	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
01047-4399	Friðrik Hannesson	Laugarvegi 18	580	Siglufjörður	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
80183-0509	Garðar Guðmundsson h.f.	Hlíðarvegi 50	625	Ólafsfirði	11.000.000	2.115.385	10.153.846	12.269.231	11.000.000	1,69%	X
10147-3739	Gestur Halldórsson	Hlíðarvegi 19	580	Siglufjörður	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
120255-2189	Gestur Valgarðsson	Langatangi 5	710	Seyðisfirði	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03%	X
91069-4749	Gísli E. Einarsson	Hæðargerði 12	730	Reyðarfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
60924-4789	Gísli Jóhannesson	Frostaskjóli 11	107	Reykjavík	10.000.000	1.923.077	9.230.769	11.153.846	10.000.000	1,54%	X
70169-0769	Gjögur hf	Tómasarhaga 46	107	Reykjavík	16.250.000	3.125.000	15.000.000	18.125.000	16.250.000	2,50%	X
10389-1129	Gloria s.f.	Hafnargötu 21	230	Keflavík	5.000.000	961.538	4.615.385	5.576.923	5.000.000	0,77%	X
10751-2579	Guðbergur Rúnarsson	Grænuhlíð 22	105	Reykjavík	896.552	172.414	827.586	1.000.000	896.552	0,14%	X
90449-3979	Guðbjörg Björnsdóttir	Suðurgötu 71	580	Siglufjörður	500.000	96.154	461.538	557.692	500.000	0,08%	X
40462-4119	Guðný Árnadóttir	Aratún 20	210	Garðabæ	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
80734-4389	Guðný Stefánsdóttir	Snæfell	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
00179-3719	Gunnar Borg Jónsson	Hæðargerði 39	730	Reyðarfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
80140-3529	Gunnar Ragnarsson	Árbakka 1	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
150638-4379	Gunnar Sigmarsson	Leirubakka 1	710	Seyðisfirði	25.000	4.808	23.077	27.885	25.000	0,00%	X
90950-2639	Gunnar Sverrisson	Botnahlíð 10	710	Seyðisfirði	500.000	96.154	461.538	557.692	500.000	0,08%	X
10135-3169	Gylfi Þorsteinsson	Aðalbraut 60	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
70559-2699	Hafþór Sigurðsson	Aðalbraut 36	675	Raufarhöfn	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03%	X
00331-2149	Halldór Einarsson	Teigagerði	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
60257-4859	Halldór Harðarsson	Botnahlíð 30	710	Seyðisfirði	250.000	48.077	230.769	278.846	250.000	0,04%	X
141257-5959	Hans R. Ragnarsson	Túngötu 12	580	Siglufjörður	25.000	4.808	23.077	27.885	25.000	0,00%	X
00169-1149	Haraldur Böðvarsson h.f.	Bárugötu 8-10	300	Akranes	5.000.000	961.538	4.615.385	5.576.923	5.000.000	0,77%	X
60950-8199	Haukur Halldórsson	Blöndubakka 7	109	Reykjavík	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03%	X
10528-7199	Helgi Hólmsteinsson	Tjarnarholt 11	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
10529-2309	Helgi Ólafsson	Nónási 4	675	Raufarhöfn	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
00363-5699	Hermann Einarsson	Hafnartún 24	580	Siglufjörður	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
120259-3509	Hildur R. Stefánsdóttir	Aðalbraut 36	675	Raufarhöfn	150.000	28.846	138.462	167.308	150.000	0,02%	X
01191-2379	Hlutabréfasjóður Norðurlands	Kaupvangstræti 4	600	Akureyri	1.000.000	192.308	923.077	1.115.385	1.000.000	0,15%	X
30169-2759	Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f.	Eyrarvegi 16	680	Þórshöfn	1.000.000	192.308	923.077	1.115.385	1.000.000	0,15%	X
120436-3419	Hrefna Friðriksdóttir	Ásgata 14	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X

640169-6139	Huginn hf	Geirseyri	900	Vestmannaeyjar	10.000.000	1.923.077	9.230.769	11.153.846	10.000.000	1,54%	X
671274-0919	Húnarðst hf	Austurstræti 6	101	Reykjavík	7.500.000	1.442.308	6.923.077	8.365.385	7.500.000	1,15%	X
270826-2889	Hörður Hermóðsson	Mánagata 16	730	Reyðarfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
081069-5309	Höskuldur Ólafsson	Snæfell	730	Reyðarfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
270240-3219	Ingibjörg Svanbergsdóttir	Leirubakka 7	710	Seyðisfirði	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03%	X
660169-4159	Ingimundur hf	Fiskislóð 137A	101	Reykjavík	16.250.000	3.125.000	15.000.000	18.125.000	16.250.000	2,50%	X
041027-3719	Ingimundur Ingimundarson	Eikjuvogur 6	104	Reykjavík	15.000.000	2.884.615	13.846.154	16.730.769	15.000.000	2,31%	X
260567-5869	Ingvar Jónsson	Hæðargerði 39	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
260134-7799	Ingvi Svavarsson	Garðavegi 2	710	Seyðisfirði	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03%	X
180250-2479	Ísak J. Ólafsson	Heiðarvegur 15	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
501075-1169	Ísleifur hf	Vesturvegi 46	900	Vestmannaeyjar	6.500.000	1.250.000	6.000.000	7.250.000	6.500.000	1,00%	X
050667-3839	Jóhann Björn Jóhannsson	Garðarsvegi 6	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
300329-3499	Jóhann Kristinsson	Grænuási 4	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
020138-2979	Jón Ármann Jónsson	Ársalíð 13	710	Seyðisfirði	250.000	48.077	230.769	278.846	250.000	0,04%	X
030866-4959	Jón Gestsson	Tjarnarholt 6	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
190443-2569	Jón Ingi Ingvarsson	Hæðargerði 39	730	Reyðarfirði	1.000.000	192.308	923.077	1.115.385	1.000.000	0,15%	X
190631-4439	Jón Reynir Magnússon	Grundarlandi 4	108	Reykjavík	250.000	48.077	230.769	278.846	250.000	0,04%	X
260757-5049	Jónbjört Aðalsteinsdóttir	Suðurgötu 2	710	Seyðisfirði	108.888	20.940	100.512	121.452	108.888	0,02%	X
230973-4159	Katrín Sif Þórðardóttir	Eyrargötu 30	580	Siglufjörður	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
610587-1519	Kaupþing Norðurlands	Ráðhústorg 1	600	Akureyri	1.000.000	192.308	923.077	1.115.385	1.000.000	0,15%	X
300158-6179	Kjartan Hreinsson	Stekkjarbrekka 9	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
120335-3599	Klemens Sigtryggsson	Árbakka 5	710	Seyðisfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
411189-1129	Kranabillinn hf.	Ránargötu 2a	710	Seyðisfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
140767-4099	Kristín Einarsdóttir	Fossvegi 19	580	Siglufjörður	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
020641-4289	Kristinn J. Þorkelsson	Aðalgötu 8	580	Siglufjörður	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
091141-7799	Kristján Kristjánsson	Ásgerði 6	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
260653-5989	Kristján Möller	Hafnartúni 14	580	Siglufjörður	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
240456-3469	Kristján Þ. Snædal	Ásgötu 8	675	Raufarhöfn	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
140849-4139	Kristján Örn Ingibergsson	Heiðargerði 82	108	Reykjavík	1.000.000	192.308	923.077	1.115.385	1.000.000	0,15%	X
601076-0209	Langanes hf	Skólagarði 6	640	Húsavík	2.689.656	517.242	2.482.759	3.000.000	2.689.656	0,41%	X
600870-0179	Lífeyrissj. Dagsbr.og Frams.	Suðurlandsbraut 30	108	Reykjavík	6.500.000	1.250.000	6.000.000	7.250.000	6.500.000	1,00%	X
450771-0589	Lífeyrissjóður Austurlands	Egilsbraut 25	740	Neskaupsstað	48.750.000	9.375.000	45.000.000	54.375.000	48.750.000	7,50%	X
430269-5779	Lífeyrissjóður lækna	Egilsgötu 3	101	Reykjavík	6.500.000	1.250.000	6.000.000	7.250.000	6.500.000	1,00%	X
601092-2559	Lífeyrissjóður Norðurlands	Skipagötu 14	600	Akureyri	13.000.000	2.500.000	12.000.000	14.500.000	13.000.000	2,00%	X

0970-0119	Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna	Háaleitisbraut 68	103	Reykjavík	33.000.000	6.346.154	30.461.538	36.807.692	33.000.000	5,08%	X
60673-0119	Lífeyrissjóður sjómanna	Laugavegi 114	150	Reykjavík	32.500.000	6.250.000	30.000.000	36.250.000	32.500.000	5,00%	X
80572-0229	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	Skólavegi 2	900	Vestmannaeyjar	6.500.000	1.250.000	6.000.000	7.250.000	6.500.000	1,00%	X
502694849	Málning hf.	Funahöfði 7	112	Reykjavík	13.448.276	2.586.207	12.413.793	15.000.000	13.448.276	2,07%	X
60269-1649	Miðnes hf	Tjarnargötu 3	245	Sandgerði	15.000.000	2.884.615	13.846.154	16.730.769	15.000.000	2,31%	X
30374-0289	Nes h.f., Grundarfirði, skipafélag	Hafnarhúsi,	101	Reykjavík	9.344.670	1.797.052	8.625.849	10.422.901	9.344.670	1,44%	X
40474-0399	Nesskip hf.	Austurströnd 1	170	Seltjarnarnes	6.724.138	1.293.103	6.206.897	7.500.000	6.724.138	1,03%	X
10570-4339	Njörður Guðmundsson	Leirubakka 7	710	Seyðisfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
60154-2609	Ólafur Kjartansson	Múlavegi 16	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
60154-2609	Ólafur Kjartansson	Múlavegur 16	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
11238-4089	Ólafur Þór Haraldsson	Hlíðarvegi 33	580	Siglufjörður	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
10829-3029	Ólafur Þorsteinsson	Snæfelli	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
50361-4679	Óli Agnarsson	Túngötu 11	580	Siglufjörður	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
00269-4649	Olíufélagið hf.	Suðurlandsbraut 108	108	Reykjavík	4.482.759	862.069	4.137.931	5.000.000	4.482.759	0,69%	X
70156-3079	Ólöf Á. Kristjánsdóttir	Hólavegur 65	580	Siglufjörður	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
30943-7569	Ólöf Markúsdóttir	Hlíðarvegi 19	580	Siglufjörður	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03%	X
90478-4249	Ómar Andrésson	Heiðarvegi 17	730	Reyðarfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
20669-4119	Ómar Trausti Jónsson	Hafnargötu 42H	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
90349-2769	Ósk Svavarsdóttir	Heiðarvegi 17	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
40468-4959	Óskar Andrésson	Garðarsvegi 12	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
01049-4079	Páll Beck	Valhöll	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
41043-4559	Pétur Stefánsson	Eskihvammi 4	200	Kópavogi	13.500.000	2.596.154	12.461.538	15.057.692	13.500.000	2,08%	X
10272-2459	Rafveita Reyðarfjarðar	Búðareyri 7	730	Reyðarfirði	750.000	144.231	692.308	836.538	750.000	0,12%	X
31149-3289	Ragnar Tómasson	Vogsholt 8	675	Raufarhöfn	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
30269-2569	Raufarhafnarhreppur	Aðalbraut 2	675	Raufarhöfn	1.000.000	192.308	923.077	1.115.385	1.000.000	0,15%	X
30269-7019	Reyðarfjarðarhreppur	Austurvegur 1	730	Reyðarfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
30931-3919	Reynir Gunnarsson	Ekra	730	Reyðarfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
11057-5569	Róbert B. Agnarsson	Bjargartanga 3	270	Mosfellsbær	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
50343-4699	Róbert Þorlákson	Aðalbraut 19	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
11033-3669	Rúnar Þ. Stefánsson	Hafnargata 24	580	Siglufjörður	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
60331-2999	Runólfur Hallfreðsson	Krókatúni 9	300	Akranesi	2.000.000	384.615	1.846.154	2.230.769	2.000.000	0,31%	X
10666-3549	Rögnvaldur G. Einarsson	Aðalbraut 16	675	Raufarhöfn	650.000	125.000	600.000	725.000	650.000	0,10%	X
20492-2809	Sameinaði Lífeyrissjóðurinn	Suðurlandsbraut 30	108	Reykjavík	32.500.000	6.250.000	30.000.000	36.250.000	32.500.000	5,00%	X
60269-4559	Seyðisfj.kaupst./Hafnarsjóður	Hafnargötu 44	710	Seyðisfirði	130.000	25.000	120.000	145.000	130.000	0,02%	X

1042-2789	Sigfús Guðlaugsson	Mánagata 1	730	Reyðarfirði	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03% X
0160-2399	Sighvatur Elefsen	Suðurgötu 65	580	Siglufjörður	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03% X
0856-4419	Sigurbjörg Jónsdóttir	Tjarnarholt 7	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X
0371-5159	Sigurjón Pálsson	Hvanneyrarbr.61	580	Siglufjörður	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X
0365-5919	Sigurjón Þ Guðmundsson	Múlavegi 41	710	Seyðisfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02% X
0269-7479	Síldarvinnslan h.f.	Hafnarbraut 6	740	Neskaupstað	5.000.000	961.538	4.615.385	5.576.923	5.000.000	0,77% X
1288-1739	Sjóvá-Almennar tryggingar hf	Kringlan 5	103	Reykjavík	48.750.000	9.375.000	45.000.000	54.375.000	48.750.000	7,50% X
0793-2009	Skálar h.f.	Eyrarvegi 16	680	Þórshöfn	2.000.000	384.615	1.846.154	2.230.769	2.000.000	0,31% X
0446-3329	Skarphéðinn Guðmundsson	Laugarvegi 24	580	Siglufjörður	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02% X
0732-3489	Snorri Jónsson	Suðurgötu 2	710	Seyðisfirði	108.888	20.940	100.512	121.452	108.888	0,02% X
1069-3619	Snorri Sturluson	Aðalbraut 33	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X
0190-1019	Sölbakki hf	Vatnsnesvegi 30	230	Keflavík	15.000.000	2.884.615	13.846.154	16.730.769	15.000.000	2,31% X
0765-8069	Sólveig Samúelsdóttir	Heiðargarður 11a	108	Reykjavík	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X
0194-2719	Starfsmannafélags SR-mjöls hf.		675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X
0859-4869	Stefán Árnason	Botnahlíð 27	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X
0163-4039	Stefán G. Óskarsson	Ásgata 9	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X
0360-2969	Stefán Smári Magnússon	Hafnargötu 16B	710	Seyðisfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02% X
1244-7469	Steingrímur Garðarsson	Fossvegi 35	580	Siglufjörður	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02% X
0234-4349	Steingrímur Kristinsson	Hvanneyrarbr. 80	580	Siglufjörður	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02% X
1240-2239	Sturla Iljalason	Aðalbraut 33a	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X
0988-1029	Súlan hf	Aðalstræti 68	600	Akureyri	2.241.000	430.962	2.068.615	2.499.577	2.241.000	0,34% X
0645-3969	Sveinn Kristjánsson	Bröttuhlíð 4	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X
0750-4619	Sverrir Elefsen	Eyrarflöt 3	580	Siglufjörður	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X
0766-5159	Sævar Harðarson	Heiðargerði 11	730	Reyðarfirði	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03% X
0269-2079	Tryggingamiðstöðin h.f.	Aðalstræti 6-8	101	Reykjavík	8.000.000	1.538.462	7.384.615	8.923.077	8.000.000	1,23% X
1286-1699	Tryggvi Pétursson & Co.	Box 484	121	Reykjavík	500.000	96.154	461.538	557.692	500.000	0,08% X
0371-0149	Ufsaberg hf	Hraunslóð 2	900	Vestmannaeyjar	7.250.000	1.394.231	6.692.308	8.086.538	7.250.000	1,12% X
0387-1539	Ungi h.f.	Heiðarból 4b	230	Keflavík	5.000.000	961.538	4.615.385	5.576.923	5.000.000	0,77% X
0228-2789	Útgerðarfélagið Freyr hf.	Borgartúni 31	105	Reykjavík	12.206.897	2.347.480	11.267.905	13.615.385	12.206.897	1,88% X
0744-2949	Valdimar Bergstað	Kleifarási 13	109	Reykjavík	13.448.276	2.586.207	12.413.793	15.000.000	13.448.276	2,07% X
0982-0459	Valtýr Þorsteinsson h.f.	Bjarmastíg 4	600	Akureyri	13.500.000	2.596.154	12.461.538	15.057.692	13.500.000	2,08% X
0493-2789	Vélaleigan	Bröttuhlíð 8	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X
0493-2789	Vélaleigan hf.	Bröttuhlíð 8	710	Seyðisfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X
0857-2779	Viggó Páhni Jónsson	Lækjargötu 11	580	Siglufjörður	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01% X

110271-5419	Viktor Björnsson	Ártúng 5	710	Seyðisfirði	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
100464-7349	Vilhelm Jónsson	Borgarbraut 9	545	Skagaströnd	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
111045-4889	Þórarinn Stefánsson	Tjarnarholt 7	675	Raufarhöfn	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
231064-4359	Þorbjörg Gunnarsdóttir	Álfheimar 3	104	Reykjavík	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
171265-3559	Þórður Elefsen	Hvanneyrarbr.46	580	Siglufjörður	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
210950-7619	Þórður G. Andersen	Eyrargötu 15	580	Siglufjörður	200.000	38.462	184.615	223.077	200.000	0,03%	X
261042-2239	Þórður Jónsson	Suðurgötu 71	580	Siglufjörður	1.000.000	192.308	923.077	1.115.385	1.000.000	0,15%	X
310839-4429	Þorgeir Hjaltason	Nónás 5	675	Raufarhöfn	500.000	96.154	461.538	557.692	500.000	0,08%	X
170951-4929	Þórhallur Jónasson	Laugarvegi 16	580	Siglufjörður	100.000	19.231	92.308	111.538	100.000	0,02%	X
120369-1909	Þormóður Eyjólfsson h.f	Aðalgötu 15	580	Siglufjörður	5.000.000	961.538	4.615.385	5.576.923	5.000.000	0,77%	X
140194-2149	Þórsmörk hf.	Laugavegur 164	105	Reykjavík	3.000.000	576.923	2.769.231	3.346.154	3.000.000	0,46%	X
530193-2179	Þorvaldur Jónsson, skipam. h.f	Tryggvag. Hafnarh.	101	Reykjavík	5.000.000	961.538	4.615.385	5.576.923	5.000.000	0,77%	X
660566-0159	Þróttur hf	Marargötu 4	240	Grindavík	15.000.000	2.884.615	13.846.154	16.730.769	15.000.000	2,31%	X
571285-0539	Þróunarfélag Íslands hf.	Suðurlandsbraut 24	108	Reykjavík	16.250.000	3.125.000	15.000.000	18.125.000	16.250.000	2,50%	X
011062-2539	Þröstur Bjarnason	Hæðargerði 24	730	Reyðarfirði	50.000	9.615	46.154	55.769	50.000	0,01%	X
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	
					0	0	0	0	0	0,00%	

Fylgiskjal 9.

VÍB

Verð á hlutabréfum í SR-mjöli hf.

ÁÞ/SBS 23.01.94

Rekstur Síldarverksmiðja ríkisins undanfarin ár

Óhætt er að segja að rekstur Síldarverksmiðja ríkisins hafi gengið illa undanfarin ár. Samanlagt tap SR frá árinu 1980 hefur numið um 1.300 m.kr. miðað við verðlag í ágúst 1993. Eins og myndin sýnir hefur afkoman sveiflast mikið milli ára en að meðaltali hefur verið rúmlega 90 m.kr. tap á rekstri SR ár hvert.

Afkoma Síldarverksmiðja ríkisins á verðlagi í ágúst 1993



Níu af fjórtán árum þessa tímabils var félagið rekið með tapi, en hagnaður var af rekstri þess fimm árin. Einungis tvö ár hefur hagnaður verið viðunandi, þ.e. 1980 um 130 m.kr. og 1985 þegar hagnaður nam rúmlega 350 m.kr. á verðlagi í ágúst 1993.
Ef tekið er mið af rekstrarafkomu forvera SR-mjöls hf. má því draga þá ályktun að reksturinn sé afar sveiflukenndur og fyrirtækið ekki mikils virði í ljósi gífurlegs taps liðinna ára. Ríkissjóður þurfti að standa straum af þessu tapi sem eigandi félagsins.

Staða SR-mjöls hf. við stofnun félagsins

Við stofnun SR-mjöls hf. voru eignir félagsins endurmetnar auk þess sem ríkissjóður yfirtók 400 m.kr. af skuldum þess. Við mat á verði hlutabréfa er oft stuðst við verð bréfanna sem hlutfall af innra virði (V/I eða Q-hlutfall) viðkomandi félags en innra virði má túlka sem bókhaldslegt verðmæti félagsins. Í efnahagsreikningi annarra félaga á markaðnum hafa eignir ekki verið endurmetnar né uppfærðar og því er nauðsynlegt að skoða verð hlutabréfanna í SR-mjöli einnig út frá eignamati eins og það var í efnahagsreikningi Síldarverksmiðja ríkisins við starfslok þess.

	Eignir SR-mjöls uppfærðar	Eignir SR-mjöls án endurmats
Hlutafé	650.000	650.000
Eigið fé	1.074.351	424.884
Innra virði	1,65	0,65
Kaupverð	1,12	1,12
V/I hlutfall	68%	172%

Undanfarna mánuði hefur V/I hlutfall þeirra fyrirtækja sem skráð eru á innlendum hlutabréfamarkaði að meðaltali verið rétt um 100%. Eignir þessara félaga eru allar í efnahagsreikningi **án endurmats.** Miðað við þennan mælikvarða á verð hlutabréfa er verðið á hlutbréfum í SR-mjöli því að meðaltali 72% hærra en þeirra fyrirtækja sem skráð eru á íslenskum hlutabréfamarkaði. Jafnframt má nefna að V/I hlutfall nokkurra félaga á markaðnum er um þessar mundir undir 70%. Þar má nefna hlutabréf í Íslandsbanka, Hampiðjunni og Flugleiðum.

Framtíðarhorfur í rekstri SR-mjöls hf.

Eins og áður hefur verið rætt eru miklar sveiflur í rekstri fyrirtækis á borð við SR-mjöl hf. Á hlutabréfamarkaði er áhætta einmitt túlkuð sem sveiflur í verði eða breytileiki frá meðaltali. Kaup á hlutabréfum í SR-mjöli eru því áhættusöm. Raunar er vandfundið það fyrirtæki á innlendum markaði sem er jafn áhættumikið og SR-mjöl hf.

Miðað við spár fiskifræðinga er útlit fyrir að þetta ár og næsta verði hagstætt og loðnuveiðar í hámarki. Fiskifræðingar eru hins vegar jafnframt sannfærðir um að þær sveiflur sem hafa verið í veiðum munu verða áfram og inn á milli munu koma ár þar sem hrun verður á veiðunum.

Við mat á verði hlutabréfa í SR-mjöli er nauðsynlegt að gera einhvers konar spá um afkomu framtíðarinnar enda eru kaupendur félagsins fyrst og fremst að kaupa sér hlutdeild í framtíðarafkomu þess. Dökk mynd fæst ef litið er til baka og rekstur liðinna ára skoðaður. Þótt ekkert bendi til þess að veiðar næstu tíu árin verði með öðrum hætti en árin 1980 til 1993 er umtalsverður rekstrarhagnaður samt sem áður forsenda fyrir verðmæti SR-mjöls sem fyrirtækis.

Við verðmat VÍB á hlutabréfum SR-mjöls hf. var gert ráð fyrir því að rekstur félagsins yrði að standa undir 15-20% ávöxtunarkröfu vegna þeirrar áhættu sem fólgin er í rekstri fyrirtækisins. Umsamið kaupverð var innan þess verðbils sem VÍB taldi eðlilegt. Kaupendur SR-mjöls hafa birt niðurstöður sinna útreikninga og telja þeir að verðið standi undir 15% ávöxtunarkröfu. Í báðum tilfellum er ljóst að gert er ráð fyrir miklum rekstrarbata frá því sem verið hefur á liðnum árum, þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir auknum veiðum að meðaltali næsta áratuginn.

Það er því ótvírætt niðurstaða VÍB að ríkissjóður hafi náð hagstæðum samningi um sölu hlutabréfanna í SR-mjöli hf. Miðað við rekstrarumhverfi og afkomumöguleika SR-mjöls hf. er verðið sem greitt er fyrir hlutabréfin sanngjarnt.

Afkoma Síldarverksmiðja ríkisins frá 1980

Ár	Afkoma Þús. kr.	Á verðlagi í ágúst 93 Þús. kr.	Vísitala
80	6.473	130.526	164
81	(5.632)	(74.799)	249
82	(25.753)	(228.325)	373
83	(82.464)	(407.636)	669
84	2.379	8.790	895
85	126.061	356.616	1169
86	(92.010)	(208.838)	1457
87	(79.168)	(153.015)	1711
88	39.436	61.779	2111
89	(159.831)	(211.424)	2500
90	(157.329)	(180.280)	2886
91	(324.982)	(346.347)	3103
92	(48.124)	(49.455)	3218
93*	3.388	3.388	3307
Samtals	(797.556)	(1.299.021)	
Meðaltal	(56.968)	(92.787)	

* 1.1 - 31.7 1993

1065. Nefndarálit [450. mál]

um frv. til l. um vátryggingastarfsemi.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur í sér verulegar breytingar á gildandi lögum um vátryggingastarfsemi. Breytingar frumvarpsins byggjast annars vegar á reglum EES-samningsins en hins vegar er um að ræða heildarendurskoðun á lagareglum á þessu réttarsviði.

Nefndin fjallaði um frumvarpið samhliða frumvarpi til laga um brunatryggingar, 577. máli, og frumvarpi til laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, 578. máli. Á fund nefndarinnar vegna þessara mála komu Dögg Pálsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Erlendur Lárusson og Rúnar Guðmundsson frá Tryggingaeftirliti ríkisins, Axel Gíslason, Ólafur B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Jóhannes Gunnarsson og Sigríður Arnardóttir frá Neytendasamtökunum, Ingi R. Helgason, forstjóri Brunabótafélags Íslands, Jón G. Tómasson borgarritari og Eyþór Fannberg frá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar, Magnús Axelsson, formaður Húseigendafélagsins, Ari Skúlason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, Ögmundur Jónasson og Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Kristján Jóhannsson, formaður Sambands félaga sumarhúsaeigenda á Íslandi, og Anna Bjarnadóttir, Atli Eðvaldsson, Árni Reynisson, Guðjón Kristbergsson og Gunnar Guðmundsson tryggingamiðlarar. Þá studdist nefndin við umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Árna Reynissyni, Brunabótafélagi Íslands, Gunnari Guðmundssyni, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Ólafi Hauki Johnson, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Tryggingaeftirlitinu, utanríkisráðuneyti, Vátryggingafélagi Íslands hf. og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 27. gr. verði breytt með þeim hætti að staðfesting Vátryggingaeftirlitsins verði ekki beinlínis forsenda þess að breytingar á samþykktum vátryggingafélags öðlist gildi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Talið er að slíkt fortakslaust skilyrði sé of bindandi fyrir félögin, enda þótt eðlilegt sé að Vátryggingaeftirlit fái upplýsingar um þær breytingar sem verða á starfsemi vátryggingafélaga. Því er hér lagt til að slíkar breytingar verði tilkynntar innan viku frá samþykkt þeirra þannig að eftirlitinu gefist tækifæri til að gera athugasemdir við þær innan tveggja mánaða.
2. Breytingar þær, sem lagðar eru til á 56., 62. og 63. gr. eru af sömu rót runnar. Nefndin leggur til að rýmkaður verði réttur vátryggingataka skv. 62. og 63. gr. Í þessum ákvæðum frumvarpsins felst að íslensk lög gildi fortakslaust um þá vátryggingasamninga sem Íslendingar kjósa að gera við erlend vátryggingafélög, en að vátryggingataki geti ekki valið sjálfur hvaða reglur hann kýs að semja um. Nefndin telur þessi skilyrði óeðlilega þröng og að þau hefti jafnt vátryggingataka og vátryggingafélög og séu þannig í andstöðu við grundvallarmarkmið um frelsi á þessu sviði. Því er lagt til að vátryggingataki geti samið um að löggjöf heimaríkis vátryggingafélags gildi um vátryggingasamninginn. Nefndin telur þó mikilvægt að hagsmunir vá-

tryggingataka séu tryggðir, ekki síst þegar um er að ræða samninga á sviði líftrygginga. Því er lagt til að samhliða rýmkun á 62. og 63. gr. verði gert að skilyrði að vátryggingataka hafi verið kynnt ítarlega efni þeirrar löggjafar sem hann kýs að gangast undir. Leitast er við að tryggja það með breytingu sem lögð er til á 56. gr. frumvarpsins sem kveður á um upplýsingaskyldu.

3. Lagt er til að hinn svonefndi „iðrunarréttur", sem kveðið er á um í 60. gr., gildi einungis um líftryggingar sem teknar eru til sex mánaða eða lengri tíma. Með því er komið í veg fyrir hugsanlega misnotkun vátryggingataka, þ.e. að menn taki slíka tryggingu í tengslum við tiltekna tímabundna áhættu, svo sem vegna lífshættulegrar aðgerðar, en segi henni síðan upp innan 30 daga frestsins.
4. Lagt er til að bætt verði við ákvæði til bráðabirgða nýrri málsgrein sem tryggi að unnt verði að framfylgja nauðsynlegu eftirliti stjórnvalda með starfsemi erlendra vátryggingafélaga hér á landi. Fyrir liggur að ákvæði tiltekinna gerða EES-samningsins munu ekki taka gildi á sama tíma í öllum aðildarríkjum samningsins og kunna þá lagareglur, reistar á eldri gerðum, enn að vera í gildi í sumum aðildarríkjum. Með breytingunni, sem hér er lögð til, er komið í veg fyrir að misræmi skapist í framkvæmd eftirlits með vátryggingastarfsemi í samskiptum ríkjanna.

Alþingi, 26. apríl 1994.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Finnur Ingólfsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

1066. Breytingartillögur [450. mál]

við frv. til l. um vátryggingastarfsemi.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Við 27. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Breytingar á samþykktum vátryggingafélags ber að senda Vátryggingaeftirlitinu innan viku frá samþykkt þeirra. Geri Vátryggingaeftirlitið ekki athugasemd við þær breytingar ber félaginu innan tveggja mánaða að senda eftirlitinu dagsett eintak af samþykktunum í heild með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið.
2. Við 56. gr.
   a. Fyrri málsliður fyrri málsgreinar orðist svo: Áður en gengið er frá vátryggingasamningi, og einstaklingur á í hlut, skal vátryggingafélag eða sá sem gerir samninginn fyrir hönd þess gefa vátryggingataka ítarlegar upplýsingar um efni þeirrar löggjafar sem samningsaðilar hyggjast semja um að gildi um samninginn.
   b. Síðari málsgrein orðist svo:
      Val á löggjöf um vátryggingasamning ásamt staðfestingu á að vátryggingataki hafi fengið ítarlegar upplýsingar um efni þeirrar löggjafar skal koma fram í samningnum sjálfum eða í fylgigögnum með honum.

3. Við 60. gr. Á eftir orðinu „líftryggingu“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: til a.m.k. sex mánaða.
4. Við 62. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Vátryggingafélag eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd og vátryggingataki geta þó samið um að löggjöf heimaríkis vátryggingafélagsins gildi um skuldbindinguna, enda heimili löggjöf þess ríkis slíka samninga, sbr. þó 3. og 4. mgr. 61. gr.
5. Við 63. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Vátryggingafélag eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd og vátryggingataki geta þó samið um að löggjöf heimaríkis vátryggingafélagsins gildi um skuldbindinguna, enda heimili löggjöf þess ríkis slíka samninga, sbr. þó 3. og 4. mgr. 61. gr.
6. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heimilt er gagnvart þeim aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki hafa lögfest tilskipanir 92/49/EBE og 92/96/EBE að beita ákvæðum gerða 73/239/EBE, 88/357/EBE, 79/267/EBE og 90/619/EBE, ásamt síðari breytingum, um starfsleyfi og eftirlit með vátryggingastarfsemi.

1067. Nefndarálit [577. mál]

um frv. til l. um brunatryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um að brunatryggingar húseigna verði gefnar frjálsar og að lögbundnar heimildir sveitarfélaga til að semja um eða annast brunatryggingar húseigna, annars vegar í Reykjavík og hins vegar utan Reykjavíkur, verði afnumdar. Breytingar þær, sem felast í frumvarpinu, eru nauðsynlegar vegna samkeppnisreglna EES-samningsins, þ.e. að aðgangur vátryggingafélaga að brunatryggingamarkaði hér á landi verði frjáls og vátryggingatakar sjálfir geti valið það félag sem þeir kjósa að skipta við.

Nefndin fjallaði um frumvarpið samhliða frumvarpi til laga um vátryggingastarfsemi, 450. máli, og frumvarpi til laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, 578. máli. Á fund nefndarinnar vegna framangreindra mála komu Dögg Pálsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisog tryggingamálaráðuneyti, Erlendur Lárusson og Rúnar Guðmundsson frá Tryggingaeftirliti ríkisins, Axel Gíslason, Ólafur B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Ingi R. Helgason, forstjóri Brunabótafélags Íslands, Jón G. Tómasson borgarritari og Eyþór Fannberg frá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar, Magnús Axelsson, formaður Húseigendafélagsins, Ari Skúlason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, Ögmundur Jónasson og Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Kristján Jóhannsson, formaður Sambands félaga sumarhúsaeigenda á Íslandi. Þá studdist nefndin við umsagnir frá borgarstjórn Reykjavíkur, Brunabótafélagi Íslands, Sambandi félaga sumarhúsaeigenda á Íslandi, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samkeppnisstofnun og Tryggingaeftirliti ríkisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að 2. gr. verði breytt þannig að unnt sé að fela annaðhvort dómkvöddum matsmönnum eða Fasteignamati ríkisins virðingu skylduvátryggðra húseigna. Nefndin telur rétt að fleiri en Fasteignamat ríkisins geti annast matið og leggur til að tryggingafélögum verði frjálst að semja við aðra, dómkvadda matsmenn, um að annast þetta mat. Nefndin leggur þó til að kveðið verði á um að virðingin sé gerð á grundvelli matseiningakerfis Fasteignamats ríkisins og að dómkvöddum matsmönnum verði skylt að tilkynna Fasteignamatinu um virðingu. Þannig er tryggt eftirlit með því að allar húseignir í landinu séu á hverjum tíma brunatryggðar.

Enn fremur telur nefndin mikilvægt að eftirfarandi komi fram: Í 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða segir að tekjur sem Reykjavíkurborg kunni að hafa af rekstri Húsatrygginga Reykjavíkur skuli leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi. Nefndin vill leggja áherslu á að skýrt kom fram við umfjöllun um málið að ekki er með því átt við að Húsatryggingar Reykjavíkur geti að óbreyttu haslað sér völl á öðrum tryggingarsviðum en brunatryggingum húseigna. Til að slíkar breytingar kæmu til framkvæmda þyrfti að breyta samþykktum um starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur og endurskoða núgildandi rekstrarleyfi Húsatrygginga. Þá vill nefndin einnig taka fram að þrátt fyrir að frumvarpið geri ráð fyrir að kveðið sé á um framtíð Húsatrygginga Reykjavíkur í ákvæði til bráðabirgða er ákvæðinu ekki markaður tiltekinn gildistími. Ákvæðið mun standa óhaggað svo lengi sem menn kjósa að starfrækja Húsatryggingar Reykjavíkur. Talsverðar umræður urðu í nefndinni um hlutverk fasteignamats, sem skattmats, annars vegar og brunabótamats hins vegar. Nefndin vill leggja áherslu á að grundvöllur fasteignamats húseigna verði ekki hinn sami og grundvöllur brunabótamats og að þessum þáttum verði haldið aðskildum.

Alþingi, 26. apríl 1994.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.
Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Sólveig Pétursdóttir.
Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.

1068. Breytingartillaga [577. mál]

við frv. til l. um brunatryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Við 2. gr. Í stað fyrri málsgreinar komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

Vátryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu. Dómkvaddir matsmenn eða Fasteignamat ríkisins annast virðingu skylduvátryggðra húsa. Þegar dómkvaddir matsmenn sjá um virðingu skulu þeir skila Fasteignamati ríkisins upplýsingum um matið innan 15 daga frá því að mati lauk.

Virðing skal gerð samkvæmt matseiningakerfi Fasteignamats ríkisins. Markmið virðingar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti (brunabótamat) húseignar á þeim tíma er virðing fór fram. Ef annar hvor aðili vill ekki una niðurstöðu virðingar getur hann óskað yfirmats.

1069. Nefndarálit [578. mál]

um frv. til l. um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur í sér að Brunabótafélagi Íslands verði breytt í eignarhaldsfélag er hætti jafnframt beinni vátryggingastarfsemi. Stjórnarfarsleg tengsl félagsins við Alþingi eru rofin og fulltrúaráði félagsins, sem tilnefnt er af þeim sveitarfélögum í landinu er brunatryggja fasteignir hjá félaginu, er fengið fullt forræði yfir félaginu. Frumvarpið er liður í endurskoðun fyrirkomulags á brunatryggingum húseigna hér á landi í tengslum við gildistöku EES-samningsins.

Nefndin fjallaði um málið samhliða frumvarpi til laga um vátryggingastarfsemi, 450. máli, og frumvarpi til laga um brunatryggingar, 577. máli. Á fund nefndarinnar vegna framangreindra mála komu Dögg Pálsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Erlendur Lárusson og Rúnar Guðmundsson frá Tryggingaeftirliti ríkisins, Axel Gíslason, Ólafur B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Ingi R. Helgason, forstjóri Brunabótafélags Íslands, Jón G. Tómasson borgarritari og Eyþór Fannberg frá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar, Magnús Axelsson, formaður Húseigendafélagsins, Ari Skúlason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, Ögmundur Jónasson og Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Kristján Jóhannsson, formaður Sambands félaga sumarhúsaeigenda á Íslandi. Þá studdist nefndin við umsagnir frá Inga R. Helgasyni, forstjóra Brunabótafélags Íslands, og Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1994.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.
Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Sólveig Pétursdóttir.
Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,

1070. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991 til athugunar.

Fyrir nefndina hafa komið fulltrúar fjármálaráðuneytis sem hafa gert grein fyrir uppsetningu reikningsins, og ríkisendurskoðandi sem gerði grein fyrir skýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings vegna endurskoðunar ríkisreiknings 1991.

Í endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1991 er lagt til af hálfu yfirskoðunarmanna að ríkisreikningur verði samþykktur með eftirtöldum breytingum:

1. Að framlag að fjárhæð 1.633.431 þús. kr. til Framkvæmdasjóðs Íslands, fjárlagaliður 01-173, verði ekki samþykkt sem útgjöld ársins 1991 en færist sem framlag í ríkisreikningi ársins 1992.
2. Að færð sé til baka lánveiting Endurlána ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn að fjárhæð 287.336 þús. kr. en á móti lækki ógreidd gjöld um sömu fjárhæð.
3. Niðurstöðutölur reikningsins breytist til samræmis við þetta.

Í áritun Ríkisendurskoðunar í ríkisreikningi fyrir árið 1991 segir m.a.: „Í ríkisreikningi 1991 er framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs Íslands fært til gjalda hjá forsætisráðuneytinu. Þetta er byggt á 13. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1992 sem staðfest voru 24. janúar 1992 og heimila fjármálaráðherra að yfirtaka skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð allt að 1.700 millj. kr. á því ári. Fjármálaráðherra hefur þegar nýtt þessa heimild samkvæmt samkomulagi við Framkvæmdasjóð, dags. 9. mars 1992. Það er álit Ríkisendurskoðunar að færa beri nefnt framlag til gjalda í ríkisreikningi 1992 í stað 1991 og því sýnir rekstrarreikningur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 verri afkomu sem þessu nemur."

Í bréfi fjármálaráðherra og ríkisbókara til forseta Alþingis segir m.a. um ofangreint efni: „Gjalda- og tekjufærslur eru óháðar því hvenær greitt er eða innheimt. Skuldbindingar, sem falla til á fjárhagsárinu, eru færðar til bókunar samkvæmt stöðu verkefna. Þetta á t.d. við vegagerð, hafnagerð og byggingarframkvæmdir, svo og ábyrgðir ríkissjóðs sem augljóslega eru tapaðar. Hvenær bókun á sér stað ræðst þannig af mati á því hvenær til skuldbindinganna er stofnað, en ekki af hinni formlegu afgreiðslu Alþingis. Með þessu telur ráðuneytið að ríkisreikningurinn gefi sem réttasta mynd af efnahag ríkissjóðs á hverjum tíma."

Nefndin hefur fengið á sinn fund fulltrúa fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar þar sem aðilar hafa gert grein fyrir þeim sjónarmiðum er liggja að baki afstöðu þeirra til þessa tiltekna máls. Meiri hluti nefndarinnar telur óviðunandi að slíkur ágreiningur komi upp milli ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar og að reikningsfærslur í ríkisreikningi séu þess vegna óvissu háðar. Mikilvægt er að samræmis sé gætt við færslur á skuldbindingum ríkissjóð. Meiri hlutinn telur mjög mikilvægt að allar athugasemdir yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, er varða reikningsskil ríkisins, verði teknar til gaumgæfilegrar athugunar og ríkisreikningsnefnd taki þær til umfjöllunar.

Samkvæmt lögum er ríkisreikningsnefnd ætlað það hlutverk að vera fjármálaráðherra til ráðuneytis um atriði er varða uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og önnur atriði er hafa meginþýðingu fyrir það reikningslega kerfi er lögum er ætlað að tryggja. Í nefndinni eiga sæti ríkisbókari, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, ríkisendurskoðandi, hagstofustjóri og fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands.

Fyrrverandi fjármálaráðherra ákvað á árinu 1990 að beita sér fyrir heildarendurskoðun á uppgjöri og framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga svo og að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Verkefnið er unnið á vegum ríkisreikningsnefndar. Fjárlaganefnd er kunnugt um að ríkisreikningsnefnd hefur að undanförnu lagt mikla vinnu í þetta verkefni en hefur ekki kynnt niðurstöður fyrir fjárlaganefnd

Í áritun löggiltra endurskoðenda Framkvæmdasjóðs Íslands í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 1991 segir m.a.:

„Í rekstrarreikningi 1991 er fært til tekna framlag frá ríkissjóði að upphæð 1.633 millj. kr. Byggist þetta á heimildarákvæði til fjármálaráðherra samkvæmt lánsfjárlögum sem samþykkt voru 23. janúar 1992 og fjármálaráðherra hefur þegar nýtt sér, sbr. samkomulag við Framkvæmdasjóð, dags. 9. mars 1992. Þar sem ákvörðun um þetta framlag ríkissjóðs lá ekki fyrir á árinu 1991 sýnir rekstrarreikningur Framkvæmdasjóðs betri afkomu sem þessu nemur svo og eigið fé hans í árslok 1991."

Í ljósi athugasemda yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, Ríkisendurskoðunar og löggiltra endurskoðenda Framkvæmdasjóðs Íslands við ríkisreikning ársins 1991 og reikninga Framkvæmdasjóðs telur meiri hlutinn eðlilegt að sama athugasemd fylgi ríkisreikningi 1991. Er með því samræmi milli reiknings Framkvæmdasjóðs og ríkisreiknings, en hvorugum reikningnum breytt. Þá skal tekið fram að ekki er deilt um ábyrgð ríkissjóðs á fjárhag Framkvæmdasjóðs Íslands.

Þá leggja yfirskoðunarmenn ríkisreiknings enn fremur til að færð sé til baka lánveiting Endurlána ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn að fjárhæð 287.336 þús. kr. en á móti lækki ógreidd gjöld um sömu fjárhæð. Er það í samræmi við athugasemdir Ríkisendurskoðunar við fjárlagalið hafnamála.

Í fjárlögum fyrir árin 1992, 1993 og 1994 voru veitt framlög til að mæta afborgunum og fjármagnskostnaði vegna ofangreindrar lántöku.

Að lokinni athugun nefndarinnar á frumvarpinu og með vísun til þess sem segir í nefndaráliti leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1994.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Gunnlaugur Stefánsson.
Árni M. Mathiesen.	Árni Johnsen.	Einar K. Guðfinnsson.

1071. Frumvarp til laga [470. mál]

um Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn.

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

I. KAFLI
Stjórnsýsla.

1. gr.

Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn er sjálfstæð háskólastofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn bókasafnsins til fjögurra ára í senn svo sem hér segir: Tvo að tilnefningu háskólaráðs, einn að tilnefningu samstarfsnefndar Rannsóknaráðs og Vísindaráðs, einn að tilnefningu Bókavarðafélags Íslands og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar einn stjórnarmanna formann og annan varaformann.

Stjórnin markar bókasafninu stefnu, hefur umsjón með gerð starfs- og fjárhagsáætlana safnsins og eftirlit með starfsemi þess.

Forstöðumaður bókasafnsins, landsbókavörður, situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt, svo og einn fulltrúi starfsmanna bókasafnsins.

Menntamálaráðherra ákveður stjórnarmönnum þóknun.

3. gr.

Forseti Íslands skipar landsbókavörð til sex ára í senn samkvæmt tillögu menntamálaráðherra. Landsbókavörður skal skipaður úr hópi þeirra umsækjenda sem stjórn bókasafnsins telur hæfa.

Heimilt er að endurskipa landsbókavörð einu sinni án þess að staðan sé auglýst að fenginni umsögn stjórnar.

Landsbókavörður annast daglegan rekstur og stjórn bókasafnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við. Landsbókavörður skal árlega semja tillögu að starfsáætlun og fjárhagsáætlun bókasafnsins og leggja fyrir stjórn þess.

4. gr.

Landsbókavörður ræður aðstoðarlandsbókavörð til sex ára í senn úr hópi þeirra umsækjenda sem stjórn bókasafnsins telur hæfa. Heimilt er að endurráða aðstoðarlandsbókavörð einu sinni án þess að staðan sé auglýst.

Landsbókavörður ræður jafnframt aðra starfsmenn bókasafnsins.

5. gr.

Í reglugerð skal kveðið á um deildaskiptingu bókasafnsins, svo og um safnráð, er sé samráðsvettvangur yfirmanna bókasafnsins og forstöðumanna deilda.

II. KAFLI
Hlutverk og markmið.

6. gr.

Bókasafnið er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands.

Safnið er rannsóknabókasafn sem skal halda uppi ávirkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs.

7. gr.

Hlutverk bókasafnsins er m.a.:

1. Að viða að sér gögnum í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, skrá þau og búa í hendur notendum.
2. Að þaulsafna íslenskum gögnum, m.a. með viðtöku skylduskila, svo og að afla erlendra gagna er varða íslensk málefni.
3. Að varðveita handritasöfn þau sem stofnað hefur verið til, sbr. 2. mgr. 14. gr., vinna að frekari söfnun og rannsóknum íslenskra handrita og samsvarandi efnis á nýrri miðlum. Hið sama á við um hliðstætt erlent efni sem varðar Ísland.
4. Að tryggja sem best viðhald og varðveislu safnkostsins. Í því skyni skal m.a. starfrækja bókbandsstofu, viðgerðarstofu og myndastofu. Þá skal taka frá eitt eintak af öllu efni sem berst í skylduskilum, undanskilja það allri venjulegri notkun og geyma tryggilega.
5. Að starfrækja bókminjasafn.
6. Að gera skrár um íslenskar bækur, handrit og hljóðrit, svo og eftir atvikum margvíslegar efnisskrár.
7. Að halda uppi rannsóknum á sviði íslenskrar bókfræði og bóksögu og veita upplýsingar um íslenska bókaútgáfu.
8. Að starfrækja landsskrifstofu fyrir alþjóðabóknúmerakerfi og samsvarandi númerakerfi annarra safngagna, eftir því sem stjórn bókasafnsins ákveður.
9. Að gefa safngestum kost á vinnuaðstöðu og sem greiðustum aðgangi að safngögnum.
10. Að leiðbeina notendum bókasafnsins eftir föngum um heimildaöflun og halda uppi fjölþættri upplýsingaþjónustu.
11. Að sinna þörfum kennslu og rannsóknastarfsemi í Háskóla Íslands.
12. Að stuðla að sínu leyti að sjálfstæði og frumkvæði háskólanema í námi.
13. Að veita bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega, stjórnsýslu, rannsókna og hvers konar lista- og menningarmála í landinu.
14. Að starfrækja samskrá bókasafna og láta bókasöfnum í té tölvu- og skráningarþjónustu eftir því sem stjórn bókasafnsins ákveður.
15. Að stuðla að samræmingu starfshátta í íslenskum bókasöfnum, veita þeim faglega ráðgjöf og eiga við þau sem víðtækast samstarf.
16. Að vera landsmiðstöð fyrir millisafnalán.
17. Að taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknabókasafna og upplýsingamála.
18. Að stuðla að fræðslu- og menningarstarfsemi, m.a. með því að standa að fyrirlestrahaldi, sýningum og listviðburðum.

Kveðið skal nánar á um hlutverk bókasafnsins í reglugerð.

III. KAFLI
Fjárhagsmálefni.

8. gr.

Kostnaður við rekstur bókasafnsins greiðist úr ríkissjóði. Þá skal hluti af fjárveitingu til Háskóla Íslands renna árlega til bókasafnsins samkvæmt sérstöku samkomulagi milli bókasafnsins og Háskólans.

Rekstur, endurnýjun og viðhald fasteigna, búnaðar og tækja greiðist úr ríkissjóði og er sérstakur fjárlagaliður.

9. gr.

Heimilt er að bjóða út vissa þætti í starfsemi bókasafnsins, svo sem veitingarekstur, ákveðin verkefni á vegum bókbandsstofu, viðgerðarstofu, myndastofu o.fl.

Stjórn bókasafnsins er einnig heimilt að semja við aðrar stofnanir um að annast ákveðna þjónustu sem bókasafninu er að lögum falið að rækja.

Enn fremur getur bókasafnið með samþykki menntamálaráðuneytis gert samkomulag við aðrar stofnanir um að litið sé á ritakost þeirra sem hluta af íslenskum þjóðbókakosti.

10. gr.

Bókasafninu er heimilt að taka gjald fyrir ákveðna þætti þjónustunnar, svo sem millisafnalán, tölvuleitir, sérfræðilega heimildaþjónustu, fjölföldun hvers konar og úttak tölvugagna. Gjaldskrá vegna þessarar þjónustu skal háð samþykki stjórnar bókasafnsins.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.

Heimilt er að grisja efniskost bókasafnsins og farga eða ráðstafa til annarra aðila því efni sem bókasafnið telur sig ekki lengur þurfa á að halda. Landsbókavörður setur reglur um slíka grisjun að fengnu samþykki stjórnar bókasafnsins.

12. gr.

Menntamálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Í reglugerð skal m.a. mælt fyrir um starfshætti bókasafnsins, starfssvið stjórnenda þess og stjórnarfundi og boðun þeirra. Þá skal nánar kveðið á um form og efnistök umsagna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á reglum bókasafnsins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Bókasafnið skal taka til starfa 1. desember 1994.

Lög um Landsbókasafn Íslands, nr. 38/1969, falla úr gildi 1. desember 1994.

Hinn 1. desember 1994 breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, orðast svo: Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar kjörnir til tveggja ára í senn í skriflegri atkvæðagreiðslu á vegum Félags háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Kjörinn skal einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta árlega. Einnig

eiga setu á fundum ráðsins háskólaritari, landsbókavörður og einn kjörinn fulltrúi starfsmanna í stjórnsýslu Háskólans.

2. Í 1. mgr. 36. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, falla niður orðin „svo sem háskólabókasafni".
3. 7. mgr. 36. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, fellur niður.
4. Í 2. mgr. 8. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, fellur niður orðið „Landsbókasafns". Í þess stað kemur: Landsbókasafns Íslands Háskólabókasafns.

Auk þess eru öll lagaákvæði sem fá ekki samrýmst lögum þessum úr gildi numin.

Ákvæði til bráðabirgða.

14. gr.

Öll störf í Landsbókasafni Íslands og Háskólabókasafni eru lögð niður frá 30. nóvember 1994. Um rétt starfsmanna fer skv. 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954.

Allar bækur, handrit og önnur gögn Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns skulu verða eign Landsbókasafns Íslands Háskólabókasafns hinn 1. desember 1994.

Ákvæði um Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn í lögum um skylduskil til safna, nr. 43/1977, skulu eiga við Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn frá og með 1. desember 1994.

Stofnkostnaður Landsbókasafns Íslands Háskólabókasafns greiðist úr ríkissjóði.

Strax eftir að lög þessi hafa tekið gildi skal stjórn bókasafnsins skipuð. Staða landsbókavarðar skal auglýst laus til umsóknar með fjögurra vikna fyrirvara svo fljótt sem því verður við komið.

Þá skulu stöður annarra starfsmanna safnsins auglýstar lausar til umsóknar við fyrstu hentugleika.

1072. Frumvarp til laga [477. mál]

um Rannsóknarráð Íslands.

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

I. KAFLI

Hlutverk og skipan Rannsóknarráðs Íslands.

1. gr.

Rannsóknarráð Íslands er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Hlutverk þess er að treysta stoðir íslenskrar menningar og atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun.

2. gr.

Rannsóknarráð Íslands skal:

1. Vera ríkisstjórn, Alþingi og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um stefnumörkun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar.
2. Gera árlega tillögur um framlög úr ríkissjóði til vísinda- og tæknimála til þriggja ára.
3. Hafa náið samráð við ráðuneyti er vinna að stefnumótun og fjárlagagerð á sviði vísinda og tækni.

4. Móta úthlutunarstefnu og veita styrki úr þeim sjóðum sem eru í vörslu ráðsins. Þá má fela ráðinu úthlutun styrkja úr öðrum sjóðum og af öðru fé sem ætlað er til rannsókna og skyldra málefna.
5. Annast kynningu á rannsóknarstarfsemi.
6. Annast söfnun og úrvinnslu upplýsinga um rannsóknir og þróunarstarf í landinu, svo sem um mannafla, fjármagn, viðfangsefni og árangur. Ráðið skal hafa náið samstarf við æðri menntastofnanir, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki og stuðla að samræmingu og samstarfi milli þeirra sem vinna að rannsóknum og nýsköpun.
7. Gangast fyrir mati á árangri rannsóknarstarfs með reglulegum hætti og gera tillögur til úrbóta ef það telur starfsemina ófullnægjandi, skipulag eða skilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarsvið vanrækt. Rannsóknir eru ekki gerðar af Rannsóknarráði Íslands.
8. Eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir erlendis og alþjóðastofnanir og fylgjast með þátttöku Íslendinga í fjölþjóðlegu vísindasamstarfi. Ráðið fylgist með og greiðir fyrir rannsóknum erlendra vísindamanna hér á landi og stuðlar að samvinnu íslenskra og erlendra vísindamanna.
9. Beita sér fyrir því í samráði við rannsóknarstofnanir og atvinnulíf að gerðar séu áætlanir um rannsóknir og þróunarstarf.
10. Hafa yfirumsjón með óráðstöfuðu landsvæði og sameiginlegum byggingum og tækjum fyrir rannsóknarstofnanir atvinnuveganna skv. 59. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.
11. Skila árlega skýrslu til menntamálaráðherra um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum í landinu. Skýrslan skal lögð fyrir Alþingi, ásamt greinargerð menntamálaráðherra, til kynningar og umfjöllunar.
12. Sinna öðrum verkefnum er menntamálaráðherra felur ráðinu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar níu einstaklinga í Rannsóknarráð Íslands til þriggja ára:

a. Þrjá samkvæmt tillögum skóla á háskólastigi þar sem rannsóknir eru stundaðar og stofnana á sviði þjóðlegra fræða og Vísindafélags Íslendinga.
b. Þrjá samkvæmt tillögum rannsóknarstofnana atvinnuveganna og annarra rannsóknarstofnana utan verksviðs menntamálaráðuneytis.
c. Þrjá án tilnefningar að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Aðilar er tilnefna menn til setu í Rannsóknarráði Íslands samkvæmt liðum a og b hér að ofan skulu hver tilnefna tiltekinn fjölda einstaklinga samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Menntamálaráðherra skipar þrjá úr hvorum hópi og þrjá sem tilnefndir eru af ríkisstjórn eða alls níu einstaklinga. Við skipun í ráðið skal menntamálaráðherra gæta þess að jafnvægi sé á milli vísinda og tækni og að sjónarmið atvinnulífs komi fram í ráðinu. Þá skipar menntamálaráðherra jafnmarga varamenn úr hópi þeirra sem tilnefndir eru með sama hætti.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna skipuðu, en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Ráðherra ákveður þóknun til þeirra sem sitja í Rannsóknarráði.

II. KAFLI
Starfsemi Rannsóknarráðs Íslands.

4. gr.

Rannsóknarráð Íslands skipar fagráð til tveggja ára í senn á helstu sviðum vísinda og tækni og á öðrum athafnasviðum þjóðlífsins til þess að veita faglega ráðgjöf. Fagráð gera stefnumótandi tillögur til Rannsóknarráðs Íslands um mál sem varða verksvið þeirra og meta vísindalegt og hagnýtt gildi umsókna um styrki úr sjóðum í vörslu ráðsins. Rannsóknarráð ákveður þóknun til þeirra sem sitja í fagráðum.

5. gr.

Rannsóknarráð Íslands ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur skrifstofu ráðsins, fjárreiður og reikningsskil fyrir ráðið og sjóði í vörslu þess. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi og hafa staðgóða þekkingu á rannsóknum, stjórnun og nýsköpun í atvinnulífi.

Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum Rannsóknarráðs. Skrifstofa ráðsins veitir fagráðum og úthlutunarnefndum sjóða nauðsynlega skrifstofuþjónustu.

6. gr.

Rekstrarkostnaður Rannsóknarráðs Íslands greiðist af fjárveitingu í fjárlögum.

7. gr.

Reikningar Rannsóknarráðs Íslands skulu endurskoðaðir árlega af Ríkisendurskoðun.

III. KAFLI
Sjóðir í vörslu Rannsóknarráðs.
1. Vísindasjóður.

8. gr.

Hlutverk Vísindasjóðs er að efla íslenskar vísindarannsóknir. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga til skilgreindra rannsóknarverkefna.

Ráðið getur veitt styrki úr Vísindasjóði til allt að þriggja ára í senn og skulu slík verkefni lúta sérstöku eftirliti ráðsins.

9. gr.

Tekjur Vísindasjóðs eru:

i. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
ii. Fjárframlag skv. 37. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.
iii. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum.
iv. Önnur framlög.

10. gr.

Rannsóknarráð Íslands skipar árlega úthlutunarnefnd fimm sérfróðra einstaklinga til þess að meta umsóknir að fengnum umsögnum fagráða. Þeir skulu hafa víðtæka reynslu af vísindastarfi og hvorki eiga sæti í Rannsóknarráði Íslands né fagráðum þess.

Úthlutunarnefnd leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð Rannsóknarráðs getur veitt ef þurfa þykir. Úthlutunarnefnd gerir tillögur til Rannsóknarráðs um styrkveitingar. Rannsóknarráð ákveður þóknun til þeirra sem sitja í úthlutunarnefnd fyrir Vísindasjóð.

2. Tæknisjóður.

11. gr.

Hlutverk Tæknisjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi með því að efla tækniþekkingu, rannsóknir og þróunarstarf. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn vísindastofnanir, fyrirtæki og einstaklinga til skilgreindra verkefna á sviðum sem Rannsóknarráð Íslands leggur áherslu á.

Ráðið getur veitt styrki úr Tæknisjóði til allt að þriggja ára í senn og skulu slík verkefni lúta sérstöku eftirliti ráðsins.

12. gr.

Tekjur Tæknisjóðs eru:

i. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
ii. Tekjur af einkaleyfum eða endurgreiðslur af styrkjum til verkefna sem notið hafa stuðnings sjóðsins og leitt til arðbærrar framleiðslu.
iii. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum.
iv. Önnur framlög.

13. gr.

Rannsóknarráð Íslands skipar árlega úthlutunarnefnd fimm sérfróðra einstaklinga til þess að meta umsóknir að fengnum umsögnum fagráða. Þeir skulu hafa víðtæka reynslu af rannsóknum og þróunarstarfi og þekkingu á nýsköpun í atvinnulífi. Þeir skulu hvorki eiga sæti í Rannsóknarráði Íslands né fagráðum þess. Úthlutunarnefnd leitar faglegrar ráðgjafar umfram það sem fagráð Rannsóknarráðs getur veitt ef þurfa þykir. Úthlutunarnefnd gerir tillögur til Rannsóknarráðs um styrkveitingar. Rannsóknarráð ákveður þóknun til þeirra sem sitja í úthlutunarnefnd.

3. Bygginga- og tækjasjóður.

14. gr.

Bygginga- og tækjasjóður tekur við hlutverki Byggingarsjóðs rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sbr. 61. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og 19. gr. laga nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Bygginga- og tækjasjóður er í vörslu Rannsóknarráðs Íslands. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði, svo og til þess að byggja eða kaupa húsnæði vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Styrkveitingar úr sjóðnum skulu háðar samþykki menntamálaráðherra.

15. gr.

Tekjur Bygginga- og tækjasjóðs eru:

i. Fjárveitingar í fjárlögum ár hvert.
ii. Einkaleyfisgjald af rekstri peningahappdrætta eða aðrar samsvarandi tekjur.
iii. Önnur framlög.

4. Aðrir sjóðir.

16. gr.

Rannsóknarráð Íslands sér um rekstur Rannsóknarnámssjóðs í umboði stjórnar sjóðsins, sbr. 23. gr.

Fela má Rannsóknarráði Íslands vörslu annarra sjóða sem hafa hlutverki að gegna á starfssviði ráðsins.

Sameiginleg ákvæði um sjóði í vörslu Rannsóknarráðs.

17. gr.

Kostnaður við vísindalegt mat á umsóknum og við störf úthlutunarnefnda skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðanna. Ráðinu er heimilt að kosta úttektir og mat á árangri og frammistöðu í vísinda- og tæknistarfi af ráðstöfunarfé Vísindasjóðs og Tæknisjóðs. Ráðinu er einnig heimilt að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í vísinda- og tæknistarfi af ráðstöfunarfé sjóðanna.

18. gr.

Niðurstöður rannsókna sem kostaðar eru með styrkjum úr Vísindasjóði og Tæknisjóði skulu birtar opinberlega og vera öllum opnar nema um annað sé samið. Heimilt er að fjalla um skilmála fyrir styrkveitingum í reglugerð.

19. gr.

Reikningar Vísindasjóðs, Tæknisjóðs, Bygginga- og tækjasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs, svo og annarra sjóða í vörslu Rannsóknarráðs, skulu endurskoðaðir árlega af Ríkisendurskoðun.

20. gr.

Menntamálaráðherra setur reglur um úthlutanir úr sjóðum í vörslu ráðsins að fengnum tillögum Rannsóknarráðs Íslands. Þar skal m.a. fjallað um meðhöndlun umsókna, styrkveitingar o.fl.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Eignir og skuldbindingar Vísindasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, falla til Vísindasjóðs sem mælt er fyrir um í þessum lögum. Eignir og skuldbindingar Rannsóknasjóðs, er starfað hefur samkvæmt sömu lögum, falla til Tæknisjóðs. Stofndeild Vísindasjóðs verður lögð niður og eignir stofndeildar skal setja í sjóð sem varið verður til kaupa á húsnæði fyrir Rannsóknarráð Íslands og til reksturs fasteigna Vísindasjóðs.

22. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt í samráði við mennta- og rannsóknarstofnanir að setja á stofn tímabundnar stöður prófessora er sinni rannsóknum á sviðum sem talin eru sérstaklega mikilvæg. Rannsóknarráð Íslands og mennta- og rannsóknarstofnanir geta gert tillögur til menntamálaráðherra um að slíkar stöður verði stofnaðar.

Í stöður rannsóknarprófessora skal einungis ráða þá sem hlotið hafa viðurkenningu á alþjóðlegum vettvangi fyrir rannsóknarstörf. Sérstök dómnefnd skal meta hæfni umsækjenda.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um stöður rannsóknarprófessora.

23. gr.

Rannsóknarnámssjóður hefur það hlutverk að veita styrki til rannsóknartengds framhaldsnáms. Tekjur hans eru framlag á fjárlögum ár hvert. Menntamálaráðherra setur reglur um starfsemi sjóðsins.

24. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga.

25. gr.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, svo og 2. mgr. 9. gr., 58. gr., 2. mgr. 59. gr. og 61. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

1073. Frumvarp til laga [614. mál]

um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (VE, GunnS, GHall, ÁRÁ, EKG).

I. KAFLI
Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna.

1. gr.

Setja skal á fót nefnd er hafi það hlutverk að fjalla um álitaefni og ágreining er tengist áhrifum viðskipta með veiðiheimildir á uppgjör á aflahlut sjómanna.

Í nefndinni eiga sæti fimm menn, tveir tilnefndir sameiginlega af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands, tveir tilnefndir sameiginlega af Vinnuveitendasambandi Íslands og Landssambandi íslenskra útvegsmanna og formaður sem sjávarútvegsráðherra skipar að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna.

Samstarfsnefnd ræður starfsfólk eða semur við aðra um að annast starfsemi fyrir nefndina eftir því sem hagkvæmt þykir.

2. gr.

Samstarfsnefnd skal afla ítarlegra gagna um fiskverð, forsendur þess og önnur atriði sem kunna að hafa áhrif á aflahlut sjómanna. Hún skal vinna úr upplýsingunum með skipulegum hætti sundurliðað yfirlit um fiskverð á einstökum landsvæðum. Nefndin skal reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum og sjómönnum sem best.

3. gr.

Þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna, sem standa að tilnefningu samstarfsnefndar skv. 1. gr., geta leitað álits nefndarinnar á ágreiningi og álitamálum er upp koma varðandi áhrif viðskipta með veiðiheimildir á uppgjör á aflahlut enda séu ekki liðnar meira en tólf vikur frá lokum uppgjörstímabils.

Nefndin skal við umfjöllun sína m.a. taka mið af upplýsingum um fiskverð sem safnað hefur verið á hennar vegum, sbr. 2. gr.

Nefndin skal leita upplýsinga hjá viðkomandi útgerð og áhöfn um öll þau atriði er máli kunna að skipta varðandi úrlausn í tilteknu máli. Er skylt að veita nefndinni aðgang að öllum gögnum varðandi uppgjör og forsendur þess, sem og öðrum gögnum er máli geta skipt við úrlausn nefndarinnar.

4. gr.

Samstarfsnefndin skal taka rökstudda afstöðu til þess hvort brotið hafi verið gegn lögum eða samningum að því er varðar uppgjör á aflahlut í einstökum tilvikum. Þá skal hún láta í ljós afstöðu til þess hvort bersýnilega ósanngjörn viðmið séu fyrir ákvörðun fiskverðs í tengslum við viðskipti með veiðiheimildir.

Takist ekki að ná sameiginlegri niðurstöðu ræður afl atkvæða en einstakir nefndarmenn geta gert grein fyrir áliti sínu.

Nefndin skal kappkosta að hraða umfjöllun um einstök ágreiningsefni og leitast við að ljúka þeim eigi síðar en fjórum vikum eftir að álits var óskað.

5. gr.

Nefndin skal gera aðilum grein fyrir niðurstöðum sínum og koma þeim tilmælum til hlutaðeigandi útgerðar og áhafnar að þeir leysi ágreining sinn í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndin skal árlega gefa út útdrátt úr niðurstöðum sínum.

6. gr.

Sé tilmælum nefndar skv. 5. gr. ekki fylgt eða vilji aðili ekki una niðurstöðu nefndarinnar geta þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna, er um ræðir í 1. gr., skotið málinu til gerðardóms skv. 72. gr. sjómannalaga, nr. 35 19. júní 1985, með síðari breytingum, og er samþykki gagnaðila ekki nauðsynlegt í þeim tilvikum.

7. gr.

Nefndarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í störfum sínum.

8. gr.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1994 og gilda til ársloka 1995.

Samstarfsnefnd fjallar um ágreining við uppgjör á aflahlut sjómanna eftir gildistöku laganna.

II. KAFLI
Lög um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, nr. 24 7. maí 1986, með síðari breytingum.

10. gr.

Aftan við 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla í þessu sambandi kostnað við kaup á veiðiheimildum.

11. gr.

Við lögin bætist ný grein, 18. gr., er orðast svo:

Brot á 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með brot á þessu ákvæði skal fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Dagana 2.–5. janúar sl. hófst vinnustöðvun á öllum fiskiskipaflota landsmanna utan Vestfjarða. Deilan snerist fyrst og fremst um áhrif þau sem viðskipti með aflaheimildir geta haft á skiptakjör sjómanna en einnig var fjallað um gerð sérkjarasamninga varðandi tilteknar veiðar. Deilan reyndist óvenjulega flókin. Reyndu stjórnvöld ítrekað að koma skriði á viðræður samningsaðila en þær sigldu jafnharðan í strand. Var svo komið föstudaginn 14. janúar að ríkissáttasemjari taldi engar horfur á lausn vinnudeilunnar í bráð. Greip ríkisstjórnin þá til setningar bráðabirgðalaga til að koma í veg fyrir frekari stöðvun fiskiskipaflotans. Skyldi sjávarútvegsráðherra skv. 1. gr. þeirra skipa nefnd þriggja manna. Skyldi nefndin gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Var nefndinni falið að skila tillögum sínum sem fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 1994. Nefndin var skipuð 14. janúar og áttu sæti í henni ráðuneytisstjórarnir Árni Kolbeinsson, Ólafur Davíðsson og Þorkell Helgason. Nefndin skilaði tillögum sínum 20. janúar. Var þar lagt til að komið verði á fót skipulögðum tilboðsmarkaði til að annast viðskipti með það aflamark sem flutt er milli fiskiskipa. Jafnframt lagði nefndin til nokkrar breytingar á gildandi lögum um stjórn fiskveiða og því frumvarpi til breytinga á þeim lögum sem nú liggur fyrir Alþingi. Tillögur nefndarinnar voru sendar sjávarútvegsnefnd og hagsmunasamtökum í sjávarútvegi til umsagnar. Hlutu þær dræmar undirtektir. Ljóst er af þeim viðbrögðum að tilboðsmarkaður fyrir aflamark getur ekki orðið ásættanleg lausn á þeim vanda sem upp er kominn. Meiri hluti sjávarútvegsnefndar hefur því ákveðið að flytja frumvarp til laga um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og breytingar á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Er með þessu frumvarpi reynt að bregðast við þeim vanda sem þátttaka sjómanna í kvótakaupum hefur skapað með öðrum hætti.

Í I. kafla er lagt til að fest verði í lög ákvæði um samstarfsnefnd útvegsmanna og sjómanna er fjalli um álitaefni og ágreining er tengist áhrifum viðskipta með veiðiheimildir á uppgjör á aflahlut sjómanna en það var einmitt samstarfsnefnd af þessu tagi sem deiluaðilar voru að reyna að ná samkomulagi um áður en upp úr samningaviðræðum slitnaði í janúarmánuði sl. Nefndinni er einnig ætlað að afla upplýsinga, vinna úr þeim með skipulögðum hætti og birta upplýsingar um fiskverð. Fram hafa komið ábendingar frá Fiskifélagi Íslands um að félagið hafi yfir að ráða aðgangi að þessum upplýsingum og lýsir það sig reiðubúið til samstarfs við nefndina, sbr. fskj. III.

Í II. kafla eru lagðar til breytingar á lögum um skiptakjör og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins þar sem bann er lagt við að draga kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum frá heildaraflaverðmæti við skipti. Jafnframt eru lagðar við sektir ef út af er brugðið. Loks tengjast þessu máli nokkrar breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er þrengja möguleika til að misnota viðskipti með aflamark. Ber þar sérstaklega að geta eftirtalinna atriða:

— Lagt er til að brott verði fellt úr frumvarpinu ákvæði um að heimilt sé að framselja aflahlutdeild til fiskvinnslustöðva.
— Lagt er bann við því að flytja aflamark til skips ef meira en 15% aflamarks af sömu tegund hafa verið flutt af skipinu á fiskveiðiárinu og öfugt.
— Lagt er til að ef skip notar ekki 50% eða meira af aflamarki sínu tvö ár í röð falli bæði aflahlutdeild og veiðileyfi þess niður.

— Lagt er til að bannað verði að flytja til skips aflamark sem bersýnilega er umfram veiðigetu þess.

Eins og að framan er rakið snerust samningaviðræður sjómanna og útvegsmanna í janúar sl. fyrst og fremst um að finna samstarfsvettvang til að fjalla um ágreining eða álitaefni varðandi framkvæmd kjarasamninga, einkum þau er vörðuðu áhrif viðskipta með aflaheimildir á skiptakjör. Var þessi samstarfsvettvangur nefndur ýmsum nöfnum í viðræðum aðila, svo sem álitsnefnd og kærunefnd, en í frumvarpi þessu er lagt til að hann verði kallaður samstarfsnefnd. Skiptust aðilar á hugmyndum um skipulag og verkefni þessa samstarfsvettvangs og eru síðustu hugmyndir þeirra dagsettar 11. janúar. Eru hugmyndir útvegsmanna birtar sem fskj. I en hugmyndir sjómanna sem fskj. II. Ekki náðu aðilar saman en með frumvarpi þessu er leitast við að lögfesta þær meginhugmyndir er í umræðunni voru.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í hugmyndum útvegsmanna og sjómanna var gengið út frá því að nefndin hefði vítt verksvið og hefði eftirlit með framkvæmd kjarasamninga að því er varðar uppgjör á aflahlut og fjallaði um ágreiningsmál þar að lútandi. Í frumvarpinu er þetta verksvið þrengt og bundið við álitamál og ágreining er varða áhrif viðskipta með veiðiheimildir á aflahlut sjómanna.

Gert var ráð fyrir fimm manna nefnd í hugmyndum útvegsmanna og sjómanna þannig að tveir væru tilnefndir af hvorum aðila og er frumvarpið miðað við þá skipan mála. Í tillögum útvegsmanna er gert ráð fyrir að formaðurinn sé aðeins fundarstjóri en hafi ekki oddamannshlutverk. Sjómenn ætluðu formanni hins vegar oddastöðu. Í frumvarpi er gert ráð fyrir að formaður starfi að fullu með nefndinni og hafi þar alltaf oddastöðu í samræmi við hugmyndir sjómanna.

Með orðinu álitaefni í 1. mgr. er vísað til þess að ekki sé nauðsynlegt að um afmarkað ágreiningsefni sé að ræða. Slíkan almennan ágreining yrði þó ekki hægt að bera fyrir gerðardóm síðar meir skv. 6. gr.

Gert er ráð fyrir að aðilar sjái sjálfir um að nefndinni sé komið á fót að öðru leyti en því að ráðherra skipi formann. Ekkert er því til fyrirstöðu að svo oft sé skipt um nefndarmenn sem tilnefnendur kjósa.

Í 2. mgr. kemur fram að þartilgreind heildarsamtök tilnefni menn í nefndina. Vera þeirra í nefndinni er því óhjákvæmilega tengd þeim hagsmunum sem samtök þeirra berjast fyrir. Sérstakt hæfi þeirra skoðist í þessu ljósi. Gengið er út frá því að oddamaður sé hlutlaus og sjálfstæður gagnvart tilgreindum samtökum. Sérstakt hæfi hans er metið í ljósi þess.

Eðlilegt er að formaður nefndarinnar stýri störfum hennar og komi fram út á við, t.d. varðandi öflun upplýsinga.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lögð sú skylda á nefndina að leita viðeigandi upplýsinga, vinna úr þeim með skipulögðum hætti og birta upplýsingar um fiskverð. Í lögum nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, eru lagðar margvíslegar hömlur á skráningu og vinnslu upplýsinga með skipulögðum hætti. Orðalag 2. gr. felur í sér að þar sem þörf er á ganga ákvæði laga þessara framar ákvæðum tilvitnaðra laga frá 1989. Ekki er í ákvæðinu að finna leiðbeiningu um hverra gagna skuli aflað að öðru leyti en því að þau

skuli varða atriði sem kunna að hafa áhrif á aflahlut sjómanna. Þetta verður þó að skoða í ljósi þess hvert hlutverk nefndarinnar er, sbr. einkum 1. og 3. gr.

Um 3. gr.

Í tillögum útvegsmanna og sjómanna var miðað við að félög sjómanna og útvegsmanna gætu skotið málum til nefndarinnar. Í frumvarpinu er kæruaðildin hins vegar bundin við sérstaklega tilgreind heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna. Með gagnályktun frá 3. gr. sést að einstaklingar geta ekki átt aðild að ágreinings- eða álitamálum sem rekin eru fyrir nefndinni.

Þá er gert ráð fyrir sérstökum tólf vikna kærufresti frá lokum uppgjörstímabils. Þótt ekki sé heimilt að skjóta máli til nefndarinnar eftir tólf vikna frestinn þýðir það að sjálfsögðu ekki að réttur til að reka málið á öðrum vettvangi tapist.

Samkvæmt 2. mgr. skal nefndin m.a. taka mið af þeim upplýsingum um fiskverð sem hún hefur safnað. Þannig verður mælikvarði á ósanngirni, sem kveðið er á um í 4. gr., almennur en ekki miðaður út frá þröngum dæmum sem borin yrðu inn á borð nefndarinnar hverju sinni.

Um 4. gr.

Þegar nefndin tekur afstöðu í tilteknu álitamáli ber henni að sjálfsögðu fyrst að líta til þess hvort beinlínis hafi verið brotið gegn lögum eða samningum að því er varðar uppgjör á aflahlut. Er í því sambandi sérstaklega bent á ákvæði II. kafla frumvarpsins til breytinga á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun. Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. er nefndinni í þessu sambandi einnig ætlað að meta hvort þau viðmið, sem notuð eru við ákvörðun fiskverðs í tengslum við viðskipti með aflaheimildir, leiði bersýnilega til ósanngjarnrar niðurstöðu varðandi aflahlut sjómanna.

Afstaða nefndarinnar til ágreinings hverju sinni skal rökstudd til að tryggja leiðbeiningargildi niðurstöðunnar. Niðurstaðan þarf því að vera skrifleg en óþarft er að taka það sérstaklega fram þar sem þetta leiðir af sjálfu sér, sbr. og ákvæði 5. gr.

Þótt orðalag 1. mgr. sé almennt verður að hafa í huga að nefndinni er ekki ætlað að vera úrlausnaraðili um aðrar deilur en þær sem varða áhrif viðskipta með veiðiheimildir á uppgjör á aflahlut sjómanna, sbr. 1. og 3. gr.

Um 5. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að nefndin kveði upp bindandi úrskurð frekar en gert var ráð fyrir í hugmyndum sjómanna og útvegsmanna. Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að hvor aðili um sig geti skotið máli einhliða til gerðardóms skv. 72. gr. sjómannalaga en samþykki beggja málsaðila er ella forsenda þess að sá gerðardómur fjalli um mál. Tilgangur þessarar greinar er að opna heildarsamtökum fljótvirka leið til að fá bindandi úrlausn í ágreiningsmálum. Með henni er að sjálfsögðu ekki hróflað við rétti aðila til að leita úrskurðar dómstóla á ágreiningi sínum. Niðurstaða slíks gerðardóms mundi í þessum tilvikum eingöngu varða þau atriði sem nefndin hefur samkvæmt lögum þessum heimild til að taka afstöðu til.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Lagt er til að kostnaður af störfum samstarfsnefndar greiðist úr ríkissjóði. Í því felst að sjálfsögðu ekki opin heimild til ríkisútgjalda heldur verða þau að vera innan þeirra marka sem fjárveitingar setja hverju sinni. Í fjáraukalögum, sem lögð verða fyrir Alþingi næsta haust, verður sótt um fjárveitingu til að standa undir kostnaði af störfum nefndarinnar.

Um 9. gr.

Lagt er til að lögin gildi til ársloka 1995. Þess er að sjálfsögðu að vænta að ráðherra muni beita sér fyrir breytingu á þessu fyrirkomulagi ef aðilar koma sér saman um aðra skipan fyrir þann tíma. Ekki er gert ráð fyrir að lögin verði afturvirk og er nefndinni því falið að fjalla um ágreining við uppgjör á aflahlut vegna veiða eftir gildistöku laganna. Málskotsréttur til gerðardóms er bundinn sömu tímatakmörkunum.

Um 10. gr.

Lagt er til að lögfest verði bann við því að heimilt verði að draga kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum frá heildarverðmæti afla áður en til hlutaskipta kemur. Í þessu banni felst einnig bann við fyrir fram samkomulagi milli útvegsmanna og sjómanna um kostnaðarþátttöku af þessu tagi, m.a. í því formi að þeir síðarnefndu leggi fjármuni í sérstaka sjóði til að taka síðar þátt í kaupum útgerðarfyrirtækja á aflamarki. Er hér í reynd verið að lögfesta þau ákvæði er um þetta hafa gilt í kjarasamningum Sjómannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, sbr. eftirfarandi yfirlýsingu samningsaðila um þetta efni, dags. 26. apríl 1992:

„Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað, vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum, frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað.

Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín á milli með aflaheimildir, né samninga áhafna og einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð."

Með þessu lagaákvæði er ekki verið að hrófla við þeim takmörkuðu möguleikum til framsals aflaheimilda sem lög um stjórn fiskveiða leyfa. Samhliða er lagt til að í lögum um stjórn fiskveiða verði gerðar verulegar breytingar til að hindra að viðskipti með aflamark verði misnotuð þannig að bersýnilega ósanngjörn viðmið séu notuð sem grundvöllur skiptakjara í tengslum við viðskipti með aflaheimildir.

Um 11. og 12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Hugmyndir útvegsmanna um kærunefnd sem fram komu í samningaviðræðunum.

(Frá Landsambandi íslenskra útvegsmanna.)

Landssamband íslenskra útvegsmanna og Vinnuveitendasamband Íslands annars vegar og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands hins vegar skipi tvo menn hvor í kærunefnd. Sjávarútvegsráðherra skipi nefndinni formann sem stýri starfi hennar en greiði ekki atkvæði.

Kærunefndin hafi það meginhlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd kjarasamnings útvegsmanna og sjómanna frá gildistöku samnings þessa að því er varðar uppgjör á aflahlut og láti í ljós rökstudda niðurstöðu sína samkvæmt því sem nánar segir hér á eftir.

Einungis félög útvegsmanna og sjómanna geta skotið málum til nefndarinnar og leitað álits á því hvort tiltekin framkvæmd samræmist ákvæðum kjarasamninga og laga.

Komi fram ósk um athugun á því hvort uppgjör á tilteknu skipi sé í samræmi við samninga og lög skal nefndin leita upplýsinga hlutaðeigandi útvegsmanns og eftir atvikum trúnaðarmanns áhafnar. Er þeim skylt að veita nefndinni allar upplýsingar um uppgjör og forsendur þess enda hafi málið verið kært til nefndarinnar eigi síðar en átta vikum eftir lok uppgjörstímabils.

Nefndarmenn skulu gæta þagmælsku um allt það sem þeir komast að í störfum sínum en niðurstaða nefndarinnar á kæruefni skal liggja fyrir svo fljótt sem verða má og eigi síðar en fjórum vikum eftir að erindi berst nefndinni. Nefndin skal árlega gefa út til kynningar útdrátt úr niðurstöðum sínum.

Telji nefndin að ekki hafi verið farið að lögum eða samningum í einstökum tilvikum skal hún gera báðum aðilum grein fyrir því. Nefndin skal freista þess að leysa ágreining milli áhafnar og útgerðar svo fjótt sem kostur er í samræmi við niðurstöður sínar. Vilji annar hvor málsaðila ekki una niðurstöðu kærunefndar mæla samningsaðilar með því að ágreiningnum verði skotið til gerðardóms, skv. 72. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, séu hlutaðeigandi málsaðilar því sammála en ella til almennra dómstóla.

Við það er miðað að kærunefndin geti látið í ljós rökstudda afstöðu til þess hvort óeðlileg viðmið séu fyrir ákvörðun fiskverðs í skiptum skyldra aðila eða þegar veidd er aflaheimild annars skips. Til þess að undirbúa þennan þátt í starfi kærunefndar verður skipulögð upplýsingasöfnun um fiskverð og forsendur þess og önnur þau atriði sem áhrif hafa á aflahlut sjómanna hjá einstökum útgerðum.

Fiskifélag Íslands, eða öðrum aðila sem nefndin verður sammála um, verði falin söfnun, úrvinnsla og birting upplýsinga um fiskverð í beinum viðskiptum og á fiskmörkuðum til skipta og þau atriði önnur í samskiptum kaupenda og seljenda sem áhrif geta haft á aflahlut sjómanna. Inn í þessar upplýsingar verði ekki tekin verð sem orðið hafa til við viðskipti með leigðar aflaheimildir. Í þessu efni verði m.a. litið til mismunandi stærðar og gæða fisks, mismunandi aðstæðna á einstökum landssvæðum og dreifingar fiskverðs frá meðaltali í einstökum flokkum og annað það sem getur haft mótandi áhrif á ákvörðun fiskverðs. Þessar upplýsingar verði á því formi að þær geti orðið sjómönnum og útvegsmönnum gagnleg leiðbeining í umræðum um fiskverð. Verði niðurstaða nefndarinnar í einstöku máli sú að gert hafi verið upp við áhöfn með óeðlilegu fráviki frá því sem almennt gerist miðað við hlutaðeigandi aðstæður skal hún beina því til viðkomandi

útgerðar að endurskoða fiskverð til skipta í samráði við áhöfn. Aðilar skuldbinda sig til þess að láta málsaðila ekki gjalda þess að mál þeirra komi til meðferðar hjá nefndinni.

Fylgiskjal II.

Hugmyndir sjómanna um kærunefnd sem fram komu í samningaviðræðunum.

(Frá Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.)

Landssamband íslenskra útvegsmanna og Vinnuveitendasamband Íslands annars vegar og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands hins vegar skipi tvo menn hvor í kærunefnd. Þjóðhagsstofnun skipi oddamann í nefndina sem sé formaður hennar og stýri störfum hennar.

Kærunefndin hafi það meginhlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd kjarasamnings útvegsmanna og sjómanna að því er varðar uppgjör á aflahlut og að leysa ágreining sem upp kann að koma milli áhafna og útgerðar í þessu efni.

Einungis félög útvegsmanna og sjómanna geta skotið málum til nefndarinnar og fengið niðurstöðu um það hvort tiltekin framkvæmd samræmist ákvæðum kjarasamninga og laga.

Komi fram ósk um athugun á því hvort uppgjör á tilteknu skipi sé í samræmi við samninga og lög skal nefndin leita upplýsinga hjá hlutaðeigandi útvegsmanni og eftir atvikum trúnaðarmanni áhafnar og er þeim skylt að veita nefndinni allar þær upplýsingar um uppgjör og forsendur þess sem hún óskar eftir.

Nefndarmenn skulu gæta þagmælsku um allt það sem þeir komast að í störfum sínum en álit nefndarinnar á kæruefni skal liggja fyrir svo fljótt sem verða má og eigi síðar en fjórum vikum eftir að erindi berst nefndinni. Nefndin skal árlega gefa út til kynningar yfirlit yfir niðurstöður sínar.

Telji nefndin að ekki hafi verið farið að lögum eða samningum í einstökum tilvikum skal hún gera báðum aðilum grein fyrir því. Nefndin skal kappkosta að leysa ágreining milli áhafnar og útgerðar svo fjótt sem kostur er. Afskipti nefndarinnar hindra þó ekki að málsaðilar leiti með ágreining sinn til dómstóla eða sérstaks gerðardóms skv. 72. gr. sjómannalaga.

Við það er miðað að kærunefndin látið í ljós rökstudda afstöðu til þess hvort óeðlileg viðmið séu fyrir ákvörðun heildaraflaverðmætis, sbr. gr. 1.24 í samningi SSÍ og LÍÚ og gr. 1.09 í samningi FFSÍ, VSFÍ og LÍÚ. Til þess að undirbúa þennan þátt í starfi kærunefndar verður skipulögð upplýsingasöfnun um fiskverð og forsendur þess. Verði ágreiningur milli aðila um hæsta gangverð skal þá miða við síðasta skráða landsmeðaltal Fiskifélags Íslands á innlendu fiskverði.

Leitað verði eftir samvinnu við Fiskifélag Íslands um söfnun og úrvinnslu upplýsinga um aflaverð og þau atriði önnur í samskiptum kaupenda og seljenda sem áhrif hafa á aflahlut sjómanna. Í þessu efni verði litið til þeirra þátta sem geta haft mótandi áhrif á ákvörðun fiskverðs. Inn í þessar upplýsingar verði ekki teknar verðviðmiðanir sem orðið hafa til við viðskipti með keyptar eða leigðar fiskveiðiheimildir. Þessar upplýsingar

verði unnar með sem minnstri tímatöf og í því formi að þær geti orðið sjómönnum og útvegsmönnum gagnleg leiðbeining í umræðum um fiskverð. Á grundvelli þessara upplýsinga getur kærunefnd látið í ljós mat á því hvort í einstökum tilvikum felist óeðlilegt frávik frá því sem talist geti eðlilegt skiptaverð miðað við hlutaðeigandi aðstæður. Aðilar skuldbinda sig til þess að láta hvorki einstaka sjómenn, áhafnir eða útgerð gjalda þess að mál þeirra komi til meðferðar hjá nefndinni.

Fylgiskjal III.

Umsögn Fiskifélags Íslands.
(20. apríl 1994.)

Fiskifélagi Íslands er kunnugt um að til umfjöllunar er hjá háttvirtri sjávarútvegsnefnd frumvarp til laga um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að nefndin safni ítarlegum gögnum um fiskverð og forsendur þess svo og að hún vinni úr þessum upplýsingum yfirlit og birti upplýsingar um fiskverð.

Vegna þessa vill Fiskifélag Íslands vekja athygli nefndarinnar á að Fiskifélagið hefur yfir að ráða aðgangi að þessum upplýsingum nú þegar og lítið þarf til viðbótar svo hægt sé að uppfylla þær kröfur sem undirrituðum sýnist að gerðar séu í nefndu frumvarpi. Má nefna að í lögum um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla frá 1989 er mörkuðunum gert skylt að senda Fiskifélaginu daglega yfirlit yfir selt magn, kaupendur og verð (5. gr.). Þá hefur félagið safnað skýrslum um fiskafla og verðmæti hans í yfir áttatíu ár og er nefndinni fullkunnugt um það starf. Einnig má benda á að í minnisblöðum sjómanna og útvegsmanna frá 11. janúar sl. úr karphúsinu er Fiskifélagið nefnt sem aðili er hefði með höndum þessa starfsemi, svo vitnað sé í minnisblað SSÍ, FFSÍ og VSFÍ „Leitað verði eftir samvinnu við Fiskifélag Íslands um söfnun og úrvinnslu upplýsinga um aflaverð, og þau atriði önnur í samskiptum kaupenda og seljenda sem áhrif hafa á aflahlut sjómanna.“ Enn fremur í minnisblaði LÍÚ „Fiskifélag Íslands, eða öðrum aðila sem nefndin verður sammála um verði falin söfnun, úrvinnsla og birting upplýsinga um fiskverð í beinum viðskiptum og á fiskmörkuðum til skipta og þau atriði önnur í samskiptum kaupenda og seljenda sem áhrif geta haft á aflahlut sjómanna.“

Í ljósi ofanritaðs vill Fiskifélagið bjóða fram starfskrafta sína og er reiðubúið til að vinna fyrir nefndina. Nú er mikið rætt um tvíverknað og þess háttar svo og sparnað í ríkisrekstri og telur undirritaður verulegt hagræði af því fyrir ríkið að samið yrði við Fiskifélagið um slíkt. Enn frekari rök fyrir slíkum samningum eru að allir þessir aðilar sem skipa í nefndina eru með aðild að Fiskifélaginu utan VSÍ. Þó skal tekið fram að Fiskifélagið sækist ekki eftir að eiga fulltrúa í nefndinni eða að koma fram fyrir hennar hönd.

Undirritaður er tilbúinn til að veita háttvirtri sjávarútvegsnefnd frekari upplýsingar um Fiskifélagið og starfsemi þess ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Fiskifélags Íslands,
Bjarni Kr. Grímsson fiskimálastjóri.

1074. Frumvarp til laga [579. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til, þar með talinn útflutning landbúnaðarvara.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 40. gr. laga nr. 99/1993 kemur ný málsgrein er verður 4. mgr., svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að semja við Stéttarsamband bænda um önnur fráviksmörk greiðslumarks en um getur í 3. mgr. fyrir landsvæði eða einstök lögbýli þar sem sérstök ástæða þykir til gróðurverndar eða uppgræðsluaðgerða að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Enn fremur vegna framleiðenda sem náð hafa 67 ára aldri eða hafa skerta starfsgetu vegna örorku. Þá er í slíkum samningi heimilt að ákveða að efri mörk greiðslumarks séu mishá eftir landsvæðum. Jafnframt er í samningnum heimilt að ákveða að framleiðendur, sem hætta sauðfjárframleiðslu, geti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum haldið beinum greiðslum samkvæmt greiðslumarki lögbýlisins til verðlagsársins 1997–98.

3. gr.

G-liður ákvæða til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Fram til 31. ágúst 1995 getur landbúnaðarráðherra heimilað innheimtu sérstaks verðskerðingargjalds af sláturafurðum sauðfjár og nautgripa til viðbótar gjaldi skv. 20. gr. laga þessara. Gjald þetta dregst af verði til framleiðenda. Það má að hámarki nema 5% af afurðaverði til framleiðenda og skal eingöngu varið til markaðsaðgerða utan lands. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um innheimtu og ráðstöfun gjalds þessa.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1075. Lög [242. mál]

um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 280.

1076. Þingsályktun [529. mál]

um fullgildingu Torremolinos-bókunarinnar frá 1993 við Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa, 1977.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 828.

1077. Þingsályktun [541. mál]

um fullgildingu samnings um opna lofthelgi.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 849.

1078. Frumvarp til laga [532. mál]

um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að því að orka sé notuð með skynsamlegum og hagkvæmum hætti með því að tryggja að neytendur hafi greiðan aðgang að samræmdum upplýsingum um orkunotkun og hávaðamengun heimilistækja og annað er varðar rekstur þeirra.

2. gr.

Lög þessi taka til merkinga og staðlaðra upplýsinga um heimilistæki og tæki eða búnað til hitunar húsnæðis og upphitunar á vatni sem kveðið skal á um í reglugerð.

Lögin taka ekki til endursölu notaðra tækja og búnaðar.

3. gr.

Framleiðandi, fulltrúi hans eða sá er markaðssetur vöru, hér eftir nefndur birgðasali, skal láta neytendum í té upplýsingar varðandi orkunotkun og orkunýtni og hávaða tækja og búnaðar sem seld eru, leigð, boðin til sölu eða leigu. Upplýsingar þessar skulu vera á íslensku og þær ber að finna á merkimiðum og á sérstökum upplýsingablöðum. Upplýsingablað skal fylgja öllum kynningarritum fyrir vörurnar.

Birgðasala og seljanda er skylt að vekja athygli neytenda á fyrrgreindum upplýsingum.

4. gr.

Birgðasali skal taka saman tæknileg gögn sem leggja má til grundvallar við mat á upplýsingum þeim sem greint er frá á merkingum og upplýsingablaði.

Slíkar upplýsingar skulu hafa að geyma:

1. Almenna vörulýsingu.
2. Niðurstöður útreikninga varðandi hönnun ef við á.
3. Prófunarskýrslur þegar þær eru til, þar með taldar skýrslur um prófanir sem tilnefndir aðilar hafa framkvæmt í samræmi við aðra löggjöf.
4. Ofangreindar upplýsingar um svipaðar gerðir tækja ef tölulegar niðurstöður miðast við þær.
5. Lýsingu á mælingum og könnunum á hávaða.

Birgðasali skal hafa þessi gögn til reiðu vegna skoðunar í fimm ár frá því tækið var síðast framleitt.

5. gr.

Birgðasali ber ábyrgð á því að upplýsingar á merkimiðum og upplýsingablöðum, sem hann lætur í té, séu réttar.

Óheimilar eru merkingar sem samrýmast hvorki ákvæðum þessara laga né reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

6. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Ráðherra getur falið öðrum aðilum að annast eftirlit með því að ákvæðum laga þessara og reglugerða sé fylgt. Þeir aðilar eru hér eftir nefndir eftirlitsaðilar.

7. gr.

Ef ástæða er til að ætla að upplýsingar, sem veittar hafa verið, séu rangar er eftirlitsaðilum, sbr. 6. gr., heimilt að krefja birgðasala eða seljendur um gögn sem nauðsynleg eru við eftirlit. Jafnframt er þeim heimilt að krefjast þess að eintak vöru og umbúða verði lagt fram til skoðunar.

8. gr.

Iðnaðarráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að birgðasali skuli bera kostnað af eftirliti og skoðun og setja sérstaka gjaldskrá er það varðar.

Nánari reglur um kæru ákvarðana eftirlitsaðila er heimilt að kveða á um í reglugerð.

9. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum sem renna í ríkissjóð. Um meðferð slíkra brota fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1079. Frumvarp til laga [389. mál]

um sölu notaðra ökutækja.

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

I. KAFLI
Heimild til að hafa með höndum sölu á notuðum ökutækjum.

1. gr.

Lög þessi gilda um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja sem fram fer í atvinnuskyni. Þau gilda ekki um nauðungarsölu notaðra ökutækja.

2. gr.

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess sérstakt leyfi sýslumanns í viðkomandi umdæmi.

3. gr.

Leyfi skv. 2. gr. skal veitt til fimm ára í senn og verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Eru búsettir á Íslandi.
2. Hafa náð tuttugu ára aldri.
3. Eru fjárráða og hafa forræði á búi sínu.
4. Hafa lagt fram skilríki því til sönnunar að þeir hafi gilda tryggingu sem bætir viðskiptavinum tjón er þeir kunna að verða fyrir vegna ásetnings eða gáleysis bifreiðasala. Trygging þessi getur verið fólgin í ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, bankatryggingu eða annars konar tryggingum sem sýslumaður metur gildar. Tryggingarfjárhæð, innan hvers tryggingartímabils, skal nema að hámarki 20 millj. kr. Að gengnum fullnaðardómi eða að gerðri réttarsátt um vanefnd og þegar ljóst er að seljandi getur ekki efnt skyldu sína samkvæmt dóminum eða sáttinni skal kaupanda greitt af tryggingarfénu. Nánari ákvæði um tryggingarskylduna, lágmarksfjárhæð, lágmarksskilmála og gildissvið tryggingarinnar og hverjir geti veitt tryggingu skulu sett í reglugerð. Í henni má einnig kveða á um hækkun tryggingarfjárhæðarinnar til samræmis við almenna verðlagsþróun í landinu.
5. Hafa sótt námskeið og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð sem ráðherra ákveður. Kostnað vegna námskeiða og prófa skal greiða með kennslu- og prófgjöldum er viðskiptaráðuneytið ákveður. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því.

Meiri hluti stjórnarmanna lögaðila skulu fullnægja skilyrðum 1.–3. tölul. 1. mgr. Þó eru stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, undanþegnir búsetuskilyrðum 1. tölul. Ráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins eða yfirmaður viðkomandi starfsemi innan þess skal fullnægja skilyrðum 1.–3. og 5. tölul. 1. mgr.

4. gr.

Bifreiðasali skal afla upplýsinga, sem staðfestar skulu skriflega af seljanda, um akstur og ástand skráningarskylds ökutækis, svo og annarra þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Gögn þessi skal bifreiðasali varðveita í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.

Þá skal fylgja vottorð úr ökutækjaskrá sem sýnir ótvírætt að seljandi sé eigandi þess ökutækis sem selt er eða hafi umboð til sölunnar. Bifreiðasali skal staðfesta að fullnægjandi ástandslýsing, sbr. 1. mgr., fylgi ökutæki og einnig skal hann staðreyna upplýsingar um eiganda ökutækis og hvort veðbönd hvíli á ökutækinu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla fyrir um þær lágmarksupplýsingar sem lagðar skulu fram við sölu notaðra ökutækja og fram eiga að koma í kaupsamningi og afsali vegna sölu notaðra ökutækja.

II. KAFLI
Réttindi og skyldur bifreiðasala.

5. gr.

Bifreiðasali skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Bifreiðasali ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við sölu ökutækja sem hefði hann sjálfur framkvæmt þau. Bifreiðasali skal, áður en gengið er frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda með sannanlegum hætti frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis, svo sem faggilta skoðunarstofu eða faggilt skoðunarverkstæði. Slíkt mat skal gert á kostnað kaupanda nema um annað verði samið.

Hafi bifreiðasali ástæðu til að ætla að ástandi ökutækis sé ábótavant ber honum að vekja athygli kaupanda á þeim annmarka.

6. gr.

Bifreiðasali skal annast um að endanlega sé gengið frá kaupsamningi, afsali og öðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn hans svo að eigi verði um villst.

Bifreiðasali skal ábyrgjast að tilkynning um eigendaskipti sé send ökutækjaskrá án tafar.

7. gr.

Hyggist bifreiðasali, fyrirtæki er hann starfar við eða aðrir starfsmenn við sölu notaðs ökutækis selja eigið ökutæki eða kaupa ökutæki sem þessum aðila hefur verið falið að annast sölu á og skal þá viðskiptamanni kynnt það sérstaklega og þess jafnframt getið í kaupsamningi. Sama gildir um maka og náin skyldmenni bifreiðasala eða starfsmanna við söluna.

8. gr.

Þeim einum er rétt að nefna sig bifreiðasala sem fengið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Niðurfelling leyfis.
9. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi ef skilyrðum laganna er ekki lengur fullnægt. Ber þá að skila leyfisbréfi til sýslumanns.

Eftirlit með starfsemi bifreiðasala er í höndum sýslumanna.

IV. KAFLI
Viðurlög og gildistaka.
10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku laga þessara stunda sölu notaðra ökutækja, sem lögin taka til, skulu sækja um leyfi til sýslumanns innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Að níu mánuðum liðnum frá gildistöku laganna er með öllu óheimilt að stunda sölu notaðra ökutækja í atvinnuskyni án leyfis þar að lútandi.

1080. Svar [593. mál]

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um framlög Iðnlánasjóðs.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Til hverra ráðstafaði Iðnlánasjóður af tekjum sínum af iðnlánasjóðsgjaldi 1992, til hvers voru framlögin ætluð og hve mikið fengu þeir hver um sig?

Óskað er eftir samsvarandi upplýsingum fyrir árin 1990 og 1991, sem og síðasta ár, 1993.

Eins og fram kemur í ársreikningum Iðnlánasjóðs (athugasemdum) er framlögum skipt í þrjá höfuðflokka: 1. Framlag til markaðsmála. 2. Lánum breytt í framlög vegna vöruþróunar og markaðsmála. 3. Framlag til hagrannsókna. (Sjá skiptingu eftir flokkum fyrir árin 1990–1993.)

1. Framlag til markaðsmála.

Þessi flokkur hefur að geyma styrki til markaðsmála til einstakra fyrirtækja og samstarfsverkefna þar sem Iðnlánasjóður er þátttakandi. Meðal samstarfsverkefna má nefna verkefni á sviði vöruþróunar í samvinnu við Iðntæknistofnun, Frumkvæði>Framkvæmd sem rekið er í samvinnu við Iðntæknistofnun og Snjallræði þar sem Iðnþróunarsjóður og iðnaðarráðuneyti koma einnig við sögu. Þá hefur verkefnið Útflutningsaukning & hagvöxtur verið rekið í samvinnu við Útflutningsráð allar götur frá árinu 1990.

Árið 1990 nutu alls um 80 aðilar styrkja samtals að upphæð 50,6 millj. kr., árið 1991 44 aðilar 31,6 millj. kr., árið 1992 40 aðilar 33,1 millj. kr. og 1993 65 aðilar 41,3 millj. kr.

Tiltölulega jöfn skipting er á dreifingu styrkja og engin einn aðili hefur notið meira en 10% af heildarstyrkjum.

Frá árinu 1990 hafa 48 fyrirtæki tekið þátt í verkefninu Frumkvæði>Framkvæmd. Á sama tíma hafa 36 fyrirtæki tekið þátt í Útflutningsaukning & hagvöxtur og 25 fyrirtæki í sérstökum vöruþróunarverkefnum.

2. Lánum breytt í framlög vegna vöruþróunar og markaðsmála.

Þau lán sem vöruþróunar- og markaðsdeild veitir eru áhættulán. Lánum vegna verkefna sem ekki heppnast, með öðrum orðum að vara vinnur sér ekki markaðsfestu, er breytt í óafturkræfan styrk.

Árið 1990 var lánum vegna 13 verkefna breytt í óafturkræfan styrk, samtals 37,4 millj. kr., árið 1991 vegna 24 verkefna að upphæð 79,9 millj. kr., árið 1992 vegna 18 verkefna, samtals 58,1 millj. kr. og 1993 vegna 9 verkefna eða 19,3 millj. kr.

3. Framlag til hagrannsókna.

Undir þessum lið eru færð framlög Iðnlánasjóðs samkvæmt sérstöku ákvæði í lögum um sjóðinn en þar segir: „Verja skal 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi frá 1. janúar 1968 til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Stjórn sjóðsins ráðstafar þessu fé í samráði við Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna."

Þessi framlög hafa verið greidd beint til Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna þeim til ráðstöfunar.

Iðnlánasjóður, vöruþróunar- og markaðsdeild.
(Framlög í þús. kr.)

	1993	1992	1991	1990
Framlag til markaðsmála	41.331	33.056	31.621	50.648
Lánum breytt í framlög vegna vöruþróunar og markaðsmála	19.252	58.062	79.598	37.444
Framlag til hagrannsókna	18.015	15.500	3.016	2.792
Samtals	**78.598**	**106.618**	**114.236**	**90.884**

1081. Skýrsla [615. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1993.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1993, urðu sem hér segir.

	1993 m kr.	1992 m kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.	956,1	1073,7
Ferjubryggjur.	10,0	11,1
Hafnarframkvæmdir, sem ekki eru ríkisstyrktar.	180,4	332,3
Samtals	1.146,5	1.417,0

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, og sérstakur kafli um rannsóknir á vegum Hafnamálastofnunar.

RÍKISSTYRKTAR HAFNARFRAMKVÆMDIR.

Akranes.

Unnið var að undirbúningi að endurbyggingu Faxabryggju. Upphaflega hafði verið áætlað að bjóða út stálþil á vesturhlið bryggjunnar, en þeirri áætlun var breytt og gengið frá hönnun og útboði á fyllingu austan bryggjunnar. Samið var við lægstbjóðanda, sem var Suðurverk hf. Verkið hófst í desember og gert ráð fyrir að því ljúki í mars 1994. Uppgjöri við verktaka vegna skaðabótakröfu frá því að unnið var við Aðalhafnargarðinn var lokið með sátt.

Framkvæmdakostnaður: 7,2 millj.

Borgarnes.

Engar framkvæmdir.

Arnarstapi.

Vegna stöðugs sandburðar að bryggjunni á Arnarstapa var dýpkað meðfram henni í ár eins og á undanförnum árum. Bjarni Vigfússon verktaki, annaðist þetta verk í umsjá Hafnamálastofnunar.

Gengið var frá tölvutengingu á hafnarvog og var það fjármagnað af óskiptri fjárveitingu.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 millj.

Rifshöfn.

Lokið var við síðasta hluta þekjusteypu á stálþil í austurhöfninni. Heimamenn sáu um þetta verk, en eftir var að steypa um 125 m².

Dýpkun smábátahafnar var boðin út og samið við Bjarna Vigfússon um dýpkunina og grjótvörn á fláa. Dýpkaðir voru 6.000 m³ og grjótvörn var alls 3.560 m³.

Sjósetningarenna var smíðuð og samið við Breiða hf að undangengnu útboði um að steypa 5 m breiða og 30 m langa rennu meðfram trébryggjunni í smábátahöfninni.

Að endingu var sett út flotbryggja. Verkið var boðið út og samið við Breiða hf um steypu á landstöpli, en Króli hf setti upp 38 m langa steypta flotbryggju úr tveimur einingum, 18 og 20 m.

Innsiglingarljósin á enda grjótgarðsins á Rifinu voru endurnýjuð og auk þess var Töskuviti sólorkuvæddur, en sú framkvæmd var kostuð af óskiptri fjárveitingu.

Framkvæmdakostnaður: 15,6 millj.

Ólafsvík.

Lokið var við að styrkja harðviðarbryggjuna. Verkið var unnið af heimamönnum undir stjórn verkstjóra frá Hafnamálastofnun.

Um 400 m³ af grjóti voru settir í skarð sem kom í grjótvörnina á Norðurgarði seinni hluta vetrar. Friðgeir Hjaltalín vann þetta verk samkvæmt samningi.

Tjónastyrkur: 1,0 millj.

Framkvæmdakostnaður: 6,6 millj.

Grundarfjörður.

Samið var við Sveinbjörn Runólfsson sf um að dýpka við Norðurgarð til að bæta viðlegu efst við bryggjuna. Sveinbjörn notaði vökvafleyg, sem settur var á gröfu á pramma við verkið. Fleygaðir voru og grafnir upp um 2.000 m³ af klöpp. Svæðið var tvískipt annars vegar átti að dýpka niður á 6.0 m dýpi og hins vegar á 3.5 m dýpi. Gengið var frá pollum og þybbum. Við þetta lengdist viðlegan um ca. 25 m fyrir togara og báta.

Gera þurfti við grjótvörn á Norðurgarði vegna tjóns, sem á honum varð seinni hluta vetrar. Verkið var unnið af Friðgeiri Hjaltalín. Settir voru um 300 m³ af grjóti í garðinn.

Tjónastyrkur: 0,7 millj.

Framkvæmdakostnaður: 16,3 millj.

Stykkishólmur.

Unnið var að dýpkun á um 2.200 m² svæði austan steinbryggju, samkvæmt samningi frá fyrra ári við Friðgeir Hjaltalín. Borað var og sprengt í gegnum fyllingu. Efnið, sem upp kom, alls um 6.800 m³, var sett undir tengibraut sem liggur frá Bólverki að vegi út í Súgandisey. Verkinu lauk í maí. Dýpi eftir dýpkun er -2.5 m.

Slitlag (klæðning) var lögð á 7 m breiða tengibraut frá Bólverki að ferjubrú við Súgandisey, alls um 6.100 m². Einnig var gengið frá 1.000 m af kantsteini meðfram veginum. Borgarverk hf vann þetta verk. Að lokum voru settir upp ljósastaurar og gengið frá lýsingu á leiðinni að ferjulæginu. Löndunarkrani var keyptur, en ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um staðsetningu á honum.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 20,4 millj.

Reykhólahöfn.

Engar framkvæmdir.

Brjánslækur.

Ekki tókst að ljúka frágangi á ferjuaðstöðu, samkvæmt samningi við Tréverk hf á Bíldudal frá 1992. Enn er eftir að ljúka við lítilsháttar lagfæringar og úrbætur á verkinu.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj.

Patreksfjörður.

Á Patreksfirði var unnið við ljósamasturs- og vatnshús. Húsið var steypt upp og gengið frá rafmagnshlutanum, en vatnshlutinn er fokheldur. Lokafrágangur hússins fylgir svo þekjusteypu og lagnavinnu, sem gert er ráð fyrir að verði unnin á næsta ári.

Framkvæmdakostnaður: 2,2 millj.

Tálknafjörður.

Unnið var að dýpkun í smábátahöfn. Samið var við Stakkafell hf frá Patreksfirði, sem var lægstbjóðandi, um verkið. Alls voru fjarlægðir um 7.500 m^3 úr höfninni.

Samið var um smíði á flotbryggjum við Trésmiðjuna Eik hf. Sett voru niður fjögur flot og er bryggjan 37 m löng. Einnig var steyptur landstöpull og settur upp landgangur. Smíðaður var nýr landgangur á eldri flotbryggju.

Framkvæmdakostnaður: 8,7 millj.

Bíldudalur.

Smíðuð var trébryggja meðfram landi við botn hafnarinnar. Bryggjan er 30 metra löng og 7 m breið með viðlegudýpi 4,5 m. Fyrir ofan bryggjuna var steypt 8 m breið þekja, alls um 240 m^2. Verkið var unnið frá apríl til júlí undir stjórn verkstjóra frá Hafnamálastofnun.

Ennfremur voru lagðar vatnslagnir út á bryggjuna. Gengið var frá lýsingu þannig að kastari var settur í eldra mastur og settur upp staur með lýsingu við vesturenda bryggjunnar. Mannvirkið er nú fullfrágengið.

Framkvæmdakostnaður: 15,9 millj.

Þingeyri.

Engar framkvæmdir.

Flateyri.

Engar framkvæmdir.

Suðureyri.

Hafnarvog var keypt en ekki sett upp.

Framkvæmdakostnaður: 2,5 millj.

Bolungarvík.

Lokið var við byggingu síðari áfanga brimvarnargarðs við Brjót. Verkið var boðið út í árslok 1991 og þá var samið við lægstbjóðanda, Gunnar og Guðmund sf. Fyrri hluta verksins lauk í nóvember 1992. Vinna hófst á ný í maí og var verkinu að fullu lokið í nóvember. Í síðari áfanganum voru fluttir í garðinn 111.000 m^3 af grjóti og kjarna, eða alls um 195.400 m^3 bæði árin.

Framkvæmdakostnaður: 97,1 millj.

Ísafjörður.

Samið var við Mjölni hf í Bolungarvík um að ljúka dýpkun sem fyrri verktaki lauk ekki við 1992. Verkið var unnið frá september til nóvember 1993 og var alls dýpkað um 16.600 m^3.

Lokið var við frágang á kantbita frá fyrra ári.

Trésmiðjan í Hnífsdal var verktaki við þekjusteypu í Sundahöfn. Alls voru steyptir um 1.920 m^2. Einnig var byggð spennistöð fyrir hafnarsvæðið í Sundahöfn og tekin í það bráðabirgðaheimtaug.

Hafnarvog var sett upp utan við gömlu vogina og sáu Póllinn hf og Trésmiðjan í Hnífsdal um það verk. Unnið var að hönnun raflagna og verkið boðið út.

Deiliskipulag og pallvog voru styrkt af óskiptu fé.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 43,0 millj.

Súðavík.

Unnið var að undirbúningi að raflögnum á allt hafnarsvæðið og gengið frá dýptarmælingu.

Framkvæmdakostnaður: 0,3 millj.

Norðurfjörður.

Fjármagnskostnaður: 3,3 millj.

Drangsnes.

Engar framkvæmdir.

Hólmavík.

Haldið var áfram við byggingu vigtarhúss, en ný hafnarvog hafði verið keypt á árinu 1991. Framkvæmdum við húsið er nú lokið.

Á hafnarbryggju var steypt þekja og gengið frá lögnum við kant, en stálþilið var rekið árið 1982. Verkið var boðið út og samið við Ásmund Vermundsson. Steypt var 1.040 m^2 þekja og gengið frá vatns- og raflögnum frá masturshúsi að brunnum við kant.

Framkvæmdakostnaður: 8,0 millj.

Hvammstangi.

Keyptur var löndunarkrani. Einnig var keypt krókvog og fjárveiting til hennar tekin af óskiptri fjárveitingu.

Framkvæmdakostnaður: 1,3 millj.

Blönduós.

Unnið var að byggingu brimvarnargarðs samkvæmt samningi við V. Brynjólfsson. Um 55.000 m^3 af grjóti og kjarna eru komnir i garðinn, en það samsvarar um 58 % af verkinu. Efnið er tekið á tveimur stöðum. Kjarni í landi Ennis, sem er einungis um 1 km frá verkstað, en stærra grjót er unnið í landi Hólabaks í um 26 km fjarlægð. Unnið var frá febrúar til nóvember 1993. Verkinu lýkur 1994.

Framkvæmdakostnaður: 73,4 millj.

Skagaströnd.

Unnið var að frágangi á athafnasvæði á Vesturgarði. Einn ljósastaur var settur upp við löndunarkrana á Bræðslubryggju.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 2,3 millj.

Sauðárkrókur.

Á Sauðárkróki var keypt og rekið stálþil á svokölluðu Syðra plani.. Tilboð voru opnuð í lok apríl og reyndist Hagvirki Klettur vera með hagstæðasta tilboðið kr. 26,9 millj. Bryggjan stendur um 60 m út frá landinu og er um 24 m breið með steyptum kanti og pollum. Ljósamastурshús var steypt upp og gengið frá lýsingu í það. Eftir er að ganga frá lögnum og steypa þekju.

Samið var við Hagvirki Klett um viðbótarverk, sem fólst í dýpkun við nyrðri hlið bryggjunnar í 6.5 m dýpi. Við syðri hliðina, sem snýr inn í smábátahöfnina er um 4.0 m dýpi. Alls voru fjarlægðir um 24.500 m^3. Verkið hófst um miðjan júní og lokaúttekt fór fram í nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 69,9 millj.

Hofsós.

Þekjan á Árgarði var lagfærð vegna lítilsháttar tjóns sem varð snemma á árinu

Framkvæmdakostnaður: 0,2 millj.

Haganesvík.

Engar framkvæmdir.

Siglufjörður.

Unnið var við raflagnir og lýsingu á Ingvarsbryggju. Boðið var út ljósamasturs- og vatnshús og samið við Sigurð Konráðsson um smíðina. Keypt ljósamastur frá Sandblæstri og Málmhúðun Akureyri. Rafbær sf á Siglufirði annaðist raflögn í húsið, gerð rafmagnstöflu og uppsetningu bryggjulýsingar.

Framkvæmdakostnaður: 3,3 millj.

Hafnasamlag Eyjafjarðar

Ólafsfjörður: Samið var við Valfell hf úr Reykjavík um rekstur stálþils og smíði kantbita og ljósamastурshúss að undangengnu útboði. Gerður var samningur um rekstur stálþils á Árskógssandi samhliða þessu verki og var verkkaupi Hafnasamlag Eyjafjarðar. Stálþilið er við svokallaðan Þvergarð og myndar það um 80 m langa og 24 m breiða bryggju út frá Norðurgarði. Verkinu lauk að mestu á árinu, en þó var eftir að ganga endanlega frá fyllingu.

Gömlu steinbryggjuna þurfti að rífa til að skapa rými innan við Þvergarðinn og var samið við Tréver hf á Ólafsfirði um verkið. Því lauk ekki á árinu.

Í júlí dýpkaði Björgun hf samkvæmt samningi alls 28.450 m^3 og var tekið mest allt laust efni á dýpkunarsvæðinu með dælingu. Í október var samið við Valfell hf að fjarlægja um 15.000 m^3 með dragskóflu og ljúka þar með nauðsynlegri dýpkun vegna nýja stálþilsins við Þvergarð. Um áramót var talið að um 3.000 m^3 væru komnir á land. Verklok eru áætluð á næsta ári.

Dalvík: Ákveðið var að bjóða út smíði síðasta mastурshússins af þremur á Suðurgarði. Það var gert og samþykkt að ganga til samninga við lægsbjóðanda Tréverk hf á Dalvík. Verkið verður unnið á næsta ári.

Árskógssandur/Hauganes: Samið var við Valfell hf um rekstur 50 stálþils í framhaldi af eldra þili. Samningur þessi var gerður af Hafnasamlagi Eyjafjarðar samhliða samningi um rekstur stálþils á Ólafsfirði. Þilið var að mestu rekið fyrir áramót, en eftir er að steypa kantbita og ljósamastурshús og ganga frá fyllingum.

Heildarframkvæmdakostnaður: 90,4 millj.

Grímsey.

Í Grímsey var smíðuð 40 m. löng trébryggja andspænis hinni í nýju smábátahöfninni. Smíðin hófst í júlí og lauk í september. Verkið var unnið undir stjórn verkstjóra frá Hafnamálastofnun.

Þekjan efst á gömlu steinbryggjunni var endurbyggð og voru steyptir um 1.190 m².

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 24,7 millj.

Hrísey.

Engar framkvæmdir.

Hjalteyri.

Grjótgarðurinn var endurbættur vegna tjóns sem hann varð fyrir. Samið var við Kötlu hf á Árskógssandi um verkið, sem fólst í því að laga grjótvörn í kverk á utanverðum garðinum og hækka hann lítillega.

Framkvæmdakostnaður: 0,7 millj.

Akureyri.

Á Tangabryggju var steypt þekja 1.410 m² og lagðar vatns- og raflagnir. Byggt var mastursh ús og gengið frá lýsingu. Starfsmenn hafnarinnar sáu um framkvæmdir ásamt verktökum. Bryggjan, sem er með 8.0 m dýpi, var vígð í nóvember.

Unnið var að deiliskipulagi á hafnarsvæðinu og var fjárveiting vegna þess tekin af óskiptu fé.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 22,3 millj.

Svalbarðseyri.

Engar framkvæmdir.

Grenivík.

Unnið var að lokafrágangi raflagna á stálþilskant. Einnig þurfti að lagfæra lítilsháttar tjón, sem varð vegna þess að rann undan þekju.

Framkvæmdakostnaður: 0,8 millj.

Húsavík.

Samið var við Hagvirki Klett hf um borun og sprengingar á um 4,250 m² svæði við Norðurgarð, sem ekki reyndist unnt að grafa árið áður. Dýpi á svæðinu er 8.0 m. Ennfremur var dýpkað upp með Suðurgarði, en þar var um græft efni að ræða. Alls voru um 20.000 m³ af efni fjarlægðir. Áfram var unnið við þekju og lagnir á Norðurgarð samkvæmt samningi frá fyrra ári. Þar var um að ræða 2.200 m² steypta þekju og um 3.200 m² malbikað svæði. Þrjú ljósamasturs- og vatnshús voru smíðuð og gengið frá lögnum frá þeim niður á kantinn.

Unnið var að grjótvörn utan á Suðurgarð. Heimamenn sáu um þessa framkvæmd. Alls voru u.þ.b. 12.000 m³ af sprengdu grjóti og kjarna settir utan á garðinn. Ekki þurfti að vinna neitt af þessu efni sérstaklega vegna framkvæmdarinnar.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 117,9 millj.

Tjörneshöfn.

Engar framkvæmdir.

Kópasker.

Samið var við Björgun hf um dýpkun inn að bryggjunni. Ekki tókst að ljúka verkinu með dæluskipi félagsins þar sem dælanlegt efni var ekki nema um 2.800 m^3.

Framkvæmdakostnaður: 1,3 millj.

Raufarhöfn.

Nýtt innsiglingarmerki var smíðað og gengið frá undirstöðu fyrir það. Uppsetningu lauk ekki á árinu.

Hafinn var undirbúningur að dýpkun í innsiglingunni, en grynning þar hefur löngum valdið djúpristum skipum vandræðum. Reynt verður að moka efninu burt, en reynist það ekki mögulegt verður að bora og sprengja. Verkið verður unnið á næsta ári.

Framkvæmdakostnaður: 1,9 millj.

Þórshöfn.

Samið var við Hagvirki Klett hf um dýpkun hafnarinnar í -7.5 m dýpi. Áætlað er að sprengja þurfi um 5.800 m^2 svæði og fjarlægja um 7.200 m^3 af efni úr höfninni. Byrjað var á verkinu í desember og því lauk í mars 1994.

Framkvæmdakostnaður: 13,1 millj.

Bakkafjörður.

Ytri brimvarnargarðurinn á Bakkafirði var endurbyggður að hluta, bæði vegna tjóns, sem á honum varð og eins vegna þess að grjótið í honum hafði rýrnað frá byggingu. Þegar garðurinn var byggður í upphafi var vitað að efnisgæði voru ekki eins og best verður á kosið og að búast mætti við að gera þyrfti við hann á 10-15 ára bili. Verkið var unnið undir stjórn verkstjóra frá Hafnamálastofnun og voru um 11.000 m^3 settir í garðinn.

Tjónastyrkur: 10,2 millj.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 24,1 millj.

Vopnafjörður.

Lokið var smíði húss við hafnarvogina. Lokið við lagnir á Ásgeirsbakka.

Framkvæmdakostnaður: 4,8 millj.

Borgarfjörður eystri.

Lokið var við að setja um 700 m^2 slitlag á hafnarsvæðið við Hafnarhólma.

Gert var við Bakkagerðisbryggju, með því að steypa utan á hana á um 40 m kafla fremst. Einnig var sett pokasteypa undir framhorn á fremsta kerinu. Heimamenn unnu þetta verk.

Framkvæmdakostnaður: 10,4 millj.

Seyðisfjörður.

Lokið var við framkvæmdir við dráttarbrautina. Þar var fyrst og fremst um að ræða að tryggja fláa með grjótvörn, lítilsháttar dýpkun úr rennunni utanverðri og fyllingar að bryggju. Hafnarvog var keypt. Unnið var við raflagnir í Fjarðarhöfn.

Framkvæmdakostnaður: 10,4 millj.

Neskaupstaður.

Smíðuð var trébryggja með 6.0 m dýpi í innri höfn við frystihúsið. Bryggjan er 60 m löng, alls um 522m². Verkið var boðið út í maí og samið við Guðlaug Einarsson um bryggjusmíðina og Fjarðarverk hf á Djúpavogi um landvegg og ljósamastursshús. Verkin voru unnin frá maí til september. Einnig var gengið frá öllum lögnum og lýsingu á bryggjuna og keyptur löndunarkrani, en ekki náðist að setja hann upp fyrir áramót. Eftir er að ljúka við slitlag ofan við bryggjuna og ganga frá tengingu við götu.

Framkvæmdakostnaður: 27,6 millj.

Eskifjörður.

Gömul trébryggja við Hraðfrystihúsið var rifin og ný 73 m löng bryggja smíðuð vestur frá enda stálþils. Bryggjan er um 721 m². Dýpi við bryggjuna er 7.0 m og reyndist vandasamt vegna botnaðstæðna. M.a. þurfti að reka niður um 22 m langa staura og nota stálþil sem landvegg. Verkið var boðið út og tilboð opnuð í júní. Samið var við lægstbjóðanda, sem var Trévangur hf á Reyðarfirði. Verkið hófst ekki fyrr en síðla sumars og því lauk ekki á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 35,6 millj.

Reyðarfjörður.

Samið var við Ómar Ingvarsson á Reyðarfirði um fyllingu við nýja stálþilið og ídráttarlagnir í jörðu. Verkið var unnið í júlí og ágúst. Einnig var verkið kantur og þekja boðið út og samið við lægstbjóðanda, Fjarðarverk hf á Djúpavogi. Verkið fólst í að steypa 80 metra langan kant og leggja 1.650 m² steinlögn á þekju. Verkinu lauk ekki að fullu á árinu. Raflagnir á bryggjuna voru boðnar út og samið við lægstbjóðanda Snarvirki hf á Egilstöðum. Verkið var unnið í ágúst til október.

Framkvæmdakostnaður: 21,1 millj.

Fáskrúðsfjörður.

Frágangur í smábátahöfn lagnir, lýsing fylling ofan á garð.

Framkvæmdakostnaður: 0,9 millj.

Stöðvarfjörður.

Á Stöðvarfirði var steypt 1.026 m² þekja á stálþilsgarð. Trésmiðja Djúpavogs vann verkið samkvæmt tilboði sínu frá árinu áður. Verkið var unnið í júlí og ágúst. Starfsmenn sveitarfélagsins settu niður þrjá stormpolla á bryggjuna. Löndunarkrani var settur upp. Að lokum var keypt pallvog, en fjárveiting til hennar var tekin af óskiptri fjárveitingu.

Framkvæmdakostnaður: 6,9 millj.

Breiðdalsvík.

Stálþil fyrir 6 m dýpi var hannað og gengið frá pöntun á efni. Þilið á að koma utan á steinsteypta kerið og verður um 50 m langt sín hvoru megin og um 24 m breitt.

Framkvæmdakostnaður: 0,3 millj.

Djúpivogur.

Sett var upp hafnarvog og keyptur hluti af húsi fyrir stjórnbúnað vogarinnar, alls um 40m².

Framkvæmdakostnaður: 1,3 millj.

Höfn í Hornafirði.

Unnið var að dýpkun í höfninni á svæði við Loðnuverksmiðju. Alls voru fjarlægðir um 3.000 m³. Dýpkunin var framkvæmd með dýpkunarpramma hafnarinnar, Soffíu. Einnig var dýpkað í innsiglingu við Helli og á Mikleyjarhrygg alls um 22.000 m³. Samið var við Björgun hf um þessa dýpkun.

Leiðarmerki voru sett upp á Suðurfjöru og sáu heimamenn um það verk.

Framkvæmdakostnaður: 13,3 millj.

Vestmannaeyjar.

Lokið var við dýpkun innsiglingar sem hófst árið áður. Samið var við Sveinbjörn Runólfsson hf um að moka efni úr innsiglingunni milli garðanna. Endi Hörgaeyrargarðs var hlaðinn þannig að áferð hans væri svipuð og garðsins að landi. Einnig var innsiglingarmerki sett upp fremst á Hörgaeyrargarð. Undirstaða þess er listaverk eftir Grím Marinó, sem nefnist Súluflug. Unnið var að hönnun á sandfangara, sem settur yrði upp austur á fjöru til að hindra sandburð að höfninni.

Ljósamasturshús var steypt á Gjábakka og gengið frá raflögnum í það.

Unnið var að hönnun á nýju stálþili við Eiðið og pantað efni í það. Við stálþilið verður 8 m dýpi og lengd viðlegu verður um 150 m.

Framkvæmdakostnaður: 19,8 millj.

Stokkseyri.

Engar framkvæmdir.

Eyrarbakki.

Engar framkvæmdir.

Þorlákshöfn.

Í maí var dýpkað var í innsiglingu og inn að Ellinu og var samið við Björgun hf um það verk. Alls voru um 27.500 m³ af efni fjarlægðir.

Tveimur einingum var bætt við flotbryggju. Löndunarkrani var keyptur notaður og settur upp á Norðurvararbryggju. Fjárveiting vegna kranans var tekin af óskiptu fé.

Unnið var að hönnun trébryggju við Ísstöð og efni í hana pantað.

Framkvæmdakostnaður: 11,9 millj.

Grindavík.

Bjóða varð út dýpkun við Eyjabakka á ný, þar sem fyrri verktaki varð gjaldþrota áður en hann hóf dýpkun. Samið var við Hafverk hf um verkið í júlí en því var ekki lokið á árinu. Verkið var fólgið í því að fjarlægja um 21.000 m³ af lausu og föstu efni og grafa um 180 m langan skurð vegna fyrirhugaðs stálþilsreksturs.

Stálþilsefni var keypt vegna fyrirhugaðs stálþils við Eyjabakka.

Hafnarvog, sem keypt var 1991 var sett upp. Allur kostnaður vegna kaupa og uppsetningar var tekinn í uppgjör 1993.

Framkvæmdakostnaður: 47,3 millj.

Sandgerði.

Ástand Norðurgarðsins í Sandgerði hefur farið hríðversnandi undanfarin ár. Því var talið nauðsynlegt að flýta framkvæmdum við styrkingu og breikkun garðsins með því að setja grjótvörn utan á hann. Verkið var boðið út í desember og gert ráð fyrir að því ljúki í júní 1994.

Framkvæmdakostnaður: 2,6 millj.

Garður.

Engar framkvæmdir.

Keflavík/Njarðvík.

Grjótgarðurinn við smábátahöfnina í Grófinni var lengdur til að bæta kyrrðina innan hafnar. Verkið var boðið út og ákváðu heimamenn að ganga til samninga við Einar Svavarsson, sem ekki var lægstbjóðandi. Nyrðri hafnargarðurinn var lengdur um 20 m og fóru í það um 6.050 m^3 af grjóti. Auk þess var gengið frá öldudeyfandi fláa innan við hafnarmynnið. Fjarlægðir voru um 900 m^3 af klöpp og raðað á fláann um 2.100 m^3 af grjóti.

Í Njarðvík var sett upp innsiglingarmerki, svonefndur "Inogon" á syðri hafnargarðinn í Njarðvík. Merkið er hið fyrsta sinnar gerðar sem sett er upp hér á landi, en það gefur sjófarendum til kynna hversu langt frá réttri línu þeir eru.

Að endingu var sett slitlag á tengibraut við botn hafnarinnar í Njarðvík.

Framkvæmdakostnaður: 20,9 millj.

Vogar.

Gengið var frá lýsingu við flotbryggju og settur upp löndunarkrani á Þóruskersbryggju.

Framkvæmdakostnaður: 2,8 millj.

Hafnarfjörður.

Samið var við Björgun hf um að ljúka dýpkun fyrir utan Suðurbakka IV. Alls voru

Boðin var út steypt þekja á Suðurbakka IV og samið við lægstbjóðanda Böðvar Sigurðsson hf. Hluti þessa verkefnis var að steypa sérstaka hástyrkleikasteypu og gekk sú tilraun mjög vel. Steypta þekjan nær 15 m frá kanti og er alls um 2.800 m^2. Þar fyrir ofan var malbikað um 4.000 m^2 plan, en einungis hluti þess var styrkhæfur. Tvö ljósamastursbús voru byggð og reisa þurfti spennistöð fyrir heimtaug á svæðið. Einnig var raflagnavinna boðin út og samið við Rafeiningu hf um það verk.

Framkvæmdakostnaður: 34,5 millj.

Garðabær.

Engar framkvæmdir.

Óskipt fjárveiting.

Óskipt fjárveiting var notuð til að styrkja vinnu við deiliskipulag hafna og til minniháttar breytinga á hafnarvogum og kaupa á pallvogum, krókvogum og löndunarkrönum.

Framkvæmdakostnaður: 3,5 millj.

HAFNARFRAMKVÆMDIR SEM EKKI ERU RÍKISSTYRKTAR.

Í höfnum landsins var unnið að ýmsum framkvæmdum sem ekki njóta ríkisstyrkja. Þar sem þessar framkvæmdir eru alfarið á vegum hafnarsjóðanna er eftirfarandi listi ekki tæmandi. Samkvæmt upplýsingum Hafnamálastofnunar eru þessar helstar og kostnaður við þær alls að upphæð kr. 180,4 millj.

Ísafjörður.

Lóðsbryggjan á Ísafirði var endurbyggð og settir upp gámatenglar í Sundahöfn.
Kostnaður: 4,9 millj.

Hjalteyri.

Byggðar voru léttar viðlegubryggjur fyrir smábáta.
Kostnaður: 0,2 millj.

Húsavík.

Settur var út um 50 m langur sandfangari við dráttarbrautina.
Kostnaður: 1,2 millj.

Reyðarfjörður.

Unnið var við fyllingar við gámavöll og raflagnir á hann.
Kostnaður: 5,8 millj.

Grindavík.

Lokið var við byggingu 84 m. harðviðarbryggju við suðurhlið Eyjabakka. Áhaldahús hafnarinnar sá um það verk.
Kostnaður: 3,7 millj.

Keflavík/Njarðvík.

Sett var upp 40 m löng flotbryggja í nýju smábátahöfninni í Gróf. Þar eru nú pláss fyrir 84 báta við flotbryggjur. Bætt var við 25 m löndunarkanti við vesturenda hafnarinnar og settir upp tveir löndunarkranar, sinn á hvern löndunarkant. Hafnarsvæðið við löndunarkanta og flotbryggjur var malbikað að hluta, alls um 2.660 m² en enn er eftir að malbika um 1.000 m².
Kostnaður: 21,5 millj.

Hafnarfjörður.

Gámatenglar voru settir upp við nýja áfangann á Suðurbakka. Einnig var gengið frá fyllingu og slitlagi á gámavöll.
Kostnaður: 9,1 millj.

Kópavogur.

Áfram var unnið við nýjan grjótgarð norðan hafnarinnar. Keyrð var fram fylling, sem garðurinn verður síðan byggður út frá og safnað grjóti sem notað verður við brimvörn á garðinn.
Kostnaður: 5,0 millj.

Reykjavík.

Helstu framkvæmdir í Reykjavíkurhöfn á árinu 1993 voru í Gömlu höfninni. Lokið var við endurbyggingu Austurbakka og Miðbakka og hafnaraðstaðan tekin í notkun í júní 1993. Verktaki við þetta verk var Völur hf.

Annað stórverkefni Reykjavíkurhafnar, sem hófst á árinu var dýpkun Gömlu hafnarinnar. Á síðustu árum hafa fiskiskip stækkað og rista þeirra aukist verulega. Því var orðið mjög brýnt að auka dýpi í höfninni. Gert er ráð fyrir að dýpkunin nemi um 200.000 m³ og er áætlaður framkvæmdatími til október 1994. Verktaki við þetta verk er Sveinbjörn Runólfsson sf.

Aðrar helstu framkvæmdir voru frekari uppbygging flutningahafnar í Sundahöfn. Þar fór fyrst landgerð á Klettasvæði.

Framkvæmdakostnaður: 129,0 millj.

FERJUBRYGGJUR.

Sett var upp lýsing á bryggjuna í Flatey. Orkubú Vestfjarða sá um þá framkvæmd. Einnig var unnið lítilsháttar að viðgerð á ferjubryggjum við Djúp. Á Mjóafirði var gerður skjólgarður um smábátahöfn og dýpkað í höfninni innan við hann. Lengd garðs var alls um 70 metrar og fylling, kjarni og grjót alls um 4.500 m³. Dýpkun var um 2.500 m³. Verkið var unnið í maí til júlí af Niðri hf úr Borgarfirði eystri og heimamönnum.

Framkvæmdakostnaður: 10,0 millj.

SJÓVARNARGARÐAR.

Á Stokkseyri var lokið við 155 metra sjóvarnargarð vestast í bænum að hitaveituhúsi við Kaðlastaði. Samið var við Suðurverk hf um þá framkvæmd. Lokið var við sjóvörn á Akranesi við Haförninn, en það var unnið samkvæmt útboði frá fyrra ári. Unnið var að rannsóknum í Vík og gerð úttekt á sjóvörnum á Vestfjörðum. Fjarhitun hf vann þá úttekt og er tilgangurinn að samræma mat á þörf fyrir framkvæmdir um landið. Framkvæmdum á Austurfjöru við Höfn á Hornafirði var frestað, þar sem ekki hafa náðst samningar við landeigendur um efnistökugjöld.

Framkvæmdakostnaður: 16,6 millj.

RANNSÓKNIR.

Á vegum Hafnamálastofnunar var unnið að frumrannsóknum fyrir 36,3 milljónir króna árið 1993. Kostnaður við frumrannsóknir er að fullu greiddur af ríkissjóði, en fé til rannsókna kemur af sérstökum fjárlagalið er nefnist hafnarannsóknir og mælingar.

Dýptarmælingar og botnrannsóknir voru framkvæmdar eftir þörfum verkefna eins og undanfarin ár. Stærri mælingar eru gerðar vegna grunnkorta og rannsókna s.s. efnisflutninga og líkantilrauna. Mælingar af höfnum, innsiglingu og utan hafnar voru gerðar í Grindavík, Hornafirði, Dalvík, Ísafirði og Bolungarvík.

Botnrannsóknir voru gerðar á Reyðarfirði vegna framkvæmda við hafskipabryggju sem er í byggingu. Jafnframt var kannað hafnarstæði og lóð fyrir botni fjarðarins og út við Eyri við sunnanverðan fjörðinn, með tilliti til byggingar hafnar fyrir stóriðjuver.

Úthafsöldumælingar eru á Grímseyjarsundi, suður af Hornafjarðarósi, suður af Surtsey og vestur af Garðskaga. Úthafsöldumælingar eru liður í undirstöðurannsóknum á sjólagi umhverfis landið. Þá voru mældar öldur í og við hafnirnar á Dalvík, Stöðvarfirði og Keilisnesi.

Unnið var áfram eftir rannsóknaáætlum á siglingaleið um Hornafjörð. Hjá verkfræðistofunni Vatnaskil var reiknilíkan af straumum í Ósnum kvarðað m.t.t. straummælinga og vatnshæðarmælinga og keyrðar frumtillögur að endurbótum á Ósnum. Hafrannsóknastofnun vann að umfangsmiklum botnathugunum á öllu Ósasvæðinu. Miklir efnisflutningar eiga sér stað í Ósnum og er fylgst með þeim með dýptarmælingum eins og áður er getið. Unnið var að undirbúningi vatnslíkans af Hornafjarðarós, þar sem tekist verður á við strauma og siglingatæknileg vandamál.

Á árinu lauk umfangsmiklum rannsóknum vegna fyrirhugaðrar hafnar fyrir stóriðjuver á Keilisnesi. Tveir valkostir fyrir staðsetningu hafnarinnar voru athugaðir með líkantilraun, ennfremur var stöðugleiki brimvarnargarðs athugaður gagnvart ölduálagi. Þetta verk var unnið á árunum 1992-1993 og var heildarkostnaður við það 49,2 milljónir kr. Þessi kostnaður var greiddur af fjármálaráðuneytinu.

Í júnímánuði var byggt líkan af smábátahöfninni í Grófinni í Keflavík þar sem lengd á skjólgarði var ákvörðuð fyrir höfnina.

Í júlí mánuði hófst bygging líkans af höfninni á Djúpavogi og stóðu tilraunir með hana fram í Nóvember. Auk þess að vinna að bættu skjóli í höfninni, var unnið að úrbótum í innsiglingunni í samvinnu við heimamenn og skipafélögin.

Í nóvember var hafist handan við að byggja líkan af höfninni á Dalvík og var tilraunum lokið í janúar 1994. Unnið var að úrbótum á skjóli innan hafnar og framtíðarskipulagi hafnarinnar.

Verkefni, sem nefnist Upplýsingakerfi um veður og sjólag fyrir sjófarendur var í undirbúningi á síðasta ári. Í samvinnu við Hugrúnu hf. voru þróaðar mælistöðvar sem settar verða upp á Höfn í Hornafirði og í Grindavík í byrjun árs 1994. Þá var unnið að þróun hugbúnaðar til að koma upplýsingum frá þessum mælistöðvum og ölduduflum til notenda.

Unnið var að uppsetningu sjávarborðsmæla á Patrekshöfn, Skagaströnd, Húsavík og Skinney i Hornafirði í samvinnu við Raunvísindastofnun HÍ.

Í júní 1994 verður haldin alþjóðleg ráðstefna í Höfn í Hornafirði á vegum Hafnamálastofnunar ríkisins, bæjarstjórnar Hafnar og bandaríska fagtímaritsins Journal of Coastal Research. Helstu málefni ráðstefnunnar verða strandbreytingar, sjóvarnir, sjávarfallaósar og siglingavandamál þeim tengd.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1993
(í millj. kr.)

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
I. Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir:					
Akranes	Endurb. Faxabryggju	55%	6,4		
	Aðalhg.: Viðb. v/ frkv. '91	45%	0,8	7,2	3,9
Arnarstapi	Dýpkun	75%	0,5	0,5	0,4
Rif	Þekja og lagnir	75%	0,8		
	Flotbryggjur	75%	4,5		
	Dýpkun smábátahöfn	75%	7,3		
	Sjósetningarenna	75%	2,3		
	Endurn. garðsendaljósa	75%	0,7	15,6	11,7
Ólafsvík	Endurb. harðviðarbryggja	75%	5,5		
	Viðgerð á grjótgarði	75%	1,1		
	- Tjónastyrkur	75%	-1,0	5,6	4,2
Grundarfjörður	Norðurg.: Dýpkun ofl.	75%	15,6		
	Viðgerð á grjótgarði	75%	0,7		
	- Tjónastyrkur	75%	-0,7	15,6	11,7
Stykkishólmur	Fjármagnskostnaður	75%	0,7		
	Ferjuaðstaða: Lagnir	75%	2,8		
	Fylling og dýpkun	75%	7,5		
	Slitlag á tengibraut	75%	7,9		
	Stykkisbr.: Hönnun	75%	0,1		
	Löndunarkrani	40%	1,4	20,4	14,8
Brjánslækur	Ferjuaðstaða, frágangur	75%	0,1	0,1	0,1
Patreksfjörður	Ljósamastursh ús	75%	2,2		
	Leiðr. v/stálþils '92	75%	-2,2	0,0	0,0
Tálknafjörður	Smábátah: Dýpkun	75%	4,5		
	Flotbryggja	75%	4,2	8,7	6,5
Bíldudalur	Trébryggja	75%	15,7		
	Lagnir og lýsing	75%	0,2	15,9	11,9
Þingeyri	Leiðr. v/ slitlags '92	75%	-0,3	-0,3	-0,2
Suðureyri	Hafnarvog	40%	2,5	2,5	1,0
Bolungarvík	Brimvarnargarður	75%	97,1	97,1	72,8
Ísafjörður	Sundah.: Dýpkun	75%	15,9		
	Kantur á stálþil	75%	0,5		
	Þekja og lagnir	75%	20,5		
	Hafnarvog	40%	6,1	43,0	30,1

Höfn:	Verkefni:		Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
Súðavík	Dýptarmæling		75%	0,2		
	Raflagnir, undirb.		75%	0,1	0,3	0,2
Norðurfjörður	Fjármagnskostnaður		75%	3,3	3,3	2,5
Hólmavík	Þekja og lagnir		75%	6,8		
	Hafnarvog		40%	1,2	8,0	5,6
Hvammstangi	Löndunarkrani		40%	1,3	1,3	0,5
Blönduós	Brimvarnargarður		75%	73,4	73,4	55,1
Skagaströnd	Lýsing		75%	0,3		
	Viðb. og leiðr. v/ frkv. '92		75%	1,2		
	Fjármagnskostnaður		75%	0,8	2,3	1,7
Sauðárkrókur	Dýpkun		75%	18,9		
	Stálþil		75%	51,0	69,9	52,4
Hofsós	Þekja lagfærð		75%	0,2	0,2	0,2
Siglufjörður	Ingvarsbr.: Lagnir og lýsing		75%	3,0		
	Leiðr. v/fjárm.kostn. '92		75%	0,3	3,3	2,5
Hafnasaml. Eyjafj.:	Ólafsfj.:	Norðurg., lagnir og lýsing	75%	1,7		
		Stálþil	75%	54,5		
		Steinbryggja, rifin	75%	5,8		
		Dýpkun	75%	10,6		
	Dalvík:	Lagnir og lýsing, undirb	75%	0,2		
	Árskógss.:	Stálþil	75%	17,6	90,4	67,8
Grímsey	Fjármagnskostnaður		75%	1,5		
	Trébryggja		75%	17,9		
	Endurb. þekja		75%	5,3	24,7	18,5
Hjalteyri	Endurb. grjótgarður		75%	0,7	0,7	0,5
Akureyri	Tangabr.: Þekja, kantur, lagn/ lýsing		55%	21,5		
	Fjármagnskostnaður		50%	0,8	22,3	12,2
Grenivík	Þekja og lagnir, frágangur.		75%	0,8	0,8	0,6
Húsavík	Dýpkun		75%	76,2		
	Suðurgarður: Grjótvörn		75%	11,2		
	Norðurgarður: Þekja og lagnir		75%	28,7		
	Fjármagnskostnaður		75%	1,8	117, 9	88,4
Kópasker	Dýpkun		75%	1,3	1,3	1,0
Raufarhöfn	Innsiglingarmerki		75%	1,6		
	Undirb. framkv. '94		75%	0,3	1,9	1,4
Þórshöfn	Dýpkun		75%	13,1	13,1	9,8

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
Bakkafjörður	Fjármagnskostnaður	75%	3,2		
	Endurb. brimvarnargarður	75%	20,9		
	-Tjónastyrkur	75%	-10,2	13,9	10,4
Vopnafjörður	Dýptarmæling	75%	0,2		
	Ásgarður: lagnir ofl.	75%	1,0		
	Hafnarvog	40%	3,6	4,8	2,3
Borgarfj.eystri	Slitlag á tengibraut	75%	0,3		
	Endurb. Bakkag.bryggju	75%	10,1	10,4	7,8
Seyðisfjörður	Dráttarbraut , uppsetning	40%	6,5		
	Hafnarvog	40%	3,2		
	Fjarðarhöfn: Raflagnir	75%	0,7	10,4	4,4
Neskaupstaður	Trébryggja	75%	28,0		
	Löndunarkrani	40%	0,3		
	Leiðr. v/slitl. '92	75%	-0,7	27,6	20,6
Eskifjörður	Trébryggja v/ frystihús	75%	36,0		
	Leiðr. v/ þekju '90	75%	-0,4	35,6	26,7
Reyðarfjörður	Vöruhöfn: Raflagnir	75%	3,3		
	Kantur og þekja	75%	17,8	21,1	15,8
Fáskrúðsfjörður	Smábátahöfn, frágangur	75%	0,9	0,9	0,7
Stöðvarfjörður	Stálþilsg.: Þekja	75%	5,8		
	Löndunarkrani	40%	1,1	6,9	4,8
Breiðdalsvík	Stálþil, hönnun	75%	0,3	0,3	0,2
Djúpivogur	Hafnarvog	40%	1,6		
	Leiðr. v/flotbr. '92	75%	-0,3	1,3	0,4
Höfn í Hornaf.	Dýpkun hafnar ('92)	75%	3,7		
	Leiðarmerki á Suðurfj.tanga	75%	2,8		
	Dýpkun innsiglingar	90%	6,8	13,3	11,0
Vestmannaeyjar	Hörgaeyrarg. fjarl. og dýpkað	75%	16,3		
	Innsiglingarmerki	75%	0,5		
	Sandfangari, hönnun	75%	0,4		
	Stálþil, hönnun	75%	0,4		
	Gjábakki: Rafl. og lýsing	75%	2,2	19,8	14,9
Þorlákshöfn	Dýpkun innsiglingar	90%	9,4		
	Trébryggja, hönnun	75%	0,3		
	Flotbryggja	75%	2,2	11,9	10,3
Grindavík	Dýpkun hafnar	75%	14,9		
	Eyjabakki: Stálþilsefni	75%	30,1		
	Svírag.: Leiðr. v/ '91	75%	-1,9		
	Hafnarvog	40%	4,2	47,3	34,0

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
Hafnir	Leiðr. v/framkv. '91	75%	-0,8	-0,8	-0,6
Sandgerði	Norðurgarður : Grjótvörn	75%	2,6	2,6	2,0
Keflavík../Njarðv.	Smábátahöfn: Lenging grjótgarðs	75%	11,2		
	Njarðvh.: Innsiglingarmerki	75%	1,7		
	Slitlag á tengibraut	75%	3,0		
	Löndunarbryggja				
	Viðbót v/smábátah. '92	75%	5,0	20,9	15,7
Vogar	Flotbryggjur, Lýsing	75%	1,5		
	Löndunarkrani	40%	1,3	2,8	1,6
Hafnarfjörður	Suðurbakki: Þekja og lagnir	45%	27,7		
	Dýpkun	45%	8,1		
	Leiðr. v/ framkv. f. ára	45%	-1,3	34,5	15,5
Garðabær	Leiðr. v/ framkv. f.ára	75%	0,1	0,1	0,1
Af óskiptu fé:	Arnarstapi: Tölvuteng. vogar	40%	0,3		
	Rif: Sólorkuv. innsigl.vita	75%	0,7		
	Ísafjörður: Deiliskipulag	75%	0,3		
	Pallvog	40%	0,5		
	Hvammstangi: Krókvog	40%	0,3		
	Akureyri: Deiliskipulag	55%	0,2		
	Stöðvarfjörður: Pallvog	40%	0,5		
	Þorlákshöfn: Löndunarkrani	40%	0,7	3,5	1,8
	Alls ríkisstyrktar framkvæmdir	40%	36,6		
		45%	35,3		
		50%	0,8		
		55%	28,1		
		75%	839,1		
	Samtals	90%	16,2	**956,1**	**690,2**

II. Ferjubryggjur:

Flatey á Breiðafirði	100%		0,3	0,3
Staður á Reykjanesi	100%		0,5	0,5
Nauteyri (v/aðstöðu f. Djúpferju)	100%		0,6	0,6
Bæir á Snæfjallaströnd	100%		0,6	0,6
Flatey á Skjálfanda	100%		0,1	0,1
Mjóifjörður	100%		7,9	7,9
Samtals ferjubryggjur			**10,0**	**10,0**

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1993 (í millj. króna)

Akranes		5,9
Árskógshreppur		0,1
Hornafjörður		1,3
Vík í Mýrdal		2,3
Stokkseyri		3,3
Grindavík		2,3
Seltjarnarnes		1,4
	Samtals:	**16,6**

Tafla III. Rannsóknaverkefni 1993 (í millj. króna)

Almennar rannsóknir, óskipt			3,7
Rannsóknatæki og hugbúnaður			4,3
Ýmis sérverkefni			0,8
Úthafsöldumælingar			1,5
Líkantilraunir:			
	Dalvík	2,8	
	Djúpivogur	4,1	
	Keflavík		
	Sameiginlegur kostnaður		8,9
Rannsóknaverkefni í höfnum:			
	Grundartangi	0,20	
	Ísafjörður	0,32	
	Dalvík	0,74	
	Akureyri	0,44	
	Bakkafjörður	0,25	
	Reyðarfjörður	2,98	
	Djúpivogur	0,34	
	Höfn í Hornafirði	9,90	
	Vestmannaeyjar	0,80	
	Grindavík	0,71	
	Njarðvík	0,19	
	Ýmsar hafnir	0,20	17,1
	Samtals :		**36,3**

Tafla IV. STAÐA RÍKISSJÓÐS V/HAFNAGERÐAR 1993
(í millj. kr.)

	Staða ríkissjóðs í árslok 1992		Ríkishl. framkv.	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 1993	
	Vantar	Ónotað	1993	1993	Vantar	Ónotað
Akranes	1,2		3,9	19,6		14,5
Borgarnes		0,5				0,5
Arnarstapi		0,1	0,4		0,3	
Rif		1,3	11,7	9,9	0,5	
Ólafsvík		0,6	4,2	3,8		0,2
Grundarfjörður	1,5		11,7	13,3		0,1
Stykkishólmur		0,8	14,8	12,8	1,2	
Reykhólahöfn		0,1				0,1
Brjánslækur		0,6	0,1			0,5
Patreksfjörður	17,7		0,0	9,2	8,5	
Tálknafjörður	0,6		6,5	8,5		1,4
Bíldudalur			11,9	11,6	0,3	
Þingeyri	0,9		-0,2	0,9		0,2
Flateyri		0,2				0,2
Suðureyri		0,5	1,0		0,5	
Bolungarvík			72,8	71,9	0,9	
Ísafjörður	42,5		30,1	34,2	38,4	
Súðavík	0,2		0,2	0,2	0,2	
Norðurfjörður	5,6		2,5	6,8	1,3	
Drangsnes	0,1			0,1		
Hólmavík	1,0		5,6	6,6		
Hvammstangi	0,5		0,5	0,6	0,4	
Blönduós		17,9	55,1	50,0		12,8
Skagaströnd	10,9		1,7	16,2		3,6
Sauðárkrókur		13,4	52,4	35,6	3,4	
Hofsós		0,4	0,2			0,2
Haganesvík	0,5			0,5		
Siglufjörður	9,0		2,5	8,1	3,4	
Hafnasaml. Eyjafjarðar	10,4		67,8	98,5		20,3
Grímsey	12,3		18,5	19,3	11,5	
Hrísey		0,2				0,2
Hjalteyri			0,5		0,5	
Akureyri	35,9		12,2	21,7	26,4	
Svalbarðseyri						
Grenivík	3,1		0,6	3,0	0,7	
Húsavík	17,6		88,4	61,4	44,6	
Tjörnes						
Kópasker			1,0	2,2		1,2
Raufarhöfn		0,9	1,4	2,6		2,1
Þórshöfn		1,5	9,8		8,3	
Bakkafjörður	1,0		10,4	3,1	8,3	

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 1992		Ríkishl. framkv.	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 1993	
	Vantar	Ónotað	1993	1993	Vantar	Ónotað
Vopnafjörður	0,5		2,3	3,2		0,4
Borgarfjörður-eystri	0,5		7,8	11,7		3,4
Seyðisfjörður	3,4		4,4	6,8	1,0	
Neskaupsstaður	2,5		20,6	8,7	14,4	
Eskifjörður			26,7	22,0	4,7	
Reyðarfjörður		7,3	15,8	11,4		2,9
Fáskrúðsfjörður	1,4		0,7	1,7	0,4	
Stöðvarfjörður	1,5		4,8	5,7	0,6	
Breiðdalsvík			0,2	22,8		22,6
Djúpivogur		1,2	0,4	0,5		1,3
Höfn í Hornafirði	3,2		11,0	4,7	9,5	
Vestmannaeyjar	29,2		14,9	61,0		16,9
Eyrarbakki		1,0				1,0
Þorlákshöfn	7,6		10,3	16,4	1,5	
Grindavík		30,1	34,0	10,8		6,9
Hafnir	0,6		-0,6			
Sandgerði	265,4		2,0	46,7	220,7	
Garður						
Keflavík/Njarðvík	43,0		15,7	21,5	37,2	
Vogar		2,9	1,6			1,3
Hafnarfjörður	49,7		15,5	26,5	38,7	
Garðabær		0,1	0,1			
Óskipt		2,2	1,8	2,6		3,0
Samtals:	**581,0**	**83,8**	**690,2**	**816,9**	**488,3**	**117,8**

Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1993

Almennar hafnir			816,9
Lendingabætur:			
	Skarðsstöð	1,85	
	Haukabergsvaðall	0,30	
	Gjögur	0,25	
	Djúpavík	0,20	
	Kaldrananes	0,35	
	Selvík á Skaga	0,35	
	Kleifar í Ólafsfirði	0,45	
	Lónkot	0,25	
	Leirhöfn	0,50	
	Loðmundarfjörður	0,35	
	Óskipt v/kostnaðar	0,15	5,0
Ferjubryggjur:			
	Staður á Reykjanesi	0,43	
	Flatey á Breiðafirði	0,27	
	Flatey á Skjálfanda	0,13	
	Mjóifjörður	7,87	
	Nauteyri	0,50	
	Óráðstafað frá f. ári	-2,20	7,0
		Samtals fjárveitingar:	**828,9**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1993

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-333):		
	Akranes	5,0
	Hornafjörður	32,5
	Mýrdalshreppur	2,0
	Óskipt til rannsóknaverkefna	0,5
	Samtals	**40,0**

Tafla VII. Úthlutanir hafnabótasjóðs 1993
(í millj. kr.)

Styrkir:

a) Styrkir til nýframkvæmda:

Ólafsvík	0,75	
Stykkishólmur	1,75	
Patreksfjörður	0,45	
Bíldudalur	2,30	
Bolungarvík	14,40	
Norðurfjörður	1,15	
Hólmavík	1,30	
Blönduós	10,00	
Sauðárkrókur	3,50	
Haganesvík	0,10	
Ólafsfjörður	5,50	
Grímsey	1,50	
Árskógsandur	5,80	
Kópasker	0,45	
Bakkafjörður	0,45	
Vopnafjörður	1,20	
Borgarfjörður eystri	1,70	
Stöðvarfjörður	1,15	
Breiðdalsvík	4,55	
Djúpivogur	0,20	
Þorlákshöfn	0,80	59,0

b) Tjónastyrkir:

Ólafsvík	1,00	
Grundarfjörður	0,70	
Suðureyri	0,35	
Bakkafjörður	10,20	12,3

Styrkir alls:	71,3

Lán:

a) Lán v/heimahluta í nýframkvæmdum:

Rif	2,0	
Patreksfjörður	1,4	
Tálknafjörður	1,2	
Skagaströnd	3,2	
Sauðárkrókur	3,6	
Grenivík	0,6	
Húsavík	12,3	
Borgarfjörður eystri	0,6	
Sandgerði	0,4	25,3

b) Bráðabirgðalán v/væntanlegra fjárveitinga:

Hjalteyri	0,5	
Húsavík	13,5	
Bakkafjörður	7,6	
Neskaupstaður	10,0	
Eskifjörður	6,4	38,0
	Lán alls	63,3
	Samtals lán og styrkir:	**134,6**

1082. Skýrsla [616. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1993.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. FJÁRÖFLUN

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur vegasjóðs af mörkuðum tekjustofnum á árinu 1993 sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur (bráðabirgðatölur) m.kr.
1.1. Markaðar tekjur 1993:		
1. Bensíngjald	4.150	4.226
2. Þungaskattur, km-gjald	1.390	1.378
3. Þungaskattur, árgjald	520	554
	6.060	6.158
1.2. Fært í ríkissjóð	-344	-391
1.3. Framkvæmdaátak í atvinnumálum	1.550	1.550
Samtals vegáætlun	7.266	
Breytingar samkvæmt fjáraukalögum	50	
Samtals fjárveiting	7.316	7.317

Greiðslur til Vegagerðarinnar voru samkvæmt vegáætlun ásamt þeim breytingum sem gerðar voru með fjáraukalögum.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Bifreiðaskoðun Íslands voru nýskráðar fólksbifreiðar 5.674 á árinu 1993 á móti 7.259 árið áður (fækkun 21,8%). Á sama tíma voru nýskráðar hópferðabifreiðar 71 á móti 134 árið áður(fækkun 47,0%). Nýskráðar vöru-og sendibifreiðar voru 708, en voru 1.273 árið áður (fækkun 44,4%).

Mikill samdráttur hefur orðið á innflutningi bifreiða síðustu tvö árin.

	Bifreiða-eign 31.12.91	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.92	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.93
Fólksbifreiðir	120.862	-0,59	120.146	-3,29	116.195
Hópferðabifreiðir	1.389	-16,70	1.157	3,11	1.193
Vöru-/sendibifreiðir	14.623	1,52	14.845	-2,65	14.451
Samtals	136.874	-0,53	136.148	-3,17	131.839

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsalan á tekjuárinu 1993 varð 178,4 m.l og dróst salan saman um 0,37% frá fyrra ári.

Í febrúar 1991 var hafin sala á 95 oct. blýlausu bensíni og hafði það í árslok 1993 náð yfir 32% hlutdeild í heildarbensínsölunni. Tekur það einkum sölu frá 98 oct. superbensíni.

Bensíngjald lækkaði um tvo aura pr/l í ársbyrjun og hélst óbreytt út árið.

Dagsetning	Bensíngjald kr/l	Lækkun %	Byggingar vísitala stig	Bensíngjald mætti vera kr/l
1. janúar 1993	23,80	0,08	189,6	25,28

Afsláttur sem ákveðinn var 1989 af bensíngjaldi af blýlausu bensíni lækkaði úr 8,5% í 5,88% 1. janúar 1993. Með tilkomu blýlausa 95 oct. bensínsins hefur hlutdeild þess bensíns, sem fullt bensíngjald er lagt á, minnkað stórlega og um áramótin 1993/1994 var hlutdeild blýlauss bensíns komið upp í 83,2% af sölunni. Afsláttur þessi nemur á einu ári um 208 m.kr. miðað við selt magn 1993 og gjaldskrá frá 1. janúar 1993 til ársloka.

Miklar sveiflur voru á verði bensíns á árinu. Verð á blýlausu 92 oct. bensíni hækkaði í ársbyrjun úr 60,40 kr/l í 65,40 kr/l, en lækkaði og hækkaði síðan á víxl á árinu og var verðið komið í 64,40 kr/l í lok nóvember og hélst það verð út árið 1993.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla lítrar á bifr.	Verð á lítra 31.12. 92 oct.	95 oct.	98 oct.	Bensíngjald Venjulegt	Blýlaust
1982	126,9	1353	13,8			3,06	
1983	124,0	1281	22,3			5,08	
1984	126,0	1267	25,8			5,72	
1985	129,6	1275	35,0			9,54	
1986	136,8	1250	25,0		27,5	9,54	
1987	155,7	1324*	33,7		35,4	12,60	
1988	164,8	1321	36,6		38,3	12,60	
1989	166,4	1336	49,9		54,1	19,39	17,74
1990	169,4	1387	56,8		62,9	20,55	18,80
1991	175,4	1436	59,4	63,3	66,4	22,25	20,35
1992	179,1	1474	60,4	63,4	67,5	23,82	21,78
1993	178,4	1519	64,4	66,9	70,5	23,80	22,40

* Við álagningu nýs bifreiðaskatts 1987 átti sér stað mikil hreinsun í bifreiðaskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins og ætti því talan fyrir meðaleyðslu 1987 og síðar að gefa mun réttari mynd, en fyrri tölur.

1.1.2. Þungaskattur

Þungaskattur var hækkaður 1. janúar 1993 um 7%. Hækkun á þungaskatti var meiri en á bensíngjaldi en hækkanir á þessum tekjustofnum hafa ekki haldist í hendur og var orðið meira svigrúm til hækkana á þungaskatti. Hækkanir voru til þess að ná upp hluta af þeim slaka í tekjustofnum vegamála, sem myndast hefur á undanförnum árum, þar sem hækkun tekjustofna hefur ekki haldist í hendur við almennar verðhækkanir í landinu.

Ekki hafa verið gerðar neinar breytingar á innheimtu- og álagningarkerfi þungaskatts, sem gert var ráð fyrir við gerð vegáætlunar, en nefnd um þau mál er að störfum.

1.2. FÆRT Í RÍKISSJÓÐ

Í vegáætlun fyrir 1993 var gert ráð fyrir að 344 m.kr., skyldu renna í ríkissjóð, en miðað við bráðabirgðauppgjör á mörkuðum tekjum verður sú upphæð 391 m.kr.

1.3. FRAMKVÆMDAÁTAK Í ATVINNUMÁLUM

Vegagerðin fékk 1.550 m.kr. fjárveitingu til nýframkvæmda á árinu 1993 vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA 1993 OG YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Við gerð vegáætlunar fyrir 1993 var meðalvísitala vegagerðar árið 1993 áætluð 4740 stig og hafði þá verið gert ráð fyrir verðlagshækkun um 2% milli ára. Meðalvísitalan varð í raun 4757 eða um 0,4% hærri en áætlað hafði verið.

Markaðar tekjur til vegamála árið 1993 voru áætlaðar 6.060 m.kr. en af þeim var gert ráð fyrir að 344 m.kr. rynnu í ríkissjóð. Vegagerðinni var frá 1. janúar 1993 falin umsjá með ferjum. Kostnaður við ríkisstyrktar ferjur og flóabáta var áður greiddur af fjárlagaliðnum Flóabátar og vöruflutningar (10.322), en er nú hluti af vegáætlun og greiddur af mörkuðum tekjum vegasjóðs. Þessi kostnaður fyrir 1993 var áætlaður 330 m.kr. Í reynd varð þessi kostnaður öllu meiri og fékk Vegagerðin 50 m.kr. fjárveitingu á fjáraukalögum auk 30 m.kr. skuldbreytingar hjá ríkisábyrgðasjóði á afborgunum og vöxtum til að mæta þessum aukna kostnaði.

Auk markaðra tekna var í vegáætlun sérstök fjárveiting vegna átaks í atvinnumálum. Nam þessi fjárveiting 1.550 m.kr. og skyldi renna til nýframkvæmda í vega- og brúagerð. Ráðstöfunarfé til vegamála á árinu 1993 var því meira en verið hefur um langt skeið, og er þá tekið tillit til hinna nýju verkefna við ferjur og flóabáta. Mest er aukningin í nýjum framkvæmdum, en viðhald og þjónusta jukust einnig. Um samanburðinn vísast til súlurita í þessum kafla og köflum 2.2. og 2.3.

Fjárhagur Vegagerðarinnar í árslok 1993 stóð í járnum. Kostnaður við vetrarþjónustu var nokkuð mikill eða um 587 m.kr. miðað við tvö snjólétt ár þar á undan. Auk þess varð nokkur kostnaðarauki vegna vatnsflaums í Vestfjarðagöngum, sem þó er ekki endanlega búið að semja um.

Taka vinnulána var með allra minnsta móti á árinu.

Í súluritinu hér að neðan koma fram útgjöld til vegamála í m.kr. á verðlagi 1993 á árunum 1964 til 1993.



Hér að neðan má sjá útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1964 til 1993. Miðað er við endurskoðaðan grunn þjóðarframleiðslu.



2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald

Um sl. áramót voru fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins 338 í 330 stöðugildum en voru 340 í 332 stöðugildum um áramótin 1992-1993. Af þessum 338 eru 153 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 150 stöðugildum. Stöðugildi með starfsnúmer eru 355.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1993 var 403 en var 399 árið 1992. Heildarvinnuframlag á árinu 1993 reiknað í dagvinnustundum nam 569 mannárum og hafði lækkað úr 574 frá árinu 1992. Launagreiðslur voru 758 m.kr. á árinu 1993 og launatengd gjöld 90 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna 31. desember 1993, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

	Reykjavík	Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Samtals
Yfirstjórn, skrifstofa	21	3	2	4	4	3	3	3	43
Tæknilegur undirbúningur	36	7	5	7	6	3	7	4	76
Vegaeftirlit	6	–	–	–	–	–	–	–	6
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	10	–	–	–	–	–	1	1	12
Iðnlærðir verkstjórar	1	1	3	1	1	2	1	1	11
Verkstjórar	2	9	5	9	9	5	12	9	60
Iðnaðarmenn	1	2	9	6	2	3	5	4	32
Vélamenn	4	7	6	10	10	5	11	8	61
Verkamenn	1	5	2	6	2	5	4	1	26
Ráðskonur, matreiðslumenn	3	1	0	1	1	1	2	2	11
Fastir starfsmenn í desember 1993	85	35	32	44	35	27	46	33	338
Fastir starfsmenn í desember 1992	89	37	32	44	34	27	42	35	340
Fastir starfsmenn í desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn í desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385
Fastir starfsmenn í desember 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsmenn í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455

2.1.1. Skrifstofukostnaður

Fjárveiting í vegáætlun var 130,1 m.kr.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, sem nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannadeild.


Ársumferð 1993
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur

Fjárveiting í vegáætlun var 98 m.kr.

Tæknisvið nær yfir áætlanadeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild, tölvudeild og þjónustudeild. Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim. Auk þess vinna þær ýmiss konar rannsóknar- og tilraunastörf. Ef hægt er að tengja vinnuna við ákveðna framkvæmd, sem hefur fjárveitingu í vegáætlun, er kostnaðurinn færður á verkið en ef vinnan hins vegar tengist ekki ákveðnum verkum eða verkum sem ekki hafa enn fjárveitingu á vegáætlun er hún greidd af þessum lið.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit

Fjárveiting var 35 m.kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi sem byrjað var að vinna eftir 1985. Heildarumferð á þjóðvegum stóð í stað frá árinu 1992.

Breytingar á umferð eftir landshlutum voru litlar. Þó jókst hún aðeins á Suðurlandi en minnkaði á Vesturlandi.

Kortið á síðunni hér til vinstri, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem um var gerð lögregluskýrsla á árinu 1992. Niðurstöður voru birtar í sérstakri skýrslu. Söfnun upplýsinga um umferðarslys á þjóðvegum árið 1993 stendur yfir.

C. Skráning vega og vegalengda.

Haldið var við skrám um opinbera vegi og lengd þeirra. Við gerð vegáætlunar árið 1993 styttust nokkrar þjóðbrautir og aðrar féllu alveg af þjóðvegaskrá. Ástæðan var nær eingöngu breyting á búsetu á síðustu árum. Flestir þeir kaflar sem féllu af þjóðvegaskrá urðu sýsluvegir. Í töflunni hér að neðan má sjá lengd vegakerfisins 1. janúar 1994.

Kjördæmi	Stofnbrautir		Þjóðbrautir		Þjóðvegir í þéttbýli				Þjóðvegir	Sýsluv.	Alls akf. þjóðv. og sýsluv.
	Ekki akfært km	Akfært km	Ekki akfært km	Akfært km	Ekki akfært km	Akfært malarslitlag km	Akfært bundið slitlag km	Alls akfært km	Alls akfært km	akfært km	
Reykjavík					6,1	1,8	35,4	37,2	37,2		37,2
Suðurland		545,3	6,5	1.029,6	0,1	0,2	14,5	14,7	1.589,6	662,7	2.252,3
Reykjanes	4,4	219,1		177,9	1,8	0,2	31,1	31,3	428,3	73,9	502,2
Vesturland		578,1	4,1	722,9			14,4	14,4	1.315,4	471,6	1.787,0
Vestfirðir		788,9		422,8			14,8	14,8	1.226,5	617,6	1.844,1
Norðurl.v.		401,1	5,7	603,8			14,2	14,2	1.019,1	488,9	1.508,0
Norðurl.ey.		625,2		542,6		1,3	14,7	16,0	1.183,8	449,3	1.633,1
Austurland		908,4		454,5		1,2	25,9	27,1	1.390,0	494,9	1.884,9
Samtals	4,4	4.066,1	16,3	3.954,1	8,0	4,7	165,0	169,7	8.189,9	3.258,9	11.448,8

Í meðfylgjandi töflu er sýndur km-fjöldi þjóðvega í hverjum umferðarflokki (júní-sept.). Gerður er greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi. Einnig er sýnt hve eknir eru margir km í hverju kjördæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstrinum.

		Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1993													Ársumferð		
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1.000	1.000-1.500	1.500-2.000	2.000-3.000	3.000-5.000	5.000-10.000	Yfir 10.000		% skipting	
	Gerð slit-	Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki														Í	Í
Kjördæmi	lags	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	Alls km	Eknir m.km	kjörd. %	landi %
Suðurland	Malar	210	236	330	93	60	18	0	9	0	0	0	0	0	957	32,4	17,7	3,6
	Bundið	12	8	32	52	120	145	49	82	16	35	30	18	0	600	150,8	82,3	16,9
	Samt.	222	244	363	145	181	163	49	92	16	35	30	18	0	1.557	183,2	100,0	20,5
Meðalt. bílar/dag		25	74	148	257	382	582	880	1.149	1.779	2.220	4.087	5.496	0	485	322		
Reykjanes	Malar	0	27	44	19	13	8	5	7	0	2	0	0	0	124	10,9	3,4	1,2
	Bundið	0	15	16	6	22	10	4	29	16	37	41	48	24	267	314,0	96,6	35,2
	Samt.	0	41	60	25	35	18	9	35	16	38	41	48	24	391	324,9	100,0	36,4
Meðalt. bílar/dag		0	79	151	219	370	644	919	1.186	1.857	2.408	3.435	6.586	16.445	2.726	2.276		
Vesturland	Malar	231	289	193	143	72	0	0	0	0	0	0	0	0	928	25,9	24,3	2,9
	Bundið	4	1	24	30	99	66	42	23	27	44	15	0	0	374	80,7	75,7	9,1
	Samt.	235	290	216	173	171	66	42	23	27	44	15	0	0	1.302	106,6	100,0	12,0
Meðalt. bílar/dag		27	68	140	238	374	595	925	1.287	1.731	2.315	3.119	0	0	356	224		
Vestfirðir	Malar	194	216	432	43	14	0	0	0	0	0	0	0	0	899	18,8	44,9	2,1
	Bundið	0	2	131	113	31	0	27	0	7	0	2	0	0	313	23,0	55,1	2,6
	Samt.	195	218	563	156	45	0	27	0	7	0	2	0	0	1.212	41,8	100,0	4,7
Meðalt. bílar/dag		30	69	140	233	343	0	898	0	1.780	0	3.022	0	0	160	94		
Norðurland	Malar	304	209	88	40	42	0	9	0	0	0	0	0	0	693	18,0	25,2	2,0
vestra	Bundið	0	0	13	16	73	15	104	90	0	0	0	0	0	311	53,3	74,8	6,0
	Samt.	305	209	102	56	116	15	112	90	0	0	0	0	0	1.004	71,3	100,0	8,0
Meðalt. bílar/dag		27	71	134	259	402	573	900	1.096	0	0	0	0	0	304	195		
Norðurland	Malar	179	302	149	98	99	12	4	0	0	0	0	0	0	841	29,9	30,6	3,4
eystra	Bundið	1	11	23	21	52	72	57	52	26	6	5	0	0	327	67,9	69,4	7,6
	Samt.	181	313	172	118	150	83	61	52	26	6	5	0	0	1.168	97,7	100,0	11,0
Meðalt. bílar/dag		32	76	159	240	403	560	900	1.252	1.711	2.649	3.109	0	0	336	229		
Austurland	Malar	243	221	272	113	35	0	0	0	0	0	0	0	0	885	24,5	37,2	2,7
	Bundið	9	5	48	219	131	55	2	5	4	3	0	0	0	479	41,4	62,8	4,6
	Samt.	252	226	320	332	165	55	2	5	4	3	0	0	0	1.364	65,9	100,0	7,4
Meðalt. bílar/dag		30	73	150	257	410	615	837	1.066	1.507	2.808	0	0	0	204	132		
Samtals	Malar	1.363	1.499	1.509	548	335	38	17	16	0	2	0	0	0	5.327	160,3	18,0	18,0
	Bundið	27	42	287	457	528	363	284	281	97	124	93	66	24	2.670	731,1	82,0	82,0
	Alls	1.389	1.541	1.795	1.005	863	401	301	297	97	125	93	66	24	7.997	891,4	100,0	100,0
Meðalt. bílar/dag		28	72	145	247	389	587	900	1.165	1.750	2.344	3.568	6.298	16.445	432	305		

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegaverkstjóra og verkamanna, sem störfuðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, en höfðu ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði við starfslok, voru áætlaðar 7 m.kr., en urðu ekki nema 6,4 m.kr. Einn fyrrverandi vegaverkstjóri og tvær ekkjur þessara fyrrverandi starfsmanna létust á árinu, en ein ný ekkja bættist við. Alls nutu því fjórir fyrrverandi verkstjórar, 14 ekkjur og þrír fyrrverandi verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 21 á móti 23 í árslok árið 1992.

2.2. ÞJÓNUSTA OG VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Markmið þjónustu og viðhalds er að stuðla að greiðum samgöngum og að varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu. Hér er um að ræða mikið og vaxandi starf.

Heildarlengd stofnbrauta og þjóðbrauta er um 8 þúsund km (sjá töflu á bls. 12) og eknir eru um níu hundruð milljón km á ári sbr. línurit hér að neðan. Þá má nefna að væntingar vegfarenda aukast og munu stöðugt vera nokkuð á undan þróuninni til bættrar þjónustu.



Í vegáætlun 1993 var fjárveiting til þjónustu og viðhalds 2.300 m.kr. Henni var skipt í almenna þjónustu, vetrarþjónustu og viðhald. (sbr. fskj. 1).

Í súluritinu hér að neðan kemur fram þróun í kostnaði við þjónustu og viðhald frá 1964. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 1993.



Taflan hér fyrir neðan sýnir fjárveitingar og heildarkostnað viðhalds og þjónustu ásamt hlutdeild vetrarþjónustu á árunum 1974 til 1993. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi hvers árs.

Ár	Fjárv. í vegáætlun m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.	Vetrar-þjónusta m.kr.	Vetrarþjónusta sem hlutfall af heildarkostnaði %
1974	7,16	8,52	1,64	19,2
1975	10,49	11,78	3,23	27,4
1976	13,81	15,04	3,19	21,2
1977	18,78	19,78	5,00	25,3
1978	32,20	34,97	8,45	24,2
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,92	16,75	20,4
1981	140,06	138,78	42,98	31,0
1982	220,90	236,90	55,90	23,6
1983	414,00	425,30	137,10	32,2
1984	532,30	556,70	156,80	28,2
1985	691,00	645,20	96,80	15,0
1986	821,10	777,00	179,10	23,1
1987	875,00	909,20	141,70	15,6
1988	1.063,00	1.055,30	248,20	23,5
1989	1.485,00	1.489,70	526,70	35,4
1990	1.852,00	1.800,82	611,07	33,9
1991	1.878,00	1.887,10	393,00	20,8
1992	2.045,00	2.082,76	466,81	22,4
1993	2.300,00	2.378,20	587,15	24,7

Taflan hér að neðan sýnir skiptingu á kostnaði við viðhald og þjónustu milli umdæma 1993. Upphæðirnar eru í m.kr.

	Viðhald og þjónusta					Viðhald og almenn þjónusta		
Kjördæmi	Kostnaður árið 1993 m.kr.	Lengd akfærra vega km	Kostnaður á hvern km þ.kr.	Akstur 1993 m.km	Kostnaður á ekna 100 km kr.	Kostnaður alls m.kr.	Kostnaður á km þ.kr.	Kostnaður á ekna 100 km kr.
Suðurland	312,2	1.575	198,3	184	170	271,1	172,1	148
Reykjanes	433,9	397	1093,0	326	133	333,6	840,4	102
Vesturland	320,7	1.301	246,5	106	301	244,8	188,1	230
Vestfirðir	405,0	1.212	334,2	42	972	247,2	204,0	594
Norðurl. vestra	220,2	1.005	219,1	71	309	173,2	172,4	243
Norðurl. eystra	349,4	1.168	299,2	98	358	266,7	228,4	273
Austurland	336,8	1.363	247,1	66	511	254,4	186,7	386
Samtals/meðaltal:	2.378,2	8.020	296,5	892	267	1.791,1	223,3	201

Í eftirfarandi töflu kemur fram kostnaður við viðhald og almenna þjónustu vega árin 1980 - 1993 ásamt ýmsum stærðum sem áhrif hafa á viðhaldsþörfina.

Ár	Kostnaður m.kr.	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Kostnaður á verðlagi 1993 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Kostnaður pr. km á verðlagi 1993 þ.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á á öllum þjóðvegum m.km	Kostnaður pr. 100 ekna km verðl. 1993
1980	65,17	228	1395	8409	165,8	90.015	472	295,5
1981	95,80	351	1332	8411	158,3	95.606	485	274,6
1982	181,00	570	1549	8306	186,5	100.936	500	309,9
1983	288,20	1.064	1322	8277	159,7	100.459	485	272,5
1984	399,90	1.198	1629	8268	197,0	108.254	524	310,8
1985	548,40	1.595	1678	8222	204,0	113.202	586	286,3
1986	597,90	1.825	1598	8231	194,2	117.117	606	263,8
1987	767,50	2.285	1639	8265	198,3	125.950	726	225,7
1988	807,10	2.890	1363	8269	164,8	133.148	774	176,0
1989	963,00	3.538	1328	8256	160,9	138.602	795	167,0
1990	1189,75	4.375	1327	8254	160,7	137.778	807	164,4
1991	1494,10	4.673	1560	8249	189,1	134.181	889	175,5
1992	1615,95	4.758	1657	8249	200,9	136.874	896	184,9
1993	1791,06	4.879	1791	8.020	223,3	136.148	892	200,8

Súluritið hér á eftir sýnir þróun í kostnaði við viðhald og almenna þjónustu frá 1964.



Súluritið hér að neðan sýnir kostnað við viðhald og almenna þjónustu stofnbrauta og þjóðbrauta á hverja 100 ekna km á verðlagi 1993, samanber síðasta dálk töflunnar neðst á bls. 15.



2.2.1. Almenn þjónusta

Verkefni sem tilheyra almennri þjónustu er sú viðhalds- og viðgerðavinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Fjárveiting til almennrar þjónustu var 730 m.kr. og var skipt í fjóra meginflokka þ.e. til sameiginlegrar þjónustu, til þjónustu malarvega, til þjónustu vega með bundnu slitlagi og til þjónustu brúa.

2.2.1.1. Sameiginlegt

Fjárveiting til þessara verkefna var 261 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og leiðurum, hreinsun vegsvæða og áningastaða meðfram vegum, upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

2.2.1.2. Malarvegir

Fjárveiting til þjónustu malarvega var 284 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1993 með klórkalsíum eða salti. Í töflunni kemur einnig fram lengd malarvega með mikla sumarumferð í hverju umdæmi, annars vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 200 bílar á dag og hins vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 300 bílar á dag.

	Rykbundnir km				Malarvegir km	
Umdæmi	Klór-kalsíum	Úrgangs-salt	Nýtt salt	Samtals	SDU> 200	SDU> 300
Suðurland	126	216	278	620	181	88
Reykjanes	35	-	60	95	53	34
Vesturland	176	491	128	795	215	72
Vestfirðir	12	-	156	168	56	14
Norðurland vestra	137	4	54	195	91	51
Norðurland eystra	85	22	719	826	212	114
Austurland	147	150	109	406	148	35
Samtals	718	883	1.504	3.105	956	408

2.2.1.3. Vegir með bundnu slitlagi

Fjárveiting til þjónustu vega með bundnu slitlagi var 157 m.kr. og var varið til að greiða kostnað við yfirborðsmerkingar á vegum, viðgerðir á tilfallandi skemmdum á bundnum slitlögum, lagfæringu á öxlum (hliðarsvæði við akbraut) og aðra þætti sem tengdir eru þjónustu á vegum með bundnum slitlögum.

2.2.1.4. Brýr

Fjárveiting til þjónustu brúa var 28 m.kr. Henni var varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum.

2.2.2. Vetrarþjónusta

Fjárveiting var 530 m.kr. Frá fyrra ári voru að auki til ráðstöfunar 53 m.kr. Alls voru því til ráðstöfunar 583 m.kr. Til vetrarþjónustu var varið 555,7 m.kr. Í samráði við samgönguráðuneytið var varið 31,4 m.kr. til lagfæringa á snjóþungum stöðum, aðallega á Steingrímsfjarðarheiði og á Möðrudalsöræfum. Kostnaður varð því samtals 587,1 m.kr., 4,1 m.kr. umfram fjárveitingu.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu á öllu landinu árin 1984 - 1993. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 1993.

Ár	Vísitölur	Jan.-júní m.kr	Okt.-des. m. kr.	Allt árið m.kr.
1984	1219	487,7	151,4	639
1985	1603	157,9	141,8	300
1986	1885	230,6	192,1	423
1987	2358	163,4	135,4	299
1988	2997	286,4	124,6	411
1989	3710	547,8	156,6	704
1990	4483	497,4	160,9	658
1991	4793	240,6	166,4	407
1992	4885	284,2	189,4	474
1993	4962	340,5	246,5	587
Meðalkostnaður sl. 10 ára.				490

Hér að neðan má sjá heildarkostnað við vetrarþjónustu á árunum 1964 - 1993 í súluriti. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi 1993.



Á töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 1993.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostn. á km m.ál. þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík - Hveragerði og Þrengslavegur	52	27,0	520
Holtavörðuheiði	38	6,5	167
Fróðárheiði	13	4,5	348
Miklidalur og Hálfdán	29	13,0	447
Breiðadalsheiði	16	12,3	770
Botnsheiði	17	11,9	702
Steingrímsfjarðarheiði	47	15,0	319
Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður	31	5,4	174
Öxnadalsheiði	27	8,1	300
Dalvík - Ólafsfjörður	18	2,7	152
Fjarðarheiði	25	7,1	283
Oddsskarð	22	5,6	254
Meðaltal			370

Á töflunni hér á eftir má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 1993. Einnig kemur fram á hve mörgum dögum ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Vetrarþjónustudagar											Hlutfall af 365 dögum	
	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	%	
Fróðárheiði	7	3	4								1	1	16	4,4	52
Svínadalur	3												3	0,8	33
Kletthás	31	28	31	30	12						2	7	141	38,6	18
Hálfdán	10	8	6	3	1								28	7,7	69
Dynjandisheiði	31	28	31	30	31						12	23	186	51,0	22
Hrafnseyrarheiði	31	28	31	28	23						10	15	166	45,5	27
Breiðadalsheiði	18	11	11	2	1						2	8	53	14,5	95
Botnsheiði	17	14	10	2	1						1	6	51	14,0	85
Steingrímsfjarðarheiði	11	14	12	5	2							1	45	12,3	74
Holtavörðuheiði	2												2	0,5	31
Vatnsskarð nyrðra	4	1										3	8	2,2	25
Siglufjv:Fljót-Siglufj.	4											1	5	1,4	27
Lágheiði	31	27	29	30	23							28	168	46,0	8
Öxnadalsheiði													0	0,0	59
Dalvík-Ólafsfjörður	3												3	0,8	59
Hólssandur	31	28	31	30	31	1				4		25	181	49,6	2
Öxarfjarðarheiði	31	28	31	30	31	6				2		27	186	51,0	3
Sandvíkurheiði	2	1											3	0,8	13
Vopnafjarðarheiði	30	28	12	14	3					1		2	90	24,7	10
Möðrudalsöræfi	21	14	7	10	3							2	57	15,6	34
Hellisheiði eystri	31	10	1	14	14					1		19	90	24,7	4
Vatnsskarð eystra	10	3	1	5	3							3	25	6,8	27
Fjarðarheiði	6	2	1	4	3							2	18	4,9	71
Oddsskarð	5				1							4	10	2,7	69
Breiðdalsheiði	26	28	2	2	2							7	67	18,4	11

2.2.3. Viðhald

Heildarfjárveiting til viðhalds var 1.040 m.kr.

Við gerð langtímaáætlunar í vegagerð 1983 var miðað við að vegir yrðu endurbyggðir í ríkum mæli og lagðir bundnu slitlagi. Fjármagn til þessa verks hefur í reynd orðið verulega minna en vera átti. Til þess að komast áfram með bundið slitlag, hefur verið gripið til þess ráðs í nokkrum mæli að styrkja og lagfæra vegi í stað þess að endurbyggja þá undir slitlag.

Jafnframt hefur verið lögð áhersla á styrkingu aðalvegakerfisins fyrir viðhaldsfé. Í nokkrum tilvikum hefur verið lagt bundið slitlag í framhaldi af slíkum styrkingum. Hefur það þá að hluta til verið greitt af viðhaldsfé. Árangurinn af þessu er sá, að verulega hefur dregið úr sérstökum takmörkunum öxulþunga á aðalvegum á undanförnum árum. Þá hefur einnig tekist að halda áætlun hvað varðar gerð bundins slitlags. Alls er bundið slitlag komið á 2.670 km eða 33,4 % af þjóðvegum, og fara nú um 82% af öllum akstri á þjóðvegum fram á bundnu slitlagi.

Vegir, sem meðhöndlaðir eru á þennan hátt, jafnast ekki á við vegi, sem byggðir eru samkvæmt staðli, að því er varðar feril, öryggi og fleira. Það er þó mat Vegagerðarinnar að bundið slitlag sé svo mikilvægt að rétt sé að leggja áherslu á það. Á árinu 1993 voru 153 km þjóðvega lagðir bundnu slitlagi.

Stólpa- og línuritið hér á eftir sýnir lengd bundinna slitlaga sem bæst hafa við á þjóðvegakerfinu á síðustu árum og þróun í heildarlengd bundinna slitlaga.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður skiptist á ýmsa liði viðhaldsins og á kjördæmi samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar.

Kjördæmi	Endurnýjun bundinna slitlaga þús.kr.	Endurnýjun malar-slitlaga þús.kr.	Styrkingar og endurbætur þús.kr.	Viðhald brúa og varnargarða þús.kr.	Samtals þús.kr.
Sameiginlegt	0	0	0	1.609	1.609
Suðurland	67.988	34.380	14.610	25.688	142.667
Reykjanes	135.929	10.334	41.631	614	188.508
Vesturland	66.568	24.142	23.149	2.102	115.961
Vestfirðir	33.458	0	49.613	28.841	111.912
Norðurland vestra	26.061	16.420	31.745	0	74.227
Norðurland eystra	53.822	39.166	34.757	1.243	128.989
Ausurland	60.448	6.419	39.608	16.689	123.163
Samtals	444.275	130.861	235.114	76.786	887.035

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 370 m.kr. Lagðir voru 376 km af bundnu slitlagi sem skiptist á tegundir og umdæmi eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

	Klæðing		Fræsing og klæðing		Malbik		Steypa		Annað		Alls	
Umdæmi	km	þ.m²	km	þ.m²	km	þ.m²	km	þ.m²	km	þ.m²	km	þ.m²
Suðurland	81,7	487	0,0	0	0,6	4	0,0	0	0,0	0	82,3	492
Reykjanes	54,9	346	2,5	18	19,6	136	0,0	0	3,2	23	80,2	523
Vesturland	49,6	304	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	49,6	304
Vestfirðir	34,1	217	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	34,1	217
Norðurland vestra	37,2	223	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	37,2	223
Norðurland eystra	68,1	409	0,0	0	0,0	0	0,0	0	3,8	23	71,9	432
Austurland	21,1	192	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	21,1	192
Samtals	346,6	2179	2,5	18	20,2	140	0,0	0	7,1	46	376,4	2.383

Inni í þessum tölum eru ekki blettanir og hjólfarafyllingar (einbreið slitlög hafa verið umreiknuð í tvíbreið).

Lengd bundinna slitlaga í mismunandi umferðarflokkum kemur fram í töflu á bls. 12.

Nú er mjög mikið af bundnum slitlögum að komast í það ástand að fyrsta yfirlögn er óumflýjanleg. Framkvæmdir á þessu sviði fara því ört vaxandi. Til þess að varðveita þau miklu verðmæti sem eru í bundnum slitlögum er nauðsynlegt að halda þeim lokuðum með viðgerðum og yfirlögnum. Þetta verkefni hefur því fengið forgang umfram ýmsar endurbætur. Eins og kemur fram í töflunni í kafla 2.2.3. hefur mun meira fé runnið til þess en vegáætlun gerði ráð fyrir. Vegna takmarkaðs fjármagns hafa því ýmsar knýjandi viðhaldsaðgerðir svo sem breikkanir, afréttingar og hjólfarafyllingar setið á hakanum.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting var 180 m.kr. Lagðir voru tæpir 440 km af malarslitlagi.

Í töflu hér fyrir neðan kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli umdæma.

	Óunnið efni				Unnið efni				Mölburður alls			
				Meðal þykkt				Meðal þykkt				Meðal þykkt
Umdæmi	km	m^3	m^3/m	cm	km	m^3	m^3/m	cm	km	m^3	m^3/m	cm
Suðurland	19	28.000	1,47	24	40	16.000	0,40	7	59	44.000	0,75	13
Reykjanes	8	3.090	0,40	10	28	10.902	0,39	10	36	13.992	0,39	10
Vesturland	69	42.280	0,61	10	58	16.186	0,28	5	128	58.466	0,46	8
Vestfirðir	-	-	-	-	10	5.500	0,55	8	10	5.500	0,55	8
Norðurland vestra	3	2.500	0,83	20	18	7.570	0,42	8	21	10.070	0,48	
Norðurland eystra	11	6.693	0,59	15	53	15.358	0,29	5-7	64	22.051	0,35	10
Austurland	59	6.563	0,11	2	63	11.943	0,19	3,4	122	18.506	0,15	3
Samtals / meðaltal	169	89.126	0,53		270	83.459	0,31		439	172.585	0,39	

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 1993 var eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

	Fyrir malarslitlög þús. m^3				Fyrir bundin slitlög þús. m^3			Fyrir burðalög og jöfnunarlög þús. m^3					Samt. þús. m^3
Umdæmi	16 mm	19 mm	25 mm	Samt.	16 mm	19 mm	Samt.	16 mm	19 mm	25 mm	>25 mm	Samt.	
Suðurland	–	–	17	17	–	34	34	–	–	56	–	56	107
Reykjanes	0,9	6,2	–	7,1	–	–	–	–	–	–	–	–	7,1
Vesturland	4,6	31,3	–	35,8	5,5	15,4	20,9	–	8,1	34,6	7,8	50,5	107,3
Vestfirðir	–	12,0	–	12,0	–	6,6	6,6	–	–	13,5	26,8	40.2	58,8
Norðurl. v.	–	16,3	–	16,3	2,8	12,8	15,7	–	–	22,9	28,7	51,6	83,5
Norðurl. ey.	5,8	3,3	30,6	39,7	4,9	9,1	14,0	1,5	12,6	25,1	–	39,1	92,8
Austurland	6,9	3,0	–	9,9	20,7	3,1	23,8	–	–	48,6	–	48,6	82,4
Samtals	18,3	71,9	47,6	137,8	34,0	81,0	115,0	1,5	20,7	200,7	63,3	286,1	538,9

Hér er aðeins talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið. Vegagerðin starfrækir eina mulningsvélasamstæðu en meginhluti verksins var boðinn út.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 230 m.kr. Af hagkvæmnisástæðum var mestum hluta þessa fjár varið til tiltölulega stórra og skipulagðra verkefna. Þannig hefur verið leitast við að komast hjá vorviðgerðum. Til þess að komast hjá vorskemmdum hefur verið lögð áhersla á að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann þar sem nauðsyn krefur. Kortið á bls. 23 sýnir takmarkanir á öxulþunga vegna aurbleytu.


Takmarkanir á öxulþunga vegna aurbleytu
á helstu þjóðvegum landsins vorið 1993.
28 d. 7 t.
26 d. 7 t.
47 d. 7 t.
22 d. 7 t.
28 d. 7 t.
45 d. 7 t.
46 d. 7 t.
42 d. 7 t.
17 d. vl.
19 d. 5 t.
40 d. 7 t.
32 d. 7 t.
20 d. 7 t.
34 d. 5 t.
12 d. 7 t.
19 d. 5 t.
11 d. 7 t.
23 d. 7 t.
20 d. oj.
14 d. 7 t.
21 d. 7 t.
11 d. 7 t.
27 d. 7 t.
5 d. vl.
7 d. oj.
8 d. 7 t.
13 d. vl.
34 d. 5 t.
9 d. 7 t.
26 d. 5 t.
31 d. 7 t.
13 d. oj.
33 d. 7 t.
44 d. 7 t.
38 d. 7 t.
34 d. 7 t.
34 d. 7 t.
19 d. 7 t.
58 d. 7 t.
21 d. 7 t.
48 d. 7 t.
17 d. 7 t.
40 d. 7 t.
29 d. 7 t.
26 d. 7 t.
35 d. 7 t.
37 d. 7 t.
44 d. 7 t.
23 d. 7 t.
26 d. 7 t.
42 d. 7 t.
8 d. 7 t.
49 d. 7 t.
29 d. 7 t.
22 d. 5 t.
36 d. 7 t.
25 d. 7 t.
40 d. 7 t.
41 d. 7 t.
36 d. 7 t.
5 d. 5 t.
33 d. 7 t.
5 d. 5 t.
11 d. 7 t.
21 d. 5 t.
31 d. 5 t.
23 d. 7 t.
4 d. oj.
29 d. 7 t.
8 d. 7 t.
8 d. vl.
4 d. 7 t.
14 d. 7 t.
6 d. 5 t.
48 d. 7 t.
16 d. oj.
5 d. 5 t.
41 d. 7 t.
Vegur lokaður (v.l.), eða aðeins opinn jeppum (o.j.).
5 tonna öxulþungi (5 t.).
7 tonna öxulþungi (7 t.).
Kafla skipting.
Kafla skipting.

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða

Fjárveiting var 90 m.kr. Mikið var gert við brú á Breiðbalakvísl á Suðurlandsvegi austan Kirkjubæjarklausturs. Um 15 m.kr. var varið til endurnýjunar gólfs og annarra endurbóta á Ölfusá á Suðurlandsvegi um Selfoss en verulegur hluti þess verks var greiddur af sérstakri fjárveitingu til stofnbrauta 1992. Þá var brúin á Hrútafjarðará á Vesturlandsvegi styrkt og breikkuð. Um 12 m.kr. var varið til grjótvarnar í farvegi við brúna á Jökulsá á Breiðamerkursandi. Í Jökulsárhlíð voru endurnýjuð burðarvirki í tveimur brúm á sýsluvegum yfir Fögruhlíðará. Auk þess var unnin fjöldi smærri verka.

2.2.3.5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir

Fjárveiting var 90 m.kr.

Um 30 m.kr. var varið til öryggisaðgerða við einbreiðar brýr á tveggja akreina vegum, en reynslan sýnir að þar eru hættulegar aðstæður. Alls tóku þessar aðgerðir til meira en 50 brúa. Þar af voru nokkrar rifnar og endurnýjaðar með röraræsum með fullri vegbreidd. Enn er mikið óunnið á þessu sviði

Til annarra öryggisaðgerða var varið 18 m.kr og voru nokkrir hættulegir staðir lagfærðir m.a. með uppsetningu leiðara.

Til vegmerkinga var varið 42 m.kr. Auk hefðbundins viðhalds umferðarmerkja var lokið við merkingu hringvegarins sem aðalbrautar. Einnig voru sett niður þéttbýlismerki við stærstu þéttbýlisstaði landsins og bætt við nýjum vegvísum í leiðamerkjakerfið.

2.2.3.6. Vatnaskemmdir

Fjárveiting var 72 m.kr. Í óveðri í maí urðu verulegar vatnaskemmdir á Vesturlandi og Vestfjörðum og var heildartjón metið á 26 m.kr. Annars var árið hagstætt hvað snertir slík áföll og fjárveitingin reyndist því rífleg.

2.3. NÝIR ÞJÓÐVEGIR

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda

Ríkissjóður þurfti ekki að afla neinna lána til vegagerðar á árinu 1993. Markaðar tekjur voru við það miðaðar, að þær stæðu ekki einungis undir öllum útgjöldum samkvæmt vegáætlun, heldur skiluðu um 344 m.kr. til annarra þarfa ríkissjóðs.

Þann 14. júní tók Vegagerðin lán hjá eigendum Arnarnesslands í Garðabæ að upphæð 13,8 m.kr. til kaupa á landi undir Arnarnesveg. Lán þetta er bundið lánskjaravísitölu og endurgreiðist á árunum 1994 og 1995 með almennum skuldabréfavöxtum. Í árslok nam lán þetta með verðbótum 14,0 m.kr. Á árinu 1992 tók Vegagerðin lán hjá eigendum Smárahvammslands til sama vegar, sem nam með verðbótum í árslok 1993 7,1 m.kr. Afborgun á árinu nam 3,5 m.kr. og vextir 1,0 m.kr.

Þann 15. maí 1991 tók Áhaldahús Vegagerðar ríkisins lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að upphæð 49,2 m.kr. til brúargerðar á Markarfljót. Lán þetta er bundið gengi Bandaríkjadollars og endurgreiðist á árunum 1992-1994 af framlögum í vegáætlun til framkvæmda á Suðurlandi. Á árinu 1993 námu vaxtagreiðslur af láni þessu 1,7 m.kr. og afborgun gengisuppfærð 17,2 m.kr. Eftirstöðvar lánsins í árslok gengisuppfærðar námu 20,0 m.kr.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda

Eftir venju voru tekin nokkur bráðabirgðalán til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmum vinnubrögðum. Sökum góðrar fjárhagsstöðu í lok ársins þurfti þó að taka mun minni bráðabirgðalán en horfur voru á í upphafi framkvæmdatímabils. Voru lán, sem tekin voru, að meirihluta í formi vinnulána frá verktökum eða 48,3 m.kr., en bæjar- og sveitarfélög lánuðu 46,1 m.kr. Þar af endurlánuðu þau 39,9 m.kr. Engin bankalán þurfti að taka að þessu sinni.

Bráðabirgðalán til stofnbrauta urðu samtals 57,8 m.kr. Þar af fóru 9,1 m.kr. til vega í Reykjaneskjördæmi og 38,2 m.kr. til vega í Vesturlandskjördæmi. Til Hólmavíkurvegar fóru 4,2 m.kr. og til vega í Norðurlandskjördæmi vestra 6,3 m.kr.

Lán til þjóðbrauta urðu samtals 36,6 m.kr. Þar af fóru 9,1 m.kr. til vega á Vesturlandi, en 27,5 m.kr. voru endurlán sveitarfélagsins til Þykkvabæjarvegar.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 94,4 m.kr. á móti 133,4 m.kr. í árslok 1992 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum.

	Árslok 1993 m.kr.	Árslok 1992 m.kr.
Til stofnbrauta	57,8	107,7
Til þjóðbrauta	36,6	25,7
Samtals	94,4	133,4

Á nokkrum stöðum var fjárvöntun mætt með tímabundnum lánum milli verkefna.

2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda

Engin önnur utanaðkomandi lán voru tekin til vegaframkvæmda árið 1993 en að framan greinir.

2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegáætlun voru 3.748 m.kr. Skiptist sú tala þannig að til stofnbrauta fóru 3.440 m.kr., til þjóðbrauta 283 m.kr. og til girðinga og uppgræðslu 25 m.kr.

Í súluritinu hér að neðan má sjá heildarframlag til nýbygginga stofnbrauta, þjóðbrauta og fjallvega á árunum 1964 til 1993. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi 1993.



2.3.1. Stofnbrautir

2.3.1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

Fjárveitingar til almennra verkefna og bundinna slitlaga á stofnbrautum voru 537 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.2. Sérstök verkefni

Fjárveitingar til sérstakra verkefna á stofnbrautum voru 271 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.3. Höfuðborgarsvæðið

Fjárveitingar til stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu voru 413 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þess hluta fjárins sem var í umsjá Vegagerðarinnar kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.4. Stórverkefni

Fjárveitingar til stórverkefna á stofnbrautum voru 669 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.5. Framkvæmdaátak í atvinnumálum

Fjárveitingar til framkvæmdaátaks í atvinnumálum voru 1.550 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.2. Þjóðbrautir

Fjárveitingar til þjóðbrauta voru 283 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.3. Girðingar og uppgræðsla

Fjárveiting til girðinga og uppgræðslu var 25 m.kr. og var allri fjárveitingunni varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar en illa hefur gengið að stytta biðlista yfir óuppgerðar girðingakröfur.

Í töflunum hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir 1993 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

	Óafgreitt 1.1.'93		Afgreitt 1993		Nýjar kröfur		Óafgreitt 1.1.'94	
Umdæmi	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.
Suðurland	68,5	2	0,5	0	0,0	0	68,0	2
Reykjanes	28,2	1	0,0	0	0,0	0	28,2	0
Vesturland	100,5	2	12,5	0	6,5	0	94,5	2
Vestfirðir	8,7	5	0,0	0	2,4	0	8,6	5
Norðurland vestra	71,0	7	8,9	0	0,4	0	62,5	7
Norðurland eystra	148,9	7	36,6	0	14,1	0	126,5	7
Austurland	51,4	4	1,9	0	11,2	0	60,6	4
Samtals	477,2	28	60,4	0	34,6	0	448,9	27

Unnið var að uppgræðslu fyrir hluta af nýbyggingarfé og sýnir taflan hér að neðan framkvæmdir 1993 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

	Framkvæmdir 1993			Ósáð
	Sáning	Áburðardreifing	Samtals	1. jan. 1994
Umdæmi	ha.	ha.	ha.	ha.
Suðurland	75	72	147	150
Reykjanes	11	33	44	60
Vesturland	32	85	117	337
Vestfirðir	101	14	116	0
Norðurland vestra	113	22	135	179
Norðurland eystra	83	97	180	703
Austurland	87	29	116	777
Samtals	503	352	854	2.206

2.4. BRÝR

2.4.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 132 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti en gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj.2.

Heiti	Fjárveiting 1993 (m.kr.)
Djúpá í Fljótshverfi (201)	25
Fnjóská hjá Hróastöðum (836)	27
Kráká (801)	9
Laxá hjá Arnarvatni (848)	33
Fjallsá í Öræfum (901)	38
Samtals	132

2.4.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 11 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti:

Heiti	Fjárveiting 1993 (m.kr.)
Litla Þverá á Þverárhlíðarvegi (522)	5,4
Gilseyrará á Tálknafjarðarvegi (617)	2,4
Hvalsá á Hólmavíkurvegi (68)	3,2
Samtals	11,0

2.5. FJALLVEGIR O.FL.

2.5.1. Aðalfjallvegir

Fjárveiting á þessum lið var 21 m.kr. og var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti, en í fskj. 2 er gerð grein fyrir einstökum fjárveitingum.

	Fjárveiting 1993 í þús.kr.
F-22 Fjallabaksleið nyrðri	2.200
F-28 Sprengisandsleið	3.600
F-35 Kaldadalsleið	1.200
F-37 Kjalvegur	12.000
F-72 Skagafjarðarleið	700
F-82 Eyjafjarðarleið	2.000
F-98 Gæsavatnaleið	2.500
Geymt frá fyrra ári	- 5.100
Óskipt	1.900
Samtals	21.000

2.5.2. Aðrir fjallvegir

Fjárveiting til annarra fjallvega var 12 m.kr. og henni skipt eins og hér greinir:

Heiti vegar		Kjördæmi	Upphæð í þús. kr.	
1.	Vegur að Laka	Suðurland	90	
2.	Fjallabaksleið syðri, austurhluti	—	300	
3.	Vegur að Eldgjá	—	150	
4.	Vegur að Langasjó	—	90	
5.	Vegur að Sólheimajökli	—	40	
6.	Fjallabaksleið syðri, vesturhluti	—	200	
7.	Emstruleið	—	310	
8.	Vegur í Veiðivötn	—	100	
9.	Vegur í Þjórsárdal	—	50	
10.	Vegur á Haukadalsheiði	—	530	
11.	Vegur að Hagavatni	—	70	
12.	Hlöðuvallavegur	—	150	
13.	Vegur af Gjábakkavegi vegna vélsleða	—	15	
14.	Afréttarvegur Flóa og Skeiða	—	5	
				2.100
15.	Vegur að Djúpavatni og Vígdísarvöllum	Reykjanes	50	
16.	Vegur að Reykjanesvita	—	300	
17.	Vegur um Fossárdal	—	50	
				400
18.	Vegur að Langavatni	Vesturland	200	
19.	Vegur um Grenjadal	—	50	
20.	Vegur að Hítarvatni	—	200	
21.	Vegur um Þverárdal	—	50	
22.	Viðhald fjallvega í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	—	200	
23.	Vegur um Grettisbæli	—	50	
24.	Vegur að Saurum	—	500	
25.	Við Móðulæk á Snæfellsjökul	—	100	
26.	Viðhald fjallvega á Snæfellsnesi	—	250	
27.	Vegur um Haukadalsskarð	—	50	
28.	Vegur á Ljárskógafjall	—	100	
29.	Vegur um Sópandaskarð	—	50	
30.	Vegur um Hundadalsheiði		100	
				1.900
31.	Vegur að Vaðlafjöllum	Vestfirðir	400	
32.	Vegur úr Dýrafjarðarbotni	—	200	
33.	Kollafjarðarheiði	—	500	
				1.100
34.	Vegur um Grímstunguheiði	Norðurl. vestra	200	
35.	Haukagilsheiði	—	250	
36.	Langavatnsvegur á Skaga	—	250	
37.	Ýmsir vegir í Húnavatnssýslu	—	50	
38.	Siglufjarðarskarð	—	200	
39.	Lambahraun	—	200	
40.	Kolbeinsdalsvegur	—	200	
41.	Ýmsir vegir í Skagafirði	—	150	
				1.500

Heiti vegar		Kjördæmi	Upphæð í þús. kr.	
42.	Vegur um Barkárdal	Norðurl. eystra	200	
43.	Vegur norður Látraströnd	—	250	
44.	Vegur um Flateyjardalsheiði	—	200	
45.	Vegur um Leirdalsheiði	—	80	
46.	Afréttarvegur Svarfdælahrepps	—	80	
47.	Vegur í Fossselsskóg	—	500	
48.	Vegur að Dettifossi vestan	—	100	
49.	Vegur frá Engidal að Stöng	—	50	
50.	Skoruvíkurvegur	—	140	
51.	Vegur að Búrfellsheiði	—	150	
52.	Vegur við Hafralónsá	—	200	
53.	Vegur að Dalsheiði	—	100	
54.	Vegur að Hvammsheiði	—	150	
				2.200
55.	Brúarvegur Jökuldal	Austurland	9	
56.	Þríhyrningsleið	—	50	
57.	Snæfellsleið	—	450	
58.	Kverkfjallaleið	—	70	
59.	Maríutunguvegur	—	134	
60.	Vegur í Loðmundarfjörð	—	250	
61.	Afréttarvegur Jökulsárhlíð	—	1	
62.	Vöðla- og Viðfjarðarvegur	—	80	
63.	Þórudalsheiðarvegur	—	50	
64.	Kollumúlavegur	—	200	
65.	Jökulvegur Smyrlabjörgum	—	306	
				1.600
66.	Ferðafélag Íslands, sæluhús		200	
67.	Ferðafélag Skagafjarðar, sæluhús		100	
68.	Ferðafélag Akureyrar, sæluhús		200	
69.	Ferðafélag Húsavíkur, sæluhús		100	
70.	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, sæluhús		100	
				700
	Óskipt			500
		Samtals		12.000

2.5.3. og 4. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum

Fjárveiting til þjóðgarðavega o.fl. var 15 m.kr. og fjárveiting til vega á Þingvöllum var 1 m.kr. Í samvinnu við Náttúruverndarráð var fjárveitingu til þjóðgarðavega o.fl. skipt eins og hér segir:

		Fjárveiting 1993 í þús.kr.
1.	Vegur að Laka	400
2.	Vegur að Dyrhólaey	1.000
3.	Vegur að Langjökli	200
4.	Vegur að Surtshelli	200
5.	Vegur að Grábrók	1.500
6.	Vegur á Snæfellsjökul	100
7.	Vegur á Látrabjarg	500
8.	Við Örlygsstaði, Skagafirði	500
9.	Við Glaumbæ, Skagafirði	600
10.	Vegur í Öskju og Herðubreiðarlindir	400
11.	Vegur að Goðafossi	300
12.	Vegur að Dimmuborgum	300
13.	Vegur í Ásbyrgi	4.500
14.	Jökulvegur hjá Smyrlabjörgum	3.000
15.	Vegir í Skaftafelli	100
	Óskipt	1.400
	Samtals	15.000

2.5.5. Reiðvegir

Fjárveiting var 7 m.kr. Landssamband hestamannafélaga skipti þessari fjárhæð á eftirfarandi hátt.

			Fjárveiting 1993 í þús.kr.
1.	Hestamannafélagið	Feykir, Norður-Þingeyjarsýslu	150
2.	—	Funi, Eyjafirði	400
3.	—	Glæsir, Siglufirði	100
4.	—	Gnýfari, Ólafsfirði	100
5.	—	Grani, Húsavík	100
6.	—	Hringur, Dalvík	700
7.	—	Léttfeti, Sauðárkróki	550
8.	—	Léttir, Akureyri	500
9.	—	Logi, Biskupstungum	600
10.	—	Neisti, Blönduósi	300
11.	—	Óðinn, Austur-Húnavatnssýslu	300
12.	Skógarhólaleið		400
13.	Hestamannafélagið	Snarfari, Skagaströnd	150
14.	—	Snæfaxi, Þistilfirði	150
15.	—	Stígandi, Skagafirði	650
16.	—	Svaði, Hofsósi	300
17.	—	Trausti, Laugardal, Grímsnesi	1.000
18.	—	Þjálfi, Suður-Þingeyjarsýslu	100
19.	—	Þráinn, Svalbarðsströnd, Grýtubakkahreppi	100
20.	—	Þytur, Vestur-Húnavatnssýslu	300
		Samtals	7.000

2.6. SÝSLUVEGIR

Fjárveiting til sýsluvega í vegáætlun var 160 m.kr. og var fé þessu skipt milli sýslna í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

		Fjárveiting 1993 í þús.kr.
1.	Gullbringusýsla	589
2.	Kjósarsýsla	3.860
3.	Borgarfjarðarsýsla	6.016
4.	Mýrasýsla	6.418
5.	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	8.323
6.	Dalasýsla	5.673
7.	Austur-Barðastrandarsýsla	1.787
8.	Vestur-Barðastrandarsýsla	2.318
9.	Vestur-Ísafjarðarsýsla	2.600
10.	Norður-Ísafjarðarsýsla	1.878
11.	Strandasýsla	3.089
12.	Vestur-Húnavatnssýsla	6.724
13.	Austur-Húnavatnssýsla	6.309
14.	Skagafjarðarsýsla	10.963
15.	Eyjafjarðarsýsla	10.259
16.	Suður-Þingeyjarsýsla	11.419
17.	Norður-Þingeyjarsýsla	8.173
18.	Norður-Múlasýsla	12.220
19.	Suður-Múlasýsla	7.967
20.	Austur-Skaftafellssýsla	4.146
21.	Vestur-Skaftafellssýsla	7.765
22.	Rangárvallasýsla	13.782
23.	Árnessýsla	17.722
	Samtals	160.000

Eftirfarandi tafla sýnir lengd sýsluvega 1. janúar 1994.

Umdæmi	Skv. a-c lið 19. gr. Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	Skv. d-e lið 19. gr. km	Sýsluvegir alls km	Kjördæmi alls km
V.- Skaftafellssýsla	–	–	127,4	127,4	7,3	134,7	
Rangárvallasýsla	–	–	212,9	212,9	24,7	237,6	
Árnessýsla	–	–	259,0	259,0	31,4	290,4	
							662,7
Gullbringusýsla	–	–	5,3	5,3	–	5,3	
Kjósarsýsla	–	–	68,6	68,6	–	68,6	
							73,9
Borgarfjarðarsýsla	–	5,6	68,3	73,9	8,7	82,6	
Mýrasýsla	–	1,5	100,6	102,1	34,9	137,0	
Dalasýsla	2,8	9,2	71,3	83,3	13,0	96,3	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1,7	12,7	118,4	132,8	27,4	160,2	
							476,1
A.-Barðastrandarsýsla	–	–	25,2	25,2	76,5	101,7	
V.-Barðastrandarsýsla	–	1,0	80,3	81,3	67,8	149,1	
V.-Ísafjarðarsýsla	–	27,9	26,7	54,6	77,5	132,1	
N.-Ísafjarðarsýsla	–	3,6	30,1	33,7	57,7	91,4	
Strandasýsla	–	3,0	42,4	45,4	97,9	143,3	
							617,6
V.-Húnavatnssýsla	–	0,8	96,4	97,2	62,9	160,1	
A.-Húnavatnssýsla	–	–	82,8	82,8	23,2	106,0	
Skagafjarðarsýsla	0,2	6,2	201,4	207,8	15,2	223	
							489,1
Eyjafjarðarsýsla *)	0,1	0,5	155,1	155,7	24,5	180,2	
S.-Þingeyjarsýsla *)	0,3	2,3	134,4	137	2,8	139,8	
N.-Þingeyjarsýsla	–	30,9	96,8	127,7	2,0	129,7	
							449,7
N.-Múlasýsla	–	9,4	188,4	197,8	35,3	233,1	
S.-Múlasýsla	–	1,1	129,7	130,8	42,5	173,3	
A.-Skaftafellssýsla	–	0,8	60,7	61,5	27,0	88,5	
							494,9
Samtals	5,1	116,5	2.382	2.504	760,2	3.264	3.264

*) Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur eru hér taldir með Eyjafjarðarsýslu.

2.7. VEGIR Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 200 íbúa og fleiri var samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi þann 1. desember 1992 útgefnum af Hagstofu Íslands þann 21. júní 1993:

Reykjavík og kaupstaðir	220.367
Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa og fleiri	18.913
Samtals	239.280
Framlag samkvæmt vegáætlun 1993	Kr. 232.000.000
25% sjóður samkv. 34. gr. vegalaga	- 58.000.000
Til skipta 1993 eftir íbúatölu	Kr. 174.000.000

Skiptitala á hvern íbúa: $\frac{174.000.000}{239.280}$ = Kr. 727,18

	Kaupstaðir:	Íbúar	Framlag 1993
1.	Reykjavík	100.850	73.336.259
2.	Kópavogur	16.832	12.239.920
3.	Seltjarnarnes	4.333	3.150.878
4.	Garðabær	7.367	5.357.146
5.	Hafnarfjörður	16.107	11.712.713
6.	Grindavík	2.184	1.588.164
7.	Sandgerði	1.344	977.332
8.	Keflavík	7.508	5.459.679
9.	Njarðvík	2.565	1.865.221
10.	Mosfellsbær	4.511	3.280.316
11.	Akranes	5.272	3.833.701
12.	Borgarnes	1.788	1.300.201
13.	Ólafsvík	1.110	807.171
14.	Stykkishólmur	1.236	898.796
15.	Bolungarvík	1.194	868.255
16.	Ísafjörður	3.496	2.542.227
17.	Blönduós	1.063	772.994
18.	Sauðárkrókur	2.656	1.931.394
19.	Siglufjörður	1.744	1.268.205
20.	Ólafsfjörður	1.205	876.254
21.	Dalvík	1.505	1.094.408
22.	Akureyri	14.665	10.664.117
23.	Húsavík	2.471	1.796.866
24.	Egilsstaðir	1.508	1.096.590
25.	Seyðisfjörður	898	653.009
26.	Neskaupstaður	1.635	1.188.942
27.	Eskifjörður	1.060	770.812
28.	Höfn í Hornafirði	1.744	1.268.205
29.	Vestmannaeyjar	4.870	3.541.374
30.	Selfoss	3.977	2.892.001
31.	Hveragerði	1.669	1.213.666
	Samtals	220.367	160.246.816

	Kauptún	Íbúar	Framlag 1993
1.	Gerðar	1.113	809.353
2.	Vogar (Vatnsleysustrandarhreppur)	586	426.128
3.	Álftanes (Bessastaðahreppur)	1.130	821.715
4.	Grundarhverfi (Kjalarneshreppur)	220	159.980
5.	Hellissandur og Rif (Neshreppur)	625	454.488
6.	Grundarfjörður (Eyrarsveit)	765	556.294
7.	Búðardalur (Laxárdalshreppur)	271	197.066
8.	Patreksfjörður	913	663.917
9.	Tálknafjörður	337	245.060
10.	Bíldudalur	337	245.060
11.	Þingeyri	425	309.052
12.	Flateyri	400	290.873
13.	Suðureyri	322	234.152
14.	Súðavík	232	168.706
15.	Hólmavík	479	348.320
16.	Hvammstangi	693	503.937
17.	Skagaströnd (Höfðahreppur)	671	487.939
18.	Hofsós	240	174.524
19.	Hrísey	260	189.067
20.	Grenivík (Grýtubakkahreppur)	303	220.336
21.	Reykjahlíð (Skútustaðahreppur)	259	188.340
22.	Raufarhöfn	371	269.784
23.	Þórshöfn	433	314.870
24.	Vopnafjörður	669	486.484
25.	Fellabær (Fellahreppur)	350	254.514
26.	Reyðarfjörður	742	539.569
27.	Fáskrúðsfjörður (Búðahreppur)	720	523.571
28.	Stöðvarfjörður (Stöðvarhreppur)	313	227.608
29.	Breiðdalsvík (Breiðdalshreppur)	231	167.979
30.	Djúpivogur (Djúpavogshreppur)	448	325.777
31.	Vík í Mýrdal (Mýrdalshreppur)	344	250.150
32.	Hvolsvöllur (Hvolhreppur)	653	474.850
33.	Hella (Rangárvallahreppur)	592	430.491
34.	Stokkseyri	440	319.960
35.	Eyrarbakki	544	395.587
36.	Flúðir (Hrunamannahreppur)	213	154.890
37.	Þorlákshöfn (Ölfushreppur)	1.269	922.793
	Samtals	18.913	13.753.184

2.7.1. Úthlutun úr 25% sjóði þéttbýlisfjár árið 1993 samkvæmt bréfi fjárlaganefndar Alþingis 29.04.93

Eftirstöðvar frá 1992	Kr.	2.014.079
Framlag árið 1993		58.000.000
	Kr.	60.014.079

Úthlutun árið 1993:	**Kr.**	
1. Garðabær	5.000.000	
2. Keflavík	5.000.000	
3. Njarðvík	3.000.000	
4. Akranes	1.000.000	
5. Borgarnes	5.000.000	
6. Stykkishólmur	5.000.000	
7. Ísafjörður	5.000.000	
8. Seyðisfjörður	3.000.000	
9. Neskaupstaður	1.500.000	
10. Selfoss	5.000.000	
1. Gerðar (Gerðahreppur, Gullbringusýslu)	2.000.000	
2. Heiðarskóli (Leirár- Melahreppur, Borgarfjarðars.)	1.500.000	
3. Patreksfjörður	1.000.000	
4. Reykjaskóli (Staðarhreppur, Vestur-Húnavatnssýslu)	1.000.000	
5. Varmahlíð (Seyluhreppur, Skagafjarðarsýslu)	1.000.000	
6. Hofsós (Hofshreppur)	1.000.000	
7. Grímsey (Grímseyjarhreppur, Eyjafjarðarsýslu)	1.000.000	
8. Borgarfjarðarhreppur, Norður-Múlasýslu	1.500.000	
9. Fellabær (Fellahreppur, Norður-Múlasýslu)	1.000.000	
10. Eiðahreppur, Suður-Múlasýslu	300.000	
11. Mjóafjarðarhreppur, Suður-Múlasýslu	1.000.000	
12. Fáskrúðsfjörður (Búðahreppur)	2.000.000	
13. Djúpivogur (Djúpavogshreppur)	2.000.000	
14. Nesjaþorp (Nesjahreppur, Austur-Skaftafellssýslu)	700.000	
15. Vík í Mýrdal (Mýrdalshreppur)	500.000	
16. Hvolsvöllur (Hvolhreppur)	2.000.000	
Kostnaður Vegagerðar ríkisins	1.000.000	
	Kr.	59.000.000
Eftirstöðvar í „25% sjóði“ til 1994	Kr.	1.014.079

2.8 TILRAUNIR

Fjárveiting var 28 m.kr.

Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin:

- Burðarlög, slitlög og steinefni
  - Eiginleikar íslensks bergs
  - Steinefnarannsóknir
  - Festun með sementi
  - Bikþeyta í klæðingarslitlag
  - Styrking með dúk
- Vegyfirborð og öryggisbúnaður við vegi
  - Vegaxlir og fláar
  - Rykbinding með mismunandi efnum
  - Hemlunarprófanir
  - Vegmerkingarefni
  - Undirstöður fyrir ljósastaura
  - Kantstikur
- Brýr og steinsteypa
  - Steypurannsóknir
  - Veðrunarþol steinsteypu
  - Jarðskjálftamælingar í brúm
  - Burðargeta staura
- Vatnafar og jöklar
  - Rannsóknir á Skeiðarárjökli
  - Fjarðaþveranir
  - Rannsóknir á flóðum vatnsfalla
- Jarðtækni
  - Jarðskjálftamælingar í jarðgöngum
  - Ný aðferð við jarðvegsboranir
- Tæki og búnaður
  - Kúlukvörn
  - Loftþrýstingur í dekkjum

Mörg þau verkefni sem nú eru í gangi, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingu og söfnun upplýsinga um ýmis atriði.

Einna mest er umfang ýmiss konar rannsókna á steinefnum til vegagerðar.

2.9 FERJUR OG FLÓABÁTAR

Sú ákvörðun var tekin að frá og með 1. janúar 1993 yrði kostnaður við ferjur, stofn- og rekstrarkostnaður, greiddur af mörkuðum tekjum til vegamála. Vegagerðinni var jafnframt falið að hafa umsjón með þessum málum af hálfu ríkisins, svo og samskipti við eigendur og rekstraraðila ferja.

Um áramót 1992/1993 voru ríkisstyrktar ferjur 7 talsins og voru þær reknar af sérstökum rekstraraðilum, sem einnig hafa í öllum tilvikum eignarhald á skipunum. Á árinu var boðinn út rekstur á fólks- og vöruflutningum til og frá Grímsey og vöruflutningum til og frá Hrísey. Sama ferja, ms. Sæfari, er notuð til flutninganna og var notuð fyrir útboð. Ferjan er leigð þeim aðila sem samið var við.

Í vegáætlun fyrir árið 1993 var fjárveiting til flóabáta 330 m.kr. en sú fjárhæð dugði ekki til, þar sem heildarkostnaður reyndist vera 426,9 m.kr. Aukafjárveiting fékkst upp á 50 m.kr., og auk þess skuldbreyting á afborgunum lána upp á 30 m.kr. en eftirstöðvar upp á 16,9 m.kr. færast til næsta árs.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrki til rekstraraðila ferja og flóabáta og afborganir og vaxtagreiðslur af ferjulánum.

Ferja	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrar-styrkur í m.kr.	Samtals m.kr.
Herjólfur	87,7	95,5	183,2
Akraborg	23,2	0,0	23,2
Baldur	62,7	30,2	92,9
Fagranes	7,3	19,1	26,4
Sævar	0,0	9,6	9,6
Sæfari	16,9	38,9	55,8
Anný	0,0	4,2	4,2
Norðurfjarðarflutningar	0,0	1,1	1,1
Sameiginlegt	0,0	0,5	0,5
Samtals	197,8	199,1	396,9

Fskj. 1

SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

	Vegáætlun 08.05.1993	Breyting 1993	Fjárveiting 1993
2.1. Stjórn og undirbúningur	**269,0**	**1,1**	**270,1**
1. Skrifstofukostnaður	129,0	1,1	130,1
2. Tæknilegur undirbúningur	98,0		98,0
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	35,0		35,0
4. Eftirlaunagreiðslur	7,0		7,0
2.2. Viðhald þjóðvega			
1. Almenn þjónusta	**730,0**		**730,0**
1. Sameiginlegt	261,0		261,0
2. Malarvegir	284,0		284,0
3. Vegir með bundnu slitlagi	157,0		157,0
4. Brýr	28,0		28,0
2. Vetrarþjónusta	**530,0**		**530,0**
3. Viðhald	**1.040,0**		**1.040,0**
1. Endurnýjun bundins slitlags	370,0		370,0
2. Endurnýjun malarslitlags	180,0		180,0
3. Styrkingar og endurbætur	230,0		230,0
4. Viðhald brúa og varnargarða	90,0		90,0
5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	90,0		90,0
6. Vatnaskemmdir	80,0		80,0
2.3. Til nýrra þjóðvega	**3.748,0**		**3.748,0**
1. Stofnbrautir			
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	537,0		537,0
2. Sérstök verkefni	271,0		271,0
3. Höfuðborgarsvæðið	413,0		413,0
4. Stórverkefni	669,0		669,0
5. Framkvæmdaátak í atvinnumálum	1.550,0		1.550,0
2. Þjóðbrautir	283,0		283,0
3. Girðingar og uppgræðsla	25,0		25,0
2.4. Til brúagerða	**143,0**		**143,0**
1. Brýr 10 m og lengri	132,0		132,0
2. Smábrýr	11,0		11,0
2.5. Til fjallvega o.fl.	**56,0**		**56,0**
1. Aðalfjallvegir	21,0		21,0
2. Aðrir fjallvegir	12,0		12,0
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	15,0		15,0
4. Vegir á Þingvöllum	1,0		1,0
5. Reiðvegir	7,0		7,0
2.6. Til sýsluvega	**160,0**		**160,0**
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	**232,0**		**232,0**
2.8. Til tilrauna	**28,0**		**28,0**
2.9. Til flóabáta	**330,0**	**50,0**	**380,0**
Samtals	7.266,0	51,1	7.317,1

1. Til stofnbrauta

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1993
	Suðurlandskjördæmi	
1	Suðurlandsvegur	
06	Skaftá – Holtsvegur	10
14	Vík – Hvammsá	20
1	Suðurlandsvegur	
05	Göngubrú á Ölfusá	11
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
06	Flúðir – Haukholt	10
31	Skálholtsvegur	
01	Skeiðavegur – Laugarás	18
34	Eyrarbakkavegur	
02	Lýsing við Selfoss	2
36	Þingvallavegur	
01-04	Álftavatn – Þingvellir	1
	Reykjaneskjördæmi	
1	Vesturlandsvegur	
15	Grjótvörn	10
40	Hafnarfjarðarvegur	
04	Undirgöng í Garðabæ	35
41	Reykjanesbraut	
03	Undirgöng	6
04-09	Endurbætur og gatnamót	13
	Vesturlandskjördæmi	
50	Borgarfjarðarbraut	
04	Deildartunga – Kaðalstaðir	40
54	Ólafsvíkurvegur	
05-06	Núpá – Stóraþúfa	11
07	Lágafell – Fróðárheiði	10
	Vestfjarðakjördæmi	
60	Vestfjarðavegur	
27	Vestfjarðagöng	115
	Norðurlandskjördæmi vestra	
1	Norðurlandsvegur	
21	Heiðarsporður – Reitsgil	5
75	Sauðárkróksbraut	
05	Við Sauðárkrók (lýsing)	3
76	Siglufjarðarvegur	
04	Sleitustaðir – Hofsósbraut	42

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1993
	Norðurlandskjördæmi eystra	
1	Norðurlandsvegur	
01-02	Grjótá – Engimýri	58
20	Helluvað – Skútustaðir	5
23-27	Kísiliðja – Biskupsháls	5
85	Norðausturvegur	
25-27	Þistilfjörður – Brekknaheiði	8
829	Eyjafjarðarbraut eystri	
01	Um Þverá	4
	Austurlandskjördæmi	
1	Austurlandsvegur	
10	Dimmidalur – Skóghlíð	20
11	Við Fellabæ	5
21	Um Breiðdalsá	22
35	Þorgeirsstaðir – Skarðsdalur	5
93	Seyðisfjarðarvegur	
02-03	Miðhúsaá – Efristafur	20
96	Suðurfjarðavegur	
02-03	Eyri – Vattarnes	10
917	Hlíðarvegur	
04-06	Hérað – Vopnafjörður	12
900	Austurlandsgöng	1
	Samtals	537

1.2. Sérstök verkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1993
1	Suðurlandsvegur	
11	Um Mýrdalssand	13
05	Göngubrú á Ölfusá	9
54	Ólafsvíkurvegur	
02	Brókarlækur – Hestlækur	65
05-06	Núpá – Stóraþúfa	8
60	Vestfjarðavegur	
01	Gilsfjörður	6
27	Vestfjarðagöng	1
61	Djúpvegur	
01	Tenging Inn-Djúps	22
25	Óshlíð	15
1	Norðurlandsvegur	
21	Heiðarsporður – Reitsgil	19
76	Siglufjarðarvegur	
10	Um Strákagöng	10
1	Norðurlandsvegur	
01-02	Grjótá – Engimýri	45
92	Norðfjarðarvegur	
10	Göng – Skuggahlíð	40
917	Hlíðarvegur	
04-06	Hérað – Vopnafjörður	18
	Samtals	271

1.3. Höfuðborgarsvæðið

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1993
41	Reykjanesbraut	
04-09	Endurbætur og gatnamót	33
411	Arnarnesvegur	
04	Bæjarbraut – Reykjanesbraut	12
413	Breiðholtsbraut	
01	Suðurlandsvegur – Jaðarsel	120
	Sæbraut	31
	Ánanaust	26
	Eiðsgrandi	5
	Bústaðavegur	21
	Greiðsla skulda í Reykjavík	134
	Fífuhvammsvegur	31
	Samtals	413

1.4. Stórverkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1993
	Stórbrýr	
1	Suðurlandsvegur	
18	Um Markarfljót	5
60	Vestfjarðavegur	
10	Gilsfjörður	10
75	Sauðárkróksbraut	
06	Um Vesturós	11
1	Austurlandsvegur	
21	Breiðdalsá	84
	Jarðgöng	
	Vestfjarðagöng	554
	Austurlandsgöng	5
	Samtals	669

1.5. Framkvæmdaátak
Almenn verkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1993
1	Suðurlandsvegur	
08	Um Kúðafljót	51
36	Þingvallavegur	
01-04	Álftavatn – Þingvellir	44
37	Laugarvatnsvegur	
03-04	Laugardalshólar – Biskupstungnabraut	35
1	Vesturlandsvegur	
12	Höfðabakki – Suðurlandsvegur	30
45	Garðskagavegur	
00	Reykjanesbraut – Víknavegur	43
1	Vesturlandsvegur	
13	Um Hellistungur	60
57	Snæfellsnesvegur	
08	Um Hraunsfjörð	63
60	Vestfjarðavegur	
03	Um Suðurá	16
63	Bíldudalsvegur	
03	Um Hálfdán	180
1	Norðurlandsvegur	
14	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	79
21	Heiðarsporður – Reitsgil	10
1	Norðurlandsvegur	
01-02	Grjótá – Engimýri	66
82	Ólafsfjarðarvegur	
05	Norðan Dalvíkur	62
1	Austurlandsvegur	
10	Um Jökulsá á Dal	30
21-22	Ós – Krossá	16
23-24	Krossá – Búðaá	52
41-42	Uppsalir – Reynivellir	40
46	Kvíá – Hnappavellir	40
46	Hnappavellir – Irpugilslækur	35
	Samtals	952

Höfuðborgarsvæðið
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1993
1	Vesturlandsvegur	
12	Höfðabakki – Suðurlandsvegur	64
413	Breiðholtsbraut	
01	Suðurlandsvegur – Jaðarsel	60
	Geirsgata	66
	Miklabraut	68
	Fífuhvammsvegur	52
	Samtals	310

Stórverkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1993
1	Suðurlandsvegur	
08	Um Kúðafljót	170
61	Djúpvegur	
25	Óshlíð	59
1	Norðurlandsvegur	
23-27	Kísiliðja – Biskupsháls	24
10	Jökulsá á Dal	35
	Samtals	288

Samtals framkvæmdaátak 1.550

2. Þjóðbrautir

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1993
	Suðurlandskjördæmi	
26	Landvegur	
01	Suðurlandsvegur – Hagabraut nyrðri	7
202	Prestbakkavegur	
01	Breiðabólsstaður – Prestbakki	1
203	Geirlandsvegur	
01	Suðurlandsvegur – Stjórn	2
239	Eldfellsvegur	
01	Um Eldfell	9
253	Gunnarshólmavegur	
01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi	8
255	Akureyjarvegur	
01	Strandarhjáleiga – Njálsbúð	8
261	Fljótshlíðarvegur	
02	Kirkjulækur – Hlíðarendi	12
304	Oddgeirshólavegur	
01	Suðurlandsvegur – Oddgeirshólar	5
305	Villingaholtsvegur	
03	Krókur – Lækjarbakki	13
310	Votmúlavegur	
01	Eyrarbakkavegur – Gaulverjabæjarvegur	1
329	Mástunguvegur	
01	Skáldabúðir – Laxárdalur	2
345	Kaldbaksvegur	
01	Um Hruna	5
	Reykjaneskjördæmi	
425	Nesvegur	
01	Hafnir – Saltverksmiðja	21
	Vesturlandskjördæmi	
504	Leirársveitarvegur	
01	Að Heiðarskóla	20
567	Kolviðarnesvegur	
01	Að Laugagerðisskóla	9
586	Haukadalsvegur	
01	Um Haukadalsvatn	10
590	Klofningsvegur	
07	Fagridalur – Hjallar	10

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1993
	Vestfjarðakjördæmi	
612	Örlygshafnarvegur	
01	Um Skápadal	11
614	Kollsvíkurvegur	
01	Örlygshafnarvegur – Tunga	4
624	Ingjaldssandsvegur	
01	Vestfjarðavegur – Núpur	4
633	Vatnsfjarðarvegur	
01	Djúpvegur – Reykjanes	12
	Norðurlandskjördæmi vestra	
711	Vatnsnesvegur	
01	Hvammstangi – Skarð	12
733	Blöndudalsvegur	2
745	Skagavegur	
04-05	Hafnaá – Keta	2
767	Hólavegur	18
	Norðurlandskjördæmi eystra	
83	Grenivíkurvegur	
03	Gljúfurá – Grenivík	4
811	Hjalteyrarvegur	
02	Bakkavegur – Hjalteyri	5
833	Illugastaðavegur	
01	Norðurlandsvegur – Skógar	27
836	Vaglaskógarvegur	
01	Hróastaðir - Mörk	6
	Austurlandskjördæmi	
94	Borgarfjarðarvegur	
08	Skriður – Framnes	17
931	Upphéraðsvegur	
04	Brekkugerði – Hengifossá	1
08	Hafursá – Freyshólar	8
941	Flugvallarvegur Egilsstöðum	3
951	Vestdalseyrarvegur	
02	Seyðisfjörður – Vestdalseyri	4
	Samtals	283

Fskj. 2 **Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 1993**

Suðurland

1 Suðurlandsvegur

Djúpá í Fljótshverfi

Fjárveiting til brúar á Djúpá var 25 m.kr. Framkvæmdum var frestað en fjárveitingin lánuð í kaflann 06 Skaftá – Holtsvegur.

06 Skaftá – Holtsvegur

Fjárveiting til stofnbrauta var 10 m.kr. og fjárveiting til brúar á Djúpá 25 m.kr. en byggingu brúarinnar var frestað og fjárveitingin lánuð til þessa verks. Þá var unnið fyrir 16 m.kr. lánsfé af fjárveitingu til Kúðafljóts eða alls fyrir 51 m.kr. Byggður var 5,5 km langur kafli vestur frá Skaftá og lagður bundnu slitlagi. Verktaki við jarðvinnu var Framrás hf. en Vinnuvélar Jóa Bjarna Hellu lögðu klæðingu.

08 Um Kúðafljót

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 51 m.kr. og 170 m.kr. til stórverkefna innan framkvæmdaátaks eða alls 221 m.kr. Á Kúðafljót var byggð 300 m löng stálbitabrú með tveimur akreinum á steyptu gólfi. Hafin var bygging 16 km langs vegar um Kúðafljót og var undirbyggingu hans og burðarlagi að mestu lokið og hann tekinn í notkun. Með þessari vegagerð styttist Suðurlandsvegur um 7,6 km og snjóþungur kafli með mörgum hættulegum stöðum leggst af. Gunnar og Kjartan sf. Egilsstöðum annaðist vatnaveitingar og grjótnám, vinnuflokkur Vegagerðarinnar gerði undirstöður brúar en Hreiðar Hermannsson Selfossi stálbita, Byggingarfélagið Virkir hf. Mosfellsbæ gerði stöpla og yfirbyggingu. Verktaki við gerð vega og varnargarða er Vinnuvélar Jóa Bjarna hf. Hellu.

14 Vík – Hvammsá

Fjárveiting var 20 m.kr. Lokið var lagningu 3,8 km langs kafla með bundnu slitlagi og eru þá eftir 1,6 km af kaflanum sem á að ljúka árið 1994. Verktaki er Suðurverk hf. Selfossi.

18 Um Markarfljót

Fjárveiting til stórverkefna var 5 m.kr. og innistæða frá fyrra ári 7 m.kr. Byggður var 8 km langur kafli af Dímonarvegi (250) frá Suðurlandsvegi. Verktaki var Jón og Tryggvi hf. Hvolsvelli.

05 Göngubrú á Ölfusá.

Fjárveiting til almennra verkefna var 11 m.kr. og 9 m.kr. til sérstakra verkefna eða alls 20 m.kr. Lokið var að mestu frágangi við suðurenda brúarinnar og greidd hlutdeild Vegagerðarinnar í gerð hringtorgs við vegamót Eyrarbakkavegar. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist endurbætur á brúnni.

26 Landvegur

01 Suðurlandsvegur – Hagabraut nyrðri

Fjárveiting var 7 m.kr. Unnið var að undirbyggingu 3,5 km langs kafla frá Hallstúni að Holtsmúla. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki árið 1994. Verktaki er Vélgrafan hf. Selfossi.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur

06 Flúðir – Haukholt

Fjárveiting var 10 m.kr. auk 26 m.kr. fjárveitingar til brúar á Litlu-Laxá frá árinu 1991. Byggð var brú á Litlu-Laxá. Brúin er 23 m löng eftirspennt bitabrú með tveimur akreinum og gangstíg og tengd með 1,5 km löngum vegarkafla með bundnu slitlagi. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar byggði brúna en Árvélar hf. Selfossi veginn.

31 Skálholtsvegur

01 Skeiðavegur – Laugarás

Fjárveiting var 18 m.kr. og fór öll til greiðslu skuldar frá árinu 1992.

34 Eyrarbakkavegur

02 Lýsing við Selfoss

Fjárveiting var 2 m.kr. og fór hún til greiðslu skuldar vegna lýsingar á Eyrarbakkavegi um Selfoss.

36 Þingvallavegur

01 - 04 Álftavatn – Þingvellir

Fjárveiting var 1 m.kr. til almennra verkefna og til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks 44 m.kr. eða samtals 45 m.kr. Lagður var 5 km langur kafli með bundnu slitlagi frá Búrfellsvegi að Heiðará. Verktaki við jarðvinnu var Árvélar hf. Selfossi en Borgarverk hf. Borgarnesi lagði slitlag.

37 Laugarvatnsvegur

03 - 04 Laugardalshólar – Biskupstungnabraut

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 35 m.kr. Byrjað var á byggingu 5 km langs kafla með bundnu slitlagi frá Laugardalshólum að Reykjavegi. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki 1994. Verktaki er Vörubílstjórafélagið Mjölnir Árnessýslu.

202 Prestbakkavegur

Breiðabólsstaður – Prestbakki

Fjárveiting var 1 m.kr. og auk þess var unnið fyrir 3 m.kr. framlag frá Skaftárhreppi. Lagður var 1 km langur kafli með bundnu slitlagi við Prestbakka. Verktaki við jarðvinnu var Framrás hf. en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlag.

203 Geirlandsvegur

Suðurlandsvegur – Stjórn

Fjárveiting var 2 m.kr. og fór til greiðslu skuldar.

239 Eldfellsvegur

01 Um Eldfell

Fjárveiting var 9 m.kr. og innistæða frá fyrra ári 3 m.kr. Auk þess var unnið fyrir 12 m.kr. lánsfé. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki árið 1994. Unnið var að undirbyggingu þriggja þjóðvega í Vestmannaeyjum. Af Eldfellsvegi var nær lokið við 2,7 km langan kafla, og lokið var 2,3 km löngum kafla af Stórhöfðavegi og 1,3 km kafla af Fellavegi. Auk þess var lokið vinnslu efnis í efra burðarlag og bundið slitlag. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki með lagningu bundins slitlags sumarið 1994. Vestmannaeyjakaupstaður annaðist vinnslu steinefna en Ræktunarsamband Flóa og Skeiða Selfossi sér um aðrar framkvæmdir.

253 Gunnarshólmavegur

Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi

Fjárveiting var 8 m.kr. Lokið var byggingu 4 km langs kafla frá Voðmúlastöðum að Seli. Verktaki var Vinnuvélar Jóa Bjarna hf. Hellu.

255 Akureyjarvegur

Strandarhjáleiga – Njálsbúð

Fjárveiting var 8 m.kr. auk 1 m.kr. geymds fjár frá 1992. Byggður var 4 km langur kafli við Kálfsstaði. Verktaki var Vinnuvélar Jóa Bjarna hf. Hellu.

261 Fljótshlíðarvegur

02 Kirkjulækur – Hlíðarendi

Fjárveiting var 12 m.kr. og fór til greiðslu skuldar frá árinu 1991.

264 Rangárvallavegur

Reyðarvatnslækur

Geymd fjárveiting frá árinu 1992 var 4 m.kr. Gamla brúin á Reyðarvatnslæk var rifin og stórt stálræsi sett í staðinn. Verktaki var Árvélar hf. Selfossi.

304 Oddgeirshólavegur

Suðurlandsvegur – Oddgeirshólar

Fjárveiting var 5 m.kr. og auk þess var unnið fyrir 5 m.kr. lánsfé. Byggður var 5 km langur kafli frá Suðurlandsvegi að Oddgeirshólum. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða Selfossi.

305 Villingaholtsvegur

03 Krókur – Lækjarbakki

Fjárveiting var 13 m.kr. Byggður var 3 km langur kafli frá Króki að Ragnheiðarstöðum. Verktaki var Vörubílstjórafélagið Mjölnir Árnessýslu.

310 Votmúlavegur

01 Eyrarbakkavegur – Gaulverjabæjarvegur

Fjárveiting var 1 m.kr. og Sandvíkurhreppur lagði fram 7 m.kr. Endurbyggður var með bundnu slitlagi 1 km langur kafli frá Gaulverjabæjarvegi að Nýjabæ og 0,8 km langur kafli frá Eyrarbakkavegi að eystri Sandvík. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

329 Mástunguvegur

Skáldabúðir – Laxárdalur

Fjárveiting var 2 m.kr. og auk þess var unnið fyrir 4 m.kr. lánsfé. Undirbyggður var 5,5 km langur kafli. Verktaki var Ræktunarsambandið Ketilbjörn Árnessýslu.

345 Kaldbaksvegur

01 Um Hruna

Fjárveiting var 5 m.kr. og fór til greiðslu skuldar frá árinu 1992.

Reykjanes

1 Vesturlandsvegur

12 Höfðabakki – Suðurlandsvegur

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 30 m.kr. og til framkvæmdaátaks á höfuðborgarsvæðinu 64 m.kr. eða samtals 94 m.kr. Unnið var að undirbyggingu 1 km langs kafla nyrðri akbrautar Vesturlandsvegar frá Höfðabakka að Grafargili og var því lokið að tveimur þriðju hlutum. Þá var unnið að gerð 2 km langs kafla Suðurlandsvegar frá Rauðavatni að Vesturlandsvegi. Lokið var gerð stefnugreindra og ljósastýrðra gatnamóta Suðurlandsvegar og Vesturlandvegar við Grafargil. Verktaki var Háfell hf. Garðabæ.

15 Grjótvörn

Fjárveiting var 10 m.kr. Gerð var grjótvörn í Hofsvík á Kjalarnesi til varnar gegn landbroti. Verktaki var Háfell hf. Garðabæ.

40 Hafnarfjarðarvegur

04 Undirgöng í Garðabæ

Fjárveiting var 35 m.kr. og fór öll til greiðslu skuldar frá árinu 1991 vegna gerðar undirganga við Bitabæ í Garðabæ.

41 Reykjanesbraut

03 Undirgöng

Fjárveiting var 6 m.kr. og fór öll til greiðslu skuldar frá árinu 1986 vegna gerðar undirganga neðan Hnoðraholts í Garðabæ.

04 - 09 Endurbætur og gatnamót

Fjárveiting til stofnbrauta var 13 m.kr. og fjárveiting til höfuðborgarsvæðis var 33 m.kr. eða samtals 46 m.kr. Auk þess var unnið fyrir 80 m.kr. lánsfé. Gerð voru undirgöng fyrir gangandi vegfarendur á móts við Hvaleyrarholt í Hafnarfirði. Verktaki var Dalverk hf. Gatnamót við Vogaveg og við Grindavíkurveg voru stefnugreind og lýst. Verktaki var Loftorka hf. Þá var lokið að mestu gerð mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Ásbrautar í Hafnarfirði. Verktaki er J.V.J. hf. Hafnarfirði en Ístak hf. Reykjavík var undirverktaki við gerð brúar.

45 Garðskagavegur

00 Reykjanesbraut – Víknavegur

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 43 m.kr. Framkvæmdum var frestað vegna vinnu við skipulag og hluti fjárveitingarinnar lánaður til framkvæmda á Breiðholtsbraut.

411 Arnarnesvegur

04 Bæjarbraut – Reykjanesbraut

Fjárveiting til höfuðborgarsvæðis var 12 m.kr. og fór öll til greiðslu á landbótum.

413 Breiðholtsbraut

01 Suðurlandsvegur – Jaðarsel

Fjárveiting til höfuðborgarsvæðis var 120 m.kr. og til framkvæmdaátaks á höfuðborgarsvæðinu 60 m.kr. eða samtals 180 m.kr. Auk þess var unnið fyrir 30 m.kr. sem fengnar voru að láni af fjárveitingu til Garðskagavegar. Byggður var 2 km langur vegur frá Elliðavatnsvegi að Jaðarseli í Breiðholti. Vegurinn var lagður malbiki og lýstur. Gatnamót við Elliðavatnsveg og Rafstöðvarveg voru stefnugreind og gatnamót við Jaðarsel voru stefnugreind og búin umferðarljósum. Skammt austan Jaðarsels voru gerð undirgöng fyrir gangandi vegfarendur. Byggð var 50 m löng brú á Elliðaár. Verktaki við byggingu brúarinnar var Ístak hf. Reykjavík en J.V.J. hf. Hafnarfirði annaðist aðrar framkvæmdir.

Með þessum framkvæmdum opnaðist ný og greiðari leið frá suðurhluta höfuðborgarsvæðisins inn á Suðurlandsveg við Rauðavatn.

415 Álftanesvegur

06 Langholt – Bessastaðagrandi

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir 4 m.kr. bráðabirgðalán. Lokið var uppsetningu lýsingar á 2 km löngum kafla frá Landakoti að Bessastaðagranda. Með því er lokið lýsingu Álftanesvegar.

425 Nesvegur

01 Hafnir – Saltverksmiðja

Fjárveiting var 21 m.kr. Byggður var 6,3 km langur vegur með bundnu slitlagi frá Höfnum að Sandvík. Verktaki var Klæðning hf. Garðabæ.

Vesturland

1 Vesturlandsvegur

05 - 07 Við Borgarnes

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir 7 m.kr. lánsfé. Sett var upp lýsing á tveimur köflum sínum hvoru megin Borgarness samtals 1,4 km löngum. Verktaki var Rafveita Borgarness.

13 Um Hellistungur

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 60 m.kr. og auk þess var unnið fyrir 20 m.kr. lánsfé. Lokið var gerð 5 km langs kafla með bundnu slitlagi. Verktaki í jarðvinnu var Suðurverk hf. Hvolsvelli en Festun hf. og Krafttak hf. gerðu yfirbyggingu. Með þessari framkvæmd var lokið lagningu bundins slitlags á Vesturlandsveg.

50 Borgarfjarðarbraut

04 - 05 Deildartunga – Kaðalstaðir

Fjárveiting var 40 m.kr. Lokið var byggingu 9,3 km langs kafla með bundnu slitlagi. Verktaki var Jarðefni hf. Reykjavík.

53 Hvítárvallavegur

01 Tunguá – Hvanneyri

Fjárveiting var engin en eftirstöðvar fjárveitingar frá 1992 voru 5 m.kr. Byrjað var á byggingu 6,8 km langs kafla með bundnu slitlagi. Verktaki er Ingileifur Jónsson Svínavatni.

54 Ólafsvíkurvegur

02 Brókarlækur – Hestlækur

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 65 m.kr. Lokið var byggingu 5 km langs kafla með bundnu slitlagi sem byrjað var á 1992. Verktaki var Háfell hf. Garðabæ.

06 Núpá – Stóra-Þúfa

Fjárveiting var 11 m.kr. Lokið var byggingu 1,7 km langs kafla með bundnu slitlagi sem byrjað var á 1992. Verktaki við jarðvinnu var Bjarni Vigfússon Staðarsveit en Borgarverk hf. Borgarnesi lagði slitlag.

07 Lágafell – Fróðárheiði

Fjárveiting var 10 m.kr. og auk þess var unnið fyrir 10 m.kr. lánsfé. Byrjað var á byggingu 8,4 km langs kafla með frá Reiðhamri að Staðará. Verkinu á að ljúka með lagningu bundins slitlags sumarið 1994. Verktaki er Borgarverk hf. Borgarnesi.

57 Snæfellsnesvegur

08 Um Hraunsfjörð

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 63 m.kr. Hafin var bygging 5,6 km langs vegar með bundnu slitlagi um Hraunsfjörð og byggð 36 m löng eftirspennt bitabrú með tveimur akreinum á Hraunsfjörð. Verktaki við vegagerð er Hagvirki / Klettur hf. Hafnarfirði en vinnuflokkur Vegagerðarinnar byggði brúna.

60 Vestfjarðavegur

02 Um Suðurá

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 16 m.kr. Byggður var 1 km langur vegur um Suðurá og nýtt stórt stálræsi sett í ána í stað gamallar brúar. Einnig var vegurinn lagfærður um blindhæð við Austurá. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi.

504 Leirársveitarvegur

01 Að Heiðarskóla

Fjárveiting var 20 m.kr. Lokið var byggingu 2,3 km langs kafla með bundnu slitlagi. Verktaki var Jónas Guðmundsson Bjarteyjarsandi.

567 Kolviðarnesvegur

01 Að Laugagerðisskóla

Fjárveiting var 9 m.kr. Lokið var gerð 3,8 km langs kafla með bundnu slitlagi. Verktaki við jarðvinnu var Bjarni Vigfússon Staðarsveit en Borgarverk hf. Borgarnesi lagði slitlag.

586 Haukadalsvegur

01 Um Haukadalsvatn

Fjárveiting var 10 m.kr og fór öll til greiðslu skulda frá árinu 1992.

590 Klofningsvegur

07 Fagridalur – Hjallar

Fjárveiting var 10 m.kr og auk þess var unnið fyrir 10 m.kr. lánsfé. Byggður var 2 km langur kafli um Fagradal og 0,6 km langur kafli við Digramúla. Einnig var 0,8 km langur kafli um Tindamela endurbættur. Verktaki var Þróttur hf. og vörubílstjórafélagið Þjótur á Akranesi.

518 Hálsasveitarvegur

04 Snjóastaðir

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir 7 m.kr. lánsfé. Byggður var 1,6 km langur kafli um Kolsstaði. Verktaki var Þórarinn Steingrímsson.

Vestfirðir

60 Vestfjarðavegur

01 Gilsfjörður

Fjárveiting til sérstakra verkefna á Vestfjörðum var 6 m.kr. og til stórverkefna 10 m.kr. eða samtals 16 m.kr. Unnið var að ýmsum athugunum og hönnun á veglínu á milli Kaldrana og Króksfjarðarness. Dýrasti þátturinn var tilraunavinnsla í grjótnámum. Verktaki við hann var Suðurverk hf. Hvolsvelli.

27 Vestfjarðagöng

Fjárveiting var 115 m.kr. til almennra verkefna, 1 m.kr. til sérstakra verkefna og 554 m.kr til stórverkefna eða samtals 670 m.kr. Greitt var vinnulán að upphæð 49 m.kr. og tekið lán að upphæð 132 m.kr.

Í upphafi ársins var unnið að gangagerð frá Tungudal og í byrjun febrúar var komið að fyrirhuguðum gatnamótum Vestfjarðavegar og Súgandafjarðarvegar sem verða inni í fjallinu. Eftir að gatnamótin höfðu verið grafin út var grafið samtímis í báðar áttir til Breiðadals og Botnsdals. Verkinu miðaði vel þar til í byrjun maí en þá jókst mjög vatnsrennsli inn í göngin til Botnsdals. Gröftur lá þar niðri í mánuð en hófst aftur í júní. 1. júlí voru göngin til Botnsdals orðinn 540 m löng og göngin til Breiðadals 790 m löng en þá opnaðist mjög stór vatnsæð í misgengissprungu í enda ganganna til Breiðadals. Eftir nokkrar vikur var innstreymið í göngin á þessum stað um 1,5 rúmmetrar á sekúndu og í árslok var það enn um 1,0 rúmmetrar á sekúndu og munu fá eða engin dæmi um slíkt rennsli í göngum af þessari gerð. Fyrirhugað hafði verið að grafa allt sumarið frá Tungudal en nú var ákveðið að hefja gröft frá Botnsdal. Stóð vinna þar frá 10. júlí til 9. nóvember. Grípa þurfti til ýmissa annarra ófyrirséðra aðgerða og sumra mjög kostnaðarsamra. Að slepptum þeim örðugleikum sem tengdust þessu mikla vatnsrennsli gekk gangagerðin vel og var heildarlengd grafinna ganga á

árinu sem hér segir:

Tvíbreið göng frá Tungudal að vegamótum	160 m
Tvíbreið göng frá vegamótum að Breiðadal	135 m
Einbreið göng frá vegamótum að Breiðadal	655 m
Tvíbreið göng frá vegamótum að Botnsdal	65 m
Einbreið göng frá vegamótum að Botnsdal	475 m
Einbreið göng frá Botnsdal	850 m
Samtals	2.340 m

Í Breiðadal var steyptur 170 m langur forskáli. Unnið var að vegagerð einkum í Botnsdal og er vegagerð þar og í Skutulsfirði langt komin. Verktaki er Vesturís hf.

61 Djúpvegur

01 Tenging Inn-Djúps

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 22 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 2,3 km langan kafla um Fellabök að Grjótá sem undirbyggður var árið 1992. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

03 Snjóastaðir á Steingrímsfjarðarheiði

Fjárveiting var engin en unnið fyrir 10 m.kr. fjárveitingu til vetrarviðhalds. Hækkaður var 0,7 km langur kafli við gamla sæluhúsið. Enn er ólokið frágangi burðarlags og gerð malarslitlags en góð reynsla hefur þegar fengist af breytingunni. Verktaki er Fylling hf. Hólmavík.

25 Óshlíð

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 15 m.kr. og til stórverkefna innan framkvæmdaátaks 59 m.kr eða samtals 74 m.kr. Byggður var 65 m langur vegskáli í Hvanngjá innri og tengdur með 0,5 km löngum vegi. Þá voru grafnar gryfjur við þrjú snjóflóðagil næst Sorpeyðingarstöðinni og settir kljúfar úr netkössum í tvær þeirra. Allmikið var unnið að styrkingu grjótvarnar og vegrás breikkuð um leið á einum stað. Verktaki við byggingu vegskála var Byggingaþjónusta J.F.E. Bolungavík, Jón og Magnús hf. Ísafirði annaðist vegagerð við skálann en vinnuflokkur Vegagerðarinnar gröft og aðrar snjóflóða- og grjótvarnir.

63 Bíldudalsvegur

03 Hálfdan

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 180 m.kr. og fóru 30 m.kr. til greiðslu vinnuláns. Lagt var bundið slitlag á 3 km langan kafla sem undirbyggður var árið 1992 frá Olíubeygju að Seljadalsá. Mulið var allt efni sem þarf í veginn um Hálfdan. Undirbyggður var 8,2 km langur kafli sem eftir var milli Seljadalsár og Tálknafjarðar. Verktakar við jarðvinnu voru Fylling hf. Hólmavík og Stakkafell hf. Patreksfirði, Brjótur sf. Reykjavík annaðist efnisvinnslu en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlag.

68 Hólmavíkurvegur

01 Fjarðarhorn – Borðeyri

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir vinnulán að upphæð 5,2 m.kr. Byrjað var á byggingu 3,7 km langs kafla milli Fjarðarhorns og Valdasteinsstaða í Hrútafirði. Verktaki er V. Brynjólfsson hf. Skagaströnd.

612 Örlygshafnarvegur

01 Um Skápadal

Fjárveiting var 11 m.kr. Byrjað var á byggingu 1,3 km langs kafla um Skápadal. Verktaki er Stakkfell hf. Patreksfirði.

614 Kollsvíkurvegur

01 Örlygshafnarvegur - Tunga

Fjárveiting var 4 m.kr. Lagfærður var og styrktur 2,2 km langur kafli. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

624 Ingjaldssandsvegur

01 Vestfjarðavegur – Núpur

Fjárveiting var 4 m.kr. Endurbyggður var 1,9 km langur snjóþungur kafli innan við Fell. Verktaki var Græðir hf. Flateyri.

633 Vatnsfjarðarvegur

01 Djúpvegur – Reykjanes

Fjárveiting var 12 m.kr. Lagður var 3,6 km langur kafli frá Bjarnastöðum út undir Svansvík. Gerð malarslitlags var frestað til ársins 1994. Verktaki var Jón og Magnús hf. Ísafirði.

Norðurland vestra.

1 Norðurlandsvegur

14 Um Bólstaðarhlíðarbrekku.

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 79 m.kr. Unnið var við skeringar og fyllingar í brekkunni. Steyptur var stokkur í Hlíðará. Verktaki er Suðurverk hf. Hvolsvelli.

21 Heiðarsporður – Reitsgil.

Fjárveiting til almennra verkefna var 5 m.kr., til sérstakra verkefna 19 m.kr og til sérstakra verkefna innan framkvæmdaátaks 10 m.kr. eða samtals 34 m.kr. Lokið var 3,5 km löngum nýbyggingarkafla um Giljareiti sem byrjað var á árið 1992. Sett var stálræsi í Grjótá í stað einbreiðrar steyptrar brúar og lögð klæðing á veginn. Verktaki við jarðvinnu var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða Selfossi, Borgarverk hf. Borgarnesi lagði slitlag en Guðmundur Hjálmarsson Akureyri lagði stálræsi í Grjótá.

75 Sauðárkróksbraut.

05 Við Sauðárkrók (lýsing)

Fjárveiting var 3 m.kr. Greidd var skuld vegna lýsingar sem Rafveita Sauðárkróks setti upp árið 1992.

06 Um Vesturós.

Fjárveiting til stórverkefna var 11 m.kr. Gerð var fylling að brúarstæðinu og jarðvegsrannsóknum lokið. Verktaki við gerð fyllingar var Króksverk hf. Sauðárkróki.

76 Siglufjarðarvegur.

Fjárveiting var 42 m.kr. Lögð var klæðing á 5,5 km kafla sem byggður var árið 1992 á milli Kýrholts og Hlíðarenda. Undirbyggður var 8,1 km langur kafli frá Hlíðarenda að Gröf og á að ljúka honum með bundnu slitlagi sumarið 1994. Verktaki við jarðvinnu var Fjörður sf. Sauðárkróki en Borgarverk hf. Borgarnesi lagði slitlag.

10 Um Strákagöng.

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 10 m.kr. og fór hún til greiðslu skuldar frá árinu 1992.

711 Vatnsnesvegur

01 Hvammstangi – Skarð

Fjárveiting var 12 m.kr. Endurbyggður var kafli frá Litluá-ytri að Skarði og kafli norðan við Skarð samtals 3,8 km að lengd. Verktaki var Höfðaverk hf. Hvammstanga.

733 Blöndudalsvegur

Fjárveiting var 2 m.kr. Styrktur var 1,3 km langur kafli suður frá Austurhlíð. Verktaki var Steypustöð Blönduóss hf.

745 Skagavegur

04 - 05 Hafnaá – Keta

Fjárveiting var 2 m.kr. Unnið var við tvo kafla samtals 7,3 km að lengd þ.e. frá Hafnaá að Digramúla og frá Víkum að Hrauni. Vestari kaflanum var lokið en verklok verða á árinu 1994. Verktaki er V. Brynjólfsson hf. Skagaströnd.

767 Hólavegur

Fjárveiting var 18 m.kr. Endurbyggður var 3,4 km langur kafli frá Dalsmynni að Hjaltadalsá og lögð á hann klæðing. Verktakar voru Guðmundur Hjálmarsson Akureyri og Borgarverk hf. Borgarnesi.

Norðurland eystra

1 Norðurlandsvegur

01- 01 Grjótá – Engimýri

Fjárveiting til stofnbrauta var 58 m.kr., til sérstakra verkefna 45 m.kr. og til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks 66 m.kr. eða samtals 169 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1992 að upphæð 33 m.kr.

Lagður var 3,4 km langur kafli í Bakkaselsbrekku og 1,7 km langur kafli frá Gili að Bakkaseli. Lokið var við lagningu 11,3 km langs kafla frá Engimýri að Bakkaseli með asfaltbundnu efra burðarlagi og tvöfaldri klæðingu. Verktakar við jarðvinnu voru Klæðning hf. Garðabæ og Hagvirki Klettur hf. Hafnarfirði. Norskt fyrirtæki Veidekke as. blandaði asfaltbundna burðarlagið samkvæmt sérstökum þróunarsamningi en Festun hf. Garðabæ lagði það út og og lagði klæðingu.

20 Helluvað – Skútustaðir

Fjárveiting til stofnbrauta var 5 m.kr., til brúar á Kráká 9 m.kr. og til brúar á Laxá hjá Arnarvatni 33 m.kr. en byggingu þeirrar brúar var frestað og fjárveitingin lánuð til framkvæmda á þessum kafla. Byggð var ný brú á Kráká 10 m löng og 9 m breið. Undirbyggður var 6,5 km langur kafli frá Skútustöðum að Helluvaðsá. Lagt var seinna lag klæðingar á 0,8 km langan kafla um Skútustaði og 2,9 km langan kafla frá Vogum suður fyrir Geiteyjarströnd. Verktaki við jarðvinnu var Klæðning hf. Garðabæ en vinnuflokkar Vegagerðarinnar önnuðust gerð brúar og slitlags.

23 - 27 Kísiliðja – Biskupsháls

Fjárveiting til stofnbrauta var 5 m.kr. og til stórverkefna innan framkvæmdaátaks 24 m.kr. samtals 29 m.kr. Undirbyggður var 7,6 km langur kafli frá Austaraselslind austur fyrir Dettifossveg. Einnig var lagt seinna lag klæðingar frá Múlavegi að Bjarnarflagi. Verktaki við jarðvinnu var Hagvirki Klettur hf. Hafnarfirði en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlag.

24 - 27 Snjóastaðir

Fjárveiting var engin en unnið var að lagfæringu snjóastaða fyrir 5 m.kr. af fjárveitingu til vetrarþjónustu. Vegurinn var endurbyggður og lagfærður á 12 stöðum á leiðinni frá Dettifossvegi að Biskupshálsi

82 Ólafsfjarðarvegur

05 Norðan Dalvíkur

Fjárveiting var 62 m.kr. Lagður var 7,5 km langur kafli frá Hóli að Klifi og sett á hann fyrra lag klæðingar.Verktaki við jarðvinnu var Verklegar framkvæmdir hf. Hafnarfirði en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlag.

83 Grenivíkurvegur

03 Gljúfurá – Grenivík

Fjárveiting var 4 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1992 og lagt seinna lag klæðingar á 3,0 km langan kafla frá Gljúfurá að Grenivík ásamt 0,6 km langri tengingu að Grenivíkurhöfn. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

85 Norðausturvegur

25 Þistilfjörður

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir 2 m.kr. af fjárveitingu til viðhalds. Gerð var vegfylling um Torfdal og sett þar nýtt ræsi. Verktaki var Vörubílstjórafélagið Þór Þórshöfn.

25 - 27 Þistilfjörður – Brekknaheiði

Fjárveiting var 8 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1992 að upphæð 2,2 m.kr. Gömul brú á Garðá hjá Gunnarsstöðum var rifin og stálrör sett í Garðá og Myllulæk. Unnið var efni í efra burðarlag og slitlag vegna fyrirhugaðra framkvæmda 1994. Verktaki við jarðvinnu var Vörubílstjórafélagið Þór á Þórshöfn en við efnisvinnslu Arnarfell hf. Akureyri.

87 Kísilvegur

02 Norðan Mývatnsvegar

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir 10 m.kr. af fjárveitingu til viðhalds. Endurbyggður var 1,7 km langur kafli frá Mývatnsvegi til norðurs og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki við jarðvinnu var Jarðverk sf. Fnjóskadal en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlag.

03 Snjóastaðir

Fjárveiting var engin en unnið var að lagfæringu snjóastaða fyrir 5 m.kr. af fjárveitingu til vetrarþjónustu. Lagfærðir voru tveir staðir þ.e. á Ármannsöldu og á Miðási. Verktaki var Jarðverk sf. Fnjóskadal.

805 Svarfaðardalsvegur

01 Holt – Tjörn

Fjárveiting var engin en afgangur fjárveitingar á árinu 1992 var 1,6 m.kr. Lagt var seinna lag klæðingar á 2,6 km langan kaflafrá Holtsá að Húsabakka. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

811 Hjalteyrarvegur

02 Bakkavegur – Hjalteyri

Fjárveiting var 5 m.kr. Endurbyggður var 0,9 km langur kafli frá Bakkavegi niður á Hjalteyri og sett á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki við jarðvinnu var Halldór Baldursson Akureyri en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlag.

829 Eyjafjarðarbraut eystri

01 Um Þverá

Fjárveiting var 4 m.kr. Greidd var 2 m.kr. skuld frá árinu 1992. Lagt var seinna lag klæðingar á 0,8 km langan kafla um Þverá. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

833 Illugastaðavegur

01 Norðurlandsvegur – Skógar

Fjárveiting var 27 m.kr. Lagður var 3,5 km langur kafli frá Lambhúsalæk að Gerðagili ásamt nýjum heimreiðum að Hróarsstöðum og Skógum. Verktaki var Arnarfell hf. Akureyri.

836 Vaglaskógarvegur

01 Hróarsstaðir – Mörk

Fjárveiting til þjóðbrauta var 6 m.kr. og til brúa 27 m.kr. eða samtals 33 m.kr. Byggð var ný brú á Fnjóská hjá Hróarsstöðum. Brúin er stálbitabrú með steyptu gólfi 40 m löng í einu hafi og 4,8 m breið. Lagður var 0,2 km langur vegur til að tengja brúna. Verktaki við jarðvinnu var Arnarfell hf. Akureyri en vinnuflokkur Vegagerðarinnar byggði brúna.

853 Hvammavegur

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 1,3 km langan kafla frá Aðaldalsvegi að Haga. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

Austurland

1 Austurlandsvegur

02 - 05 Möðrudalsöræfi

Fjárveiting var engin en unnið var að lagfæringu snjóastaða fyrir 10 m.kr. af fjárveitingu til vetrarþjónustu. Lagfærðir voru 12 staðir samtals um 6 km og vetrarvegir gerðir á fjórum stöðum. Verktaki var Njörður hf. Njarðvík.

10 Um Jökulsá

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 30 m.kr. Hafin var bygging 4 km langs kafla Austurlandsvegar frá Deild og út yfir Jökulsá hjá Sellandi og 2,4 km langs kafla af Hlíðarvegi (917) frá Austurlandsvegi um Brúarás. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki 1995. Verktaki er Héraðsverk hf. Egilsstöðum.

10 Jökulsá á Dal

Fjárveiting til stórverkefna innan framkvæmdaátaks var 35 m.kr. og var framkvæmdum við brú á Jökulsá frestað til ársins 1994 og öll fjárveitingin lánuð í kaflann „10 Dimmidalur – Skóghlíð".

10 Dimmidalur – Skóghlíð

Fjárveiting var 20 m.kr. og 35 m.kr. voru lánaðar frá Jökulsá á Dal. Lokið var undirbyggingu á 6,2 km löngum kafla frá árinu 1992 og lögð klæðing á 5,7 km af honum. Verktaki við jarðvinnu var Héraðsverk sf. Egilsstöðum en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði klæðingu.

11 Við Fellabæ

Fjárveiting var 5 m.kr. Undirbyggður var 0,5 km langur kafli norðan Fellabæjar og byrjað á undirbyggingu 0,6 km langs kafla um Urriðavatn. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki og bundið slitlag verði lagt árið 1994.

13 Egilsstaðanes

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir 4 m.kr. lánsfé. Sett var upp lýsing frá vegamótum Flugvallarvegar að Egilsstöðum.

21 Um Breiðdalsá

Fjárveiting var 22 m.kr. til almennra verkefna og 84 m.kr. til stórverkefna. Byggð var 90 m löng eftirspennt bitabrú á Breiðdalsá og hafinn bygging á 7 km vegi frá Þverhamri út fyrir Ós. Ráðgert er að þessum framkvæmdum ljúki árið 1994 og styttist þá leiðin um Suðurfirði um 9,7 km en Austurlandsvegur lengist jafnframt um 2,7 km. Verktaki við vegagerð er Guðmundur Björgólfsson Breiðdalsvík en vinnuflokkur Vegagerðarinnar byggði brúna.

21 - 22 Ós – Krossá

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 16 m.kr. og fór til greiðslu skuldar frá árinu 1992.

23 - 24 Krossá – Búðaá

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 52 m.kr. Endurbyggður var 7,7 km langur kafli frá Krossá að Runná og lagt á hann bundið slitlag. Auk þess var undirbyggður 2,8 km langur kafli frá Runná inn fyrir Búðaá. Verktaki var Ólafur Hjaltason Berufirði.

35 Þorgeirsstaðir – Skarðsdalur

Fjárveiting var 5 m.kr. og auk þess var unnið fyrir 20 m.kr. af viðhaldsfé. Lagður var nýr vegur um Þorgeirsstaðaá 1,5 km langur og vegurinn endurbyggður suður í Skarðsdal. Lagt var bundið slitlag á allan kaflann sem er 6,6 km langur. Verktaki var Björn Sigfússon Höfn.

41 - 42 Uppsalir – Reynivellir

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 40 m.kr. Byrjað var að endubyggja 11,9 km langan kafla frá Staðará að Reynivöllum sem ljúka á 1994. Verktaki er Árvélar sf. Selfossi.

Fjallsá

Fjárveiting til brúar á Fjallsá var 38 m.kr. en framkvæmdum við brúargerð var frestað og fé lánað til Norðausturvegar í kaflann 05 Sveinar - Selá.

46 Kvíá – Hnappavellir

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 40 m.kr. Endurbyggður var 7,5 km langur kafli vestan Kvíár og lagður bundnu slitlagi. Verktaki var Hjarðarnesbræður Höfn.

46 Hnappavellir – Irpugilslækur

Fjárveiting til almennra verkefna innan framkvæmdaátaks var 35 m.kr. Byrjað var að byggja 4,4 km langan kafla sem eftir er milli Hnappavalla og Fagurhólsmýrar og ljúka á sumarið 1994. Verktaki er Hjarðarnesbræður Höfn.

85 Norðausturvegur

05 Sveinar – Selá

Fjárveiting var engin en fjárveiting til brúar á Fjallsá 38 m.kr. var lánuð til verksins. Byrjað var að byggja 7,9 km langan vegarkafla norður frá Selá upp á Sandvíkurheiði og á að ljúka honum með bundnu slitlagi sumarið 1994. Verktaki er Ljósaland hf. Vopnafirði.

92 Norðfjarðarvegur

10 Göng – Skuggahlíð

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 40 m.kr. Lokið var við endurbyggingu kaflans frá Skíðaskála að Norðfjarðarárbrú 3,3 km og hann lagður bundnu slitlagi. Verktaki við jarðvinnu var Borgarfell hf. en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlagið. Þá var byrjað að byggja 4,5 km langan kafla frá Jarðgöngum að Skíðaskála sem ljúka á næsta sumar. Verktaki er Héraðsverk hf. Egilsstöðum.

93 Seyðisfjarðarvegur

02 Miðhúsaá – Efristafur

Fjárveiting var 20 m.kr. Byrjað var á endurbyggingu á 4 km löngum vegarkafla sem ljúka á með bundnu slitlagi sumarið 1994. Verktaki er Héraðsverk hf. Egilsstöðum.

94 Borgarfjarðarvegur

08 Skriður – Framnes

Fjárveiting var 17 m.kr. Lokið var gerð 2,6 km langs vegarkafla sem byrjað var á 1992 og lagt á hann bundið slitlag. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

96 Suðurfjarðavegur

02 - 03 Eyri – Vattarnes

Fjárveiting var 10 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 1,7 km langan kafla um Eyrarár sem var undirbyggður 1992. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

917 Hlíðarvegur

04 - 06 Hérað – Vopnafjörður

Fjárveiting var 12 m.kr. og til sérstakra verkefna 18 m.kr. eða samtals 30 m.kr. Endurbyggður var 3 km langur kafli frá Heiðarfæti upp að Hölknárdal. Byrjað var að byggja tvo kafla í Vopnafirði, um Vindfell að Hrútagili 1,5 km og frá Krummsholti að Grjótá 1,2 km. Verktaki er Einar Sigurbjörnsson Vopnafirði.

931 Upphéraðsvegur

04 Brekkugerði – Hengifossá

Fjárveiting var 1 m.kr. sem varið var í sameiginlegt verkefni Vegagerðarinnar og Héraðsskóga á sviði girðinga meðfram vegum.

08 Hafursá – Freyshólar

Fjárveiting var 8 m.kr. og fór til greiðslu skuldar frá árinu 1992.

941 Flugvallarvegur Egilsstöðum

Fjárveiting var 3 m.kr. Lokið var undirbyggingu nýs vegar 0,4 km að lengd sem ljúka á með bundnu slitlagi sumarið 1994. Verktaki er Vökvavélar hf. Egilsstöðum.

951 Vestdalseyrarvegur

Fjárveiting var 4 m.kr. Endurbyggður var 2 km langur kafli af veginum frá bæjarmörkum á Seyðisfirði í átt að Vestdalseyri. Verktaki var Sigurbergur Sigurðsson Seyðisfirði.

Greinargerð um framkvæmdir við aðalfjallvegi 1993

F 22 Fjallabaksleið nyrðri

Fjárveiting var 2,1 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 28 Sprengisandsleið

Fjárveiting var 1,6 m.kr. en auk þess lagði Landsvirkjun fram 1 m.kr. Mölborinn var um 14 km langur kafli frá Köldukvísl að Stóraveri . Að öðru leyti var fjárveitingunni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 35 Kaldadalsvegur

Fjárveiting var 1,2 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 37 Kjalvegur

Fjárveiting var 11,5 m.kr. Áformað var að undirbyggja kafla um Seyðisá en því var frestað vegna óhagstæðs tíðarfars. Unnið var að heflun og almennu viðhaldi á veginum.

F 72 Skagafjarðarleið

Fjárveiting var 0,7 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 82 Eyjafjarðarleið

Fjárveiting var 1,2 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 92 Gæsavatnaleið

Fjárveiting var 6 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

1083. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur um alllangt skeið haft frumvarp þetta til meðferðar og haldið fundi um málið með fulltrúum fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar.

Segja má að málsmeðferðin og umræðan hafi verið með nokkuð sérstæðum hætti þar sem ágreiningur hefur staðið um framsetningu nokkurra atriða í reikningnum milli fjármálaráðuneytis annars vegar og Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings hins vegar.

Framsetning ríkisreiknings, ásamt ýmsum öðrum málum er varða uppsetningu og frágang gagna um ríkisfjármál, hefur verið til meðhöndlunar í svokallaðri ríkisreikningsnefnd um nokkurt árabil. Því var það er frumvarp um sama efni og hér er til afgreiðslu var til umfjöllunar á 116. löggjafarþingi að minni hluti fjárlaganefndar lagði til að málinu yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá og afgreiðslu þess frestað þar til ríkisreikningsnefnd hefði lokið umfjöllun sinni um þessi mál og væntanlega komist að sameiginlegri niðurstöðu um ágreiningsefni varðandi framsetningu ríkisreiknings fyrir árið 1991.

Ríkisreikningsnefnd mun nú hafa lokið umfjöllun sinni um uppgjör og framsetningu ríkisreiknings, fjárlaga o.fl. en skýrsla með niðurstöðum nefndarinnar hefur ekki enn verið lögð fram. Verður að átelja þann seinagang sem ríkt hefur í máli þessu og er vissulega álitamál hvort ljúka átti afgreiðslu frumvarpsins frá nefnd áður en skýrslan var endanlega frágengin. Samkvæmt upplýsingum, sem fjárlaganefnd hefur fengið, er ekki tekin afstaða til ágreiningsefna liðins tíma í niðurstöðum nefndarinnar og því telur minni hlutinn ekki lengur ástæðu til að fresta afgreiðslu málsins eða tefja framgang þess.

Minni hlutinn hefur því eftir ítarlega umfjöllun og athugun á málinu ákveðið að flytja þær breytingartillögur sem yfirskoðunarmenn ríkisreiknings leggja til í skýrslu sinni frá því í febrúar 1993 og koma þær fram á sérstöku þingskjali.

Verður hér á eftir gerð nánari grein fyrir þeim tillögum og er þar stuðst við rök yfirskoðunarmannanna og Ríkisendurskoðunar sem lögum samkvæmt starfar á vegum Alþingis og skal annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila sem fá kostnað eða reikningslegt tap greitt úr ríkissjóði.

I.

Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1991 leggja yfirskoðunarmenn til við Alþingi að ríkisreikningi fyrir það ár verði m.a. breytt þannig að framlög að fjárhæð 1.633.431 þús. kr. til Framkvæmdasjóðs Íslands, fjárlagaliður 01-173, verði ekki samþykkt sem útgjöld ársins 1991 en færist sem framlög í ríkisreikning ársins 1992. Í nefndri skýrslu segja yfirskoðunarmenn ríkisreiknings er þetta mál varðar:

„Þá vilja yfirskoðunarmenn eindregið taka undir þær athugasemdir sem fram koma í áritun Ríkisendurskoðunar á ríkisreikning þennan og varða færslu á framlagi vegna yfirtöku á skuld Framkvæmdasjóðs. Fyrir liggur að engar ábyrgðir hafa enn fallið á Ríkisábyrgðasjóð vegna vanskila Framkvæmdasjóðs í lok reikningsársins. Umrædd yfirtaka ríkissjóðs á skuldum Framkvæmdasjóðs að fjárhæð 1.633 millj. kr. er samkvæmt heimild í 13. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1992 sem samþykkt voru og birt í lok janúar 1992. Heimildin var síðan notuð í mars og hlýtur eðli málsins samkvæmt að tilheyra árinu 1992,

þ.e. því ári sem heimild til yfirtöku var veitt og notuð, en ekki árinu 1991.

Hafi stjórnvöld ætlað að koma þessu framlagi undir árið 1992, eins og þau telja nú mikilvægt, þá hefði verið hægt að koma því við í frumvarpi til breytinga á lánsfjárlögum fyrir árið 1991, en það var afgreitt á Alþingi 20. desember 1991 eða á sama tíma og lánsfjárlög fyrir árið 1992 voru til meðferðar á Alþingi. Á hinn bóginn er sjálfsagt að geta þess í skýringum í ríkisreikningi fyrir árið 1991 hvernig mál þetta er vaxið."

Í áritun Ríkisendurskoðunar í ríkisreikning fyrir árið 1991 kemur fram eftirfarandi:

„Í tillögum vinnuhóps 1 á vegum ríkisreikningsnefndar frá því í september 1991 er fjallað um ábyrgðir utan efnahags. Þar segir:

„Vinnuhópurinn leggur til að í fjárlögum og ríkisreikningi verði gerð sérstök grein fyrir „ábyrgðum utan efnahags". Hér er um að ræða ýmsa sjóði sem eru utan A-hluta fjárlaga en ríkissjóður er í ábyrgð fyrir. Hér er m.a. um að ræða Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Framkvæmdasjóð og Byggðastofnun."

Í þessu sambandi er rétt að benda á að engar ábyrgðir hafa enn fallið á Ríkisábyrgðasjóð vegna vanskila Framkvæmdasjóðs, hvorki á árinu 1991 eða 1992. Umræddu framlagi A-hluta ríkissjóðs, að fjárhæð 1,6 milljarðar króna, er ætlað að bæta eiginfjárstöðu Framkvæmdasjóðs vegna tapaðra útlána sjóðsins og forða því að ábyrgðir falli á Ríkisábyrgðasjóð.

Ekki skal því á móti mælt að góðar reikningsskilavenjur gera ráð fyrir að í reikningsskilum komi fram allar kunnar skuldbindingar á uppgjörsdegi enda telur Ríkisendurskoðun að svo sé gert við uppgjör A-hluta ríkissjóðs í ríkisreikningi. Hins vegar hefur í skýringum ekki verið gerð tæmandi grein fyrir ábyrgðum utan efnahags A-hluta ríkissjóðs. Eins og að framan greinir hafa verið gerðar tillögur um að skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs og ábyrgðir utan efnahags A-hluta ríkissjóðs komi fram í skýringum með ríkisreikningi í stað þess að færa þær í reikninginn sjálfan áður en þær falla á ríkissjóð. Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags sem ríkissjóður hefur ekki leyst til sín verði þannig ekki gjaldfærðar fyrr en formleg heimild til gjaldfærslu þeirra liggur fyrir. Þýðingarmest er þó í þessu sambandi að samræmdar reglur gildi og að þeim sé fylgt eftir í einu og öllu en ekki aðeins að hluta.

Ríkisendurskoðun hefur í skýrslum sínum á undanförnum árum gert athugasemdir við gjaldfærslu ýmissa skuldbindinga utan A-hluta ríkissjóðs ef formlegar heimildir Alþingis eru ekki fyrir hendi enda er það m.a. hlutverk hennar að hafa eftirlit með því að ákvarðanir Alþingis varðandi fjárveitingar séu virtar.

Þær verklagsreglur sem Ríkisendurskoðun styðst við í þessu sambandi eru á þá lund að ábyrgðir skuli færa til bókunar þegar þær falla á ríkissjóð og ef um bein framlög er að ræða skulu þau bókuð á þeim tíma sem þau eru innt af hendi samkvæmt formlegri heimild Alþingis.

Ríkisendurskoðun telur bæði eðlilegt og í samræmi við góða reikningsskilavenju að í skýringum með ríkisreikningi og í tengslum við yfirlit yfir veittar ábyrgðir Ríkisábyrgðasjóðs verði greint frá ábyrgðum sem ríkissjóður hefur gengist undir og falla utan við efnahag hans. Í slíku yfirliti ætti að koma fram hvaða aðila er um að ræða ásamt greinargerð um þær ábyrgðir sem ef til vill kunna að falla á ríkissjóð á næstu missirum verði ekkert að gert.

Ríkisendurskoðun telur að til viðbótar þeim heimildum sem Alþingi hefur samþykkt í fjárlögum og fjáraukalögum skuli einungis færa í A-hluta ríkisreiknings áfallnar, ógjaldfallnar tekjur og gjöld af rekstri A-hluta ríkissjóðs í lok reikningstímabilsins og afskriftir á töpuðum kröfum A-hluta ríkissjóðs."

Þá er enn fremur rétt að benda á áritun löggiltra endurskoðenda Framkvæmdasjóðs Íslands í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 1991 en þar segir m.a.:

„Í rekstrarreikningi 1991 er fært til tekna framlag frá ríkissjóði að upphæð 1.633 millj. kr. Byggist þetta á heimildarákvæði til fjármálaráðherra samkvæmt lánsfjárlögum sem samþykkt voru 23. janúar 1992 og fjármálaráðherra hefur þegar nýtt sér, sbr. samkomulag við Framkvæmdasjóð, dags. 9. mars 1992. Þar sem ákvörðun um þetta framlag ríkissjóðs lá ekki fyrir á árinu 1991 sýnir rekstrarreikningur Framkvæmdasjóðs betri afkomu sem þessu nemur, svo og eigið fé hans í árslok 1991."

Að lokum telur minni hlutinn rétt að vekja athygli á athugasemdum við frumvarp til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1992 sem flutt er af núverandi fjármálaráðherra en þar segir m.a. um reikningsfærslu ábyrgða og skuldbindinga:

„Með ríkisreikningi ársins 1989 var stigið veigamikið skref í þá átt að færa uppgjör ríkissjóðs nær almennum reikningsskilavenjum í atvinnurekstri. Breytingin felur fyrst og fremst í sér að í ríkisreikning eru færðar allar skuldbindingar og kröfur A-hluta ríkissjóðs, óháð því hvort þær eru gjaldfallnar eða ekki. Ákvæði laga um gerð ríkisreiknings nr. 52/1966, með síðari breytingum, gera ráð fyrir að ríkisreikningur sé gerður upp á rekstrargrunni.

Breytingin tekur einnig til þess að ábyrgðir ríkissjóðs á rekstri og skuldbindingum séu metnar og færðar í ríkisreikning eftir því sem þær eru best þekktar. Þeim er hins vegar hagað með ýmsum hætti í uppgjörum. Ábyrgðir vegna rekstrar stofnana í hluta ríkissjóðs eru tiltölulega skýrar og auðmetnar, en málið er flóknara þegar tekur til ábyrgða á fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, svo og ýmsum öðrum aðilum sem ríkissjóður veitir ábyrgð. Einnig þarf að ákveða færslur á eignarhluta ríkisins í fyrirtækjum og sjóðum í efnahag A-hluta ríkisreiknings svo og með hvaða hætti rekstrarniðurstaða ársins og breytingar á eigin fé þeirra er sett þar fram.

Þannig koma ýmis álitamál upp þegar ákvarða skal reikningsfærslu slíkra ábyrgða og skuldbindinga. Mikilvægt er að um þær gildi samræmdar og skýrar vinnureglur. Þetta er eitt af þeim viðfangsefnum sem ríkisreikningsnefnd hefur nú til úrlausnar. Undir þessa málsmeðferð fellur m.a. ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Með lögum nr. 3/1992 breyttist hlutverk og staða sjóðsins þar sem útlánastarfsemi hans var m.a. lögð af. Samkvæmt endurskoðuðu uppgjöri sjóðsins er eigið fé hans neikvætt um 830 millj. kr. í lok árs 1993. Um það er ekki deilt að ríkissjóður ber fulla ábyrgð á þessum skuldbindingum. Það sama má einnig segja um neikvæðan höfuðstól Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar í árslok 1992 og ef til vill fleiri aðila.

Þar til ríkisreikningsnefnd hefur gert tillögu um samræmdar reglur um bókhaldsmeðferð skuldbindinga og ábyrgða ríkissjóðs hafa hlutaðeigandi orðið ásáttir um að færa neikvætt eigið fé umræddra sjóða ekki í ríkisreikning."

Minni hlutinn telur mikilvægt að við gerð reikningsskila hjá ríkissjóði séu í gildi samræmdar reglur frá einu uppgjörstímabili til annars, en svo virðist ekki vera þar sem í ríkisreikningi fyrir árið 1992 var ekki tekið tillit til neikvæðs höfuðstóls Framkvæmdasjóðs Íslands í árslok 1992 og þeirra sjóða annarra sem ríkissjóður er ábyrgur fyrir að hluta og fram kemur í fyrrnefndum athugasemdum við það frumvarp.

Minni hlutinn telur að Alþingi verði að taka tillit til þeirra athugasemda sem yfirskoðunarmenn ríkisreiknings og Ríkisendurskoðun hafa gert við ríkisreikning 1991 og að sú grundvallarregla sé viðhöfð að í reikningsskilum A-hluta ríkissjóðs séu ekki færð framlög til aðila utan hans nema til hafi komið formleg afgreiðsla Alþingis á þeim framlögum. Hvað varðar framlög ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs Íslands var það byggt á 13. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1992 sem staðfest var á Alþingi 24. janúar 1992. Fjármálaráðherra nýtti þá heimild 9. mars 1992.

Minni hlutinn leggur til að framlag að fjárhæð 1.633.431 þús. kr. til Framkvæmdasjóðs Íslands verði ekki samþykkt sem útgjöld ársins 1991 en færðar sem framlag í ríkisreikningi 1992. Niðurstöðutala ríkisreiknings 1991 breytist í samræmi við þetta.

II.

Í annan stað gera yfirskoðunarmenn ríkisreiknings fyrir árið 1991 tillögu um að reikningum verði breytt þannig að færð sé til baka lánveiting Endurlána ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn að fjárhæð 287.336 þús. kr. en á móti lækka ógreidd gjöld um sömu fjárhæð.

Í skýrslu yfirskoðunarmanna segir m.a. svo um þetta mál:

„Enn fremur telja yfirskoðunarmenn að athugasemdir Ríkisendurskoðunar, er varða lánveitingar ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs og síðan endurlán hans til framkvæmda í Sandgerðishöfn, séu réttmætar. Eins og fram kemur í athugasemdum Ríkisendurskoðunar er hér einvörðungu um ríkishluta framkvæmdanna að ræða sem ríkissjóður tekur lán til að fjármagna. Því er ekki um það að ræða að ríkissjóður og Hafnasjóður standi sameiginlega straum af láninu og endurgreiði það í þeim hlutföllum sem hafnalög kveða á um. Fjármálaráðuneytið og samgöngumálaráðuneytið hafa með bréfum til Hafnabótasjóðs lýst því yfir að ríkissjóður muni greiða allan lántökukostnað, auk afborgana af láni þessu. Því ber að fara með þessi útgjöld í ríkisreikningi og fjárlögum á sama hátt og aðrar beinar ríkisframkvæmdir."

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir enn fremur eftirfarandi:

„Í ríkisreikningi fyrir árið 1991 eru 287 millj. kr. færðar til gjalda vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn. Fjármögnun þessara framkvæmda fór m.a. þannig fram að Endurlán ríkissjóðs veittu Hafnabótasjóði lán samkvæmt heimild í lánsfjárlögum að fjárhæð 275 millj. kr., en Hafnabótasjóður endurlánaði síðan sömu fjárhæð til Sandgerðisbæjar. Þar sem hér var um fjármögnun á lögbundnum hlut ríkissjóðs í þessum hafnarframkvæmdum að ræða lýsti fjármálaráðuneytið því yfir í bréfi til Endurlána ríkissjóðs 25. júní 1991 að ríkissjóður mundi endurgreiða lánið á næstu átta árum af framlagi á fjárlögum til Sandgerðishafnar, jafnframt því sem hann tæki á sig allan kostnað vegna lántökunnar. Þegar frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1991 var til umfjöllunar í fjárlaganefnd gerði Ríkisendurskoðun athugasemdir vegna þessa máls og taldi að taka ætti inn í frumvarpið þessa lántöku ríkissjóðs og færa sem framlag til Sandgerðishafnar. Í ríkisreikningi fyrir árið 1991 hefði átt að færa til baka lánveitingu til Hafnabótasjóðs á móti lækkun á ógreiddum gjöldum. Með fjármögnun á framlagi þessu ber að fara eins og önnur útgjöld ríkissjóðs, þ.e. með útborgun úr sjóði eða með lántöku. Málsmeðferð þessi er gagnrýnisverð enda samrýmist hún hvorki hafnalögum né lögum um gerð ríkisreiknings og fjárlaga."

Minni hlutinn telur að sú tilhögun, sem viðhöfð var við greiðslu framkvæmda við Sandgerðishöfn á árinu 1991, hafi fyrst og fremst verið til að komast hjá því að sýna þessi útgjöld í fjáraukalögum ársins 1991 og að sú málsmeðferð samrýmist ekki hafnalögum. Minni hlutinn leggur til að ríkisreikningur fyrir árið 1991 verði afgreiddur í samræmi við tillögu yfirskoðunarmanna fyrir árið 1991 er þetta mál varðar.

III.

Að lokum vill minni hlutinn taka undir ýmsar almennar ábendingar yfirskoðunarmanna ríkisreiknings sem fram koma í skýrslu þeirra um ýmislegt sem betur mætti fara hjá ráðuneytum og stofnunum og leggur áherslu á að athugasemdum þessum sé fylgt eftir og fyllsta tillit til þeirra tekið.

Alþingi, 27. apríl 1994.

Guðmundur Bjarnason, frsm. Guðrún Helgadóttir. Jón Kristjánsson.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Margrét Frímannsdóttir.

1084. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (GB, MF, JónK, JVK, GHelg).

	Þús. kr.
Við 1. gr.	
a. Við Tilfærslur og ósundurliðað ríkisfé.	
Fyrir „56.216.258“ kemur	54.582.827
b. Við Tekin löng lán, erlend.	
Fyrir „67.953.125“ kemur	66.319.694
c. Við Veitt löng lán, innlend, ógengisbundin. Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta.	
Fyrir „14.429.486“ kemur	14.142.150
d. Við Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar.	
Fyrir „3.648.701“ kemur	3.361.365

1085. Nefndarálit [551. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið sem varðar breytingu á lögum nr. 83/1993 sem sett voru á 116. löggjafarþingi eftir ítarlega umfjöllun í menntamálanefnd. Nefndin lagði þá til breytingu á framlögðu frumvarpi sem fól í sér að lögin tækju einungis til tilskipunar 89/48/EBE sem varðar almennar reglur um viðurkenningu menntunar og starfsréttinda að lokinni þriggja ára sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi. Í frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 83/1993 taki einnig til tilskipunar 92/51/EBE sem felur í sér reglur um viðurkenningu á starfsmenntun sem krefst starfsþjálfunar og menntunar á framhaldsskólastigi eða háskólastigi og tekur skemmri tíma en þrjú ár. Tilskipanirnar taka einungis til starfsmenntunar sem hlotið hefur löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun um málið Hörð Lárusson, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, og Benedikt Valsson, framkvæmkvæmdastjóra Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Björn Bjarnason og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Árni Johnsen.

Petrína Baldursdóttir. Tómas Ingi Olrich.

1086. Nefndarálit [77. mál]

um till. til þál. um styttingu vinnutíma.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk um það umsagnir á 116. og 117. löggjafarþingi frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Alþýðusambandi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, Jafnréttisráði, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera skýrslu um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á meðal Evrópuþjóða, einkum annarra norrænna ríkja, sem miða að stytt-

ingu vinnutíma og fjölgun starfa. Í skýrslunni verði gerð grein fyrir eðli og umfangi aðgerða, kostnaði og árangri eftir því sem upplýsingar frá stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðar eða alþjóðastofnunum gefa tilefni til.

Alþingi, 26. apríl 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Eggert Haukdal.
Ingibjörg Pálmadóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.	Jón Kristjánsson.
Guðjón Guðmundsson.	Einar K. Guðfinnsson.	Sigbjörn Gunnarsson.

1087. Frumvarp til laga [617. mál]

um breyting á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992.

Frá félagsmálanefnd.

1. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Lögreglan rannsakar eldsvoða samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála og kveður til sérfróða menn eftir því sem hún telur þörf á. Hún tilkynnir Brunamálastofnun ríkisins og Rafmagnseftirliti ríkisins um eldsvoðann og rannsókn sína.

Að lokinni rannsókn sendir lögreglan afrit af rannsóknargögnum til Brunamálastofnunar, hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra og vátryggingafélags nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

2. gr.

Á eftir 22. gr. laganna kemur ný grein, 22. gr. a, sem orðast svo:

Þegar um mikið brunatjón er að ræða skal Brunamálastofnun ríkisins, óháð lögreglurannsókn, rannsaka útbreiðslu eldsins, hvernig brunavarnir byggingarinnar hafi staðist hann og hvernig að slökkviliðsstarfi hafi verið staðið. Kanna ber síðustu úttektir eldvarnaeftirlits fyrir brunann, hvaða athugasemdir hafi þar verið fram settar og hvernig eftir þeim hafi verið farið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum um skipulag brunarannsókna í lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992. Er félagsmálanefnd hafði fyrr á þessu þingi til meðferðar frumvarp til breytingar á fyrrgreindum lögum bárust henni ábendingar frá félagsmálaráðuneytinu um að brýnt væri að breyta lögunum til lausnar á þeim aðstæðum sem nú ríkja varðandi skipulag brunarannsókna í landinu.

Í núgildandi 22. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, er fjallað um fyrirkomulag brunarannsókna. Er þar kveðið á um að Brunamálastofnun ríkisins skuli sjá um að rannsókn fari fram á orsökum eldsvoða þegar eftir brunatjón, en Rannsóknarlögregla ríkisins eða lögreglustjóri skuli sjá um að lögreglurannsókn fari fram leiki grunur á að um refsivert athæfi hafi verið að ræða. Við lögreglurannsóknir skuli enn fremur haft samráð við Brunamálastofnun ríkisins. Nýlega hafa gengið tveir dómar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 10. febrúar 1994 í máli nr. 360/1993 og dóm Héraðsdóms Vesturlands frá 24. febrúar 1994 í máli nr. 93/1993, þar sem í forsendum er fundið að því að við brunarannsókn hafi ekki verið farið eftir ákvæðum 22. gr.

Nefndin skoðaði mál þetta ítarlega og fékk á fund sinn fulltrúa frá félagsmálaráðuneytinu, Landssambandi slökkviliðsmanna, Brunamálastofnun ríkisins og Rannsóknarlögreglu ríkisins. Eftir þá umfjöllun varð niðurstaða nefndarinnar að nauðsynlegt væri að koma á eðlilegri skipan á verklagi við rannsókn bruna, jafnt í lögum sem framkvæmd. Er mat nefndarinnar að með breytingu á 22. gr. laganna verði þeim tilgangi náð. Lagt er til að lögregla sjái almennt um rannsóknir á eldsvoðum, í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála, en kveðji til þess sérfræðinga eftir því sem þörf þykir á. Þá er lagt til að með nýrri grein, 22. gr. a, verði komið á þeirri skyldu Brunamálastofnunar að framkvæma sjálfstæðar athuganir á ýmsum þáttum varðandi stærri eldsvoða, óháð lögregluranns ókn.

1088. Nefndarálit [172. mál]

um till. til þál. um auðlindakönnun í öllum landshlutum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá Orkustofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og héraðsnefndum Borgarfjarðarsýslu, Suðurnesja, Múlasýslu, Dalasýslu, Skagfirðinga og Ísafjarðarsýslu.

Nefndin telur brýnt að fram fari rækileg auðlindakönnun á Íslandi til þess að skapa grundvöll fyrir mótun auðlindastefnu til framtíðar. Hér er í senn um að ræða atvinnumál og umhverfismál sem snerta allan efnahagsgrundvöll þjóðarinnar. Nefndinni er hins vegar ljóst að slík könnun er kostnaðarsöm. Nefndin telur því heppilegt að á þessu stigi verði stjórnvöldum falið að láta gera áætlun um kostnað við slíka auðlindakönnun og leggur því til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Gísli S. Einarsson, Páll Pétursson, Kristín Einarsdóttir og Guðjón Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 1994.

Svavar Gestsson, form., frsm. Sigríður A. Þórðardóttir. Finnur Ingólfsson.

Pálmi Jónsson. Tómas Ingi Olrich.

1089. Nefndarálit [321. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá ferðamálaráði, Byggðastofnun, Kelduneshreppi og Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Nefndin fjallaði samhliða um tillögu um rannsóknir háhitasvæða í Öxarfjarðarhéraði, 320. mál þingsins. Nefndin telur eðlilegt að sérstök könnun á háhitasvæðum í Öxarfjarðarhéraði fari fram sem hluti af þeirri heildarkönnun á náttúruauðlindum og atvinnuþróun í Öxarfjarðarhéraði sem hér er gerð tillaga um.

Gísli S. Einarsson, Páll Pétursson, Guðjón Guðmundsson og Kristín Einarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 1994.

Svavar Gestsson, form., frsm. Finnur Ingólfsson. Tómas Ingi Olrich.

Sigríður A. Þórðardóttir. Pálmi Jónsson.

1090. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað mjög ítarlega um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Árni Kolbeinsson, Halldór Árnason, Arndís Steinþórsdóttir og Snorri Rúnar Pálmason frá sjávarútvegsráðuneytinu, Kristján Ragnarsson og Jónas Haraldsson frá LÍÚ, Hólmgeir Jónsson og Óskar Vigfússon frá Sjómannasambandi Íslands, Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Arnar Sigurmundsson og Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Teitur Stefánsson frá Útvegsmannafélagi Akraness, Guðmundur Kristjánsson frá Útvegsmannafélagi Snæfellsness, Einar Oddur Kristjánsson og Ingimar Halldórsson frá Útvegsmannafélagi Vestfjarða, Sverrir Leósson og Valdimar Bragason frá Útvegsmannafélagi Norðurlands, Eiríkur Ólafsson frá Útvegsmannafélagi Austfjarða, Halldóra Jónsdóttir frá Útvegsmannafélagi Hornafjarðar, Hilmar Rósmundsson frá Útvegsmannafélagi Vestmannaeyja, Benedikt Thorarensen frá Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar, Halldór Ibsen frá Útvegsmannafélagi Suðurnesja, Guðrún Lárusdóttir frá Útvegsmannafélagi Hafnarfjarðar, Sigurbjörn Svavarsson frá Útvegsmannafélagi Reykjavíkur, Eyjólfur Torfi Geirsson frá Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Gunnar Jóhannsson frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Björn Sigurbjörnsson, Björn Valdimarsson, Bjarni Þór Einarsson og Magnús B.

Jónsson frá Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi Vestra, Einar Njálsson frá Eyþingi — Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi Eystra, Björn Hafþór Guðmundsson frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Bjarni Jónsson og Hjörtur Þórarinsson frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Bjarni Andrésson og Kristján Pálsson frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Gylfi Arnbjörnsson frá ASÍ, Björn Grétar Sveinsson og Jón Karlsson frá VMSÍ, Árni Gíslason, Hrólfur Gunnarsson og Óskar Þ. Karlsson frá Félagi um nýja sjávarútvegsstefnu, Þórður Ásgeirsson frá Fiskistofu, Jakob Jakobsson frá Hafrannsóknastofnun, Ásgeir Daníelsson frá Þjóðhagsstofnun, frá einstökum atvinnurekendum í sjávarútvegi þeir Halldór Árnason, Óskar Þórhallsson, Sighvatur Bjarnason og Svanur Guðmundsson, frá Samtökum fiskvinnslustöðva án útgerðar þeir Jón Ásbjörnsson, Óskar Þ. Karlsson, Kristján Guðmundsson og Gísli Erlingsson, Grétar Friðriksson frá Fiskmarkaði Hafnarfjarðar, Ólafur Þór Jóhannsson frá Fiskmarkaði Suðurnesja, frá Fiskifélagi Íslands þeir Bjarni Kr. Grímsson, Jónas Haraldsson og Örn Pálsson sem ásamt Arthuri Bogasyni mætti einnig fyrir hönd Landsambands smábátaeigenda og loks Árni Benediktsson sem mætti bæði fyrir hönd Íslenskra sjávarafurða hf. og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Gestir skiluðu einnig langflestir skriflegum greinargerðum um málið til nefndarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær kveða á um að:

1. Að banndögum verði fækkað um einn í hverjum mánuði þannig að þeir verði sex í stað sjö eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá er lögð til nokkuð önnur útfærsla á banndögunum þannig að veiðar eru bannaðar aðra hverja helgi ásamt föstudögum á undan þeim helgum, en frumvarpið gerði ráð fyrir veiðibanni síðustu sjö daga hvers mánaðar. Þá er tekið inn í frumvarpið ákvæði um að þó að meginreglan sé að smábátum sé aðeins heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum sé sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf og veiðar á grásleppu í net. Með þessu er einungis verið að staðfesta gildandi framkvæmd.
2. Fellt verði niður skilyrði um að tekjur þurfi að rýrna um meira en 10% milli hverra tveggja ára til að jöfnunaraðgerðir séu heimilar. Rökin fyrir þessari breytingu eru að ákveðinn stofn getur verið í lægð í nokkur ár í röð þótt tekjurýrnun af þeim sökum milli ára nái ekki 10% markinu.
3. Hætt verði við að þrengja heimildir til flutnings aflamarks á botnfisktegundum og úthafsrækju milli ára og einnig að slíkar heimildir verði víkkaðar gagnvart humri og síld.
4. Tekin verði út úr frumvarpinu ákvæði sem mæla fyrir um heimild til að framselja aflahlutdeild til fiskvinnslustöðva.
5. Þrengd verði heimild til flutnings aflamarks milli skipa. Ástæða þeirrar breytingar er gagnrýni sjómannasamtakanna á að útgerðarmenn geti framselt allan kvóta tiltekinnar tegundar af skipum sínum og keypt aftur kvóta af sömu tegund að því er virðist í þeim eina tilgangi að lækka laun til sjómanna. Breytingin kemur samt ekki í veg fyrir jöfn skipti þar sem skipt er á aflamarki einnar tegundar gegn aflamarki annarrar á þann hátt sem tíðkast hefur á undanförnum árum. Þá má óhindrað flytja aflamark á milli skipa hjá sömu útgerð enda er ekki litið svo á sem þar sé um eiginleg viðskipti að ræða. Þannig eiga eðlileg viðskipti með aflamark að geta gengið greiðlega fyrir sig eftir sem áður. Þeir aðilar, sem kaupa aflamark einstakra tegunda til þess að auka veiðar á þeim tegundum, eru áfram frjálsir að því og þeir aðilar,

sem vilja selja frá sér aflamark í einstökum tegundum sem þeir hyggjast ekki veiða, eru frjálsir áfram að slíku. Það sem breytist er að nú verða sett takmörk á það að aðilar séu að kaupa eða selja sömu tegundina. Gera má ráð fyrir að þessi breyting muni leiða til aukinna viðskipta með aflahlutdeild í framtíðinni.

6. Lágmarksveiði af samanlögðu aflamarki án þess að missa veiðileyfi og aflahlutdeild verði 50% í stað 25% eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
7. Slakað verði á þeim kröfum sem gerðar eru í 10. gr. frumvarpsins um að til að ráðherra sé heimilt að víkja frá framangreindri 50% reglu þurfi skipi að hafa verið haldið til veiða fyrir utan íslenska fiskveiðilögsögu í samfleytt 12 mánuði eða lengur. Meiri hlutinn leggur til að í staðinn verði 50% hlutfallið lækkað um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan lögsögunnar.
8. Ákvæði um staðfestingargjald til Fiskistofu af flutningi á aflamarki verði fellt út úr frumvarpinu.
9. Felld verði niður bráðabirgðaákvæði frumvarpsins en þau varða sérákvæði varðandi smábáta. Þetta þýðir að krókaleyfisbátum verður ekki heimilt að fara yfir í aflamarkskerfið og enn fremur mun hið nýja fyrirkomulag ekki taka gildi fyrr en 1. september næstkomandi.

Alþingi, 28. apríl 1994.

Vilhjálmur Egilsson, frsm. Gunnlaugur Stefánsson. Árni R. Árnason.

Einar K. Guðfinnsson. Guðmundur Hallvarðsson.

1091. Breytingartillögur [283. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (VE, ÁRÁ, GHall, GunnS, EKG).

1. Við 2. gr.
   a. Fyrstu tvær efnismálsgreinar orðist svo:

      Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, skv. 6. mgr. II. bráðabirgðaákvæðis laganna, skulu frá og með fiskveiðiárinu, er hefst 1. september 1994, sæta veiðitakmörkunum eins og kveðið er á um í 2.–6. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, og til hrognkelsaveiða í net.

      Veiðar skulu bannaðar í desember og janúar sem og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Veiðar skulu enn fremur bannaðar aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstudaga á undan hvorri helgi. Falli banndagar þessir saman við banndaga um páska eða verslunarmannahelgi flytjast þeir fram sem því nemur.

b. 6. efnismgr. orðist svo:

Viðbótarbanndögum skal bætt framan við banndaga á viðkomandi tímabili og skipt eins jafnt niður og unnt er.

2. Við 4. gr. Fyrri málsliður 2. efnismgr. falli brott.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „10%“ komi: 20%.
4. Við 7. gr. Greinin falli brott.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 3. mgr. 12. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Þegar meira en 15% af aflamarki því af einhverri tegund, sem úthlutað var til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu til skipa í eigu annarra útgerða án þess að um jöfn skipti sé að ræða er óheimilt á sama fiskveiðiári að flytja aflamark af sömu tegund til skipsins. Á sama hátt er óheimilt að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins af skipum í eigu annarra útgerða á fiskveiðiárinu án þess að um jöfn skipti sé að ræða. Fiskistofu er þó heimilt að veita undanþágu frá banni við flutningi aflamarks frá skipi ef alvarlegar bilanir verða þess valdandi að veiðiheimildir þess nýtast ekki.

Aldrei er heimilt að flytja aflamark milli skipa leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

6. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

1. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 36/1992, er verður 6. mgr., orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.

7. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 4. mgr. 12. gr. laganna, er verður 6. mgr., kemur nýr málsliður, er verður 3. málsl., og orðast svo: Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu.

8. Við 13. gr.

a. 2. efnismgr. falli brott.

b. Orðin „og 6.“ í lokamálsgreininni falli brott.

9. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda frá og með því fiskveiðiári er hefst 1. september 1994, nema 1., 10. og 12. gr. er koma til framkvæmda við gildistöku laganna.

10. Ákvæði til bráðabirgða I og II falli brott.

1092. Breytingartillaga [470. mál]

við frv. til l. um Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn.

Frá menntamálanefnd.

Við 2. gr. Í stað orðanna „samstarfsnefndar Rannsóknaráðs og Vísindaráðs“ í 1. mgr. komi: Rannsóknarráðs Íslands.

1093. Nefndarálit [537. mál]

um till. til þál. um fullgildingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn.

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um málið á allmörgum fundum. Embættismenn og fulltrúar stofnana og fyrirtækja mættu á fundi nefndarinnar. Þeir veittu mikilvægar upplýsingar, einkum um það hvaða tilskipanir eru þegar í íslenskum lögum og reglugerðum, hverjar má innleiða með reglugerðum með stoð í gildandi lögum og hverjar krefjast breytinga á íslenskum lögum. Um efnisatriði hinna fjölmörgu og viðamiklu tilskipana vannst hins vegar lítill tími til að ræða.

Fyrsti minni hluti telur að ýmsar af umræddum tilskipunum kunni að vera þarfar. Aðrar virðast hins vegar orka mjög tvímælis. Flestar tilskipananna hefur a.m.k. 1. minni hluti ekki haft svigrúm til að skoða eins og nauðsynlegt væri.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, tekur 1. minni hluti ekki afstöðu til málsins og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 28. apríl 1994.

Páll Pétursson, frsm. Steingrímur Hermannsson.

1094. Nefndarálit [551. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Á 116. löggjafarþingi fjallaði nefndin um frumvarp til laga sem fól í sér gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá tóku undirritaðir nefndarmenn þá afstöðu að sitja hjá við afgreiðslu málsins enda þeirrar skoðunar að nær væri að miða slíka viðurkenningu við heiminn allan ef vilji væri til að opna íslenskan vinnumarkað með þessum hætti. Undirritaðir nefndarmenn sáu þá og sjá ekki enn ástæðu til að mismuna fólki eftir því hvort það telst íbúar þeirra Evrópuríkja, sem sameinast hafa um efnahagssvæði, eða annarra ríkja með þeim hætti sem gert er í lögum þessum.

Á síðasta þingi voru lögteknar ákveðnar tilskipanir frá Evrópusambandinu um gagnkvæma viðurkenningu menntunar og prófa og nú bætast tvær tilskipanir við. Þetta dæmi úr menntamálanefnd sýnir hvernig lagasetningu verður háttað meðan EES-samningurinn verður í gildi, tilskipanir streyma frá reglugerðarveldinu í Brussel og Alþingi Íslendinga á ekki annarra kosta völ en að samþykkja þær.

Undirritaðir nefndarmenn telja að allt of skammur tími hafi gefist til að vinna frumvarpið og að full ástæða hefði verið til að kalla á fund nefndarinnar fulltrúa þeirra hópa sem hinar nýju tilskipanir frá Evrópusambandinu ná til, en þeir standa auðvitað frammi fyrir gerðum hlut.

Þá vill minni hlutinn gagnrýna þá hvimleiðu aðferð í lagasetningu að vísa til númera á tilskipunum Evrópubandalagsins í stað þess að tiltaka í lögunum hvað í þeim felst.

Undirritaðir nefndarmenn, sem voru og eru andstæðingar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, geta ekki samþykkt lagasetningu af þessu tagi og munu sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 1994.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. Svavar Gestsson.

1095. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til l. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað mjög ítarlega um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Árni Kolbeinsson, Halldór Árnason, Arndís Steinþórsdóttir og Snorri Rúnar Pálmason frá sjávarútvegsráðuneytinu, Kristján Ragnarsson og Jónas Haraldsson frá LÍÚ, Hólmgeir Jónsson og Óskar Vigfússon frá Sjómannasambandi Íslands, Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Arnar Sigurmundsson og Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Teitur Stefánsson frá Útvegsmannafélagi Akraness, Guðmundur Kristjánsson frá Útvegsmannafélagi Snæfellsness, Einar Oddur Kristjánsson og Ingimar Halldórsson frá Útvegsmannafélagi Vestfjarða, Sverrir Leósson og Valdimar Bragason frá Útvegsmannafélagi Norðurlands, Eiríkur Ólafsson frá Útvegsmannafélagi Austfjarða, Halldóra Jónsdóttir frá Útvegsmannafélagi Hornafjarðar, Hilmar Rósmundsson frá Útvegsmannafélagi Vestmannaeyja, Benedikt Thorarensen frá Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar, Halldór Ibsen frá Útvegsmannafélagi Suðurnesja, Guðrún Lárusdóttir frá Útvegsmannafélagi Hafnarfjarðar, Sigurbjörn Svavarsson frá Útvegsmannafélagi Reykjavíkur, Eyjólfur Torfi Geirsson frá Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Gunnar Jóhannsson frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Björn Sigurbjörnsson, Björn Valdimarsson, Bjarni Þór Einarsson og Magnús B. Jónsson frá Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Einar Njálsson frá Eyþingi — Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Björn Hafþór Guðmundsson frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Bjarni Jónsson og Hjörtur Þórarinsson frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Bjarni Andrésson og Kristján Pálsson frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Gylfi Arnbjörnsson frá ASÍ, Björn Grétar Sveinsson og Jón Karlsson frá VMSÍ, Árni Gíslason, Hrólfur Gunnarsson og Óskar Þ. Karlsson frá Félagi um nýja sjávarútvegsstefnu, Þórður Ásgeirsson frá Fiskistofu, Jakob Jakobsson frá Hafrannsóknastofnun, Ásgeir Daníelsson frá Þjóðhagsstofnun, frá einstökum atvinnurekendum í sjávarútvegi þeir Halldór Árnason, Óskar Þórhallsson, Sighvatur Bjarnason og Svan-

ur Guðmundsson, frá Samtökum fiskvinnslustöðva án útgerðar Jón Ásbjörnsson, Óskar Þ. Karlsson, Kristján Guðmundsson og Gísli Erlingsson, Grétar Friðriksson frá Fiskmarkaði Hafnarfjarðar, Ólafur Þór Jóhannsson frá Fiskmarkaði Suðurnesja, frá Fiskifélagi Íslands þeir Bjarni Kr. Grímsson, Jónas Haraldsson og Örn Pálsson sem ásamt Arthuri Bogasyni mætti einnig fyrir hönd Landssambands smábátaeigenda og loks Árni Benediktsson sem mætti bæði fyrir hönd Íslenskra sjávarafurða hf. og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Gestir skiluðu einnig langflestir skriflegum greinargerðum um málið til nefndarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær kveða á um að:

1. Stuðningur við þátttöku íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í sjávarútvegsverkefnum erlendis verði bundinn við ábyrgðir eða lán, sbr. breytingu á 11. gr. frumvarpsins.
2. Fellt verði niður það ákvæði 3. gr. frumvarpsins þar sem m.a. er kveðið á um að ríkissjóður skuli veita sjóðnum lán á árinu 1993 þar sem frumvarpið kom mun seinna fram en ráðgert var.
3. Öll skip sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og búa við aflamarkskerfi greiði til sjóðsins og eigi því rétt á úreldingarstyrkjum. Með þessu er gert ráð fyrir að frumvarpið nái einnig til minni báta á aflamarki. Nauðsynlegt er að veita ráðherra heimild til setningar reglugerðar um innheimtu gjaldsins gagnvart minni bátunum. Breytingin um að skipin þurfi að hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni er lögð til með hliðsjón af því að uppi hafa verið áform um að breyta lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, þannig að leyfð verði alþjóðleg skráning, B skráning, fiskiskipa sem úrelt hafa verið úr íslenska fiskiskipaflotanum eða keypt eru erlendis frá án þess að hafa veiðileyfi í íslenskri lögsögu. Með breytingunni er verið að koma í veg fyrir að slíkum skipum verði gert að greiða í sjóðinn og eignist þannig rétt til greiðslu úr honum. Það eru því aðeins þeir sem fá úthlutað aflaheimildum sem er gert að greiða til sjóðsins og geta þegið þaðan styrki.
4. Til að hljóta styrk til úreldingar skips þurfi gjald vegna viðkomandi skips að hafa verið greitt í a.m.k. þrjú ár. Þar sem reglum um skráningu skipa hefur enn ekki verið breytt, þótt fjöldi útgerðarmanna sem kaupa inn ódýr erlend skip sem ætluð eru til veiða utan lögsögunnar aukist stöðugt, þykir nauðsynlegt að hafa þennan fyrirvara svo að menn geti ekki gert sér leik að því að kaupa inn ódýr erlend skip í þeim megintilgangi að fá út á þau úreldingarstyrk skömmu síðar. Það þarf því að fara saman að skip hafi veiðileyfi, sbr. 3. tölul. hér að framan, og að gjald vegna þeirra hafi verið greitt í a.m.k. þrjú ár. Þó er í sérstöku bráðabirgðaákvæði gert ráð fyrir ákveðinni undantekningu frá þessu.
5. Fellt verði brott skylduákvæði frumvarpsins um að stjórn sjóðsins þurfi að þinglýsa þeirri kvöð á fasteignir í eigu fiskvinnslustöðva sem sjóðurinn kaupir að þær verði ekki framar nýttar til fiskvinnslustarfsemi. Ákvæði frumvarpsins er óþarflega strangt og þykir meiri hlutanum ekki rétt að útiloka á þennan máta möguleika á að nýta slíkar fasteignir til fiskvinnslu síðar ef aðstæður og vinnslumöguleikar breytast.
6. Þróunarsjóðnum verði gert að stuðla að nýsköpun í sjávarútvegi, m.a. í tengslum við vöruþróun og markaðssetningu íslenskra sjávarafurða. Íslendingar hafa löngum haft nokkra sérstöðu meðal þjóða í fisksölumálum vegna viðurkenndra gæða sjávarafurða sinna og hafa því oftar en ekki getað fengið hámarksverð fyrir þær. Vegna minnkandi afla í heimshöfunum á síðustu árum hafa aðrar þjóðir farið að leggja stóraukna áherslu á gæði afurða sinna í tengslum við veiðar og vinnslu svo að forskot

okkar í þessum málum hefur minnkað. Við verðum því enn að herða okkur í samkeppninni og þykir meiri hlutanum eðlilegt að Þróunarsjóðurinn taki þátt í því, enda meginhlutverk hans skv. 1. gr. að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Með orðunum „annarri nýsköpun í sjávarútvegi“ er fyrst og fremst átt við sókn og nýtingu á fleiri tegundum en hingað til. Aukin nýting á skelfiski, svo sem kúfiski og ígulkerum, eru athyglisverð dæmi um það. Það skal tekið fram að nýsköpun sú, sem hér hefur verið rætt um, er ekki bundin við viðskipti við útlönd heldur getur allt eins tengst innanlandsmarkaði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Þróunarsjóðnum sé heimilt að stuðla að þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Meiri hlutinn leggur til að aðstoð vegna slíkra verkefna verði bundin við lánveitingar eða ábyrgðir en nái ekki til beinna styrkja eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

7. Sjóðnum verði ekki heimilt að taka lán, í skilningi 15. gr., með sölu viðskiptabréfa á almennum markaði. Þessi breyting er nauðsynleg svo að sjóðurinn geti ekki skilgreint sig sem lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 2. gr. þeirra laga.
8. Upphafsmörk gjaldtöku, skv. 23. gr., verði færð aftur um eitt ár vegna þess hversu seint frumvarpið kom fram.
9. Fjármálaráðherra verði veitt sérstök lántökuheimild í frumvarpinu til handa sjóðnum. Upphaflega var ætlunin að gera ráð fyrir þessari heimild í lánsfjárlögum fyrir árið 1994 en þar sem þau hafa þegar verið afgreidd sem lög frá Alþingi er lagt til að slík heimild verði felld inn í sjálft frumvarpið.

Alþingi, 28. apríl 1994.

Vilhjálmur Egilsson, frsm. Gunnlaugur Stefánsson. Árni R. Árnason.

Guðmundur Hallvarðsson. Einar K. Guðfinnsson.

1096. Breytingartillögur [282. mál]

við frv. til l. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (VE, ÁRÁ, GHall, GunnS, EKG).

1. Við 1. gr. Lokamálsliður greinarinnar orðist svo: Þá er sjóðnum heimilt að veita ábyrgðir og lán til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis.
2. Við 3. gr. Næstsíðasti málsliður orðist svo: Þá skal ríkissjóður leggja sjóðnum til að láni jafnvirði 4.000 millj. kr. á árunum 1994 og 1995.
3. Við 4. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Eigendur fiskiskipa, sem skráð eru á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins 1. janúar ár hvert og leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, skulu árlega greiða gjald til Þróunarsjóðs. Undanþegnir gjaldinu eru bátar minni en 6 brúttórúmlestir sem stunda veiðar með línu og handfærum við dagatakmarkanir.

b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ráðherra ákveður í reglugerð hvernig innheimtu gjalds skv. 1. mgr. skuli háttað hjá þeim aðilum sem ekki falla undir 5. og 7. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

4. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „75 millj. kr.“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: 90 millj. kr.
   b. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Sjóðurinn veitir eingöngu styrki til úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru eða hafa verið skv. 1. mgr. 4. gr. enda hafi gjald vegna viðkomandi skips samkvæmt lögum þessum eða lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins verið greitt í a.m.k. þrjú ár.
5. Við 10. gr. Síðari málsliður 2. mgr. falli brott.
6. Við 11. gr.
   a. Fyrri málsgreinin orðist svo:
      Þróunarsjóður skal stuðla að vöruþróun, markaðssetningu íslenskra sjávarafurða og annarri nýsköpun í sjávarútvegi sem og þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Í því skyni er sjóðnum heimilt að veita lán og ábyrgðir.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Þátttaka í þróunarverkefnum.*
7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, þó ekki með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, í því skyni að jafna misræmi milli innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn á að standa skil á.
8. Við 23. gr. Síðustu tveir málsliðirnir orðist svo: Ákvæði 4. gr. um gjald á fiskiskip koma til framkvæmda frá og með árinu 1995. Ákvæði 5. gr. um gjald á fiskvinnslustöðvar koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1995 á gjaldstofn ársins 1994.
9. Við bætist tvö ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   a. (I.)
      Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árinu 1994 að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 2.720 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna.
   b. (II.)
      Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. um þriggja ára greiðsluskyldu á ekki við um þau skip sem skráð voru á skipaskrá fyrir 1. janúar 1994.

1097. Lög [531. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 830.

1098. Lög [579. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1074.

1099. Lög [532. mál]

um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1078.

1100. Lög [398. mál]

um sölu notaðra ökutækja.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1079.

1101. Frumvarp til laga [568. mál]

um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu.

(Eftir 2. umr., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 881 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að handtaka þann sem óskast framseldur og setja í gæsluvarðhald eða beita hann öðrum þvingunaraðgerðum samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Gæsluvarðhaldi eða beitingu annarra þvingunaraðgerða skal markaður ákveðinn tími sem má ekki vara lengur en þar til endanleg ákvörðun er tekin um að hafna beiðni um framsal eða ákvörðun um framsal er framkvæmd.

Sá sem úrskurðaður er í gæsluvarðhald vegna beiðni um framsal getur þegar 30 dagar eru liðnar frá úrskurði krafist úrskurðar um hvort hann skuli sitja áfram í gæsluvarðhaldi.

1102. Frumvarp til laga [577. mál]

um brunatryggingar.

(Eftir 2. umr., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 896 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Vátryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu. Dómkvaddir matsmenn eða Fasteignamat ríkisins annast virðingu skylduvátryggðra húsa. Þegar dómkvaddir matsmenn sjá um virðingu skulu þeir skila Fasteignamati ríkisins upplýsingum um matið innan 15 daga frá því að mati lauk.

Virðing skal gerð samkvæmt matseiningakerfi Fasteignamats ríkisins. Markmið virðingar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti (brunabótamat) húseignar á þeim tíma er virðing fór fram. Ef annar hvor aðili vill ekki una niðurstöðu virðingar getur hann óskað yfirmats.

Breyta skal vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar.

1103. Frumvarp til laga [450. mál]

um vátryggingastarfsemi.

(Eftir 2. umr., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 663 með þessum breytingum:

27. gr. hljóðar svo:

Vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga eða vátryggingagrein eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi til Vátryggingaeftirlitsins fyrir hinni nýju starfsemi og senda gögn eins og við á skv. 20.–24. gr. og nauðsynleg eru til að það geti metið umsóknina.

Uppfylli félagið skilyrði um gjaldþol og lágmarksfjárhæðir að teknu tilliti til hinnar nýju starfsemi og sé að öðru leyti fallist á umsóknina veitir Vátryggingaeftirlitið leyfi fyrir nýju starfseminni.

Breytingar á samþykktum vátryggingafélags ber að senda Vátryggingaeftirlitinu innan viku frá samþykkt þeirra. Geri Vátryggingaeftirlitið ekki athugasemd við þær breytingar ber félaginu innan tveggja mánaða að senda eftirlitinu dagsett eintak af samþykktunum í heild með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið.

56. gr. hljóðar svo:

Áður en gengið er frá vátryggingasamningi, og einstaklingur á í hlut, skal vátryggingafélag eða sá sem gerir samninginn fyrir hönd þess gefa vátryggingataka ítarlegar upplýsingar um efni þeirrar löggjafar sem samningsaðilar hyggjast semja um að gildi um samninginn. Einnig skal upplýsa um hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála vegna vátryggingasamninga við vátryggingafélög án þess að skerða rétt hlutaðeigandi til að skjóta málum til dómstóla.

Val á löggjöf um vátryggingasamning ásamt staðfestingu á að vátryggingataki hafi fengið ítarlegar upplýsingar um efni þeirrar löggjafar skal koma fram í samningnum sjálfum eða í fylgigögnum með honum.

60. gr. hljóðar svo:

Áður en vátryggingasamningur er gerður í greinaflokkum líftrygginga og öðrum sem leyfi er veitt fyrir skv. 23. gr. og á samningstímanum skal, þegar skuldbinding komst á hér á landi, sbr. 8. gr., vátryggingataki upplýstur skriflega á íslensku um eftirfarandi atriði:

1. Heiti líftryggingafélagsins og félagsform.
2. Heimilisfang aðalstöðva líftryggingafélagsins og, þegar við á, þess útibús sem samningurinn er gerður við.
3. Allar tegundir bóta sem í samningnum felast og um rétt til breytinga á þeim á samningstímanum.
4. Gildistíma líftryggingarinnar.
5. Hvernig samningnum verði sagt upp.
6. Hvernig iðgjöld skuli greidd, hve lengi og hvernig þeim verði breytt á samningstímanum.
7. Hvernig ágóðahluti er reiknaður og hvernig og hvenær hann verði greiddur.
8. Reglur um endurkaup og frítryggingu og að hvaða marki ábyrgst er að réttur til þess sé fyrir hendi.
9. Sundurliðun iðgjalda á hverja grein líftrygginga (bótategunda) og vegna aukagreina þegar þær eru innifaldar.
10. Um líftryggingar tengdar fjárfestingum: Skilgreiningu á þeim hlutaeiningum sem tengdar eru bótum.
11. Um líftryggingar tengdar fjárfestingum: Hvers eðlis þær eignir eru sem að baki hlutaeiningum eru.
12. Hvernig háttað er rétti vátryggingataka til að hætta við að taka líftrygginguna.
13. Almennar upplýsingar um skatta sem ber að greiða vegna líftryggingarinnar.

Auk líftryggingaskilmála, bæði almennra skilmála og sérskilmála, sem látnir skulu í té, skal vátryggingataki á samningstíma líftryggingar upplýstur skriflega um eftirfarandi:

1. Sérhverjar breytingar varðandi atriði er snerta 1.–2. tölul. 1. mgr.
2. Sérhverjar breytingar varðandi vátryggingaskilmála eða breytingar á lögum er snerta 3.–11. tölul. 1. mgr.
3. Um stöðu inneignar vegna ágóðahluta árlega.

Heimilt er að veita upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. á öðru tungumáli en segir í 1. mgr. að fenginni skriflegri beiðni líftryggingataka eða þegar líftryggingataki getur valið um þá löggjöf sem gildir um samninginn.

Hafi samningur um líftryggingu til a.m.k. sex mánaða komist á og sé um einstaklingslíftryggingu að ræða skal félagið tilkynna vátryggingataka skriflega um gildistöku samningsins. Vátryggingataki skal hafa 30 daga frest til að segja vátryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynningin. Skrifleg uppsögn leysir aðila undan öllum skyldum sem síðar hefði leitt af samningnum. Réttaráhrif og skilyrði uppsagnar fara að öðru leyti eftir þeim lögum sem um samninginn gilda.

Almenningi skal heimill aðgangur að upplýsingum um þann grundvöll sem útreikningur líftryggingaskuldar og ágóðahlutar er reistur á.

62. gr. hljóðar svo:

Lög þess ríkis þar sem skuldbindingin komst á gilda um vátryggingasamning um líftryggingu. Vátryggingafélag eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd og vátryggingataki geta þó samið um að löggjöf heimaríkis vátryggingafélagsins gildi um skuldbindinguna, enda heimili löggjöf þess ríkis slíka samninga, sbr. þó 3. og 4. mgr. 61. gr.

Þegar vátryggingataki líftryggingar er einstaklingur og ekki ríkisborgari þess ríkis þar sem hann hefur að jafnaði aðsetur geta aðilar valið lög þess ríkis þar sem ríkisborgararétturinn er.

Þegar vátryggingataki líftryggingar er lögaðili og skuldbindingin komst á hér á landi en hinn líftryggði hefur að jafnaði aðsetur í öðru ríki eða er ríkisborgari þess ríkis geta aðilar einnig valið löggjöf þess ríkis.

Þegar skuldbindingin komst á annars staðar en á Íslandi og lög þess ríkis leyfa víðtækari samningsrétt en skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar valið löggjöf að svo miklu leyti sem löggjöf þess ríkis leyfir.

63. gr. hljóðar svo:

Í öðrum frumtryggingum en líftryggingum gildir um vátryggingasamninginn löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingaáhættan er þegar það er einnig ríkið þar sem vátryggingatakinn hefur að jafnaði aðsetur. Vátryggingafélag eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd og vátryggingataki geta þó samið um að löggjöf heimaríkis vátryggingafélagsins gildi um skuldbindinguna, enda heimili löggjöf þess ríkis slíka samninga, sbr. þó 3. og 4. mgr. 61. gr.

Þegar vátryggingaáhættan er annars staðar en þar sem vátryggingataki hefur að jafnaði aðsetur geta aðilar valið hvort sem er um vátryggingasamninginn, löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingaáhættan er eða löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingatakinn hefur aðsetur að jafnaði.

Þegar vátryggingataki hefur með höndum atvinnustarfsemi og vátryggingaáhættan vegna hennar er í fleiri en einu ríki og vátryggingasamningurinn nær til fleiri en einnar tegundar áhættu geta aðilar valið um löggjöf þessara ríkja eða löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingatakinn hefur aðsetur að jafnaði.

Þegar vátryggingaáhættan er annars staðar en á Íslandi og lög þess ríkis leyfa víðtækari samningsrétt en skv. 2. og 3. mgr. geta aðilar valið löggjöf að svo miklu leyti sem löggjöf þess ríkis leyfir.

Þegar áhættan, sem samningurinn tekur til, takmarkast við tjónsatburði sem eiga sér stað í öðru ríki en því þar sem vátryggingaáhættan er geta aðilar ávallt valið löggjöf þess ríkis þar sem tjónsatburðirnir eiga sér stað.

Þegar áhætta í vátryggingum er stóráhætta, sbr. 8. gr., geta aðilar ávallt valið þá löggjöf sem beita skal um vátryggingasamninginn, sbr. þó 3. og 4. mgr. 61. gr.

Hafi aðilar samnings um aðra vátryggingu en líftryggingu ekki samið um val á löggjöf svo að gilt sé og val á löggjöf leiðir ekki af ákvæðum þessara laga gilda réttarreglur þess ríkis sem best telst eiga við um samninginn samkvæmt þessari grein. Þegar ekkert annað er tekið fram skal lagt til grundvallar að ríkið, þar sem vátryggingaáhættan er, eigi best við um samninginn.

Þegar valið hefur verið skv. 7. mgr. en annað ríki meðal þeirra sem til greina geta komið telst eiga betur við um hluta samningsins má velja löggjöf þess ríkis um þann hluta samningsins þegar sérstakar ástæður mæla með því.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ákvæði laga um vátryggingarstarfsemi, nr. 50/1978, og reglugerða settra samkvæmt þeim skulu gilda eftir því sem við getur átt um reikningsskil og ársuppgjör vátryggingafélaga fyrir reikningsárið 1994.

Tiltekin starfandi vátryggingafélög hafa aðlögunartíma til ársloka 1994 samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði til að uppfylla skilyrði laga þessara um gjaldþol og lágmarksgjaldþol og mega ekki starfa annars staðar á Evrópsku efnahagssvæði en á Íslandi fyrr en skilyrðin hafa verið uppfyllt.

Vátryggingafélög, sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi við gildistöku þessara laga, skulu, eins fljótt og unnt er eftir gildistökuna og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir gildistöku, senda Vátryggingaeftirlitinu skrá yfir greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar í samræmi við 22. og 23. gr., eftir því sem við á, í samræmi við þá starfsemi sem rekin er. Þau skulu einnig fyrir þann tíma senda Vátryggingaeftirlitinu útreikning gjaldþols og lágmarksgjaldþols samkvæmt reglum 29.–31. gr., svo og skrá yfir þá sem eiga virkan eignarhlut í félagi og hve mikinn.

Heimilt er gagnvart þeim aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki hafa lögfest tilskipanir 92/49/EBE og 92/96/EBE að beita ákvæðum gerða 73/239/EBE, 88/357/EBE, 79/267/EBE og 90/619/EBE, ásamt síðari breytingum, um starfsleyfi og eftirlit með vátryggingastarfsemi.

1104. Lög [470. mál]

um Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1071 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn bókasafnsins til fjögurra ára í senn svo sem hér segir: Tvo að tilnefningu háskólaráðs, einn að tilnefningu Rannsóknarráðs Íslands, einn að tilnefningu Bókavarðafélags Íslands og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar einn stjórnarmanna formann og annan varaformann.

Stjórnin markar bókasafninu stefnu, hefur umsjón með gerð starfs- og fjárhagsáætlana safnsins og eftirlit með starfsemi þess.

Forstöðumaður bókasafnsins, landsbókavörður, situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt, svo og einn fulltrúi starfsmanna bókasafnsins.

Menntamálaráðherra ákveður stjórnarmönnum þóknun.

1105. Lög [608. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 999.

1106. Lög [561. mál]

um vöruflutninga á landi.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 874.

1107. Lög [568. mál]

um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1101 (sbr. 881).

1108. Lög [577. mál]

um brunatryggingar.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1102 (sbr. 896).

1109. Lög [578. mál]

um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 897.

1110. Lög [450. mál]

um vátryggingastarfsemi.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1103 (sbr. 663).

1111. Breytingartillögur [260. mál]

við frv. til l. um afnám laga nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsráðherra.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna skal ekki inna af hendi greiðslur til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins vegna útflutnings frá gildistöku laga þessara. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laganna skal ekki inna af hendi greiðslur af verðjöfnunarreikningum sjóðsins vegna útflutnings frá sama tíma. Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð ákveðið að inn- og útgreiðslur hefjist að nýju þegar leyfilegur árlegur heildarafli af þorski fer yfir 250.000 lestir.
2. Við fyrirsögn frumvarpsins. Í stað orðanna „um afnám laga“ komi orðin: um viðauka við lög.

1112. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Þegar núgildandi lög um stjórn fiskveiða voru afgreidd frá Alþingi vorið 1990 náðist um það samkomulag að á næstu tveimur árum skyldi fara fram endurskoðun lagaákvæða um stjórn fiskveiða. Var frá þessu gengið í sérstöku ákvæði til bráðabirgða sem

einnig fól í sér lýsingu á tilhögun þessarar endurskoðunar. Var þar tekið fram að hafa skyldi náið samráð við helstu hagsmunaaðila og sjávarútvegsnefnd. Þarna var fylgt þeirri hefð sem skapast hafði á undangengnum árum að fulltrúar allra stjórnmálaflokka kæmu jafnan að vinnu af þessu tagi.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum vorið 1991 tók hún að sjálfsögðu við þeim skyldum sem framangreint lagaákvæði lagði stjórnvöldum á herðar og bar því að hafa forustu fyrir endurskoðun laganna sem ákveðin hafði verið vorið 1990.

Skemmst er frá því að segja að þessu verkefni hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og sjávarútvegsráðherra Þorsteinn Pálsson fyrir hennar hönd klúðrað með öllu. Ríkisstjórnin valdi það ógæfulega verklag strax í byrjun að loka málið af í þröngum hópi stjórnarliða og til varð hin fræga tvíhöfðanefnd, skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna eingöngu. Ofan í kaupið komu stjórnarflokkarnir sér ekki saman um eðlilega forustu fyrir nefndinni og sjávarútvegsráðherra, sem eðli málsins samkvæmt hefði átt að bera ábyrgð á endurskoðunarstarfinu, og því sjálfgefið að hann skipaði formann, gaf það eftir. Stjórnarflokkarnir tilnefndu hvor sinn manninn og til varð hinn frægi bastarður tvíhöfðanefnd. Fljótlega kom á daginn að það stóð ekki til að vinna málið í samræmi við ákvæði laganna og allt samráð við stjórnarandstöðuna sem slíka var hunsað og einnig að mestu leyti við sjávarútvegsnefnd fyrir utan þau skipti þegar sjávarútvegsnefnd sjálf hafði frumkvæðið að því að kalla fyrir sig forustumenn tvíhöfðanefndar eða krefjast upplýsinga um hvar nefndarstarfið væri á vegi statt. Ekki bætti það úr skák að þegar kom fram á árið 1993 drógu sjómenn sig út úr þessu starfi þar sem að þeirra mati voru engin sjáanleg merki um að taka ætti mark á þeirra sjónarmiðum. Afleiðingarnar urðu svo þær sem allir þekkja. Frá upphafi stóð mikill styrr um niðurstöðu tvíhöfðanefndar og þær tillögur sem hún gerði um framtíðarfyrirkomulag á stjórn fiskveiða. Bullandi óánægja og ágreiningur varð fylgifiskur tillagna tvíhöfðanefndar strax frá byrjun eins og miklir hitafundir nefndarinnar í kjördæmunum gáfu strax tóninn um.

Deilur, sem tengdust viðskiptum með veiðiheimildir, svonefnt kvótabrask, fóru harðnandi eftir því sem leið á árið 1993 og leiddu að lokum til þess að sjómenn skáru upp herör gegn ástandinu og boðuðu til verkfalls. Óþarfi er að rekja þá sögu í einstökum atriðum því að hún er mönnum í fersku minni og lyktir þess kafla urðu með setningu bráðabirgðalaga fáeinum dögum áður en Alþingi átti að hefja störf á nýjan leik í janúarmánuði. Með því var deilunni í rauninni slegið á frest um hálfs árs skeið. Loforð ríkisstjórnarinnar um að leggja fram frumvörp sem tækju á kvótaviðskiptunum og kæmu þeim í farveg gufuðu upp og urðu að engu.

Síðan hefur tíminn liðið og komið er fram í miðjan apríl þegar skyndilega berast af því fréttir að stjórnarflokkarnir hafi sín í milli og innbyrðis í sínum þingflokkum með miklum hrossakaupum náð saman um tillögur til breytinga á þeim frumvörpum sem fyrir þinginu lágu og er sú atburðarás öll með ólíkindum. Eftir langan og strangan þingflokksfund hjá Sjálfstæðisflokknum, sem ætla verður að hafi helst líkst einhvers konar uppboðsmarkaði, slík virðast hrossakaupin hafa verið, kom sjávarútvegsráðherra vígreifur fram í fjölmiðlum um miðnætti og lýsti því yfir að nú væru þau tímamót orðin að ríkisstjórnin hefði meiri hluta fyrir málum sínum á þingi. Meiri hluti stjórnarflokkanna væri nú tryggður á bak við stjórnarfrumvörp um sjávarútvegsmál. Á daginn kom að stuðningur við málið hafði verið keyptur með alls konar óskyldum þáttum sem til sjávarútvegsmálanna heyra, svo sem að auka rækjukvótann um 7 þús. tonn, breyta reglum um togveiðihólf og öðru því um líku. Virðist þetta hafa verið einhvers konar meðlagsgjöf til þeirra stjórnarþingmanna sem erfiðast áttu með að lofa stuðningi við stjórnarfrumvörp um

sjávarútvegsmál og breytingar á þeim sem nú hafa verið boðaðar. Síðan hefur komið á daginn að stjórnarflokkarnir treysta sér ekki til að taka mark á gagnrýni eða breytingartillögum sem fram hafa komið af ótta við að samkomulagið springi í loft upp.

Það er óhjákvæmilegt að gagnrýna það harðlega að það endurskoðunarstarf, sem sett var á stað við afgreiðslu laganna vorið 1990 og staðið hefur allan þennan tíma og átti reyndar að ljúka í árslok 1992, skuli eftir allan þann tíma enda með því að lagðar eru til verulegar breytingar sem fram koma á síðustu stundu þannig að sáralítill tími gefst til að vega þær og meta við afgreiðslu málsins. Auðvitað er ljóst að hér er á engan hátt að málum staðið með þeim hætti sem vera skyldi. Það er enn fremur ljóst að því fer víðs fjarri að hér sé á ferðinni sú heildstæða stefnumótun og mótun nýrrar og heildstæðrar sjávarútvegsstefnu sem taki bæði til veiða og vinnslu sem talað hefur verið um og rætt er um í málefnasamningi ríkisstjórnar. Hér er ekkert slíkt á ferðinni heldur eingöngu plástrar á kerfið og lagfæringar til að reyna að lægja óánægjuöldur hnýttar saman með hrossakaupum stjórnarflokkanna.

Fyrsti minni hluti lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni á þessum vinnubrögðum. Umsagnir, sem nefndinni hafa borist um frumvarpið, tala sínu máli um það hve vandasöm mál eru hér á ferð. Jafnframt eru birtar athugasemdir og umsagnir þeirra aðila sem nefndin náði að tala við frá því breytingartillögur ríkisstjórnarflokkanna litu dagsins ljós, en allt of skammur tími gafst til að fara yfir þær og draga fram í dagsljósið þau áhrif sem afgreiðsla þeirra kann að hafa á starfsumhverfi sjávarútvegsins.

Fulltrúar 1. minni hluta munu flytja breytingartillögu við frumvarpið þar sem tekið er á nokkrum meginatriðum. Tekið skal fram að þar er eingöngu um nokkur grundvallaratriði að ræða þótt þörf væri á að skoða lagfæringar og breytingar á fjölmörgum fleiri sviðum. Ljóst er að engar forsendur hafa skapast til þess að Alþingi sjálft og sjávarútvegsnefnd þingsins leggi vinnu í að reyna að ná samstöðu um að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu. Eins og stjórnarflokkarnir hafa staðið að þessum málum er Alþingi og sjávarútvegsnefnd í reynd stillt upp við vegg gagnvart þeim hrossakaupum málamiðlana sem stjórnarflokkarnir hafa ástundað sín í milli og verður enn að átelja það. Því er hér valin sú leið að undirstrika nokkrar grundvallaráherslur Alþýðubandalagsins í breytingartillögum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

1. Lagt er til að 3. málsl. 1. gr. laganna verði breytt. Tryggja verður að arðurinn af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar renni til íbúa byggðanna og landsmanna allra en ekki til fáeinna útgerðaraðila. Stöðva verður þá eignamyndun á óveiddum fiski sem þegar á sér stað í núgildandi kerfi þrátt fyrir sameignarákvæði laganna um stjórn fiskveiða. Það að bæta orðunum „ígildi eignarréttar“ inn 3. málsl. 1. gr. er stefnumarkandi fyrir lagasetninguna sjálfa, setur öllum framsalsmöguleikum veiðiheimilda þrengri ramma og vísar afgerandi veginn við túlkun laganna.
2. Lagt er til að ný málsgrein bætist við 3. gr. laganna. Þetta ákvæði á að tryggja að leyfður hámarksafli náist og draga úr einkaréttar- og eignaréttaráhrifunum sem aflamarksúthlutunin veldur. Ákvæðið er nánast forsenda þess að hægt sé að takmarka leigu veiðiheimilda innan ársins. Til að örugglega sé hægt að halda veiðunum innan þess ramma sem ákvörðun um hámarksafla setur er ráðherra veitt heimild til að afturkalla ákvörðun um „frjálsar veiðar“ ef útlit verður fyrir að flotinn fari fram úr settu marki.

3. Lagt er til að við lögin bætist þrjú ný ákvæði til bráðabirgða. Ákvæði þessi skýra sig sjálf. Hér er valin sú leið að setja efni þeirra fram sem ákvæði til bráðabirgða þar sem þeim er annars vegar ætlað að hafa tímabundin áhrif (ákvæði I og II) eða taka á aðkallandi vandamáli með tilteknum hætti án þess að því sé slegið föstu að slíkt fyrirkomulag skuli gilda um ókomin ár (ákvæði III).

Alþýðubandalagsmenn munu við afgreiðslu frumvarpsins og breytingartillagna meiri hlutans taka efnislega afstöðu til einstakra þátta málsins og styðja þær breytingartillögur sem þrátt fyrir allt horfa til réttrar áttar en eftir atvikum greiða atkvæði gegn eða sitja hjá við aðrar. Að lokum skal undirstrikað að lýsa verður fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni fyrir þau ótrúlegu handarbakavinnubrögð og klúður sem ástunduð hafa verið í öllum málefnum sjávarútvegsins. Það er dapurlegt til þess að vita að þessi undirstöðugrein í íslensku atvinnulífi og íslenskri gjaldeyrissköpun skuli þurfa að sæta slíkri meðferð á sínum málum af hálfu ríkisstjórnar landsins.

Alþingi, 28. apríl 1994.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Jóhann Ársælsson.

Nefndarálitinu fylgdu þrettán fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 19. apríl 1994, á fskj. II umsögn Sjómannasambands Íslands frá 20. apríl 1994, á fskj. III umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um drög að breytingartillögum við frumvarpið, ásamt ályktun samninganefndar fiskimanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 12. apríl 1994, á fskj. IV umsögn Vélstjórafélags Íslands frá 20. apríl 1994, á fskj. V umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva frá 10. febrúar 1994, ásamt fréttatilkynningu frá Samtökunum frá 19. apríl 1994, á fskj. VI greinargerð Atvinnumanna, samstarfshóps um hagkvæma stjórn fiskveiða, örugga atvinnu og aukna verðmætasköpun til sjós og lands frá 25. apríl 1994, ásamt ábendingum vegna fyrirhugaðrar afgreiðslu frumvarpa um sjávarútvegmál frá Fiskiðjunni Skagfirðingi hf. og bréfi framkvæmdastjóra Borgeyjar hf. á Höfn, á fskj. VII tillögur Landssambands smábátaeigenda frá 25. apríl 1994, ásamt bréfi frá Landssambandinu til Jóhanns Ársælssonar, á fskj. VIII umsögn Eldingar, svæðisfélags smábátaeigenda á Vestfjörðum frá 16. mars 1994, á fskj. IX samþykkt Smábátafélags Hornafjarðar frá 5. janúar 1993, á fskj. X umsögn Verkamannasambands Íslands frá 25. apríl 1994, á fskj. XI ályktun Verkalýðsfélagsins Fram, Sauðárkróki, um kvótamál frá 27. apríl 1994, á fskj. XII kafli úr ályktun 11. landsfundar Alþýðubandalagsins og ályktun miðstjórnar Alþýðubandalagsins, ásamt upplýsingum frá starfsmanni LÍÚ um afla á viðmiðunarárunum og aflamark frá 1984 til 1993/94 og afla og aflamark í slægðum tonnum (nema karfi er óslægður) og á fskj. XIII ályktun Alþýðusambands Vestfjarða frá 25. apríl 1994.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

1113. Breytingartillögur [283. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar (SJS, JÁ).

1. Við bætist ný grein, 1. gr., er orðist svo:
   3. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt, ígildi eignarréttar eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.
2. Við bætist ný grein, 2. gr., er orðist svo:
   Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Nú metur Fiskistofa það svo að áliðnu fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð að ekki takist að veiða þann heildarafla tiltekinnar tegundar eða tegunda sem sjávarútvegsráðherra hefur ákvarðað skv. 1. mgr. þessarar greinar þá skal ráðherra afnema aflamark þeirrar tegundar eða tegunda og gefa veiðar frjálsar á þeim tiltekið tímabil innan fiskveiðiársins eða til loka þess. Um slíkar ákvarðanir skal sjávarútvegsráðherra hafa samráð við Hafrannsóknastofnun og þess gætt að afkomu viðkomandi stofna sé ekki stefnt í hættu. Ráðherra skal heimilt að afturkalla ákvörðun sína ef að mati Hafrannsóknastofnunar er útlit fyrir að veiðar verði meiri en að var stefnt með úthlutun aflamarks.
3. Í stað bráðabirgðaákvæðis I–II komi þrjú ný bráðabirgðaákvæði er orðist svo:
   a. (I.)
      Bátum minni en 6 brl., sem hafa leyfi til veiða með aflamarki, skal gefast kostur á að velja um að stunda veiðar með línu og handfærum.
      Skulu þeir sem þann kost velja sækja um slíkt leyfi til sjávarútvegsráðuneytisins fyrir 1. ágúst 1994. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að aflahlutdeild viðkomandi báts sé ekki minni en hún var á árinu 1990.
      Aflahlutdeild þeirra báta, sem þannig bætast við í hóp þeirra báta sem stunda veiðar með línu og handfærum, skal bætast við hinn sameiginlega heildarafla hópsins.
   b. (II.)
      Engum nýjum eða nýkeyptum skipum má veita leyfi til fullvinnslu sjávarafla innan íslenskrar efnahagslögsögu, sbr. lög nr. 54/1992, frá gildistöku laga þessara og til sama tíma að ári liðnu nema þinglýstir samningar um kaup eða smíði hafi legið fyrir við gildistöku þessara laga.
   c. (III.)
      Ráðherra skal með útgáfu reglugerðar heimila löndun á fiski utan kvóta og ákveða verð sem fyrir hann skal greiða.
      Skal við það miðað að útgerðir geti ekki hagnast á að gera sérstaklega út á slíkar veiðar en skaðist þó ekki á því að koma með aflann að landi.
      Fiskur, sem landað er samkvæmt þessari heimild, skal seldur hæstbjóðanda og mismunur þess verðs sem útgerðin fær til sín og þess verðs sem fæst fyrir fiskinn skal renna í Þyrlukaupasjóð Landhelgisgæslunnar.

Verði það upplýst að afla sé fleygt fyrir borð skal útgerð viðkomandi skips sæta refsingu, sbr. ákvæði 19. gr., en missi veiðiheimilda ef um ítrekað brot er að ræða.

1114. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar hefur haft langan aðdraganda. Gildandi lög um stjórn fiskveiða voru sett í maí 1990 og tóku gildi í upphafi árs 1991. Sú reynsla sem fengist hafði á lögum sem giltu til skamms tíma var slæm og því náðist að lokum samkomulag um að setja varanlega löggjöf um stjórn fiskveiða. Þó var ákveðið að sjávarútvegsráðherra skyldi láta endurskoða lögin fyrir árslok 1992. Stjórnarflokkarnir hafa tekið nær þrjú ár í að endurskoða löggjöfina og sáralítið samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila og stjórnarandstöðuflokkana á Alþingi. Allt hefur þetta flækt málsmeðferðina og ósamkomulag innan ríkisstjórnarflokkanna hefur skapað verulega óvissu í atvinnugreininni.

Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að þessu starfi skuli nú loks vera að ljúka, en það er að sjálfsögðu ekki sama hvernig því lýkur. Við lok málsins verður að hafa í huga heildarhagsmuni þjóðarinnar og þá staðreynd að sjávarútvegurinn er langmesta auðsuppspretta þjóðarinnar. Hagkvæmni sjávarútvegsins skiptir sköpum fyrir sérhvern einstakling í samfélaginu og á tímum minnkandi þjóðartekna og atvinnuleysis verða starfsskilyrði atvinnuveganna að mótast af hagkvæmnissjónarmiðum. Starfsskilyrði sjávarútvegsins þurfa ávallt að vera góð ef hann á að geta staðið undir þeim kröfum sem samfélagið gerir til hans og verið samkeppnishæfur á erlendum mörkuðum. Þær leikreglur sem starfað er eftir þurfa því að að skapa vissu en ekki óvissu og vera það skýrar að þær séu aðgengilegar fyrir alla. Engin leið er að komast hjá hagsmunaárekstrum í sambandi við þetta mikla og flókna mál, en hér sem annars staðar verða heildarhagsmunirnir að ráða ferðinni og sú staðreynd að fyrirtæki í sjávarútvegi eru víða að berjast fyrir lífi sínu og búa við slæma afkomu. Mörg þessara fyrirtækja eru meginundirstaða heilla byggða. Öll óvissa í þessum efnum skapar svartsýni og dregur úr krafti fólksins til að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Annar minni hluti nefndarinnar telur mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem hefur ríkt og festa í sessi þá fiskveiðistefnu sem hér hefur verið rekin. 2. minni hluti harmar það hins vegar að ekki hefur þótt ástæða til að reyna að skapa breiðari samstöðu um málið. Framsóknarflokkurinn ber mikla ábyrgð á núverandi fiskveiðistefnu. Undirritaðir nefndarmenn eru sannfærðir um að sjávarútvegurinn væri mun verr staddur ef ekki hefði verið tekið upp fyrir nokkrum árum það fiskveiðistjórnarkerfi sem við nú búum við. Hagkvæmni þess er augljós umfram það sem áður var og verðmætasköpunin hefur stóraukist með tilkomu þess.

Annar minni hluti getur ekki samþykkt breytingar sem verða til þess að draga úr hagkvæmni í atvinnugreininni. 2. minni hluti getur ekki fallist á að þær skorður séu settar á framsal aflaréttinda sem gert er ráð fyrir í breytingartillögum meiri hlutans. Það verður heldur ekki séð að þær breytingar leysi þau vandamál sem upp hafa komið milli sjómanna og útvegsmanna. Þau vandamál verður fyrst og fremst að leysa í samstarfi þessara aðila. Ef samstarfið á að byggjast á að draga úr hagkvæmni og skapa vandamál fyrir verkafólk víðs vegar um land og sjómannastéttina að hluta er illa af stað farið. 2. minni hluti getur því ekki fallist á þá breytingartillögu við 3. mgr. 12. gr. sem gerir ráð fyrir því að lagt verði bann við að flytja aflamark til skipa nema meira en 15% aflamarks af sömu tegund hafi verið flutt af skipinu á fiskveiðiárinu eða öfugt. Þessi regla mun leiða til óhagræðis og skapa vandamál sem ekki er hægt að sjá fyrir endann á. Hún mun hugsanlega leysa einhver þau ágreiningsmál sem upp hafa komið milli sjómanna og útvegsmanna, en það er ósanngjarnt að það bitni á fjöldanum. Með þessari reglu er líka verið að mismuna aðilum því að gert er ráð fyrir að útgerðarfyrirtæki, sem eiga mörg skip, geti verið frjáls í að hagræða milli skipa sinna, en minni aðilarnir, sem aðeins eiga eitt skip, geti ekki komið við slíkri hagræðingu. Þetta mun m.a. hafa þau áhrif að aflaheimildir færast á hendur færri og stærri aðila sem er þróun sem 2. minni hluti telur að eigi að sporna við. Mörg dæmi hafa verið nefnd um þau vandamál sem upp geta komið og vísast í því sambandi til fylgiskjala með nefndarálitinu.

Annar minni hluti telur eðlilegt að sérhvert fiskiskip þurfi að veiða ákveðinn hluta af aflamarki sínu. Fram til þessa hefur það þurft að veiða 25% en meiri hluti nefndarinnar leggur til að það verði hækkað í 50%. 2. minni hluti getur fallist á að þessi mörk verði hækkuð og leggur því til að þau hækki úr 25% í 40%. 2. minni hluti hefði talið eðlilegt að sérhvert skip þyrfti að hafa lágmarksaflaréttindi til að hafa réttindi til veiða. 2. minni hluti er ekki á þessu stigi tilbúinn með slíka breytingartillögu en er tilbúinn til samstarfs um að setja slíkar reglur. 2. minni hluti telur hins vegar að betri tíma þurfi til að fara ofan í þessi framsalsmál og telur rétt að fresta ákvörðunum um þau til haustsins. Eðlilegt væri að skipa nefnd hagsmunaaðila og stjórnmálaflokka til að fara yfir málið.

Þjóðarbúið má ekki við því að tapa verðmætum. Öll löggjöf og starfsskilyrði atvinnugreinarinnar eiga að miða að því að hægt sé að koma við hagræðingu og sparnaði í rekstri fyrirtækjanna til aukinnar verðmætasköpunar. Stjórnvöld, sem banna skynsamlega hluti, munu ekki skapa traust hjá þjóðinni og byggja upp vonir um betri tíð. Þetta frumvarp eykur svartsýni á þeim tímum þegar við þurfum mest á því að halda að efla bjartsýni og fá kraft í atvinnulífið. Fjölmargir forsvarsmenn í sjávarútveginum hafa lýst afleiðingum þessa máls. Þeir telja að með samþykkt þess muni tapast milljarðar fyrir þjóðarbúið. Þjóðhagsstofnun hefur verið fengin til að fara yfir þessa útreikninga, en ekki hefur gefist tími til að bíða eftir niðurstöðum hennar. Svo mikið liggur á að ekki er beðið eftir því að fá álit þeirra sem mesta reynslu og þekkingu hafa á málinu.

Annar minni hluti flytur breytingartillögur á þskj. 1115 og mun gera nánari grein fyrir áliti sínu við umræður um málið. Verði breytingartillögurnar ekki samþykktar munu undirritaðir nefndarmenn greiða atkvæði á móti málinu í heild sinni. Allt er það undirbúið af og á ábyrgð stjórnarflokkanna sem hafa afneitað eðlilegu samstarfi um málið.

Alþingi, 28. apríl 1994.

Stefán Guðmundsson, frsm. Halldór Ásgrímsson.

Nefndarálitinu fylgdu ellefu fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt umsögn Atvinnumanna, samstarfshóps um hagkvæma stjórn fiskveiða, örugga atvinnu og aukna verðmætasköpun til sjós og lands frá 25. apríl 1994, ásamt bréfi framkvæmdastjóra Borgeyjar hf. á Höfn, á fskj. II umsögn Ragnars Árnasonar, prófessors í fiskihagfræði við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, um málið, á fskj. III umsögn Verkamannasambands Íslands frá 25. apríl 1994, á fskj. IV umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 22. mars 1994, ásamt fylgiskjali, og á fskj. V umsagnir útvegsmannafélaga, ásamt samantekt um afla og aflahlutdeild smábáta frá sjávarútvegssviði KEA, á fskj. VI umsögn Útvegsmannafélags Vestfjarða, á fskj. VII fréttatilkynning frá Samtökum fiskvinnslustöðva frá 18. apríl 1994, á fskj. VIII og IX umsagnir Vélstjórafélags Íslands og Sjómannasambands Íslands, báðar frá 20. apríl 1994, á fskj. X athugasemdir Útvegsmannafélags Suðurnesja frá 28. apríl 1994 og á fskj. XI upplýsingar frá Íslenskum sjávarafurðum hf.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

1115. Breytingartillögur [283. mál]

við brtt. á þskj. 1091 [Stjórn fiskveiða].

Frá Stefáni Guðmundssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

1. Við 5. tölul.
   a. Í stað tölunnar „15“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: 40.
   b. 2. og 3. málsl. 1. efnismgr. og 2. efnismgr. falli brott.
2. Við 6. tölul. Í stað tölunnar „50“ í 2. málsl. málsgreinarinnar komi: 40.

1116. Svar [515. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um álitsgerðir frá stofnunum Háskóla Íslands.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hversu margar álitsgerðir, kannanir eða úttektir hafa ráðuneyti Stjórnarráðs Íslands falið eftirtöldum stofnunum Háskóla Íslands að vinna á þessu kjörtímabili:*
   a. *Félagsvísindastofnun,*
   b. *Lagastofnun,*
   c. *Sjávarútvegsstofnun,*
   d. *Siðfræðistofnun,*
   e. *Hagfræðistofnun,*
   f. *öðrum stofnunum Háskóla Íslands?*
2. *Hvaða álitsgerðir, kannanir eða úttektir hafa verið unnar fyrir ráðuneytin af stofnunum Háskóla Íslands, hverjir unnu þær og hvað hefur verið greitt fyrir þær í einstökum tilfellum?*

Með orðsendingu 24. mars sl. óskaði forsætisráðuneytið eftir því við ráðuneytin að þau létu í té upplýsingar um framangreind atriði. Eftirfarandi svör bárust:

Samgönguráðuneyti gekkst fyrir athugun á almenningsvagnakerfinu og vann Hagfræðistofnun verkefni er bar heitið Almenningsvagnar og samgöngur. Kostnaður við það var 155.625 kr.

Félagsvísindastofnun hefur unnið þrjú verkefni fyrir félagsmálaráðuneytið á kjörtímabilinu. Í fyrsta lagi fór fram könnun um húsnæðismál í tengslum við húsaleigubætur á árinu 1992. Kostnaður við það nam 196.088 kr. Í öðru lagi var gerð könnun vegna atvinnulausra á árunum 1992–1993. Kostnaður við hana nam 1.027.066 kr. Þriðja könnunin var gerð í tilefni af ári fjölskyldunnar og nefndist Fjölskyldan, börn og skilnaðir og var hún gerð á árunum 1992 og 1993. Kostnaður nam 1.743.000 kr.

Utanríkisráðuneytið hefur á yfirstandandi kjörtímabili gengist fyrir einni skoðanakönnun og var hún framkvæmd af Félagsvísindastofnun. Könnunin laut að viðhorfum almennings til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og nam kostnaður 287.595 kr. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar eru viðræður hafnar við Félagsvísindastofnun, Lagastofnun, Sjávarútvegsstofnun, Hagfræðistofnun og Alþjóðamálastofnun Háskólans um úttekt á valkostum í tengslum við samskipti Íslands og Evrópusambandsins.

Félagsvísindastofnun hefur unnið þrjú verkefni fyrir menntamálaráðuneytið á yfirstandandi kjörtímabili, Hagfræðistofnun eitt verkefni og Viðskiptafræðistofnun eitt. Verkefni Félagsvísindastofnunar vörðuðu

a. könnun á mannafla í vísinda- og tæknigreinum, kostnaðurinn, 367.000 kr., skiptist jafnt á milli ráðuneytisins, Vísindaráðs og Háskólans,

b. samantekt um háskólastigið, kostnaður nam 259.763 kr.,

c. frammistöðu nemenda í nokkrum framhaldsskólum, kostnaður nam 115.160 kr.

Verkefni það, sem unnið var af Hagfræðistofnun, var úttekt vegna frumvarps um Lánasjóð íslenskra námsmanna og fékk stofnunin greiddar 435.750 kr. fyrir það. Þá fékk Viðskiptafræðistofnun greiddar 458.782 kr. fyrir athugun á dreifingu útvarpsefnis á Íslandi.

Á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hafa stofnanir Háskólans unnið eftirtalin verkefni:

a. Tvær kannanir fyrir landsnefnd um alnæmisvarnir, unnar af Félagsvísindastofnun á árunum 1992 og 1993 og voru stofnuninni greiddar 1.391.310 kr. á því tímabili.

b. Skýrsla um samanburð í heilbrigðisútgjöldum, unnin af Hagfræðistofnun og nam kostnaður 722.100 kr.

c. Könnun á kostnaði við reykingar, unnin af Hagfræðideild og nam kostnaður 180.000 kr.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið tvær álitsgerðir fyrir viðskiptaráðuneytið. Annars vegar er þar um að ræða könnun á matvælaverði sem kostaði 417.950 kr. og hins vegar athugun á tilboði Íslands í GATT-Úrúgvæ-viðræðunum, en fyrir það verkefni voru greiddar 410.850 kr.

1117. Breytingartillaga [477. mál]

við frv. til l. um Rannsóknarráð Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Við 22. gr. Við fyrri málslið 2. mgr. bætist: eða hafa lagt fram markverðan skerf til rannsókna á sviði íslenskra fræða.

1118. Breytingartillögur [554. mál]

við frv. til l. um reynslusveitarfélög.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (RG, GE, GuðjG, EH, EKG, ISG, IP, JónK).

1. Við 6. gr. Í stað 3. málsl. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Félagsmálaráðherra skal enn fremur hlutast til um að árlega verði lagðar fram á Alþingi skýrslur verkefnisstjórnar um framkvæmd verkefnisins. Fyrsta skýrslan verði lögð fram á Alþingi vorið 1995 og sú síðasta vorið 2001.
2. Við 15. gr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Óheimilt er þó að víkja frá ákvæðum laga er varða skilyrði um faglega ábyrgð í stjórnun heilbrigðisstofnana og innihald þeirrar þjónustu sem á að veita samkvæmt nefndum lögum.
3. 17. gr. falli brott.

1119. Nefndarálit [554. mál]

um frv. til l. um reynslusveitarfélög.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn til viðræðna frá félagsmálaráðuneytinu Önnu Guðrúnu Björnsdóttur deildarstjóra, Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Sigfús Jónsson, formann verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga, frá umhverfisráðuneytinu Birgi Hermannsson, aðstoðarmann umhverfisráðherra, og Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóra, frá samgönguráðuneytinu Þórhall Jósepsson deildarstjóra, frá fjármálaráðuneytinu Halldór Árnason skrifstofustjóra og Ólaf Hjálmarsson deildarstjóra, frá menntamálaráðuneytinu Ólaf Darra Andrésson deildarsérfræðing, frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu Guðjón Magnússon skrifstofustjóra, frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna Pál Halldórsson formann og Birgi Björn Sigurjónsson framkvæmdastjóra, frá Alþýðusambandi Íslands Hervar Gunnarsson, 2. varaforseta, og Guðmund Gylfa Guðmundsson hagfræðing, frá Húsnæðisstofnun ríkisins Percy B. Stefánsson forstöðumann og Sigurð E. Guðmundsson framkvæmdastjóra, frá Skipulagi ríkisins Sigurð Thoroddsen verkfræðing, Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ögmund Jónasson, formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Sigríði Kristinsdóttur, formann starfsmannafélags ríkisstofnana, frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna Jóngeir H. Hlinason hagfræðing, frá Vinnuveitendasambandi Íslands Guðna Níels Aðalsteinsson hagfræðing, Ástu Möller, formann Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Gísla Gíslason, bæjarstjóra á Akranesi, og Hallgrím Guðmundsson, bæjarstjóra í Hveragerði. Nefndinni bárust umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórnum Garðabæjar, Akraness, Akureyrar, Vestmannaeyja, Neskaupstaðar og Njarðvíkur, sveitarstjórn Skaftárhrepps, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, sveitarstjórn Rangárvallahrepps, Vinnuveitendasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá bárust nefndinni einnig gögn frá samgönguráðuneytinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og bæjarstjóranum í Hveragerði auk erinda frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Lagðar eru til breytingar á 6. gr. sem fela í sér að félagsmálaráðherra skuli leggja skýrslur verkefnisstjórnar um framkvæmd verkefnisins fram á Alþingi árlega í stað þess að það skuli eingöngu gert að tilraunatímabilinu hálfnuðu og að því loknu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir að óbreyttu.

Lögð er til breyting á 15. gr. sem veitir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra heimild til að víkja frá ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu og málefni aldraðra þegar í hlut á reynslusveitarfélag sem vill gera tilraun á því sviði sem frumvarpið tekur til. Þannig bætist nýr málsliður við greinina sem kveði á um að óheimilt verði að víkja frá ákvæðum laga sem varða skilyrði um faglega ábyrgð í stjórnun heilbrigðisstofnana og innihald þeirrar þjónustu sem á að veita samkvæmt nefndum lögum. Tillaga þessi tryggir að hlutaðeigandi stofnanir lúti ákvæðum laga um faglega stjórnun heilbrigðisstofnana. Þannig verður tryggt að á heilsugæslustöð í reynslusveitarfélagi starfi læknir með faglega yfir-

stjórn lækningasviðs og hjúkrunarfræðingur með faglega yfirstjórn hjúkrunarsviðs, sbr. 29. gr laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, og ákvæði þar að lútandi í reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar, nr. 160/1982. Á hinn bóginn kemur tillagan ekki í veg fyrir að hagræðing í formi breyttrar rekstrarstjórnunar eða breytts rekstarfyrirkomulags geti átt sér stað, svo sem frávik frá ákvæðum um aðild að stjórnum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa eða skipun í þjónustuhóp aldraðra.

Lagt er til að 17. gr. falli brott. Greinin fjallar um heimildir umhverfisráðherra til að víkja frá ákvæðum skipulagslaga og meðferð skipulagstillagna þegar reynslusveitarfélög eiga í hlut. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að í þessari heimild fælust m.a. möguleikar til að víkja frá ákvæðum skipulagslaga um fresti. Eftir umfjöllun nefndarinnar varð það niðurstaða meiri hlutans að leggja til brottfall þessarar heimildar, m.a. sökum þess að hún er af öðrum toga en aðrar frávikheimildir ráðherra frá ákvæðum laga samkvæmt frumvarpinu.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að í reglugerð skv. 20. gr. frumvarpsins verði sett ákvæði þess efnis að samþykktir reynslusveitarfélaga um tilraunir skuli sendar viðkomandi fagnefndum Alþingis til kynningar. Meiri hlutinn telur einnig mikilvægt að íbúar reynslusveitarfélaga eigi þess kost að kynna sér allar samþykktir um tilraunir í viðkomandi sveitarfélagi á einum aðgengilegum stað. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að í reglugerð skv. 20. gr. verði sett ákvæði þess efnis að sveitarstjórnir reynslusveitarfélaga skuli kynna íbúum sveitarfélagsins samþykktir sínar um tilraunir á aðgengilegri og heildstæðari hátt en birting í B-deild Stjórnartíðinda felur í sér, sbr. 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins, svo sem í almennum kynningarbæklingum.

Alþingi, 28. apríl 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Guðjón Guðmundsson.
Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.	Jón Kristjánsson, með fyrirvara.	Eggert Haukdal.
Einar K. Guðfinnsson.		Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.

1120. Nefndarálit [546. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar styður þá lækkun sem hér er lögð til á tryggingagjaldi í ferðaþjónustu og hugbúnaðariðnaði. Hann er hins vegar andvígur þeirri hækkun sem lögð er til á öðrum atvinnugreinum til þess að mæta þessari lækkun. Fyrsti minni hluti bendir á að í tillögum sínum varðandi skattamál nú fyrir jól sýndi hann fram á að ekki hefði þurft að hækka tryggingagjald um þau 0,35% sem ríkisstjórnin knúði þá fram.

Hækkun tryggingagjalds við þær erfiðu aðstæður, sem nú eru í atvinnulífinu, er afar óskynsamleg aðgerð. Nú er aftur verið að leggja til hækkun á gjaldinu um 0,15% á nokkrum atvinnugreinum. Núverandi ríkisstjórn er því á hálfu ári búin að hækka tryggingagjald um 0,5%, eða úr 2,5% í 3% á grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar.

Útreikningar Þjóðhagstofnunar á tillögum 1. minni hluta í vetur sýndu fram á að með þeim þurfti ekki að grípa til hækkunar á tryggingagjaldi. Þá sýndu útreikningarnir fram á að tillögurnar hefðu getað mætt þeirri hækkun sem nú er verið að leggja á til þess að mæta lækkuninni á ferðaþjónustu og hugbúnaðariðnaði án þess að íþyngja ríkissjóði ef miðað var við aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Auk þess hefðu verðlagsáhrifin verið hagstæðari.

Alþingi, 28. apríl 1994.

Halldór Ásgrímsson, form. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, frsm. Kristín Ástgeirsdóttir.

1121. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd afgreiddi frá sér frumvarp til laga um Lyfjaverslun ríkisins snemma þessa vorþings þótt dregist hafi að málið kæmi til endanlegrar afgreiðslu. Undirritaðir nefndarmenn stóðu að afgreiðslu frumvarpsins ásamt öðrum nefndarmönnum og rituðu undir nefndarálit með fyrirvara. Við meðferð málsins í nefnd var komið til móts við sjónarmið þeirra nefndarmanna sem gagnrýndu hvernig staðið hefur verið að einkavæðingu á ríkisfyrirtækjum og breytingartillaga lögð fram þar sem gert er ráð fyrir því að stjórnvöld þurfi að leita heimildar Alþingis eigi að selja meira en helming hlutafjár í hinu fyrirhugaða hlutafélagi. Með þeirri tillögu töldu undirritaðir nefndarmenn að verið væri að milda málið þótt vandi starfsfólksins væri óleystur.

Síðan málið var afgreitt í sátt frá nefndinni, þó með alvarlegum fyrirvörum væri, hefur mikið vatn runnið til sjávar sem leiðir til þess að undirritaðir nefndarmenn draga stuðning sinn við málið til baka og geta ekki staðið að þeirri einkavæðingu sem fyrirhuguð er á Lyfjaverslun ríkisins.

Í nóvember sl. gaf fjármálaráðherra út yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga um viðræður ríkisins og BSRB um samskipti þessara aðila. Að mati BSRB áttu þær m.a. að ná til einkavæðingaráforma ríkisstjórnarinnar. Það dróst á langinn að viðræður hæfust en nú standa þær yfir og eru í góðum farvegi að mati forustumanna BSRB. Það er ljóst að sala eða breyting á ríkisfyrirtækjum hefur áhrif á stöðu og kjör ríkisstarfsmanna og því er í hæsta máta óeðlilegt að standa að frekari einkavæðingu meðan þessar viðræður eiga

sér stað. Ríkisstarfsmenn óttast að fyrirhugaðar breytingar hafi í för með sér fækkun starfa, launalækkun og réttindamissi í kjölfar þess að fólk neyðist til að skipta um stéttarfélög. Það varð reynslan af þeim breytingum sem átti að knýja í gegn hjá Strætisvögnum Reykjavíkur en sem kunnugt er var Reykjavíkuríhaldið neytt til að hætta við þau áform. Ríkisstjórnin ætti að læra af þeirri reynslu og hætta við áform um einkavæðingu Lyfjaverslunar ríkisins.

Fulltrúar þeirra stéttarfélaga, sem komu á fund nefndarinnar, fullyrtu að breytingar þær, sem felast í 3. gr. frumvarpsins og vísa til réttinda og skyldna opinberra starfsmanna, feli í sér stjórnarskrárbrot. Í undirbúningi eru málaferli vegna sambærilegra breytinga á réttindum starfsmanna hjá Síldarverksmiðjum ríkisins. Þar er komin enn ein ástæðan til að fresta þessu máli. Rétt er að bíða niðurstöðu dómstóla, enda óþolandi að ríkið skuli sífellt standa í málaferlum við starfsmenn sína. Falli dómur ríkinu í óhag kann það að kosta ríkissjóð tugi milljóna síðar meir.

Þá er að nefna þann tíma sem valinn er til einkavæðingarinnar. Samdráttur ríkir í efnahagsmálum og ótrúlegt verður að teljast að sanngjarnt verð fáist fyrir eignir ríkisins á tímum sem þessum. Því er óskynsamlegt út frá almannahagsmunum að leggja út í breytingar og rétt að bíða betri tíma og hærra verðs verði það niðurstaða Alþingis síðar meir að rétt sé að gera breytingar á Lyfjaversluninni.

Síðast en ekki síst er reynslan af einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar með þeim hætti að Alþingi hlýtur að segja hingað og ekki lengra. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins kemur fram hörð gagnrýni á hvernig staðið hefur verið að málum auk þess sem þau mál eru nú fyrir dómstólum. Einkavæðingin þarfnast því skoðunar af hálfu Alþingis. Margt bendir til að verksmiðjurnar — eign almennings í landinu — hafi verið afhentar á silfurfati og við höfum horft upp á núverandi eigendur stinga gróða síðasta árs í eigin vasa. Þetta eru ólíðandi vinnubrögð og því ber ríkisstjórninni að hætta við fyrirhuguð áform um frekari einkavæðingu. Óvissunni um framtíð Lyfjaverslunar ríkisins og framtíð starfsmanna hennar verður að linna með því að Alþingi vísi málinu aftur til föðurhúsanna. Því leggja undirritaðir nefndarmenn til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. apríl 1994.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. Steingrímur J. Sigfússon.

1122. Nefndarálit [537. mál]

um till. til þál. um fullgildingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem felur í sér heimild til handa ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn og tilteknum viðaukum við sama samning.

Þegar EES-samningurinn var samþykktur í janúar 1993 voru í viðaukum við samninginn þær ESB-gerðir sem tekið höfðu gildi innan Evrópusambandsins fyrir 1. ágúst 1991. Alltaf hafði verið gert ráð fyrir að þær ESB-gerðir, er hefðu breyst eða bæst við fram að gildistöku samningsins og vörðuðu Evrópska efnahagssvæðið, yrðu hluti af EES-samningnum. Þær viðbótargerðir, sem vísað er til í tillögunni, munu koma til framkvæmda á Íslandi með þrennum hætti: Í fyrsta lagi rúmast verulegur hluti þeirra innan gildandi íslenskra laga og reglugerða. Í öðru lagi kemur til setning nýrra reglugerða á grundvelli gildandi laga. Í langflestum tilvikum koma viðbótargerðirnar til framkvæmda eftir þessum tveimur leiðum. Í þriðja lagi mun koma til sérstök lagasetning af hálfu Alþingis. Í reynd kalla viðbótargerðirnar á óverulegrar breytingar á íslenskri löggjöf og langflestar þær breytingar, sem nauðsynlegar eru, hafa þegar verið lagðar fyrir Alþingi í formi lagafrumvarpa.

Við umfjöllun sína um tillöguna fékk nefndin á sinn fund til viðræðna um málið Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Gunnar Snorra Gunnarsson, skrifstofustjóra viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Erlend Lárusson frá Tryggingaeftirlitinu, Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu, Finn Sveinbjörnsson frá viðskiptaráðuneytinu, Dögg Pálsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Gunnar Sigurðsson og Gylfa Kristinsson frá félagsmálaráðuneytinu, Aðalheiði Jóhannsdóttur frá Náttúruverndarráði, Þóri Ibsen frá umhverfisráðuneytinu, Hörð Lárusson og Sólrúnu Jensdóttur frá menntamálaráðuneytinu, Gunnar Sigurðsson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Ástu Valdimarsdóttur, Sverri Júlíusson og Þórunni Erhardsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu, Áslaugu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneytinu, Ásgeir Jóhannesson frá Ríkiskaupum, Brynjólf Sandholt yfirdýralækni, Jón Gíslason og Ástfríði Sigurðardóttur frá Hollustuvernd ríkisins, Eyjólf Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins, Sigurð Axelsson og Gísla H. Friðgeirsson frá Löggildingarstofunni, Georg Ólafsson frá Samkeppnisstofnun, Ólaf W. Stefánsson og Guðna Karlsson frá dómsmálaráðuneytinu, Einar Magnússon og Ragnheiði Haraldsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Berg Jónsson frá Rafmagnseftirliti ríkisins.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 28. apríl 1994.

Geir H. Haarde, frsm. Sigbjörn Gunnarsson. Árni R. Árnason.

Lára Margrét Ragnarsdóttir. Árni M. Mathiesen.

1123. Tillaga til þingsályktunar [618. mál]

um skipun nefndar um vatnsútflutning.

Flm.: Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd um vatnsútflutning. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar allra þingflokka. Hlutverk hennar verði að móta framtíðarstefnu um nýtingu á þessari miklu náttúruauðlind. Enn fremur geri nefndin í samstarfi við Byggðastofnun áætlun um hvernig sú nýting megi verða til að efla byggð í þeim héruðum þar

sem gnótt lindarvatns er fyrir hendi. Þá veiti nefndin í samvinnu við Útflutningsráð þeim aðilum, sem nú eru að hasla sér völl á þessu sviði, ráðgjöf og stuðning, sérstaklega við markvissa markaðssetningu.

Greinargerð.

Allmörg ár eru síðan menn fóru fyrst að kanna möguleika á útflutningi á vatni í neytendaumbúðum og á síðustu árum hafa nokkrir aðilar hafið slíkan útflutning. Róðurinn hefur þó verið þungur að komast inn á markaðinn með ný vörumerki. Þó að fyrstu skrefin hafi þannig reynst erfið má ekki fullyrða að þetta sé vonlaust.

Í nýju hefti tímaritsins AVS er grein eftir ritstjórann, Gest Ólafsson, sem heitir „Íslenskt vatn — vanmetin auðlind". Í niðurlagi hennar segir:

„Hingað til höfum við horft á þetta neysluvatn renna til sjávar eins og „lati Geir á lækjarbakka" án þess að hafa uppi mikla tilburði til þess að gera okkur það að féþúfu. Þó hafa nokkrar ánægjulegar tilraunir verið gerðar til þess að vinna og flytja út vatn en af miklum vanefndum og án þess að nokkur stefna hafi verið mótuð um það hvernig æskilegt sé að standa að þessum málum þegar til lengri tíma er litið.

Hugsanlegur útflutningur á íslensku neysluvatni í miklum mæli er ekkert flýtisverk heldur krefst hann mikils og vandaðs undirbúnings, stefnumótunar og rannsókna, bæði hér á landi og erlendis. Margt bendir nú til þess að eitt af því skynsamlegasta sem við getum tekið okkur fyrir hendur sé að verja nauðsynlegu fé til þess að átta okkur á þeirri leið sem heppilegast er að fara til þess að gera okkur mat úr þessari auðlind."

Í annarri grein í sama tímariti eftir Freystein Sigurðsson jarðfræðing er eftirfarandi kafli:

„Hversu verðmæt er nytjavatnsauðlindin? Það er háð nýtingu vatnsins og unnu magni, hversu miklum verðmætum nytjavatnsauðlindin skilar. Vatnið í veitum og krönum landsmanna er virði nokkurra milljarða króna, eins og stendur, en verðmæti auðlindarinnar er margfalt meira. Allt lindarvatn í byggð, flutt út í dýrum neytendaumbúðum, skilaði tvö hundruð þúsund milljörðum íslenskra króna, eða fimmþúsundföldum þjóðartekjum okkar núna. Sjálfsagt á sú arðnýting langt í land. Til þess þyrfti hvert mannsbarn um víða veröld að drekka tvo lítra af íslensku drykkjarvatni á degi hverjum.

Veljum annað viðmið: Tökum 10% af lindarvatni í byggð og seljum það á sama verði og kranavatn í Kaupmannahöfn. Því samsvarar að um 10 milljónir manna notuðu íslenskt vatn til heimilishalds. Það gæfi um 300 milljarða króna eða svipaða stærð og þjóðartekjur okkar eru."

Með tilliti til þessara staðreynda hlýtur það að vera skynsamlegt og nauðsynlegt að ríkisvaldið hefji skipulega umfjöllun og marki framtíðarstefnu um nýtingu þessarar gífurlega miklu auðlindar þjóðarinnar. Þróunin í heiminum síðustu árin stuðlar að nýjum möguleikum á þessu sviði fyrir okkur. Gífurleg fólksfjölgun og mikil mengun víða um lönd veldur hraðvaxandi eftirspurn eftir ómenguðum matvælum og æ erfiðara er víða að fá hreint drykkjarvatn. Það hefur því mikla þýðingu fyrir okkur að skapa Íslandi þá ímynd að héðan komi hreinar vörur sem neytendur geta treyst. Þar er til mikils að vinna og því ærin ástæða til að ganga ekki af minni atorku og tilkostnaði að undirbúningi að útflutningi á neysluvatni heldur en gert hefur verið síðustu árin við árangurslausa leit að rekstraraðilum að nýju álveri. Ef við gerum það og berum gæfu til að halda rétt á þessu máli höfum við allar aðstæður til að byggja hér upp náttúruvæna stóriðju á komandi árum.

1124. Frumvarp til laga [619. mál]

um sérstakt gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið o. fl.

1. gr.

Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir mengun af völdum spilliefna á þann hátt að einstaklingar og lögaðilar skili spilliefnum til móttökustöðva. Jafnframt er markmið laganna að stuðla að viðunandi endurnýtingu og eyðingu spilliefna.

2. gr.

Lög þessi gilda um sérstakt gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Gjaldinu skal varið til þess að standa straum af kostnaði við söfnun, endurnýtingu og eyðingu spilliefna. Jafnframt gilda lögin um spilliefnasjóð, stofnun hans og hlutverk.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um.

3. gr.

Með vörum sem geta orðið að spilliefnum er í lögum þessum átt við vörur og efni, hrein eða þegar þau eru hluti af öðrum efnum eða varningi, auk umbúða þeirra, sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið.

II. KAFLI
Spilliefnasjóður.

4. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, spilliefnasjóð. Sjóðurinn lýtur eigin stjórn og skal vera í vörslu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sjóðnum skal skipt í deildir, sbr. flokkun 1. mgr. 6. gr. Að fengnum tillögum stjórnar spilliefnasjóðs skal umhverfisráðherra í reglugerð kveða nánar á um deildaskiptingu sjóðsins í reglugerð.

Fastar tekjur sjóðsins er gjald sem lagt er á vörur sem geta orðið að spilliefnum við innflutning þeirra til landsins.

Fjármunum sjóðsins skal varið til greiðslu kostnaðar vegna móttöku, meðhöndlunar, eyðingar og flutnings spilliefna frá söfnunarstöðvum til eyðingarstöðva, enda hafi verið greitt sérstakt gjald af vörunum skv. 6. gr. Jafnframt skal fjármunum sjóðsins varið til greiðslu kostnaðar sem tengist framkvæmd laga þessara. Stjórn sjóðsins skal bjóða út sem flesta ofangreinda þætti til allt að fimm ára í senn. Ráðherra er heimilt að ráðstafa allt að 5% af tekjum sjóðsins sem varið skal til greiðslu þóknunar stjórnarmanna og umsýslu sjóðsins.

Ef staða sjóðsins leyfir er stjórn hans heimilt að verja hluta fjármuna hans til þess að styrkja aðila sem hreinsa og endurnýta spilliefni í landinu.

5. gr.

Ráðherra skipar stjórn spilliefnasjóðs til fjögurra ára í senn. Í stjórn sjóðsins sitja fjórir menn: einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Samtökum iðnaðarins og einn af hagsmunasamtökum neytenda. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti.

Nú eru atkvæði jöfn um afstöðu stjórnar til tiltekins máls og ræður þá atkvæði formanns. Ráðherra ákveður stjórnarmönnum þóknun.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveða nánar á um hlutverk stjórnar og starfshætti spilliefnasjóðs og úthlutunarreglur hans.

III. KAFLI

Innflutningur á vörum eða efnum sem geta orðið að spilliefnum.

6. gr.

Innflytjandi skal greiða sérstakt gjald við tollafgreiðslu eftirfarandi vöruflokka til landsins:

1. Olíuvörur, m.a. tollskrárnúmer 2707, 2709, 2710 og 3811.
2. Lífræn leysiefni, klórbundin efnasambönd o.fl.:
   a. lífræn leysiefni, m.a. tollskrárnúmer 2901, 2902, 2912 og 3814,
   b. klórbundin efnasambönd, m.a. tollskrárnúmer 3818,
   c. ósoneyðandi efni, m.a. tollskrárnúmer 2903 og 3823,
   d. ísósyanöt, m.a. tollskrárnúmer 2929.
3. Málning og litarefni, m.a. tollskrárnúmer 3203–3215.
4. Rafhlöður og rafgeymar:
   a. rafhlöður, m.a. tollskrárnúmer 8506,
   b. rafgeymar, m.a. tollskrárnúmer 8507.
5. Ljósmyndavörur og ýmsar aðrar efnavörur (kemískar vörur):
   a. framköllunarvökvar og fixerar, m.a. tollskrárnúmer 3707,
   b. Ýmsar aðrar efnavörur, m.a. tollskrárnúmer 3808, 3819, 3820 og 3823.

Gjald skv. 1. mgr. rennur í spilliefnasjóð.

Ráðherra skal á grundvelli útboða skv. 4. gr. ákveða í reglugerð upphæð gjalda skv. 1. mgr. Að fengnum tillögum stjórnar spilliefnasjóðs er ráðherra heimilt í reglugerð að undanþiggja einstaka vöruflokka eða hluta þeirra gjaldskyldu.

Ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur og eftirlit eiga við samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Af spilliefnum, sem verða til hjá einstaklingum og lögaðilum og ekki eru komin til vegna notkunar á vörum sem getið er í 6. gr., skal greiða eyðingargjald til móttökustöðva. Ákvæði þetta á enn fremur við um spilliefni sem verða til við framleiðslu hér á landi og önnur spilliefni sem verða til við notkun á vörum sem geta orðið að spilliefnum og ekki hafa verið greidd aðflutningsgjöld af.

8. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skila innheimtugjaldi skv. 6. gr. í spilliefnasjóð með sama hætti og skilum annarra opinberra gjalda er háttað. Greinargerð um magn og tegund innfluttra vara, sbr. 6. gr., skal send stjórn spilliefnasjóðs og Hollustuvernd ríkisins ársfjórðungslega.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti spilliefnum skuli skilað til móttökustöðva, svo og um fyrirkomulag útboða skv. 4. gr. Birta skal skrá með reglugerðinni yfir vörur sem geta orðið að spilliefnum, tollskrárnúmer þeirra og heiti, sbr. 6. gr. Ráðherra er heimilt með gjaldskrá að ákveða viðbótargjald á spilliefni sem þurfa sérstaka meðhöndlun eða undirbúning í móttökustöðvum fyrir eyðingu umfram það sem eðlilegt má teljast.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál vegna slíkra brota skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þó skal ákvæði 6. gr. um innheimtu gjalda eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. september 1994 og 4. gr. um greiðslu kostnaðar 1. janúar 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. er heimilt að fresta álagningu gjalda skv. 2. tölul. a, b og d, 3. og 5. tölul. 6. gr. Stefnt skal að því að álagningu gjalda verði komið á í áföngum og að fullu í síðasta lagi 1. júlí 1996. Stjórn spilliefnasjóðs skal fyrir árslok 1994 skila tillögum að áætlun um framkvæmd álagningar á þessa vöruflokka til umhverfisráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp til laga um sérstakt gjald á vörur, sem geta orðið að spilliefnum, er samið af starfsmönnum umhverfisráðuneytis að tilhlutan umhverfisráðherra. Við undirbúning frumvarpsins var m.a. haft samráð við þá aðila sem sjá um meðhöndlun spilliefna hér á landi, Samtök iðnaðarins, fjármálaráðuneytið og mengunarvarnasvið Hollustuverndar ríkisins. Jafnframt hefur verið athugað hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndum okkar.

Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum, „Á leið til sjálfbærrar þróunar“, segir m.a.: „Skipulögð verður söfnun spilliefna fyrir landið allt fyrir árið 1995.“ Jafnframt segir í stefnu ríkisstjórnarinnar að stefnt skuli að því að beita skilagjöldum og umhverfisgjöldum „í ríkara mæli til að stuðla að aukinni endurnýtingu og bættri förgun úrgangs“. Frumvarp það sem hér er lagt fram er viðleitni í þá átt að hrinda ofangreindri stefnu í framkvæmd. Í frumvarpinu er leitast við að útfæra svonefnda mengunarbótareglu á þann hátt að það hvetji til betri söfnunar og meðferðar spilliefna.

Markmið frumvarpsins kemur fram í 1. gr. þess. Það er einkum að tryggja að unnt verði að koma í veg fyrir umhverfismengun af völdum spilliefna og að einstaklingar og lögaðilar skili spilliefnum til viðurkenndra móttökustöðva. Markmiðið er enn fremur að stuðla að endurnýtingu og eyðingu spilliefna og tryggja örugga meðferð þeirra. Leiðin sem valin er í frumvarpinu á að tryggja að á hverjum tíma sé fyrir hendi fjármagn til þess að standa straum af kostnaði við venjulega meðhöndlun, eyðingu og flutning spilliefna til móttöku- eða eyðingarstöðva. Stefnt er að því að einstaklingar og lögaðilar sem skila spilliefnum til móttökustöðva þurfi að jafnaði ekki að greiða fyrir þjónustuna enda hafi sérstakt gjald verið lagt á vörur sem geta orðið að spilliefnum við innflutning þeirra til landsins.

Í frumvarpinu er valin sú leið að stofna sérstakan sjóð, sbr. 4. gr. Í samráði við Samtök iðnaðarins var ákveðið að leggja til að sjóðurinn yrði deildaskiptur og að sem flestir þættir, sem tengjast verkefnum hans, yrðu boðnir út til að ná fram hagkvæmni.

Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að meira magn spilliefna skili sér til móttökustöðva en verið hefur. Með því móti er hægt að tryggja örugga meðhöndlun þessara efna og jafnframt stuðla að frekari umhverfisvernd.

Rétt þykir að taka fram að verði frumvarp þetta að lögum er þeim ekki ætlað að hafa áhrif á gildissvið laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, ásamt síðari breytingum. Í 10. gr. þeirra laga segir að einstaklingum og fyrirtækjum, er annist dreifingu og sölu á olíu, sé skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki er til þess hafa leyfi ráðherra og tryggja viðunandi eyðingu. Í þessu ákvæði felst að þeim aðilum sem ákvæðið gildir um, þ. e. innflutnings- og dreifingaraðilar olíu, ber að taka við úrgangsolíu og tryggja viðunandi eyðingu henar. Framkvæmdin hefur verið með þeim hætti að olíufélögin standa straum af kostnaði við eyðinguna. Ekki þykir rétt að breyta þessari skipan mála. Hins vegar þarf að vera unnt að bæta þeim sem selja og dreifa olíu þann kostnað sem af skyldu þessari hlýst.

II. Framkvæmd sorphirðu.

Samkvæmt 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, ásamt síðari breytingum, eru sorphreinsun og -eyðing meðal verkefna sveitarfélaga. Í stórum dráttum hefur framkvæmdin hvað spilliefni varðar verið með þeim hætti að sorpmóttökustöðvar einstakra sveitarfélaga hafa tekið á móti þeim, séð um meðhöndlun þeirra eða flutning til þeirra aðila sem fullnægjandi aðstöðu hafa tii þess að taka á móti þeim. Vegna þeirrar mengunarhættu sem stafað getur af spilliefnum er framkvæmdin kostnaðarsöm. Kostnaðurinn er ýmist greiddur úr sjóðum einstakra sveitarfélaga eða sveitarfélög hafa farið þá leið að leggja á almennt sorphirðugjald eða innheimt gjöldin með sérstökum gjaldskrám sem einstök fyrirtæki hafa þurft að greiða eftir þegar efnunum er skilað. Þetta fyrirkomulag hefur því miður haft í för með sér að einungis litlum hluta spilliefna er skilað til móttökustöðva.

III. Almennar forsendur.

Til þess að hægt sé að koma á skipulegri söfnun spilliefna þarf að tryggja nægilegt fjármagn til að standa undir þeim kostnaði sem fylgir endurnýtingu eða eyðingu þeirra. Frumvarpinu sem hér er lagt fram er ætlað að stuðla að því.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim forsendum sem frumvarp þetta byggir á.

Þegar kostnaður við endurnýtingu og eyðingu spilliefna er metinn verður m.a. að taka mið af kostnaði við eftirfarandi rekstrarþætti: flutning, meðferð, flokkun, pökkun o.fl. Hingað til hafa spilliefni að mestu leyti verið flutt til útlanda til eyðingar. Hluta hefur þó verið eytt hér á landi og möguleikum til að eyða spilliefnum innan lands hefur fjölgað.

Við mat á flutningskostnaði er miðað við að það kosti um 11 kr. á kg að flytja spilliefni frá höfuðborgarsvæðinu til móttökustöðvar í Danmörku. Gert er ráð fyrir því að vannýtt flutningsgeta verði notuð til að flytja efnin milli landshluta. Við mat á eyðingarkostnaði voru m.a. hafðar til hliðsjónar gjaldskrár Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs. (Sorpu) og Kommunukemi, sem er móttöku- og eyðingarstöð fyrir spilliefni, í eigu sveitarfélaga í Danmörku. Einnig voru skoðaðar rekstrarkostnaðartölur frá Sorpu.

Nú liggja fyrir upplýsingar um magn spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðva hér á landi, allt frá árinu 1990. Hins vegar eru ekki til nákvæmar upplýsingar um það magn spilliefna sem fellur til hér á landi ár hvert.

Árið 1991 fékk Sorpa danskt ráðgjafarfyrirtæki til að meta magn spilliefna hér á landi. Með hliðsjón af niðurstöðum danska fyrirtækisins sem Sorpa kynnti á sínum tíma, mati Hollustuverndar ríkisins og umhverfisráðuneytisins er miðað við að hér á landi falli til um 4.500 tonn af spilliefnum frá atvinnurekstri og heimilum í landinu árlega.

Gert er ráð fyrir því að uppsafnaður vandi sé ekki verulegur ef frá eru taldir ónýtir rafgeymar. Varlega áætlað má gera ráð fyrir að uppsafnaði vandinn sé um 3.000 tonn. Úrgangsolía hefur farið í brennslu, öðrum spilliefnum hefur verið skilað til Sorpu, en því miður hefur mikill hluti farið á hauga eða í fráveitur. Stefnt er að því með frumvarpinu að koma sem mest í veg fyrir að spilliefni fari þessa leið.

Áætlað magn spilliefna skiptist eftir tegundum sem hér segir:



Eins og segir í 3. gr. frumvarpsins er með spilliefnum átt við vörur og efni, hrein eða þegar þau eru hluti af öðrum efnum eða varningi, sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið. Flestar vörur, sem frumvarpið gildir um, eru þess eðlis að spilliefnin eru í annarri mynd en varan var upphaflega. Þetta á t.d. sérstaklega við um framköllunarvökva, en þegar notkun hans lýkur hefur umfang vökvans aukist verulega vegna

vatnsblöndunar. Sama má einnig segja um olíur en þó er sá munur á að tiltölulega lítill hluti þeirra verður að spilliefnum að lokum. Jafnframt er orkugildi þeirrar úrgangsolíu sem skilað er á hverjum tíma mismunandi, m.a. vegna vatnsblöndunar. Mikill hluti þeirra vara, sem frumvarpið gildir um, verður hluti af tiltekinni framleiðslu eða notkun. Þetta hefur það í för með sér að oft verður einungis lítill hluti þeirra að spilliefnum.

Kostnaður við meðhöndlun og eyðingu spilliefna fer eftir tegundum. Efnin eru sett saman á ólíkan hátt og misjafnlega flókið er að eyða þeim. Þetta hefur í för með sér að eyðingarkostnaður er ekki alltaf sá sami. Enn fremur er misjafnt hversu hátt hlutfall af tiltekinni vöru verður að spilliefnum eins og fyrr hefur verið rakið. Við vinnslu frumvarpsins var reynt að meta hve hátt gjaldið, sem greiða þarf við innflutning, sbr. 6. gr., þarf að vera fyrir einstaka vöruflokka.

Í tonnum talið er úrgangsolía eða olíuúrgangur stærsti flokkur spilliefna sem falla til hér á landi í dag. Magn úrgangsolíu er áætlað á bilinu 1.500–2.500 tonn á ári, byggt á magni olíusora og annarrar úrgangsolíu sem ekki verður nýtt með öðru móti. Áætlað er að allt að 4.000–5.000 tonn á ári falli til af úrgangsolíu ef sú úrgangsolía sem hingað til hefur verið notuð við ófullkomnar aðstæður í fiskimjölsverksmiðjur, ýmis kynditæki o.þ.h. er talin með. Gert er ráð fyrir nýtingu úrgangsolíunnar hér á landi. Ef orkuinnihald úrgangsolíu er hátt þá er fyrst og fremst um að ræða kostnað við rekstur söfnunarkerfis, meðferð olíunnar og flutning hennar. Olíufélögin hafa hingað til séð um þennan þátt, en í 10. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, er kveðið á um að aðilum, er annast dreifingu og sölu olíu, sé skylt að taka við olíuúrgangi og tryggja viðunandi eyðingu hans. Þess má geta að af þeim vörum, sem falla undir gildissvið frumvarpsins, er talið að olíuvörur séu um 99% af heildarmagni. Olíuúrgangur er talinn vera rúmlega 50% spilliefna sem falla til hér á landi. Gert er ráð fyrir því að gjald sem greiða þarf við tollafgreiðslu olíuvara verði á bilinu 0,01 til 0,1 kr. á hvert kg.

Gert er ráð fyrir að greiða þurfi 0,1 kr. til 0,5 á hvert kg við tollafgreiðslu á lífrænum leysiefnum, að eyðing þeirra eigi sér stað innan lands og að um 0,1% af því sem flutt er til landsins verði að spilliefnum.

Öðru máli gegnir um klórbundin efni og ósoneyðandi efnasambönd. Eyðing og endurýting þessara efna er tæknilega flókin, en markvisst er unnið að því að draga úr notkun þeirra til þess að koma í veg fyrir að þau fari út í andrúmsloftið. Gert er ráð fyrir að kælimiðlum og þess háttar ósoneyðandi efnum verði skilað til móttökustöðva í því magni sem þau voru upphaflega. Jafnframt er við það miðað að senda þurfi þessi efni til annarra landa þar sem þau eru endurnýtt eða þeim eytt. Þetta getur þýtt það að leggja þurfi 300 til 900 kr. á hvert kg sem flutt verður til landsins.

Einnig er gert ráð fyrir að ísósyanöt þurfi áfram að senda til annarra landa til eyðingar og við það miðað að um 1% af efnunum sem koma til landsins verði að spilliefnum. Gert er ráð fyrir að leggja þurfi á 0,5 til 1,0 kr. á hvert kg við tollafgreiðslu þessara efna.

Málning og litarefni verða að mestu leyti hluti af annarri framleiðslu eða eyðast við notkun. Þróunin hefur verið sú að þessar vörur innihalda minna af efnum sem skaðleg geta verið fyrir umhverfið en áður var. Stærsti hluti þessara efna er urðaður á sérstakan hátt á urðunarstöðum sem til þess hafa leyfi. Einungis litlum hluta, eða um 1%, sem er fyrst og fremst olíumáling og lökk, þarf að eyða sem spilliefnum. Gert er ráð fyrir að einungis verði tekið gjald af þeim málningarvörum og litarefnum sem teljast til spilliefna og getur það numið allt að 2 kr. á hvert kg.

Gert er ráð fyrir því að einungis verði tekið gjald af þeim rafhlöðum sem hafa mest mengandi áhrif á umhverfið og að það verði á bilinu 130 til 200 kr. á hvert kg. Hér undir falla m.a. hnapparafhlöður og endurhlaðanlegar rafhlöður. Í dag eru rafhlöður flokkaðar sem spilliefni innihaldi þær meira en 0,025% af kvikasilfri eða kadmíum. Sem dæmi má nefna að brúnsteinsrafhlöður eru ekki flokkaðar sem spilliefni og því er heimilt að urða þær með ákveðnum hætti. Um 80% af rafhlöðum eru urðaðar eftir flokkun með tilliti til þess hvort þær innihaldi efni sem skaðleg eru umhverfi. Við það er miðað að senda þurfi umhverfisskaðlegar rafhlöður úr landi til eyðingar.

Á því er byggt að 900 tonn af rafgeymum séu flutt til landsins árlega og um 600–650 tonn fari til þess að endurnýja þá rafgeyma sem fyrir eru. Líklegt er að 700 tonnum sé hent árlega. Gert er ráð fyrir að rafgeymar fái formeðhöndlun hér á landi og síðan verði þeir sendir úr landi til endurnýtingar. Við það er miðað að það gjald, sem leggja verði á rafgeyma við tollafgreiðslu þeirra, verði á bilinu 30 til 60 kr. á hvert kg, en þá er tekið tillit til verðfalls blýs að undanförnu.

Framköllunarvökvar og „fixerar" blandast mikið í notkun og skila sér því oft í meira magni sem spilliefni til baka en upphaflega varan. Þetta hefur í för með sér meiri kostnað við meðhöndlun. Gert er ráð fyrir að þessar vörur skili sér að öllu leyti til móttökustöðva og leggja verði á þær gjald sem er á bilinu 5 til 15 kr. á hvert kg.

Gert er ráð fyrir því að um 1% af þeim vörum sem falla undir flokkinn og ýmsar aðrar efnavörur verði að spilliefnum og það gjald, sem lagt verði á þær, verði á bilinu 0,1 til 2 kr. á hvert kg.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni kemur fram markmið laganna. Stefnt er að fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir mengun af völdum spilliefna. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að það verði til þess að nokkuð dragi úr notkun vara sem geta orðið að spilliefnum.

Um 2. gr.

Víða í nágrannalöndum okkar er unnið að því að útfæra svonefnda mengunarbótareglu (Polluter pays principle). Sambærileg eða svipuð vinna fer nú fram hér á landi. Í frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald verði lagt á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Reynsla hér hefur leitt í ljós að spilliefni skila sér ekki til móttökustöðva sem skyldi og virðist það m.a. helgast af þeirri staðreynd að kostnaðurinn sem fylgir meðhöndlun og eyðingu efnanna er mikill og því er oft leitað annarra leiða. Óþarft er að fjölyrða um þá hættu fyrir heilsu manna og umhverfið sem fylgir því að geyma spilliefni eða farga þeim við óviðunandi aðstæður.

Með því að leggja sérstakt gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum er stefnt að því að á hverjum tíma sé til staðar nægilegt fjármagn til þess að tryggja viðunandi meðhöndlun og eyðingu þeirra.

Um 3. gr.

Í greininni er sett fram skilgreining á þeim vörum sem geta orðið að spilliefnum. Verði frumvarp þetta að lögum er þeim ætlað að gilda um vörur og efni sem geta orðið að spilliefnum, hrein eða þegar þau eru hluti af öðrum efnum eða varningi, sbr. ákvæði 6. gr. Enn fremur er þeim ætlað að gilda um umbúðir sem notaðar hafa verið utan um ofangreindar vörur og komist í beina snertingu við þær.

Um 4. gr.

Til þess að veita gjaldi skv. 6. gr. í ákveðinn farveg og tryggja framkvæmdina er lagt til að stofnaður verði sérstakur deildaskiptur sjóður, spilliefnasjóður. Með vísan til þeirrar skyldu sem hvílir á sveitarfélögunum í landinu, sbr. lög nr. 8/1986, er lagt til að sjóðurinn, sem lýtur sérstakri stjórn, verði í vörslu Sambands íslenskra sveitarfélaga og virðist eðlilegt að umsýsla gjaldsins tengist skrifstofu sambandsins.

Tekjur sjóðsins er gjald sem lagt er á vörur sem geta orðið að spilliefnum við innflutning þeirra til landsins. Þetta útilokar að sjálfsögðu ekki að sjóðurinn geti aflað sér tekna með öðrum hætti eða að honum verði markaðir aðrir tekjustofnar en getið er í grein þessari.

Í 3. mgr. er markaður sá rammi sem fjármunum sjóðsins skal varið til. Meðferð og eyðingu spilliefna fylgir óhjákvæmilega nokkur kostnaður og með vísan til 1. gr. þarf að vera tryggt að nægilegt fjármagn sé til staðar á hverjum tíma til að mæta honum. Jafnframt er eyðing spilliefna tæknilega flókin og krefst sérhæfðra vinnubragða. Af þeim sökum m.a. hafa spilliefni verið flutt til annarra landa til eyðingar. Sérstaklega er tekið fram að stjórn sjóðsins skuli bjóða út sem flesta þætti starfseminnar enda má gera ráð fyrir að frekari hagkvæmni náist með þeim hætti.

Með tilliti til 1. gr. þykir rétt að þeir sem hreinsa og endurvinna spilliefni hér á landi geti notið góðs af fjármunum sjóðsins eins og fjármunir hans leyfa hverju sinni.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að stjórn spilliefnasjóðs verði auk fulltrúa ráðherra skipuð fulltrúum þeirra aðila sem málaflokkur þessi snertir helst. Gerð er tillaga um að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi fulltrúa vegna lögboðinnar skyldu sveitarfélaga í sorpeyðingarmálum, Samtök iðnaðarins vegna hagsmuna iðnaðarins í landinu og loks er lagt til að einn stjórnarmaður verði tilnefndur af hagsmunasamtökum neytenda.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er lögð sú kvöð á innflytjanda vara sem geta orðið að spilliefnum að greiða sérstakt gjald við innflutning þeirra til landsins. Í 1.–5. tölul. eru taldir upp gjaldskyldir vöruflokkar. Valin er sú leið í frumvarpi þessu að gera grein fyrir vöruflokkum og tollskrárnúmerum þeirra.

Lagt er til í 3. mgr. að ráðherra ákveði upphæð gjalda í reglugerð samkvæmt niðurstöðum útboða fyrir móttöku vara í hverjum flokki spilliefna samkvæmt þessari grein. Með þessu móti er leitast við að tryggja tvennt, annars vegar ítrustu hagkvæmni og hins vegar að innheimt gjöld af vörum fari sem mest til að standa undir kostnaði við meðhöndlun og förgun spilliefna sem til eru komin vegna notkunar sömu vöru. Sérstaklega skal á það bent að óvissuþættir vegna meðhöndlunar og eyðingar spilliefna eru nokkrir, t.d. er ekki vitað með vissu hversu mikið magn spilliefna fellur til hér á landi. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra geti með reglugerð undanþegið einstakar vörutegundir skv.

1. mgr. Vegna þeirrar jákvæðu þróunar sem á sér nú stað við framleiðslu ýmissa vara, sem hingað til hafa innihaldið umhverfisspillandi efni, má gera ráð fyrir að í framtíðinni verði ekki nauðsyn á að leggja gjald á eins margar vörutegundir og nú er. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda með frumvarpi þessu.

Um 7. gr.

Við ýmiss konar framleiðslu hér á landi falla til spilliefni sem ekki verða til vegna notkunar vara sem fluttar hafa verið til landsins. Hér má t.d. nefna ryk frá hreinsibúnaði iðnfyrirtækja og eiturefni sem hreinsuð hafa verið úr hráefnum sem notuð eru í matvælaiðnaði. Til móttökustöðva er einnig skilað spilliefnum sem fluttar hafa verið inn sem vörur og 6. gr. frumvarpsins gildir ekki um eða vegna annarra ástæðna eru ekki háðar aðflutningsgjöldum en skila ber til móttökustöðva. Vegna þessa er gert ráð fyrir að notandinn greiði eyðingargjald til móttökustöðva eins og verið hefur til þess að standa straum af kostnaði við meðhöndlun, flutning og eyðingu spilliefna.

Um 8.–10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Rétt þykir að 6. gr. taki gildi áður en kemur til greiðslu kostnaðar við meðhöndlun og förgun spilliefna, en með því móti er tryggt að þegar lögin koma að fullu til framkvæmda verði fyrir hendi fjármagn til að standa straum af þeim kostnaði sem framkvæmdinni fylgir. Þetta er einnig eðlilegt í ljósi þess að einhver tími líður að jafnaði frá því að vörur eru fluttar til landsins og þar til þær verða að spilliefnum. Þá er nauðsynlegt að einhver tími líði frá gildistöku laganna þar til innheimta gjalda getur hafist þar sem áður þarf að fara fram útboð á þjónustu sem ákvarða mun upphæð gjalda sem sett verða með reglugerð.

Um ákvæði til bráðabrigða.

Þar sem óvissuþættir vegna kostnaðar við meðhöndlun og eyðingu spilliefna eru nokkrir þykir rétt að lögin komi til framkvæmda í áföngum. Lagt er til að einungis 1. tölul., c-liður 2. tölul. og 4. tölul. 6. gr. taki gildi strax. Olíuvörur, ósoneyðandi efni, rafhlöður og rafgeymar falla undir framangreinda völuflokka. Nokkur reynsla er komin á söfnun og móttöku úrgangsolíu og rafgeyma. Ljóst er að til eru aðilar í landinu sem geta með stuttum fyrirvara gert tilboð í meðhöndlun, söfnun, endurvinnslu og eyðingu þessara spilliefna. Þær atvinnugreinar, sem nota ósoneyðandi efni, hafa nú þegar kynnt sér hvernig endurvinnslu þessara efna er háttað á Norðurlöndum og hafa hug á að koma á skráningar- og söfnunarkerfi fyrir þessi efni hér á landi.

1125. Frumvarp til laga [30. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. apríl.)

1. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði, án þess að það teljist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi, er honum heimilt í stað beins kostnaðar skv. 2. mgr. að draga frá þeim tekjum húsaleigugjöld af íbúðarhúsnæði til eigin nota. Frádráttur þessi leyfist eingöngu til frádráttar leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er tímabundið til útleigu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1995 á tekjur ársins 1994.

1126. Frumvarp til laga [294. mál]

um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. apríl.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „Viðskiptabankar, sparisjóðir, veðdeildir við innlánsstofnanir og opinberir fjárfestingarlánasjóðir“ í 1. mgr. kemur: Lánastofnanir aðrar en eignarleigufyrirtæki.
2. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimildir til niðurfærslu viðskiptaskulda í 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. málsl. 5. tölul. 74. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda ekki um skattskylda aðila samkvæmt lögum þessum.

Frá tekjum aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum má draga þau almennu og sérstöku framlög í afskriftareikning útlána sem gjaldfærð eru í rekstrarreikningi í samræmi við gildandi reglur um ársreikning þessara aðila. Staða afskriftareiknings útlána í árslok dregst frá við uppgjör á eignarskattsstofni.

Færsla á tillögum í afskriftareikning innan eigin fjár er ekki heimilt að draga frá tekjum. Þessi eiginfjárreikningur skal ekki dreginn frá við uppgjör á eignarskattsstofni.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Þær stofnanir, sjóðir og félög sem skattskyld eru samkvæmt lögum þessum skulu undanþegin stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum sem þau kunna að taka á sig.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um skattskyldu lánastofnana.**

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1996 vegna tekjuársins 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á því ári þegar lög þessi öðlast gildi skulu viðskiptabankar og sparisjóðir samkvæmt þeim leysa upp og færa til skattskyldra tekna þá upphæð sem stendur á afskriftareikningi útlána sem byggist á ákvæði 3. gr. laga nr. 65/1982, sbr. 2. gr. laga nr. 51/1984. Miða skal tekjufærslu við stöðu reikningsins 31. desember 1993. Ákvæði 1. gr. laga þessara skulu síðan gilda um skattaleg reikningsskil viðkomandi skattaðila frá því tímamarki.

1127. Svar [591. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um nýtingu heimilda samkvæmt jarðalögum.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hve oft, hvar og hvernig hefur heimild skv. 14. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, verið beitt?

Tilgangur jarðalaga er sá að tryggja að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem stunda landbúnað, sbr. 1. gr. laganna. Sum ákvæði jarðalaga eru gagngert sett til stuðnings framangreindu tilgangsákvæði, þar á meðal eignarnámsheimildir 13. og 14. gr. laganna. 14. gr. laganna, sem hér er spurt um, er svohljóðandi:

„Nú er jörð í sameign, en einn sameigenda rekur bú á jörðinni og hefur þar fasta búsetu, og getur ráðherra þá, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, leyft honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna, enda hafi jarðanefnd og stjórn Búnaðarfélags Íslands mælt með því. Náist ekki samkomulag um verð á hinum innleystu hlutum skal fara um mat og greiðslu bóta eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.“

Í greinargerð með frumvarpi til jarðalaga segir svo um 14. gr.: „Sameign ábúenda og annarra að jörð getur, vegna ólíkra hagsmuna og sjónarmiða, leitt til margvíslegra erfiðleika. Rétt þykir að veita þeim, sem jörð situr, möguleika á að komast út úr þeim erfiðleikum sem sameign getur valdið með því að kaupa samkvæmt eignarnámsmati hluti meðeigenda sinna. Sama regla á við þegar fleiri en einn reka bú á jörð sem er í sameign með öðrum sem ekki reka bú á jörðinni.“

14. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. breytingu með lögum nr. 90/1984 er eins og áður sagði ein af eignarnámsheimildum jarðalaga. Frá gildistöku þeirra hefur innlausn á eignarhluta sameiganda í bújörð verið heimiluð í tveimur tilvikum, í Mýrasýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Beiðni um innlausn hefur hins vegar verið hafnað í sex tilvikum. Um er að ræða jarðir í Dalasýslu, Skagafjarðarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og tvær í Rangárvallasýslu. Ástæða synjunar er að beiðni hefur ekki uppfyllt skilyrði 14. gr. eða ekki hefur að mati ráðuneytisins verið nægilega sýnt fram á að hagsmunir sveitarfélagsins krefðust þess að innlausn yrði heimiluð.

Þá skal þess getið að í nokkrum öðrum tilvikum er um að ræða mál þar sem þeir sem farið hafa fram á innlausn skv. 14. gr. jarðalaga hafa ekki skilað ráðuneytinu þeim gögnum og upplýsingum sem nauðsynleg eru til að unnt hafi verið að taka afstöðu til viðkomandi beiðni.

1128. Nefndarálit [293. mál]

um frv. til l. um alferðir.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem mælir fyrir um setningu lagareglna um neytendavernd í ferðaþjónustu. Frumvarpið er meðal þeirra mála sem Íslendingar hafa með aðild að EES-samningnum skuldbundið sig til að festa í íslensk lög. Á fund nefndarinnar komu Jón Birgir Jónsson ráðuneytisstjóri og Ragnhildur Hjaltadóttir, skrifstofustjóri í samgönguráðuneyti, sem og Birgir Þorgilsson, formaður ferðamálaráðs. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, ferðamálaráði Íslands, Flugleiðum og Neytendasamtökunum.

Nefndin telur eðlilegt að hérlendis gildi sams konar reglur um neytendavernd í ferðaþjónustu og í þeim löndum Evrópu sem Íslendingar sækja mest til. Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Alþingi, 29. apríl 1994.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.
Árni Johnsen.	Egill Jónsson.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.		Sturla Böðvarsson.

1129. Nefndarálit [562. mál]

um frv. til l. um breyt á l. um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á fund til sín frá samgönguráðuneyti Jón Birgi Jónsson ráðuneytisstjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur skrifstofustjóra, sem og Birgi Þorgilsson, formann ferðamálaráðs.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins að teknu tilliti til breytinga sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Með þeim breytingum er gert ráð fyrir að skipunartími ferðamálaráðs og ferðamálasjóðs verði áfram tímabundinn til fjögurra ára í senn eins og í gildandi lögum.

Alþingi, 29. apríl 1994.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Sturla Böðvarsson.	Egill Jónsson.	Árni Johnsen.
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.	Petrína Baldursdóttir.

1130. Breytingartillögur [562. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. Greinin falli brott.
2. Við 10. gr. Greinin falli brott.

1131. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til l. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

Frá umhverfisráðherra.

1. Við 1. gr. Fyrri málsliður í skýringu orðanna *Villt dýr* orðist svo: allir fuglar og spendýr, önnur en selir, hvalir, gæludýr og bústofn.
2. Við 9. gr. Orðin „og kópum“ í 3. tölul. falli brott.
3. Við 16. gr. Greinin falli brott.

4. Við 19. gr.
   a. Orðin „og selaláturs“ í 2. mgr. falli brott.
   b. Orðin „kópaveiði og“ í 4. mgr. falli brott.
5. Við 22. gr.
   a. 2. tölul. orðist svo: 7. og 8. gr. í tilskipun um veiði frá 20. júní 1849.
   b. 3., 4. og 10. tölul. falli brott.

1132. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um hvaða atriði skulu sett í mengunarvarnareglugerðir m.a. vegna skuldbindinga í tengslum við EES-samninginn.

Nefndin fékk á sinn fund Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneyti, og Þórð Skúlason og Guðrúnu S. Hilmisdóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá studdist nefndin við umsagnir frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Heilbrigðiseftirliti Eyjafjarðar, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Hollustuvernd ríkisins, Læknafélagi Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vísindaráði.

Nefndin telur að þær hertu kröfur, sem leiða mun af lögfestingu frumvarpsins, séu jákvæðar og í samræmi við þá þróun sem hvarvetna á sér stað á sviði umhverfismála. Nefndin vill þó taka fram að fyrir liggur að hinar auknu kröfur beinast einkum að sveitarfélögum. Fram kom í máli fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga að þau væru afar misjafnlega vel í stakk búin til að gera þær úrbætur sem krafist yrði. Stærstu sveitarfélögin hafa frest til ársins 2000 til að gera þær úrbætur sem þörf er á en sveitarfélög með 15.000 íbúa eða færri hafa svigrúm til ársins 2005. Umhverfisráðuneyti mun þegar hafa átt viðræður við félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga vegna þessa máls og leggur umhverfisnefnd áherslu á að þessir aðilar hafi gott samráð við framkvæmd málsins.

Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingar þær sem lagðar eru til eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að kveða megi á um þau atriði, sem tiltekin eru í tölulið 3.2 í öðrum reglugerðum en sérstakri mengunarvarnareglugerð og er sú breyting í samræmi við orðalag í tölulið 3.1.
2. Orðalagsbreyting sú, sem lögð er til í tölulið 3.2.1, er til að taka af tvímæli um að kveðið skuli á um hin tilgreindu atriði í reglugerð, en ekki nægi að tiltaka þau í starfsleyfi.

3. Lagt er til að við bætist þrír nýir töluliðir sem fjalla um umhverfisstjórn og eftirlitskerfi fyrirtækja, umhverfismerki á vörur og eftirlit með flutningi úrgangs milli landa. Breytingin er gerð að beiðni umhverfisráðuneytis og er forsenda þess sú að ráðuneytið hafi heimild til að taka upp í stjórnvaldsfyrirmæli efni eftirtalinna reglugerða: Reglugerð 880/92/EBE, um veitingu vistmerkis Evrópubandalagsins. Markmið þeirrar reglugerðar er að stuðla að betri markaðsstöðu vara sem hafa lítil neikvæð áhrif á umhverfið og að veita neytendum betri upplýsingar um áhrif þeirra á umhverfið. Í reglugerðinni eru ákvæði um veitingu opinbers umhverfismerkis til þeirra aðila sem óska eftir að nota það á sínar vörur. Reglugerð 1836/93/EBE er ætlað að hvetja iðnfyrirtæki til að laga starfsemi sína að markmiðum umhverfisverndar. Í henni er kveðið á um hvernig standa eigi að vottun og faggildingu á sviði umhverfismála. Reglugerð 259/93 EBE kveður á um að tilkynna beri viðkomandi yfirvöldum ef fyrirhugað er að flytja úrgang á milli landa innan Evrópubandalagsins og út úr því og munu sömu reglur gilda á öllu EES-svæðinu.
4. Lagt er til að tölul. 3.2.6 nái til annars atvinnurekstrar en þess sem í daglegu tali er nefndur iðnaður. Lögð er áhersla á að reglur, sem koma í veg fyrir mengun vatns, gildi í öllum atvinnurekstri þar sem vatn er notað í einhverjum mæli.
5. Breytingar, sem lagðar eru til í tölulið 3.2.8 og 3.2.9, eru taldar gera ákvæðin skýrari.
6. Lagt er til að nýjum lið varðandi varnir gegn jarðvegsmengun verði bætt við, en ekki verður séð að minni þörf sé á að tryggja þann þátt en aðra sem tilgreindir eru í frumvarpinu.
7. Orðalagsbreyting í tölulið 3.2.11 í 3. gr. er til samræmingar við orðalag frumvarpsins að öðru leyti.
8. Lagt er til að felld verði brott í tölulið 3.2.14 heimild til að ákvarða viðurlög og málsmeðferð í reglugerð, en heimildin er talin óljós eins og henni er fyrir komið í frumvarpinu.

Alþingi, 28. apríl 1994.

Kristín Einarsdóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Jón Helgason.
Árni M. Mathiesen.	Hjörleifur Guttormsson.	Petrína Baldursdóttir.
Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.

1133. Breytingartillögur [285. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá umhverfisnefnd.

Við 1. gr.

a. Á eftir orðinu „mengunarvarnareglugerð“ í tölul. 3.2 komi: eða öðrum reglugerðum.

b. Tölul. 3.2.1 orðist svo: Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Í reglugerð skulu m.a. vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
c. Á eftir tölul. 3.2.4 komi þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
   5. Umhverfisstjórn og eftirlitskerfi fyrirtækja, svo og viðurkenningar, úttektir og eftirlit með slíkum kerfum.
   6. Umhverfismerki á vörur, m.a. um veitingu þeirra og gjaldtöku.
   7. Eftirlit með flutningi úrgangs milli landa og tilkynningarskyldu aðila sem meðhöndla og flytja slíkan úrgang.
d. Í stað orðsins „iðnaði“ í tölul. 3.2.6 komi: atvinnurekstri.
e. Við tölul. 3.2.8 bætist: í frárennsli.
f. Í stað orðsins „vatn“ í tölul. 3.2.9 komi: grunnvatn og yfirborðsvatn.
g. Á eftir tölul. 3.2.10 komi nýr tölul., svohljóðandi: Varnir gegn jarðvegsmengun og viðmiðunarmörk fyrir jarðveg.
h. Í stað orðsins „viðmiðunarreglur“ í tölul. 3.2.11 komi: viðmiðunarmörk.
i. Orðin „jafnframt viðurlög og málsmeðferð“ í tölul. 3.2.14 falli brott.

1134. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/1993, um neytendalán.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á fund til sín Þorkel Helgason, Finn Sveinbjörnsson og Gunnar Viðar frá viðskiptaráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá ASÍ, BSRB, Iðnlánasjóði, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands og Verslunarráði Íslands. Allir umsagnaraðilar tóku jákvæða afstöðu til frumvarpsins þó að sumir teldu smávægilegra lagfæringa þörf.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1994.

Vilhjálmur Egilsson, frsm.	Halldór Ásgrímsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Guðjón Guðmundsson.	Ingi Björn Albertsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.

1135. Nefndarálit [547. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á fund til sín Steingrím Ara Arason,

Snorra Olsen og Ingibjörgu Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Íslenskri verslun, Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði. Þá barst nefndinni einnig umsögn iðnaðarnefndar um málið og er hún birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Þar kemur fram að ýmsir vankantar séu á frumvarpinu eins og það liggur fyrir en iðnaðarnefnd mælir þó með samþykkt þess.

Nefndin telur rétt að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Guðjón Guðmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Ingi Björn Albertsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Fylgiskjal.

Umsögn iðnaðarnefndar.
(28. apríl 1994.)

Með bréfi, dags. 13. apríl 1994, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, 547. mál þingsins (undirboðs- og jöfnunartollar).

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um málið Margréti Björnsdóttur, aðstoðarmann iðnaðarráðherra, Pál Ásgrímsson, lögfræðing í iðnaðarráðuneyti, Indriða Þorláksson, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneyti, og Ingibjörgu Þorsteinsdóttur, lögfræðing í fjármálaráðuneyti.

Iðnaðarnefnd telur að það sé til bóta að koma þeim ákvæðum, sem felast í frumvarpinu, í íslenska löggjöf en telur jafnframt að frumvarpið sé því miður of óljóst í þeim búningi sem það er í nú. Nefndin óttast að það ferli, sem kveðið er á um í frumvarpinu, taki of langan tíma, þ.e. frá því að grunur vaknar um undirboð og þar til úrskurður verður felldur í málinu. Iðnaðarnefnd telur til bóta að gert er ráð fyrir því í nefnd að neitunarvald utanríkisráðuneytis falli brott úr frumvarpinu en upplýsingar um það komu fram á fundi iðnaðarnefndar. Nefndin óskaði eftir því að tilgreind yrðu dæmi um í hvaða tilvikum frumvarpið hefði orðið að gagni við að stöðva undirboð hefði það orðið að lögum fyrr. Engin svör fengust.

Með hliðsjón af því að skammt er til þingloka telur nefndin rétt að samþykkja meginstefnu frumvarpsins um álagningu undirboðs- og jöfnunartolla. Nefndin bendir engu að síður á að æskilegt hefði verið að búa betur um hnútana í frumvarpinu og óttast að frumvarpið muni ekki, þó að lögum verði, koma iðnaðinum að þeim notum sem forsvarsmenn hans virðast gera ráð fyrir.

F.h. iðnaðarnefndar,

Svavar Gestsson,
form.

1136. Fyrirspurn [620. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning á forunnum kartöflum.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hafa verið fluttar inn forunnar kartöflur til framleiðslu á frönskum kartöflum? Ef svo er:

a. í hve miklum mæli, á árunum 1988–1993, hverju fyrir sig,
b. frá hvaða löndum?

Skriflegt svar óskast.

1137. Nefndarálit [40. mál]

um till. til þál. um mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem felur í sér að mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum nýrrar löggjafar fylgi stjórnarfrumvörpum.

Nefndin aflaði sér upplýsinga um fyrirkomulag í þessu efni í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í öllum löndunum hefur verið hugað að þessu atriði. Danir hafa þegar sett reglur í þessum efnum eins og nánar er lýst hér á eftir. Í Noregi er nú unnið að gerð svipaðra reglna fyrir stjórnsýsluna þar sem kveðið er á um að taka skuli tillit til umhverfisþátta við undirbúning frumvarpa auk fjárhagslegra sjónarmiða. Fyrir sænska þinginu liggur nú frumvarp sem gerir ráð fyrir því sem meginreglu að mat á umhverfisáhrifum fylgi lagafrumvörpum.

Danir byggja framkvæmd sína á reglugerð forsætisráðuneytis og verklagsreglum sem umhverfisráðuneytið hefur sett á grundvelli þeirra. Fyrirmæli forsætisráðuneytisins fela í sér að lýsing á umhverfisáhrifum skuli fylgja öllum stjórnarfrumvörpum sé lögfesting þeirra talin hafa veruleg áhrif á umhverfið. Einstök fagráðuneyti eiga að meta hvort svo sé. Í fyrirmælunum segir að lýsa skuli hugsanlegum áhrifum löggjafarinnar á heilbrigði og öryggi, dýra- og jurtalíf, vatn, andrúmsloft og landslag. Tekið er fram að matið skuli vera innan framkvæmanlegra marka og ekki svo umfangsmikið að koma þurfi á fót nýjum stjórnsýsluaðila til að vinna það. Í riti danska umhverfisráðuneytisins er nánar kveðið á um það hvernig mat á umhverfisáhrifum í kjölfar lagasetningar skuli unnið. Þar segir að meta skuli bæði jákvæð og neikvæð áhrif löggjafar á umhverfið. Viðkomandi fagráðuneyti eigi að kanna sérhvert lagafrumvarp með tilliti til þess og hefur ráðuneytið tekið saman ítarlegan lista þar sem tiltekin eru viðmiðunaratriði sem hafa ber í huga.

Minni hlutinn mælir með samþykkt þingsályktunartillögunar og telur m.a. rétt að byggja á þeirri reynslu sem þegar er fengin í nágrannalöndum.

Við lok umfjöllunar um tillöguna í nefndinni kom ekki fram andstaða við efni tillögunnar. Meiri hlutinn lagðist hins vegar gegn afgreiðslu hennar með vísan til þess að von væri á frumvarpi frá ríkisstjórninni þar sem m.a. væri gert ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi og tillagan gerir ráð fyrir. Frumvarp þetta yrði þó aðeins lagt fram til kynningar að þessu sinni. Minni hlutinn gagnrýnir þessa afstöðu og telur hana afar ómálefnalega. Eðlilegt er að vilji Alþingis komi fram í þessu máli fyrr en seinna.

Alþingi, 2. maí 1994.

Kristín Einarsdóttir, form., frsm. Jón Helgason. Hjörleifur Guttormsson.

Ólafur Ragnar Grímsson.

1138. Lög [30. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1125.

1139. Lög [477. mál]

um Rannsóknarráð Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1072 með þessari breytingu:

22. gr. hljóðar svo:
Menntamálaráðherra er heimilt í samráði við mennta- og rannsóknarstofnanir að setja

á stofn tímabundnar stöður prófessora er sinni rannsóknum á sviðum sem talin eru sérstaklega mikilvæg. Rannsóknarráð Íslands og mennta- og rannsóknarstofnanir geta gert tillögur til menntamálaráðherra um að slíkar stöður verði stofnaðar.

Í stöður rannsóknarprófessora skal einungis ráða þá sem hlotið hafa viðurkenningu á alþjóðlegum vettvangi fyrir rannsóknarstörf eða hafa lagt fram markverðan skerf til rannsókna á sviði íslenskra fræða. Sérstök dómnefnd skal meta hæfni umsækjenda.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um stöður rannsóknarprófessora.

1140. Nefndarálit [452. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993, sbr. lög nr. 115/1193.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft til athugunar frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1993. Í frumvarpinu kemur fram að greiðslur úr ríkissjóði séu nettó 4.414,5 millj. kr. lægri en heimildir gerðu ráð fyrir. Minni hluti nefndarinnar bendir á að fjáraukalög voru samþykkt í desember sl. og í ljósi þess eru frávik við endanlegt greiðsluuppgjör mjög mikil. Enn fremur bendir minni hlutinn á að þær fjárhæðir, sem yfirfærðar eru á milli ára, hafa farið verulega vaxandi, en yfirfærsla fjármuna frá árinu 1993–94 nemur 1,9 milljörðum kr.

Fjárlaganefnd óskaði eftir upplýsingum um ýmsa þætti frumvarpsins og bárust svör seint. Óskað var eftir afstöðu fjármálaráðuneytisins er varðar bréf frá ASÍ, dags. 23. febrúar 1994, sem er athugasemdir við framlög til atvinnuskapandi framkvæmda af hálfu ríkisstjórnar. Svar hefur enn ekki borist. Í bréfi ASÍ er því haldið fram að allt að 1.800 millj. kr. vanti upp á að staðið sé við gefin fyrirheit.

Minni hlutinn hafði fengið þær upplýsingar að lækkun rekstrarútgjalda sjúkrahúsanna í Reykjavík frá árinu 1991–93 næmi um 600 millj. kr. Í bréfi fjármálaráðuneytisins frá 7. apríl sl. kemur fram að lækkunin er aðeins 390 millj. kr. þegar tekið hefur verið tillit til flutnings á verkefnum á tímabilinu. Þá er í svari ráðuneytisins tekið fram að aðeins er miðað við greiðslutölur en ekki raunveruleg rekstrarútgjöld stofnana. Því geti aukafjárveitingar vegna rekstrarhalla fyrri ára átt eftir að skekkja myndina. Má telja eins víst að svo sé og raunverulegur sparnaður því enn minni en þessar tölur segja til um.

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að betri og nákvæmari upplýsingar liggi fyrir við afgreiðslu fjáraukalaga seinni hluta árs þannig að frávik á endanlegu uppgjöri verði innan þeirra marka sem eðlilegt getur talist.

Í ljósi framanritaðs hefur minni hlutinn ákveðið að sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 27. apríl 1994.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, frsm. Margrét Frímannsdóttir. Jón Kristjánsson.

Guðmundur Bjarnason. Guðrún Helgadóttir.

Fylgiskjal.

Athugasemdir við framlög til framkvæmda af hálfu ríkisstjórnar.

(23. febrúar 1994.)

Í beinu framhaldi af bæði fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins frá 19. janúar sl. (nr. 3/1994) og fundar með starfsmönnum ráðuneytisins 3. febrúar hefur komið í ljós að nokkuð vantar á að framlög til framkvæmda séu í samræmi við þær forsendur og yfirlýsingar sem lágu til grundvallar framlengingu kjarasamninga í nóvember sl. Enn fremur er þetta ekki í neinu samræmi við þá fréttatilkynningu sem ráðuneytið gaf út í byrjun febrúar sl. þar sem fram kom að einungis 326 millj. kr. væru ónýttar af framlögum til framkvæmda á sl. ári. Þetta kemur berlega í ljós í meðfylgjandi töflu.

Varðandi árið 1993 var út frá því gengið að viðhald og stofnkostnaður á vegum ríkisins yrði 17.000 millj. kr. en samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Ríkisbókhalds voru útgjöldin aðeins um 15.700 millj. kr. Miðað við þessar upplýsingar vantar því rúmlega 1.300 millj. kr. á að staðið hafi verið við yfirlýsingu ríkisstjórnar vegna ársins 1993 frá því við gerð kjarasamninganna í maí 1993. Athygli er vakin á því að við endurskoðun kjarasamninga var gengið út frá því að útgjöld ríkissjóðs vegna þessara málaflokka yrðu um 16.445 millj. kr. (sbr. bréf hagdeildar ASÍ frá 8. október 1993) eða um 900 millj. kr. meiri en raunin varð á.

Hvað varðar árið 1994 hefur verið tekið tillit til tveggja atriða miðað við þær fjárhæðir sem fram koma í fjárlögum fyrir árið 1994. Annars vegar hefur verið tekið tillit til verðuppfærslu milli áranna 1993 og 1994 (2,5% miðað við forsendur fjárlaga) en yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá því í maí 1993 miðaði við verðlag ársins 1993. Hins vegar hefur verið bætt við þessa fjárhæð samkvæmt því samkomulagi sem gert var við framlengingu kjarasamninga í nóvember 1993. Með þessu samkomulagi var ákveðið að telja framlög sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna átaksverkefna (500 millj. kr.) og áætlað framkvæmdamagn vegna jarðgangagerðar undir Hvalfjörð sem hluta af þessu framkvæmdamagni. Að teknu tilliti til þessara atriða þykir einsýnt að um 440 millj. kr. vanti á framlög til framkvæmda á árinu 1994.

Ef litið er á bæði árin er því ljóst að í heild vantar um 1.780 millj. kr. til þess að ríkisstjórnin hafi staðið við yfirlýsingar sínar bæði við gerð kjarasamninga í maí og við framlengingu þeirra í nóvember.

(Upphæðir eru í þús. kr.)	Viðmiðun í samningum	1993 (á verðlagi ársins)	1994 (á verðlagi ársins)	Samtals umfram viðmiðun
Yfirlýsing ríkisstjórnar	14.000	17.000	16.400	5.400
Framkvæmd ríkisstjórnar	14.000	15.664	15.960	3.624
Frávik:		**-1.336**	**-440**	**-1.776**

Skýringar við fjárhæðir í töflu:	**1993**
Viðhald	3.422
Stofnkostnaður	11.242
Samtals	**15.664**
	1994
Viðhald á verðlagi 1994	3.132
Stofnkostnaður á verðlagi 1994	11.828
Samtals á verðlagi 1994	14.960
Samkomulag vegna framlengingar	1.000
Samtals viðmiðun vegna 1994	**15.960**

1141. Nefndarálit [207. mál]

um till. til þál. um græn símanúmer hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á fund til sín Jón Birgi Jónsson, ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneyti. Þá bárust nefndinni mjög jákvæðar umsagnir um málið frá Póst- og símamálastofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á næsta ári verði komið upp grænum símanúmerum í öllum ráðuneytum Stjórnarráðsins og helstu stofnunum ríkisins.

Guðni Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1994.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Petrína Baldursdóttir.	Sturla Böðvarsson.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.
Egill Jónsson.		Árni Johnsen.

1142. Svar [598. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar J. Halldórsdóttur um fjárveitingu úr starfsmenntasjóði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjir hafa fengið styrk úr starfsmenntasjóði síðan hann var stofnaður og í hvaða skyni?*
2. *Hve háar fjárhæðir voru veittar til hvers verkefnis og hve mikið var umfang hvers verkefnis (stundafjöldi — þátttakendafjöldi)?*

Hinn 15. maí 1992 samþykkti Alþingi lög nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu. Í III. kafla laganna er fjallað um starfsmenntasjóð. Fyrsta úthlutun úr starfsmenntasjóði fór fram í lok árs 1992. Þá var úthlutað alls 43.410.000 kr. Úthlutun ársins 1993 skiptist í tvo hluta, vor- og haustúthlutun, en alls nam úthlutun ársins 1993 40.971.675 kr. Úthlutun ársins 1994 er enn ekki lokið en gert er ráð fyrir að hún liggi fyrir í byrjun maí. Alls hefur þar af leiðandi verið úthlutað úr starfsmenntasjóði 84.381.675 kr. og skiptist upphæðin á milli 42 aðila sem fengið hafa styrk vegna 91 verkefnis.

Yfirlit yfir úthlutanir úr starfsmenntasjóði.

Arkitektafélag Íslands.

Veittur styrkur 1993, alls 115.000 kr., fyrir námskeið um byggingarlist og skipulag á Íslandi. Gert er ráð fyrir 25 kennslustunda námskeiði fyrir 10–15 þátttakendur.

Bréfaskólinn og Framhaldsskóli Vestfjarða.

Veittur styrkur 1992, alls 900.000 kr., til að útbúa námsgögn og skipuleggja verklega kennslu fyrir námskeið í vélavörslu með fjarkennslusniði. Þátttakendur voru 55.

Veittur styrkur 1993, alls 400.000 kr., fyrir námgagnagerð um tölvubókhald. Áætlað að kennslubréfin nýtist 20 nemendum á ári.

Eftirmenntun bílgreina.

Veittur styrkur 1992, alls 1.200.000 kr., til framleiðslu námskeiðsins „Umhverfisvernd í bílgreininni“. Þátttakendafjöldi liggur ekki fyrir.

Veittur styrkur 1993, alls 2.382.500 kr., vegna tveggja námskeiða: a. Umgengni við smur- og kælikerfi farartækja (16 kennslustundir). b. Meðferð og sala hjólbarða (20 kennslustundir). Áætlað er að allt að 1.000 manns geti nýtt sér þessi námskeið.

Endurmenntunarráð bygginga- og tréiðnaðarmanna.

Veittur styrkur 1992, alls 2.900.000 kr., vegna sex námskeiða um: a. Staðbyggð timburhús. b. Innan húss vegg- og loftklæðningar. c. Viðgerðir á steyptum húsum. d. Endurbyggingu og viðhald timburhúsa. e. Plaströrasuða. f. Málningarefnisfræði.

Veittur styrkur 1993, alls 825.000 kr., vegna tveggja námskeiða: a. Innréttingasmíði (20 kennslustundir). b. Tilboðsgerð og verksamningar í byggingariðnaði (20 kennslustundir). Áætlað er að námskeiðin muni sækja 12–15 þátttakendur í hvert sinn.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.
Veittur styrkur 1993, alls 1.000.000 kr., til undirbúnings náms í sjávarútvegsfræðum.

Farskóli Vestfjarða.
Veittur styrkur 1993, alls 500.000 kr., vegna níu mánaða námskeiðs fyrir leiðsögumenn. Áætlað er að þátttakendur verði 15.

Félag fótaaðgerðafræðinga.
Veittur styrkur 1993, alls 200.000 kr., vegna námskeiðs í hlífðarmeðferð (32 kennslustundir). Áætlaður þátttakendafjöldi er 8–12 manns.

Fræðslunefnd félagsmálaráðuneytisins.
Veittur styrkur 1993, alls 1.400.000 kr., vegna námskeiðs fyrir meðferðarfulltrúa. Áætlaður þátttakendafjöldi er 325 manns.

Fræðsluráð byggingariðnaðarins.
Veittur styrkur 1993, alls 1.387.500 kr., vegna þriggja námskeiða: a. Notkun akrýllakka (20 kennslustundir). b. Gasflæðilagnir og loftkerfi I og II (40 kennslustundir). c. Greining steypuskemmda og mat á viðgerðum (20 kennslustundir). Gert er ráð fyrir að þátttakendur verði 12–16 á hverju námskeiði.

Fræðsluráð hótel- og veitingagreina.
Veittur styrkur 1992, alls 1.675.000 kr., vegna tveggja námskeiða: a. Samskipti og þjónusta (12 kennslustundir). b. Endurmenntunarnámskeið fyrir matreiðslumenn (78 kennslustundir). Þátttakendur voru alls 199.
Veittur styrkur 1993, alls 1.997.600 kr., vegna tveggja námskeiða: a. Námskeið fyrir starfsfólk í gestamóttöku (100 kennslustundir). b. Námskeið til að auka þekkingu framreiðslumanna á vínum (44 kennslustundir). Áætlað er að þátttakendur verði 12–16 á hverju námskeiði.

Fræðsluráð málmiðnaðarins.
Veittur styrkur 1992 fyrir fagnefnd blikksmiða, alls 1.000.000 kr., til að þýða og staðfæra námsgögn um læstar klæðningar.
Veittur styrkur 1992 fyrir fagnefnd stál- og vélsmíða, alls 2.200.000 kr., vegna sex verkefna: a. Gerð námsgagna um háþrýst vökvakerfi. b. Hönnun námskeiða og námsgagnagerð vegna námskeiða um; smíðamálma, yfirborðsmeðhöndlun á ryðfríum efnum og áli, mótun og samsetning ryðfrírra efna og áls, plastefni í færiböndum, legum o.fl.
Veittur styrkur 1993 fyrir fagnefnd stál- og vélsmíða, alls 3.012.500 kr., til 37 daga framhaldsnámskeiðs fyrir málmsuðumenn og tækjakaupa vegna málmsuðunámskeiða. Áætlaður þátttakendafjöldi 150 á næstu árum.

Hagkaup hf.

Veittur styrkur 1993, alls 300.000 kr., vegna námskeiðs fyrir starfsfók sem vinnur með textíl (12 kennslustundir). Áætlað er að þátttakendur verði alls um 100.

Hjúkrunarfélag Íslands.

Veittur styrkur 1993, alls 185.000 kr., vegna fjögurra vikna námskeiðs í vinnuvernd. Áætlað er að þátttakendur verði 15–20.

Iðnskólinn í Hafnarfirði.

Veittur styrkur 1992, alls 150.000 kr., vegna námskeiðs fyrir starfsfólk í trefjaplastiðnaði.

Iðnskólinn í Reykjavík og Landssamtök sláturleyfishafa.

Veittur styrkur 1993, alls 380.000 kr., fyrir sex vikna slátraranámskeið. Áætlaður fjöldi þátttakenda er 20–25.

Iðntæknistofnun Íslands.

Veittur styrkur 1992, alls 2.975.000 kr., vegna fjögurra verkefna: a. Námskeið fyrir leiðbeinendur í starfsfræðslu (60 kennslustundir), b. Réttindanám fyrir vinnuvélstjóra, c. Starfsnám ræstingastjóra, d. Námskeið í suðu á ryðfríu stáli (TIG-suðu).

Veittur styrkur 1993, alls 2.475.000 kr., vegna tveggja námskeiða: a. Hagnýting á nýrri geymslutækni (2–3 dagar), b. Námskeið fyrir aðstoðarmenn á rannsóknarstofum (180–250 kennslustundir). Þátttakendafjöldi er áætlaður um 100 á námskeiði a, en 100 árlega á b.

Landspítalinn, barna- og unglingageðdeild.

Veittur styrkur 1992, alls 1.600.000 kr., til að setja af stað nám fyrir meðferðarfulltrúa á stofnunum fyrir börn og unglinga í vanda (160 kennslustundir). Þátttakendur voru 12 á fyrsta námskeiðinu, en endanlegur þátttakendafjöldi liggur ekki fyrir.

Landssamband bakarameistara.

Veittur styrkur 1993, alls 1.516.500 kr., vegna sex daga námskeiðs um sölutækni og þjónustu í bakaríum. Áætlaður fjöldi þátttakenda er 60–70 manns.

Landssamband iðnaðarmanna.

Veittur styrkur 1993, alls 682.500 kr., vegna námskeiðs fyrir húsgagnabólstrara. Áætlað er að hvert námskeið verði tvær vikur og þátttakendur verði 20–30.

Matreiðsluskólinn okkar.

Veittur styrkur 1992, alls 700.000 kr., til endurmenntunarnámskeiðs fyrir matreiðslumenn, kjötiðnaðarmenn og bakara (23 kennslustundir). Þátttakendur voru 26.

Veittur styrkur 1993, alls 1.705.000 kr., vegna tveggja námskeiða: a. Smurbrauðsgerð (10 vikna námskeið). b. Námskeið fyrir matreiðslumenn um grænmetis- og heilsufæði (40 kennslustundir). Áætlað að 10–16 þátttakendur sæki hvort námskeið.

Meistarafélag kjötiðnaðarmanna.

Veittur styrkur 1993, alls 585.000 kr., vegna 2–3 daga námskeiðs um þurrpylsugerð og notkun aukefna í kjötiðnaði. Áætlað er að þátttakendur verði 20.

Menningar- og fræðslusamband alþýðu.

Veittur styrkur 1992, alls 7.740.000 kr., vegna fjögurra námskeiða: a. Umönnun aldraðra (40–60 kennslustundir). b. Umönnun barna (60 kennslustundir). c. Fyrir starfandi fólk í ræstingu (40 kennslustundir). d. Umönnun þroskaheftra (40 kennslustundir). Þátttakendur alls 239 vegna námskeiða a–c, en þátttakendafjöldi vegna námskeiðs d liggur ekki fyrir.

Veittur styrkur 1992, alls 2.200.000 kr., til námskeiðahalds fyrir atvinnulausa (20–25 kennslustundir). Þátttakendur alls 335.

Veittur styrkur 1993, alls 2.235.000 kr., til námskeiðahalds: a. Námskeið fyrir atvinnulausa (20–25 kennslustundir). b. Námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu (45 kennslustundir). c. Námskeið fyrir starfsfólk í skólamötuneytum (68 kennslustundir). Þátttakendafjöldi er áætlaður 96–200 í námskeiðum b og c, en 12–20 á hverju námskeiði fyrir atvinnulausa.

Móberg hf.

Veittur styrkur 1992, alls 700.000 kr., til að skipuleggja og undirbúa nám á sviði umhverfisverndar og mengunarmála (fyrir starfsfólk smærri fyrirtækja).

Múrarafélag Reykjavíkur o.fl.

Veittur styrkur 1993, alls 694.500 kr., vegna námskeiðs um hleðslu á múrsteini og holsteini. Þátttakendur verða samtals 24.

Námsflokkar Reykjavíkur.

Veittur styrkur 1992, alls 550.000. kr., til námskeiðahalds fyrir atvinnulausa.

Veittur styrkur 1993, alls 2.000.000 kr., til námskeiðahalds fyrir atvinnulausa. Áætlað að þátttakendur verði samtals 600.

Prenttæknistofnun.

Veittur styrkur 1992, alls 2.000.000 kr., vegna tveggja verkefna: a. Námskeið um tölvuútskot (24 kennslustundir). b. Þýðingar og námsgagnagerð fyrir 17 námskeið.

Veittur styrkur 1993, alls 2.610.000 kr., vegna þriggja námskeiða: a. Hönnun og útgáfa (20 kennslustundir). b. Tölvuprentsmíð (80 kennslustundir). c. Mynd- og litvinnsla í tölvu (20 kennslustundir). Áætlað er að þátttakendur verði alls 60.

Rafiðnaðarskólinn.

Veittur styrkur 1992, alls 5.300.000 kr., vegna þriggja námskeiða: a. Kæli- og varmadælutækni. b. Tölvulagnir og áhrif truflana á gagnasendingar og tölvukerfi (40 kennslustundir). c. Síma- og tölvulagnir (40 kennslustundir). Þátttakendur voru alls 53 á námskeiðum b og c, en námskeiði a er ólokið.

Veittur styrkur 1993, alls 881.250 kr., vegna námskeiðs um uppsetningu og þjónustu rafeindaiðnstýringar. Áætlað er að þátttakendur verði alls 200–300.

Regnbogahótelin.
Veittur styrkur 1992, alls 2.000.000 kr., fyrir námskeiðið „Gæði í þína þjónustu" (176 kennslustundir). Þátttakendur voru alls 179.

Reykjavíkurprófastsdæmi.
Veittur styrkur 1992, alls 300.000 kr., til rekstrar á miðstöð fyrir atvinnulausa.

Sameiningarnefnd hársnyrtigreina.
Veittur styrkur 1993, alls 1.000.000 kr., vegna endurmenntunarnámskeiða hársnyrtigreina (54 klukkustundir). Áætlað er að þátttakendur verði samtals 128.

Samstarfsnefnd um starfsmenntun verslunarfólks.
Veittur styrkur 1993, alls 4.710.000 kr., vegna tveggja námskeiða: a. Námskeið til að bæta þekkingu og hæfni starfsfólks í verslunum (20 kennslustundir). b. Grunnþekking á kjötvörum og meðferð þeirra (20 kennslustundir). Áætlað er að þátttakendur verði alls 345.

Starfsfræðslunefnd fyrir iðnverkafólk.
Veittur styrkur 1992, alls 6.200.000 kr., til endurskoðunar námsefnis vegna fjögurra námskeiða og kjarna allra námskeiða, svo og hluti rekstrarkostnaðar. Námskeið fyrir: a. Fata- og skinnaiðnað. b. Matvælaiðnað og mötuneyti. c. Efnalaugar og þvottahús. d. málningar- og hreinlætisvöruiðnað. Þátttakendur alls 60.

Starfsmannafélagið Sókn.
Veittur styrkur 1993, alls 1.244.825 kr., til námsefnisgerðar vegna námskeiða fyrir starfsfólk á leikskólum (70 og 100 kennslustunda námskeið). Þátttakendafjöldi áætlaður 95–105 manns á ári.

Starfsþjálfun fatlaðra.
Veittur styrkur 1992, alls 500.000 kr., til tölvunámskeiðs fyrir fatlaða (30 kennslustundir). Þátttakendur voru 60.
Veittur styrkur 1993, alls 712.500 kr., fyrir fjögurra mánaða starfsþjálfun nemenda á vinnustöðum. Áætlað að 10–15 verði í hverjum þjálfunarhóp.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík.
Veittur styrkur 1993, alls 1.050.000 kr., til endurmenntunarnámskeiðs fyrir skipstjórnarmenn (40 kennslustundir). Áætlaður fjöldi þátttakenda er 66–70.

Upplýsingaþjónusta Háskólans.
Veittur styrkur 1993, alls 460.000 kr., til miðlunar á fræðsluefni fyrir atvinnulausa.

Verslunarmannafélag Húsavíkur.
Veittur styrkur 1992, alls 620.000 kr., til námskeiðs fyrir starfandi afgreiðslu- og skrifstofufólk í Suður-Þingeyjarsýslu. Verkefninu er ólokið.

Vestmannaeyjabær.
Veittur styrkur 1993, alls 250.000 kr., vegna framhaldsnámskeiðs fyrir starfsfólk dagvistarstofnana, sjúkrahúss, elliheimilis og heimilishjálpar (120 kennslustundir alls). Áætlaður fjöldi þátttakenda er 70 manns.

Vélskóli Íslands.
Veittur styrkur 1993, alls 762.000 kr., vegna þriggja námskeiða: a. Í stýrðu viðhaldi (20 kennslustundir). b. Í kælitækni (30 kennslustundir) c. Á vélhermi (40 kennslustundir). Áætlað er að þátttakendur verði alls 85.

Vinnuhópur um gerð námsefnis fyrir dagmæður.
Veittur styrkur 1993, alls 600.000 kr., vegna námsefnisgerðar. Námskeiðin verða 60 stundir og áætlaður fjöldi þátttakenda er 200 á ári.

Ökukennarafélag Íslands.
Veittur styrkur 1993, alls 712.500 kr., vegna námsefnisgerðar fyrir nám til aukinna ökuréttinda (sex vikna námskeið). Áætlað er að þátttakendur verði 300–400 á ári.

Starfsmenntunarverkefni sem hlutu styrk úr starfsmenntasjóði 1992 standa að hluta til enn yfir. Upplýsingar sem gefnar eru um kennslustunda- og þátttakendafjölda vegna þeirra verkefna ber að taka með þeim fyrirvara. Gert er ráð fyrir að fullnaðaruppgjör vegna verkefna sem hlutu styrk 1992 liggi fyrir í lok maímánaðar.

Ekki hefur verið óskað eftir fullnaðaruppgjörum vegna styrkja sem veittir voru á árinu 1993, en það verður gert á næstu dögum. Upplýsingar um þátttakenda- og kennslustundafjölda vegna þeirra verkefna byggjast á áætlunum sem koma fram í styrkumsóknum.

Styrkir starfsmenntasjóðs skiptast á eftirfarandi hátt á milli iðngreina	kr.
Arkitektar	115.000
Atvinnulausir	7.010.000
Bílgreinamenn	3.582.500
Bygginga- og tréiðnaðarmenn	5.807.000
Hársnyrtifólk og snyrtifræðingar	1.200.000
Hjúkrunarfræðingar	185.000
Húsgagnabólstrarar	682.500
Iðnverkafólk	6.350.000
Málmiðnaðarmenn	6.212.500
Leiðsögumenn	500.000
Prentsmiðir	4.610.000
Rafiðnaðarmenn	6.181.250
Sérhæft starfsfólk í matvælaiðnaði	965.000
Skipstjórnarmenn	1.050.000
Ófaglært starfsfólk í ferðaþjónustu	550.000
Ófaglært starfsfólk í sjávarútvegi	1.000.000
Starfsfólk hótel- og veitingahúsa	8.122.600
Ófaglært starfsfólk við umönnun	12.067.325
Verkafólk	5.095.000
Verslunar- og skrifstofufólk	7.146.500
Vélstjórar	762.000
Ýmsar starfsgreinar	5.187.500

Stærstu framlög vegna námskeiða fyrir ófaglærða hafa verið vegna námskeiða fyrir starfsfólk í umönnunarstörfum. Þátttakendur í þeim námskeiða hafa aðallega komið frá stofnunum ríkis og sveitarfélaga, en einnig hefur verið veittur styrkur til undirbúnings starfsmenntunar fyrir dagmæður.

Upplýsingar um það hvernig námskeið, sem starfsmenntasjóður hefur styrkt, hafa nýst þátttakendum námskeiðanna liggja ekki fyrir. Hins vegar hafa umsjónarmenn námskeiða sem fengu úthlutað styrkjum 1992 skilað uppgjöri með upplýsingum um m.a. þátttakendafjölda, aldursdreifingu og hvar á landinu námskeið hafa verið haldin. Einnig liggja fyrir lýsingar á námskeiðunum í þeim umsóknum sem borist hafa sjóðnum og þá í nokkrum tilvikum, hvort þátttaka í viðkomandi námskeiði komi til með að bæta launakjör þátttakenda.

Samkvæmt upplýsingum frá þeim aðilum, sem hafa staðið fyrir starfsmenntun fyrir stærstu hópana af ófaglærðu starfsfólki á vinnumarkaði, hafa þeir ekki kannað hvernig námskeiðin nýtast fólki við atvinnuleit eða til að skapa aukna tekjumöguleika. Umsjónarmenn námskeiða hafa fyrst og fremst aflað upplýsinga um á hvern hátt gæði og gagnsemi námskeiðs hafa verið metin af þátttakendum, viðkomandi atvinnurekendum og öðrum hagsmunaðilum. Að sögn námskeiðshaldara hefur árangur af þátttöku starfsmanna í námskeiðum sem styrkt hafa verið af starfsmenntasjóði almennt verið talinn mjög góður og skilað sér meðal annars í auknum afköstum og bættu vinnuumhverfi á vinnustað. Vegna kostnaðar og vinnu við söfnun og úrvinnslu upplýsinga hefur ekki verið unnið að greiningu á nýtingu námskeiðanna að öðru leyti.

Í 1. gr. laga um starfsmenntun í atvinnulífinu segir m.a. að tilgangur laganna sé að mæta þörfum starfshópa, sem missa vinnu vegna breytinga í atvinnuháttum, fyrir endurmenntun og þjálfun til annarra starfa eftir ástæðum á hverjum tíma. Nokkuð hefur reynt á þetta ákvæði síðustu missirin. Félagasamtök og stofnanir sveitarfélaga hafa sótt um stuðning úr starfsmenntasjóði við námskeið sem einkum hafa verið ætluð atvinnulausu fólki. Með tilliti til þessa ákvæðis taldi starfsmenntaráð sér skylt að leggja málefninu lið. Ljóst er að viðfangsefnið er mun stærra en starfsmenntasjóður ræður við. Á síðasta ári var þetta vandamál tekið til sérstakrar umfjöllunar af nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Tillaga nefndarinnar var að Atvinnuleysistryggingasjóður styrkti svonefnd grunnnámskeið fyrir atvinnulausa en starfsmenntaráðið legði sérhæfðara námskeiðahaldi lið. Þess má geta að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur að undanförnu styrkt námskeiðahald fyrir atvinnulausa. Umfangsmesta námskeiðahaldið hefur verið á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu (MFA). Á árinu 1993 veitti atvinnuleysistryggingasjóður MFA styrk að upphæð 14,5 milljónir vegna námskeiða fyrir atvinnulausa. Á þessu ári (31. mars sl.) hefur MFA samtals fengið 10,5 milljónir kr. frá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna námskeiða fyrir atvinnulausa.

1143. Svar [211. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um atvinnuleysi fatlaðra.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvert er hlutfall atvinnuleysis meðal fatlaðra það sem af er árinu 1993, sundurliðað eftir eðli fötlunar, og um hversu marga einstaklinga er að ræða?*

2. *Hvert var þetta hlutfall árin 1990, 1991 og 1992, sundurliðað eftir eðli fötlunar? Hversu margir einstaklingar skipa hvern hóp?*
3. *Hversu margir þessara einstaklinga hafa fengið*
   a. atvinnuleysisbætur,
   b. aðrar bótagreiðslur?
4. *Var einhverjum þessara einstaklinga sagt upp störfum hjá opinberri stofnun eða stofnun sem á þessum tíma naut einhverra framlaga frá ríki? Ef svo er, um hvaða stofnanir er að ræða og hver var ástæðan fyrir uppsögnunum?*
5. *Eru fyrirhugaðar einhverjar sérstakar aðgerðir af hálfu ráðuneytisins í atvinnumálum fatlaðra? Ef svo er, hverjar eru þær aðgerðir?*
6. *Hvert var framlag ríkisins til atvinnumála fatlaðra á árunum 1990, 1991, 1992 og 1993, á verðlagi ársins 1993, og til hvaða atvinnustarfsemi voru þessi framlög greidd?*

Eitt meginvandamálið við tölfræðilega úttekt á fötluðum á vinnumarkaði er í fyrsta lagi að afmarka hverjir eru fatlaðir og í öðru lagi að meta hverjir eru á vinnumarkaði, þ.e. í vinnu og atvinnulausir, en hlutfallslegt atvinnuleysi í tiltölulega litlum hópi er mjög viðkvæmt fyrir mati á þessum stærðum. Skilgreining á því hverjir eru fatlaðir er nokkuð sveigjanleg sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992 enda miðar hún almennt að félagslegri aðstoð við fatlaða. Einfaldasta leiðin er að miða við mat á starfsorku eins og vikið verður að síðar. Fjölmargir sem alla jafnan eru ekki skilgreindir fatlaðir hafa hins vegar þörf á sérhæfðri aðstoð við að komast út á vinnumarkað og sumir þeirra leita aðstoðar hjá vinnumiðlun fyrir fatlaða. Á umsóknareyðublaði um atvinnu eiga atvinnuleitendur að skrá hlutfallslega örorku ef um það er að ræða. Hins vegar er ólíklegt að allir skrái þessar upplýsingar. Í nóvember 1993 var hannað nýtt skýrslublað fyrir vinnumiðlanir til þess að fá betri upplýsingar mánaðarlega um þá sem eru atvinnulausir. Þar var m.a. spurt um fjölda þeirra sem hafa þörf fyrir létta vinnu en á umsóknareyðublaði um atvinnu er hægt að koma þeirri ósk á framfæri. Mjög fáar vinnumiðlanir svara þessum spurningum enn sem komið er. Nýtt tölvukerfi, sem verið er að taka í notkun, mun að öllum líkindum auðvelda mjög að svara ýmsum liðum þessarar fyrirspurnar í framtíðinni.

Ráðuneytið mun hér leitast við að svara ofangreindum töluliðum eins og kostur er eða gefa skýringar á þeim erfiðleikum sem eru bundnir við að svara þeim.

1–2. Hlutfallslegt atvinnuleysi fatlaðra fyrir árin 1990, 1991, 1992 og 1993 hefur ekki verið metið með viðurkenndum aðferðum einfaldlega vegna þess að nauðsynlegar forsendur fyrir þeim útreikningum eru ekki fyrir hendi.

Mannafli á vinnumarkaði er vinnuafl auk atvinnulausra. Þjóðhagsstofnun áætlar vinnuafl út frá upplýsingum sem Hagstofa Íslands vinnur úr skattagögnum um slysatryggðar vinnuvikur og uppfærir þessar tölur út frá þeim könnunum á atvinnuástandi sem þeir gera þrisvar á ári. Þessar áætlanir ná nú eingöngu til vinnuafls eftir atvinnusvæðum, atvinnugreinum og kyni en engin sundurliðun er á einstaka aðra hópa. Engar sérstakar tölur eru þannig til um vinnuafl fatlaðra og því síður eftir eðli fötlunar. Af þessum sökum er hlutfall atvinnuleysis meðal fatlaðra ekki stærð sem fundin er eftir hefðbundnum leiðum.

Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands sem gerð er tvisvar á ári gefur nokkra hugmynd um á hvaða bili hlutfallslegt atvinnuleysi eftir aldurshópum og atvinnugreinum liggur en erfiðleikum er bundið að fara út í mikla sundurliðun vegna þess hve fáir atvinnulausir lenda í úrtakinu.

Í lögum og reglugerð um vinnumiðlun eru engin ákvæði um skil vinnumiðlana á upplýsingum til félagsmálaráðuneytisins sundurliðuðum eftir fötlun atvinnulausra. Hins vegar á að skrá fatlaða einstaklinga eins og aðra sem eru atvinnulausir eða leita þjónustu vinnumiðlunar en ekki er sérstaklega gert ráð fyrir flokkun fatlaðra eftir eðli fötlunar við slíka skráningu.

Tölvuforritið ALSAM gefur möguleika á ítarlegri skráningu fatlaðra hjá vinnumiðlunum í þeim tilgangi að aðstoða við afgreiðslu og þjónustu í einstaklingsmálum. Vinnumiðlanir hafa alla möguleika á að vinna úr þessum gögnum hjá sér. Hins vegar hefur ekki verið gert ráð fyrir annarri tölfræðilegri samantekt í sameiginlegan gagnagrunn en þeirri að fá fram flokkun eftir örorkumati og þá sem einungis gefa kost á sér til léttrar vinnu. Þessa einstaklinga má síðan flokka eftir kyni, aldri, menntun, atvinnusvæðum o.fl. en ekki eftir eðli fötlunar. Vinnumiðlanir hafa lítið notað skráningarhluta fatlaðra í tölvukerfinu enn sem komið er auk þess sem vinnumiðlanir eru að taka í notkun nýja úgáfu af tölvukerfinu.

Upplýsingar um fatlaða eru einnig mjög dreifðar. Aðeins vinnumiðlanir í stærstu kaupstöðum landsins eru með sérstaka þjónustu við fatlaða þannig að þeir eru víðast hvar skráðir eins og aðrir atvinnuleitendur. Atvinnuleit fyrir fatlaða er að öðru leyti rekin frá svæðisskrifstofum í málefnum fatlaðra en ekki er um reglubundna skráningu þar að ræða. Gera má ráð fyrir að nokkur fjöldi fatlaðra í atvinnuleit sé bæði skráður hjá vinnumiðlunum og hjá svæðisskrifstofum.

Fatlaðir, sem eru á atvinnuleysisskrá, eru yfirleitt taldir með sínu stéttarfélagi ef þeir eiga bótarétt og eru ekki aðgreindir hjá vinnumiðlunum nema að því leyti sem það kemur fram á umsóknareyðublöðum þeirra. Í Reykjavík er haldin sérstök skrá um öryrkja sem ekki eiga bótarétt. Undanfarin fjögur ár eru skráðir öryrkjar í lok hvers mánaðar að meðaltali á bilinu 40 til 80 með þeirri undantekningu að allt að 140 hafa verið skráðir í maímánuði en þá kemur talsverður fjöldi fatlaðra frá ýmsum stofnunum sem fá einhverja vinnu yfir sumartímann. Árið 1990 er meðalfjöldi fatlaðra án bótaréttar á skrá í Reykjavík 57, árið 1991 eru þeir 69, árið 1992 eru þeir 74 og árið 1993 eru þeir 72.

Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á þeim sem voru atvinnulausir í árslok 1992 kemur fram að 4,7% þeirra sem svöruðu höfðu örorkubætur eða örorkulífeyri. Þetta þýðir að um það bil 328 manns af þeim 7.049 sem skráðir voru atvinnulausir í árslok 1992 hafi haft örorkubætur eða örorkulífeyri.

Upplýsingar um fjölda atvinnulausra eftir eðli fötlunar liggur ekki fyrir nema hjá einstaka vinnumiðlun. Þess má geta að víðtæk könnun var gerð á fötluðum árið 1990 eftir eðli fötlunar til að meta þjónustuþörf þeirra. En þar kom fram að flokkun fatlaðra er mjög flókin og ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um alla örorkulífeyrisþega hjá Tryggingastofnun þar sem forsenda þess að fá slíkar upplýsingar var sú að þeir samþykktu það sjálfir. Sú könnun leiddi einnig í ljós að tiltölulega fáir voru í vinnu á almennum markaði auk þess sem erfitt reyndist að fá tæmandi upplýsingar um alla. Algengt er að greindarskertir séu flokkaðir saman þó þeir geti einnig verið fatlaðir á annan hátt. Önnur ráðandi flokkun er geðræn vandamál þó önnur fötlun fylgi með. Veruleg greindarskerðing og alvarleg geðræn vandamál eru líka að jafnaði sú fötlun sem erfiðust er með tilliti til atvinnu og samskipta. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir slíka flokkun hjá vinnumiðlun fatlaðra í Reykjavík.

Yfirlit yfir heildarfjölda einstaklinga sem leituðu aðstoðar vinnumiðlunar fatlaðra í Reykjavík	1990	1991	1992	1994
Geðræn vandamál	108	122	96	92
Greindarskerðing	97	94	120	118
Hreyfihömlun	56	62	56	53
Baksjúkdómar	9	8	13	15
Gigtarsjúkdómar	8	12	12	7
Hjarta- og æðasjúkdómar	6	3	3	3
Áfengissjúkdómar	14	26	19	16
Annað	44	42	38	45
Samtals	**342**	**369**	**357**	**349**

Eins og sjá má njóta fleiri sérhæfðrar aðstoðar vinnumiðlunar fyrir fatlaða en þeir sem venjubundið eru flokkaðir fatlaðir og sýnir það hve erfitt er að samræma skráða fatlaða, sem eru atvinnulausir, þeim mannafla fatlaðra sem er á vinnumarkaði. Lítil breyting milli ára á fjölda fatlaðra, sem leitað hafa þjónustu vinnumiðlunar, bendir til að atvinnuleysið sem slíkt hafi ekki komið verulega niður á fötluðum. Skýringin er væntanlega sú að mjög stór hluti fatlaðra á vinnumarkaði er í verndaðri vinnu ýmist hjá hinu opinbera, sjálfseignarstofnunum eða jafnvel á almennum vinnumarkaði. Fatlaðir eru víða á almennum vinnumarkaði og ef þeir eru komnir inn á vinnustaði með sérstakri aðstoð er ólíklegt að þeir séu látnir hætta jafnvel þó einhver samdráttur verði í rekstri.

Eins og hér hefur komið fram er ekkert vitað um hlutfallslegt atvinnuleysi fatlaðra en spyrja má hvort engin nálgun sé möguleg. Skilvirkasta leiðin væri að ganga út frá því að allir örorkulífeyrisþegar (≥75% örorka), örorkustyrksþegar (50–74% örorka) og ef til vill einnig þeir sem fengið hafa eingreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins (10–49% örorka) myndi heildarfjölda fatlaðra. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar er gífurleg vinna fólgin í því að finna út hve margir þessara einstaklinga hafi launatekjur, þ.e. að aðgreina launatekjur frá öðrum tekjum sem hafa áhrif á bótaréttinn. Með úrtakskönnun úr þessum hópi mætti hins vegar finna hverjir séu í vinnu og hverjir í atvinnuleit og þar með mannafla fatlaðra á vinnumarkaði. Á þessu eru hins vegar margir agnúar bæði með tilliti til að fá aðgang að upplýsingum til að velja úrtak og að fá fólk til að svara í slíkri könnun.

Ef litið er á fjölda örorkulífeyrisþega í lok hvers árs hjá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. meðfylgjandi töflu, og reynt að meta vinnuafl þeirra út frá því hvort þeir hafi enga eða skerta tekjutryggingu þá eru augljós vandkvæði við þá aðferð vegna lífeyrissjóðstekna og annarra tekna en launatekna. Auk þess sem óljóst er hvort engin eða skert tekjutrygging gildi um bæði hjónin. Þannig að auðvelt er að ofmeta stærð þessa hóps. Þá geta örorkulífeyrisþegar með fulla tekjutryggingu haft um 18 þús kr. tekjur á mánuði án þess að tekjutrygging skerðist þannig að einhver hluti þessa hóps er vafalaust á vinnumarkaði sem leiðir til vanmats á fjölda þeirra sem eru á vinnumarkaði. Við þennan hóp þarf að bæta þeim sem fá reglulega örorkustyrk (50–74% örorka) sem eru milli 2.100 og 2.200 hvert ár en besta leiðin til að finna út hve margir þeirra eru í vinnu er samkeyrsla við staðgreiðsluskrá skatta. En útilokað er að meta vinnuafl þessa hóps án slíkrar samkeyrslu.

Þá er eftir sá hópur sem einhvern tímann hefur fengið eingreiðslu (10–49% örorka), sem eru á bilinu 200 til 500 hvert ár, en til þess að fá upplýsingar um þessa einstaklinga þarf að leita í eldri gögnum og skrá sérstaklega. Tiltölulega litlar breytingar í mati á þeim fjölda fatlaðra sem er á vinnumarkaði hefur veruleg áhrif á hlutfallslegt atvinnuleysi fatlaðra. Að svo komnu máli eru því engin tilraun gerð hér til að leggja mat á hlutfallslegt atvinnuleysi fatlaðra enda ónákvæmni mikil.

Örorkulífeyrisþegar og örorkustyrkþegar skráðir hjá Tryggingastofnun ríkisins í árslok 1991-1993	1991		1992		1993	
	einstakl.	hjón	einstakl.	hjón	einstakl.	hjón
Örorkulífeyrisþegar	4.477	579	4.770	582	5.312	651
Þar af með fulla tekjutryggingu	2.387	241	2.494	273	2.768	297
Þar af með skerta tekjutryggingu	1.429	276	1.521	283	1.715	328
Þar af án tekjutryggingar	661	62	775	26	829	26
Örorkustyrkþegar	2.185		2.187		2.183	

3. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur ekki haldið uppi sérstakri upplýsingasöfnun um fatlaða og ljóst er að fara verður í gegnum allar umsóknir frá árinu 1990 til að svara fyrirspurninni enda er einungis mögulegt að finna út hverjir eru öryrkjar en nánari greiningu er ekki að finna í þessum gögnum. Um er að ræða mikla vinnu og mikinn kostnað. Þetta hefur heldur ekki verið mögulegt vegna annríkis við afgreiðslu atvinnuleysisbóta. Í könnun félagsvísindastofnunar í mars 1993 kemur fram að um 41% atvinnulausra nema og öryrkja fái atvinnuleysisbætur en hópar þessir eru ekki aðgreindir í þessum lið könnunarinnar. Lausleg könnun um miðjan febrúar 1994 hjá vinnumiðlun fyrir fatlaða í Reykjavík leiddi í ljós að um 24% þeirra sem voru á skrá hjá vinnumiðlun fyrir fatlaða áttu rétt á atvinnuleysisbótum.

4. Engin leið er að svara þessum lið nú þar sem enginn slík flokkun fatlaðra er til hjá Starfsmannaskrifstofu ríkisins. Engin lagaákvæði eru um að tilgreina eigi fatlaða með einum eða öðrum hætti hvorki vegna almennra uppsagna eða hópuppsagna. Sameiginlegur gagnagrunnur atvinnuleysisskráningar getur svarað þessari spurningu um leið og hann verður tekinn í notkun en ekki aftur í tímann svo framarlega sem einstaklingar upplýsa um ástæður atvinnuleysis. Til þess að svara þessari spurningu er hugsanlegt að samkeyra starfsmannaskrá ríkisins aftur í tímann við sameiginlegan gagnagrunn um atvinnuleysisskráningu þegar hann verður tekinn í notkun. En til þess þyrfti leyfi tölvunefndar.

5. Atvinnumál fatlaðra eru til skoðunar hjá nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem fjallar um atvinnumál fatlaðra. Meðfylgjandi er áfangaskýrsla nefndarinnar þar sem fram koma ýmsar hugmyndir um aðgerðir í atvinnumálum fatlaðra. Nefndin vinnur að gerð tillagna á grundvelli þessarar áfangaskýrslu. Í gangi hafa verið ýmis tilraunaverkefni í atvinnumálum fatlaðra. Ráðuneytið mun skipuleggja aðgerðir í atvinnumálum fatlaðra þegar þessar tillögur verða lagðar fram.

6. Framlög til atvinnumála fatlaðra sem falla undir fjárlög félagsmálaráðuneytisins skiptast í þrennt: Í fyrsta lagi rekstur verndaðra vinnustaða, í öðru lagi rekstur hæfingarstöðva og starfsþjálfunar og í þriðja lagi kostnað vegna atvinnuleitar og stuðnings (liðveislu) við fatlaða á almennum vinnumarkaði. Framlögin skiptust milli þessara þriggja þátta með eftirfarandi hætti á árunum 1990–1993:

	1990	1991	1992	1993
Rekstur verndaðra vinnustaða	99.550	93.600	92.326	80.327
Rekstur hæfingarstöðva og starfþjálfunar	57.811	61.776	63.131	70.969
Atvinnuleit og stuðningur á alm. vinnumarkaði	11.887	16.298	18.563	19.516
Samtals	**169.248**	**171.674**	**174.021**	**170.812**

Skýring á lækkandi kostnaði í rekstri verndaðra vinnustaða er tvíþætt: Annars vegar sú að á árunum 1990–92 voru veittar aukafjárveitingar til þriggja vinnustaða vegna rekstrarerfiðleika. Starfsemi eins þessara vinnustaða var hætt á árinu 1992 og voru þá greiddar úr ríkissjóði, með heimild í 6. gr. fjárlaga, 14 m.kr. til uppgjörs á skuldum rekstraraðilans. Þessi fjárveiting er talin með í töflunni hér að framan. Í öðru lagi þá keypti Framkvæmdasjóður fatlaðra starfsemi Bjargs, verndaðs vinnustaðar á Akureyri, af Sjálfsbjörg Akureyri á árinu 1992 og fól svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Norðurlandi eystra rekstur vinnustaðarins. Með hagræðingu og endurskipulagningu á starfseminni lækkaði rekstrarkostnaður vinnustaðarins úr 12.6 m.kr. á árinu 1991 í 3.3. m.kr. á árinu 1993. Þessi lækkun á rekstrarkostnaði náðist án fækkunar fatlaðra starfsmanna vinnustaðarins.

Með lögunum um málefni fatlaðra sem sett voru 1992 breyttust áherslur í atvinnumálum fatlaðra. Í stað frekari uppbyggingar verndaðra vinnustaða leggja lögin áherslu á að möguleikar fatlaðra til starfa á almennum vinnumarkaði verði auknir. Í því skyni gera lögin ráð fyrir ýmiss konar aðstoð og má þar nefna t.d. atvinnuleit, starfsráðgjöf, starfsþjálfun, liðveislu á vinnustað, fræðslu og leiðbeiningum til starfsmanna á vinnustöðum o.fl. Þessi breyting endurspeglast m.a. í ofangreindum framlögum til atvinnumála fatlaðra þar sem framlög vegna hæfingarstöðva og starfsþjálfunar hafa hækkað um tæp 25% og vegna atvinnuleitar og stuðnings á almennum vinnustöðum um rúm 60% á sl. fjórum árum.

Niðurstaða.

Tiltölulega fáir fatlaðir eru á skrá hjá vinnumiðlunum og fjöldi þeirra hefur lítið breyst með auknu atvinnuleysi. Hins vegar er líklegt að skráning þeirra gefi ekki tæmandi yfirlit yfir fjölda þeirra ýmist vegna þess að þeir gefa ekki upplýsingar um skerta starfsorku, eru ekki aðgreindir sérstaklega eða þeir láta ekki skrá sig vegna þess að þeir hafa lítið verið á vinnumarkaði og eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Skilvirkasta leiðin til að fá upplýsingar um mannafla fatlaðra á vinnumarkaði er að gera það með úrtaki.

Hugsanleg leið til að svara ofangreindum fyrirspurnum í framtíðinni er eins og áður segir að keyra saman með ýmsum hætti sameiginlegan gagnagrunn um atvinnuleysisskráningu og bótakerfi Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar þeir verða tilbúnir, gagnagrunn Tryggingastofnunar ríkisisins, gagnagrunn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, staðgreiðslukerfi skatta og starfsmannaskrá ríkisins. Hins vegar er ljóst að slíkt verður ekki hægt nema með samþykki tölvunefndar.

1144. Frumvarp til laga [500. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Merking orða í þessum lögum er sem hér segir:

Alifiskur: Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

Almenningur í stöðuvatni: Sá hluti stöðuvatns sem liggur fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra sem að vatninu liggja.

Á: Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.

Áll: Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra sem eigi teljast bakkar. Nú eru fleiri álar en einn og heitir sá höfuðáll sem vatnsmestur er.

Bakki: Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.

Dráttur: Staður í veiðivatni þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Eldisfiskur: Sjá alifiskur.

Eldisstofn: Hópur vatnafiska alinn í eldisstöð undan fiski sem alið hefur allan sinn aldur í fiskeldisstöð.

Félagsveiði: Félagsskapur eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

Fiskeldi: Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska, hafbeit, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.

Fiskeldisstöð: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða -vötn sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur þá er ræktaður hefur verið.

Fiskrækt: Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 2. mgr. 44. gr.

Fiskræktarslepping: Slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða til aukningar á fiskgengd í veiðivatni.

Fiskur: Lax (Salmo salar), silungur (Salmo trutta og Salvelinus alpinus) og regnbogasilungur (Oncorhynchus mykis), áll (Anguilla anguilla) eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.

Fiskvegur: Hvers konar mannvirki er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

Föst veiðivél: Veiðitæki sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjast í eða króast af, svo sem lagnet, króknet, kista og girðing.

Geldstofn: Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.

Göngusilungur: Silungur er gengur í sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

Hafbeit: Slepping gönguseiða til sjógöngu og veiði kynþroska fiska til slátrunar er þeir ganga úr sjó í ferskt vatn.

Hafbeit til stangaveiði: Slepping gönguseiða í veiðivatn með takmarkaða framleiðslu til aukningar á fiskgengd til stangaveiði.

Hafbeitarstofn: Hópur vatnafiska sem klakinn hefur verið út undan fiski úr hafbeit.

Hafbeitarstöð: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu hafbeitar.

Jörð: Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.

Kvíaeldi: Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu.

Kvísl: Hluti af straumvatni sem fellur sér milli bakka.

Lagardýr: Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.

Laxastofn: Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og á tilteknum tíma og hrygnir ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða á öðrum tíma.

Lögn: Staður í vatni þar sem fastri veiðivél verður við komið.

Netlög: Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að straumvatni eða stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Ós í á: Sá staður þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.

Ós í sjó: Sá staður þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumsfjöru.

Ós í stöðuvatn: Sá staður þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatn.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.

Ósasvæði: Svæði í straumvatni er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.

Sjór: Salt vatn utan árósa.

Strandeldi: Eldi vatnafiska til slátrunar í tönkum eða kerum á landi.

Straumlína (strengur): Lína sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess þar sem straumur er mestur.

Straumvatn: Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.

Stöðuvatn: Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

Vatn: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

Vatnafiskur: Fiskur sem lifir að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.

Vatnasilungur: Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.

Veiðihlutur: Hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

Veiðimál: Hvers konar mál er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

Veiðitala: Tala veiddra fiska.

Veiðivatn: Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.

Veiðivél: Sjá föst veiðivél.

Villtur laxastofn: Hópur laxfiska sem klekst út og elst upp í veiðivatni.

2. gr.

IV. kafli laganna, er hafi fyrirsögnina **Veiðistjórn lax- og göngusilungs og fiskirækt**, orðast svo.

a. (14. gr.)

1. Eigi má veiða lax í sjó og ekki silung utan netlaga.

2. Óheimilt er að koma með lax að landi sem veiðst hefur í sjó í veiðitæki sem ætluð eru til veiði annarra fiska. Ber þeim er veiðir lax á þann hátt að sleppa honum í sjó aftur.

3. Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því er öðlaðist gildi árið 1932 eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati og er þá sú veiði leyfileg.

4. Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði.

5. Nú liggur veiðivatn eða hafbeitarstöð svo nærri sjávarveiði, slíkri sem getur í 3. mgr., að veiðimálastjóri telji að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu eða hjá stöðinni en veiðieigendur í vatninu, einn eða fleiri, eða eigendur hafbeitarstöðvar vilja leysa sjávarveiðina til sín og er ráðherra þá rétt að leyfa það að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því sem segir í 94. og 96. gr.

6. Heimild landareigna, sem liggja að sjó, til silungsveiða skal miðast við þann netafjölda sem viðkomandi landareign hafði síðustu fimm ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði frá 1957. Um ágreining skal fjalla skv. 94. gr. Rétt er ráðherra að setja reglur um silungsveiði í sjó.

7. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma enda komi ósk um slíka friðun frá einstökum veiðieigendum eða veiðifélagi sem ætla verði að njóti góðs af friðun þessari. Um mat á bótum vegna slíkrar takmörkunar fer skv. 94. og 96. gr., en bætur skulu greiddar af þeim sem takmörkunar óskar.

8. Með sama skilorði og í 7. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa þar sem hætta er á að lax og silungur geti veiðst í veiðiútbúnað sem ætlaður er til slíkrar veiði.

b. (15. gr.)

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi á lóð, í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur veiðitæki þau er lax má í veiða.

2. Á tímabilinu 1. apríl til 1. október má eigi leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 1.500 metra ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m^3 á sekúndu en 2.000 metra ef vatnsmagnið er meira og eigi nær en 1.500 metra frá hafbeitarstöð, enda gangi fiskur í það vatn eða þá hafbeitarstöð. Fullt samráð skal hafa við viðkomandi veiðifélag eða hafbeitarstöð varðandi ráðstöfun stangaveiði á þessu svæði. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að takmarka stangaveiði á friðuðu svæði við ós og setja reglur um veiðitæki og möskvastærð neta við slíka ósa. Þó getur ráðherra að fengnu áliti veiðimálastjóra leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

3. Til verndunar villtra laxastofna er ráðherra rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að friða tiltekin svæði í sjó í nágrenni mikilvægra veiðivatna þar sem ekki verði heimiluð starfsemi á sviði fiskeldis og hafbeitar með laxfiska. Ráðherra skal setja reglur um þessi friðunarsvæði.

c. (16. gr.)

1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.

2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim er lax eða göngusilungur fer um né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

3. Ráðherra getur eftir tillögum veiðimálastjóra veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því er ræðir um í 1. og 2. mgr. þar sem svo hagar til að veiði í ós eða við er eigi talin skaðvænleg.

4. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar, hlutaðeigandi veiðifélags og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma og má binda það því skilorði að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati skv. 94. gr. ef eigi semst.

d. (17. gr.)

Í straumvatni eða hluta straumvatns þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni og nefnist þar gönguhelgi. Hún tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik en helming af breidd óss eða ósasvæðis. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu þótt skemmra liggi frá bakka en nemi þriðjungi af breidd vatns. Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu og má þá skjóta þeim ágreiningi til mats skv. 94. gr.

e. (18. gr.)

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert. Nú telst sannað að fiskur hrygni í veiðivatni í september og er ráðherra þá rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ákveða að veiðitíma ljúki fyrr í því vatni. Ádráttarveiði er eigi heimil eftir 31. ágúst.

2. Á tímabili því, er getur í 1. mgr., má hvergi stunda laxveiði lengur en 3 og ½ mánuð. Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju að fengnum tillögum stjórnar hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar og með samþykki veiðimálastjóra.

3. Göngusilung má veiða frá 1. apríl til 10. október ár hvert. Þó skulu lok veiðitíma göngusilungs í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, miðast við 30. september skv. 1. mgr. Þá er sérstaklega stendur á getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng, á dorg og færi.

4. Frá 1. apríl og þar til laxveiði hefst má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en stöng og færi, lagnet og ádráttarnet.

5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl og þar til laxveiðitími hefst og er þeim er veiðir skylt að sleppa honum í vatn aftur.

6. Á friðunartíma þeim sem getur í þessari grein skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivatni, sbr. þó 3. mgr.

f. (19. gr.)

1. Á veiðitíma þeim er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangaveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags engin hætta á að um þverrandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Með sama skilorði má lengja friðunartímann um allt að 24 stundir verði talin hætta á þverrandi fiskstofni í fiskihverfinu eða til jöfnunar fiskgengd í því vatni. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangaveiði og veiði með færi má stunda frá sólarupprás til sólseturs, þó aldrei á tímabilinu frá kl. 3 eftir miðnætti til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangaveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn og skal hann friðaður þar svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða að friðun sú sem getur í 1. mgr. skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengdar í því vatni.

g. (20. gr.)

Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að friða tiltekin svæði í vatni þar sem fiskur safnast saman til hrygningar eða vegna fyrirstöðu á göngu, svo sem undir fossum enda telji veiðimálastjóri að veiði á þeim stöðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins. Friðun þessa má binda tiltekinn tíma. Slík friðun er því skilyrði háð að veiðieigendur eða ábúendur í fiskihverfi greiði bætur þeim aðila sem missir verulega og öðrum fremur af veiði vegna friðunar. Ákveða má bætur með mati skv. 94. gr. ef eigi semur.

h. (21. gr.)

Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að friða heilt vatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskstofni þess vatns en leita skal hann samþykkis hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar.

i. (22. gr.)

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.–21. gr. svo og ákvæði 38. gr. er leyfilegt að veiða lax og silung til vísindalegra rannsókna og eru slíkar veiðar undanþegnar friðunarákvæðum laga þessara.

2. Til veiði þeirrar er getur í 1. mgr. þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Veiðiskírteinið skal gefið út handa einstaklingi og gildir það um tiltekinn tíma.

j. (23. gr.)

1. Skylt er að gera fiskræktaráætlun, er nái til fimm ára í senn, í hverju veiðivatni þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt með sleppingu seiða, hafbeit til stangaveiði eða öðrum atriðum fiskræktar sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

2. Fiskræktaráætlun skv. 1. mgr. er háð samþykki veiðimálastjóra, enda hafi veiðifélag eða meiri hluti veiðieigenda við veiðivatn ákveðið að ráðast í slíka framkvæmd. Í leyfið skal setja skilyrði sem veiðimálastjóri telur nauðsynleg til verndar viðkomandi fiskstofni gegn sjúkdómum og erfðablöndun og nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.

3. Nú vill veiðifélag eða meiri hluti veiðieigenda við veiðivatn láta veiða lax og silung til hrognatöku í því vatni og er það háð leyfi veiðimálastjóra með samþykki ráðherra. Leyfið gildir um tiltekinn tíma og í það skal setja skilyrði sem eru nauðsynleg til verndar fiskstofni skv. 2. mgr. og felur í sér heimild skv. 1. mgr. 22. gr.

4. Ráðherra getur skv. 1. og 2. mgr. heimilað notkun hafbeitarstofns úr sama landshluta til hafbeitar á laxi í veiðivatni enda sé fullnægt skilyrðum um samþykki veiðieigenda við veiðivatnið sem um getur í 2. mgr.

3. gr.

V. kafli laganna, er hafi fyrirsögnina **Veiðistjórn vatnasilungs**, orðast svo.

a. (24. gr.)

1. Vatnasilung er heimilt að friða fyrir allri veiði ef ástæða þykir til. Veiðimálastjóri skal ákveða lengd friðunartíma í vatni hverju í samráði við hlutaðeigandi veiðifélag.

2. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að ákveða allt að tveggja sólarhringa friðun á viku hverri í stöðuvatni.

3. Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. um friðun í vatni er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að leyfa lagnetaveiði til heimilisnota á friðunartíma. Leyfi þetta skal binda nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja að hrygnandi fiskur verði eigi veiddur á þennan hátt, svo sem skilyrði um fjarlægð lagna frá hrygningarstöðvum.

4. Ráðherra getur eftir tillögum veiðimálastjóra sett reglur um friðun vatnasilungs þar sem hann hrygnir að sumarlagi.

b. (25. gr.)

Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni svo sem vegna sjúkdóma eða til þess að rækta aðrar fisktegundir en þær er fyrir voru í vatninu og skal ráðherra heimilt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra og með samþykki eiturefnanefndar að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

c. (26. gr.)

Ákvæði 22. gr. taka einnig yfir veiði vatnasilungs.

4. gr.

VII. kafli laganna, er hafi fyrirsögnina **Fiskvegir og önnur mannvirkjagerð í og við veiðivötn**, orðast svo.

a. (39. gr.)

1. Ráðherra er rétt að leyfa að gerður sé fiskvegur í vatni eða meðfram vatni enda samþykki veiðimálastjóri gerð fiskvegar og hafi umsjón með framkvæmd verksins.

2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns, er með þarf til fiskvegar, og þola verður hann þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér enda komi fullar bætur fyrir eftir mati nema samkomulag verði.

3. Um breytingu á fiskvegi eða vatnsmagni í honum fer eftir því sem segir í 1. og 2. mgr.

b. (40. gr.)

Eigi má veiða eða styggja fisk í fiskvegi né nær neðra mynni hans en 30 metra og eigi nær efra mynni hans en 20 metra. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

c. (41. gr.)

1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki sem tálma fiskför í vatninu og eru eigi lögleg veiðitæki og skal þá þeim er gera lætur skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því til þess að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður. Honum er skylt að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegar er háð samþykki veiðimálastjóra og skal verkið unnið undir umsjón hans.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda eigi:

a. ef vatn er eigi fiskgengt af öðrum ástæðum,
b. ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni og það hefur verið samþykkt á aðalfundi veiðifélags enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hátt sem fiskvegur,
c. ef talið er í matsgerð að gerð fiskvegar og viðhald hafi meiri kostnað í för með sér en hagnaði af veiði nemur enda séu þá veiðispjöll þau, er af mannvirkinu leiðir, bætt fullum bótum.

3. Heimilt er eignarnám, svo sem segir í 2. mgr. 39. gr., til fiskvegar sem gerður er samkvæmt þessari grein.

d. (42. gr.)

1. Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarra áþekkra nota eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurði, vatnsveituskurði, öðrum skurði eða leiðslu og getur þá veiðimálastjóri krafist þess að búið sé svo um skurð eða leiðslu að fiskur eða fiskseiði gangi eigi í. Kostnað af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitu.

2. Nú verða tíðar breytingar á vatnsmagni veiðivatns vegna vatnsmiðlunar og skal þá haga miðlun þannig að sem minnst tjón hljótist á fiskstofni veiðivatns. Svo skal og til haga þá er uppistöður eru tæmdar, svo sem vegna hreinsunar. Hafa skal samráð við veiðimálastjóra um þetta.

e. (43. gr.)

Nú er fyrirhugað að taka jarðefni eða gera mannvirki í eða við veiðivatn, sem hætta er á að hafi áhrif á lífríki vatnsins, og skal þá veiðimálastjóri láta fara fram líffræðilega úttekt á viðkomandi veiðivatni áður en ráðist er í framkvæmdina. Kostnað af úttektinni greiðir sá er að framkvæmdum stendur. Þegar niðurstaða liggur fyrir skal heimilt að ráðast í viðkomandi framkvæmdir enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun þeirra.

5. gr.

IX. kafli laganna, er hafi fyrirsögnina **Fiskeldi og hafbeit**, orðast svo.

a. (62. gr.)

1. Til fiskeldis og hafbeitar þarf leyfi landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn veiðimálastjóra.

2. Nú æskir maður þess að taka upp fiskeldi, þar á meðal kvíaeldi eða hafbeit á laxfiskum, og skal hann senda umsókn um rekstrarleyfi til veiðimálstjóra um það. Umsókn skulu fylgja skilríki um afnot lands, vatns og sjávar, svo og áætlun um rekstur og kostnaðaráætlun, auk heimildar til mannvirkjagerðar og starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga er varða slíkan atvinnurekstur.

3. Er skilríkjum hefur verið skilað og mannvirkjagerð lokið skal veiðimálastjóri gera úttekt á stöðinni. Teljist frágangur fullnægjandi skal veiðimálastjóri mæla með staðfestingu rekstrarleyfis. Ráðherra gefur síðan út rekstrarleyfi og öðlast starfsemin þar með réttindi skv. 66. gr. Í rekstrarleyfi skal tilgreina leyfilega árlega framleiðslu í kvía- og strandeldi og hámark sleppinga á seiðum í hafbeit. Ráðherra getur heimilað aukningu í fjölda slepptra seiða í hafbeit að fenginni umsögn veiðimálanefndar og veiðimálastjóra.

4. Ráðherra er rétt að setja skilyrði fyrir rekstrarleyfi í reglugerð. Hafbeitar- og eldisstöðvar í rekstri við gildistöku þessara laga skulu endurnýja rekstrarleyfi innan árs frá gildistöku þeirra.

b. (63. gr.)

Skylt er að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar og starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér enda komi fullar bætur fyrir eftir mati nema samkomulag verði.

c. (64. gr.)

1. Nú er vatn tekið úr veiðivatni til afnota í eldisstöð og skal þá búa svo um vatnsleiðslur að eldistjörn og frá að fiskur gangi eigi úr veiðivatni í leiðslur. Umbúnaður slíkra vatnsleiðslna skal háður samþykki veiðimálastjóra.

2. Nú er straumvatn stíflað vegna eldisstöðvar og fer þá um gerð stíflu skv. 41. gr.

d. (65. gr.)

Nú truflar vatnstaka til eldisstöðvar göngu fisks í veiðivatni og skal þá haga vatnstöku svo að hún valdi sem minnstri truflun. Tilhögun vatnsveitu skal háð samþykki veiðimálastjóra.

e. (66. gr.)

Friðunarákvæði þessara laga svo sem um gönguhelgi, veiðitíma, stærð fisks, veiðitæki og veiðiaðferðir taka ekki til veiða á eigin fiski í eldisstöðvum, hafbeitarstöðvum né í eldiskvíum.

f. (67. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 66. gr. skal ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar setja reglur um töku á laxi er kemur úr sjó í hafbeitarstöð og um merkingar og sýnatöku úr fiskinum.

g. (68. gr.)
Eldi annarra lagardýra í kvía- og strandeldi skal hlíta sömu reglum og eldi vatnafiska eftir því sem unnt er.

h. (69. gr.)
Forráðamenn eldisstöðva, hafbeitarstöðva og kvíaeldis skulu gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi stöðvanna, svo sem framleiðslumagn, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans og önnur atriði sem nauðsynleg þykja.

i. (70. gr.)
Nú veldur eldisstöð rýrnun á veiði í vatni og skal þá bæta tjónið eftir mati ef eigi semur.

j. (71. gr.)
Ráðherra er rétt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldis- og hafbeitarstöðva á sama hátt og ákveðið er í 7. og 8. mgr. 14. gr.

k. (72. gr.)
Missi fiskeldisstöð með rekstrarleyfi út eldisfisk er henni heimil þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu veiði innan 200 metra frá stöðinni enda sé það utan netlaga og veiðimálastjóra hafi verið tilkynnt um það. Heimild þessi takmarkast við þrjá sólarhringa frá því að fiskur slapp út ef þetta gerist á göngutíma laxfiska og skal framkvæmd í samráði við fulltrúa veiðimálastjóra.

l. (73. gr.)
Fiskeldis-, hafbeitarstöðvar og kvíaeldisstöðvar hafi með sér samtök, Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva, sem gæti sameiginlegra hagsmuna fiskeldismanna.

6. gr.

XIII. kafli laganna, er hafi fyrirsögnina **Stjórn veiðimála, Veiðimálastofnun og eftirlit**, orðast svo:

a. (85. gr.)
1. Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn allra veiðimála.
2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálanefnd og veiðimálastjóri.

b. (86. gr.)
1. Ráðherra skipar veiðimálastjóra. Veiðimálastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérmenntaður í vatnalíffræði eða fiskifræði vatnafiska:
a. hann er ráðherra til aðstoðar um allt sem að stjórn veiðimála lýtur,

b. hann annast þau verkefni sem honum eru sérstaklega falin í lögum þessum,
c. hann gerir tillögur um setningu reglugerða og önnur ákvæði sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskrækt, fiskeldi eða veiði,
d. hann annast merkingu vatnafiska en getur gefið öðrum leyfi til merkinga með skilyrðum sem hann setur,
e. hann annast söfnun skýrslna um veiði, fiskrækt og fiskeldi,
f. hann gerir tillögur um skipun veiðieftirlitsmanna.

2. Veiðimálastjóri er forstjóri Veiðimálastofnunar, sem er rannsókna- og þjónustustofnun í veiðimálum og hefur hann á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Forstjóri ræður starfsfólk. Heimilt er að ráða aðstoðarforstjóra til að sinna rekstrarþáttum stofnunarinnar. Ráðherra er rétt að setja reglugerð um verkefni og stjórn stofnunarinnar.

Hlutverk Veiðimálastofnunar er:

a. að annast verkefni sem miða að því að auka fiskgengd í ám og vötnum og bæta nýtingu þeirra,
b. að annast rannsóknir á ám og vötnum og á vatnafiskum, í fiskrækt, fiskeldi og hafbeit,
c. að annast þróunarstarf og leiðbeiningar í veiðimálum,
d. að annast rannsókn á einstökum veiðivötnum fyrir eigendur þeirra og veiðifélög enda greiði þessir aðilar kostnað af verkinu, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

3. Veiðimálastofnun er heimilt að taka að sér rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði sínu fyrir einstaklinga, félög og stofnanir gegn endurgjaldi.

c. (87. gr.)

1. Veiðimálastofnun er heimilt að starfrækja deildir á landsbyggðinni samkvæmt ákvörðun ráðherra að fengnum tillögum stjórnar Veiðimálastofnunar og veiðimálastjóra.

2. Heimilt er að starfrækja rannsóknastöð í fiskeldi og hafbeit í tengslum við Veiðimálastofnun. Stöðin er rannsóknavettvangur fyrir klak og eldi laxfiska, kynbætur og hafbeit. Ráðherra er heimilt að setja reglur um verkefni og skipa fag- og stjórnarnefnd fyrir stöðina en veiðimálastjóri skal hafa umsjón með hlutdeild ríkisins í henni.

d. (88. gr.)

1. Stjórn Veiðimálastofnunar skal skipuð fimm mönnum sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands. Ráðherra skipar formann. Varamenn skal skipa með sama hætti.

2. Stjórn Veiðimálastofnunar hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og deilda hennar og markar meginatriði um stefnu og starf hennar. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um starfs- og fjárhagsáætlun og staðfestir reikninga stofnunarinnar að loknu ársuppgjöri.

e. (89. gr.)

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og tvo samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd og skipar þá ráðherra

í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál sem henni eru falin í lögum þessum. Umsagnar veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða um veiðimál.

f. (90. gr.)

Öll veiðifélög samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga þessara hafa með sér landssamtök, Landssamband veiðifélaga, sem gætir sameiginlegra hagsmuna þeirra.

g. (91. gr.)

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn með veiði þar sem þurfa þykir enda æski þess veiðifélag, eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirlitinu. Um tölu þeirra og skipun skal leita tillagna veiðimálastjóra. Á sama hátt skipar ráðherra eftirlitsmann með klaköflun þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

2. Rétt er ráðherra að skipa eftirlitsmenn með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Um tölu þeirra og skipun skal leita tillagna veiðimálastjóra og greiðist kostnaður við störf þeirra úr ríkissjóði.

3. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur veiðimálastjóri í erindisbréfi.

4. Veiðimálastjóri gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

5. Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því, og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

7. gr.

Töluröð greina í XIV.–XVII. kafla breytist í samræmi við framantaldar breytingar svo og tilvitnanir í þær greinar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1145. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til l. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Samkomulag stjórnarflokkanna um framlagningu sjávarútvegsfrumvarpa á sl. vetri fól í sér frumvarp þetta um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem svo er nefnt. Sjóðnum fylgir að yfirtaka skuldbindingar atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og hlutafjárdeildar og leggja sérstakt gjald á aflaheimildir frá og með árinu 1996 til að standa straum af starfrækslu sjóðsins og yfirtöku þessara skuldbindinga. Óttast margir að þar sé á ferðinni vísir að upptöku auðlindaskatts og hefur reyndar annar stjórnarflokkurinn, Alþýðu-

flokkurinn, túlkað málið í þá veru. Ýmislegt fleira orkar tvímælis, svo sem ákvæði frumvarpsins um úreldingu fiskvinnslustöðva, og hefur gengið illa að fá það útskýrt hvernig það ákvæði eigi að ganga upp í framkvæmd.

Nú eru að vísu lagðar til af hálfu meiri hlutans lítils háttar lagfæringar sem m.a. ganga í þá átt að rýmka reglur og möguleika sjóðsins til að taka þátt í þróunarverkefnum á sviði sjávarútvegsins, þar með talið verkefnum á erlendri grund, og ber að fagna því. En eftir stendur að frumvarpið í heild sinni, eins og það kemur fyrir, er meingallað enda á það sér formælendur fáa. Satt best að segja hefur ekki fundist í umfjöllun sjávarútvegsnefndar í reynd einn einasti stuðningsaðili frumvarpsins eins og það er í óbreyttri mynd fyrir utan ríkisstjórnina sjálfa og stjórnarflokkana.

Ljóst er á hinn bóginn að bagalegt er að óvissa ríki lengi um þær leikreglur sem gilda eiga um endurnýjun og úreldingu fiskiskipa. Þar sem legið hefur í loftinu um alllangt skeið eða allt frá því að tvíhöfðanefnd var að ljúka störfum að úreldingarprósentan yrði hækkuð og þaki á heildargreiðslum vegna úreldingar yrði lyft leggur minni hlutinn til að tekið verði á þeim þætti strax. En í ljósi þess að frumvarpið og það fyrirkomulag sem þar er lagt til er meingallað er það afstaða minni hlutans að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Þess í stað verði fluttar breytingartillögur við lögin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins þar sem í fyrsta lagi verði úreldingarprósentan færð upp í þau 45% sem frumvarpið um Þróunarsjóð gerir ráð fyrir og heildarupphæðin hækkuð með sama hætti. Einnig verði gengið frá því, sbr. margendurtekinn tillöguflutning stjórnarandstöðunnar, að veiðiheimildum sjóðsins verði úthlutað án endurgjalds til jöfnunar á móti þeim samdrætti í afla, einkum þorskafla, sem gengið hefur yfir og á meðan það ástand varir. Jafnframt verði ákveðið að nefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka og helstu hagsmunaaðila skuli í sumar vinna að heildarendurskoðun lagaákvæða um hagræðingar- og þróunarmálefni sjávarútvegsins og skila af sér frumvarpi með haustinu sem lagt verði fyrir Alþingi í upphafi þings. Verði þar einnig til skoðunar verðjöfnunar- eða sveiflujöfnunarmál greinarinnar og sá möguleiki kannaður að þessi verkefni verði sameinuð í einum deildaskiptum sjávarútvegssjóði.

Fulltrúi kvennalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, er situr fundi sjávarútvegsnefndar sem áheyrnafulltrúi, er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 2. maí 1994.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Halldór Ásgrímsson. Jóhann Ársælsson.

Stefán Guðmundsson.

Nefndarálitinu fylgdu fimmtán fylgiskjöl.

Á fskj. I var umsögn Félags um nýja sjávarútvegsstefnu frá 20. mars 1994, á fskj. II umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 19. apríl 1994, á fskj. III umsögn útvegsmannafélaga frá 7. mars 1994, á fskj. IV umsögn stjórnar SASS frá 16. mars 1994, á fskj. V umsögn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi frá 16. mars 1994, á fskj. VI umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum frá 14. mars 1994, á fskj. VII umsögn Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra frá 16. mars 1994, á fskj. VIII um-

sögn Samtaka fiskvinnslustöðva frá 10. mars 1994, á fskj. IX umsögn Íslenskra sjávarafurða hf. frá 7. mars 1994 og á fskj. X umsögn Fiskifélags Íslands frá 22. mars 1994. Á fskj. XI var birt greinargerð fjármálaráðuneytis um kostnaðaráhrif frumvarpsins frá 16. febrúar 1994, á fskj. XII umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis frá 3. mars 1994, á fskj. XIII greinargerð frá Ríkisendurskoðun um fjárhagsstöðu atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og mat á stöðu sjávarútvegshluta deildarinnar frá 18. apríl 1994, á fskj. XIV upplýsingar frá sjávarútvegsráðuneytinu frá 25. apríl 1994 og á fskj. XV minnisblað frá sjávarútvegsráðuneytinu frá 28. apríl 1994.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

1146. Nefndarálit [537. mál]

um till. til þál. um fullgildingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar.

Frá því að Alþingi afgreiddi samninginn um Evrópska efnahagssvæðið hefur sú breyting orðið að önnur EFTA-ríki en Ísland, sem aðild eiga að EES-samningnum, hafa ákveðið að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Allar líkur eru því á að Evrópska efnahagssvæðið líði undir lok innan fárra mánaða.

Á sama tíma hefur ríkisstjórnin því miður vanrækt að undirbúa viðræður við Evrópusambandið um hvað taki við í samskiptum Íslands og sambandsins í ljósi þessarar þróunar. Þessi vanræksla er því ámælisverðari að 5. maí 1993 samþykkti Alþingi samhljóða að fela ríkisstjórninni að undirbúa viðræður við Evrópusambandið (þá Evrópubandalagið) um tvíhliða samskipti þess og Íslands og var þá sérstaklega haft í huga að Austurríki, Finnland, Noregur og Svíþjóð höfðu sótt um aðild að Evrópusambandinu.

Á síðustu vikum hafa komið í ljós mismunandi áherslur hjá forsætisráðherra og utanríkisráðherra um hvernig Ísland skuli bregðast við þeirri þróun sem orðið hefur vegna fyrirhugaðrar stækkunar Evrópusambandsins sem og hvernig standa eigi að viðræðum við sambandið, bæði hvað varðar efnisatriði slíkra viðræðna og hvenær þær skuli fara fram.

Í þeim gerðum, sem vísað er til í tillögunni, er um að ræða fjölmörg og ólík efnisatriði. Alþingi hefur aðeins gefist mjög takmarkaður tími til að fara yfir þessar gerðir og fjalla um efnisatriði þeirra.

Í ljósi alls þessa er það skoðun 2. minni hluta að ekki sé tímabært að afgreiða fullgildinguna á þessu þingi áður en nokkuð liggur fyrir hvernig stjórnvöld hyggjast á næstunni vinna að nauðsynlegum breytingum á skipan framtíðarsamskipta Íslands og Evrópusambandsins. Annar minni hluti leggur því til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Verði ekki fallist á þessa málsmeðferð munu þingmenn Alþýðubandalagsins sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1994.

Ólafur Ragnar Grímsson.

1147. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um flutning verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem hvetur til þess að unnið verði að flutningi verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Ríkisútvarpi, sjónvarpi, auk þess sem athugað verði hvernig starfsemi þessara stofnana fái að öðru leyti sem best náð til allra landsmanna.

Nefndin fékk á sinn fund Heimi Steinsson útvarpsstjóra og studdist við umsagnir frá Árna Tómasi Ragnarssyni, Bandalagi íslenskra leikfélaga, Félagi íslenskra hljómlistarmanna, Félagi íslenskra leikara, Félagi leikstjóra á Íslandi, Íslensku óperunni, Ríkisútvarpinu, Ríkisútvarpinu, sjónvarpi, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Starfsmannafélagi Ríkisútvarps, sjónvarps.

Nefndin styður þau sjónarmið sem tillagan byggist á og leggur til að hún verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Fram kom í umsögnum þeirra sem til þekkja að upptökur leikhúsverka og annarra menningarviðburða fyrir sjónvarp krefðust talsverðs undirbúnings. Útsendingarnar sjálfar væru einnig kostnaðarsamar og í því efni þyrfti m.a. að gæta reglna um höfundarrétt. Nefndin telur því að málið þarfnist frekari skoðunar og leggur til að tillögunni verði breytt þannig að ráðherra gefist svigrúm til að kanna alla þætti málsins vel. Þá er lagt til að tillagan einskorðist hvorki við Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands né Ríkisútvarpið.

Björn Bjarnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Petrína Baldursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Tómas Ingi Olrich.		Kristín Ástgeirsdóttir.

1148. Breytingartillögur [23. mál]

við till. til þál. um flutning verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu.

Frá menntamálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að leita leiða til að stuðla að því að leikhúsverk og tónlistarflutningur Sinfóníuhljómsveitar Íslands og aðrir merkir tónlistarviðburðir skili sér betur til sjónvarpsáhorfenda en verið hefur.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Till. til þál. um flutning tónlistar og leikhúsverka í sjónvarpi.

1149. Nefndarálit [238. mál]

um till. til þál. um úrbætur í málum ungmenna sem flutt hafa til Íslands frá framandi málsvæðum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Hrólf Kjartansson, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, Guðrúnu J. Halldórsdóttur, skólastjóra Námsflokka Reykjavíkur, og Ingibjörgu Hafstað, verkefnisstjóra hjá menntamálaráðuneyti. Þá studdist nefndin við umsagnir frá Barnaheillum, Félagi móðurmálskennara, fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra, fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis, Heimili og skóla, Íslenskri málnefnd, Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands, Kennarasambandi Íslands og Námsgagnastofnun.

Fram kom í umfjöllun um málið að þegar hefur verið unnið markvisst starf á því sviði sem tillagan varðar. Meðal annars var kynnt fyrir nefndinni skýrsla um nýbúafræðslu sem unnin var á vegum menntamálaráðuneytis. Námsgagnastofnun vinnur nú þegar að gerð námsefnis á þessu sviði og hafin er sérstök kennsla fyrir þessa nemendur.

Nefndin telur að þingsályktunartillagan varði mikilvægt mál og sé góð viðbót og stuðningur við það öfluga starf sem þegar er hafið í menntamálaráðuneytinu á þessu sviði. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þar er í fyrsta lagi lagt til að orðalagi tillögunnar verði breytt með tilliti til þess starfs sem þegar hefur verið unnið. Loks eru lagðar til lítils háttar orðalagsbreytingar sem ekki þarfnast skýringa.

Björn Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Petrína Baldursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Tómas Ingi Olrich.		Kristín Ástgeirsdóttir.

1150. Breytingartillögur [238. mál]

við till. til þál. um úrbætur í málum ungmenna sem flutt hafa til Íslands frá framandi málsvæðum.

Frá menntamálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að beina því til menntamálaráðherra að:

a. Stuðla í auknum mæli að gerð kennsluefnis fyrir námsmenn af erlendum uppruna í sögu, landafræði, náttúrufræði og félagsfræði. Kennsluefnið verði á einföldu en góðu íslensku máli og til þess ætlað að auðvelda nemendum að tileinka sér annað kennsluefni í íslenskum skólum.
b. Beita sér fyrir eflingu sérstakrar íslenskukennslu fyrir nýbúa og íslensk börn sem hafa dvalist lengi erlendis.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um úrbætur í málum nýbúa og íslenskra barna sem dvalist hafa lengi erlendis.

1151. Nefndarálit [451. mál]

um till. til þál. um náttúrufræðikennslu og sveitadvöl nemenda í 4.–6.bekk grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna sem felur í sér að nám í náttúrufræði verði eflt. Við umfjöllun sína studdist nefndin við umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, félagsmálaráðuneyti, Kennarasambandi Íslands, landbúnaðarráðuneyti, Landgræðslu ríkisins, Námsgagnastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarráði, Skógrækt ríkisins, Stéttarsambandi bænda og umhverfisráðuneyti.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að menntamálaráðherra vinni að þessu verkefni í samvinnu við umhverfisráðherra, auk landbúnaðarráðherra. Er það talið eðlilegt m.a. þar sem umhverfisráðuneyti fer með fræðslu- og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála auk þess sem Náttúrufræðistofnun Íslands heyrir undir ráðuneytið, en meginverkefni þeirrar stofnunar er að skipuleggja heimildasöfnun um náttúru Íslands og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Þá er talið óþarfi að einskorða kennsluna við tiltekna bekki eins og tillagan gerir ráð fyrir. Á sama hátt er talið eðlilegt að þeir sem koma til með að vinna að málinu móti aðra þætti, svo sem hvort námið skuli tengt dvöl í sveit. Loks telur nefndin ekki rétt að mæla fyrir um skipun starfshóps heldur verði sú ákvörðun falin ráðherrunum.

Björn Bjarnason og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Petrína Baldursdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
	Kristín Ástgeirsdóttir.	

1152. Breytingartillögur [451. mál]

við till. til þál. um náttúrufræðikennslu og sveitadvöl nemenda í 4.–6. bekk grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra í samvinnu við landbúnaðar- og umhverfisráðherra að leita leiða til að efla náttúrufræðikennslu í grunnskólum í tengslum við íslenskan landbúnað. Sérstaklega verði athugað hvort unnt sé að tengja verkefnið ferðaþjónustubændum og nota það sem lið í atvinnuátaki í dreifbýli.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Till. til þál. um eflingu náttúrufræðikennslu í grunnskólum.

1153. Nefndarálit [550. mál]

um frv. til l. um leikskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem byggist á endurskoðun núgildandi laga um leikskóla. Í frumvarpinu er kveðið á um aukna ábyrgð sveitarfélaga auk þess sem lögð er áhersla á að leikskólinn sé fyrsta stig skólakerfisins.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun um málið Svandísi Skúladóttur, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, Guðrúnu Öldu Harðardóttur og Björgu Bjarnadóttur frá Fóstrufélagi Íslands, Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Gyðu Jóhannsdóttur, skólastjóra Fósturskóla Íslands. Þá studdist nefndin við umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að í 9. gr. verði tryggt að þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög kjósa að sameinast um rekstur leikskóla eigi þau öll fulltrúa í þeirri nefnd sem fer með málefni leikskóla. Þá vill nefndin benda á að fram kom í umfjöllun um málið að leikskólakennarar væru á meðal þeirra starfsstétta sem vísað er til í hugtakinu „sérfræðingar“ í 15. gr. frumvarpsins. Nefndin vill árétta að sá skilningur verði lagður í ákvæðið þrátt fyrir að leikskólakennarar séu ekki nefndir í athugasemdum með frumvarpinu.

Björn Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson.	Petrína Baldursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson, með fyrirvara.
Tómas Ingi Olrich.		Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.

1154. Breytingartillaga [550. mál]

við frv. til l. um leikskóla.

Frá menntamálanefnd.

Við 9. gr. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þar sem sveitarfélög hafa sameinast um rekstur leikskóla skulu þau öll eiga fulltrúa í þeirri nefnd sem fer með málefni leikskóla.

1155. Breytingartillaga [550. mál]

við frv. til l. um leikskóla.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Við 12. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal leikskólastjóri sjá til þess að börnum, sem ekki tilheyra þjóðkirkjunni, sé sýnd full virðing og að þau hafi aðgang að fræðslu um trúarbrögð sín á sama hátt og börn sem tilheyra þjóðkirkjunni.

1156. Nefndarálit [446. mál]

um frv. til l. um söfnunarkassa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn til viðræðna frá dómsmálaráðuneytinu Ólaf W. Stefánsson skrifstofustjóra og Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, Þóri Einarsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Esther Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Slysavarnarfélags Íslands, Magnús Snæbjörnsson frá Íslenskum söfnunarkössum, Ólaf Poppé frá Landsbjörgu, Theodór S. Halldórsson frá Samtökum áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og frá Rauða krossi Ís-

lands Árna Gunnarsson og Sigrúnu Árnadóttur. Þá bárust nefndinni gögn frá Þóri Einarssyni, Íslenskum söfnunarkössum, dómsmálaráðuneytinu og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Á síðasta ári var að undirlagi dóms- og kirkjumálaráðherra gert samkomulag milli Happdrættis Háskóla Íslands annars vegar og Rauða kross Íslands, Landsbjargar, Slysavarnafélags Íslands og Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann hins vegar en þessi fern samtök hafa staðið að starfrækslu söfnunarkassa. Samkomulagið var gert í tilefni af deilum sem risu í framhaldi af beiðni Happdrættis Háskóla Íslands um að hefja rekstur á sérstökum samtengdum happdrættisvélum. Varð þessi beiðni og síðar afgreiðsla dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á henni m.a. tilefni deilna um lagagrundvöll fyrir rekstri söfnunar- og spilakassa á vegum Rauða kross Íslands og samstarfsaðila þeirra. Við áðurnefnt samkomulag féllst ráðherra á að beita sér fyrir að treystur yrði lagagrundvöllur fyrir rekstri söfnunar- og spilakassa Rauða kross Íslands og samstarfsaðila þeirra og var frumvarp þetta flutt af því tilefni. Í frumvarpinu er lagt til að dómsmálaráðherra verði heimilað að veita Rauða krossi Íslands og samstarfsaðilum þeirra leyfi til að starfrækja söfnunarkassa með peningavinningum. Þar sem nauðsynlegt er að afmarka þá starfsemi gagnvart happdrættisvélum Háskóla Íslands var samhliða flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum, þar sem heimild til þess að nota samtengdar happdrættisvélar er afmörkuð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu er í þeim lögreglusamþykktum, sem kveða á um spilakassa og leiktæki, miðað við 14 ára aldur, miðað við fæðingarár. Þá var upplýst að á eða við spilakassa Rauða kross Íslands er athugasemd um að börn yngri en 16 ára megi ekki spila í þeim en í leyfum hafi hins vegar ekki verið vikið að aldri. Nefndin lítur svo á að m.a. með tilliti til eðlis þessarar starfsemi sé eðlilegt að lögfesta aldursviðmið þeirra sem nota mega söfnunarkassa og að miðað verði við 16 ára aldur, en að óbreyttu gerir frumvarpið ráð fyrir að kveðið verði á um aldurslágmark í reglugerð.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Ólafur Þ. Þórðarson og Jón Helgason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Ey. Kon. Jónsson.
Ingi Björn Albertsson.	Tómas Ingi Olrich.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson, með fyrirvara.	

1157. Breytingartillaga [446. mál]

við frv. til l. um söfnunarkassa.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. málsl. 4. gr. bætist: en hann skal þó eigi vera lægri en 16 ár.

1158. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn til viðræðna frá dómsmálaráðuneytinu Ólaf W. Stefánsson skrifstofustjóra og Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, Þóri Einarsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Esther Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Slysavarnafélags Íslands, Magnús Snæbjörnsson frá Íslenskum söfnunarkössum, Ólaf Poppé frá Landsbjörg, Theodór S. Halldórsson frá Samtökum áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og frá Rauða krossi Íslands Árna Gunnarsson og Sigrúnu Árnadóttur. Þá bárust nefndinni gögn frá Þóri Einarssyni, Íslenskum söfnunarkössum, dómsmálaráðuneytinu og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Í frumvarpi til laga um söfnunarkassa, 446. máli þingsins, sem afgreitt var frá nefndinni samhliða þessu frumvarpi, er lagt til að dómsmálaráðherra verði heimilað að veita Íslenskum söfnunarkössum, félagi í eigu Rauða kross Íslands, Landsbjargar, Samtaka áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélags Íslands, leyfi til að starfrækja söfnunarkassa með peningavinningum. Frumvarp þetta er flutt samhliða þar sem nauðsynlegt er að afmarka fyrrgreinda starfsemi gagnvart happdrættisvélum Háskóla Íslands. Afmörkuð er heimild til að nota samtengdar happdrættisvélar en Háskóli Íslands hefur einkaleyfi til rekstrar happdrættis með peningavinningum og hefur nýlega hafið rekstur peningahappdrættis með vélum sem ekki er rekið sem flokkahappdrætti.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Kristinn H. Gunnarsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson standa að breytingartillögunni en ekki að nefndaráliti þessu.

Lagt er til að lögtekið verði aldurslágmark þeirra sem spila mega í happdrættisvélum og verði miðað við 16 ára aldur. Þessar reglur eru fyrir hendi í reglugerð um happdrættisvélar Háskóla Íslands, nr. 455/1993, þar sem segir að aðgangur að vélum skuli takmarkaður við 16 ára og eldri, en að athuguðu máli telur meiri hlutinn rétt að mæla með lögfestingu þess aldurslágmarks.

Ólafur Þ. Þórðarson og Jón Helgason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Gísli S. Einarsson. Ey. Kon. Jónsson.

Ingi Björn Albertsson. Tómas Ingi Olrich.

1159. Breytingartillaga [445. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Við efnismálsgrein 1. gr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Lágmarksaldur þátttakenda skal þó vera 16 ár.

1160. Nefndarálit [566. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn til viðræðna Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra.

Frumvarpinu er ætlað að gera opinberum stjórnvöldum og stofnunum, öðrum en ráðuneytum, sem er falið með lögum að gefa út reglur um tiltekin málefni, mögulegt að birta þær reglur í B-deild Stjórnartíðinda.

Í umræðum í nefndinni var sérstaklega rætt um hvort rétt væri að birta þær reglur, sem frumvarpið tekur til, í sérstakri deild Stjórnartíðinda. Nefndin lítur svo á að hér sé um athyglisverða hugmynd að ræða sem rétt sé taka til nánari athugunar. Samkvæmt upplýsingum, sem fengust frá dómsmálaráðuneytinu, liggur fyrir að á næstunni þurfi að fara fram endurskipulagning á birtingu í Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaði. Mundi þá deildum væntanlega fjölga um fleiri en eina, m.a. vegna þess að atriði eins og gjaldskrár yrðu tekin saman í eina deild, og eins hafa ýmsar reglur, sem tengjast stjórn fiskveiða, valdið ákveðnum vandamálum við heföbundna reglugerðarútgáfu. Að teknu tilliti til framangreindra upplýsinga telur nefndin rétt að afgreiða frumvarpið eins og það liggur fyrir en hugmyndir um stofnun nýrrar deildar verði athugaðar við umfangsmeiri endurskoðun Stjórnartíðinda.

Jón Helgason og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Tómas Ingi Olrich.
Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson, með fyrirvara.	

1161. Nefndarálit [460. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið með svipuðum hætti og verið hefur á undanförnum löggjafarþingum. Kannað var hvort umsóknir, sem nefndinni bárust, uppfylltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisfangs, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi. Til að auðvelda málsmeðferð fóru formaður og tveir nefndarmanna yfir umsóknir sem bárust nefndinni áður en nefndin í heild fjallaði um einstakar umsóknir með tilliti til fyrrgreindra skilyrða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Jón Helgason.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Tómas Ingi Olrich.
Kristinn H. Gunnarsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.

1162. Breytingartillaga [460. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alexandrovna, Lidia, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 11. október 1945 í Sovétríkjunum.
2. Annisius, Matthias Constantin, verkamaður á Húsavík, f. 3. desember 1951 í Þýskalandi.
3. Aubrey, Ivor Don, rafeindavirki í Reykjavík, f. 2. júní 1954 í Suður-Afríku.

4. Badzie, Christina Lovina, verkakona í Hafnarfirði, f. 29. maí 1965 í Ghana.
5. Benkov, Julian Gueorguiev, tölvuverkfræðingur í Reykjavík, f. 19. júlí 1946 í Búlgaríu.
6. Caamic, Erlinda D., verkakona í Reykjavík, f. 3. desember 1944 á Filippseyjum.
7. Clark, Molly, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. mars 1932 í Bretlandi.
8. Collett, Árni James, nemi í Hafnarfirði, f. 10. júní 1974 í Bretlandi.
9. Cosshall, Janet Rosalin, ritari í Reykjavík, f. 26. ágúst 1941 í Bretlandi.
10. Cupal Roman, Aldrianne, starfsstúlka í Reykjavík, f. 1. ágúst 1971 á Filippseyjum.
11. Dennis, Janice, kennari á Húsavík, f. 30. júní 1953 í Bretlandi.
12. Dennis, Norman Hanson, kennari á Húsavík, f. 4. maí 1954 í Bretlandi.
13. Gunnar Val Friðriksson, nemi í Reykjavík, f. 7. janúar 1977 í Reykjavík.
14. Hans Alan Tómasson, verkamaður í Kópavogi, f. 13. september 1975 í Reykjavík.
15. Hanson, Bert, forstjóri í Reykjavík, f. 11. nóvember 1930 í Tékkóslóvakíu.
16. Hrafnhildur Valdimarsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 12. febrúar 1931 í Reykjavík.
17. Huynh, Kien Dan, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 16. september 1941 í Víetnam.
18. Huynh, Kien Tam, nemi í Reykjavík, f. 8. mars 1975 í Víetnam.
19. Huynh, Thi Le Anh, verkamaður í Reykjavík, f. 17. ágúst 1973 í Víetnam.
20. Huynh, Thi Le Thuy, saumakona í Reykjavík, f. 10. desember 1971 í Víetnam.
21. Indolis Alfante, Lilia, verkakona í Reykjavík, f. 4. júlí 1961 á Filippseyjum.
22. Ivanovic, Zoran, verkamaður í Reykjavík, f. 8. ágúst 1965 í Júgóslavíu.
23. Jensen, Inger Nordahl, meinatæknir á Akureyri, f. 2. október 1945 í Danmörku.
24. Khorchai, Khema, verkakona á Bakkafirði, f. 4. janúar 1962 í Tælandi.
25. Lemarquis, Gérard Roger, háskólakennari í Reykjavík, f. 8. janúar 1948 í Frakklandi.
26. Ludvigsen, Peter Mogens, sjómaður í Hafnarfirði, f. 19. ágúst 1948 í Danmörku.
27. Malone, Joanne Christine, húsmóðir á Patreksfirði, f. 21. desember 1969 á Írlandi.
28. Marta Ricart Philippesdóttir, nemi á Akranesi, f. 11. desember 1980 á Ísafirði.
29. Matuguines Estrada, Eugenia, verkakona í Reykjavík, f. 6. september 1947 á Filippseyjum.
30. Mayén, Esteban Dagur, barn í Reykjavík, f. 11. febrúar 1980 í Mexíkó.
31. Mayén, Karen, barn í Reykjavík, f. 11. maí 1983 í Mexíkó.
32. Mikael Nikulásson, nemi í Reykjavík, f. 20. nóvember 1974 í Reykjavík.
33. Miller, Jóhannes, barn í Hafnarfirði, f. 22. febrúar 1982 í Reykjavík.
34. Mills, Alison Mary, starfsstúlka á Tálknafirði, f. 19. október 1960 á Nýja-Sjálandi.
35. Mostar Nueva, Margie, verkakona í Reykjavík, f. 7. nóvember 1952 á Filippseyjum.
36. Ndure, Babou, verkamaður í Reykjavík, f. 19. apríl 1958 í Gambíu.
37. Nueva Surban, Corazon, verkakona í Reykjavík, f. 19. maí 1954 á Filippseyjum.
38. Oznobikhina, Ljudmila Vladimirovna, húsmóðir í Kópavogi, f. 24. júní 1954 í Sovétríkjunum.
39. Petrofa Benkova, Ilka, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 3. apríl 1946 í Búlgaríu.
40. Puff, Brigitte, hjúkrunarfræðingur í Hafnarfirði, f. 23. október 1937 í Þýskalandi.
41. Rabasca, Kristofer Erik, auglýsingateiknari í Reykjavík, f. 8. desember 1968 í Bandaríkjunum.
42. Rachad Yamak, Mohamad, lyfjafræðingur í Reykjavík, f. 5. janúar 1959 í Líbanon.

43. Redouane, Anbari, verkamaður í Reykjavík, f. 17. ágúst 1965 í Marokkó.
44. Reina Aguilar, Carlos Roberto, verkamaður í Reykjavík, f. 11. desember 1966 í Honduras.
45. Richardson, Jennifer Eleanor, starfsstúlka í Reykjavík, f. 5. apríl 1959 á Norður-Írlandi.
46. Rolland, Jaques Patrick Marie, prestur í Reykjavík, f. 20. september 1956 í Frakklandi.
47. Saenla Iad, Lamduan, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. mars 1966 í Tælandi.
48. Smith, Bryan Allen, barn í Reykjavík, f. 6. júní 1982 í Bandaríkjunum.
49. Soriano Ducusin, Helen, verkakona á Laugabakka, f. 15. janúar 1959 á Filippseyjum.
50. Tate, Beverley Sue, kennari í Reykjavík, f. 17. desember 1946 í Bandaríkjunum.
51. Tompkins, Peter Richard, tónlistarmaður í Garðabæ, fæddur 14. apríl 1966 í Bretlandi.
52. Tran, Thi Nan, starfsstúlka í Reykjavík, f. 20. október 1950 í Víetnam.
53. Turin, Miroslawa, húsmóðir á Eskifirði, f. 24. september 1964 í Póllandi.
54. Ubas Villareal, Romela, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. september 1959 á Filippseyjum.
55. Van der Meer, Marisha, sjúkraþjálfari á Siglufirði, f. 19. ágúst 1958 í Hollandi.
56. Vedeja Cepeda, Mila, verkakona í Vestmannaeyjum, f. 16. september 1955 á Filippseyjum.
57. Vosk, Theodore, eftirlaunamaður í Garðabæ, f. 23. janúar 1913 í Bandaríkjunum.
58. Weicheng, Huang, badmintonþjálfari í Reykjavík, f. 18. febrúar 1960 í Kína.
59. Yamada, Mayumi, hjúkrunarfræðingur í Garðabæ, f. 16. júlí 1955 í Japan.
60. Zak, Irena Puhar, filmutæknir í Mosfellsbæ, f. 5. desember 1967 í Slóveníu.

1163. Nefndarálit [603. mál]

um till. til þál. um breyt. á þál. frá 2. maí 1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem felur efnislega í sér að umboðsmaður Alþingis hafi frest til 1. september ár hvert til að skila skýrslu um starf sitt til Alþingis í stað 1. mars. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum“ komi: um þingsköp Alþingis.
2. Við 2. gr. Í stað „nr. 19/1991“ í a- og b-liðum komi: um meðferð opinberra mála.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Guðni Ágústsson.
Björn Bjarnson.	Ingi Björn Albertsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

1164. Breytingartillaga [400. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 3. gr. 2. málsl. fyrri efnismálsgreinar orðist svo: Skal einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Sambandi íslenskra tryggingafélaga og einn án tilnefningar.

1165. Breytingartillaga [294. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:
6. gr. laganna orðast svo:
Lánastofnanir skulu undanþegnar stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum sem þær kunna að taka á sig.

1166. Breytingartillaga [201. mál]

við frv. til l. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Við 18. gr.
a. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Frá 20. ágúst til 31. mars: grágæs og heiðagæs.

b. Orðin „grágæs“ og „heiðagæs“ í 2. tölul. falli brott.
c. Í stað „19. maí“ í 3. tölul. komi: 10. maí.

1167. Nefndarálit [537. mál]

um till. til þál. um fullgildingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn.

Frá 3. minni hluta utanríkismálanefndar.

Með afgreiðslu þessarar þingsályktunartillögu lýkur lögfestingu EES-samningsins að mestu leyti. Þær viðbótargerðir, sem Íslendingar skuldbinda sig til að hlíta samkvæmt henni, eru óaðskiljanlegur hluti samningsins þar sem Íslendingar eiga ekki annarra kosta völ en að fella þær inn í lög og reglugerðir án athugasemda, líkt og EES-samninginn. Auk þeirra rúmlega 400 gerða, sem Íslendingar undirgangast samkvæmt þessari þingsályktunartillögu, má vænta örfárra gerða í viðbót samkvæmt upplýsingum er Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra veitti nefndinni. Þessi viðbótarpakki er að því leyti ólíkur þeim gerðum sem á eftir koma að Íslendingar koma hvergi nærri vinnslu þeirra gerða sem í honum eru og hafa því ekki einu sinni formlega séð möguleika á að hafa áhrif á efni þeirra. Þótt hæpið sé að Íslendingar megi sín mikils þegar ákvarðanir eru teknar um þær viðbótargerðir, sem tilheyra munu Evrópska efnahagssvæðinu, eiga þeir rétt á að fylgjast með og láta skoðun sína á þeim í ljós á undirbúningsstigi. Því er hins vegar ekki til að dreifa varðandi efni þessarar þingsályktunartillögu. Þriðji minni hluti mun því greiða atkvæði gegn þessari þingsályktunartillögu í samræmi við afstöðu sína til annarra hluta EES-samningsins.

Þriðji minni hluti vekur einnig athygli á að möguleikar þingmanna eru næsta litlir til að kynna sér svo viðunandi sé efni þeirra liðlega 400 gerða sem Ísland er samkvæmt þessari þingsályktunartillögu skuldbundið til að fella inn í íslensk lög og reglugerðir. Á fund utanríkismálanefndar komu fjölmargir gestir til að upplýsa nefndina um einstaka málaflokka er heyra undir Evrópska efnahagssvæðið en sú yfirferð var allsendis ófullnægjandi þrátt fyrir góðan vilja utanríkismálanefndar og gesta hennar til að fá yfirsýn yfir málið. Þriðji minni hlutinn er ósáttur við slík vinnubrögð bæði nú og við lögfestingu meginefnis EES-samningsins.

Þriðji minni hluti tekur ekki afstöðu til einstakra gerða í þessu áliti enda eru þær margvíslegar, sumar til bóta en aðrar til hins verra. Þriðji minni hluti minnir hins vegar á að Íslendingar þurfa ekki að eiga aðild að EES til að taka í lög og reglugerðir það sem til bóta getur talist.

Alþingi, 2. maí 1994.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

1168. Breytingartillaga [377. mál]

við frv. til l. um umboðsmann barna.

Frá Inga Birni Albertssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Við 2. gr.
a. Fyrri málsliður 2. mgr. falli brott.
b. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.

1169. Svar [595. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um félagslegar íbúðir.

1. *Hvernig form er á eignarhaldi eftirtalinna félagslegra íbúða, hvað þurfa þeir er úthlutun hafa fengið að greiða við móttöku íbúðar, hverjar þurfa mánaðarlegar tekjur þeirra að vera, hverjar eru mánaðarlegar afborganir, og þá til hve margra ára, af:*
   a. félagslegum eignaríbúðum,
   b. félagslegum kaupleiguíbúðum,
   c. almennum kaupleiguíbúðum?

Allar tölulegar upplýsingar varðandi afborganir lána á ári eru án tillits til vaxtabóta.

1.a. Félagslegar eignaríbúðir.

Íbúðirnar eru eingöngu söluíbúðir. Kaupendur greiða 10% af söluverði en veitt er 90% lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Þá greiða kaupendur kostnað við þinglýsingu skuldabréfa og af afsali, en skjöl þessi eru stimpilfrjáls. Kostnaður við þinglýsingu er 1.000 kr. á hvert bréf sem þinglýst er.

Ef um er að ræða endursöluíbúð greiðir kaupandi lántökukostnað sem er 0,5% af lánsfjárhæð og einnig er framkvæmdaraðila heimilt að innheimta sölugjald sem er 0,5% af söluverði íbúðar.

Dæmi: Ný 7 millj. kr. íbúð: Greiðsla 700 þús. kr. (10%) + þinglýsingarkostnaður. Endursöluíbúð 7 millj. kr.: Greiðsla 700 þús. kr. (10%) + 70 þús. kr. lántöku- og sölukostnaður + þinglýsingarkostnaður.

Réttur til að festa kaup á félagslegri eignaríbúð er bundinn við þá sem uppfylla m.a. það skilyrði að geta sýnt fram á greiðslugetu. Við mat á greiðslugetu skal við það miðað að greiðslubyrði lána fari ekki yfir þriðjung af tekjum.

Kaupandi greiðir 10% kaupverðs fyrir afhendingu íbúðar. Lán Byggingarsjóðs verkamanna til félagslegra eignaríbúða (90%) eru til 43 ára. Lánin eru jafngreiðslulán og ársvextir af þeim eru 2,4%. Fyrsta árið er afborgunarlaust þannig að þá eru einungis greiddir vextir og verðbætur. Ársgreiðsla afborgana og vaxta er um 3,8% af lánsfjárhæð. Af hverri 1 millj. kr., sem tekin er að láni, greiðir kaupandi því 37.800 kr. á ári eða um 3.150 kr. á mánuði.

Dæmi: 7 millj. kr. íbúð: Kaupandi greiðir 700 þús. kr. Fyrsta árið eru einungis greiddir vextir af láninu, eða 12.600 kr. á mánuði. Mánaðarlegar greiðslur af láni Byggingarsjóðs verkamanna eftir það eru um 19.800 kr.

1.b. Félagslegar kaupleiguíbúðir.

Í félagslegum kaupleiguíbúðum getur umsækjandi valið um þrjá kosti: kaup, leigu með kauprétti eða leigu með hlutareign.

Við kaup á félagslegri kaupleiguíbúð gerir kaupandi samning við framkvæmdaraðila um greiðslu 10% framlags. Gert er ráð fyrir að það endurgreiðist á allt að 15 árum.

Í leigu með kauprétti greiðir leigjandi ekkert við móttöku íbúðarinnar (nokkrar húsnæðisnefndir hafa farið fram á fyrirframgreiðslu), en þegar um er að ræða leigu með hlutareign greiðir leigjandi 10% af söluverði íbúðarinnar sem svo er þinglýstur eignarhluti leigutaka í íbúðinni.

Við kaup gilda sömu reglur um greiðslumat og greiðslubyrði lána og við kaup á félagslegri eignaríbúð. Engar slíkar reglur gilda hins vegar í leigu með kauprétti eða leigu með hlutareign og því er ekkert tekjulágmark þegar um er að ræða þessi form á eignarhaldi.

Mánaðarlegar greiðslur af láni Byggingarsjóðs verkamanna eru þær sömu við kaup á félagslegri kaupleiguíbúð og við kaup á félagslegri eignaríbúð, enda eru lánskjörin þau sömu. Framlag framkvæmdaraðila (10%) endurgreiðir kaupandi á allt að 15 árum.

Þegar íbúðir eru í leigu með kauprétti eða með hlutareign er lánstími lánanna 50 ár og ársvextir 1%. Ársgreiðsla afborgana og vaxta er rúmlega 2,5% af lánsfjárhæð. Af hverri 1 millj. kr. eru því greiddar 25.400 kr. á ári, eða um 2.100 kr. á mánuði.

Leigan svarar svo til samanlags kostnaðar af greiðslum af lánum Byggingarsjóðs verkamanna og viðhaldskostnaðar, trygginga, vaxtakostnaðar og þess háttar. Viðmiðunarreglur Húsnæðisstofnunar um útreikning húsaleigu eru um 4,4% af söluverði íbúðar á ári. Það þýðir að af hverri 1 millj. kr. er leigukostnaðurinn tæplega 3.700 kr. á mánuði. Leigan er nokkuð lægri þegar um er að ræða leigu með hlutareign eða um 3.300 kr. á mánuði, enda ekki reiknaður inn í þá leigu vaxtakostnaður af framlagi framkvæmdaraðila því að leigjandi hefur sjálfur greitt framlagið.

Dæmi: 7 millj. kr. íbúð: Leiga á mánuði er um 25.600 kr., en þegar um hlutareign er að ræða er leigan um 22.800 kr. á mánuði.

1.c. Almennar kaupleiguíbúðir.

Í almennum kaupleiguíbúðum getur umsækjandi valið um þrjá kosti: kaup, leigu með kauprétti eða leigu með hlutareign.

Við kaup á almennri kaupleiguíbúð er greiðsla kaupanda við móttöku íbúðarinnar 10% eða 30%. Að öðru leyti er greitt það sama og hjá kaupanda félagslegrar kaupleiguíbúðar og fjallað er um hér að framan, að því þó undanskildu að kaupandi þarf að greiða stimpilgjald sem er 1,5% af lánsfjárhæð.

Dæmi: Ný 7 millj. kr. íbúð: Greiðsla 700 þús. kr. (10%) + stimpilgjald 94.500 kr. + þinglýsingarkostnaður.

Í leigu með kauprétti greiðir leigjandi ekkert við móttöku íbúðarinnar, en þegar um er að ræða leigu með hlutareign greiðir leigjandi 10% eða 30% af söluverði íbúðarinnar sem svo er þinglýstur eignarhluti leigutaka í íbúðinni.

Við kaup gilda sömu reglur um greiðslumat og greiðslubyrði lána og við kaup á félagslegri kaupleiguíbúð. Engar slíkar reglur gilda hins vegar í leigu með kauprétti eða leigu með hlutareign og því er ekkert tekjulágmark þegar um er að ræða þessi form á eignarhaldi.

Mánaðarlegar greiðslur við kaup af hverri 1 millj. kr., þegar tekið er 70% lán til 43 ára og 20% til 25 ára (fyrsta árið er afborgunarlaust), er um 5.000 kr. Ársvextir lánanna eru 4,9%.

Mánaðarlegar greiðslur við kaup af hverri 1 millj. kr., þegar tekið er einungis 70% lán til 43 ára (fyrsta árið er afborgunarlaust), eru um 4.700 kr.

Dæmi: 7 millj. kr. íbúð, 70%+20% lán: Greiðsla 25.700 kr. á mánuði fyrsta árið, 31.500 kr. á mánuði næstu 24 ár og 23.100 kr. á mánuði eftir það.

7 millj kr. íbúð, 70% lán: Greiðsla 20.000 kr. á mánuði fyrsta árið og 23.100 kr. á mánuði eftir það.

Þegar íbúðir eru í leigu með kauprétti eða með hlutareign er lánstími 70% lánsins til 50 ára og lánstími 20% lánsins til 25 ára og ársvextir 4,5%. Ársgreiðsla afborgana og vaxta er rúmlega 5,4% af lánsfjárhæð með 70%+20% lán en um 5% með 70% lán. Af hverri 1 millj. kr. eru því greiddar 4.500 kr. á ári í fyrra tilfellinu en 4.200 kr. á mánuði í því seinna.

Leigan er svo reiknuð á sama hátt og getið var um hér að framan um leigu í félagslegri kaupleiguíbúð. Viðmiðunarreglur Húsnæðisstofnunar um útreikning húsaleigu með 70%+20% lán eru um 7,14% af söluverði íbúðar á ári. Það þýðir að af hverri 1 millj. kr. er leigukostnaðurinn tæplega 6.000 kr. á mánuði. Leigan er nokkuð lægri þegar um er að ræða leigu með hlutareign eða um 5.500 kr. á mánuði, enda ekki reiknaður inn í þá leigu vaxtakostnaður af framlagi framkvæmdaraðila því að leigjandi hefur sjálfur greitt framlagið.

Dæmi: 7 millj. kr. íbúð í leigu: Leiga á mánuði um 41.600 kr. 7 millj. kr. íbúð með 10% hlutareign: Leiga á mánuði um 38.800 kr. 7 millj. kr. íbúð með 30% hlutareign: Leiga á mánuði um 31.300 kr.

2. *Hverjar eru mánaðarlegar leigugreiðslur þeirra er afnot hafa af félagslegum leiguíbúðum? Hver er réttur þeirra t.d. hvað varðar leigutíma?*

Mánaðarleg greiðsla er sú sama í félagslegum leiguíbúðum og í félagslegum kaupleiguíbúðum með kauprétti. Um leigu gilda sem sagt ákvæði 77. gr. reglugerðar nr. 46/1991 og framkvæmdaraðila er heimilt að ákveða leigu samkvæmt þeirri grein. Hins vegar er þessum íbúðum oft ráðstafað til skjólstæðinga félagsmálanefnda eða stofnana sveitarfélaga og leigugjaldið því ákveðið með hliðsjón af greiðslugetu þeirra. Um samskipti leigutaka og framkvæmdaraðila gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga, sbr. 82. gr. sömu reglugerðar.

1170. Skýrsla [280. mál]

félagsmálaráðherra um skuldastöðu heimilanna, samkvæmt beiðni.

I. Inngangur.

Beiðni um skýrslu um skuldastöðu heimilanna í landinu var send félagsmálaráðherra 10. desember sl. með vísan til þskj. 356, frá þingmönnunum Guðna Ágústssyni, Finni Ingólfssyni, Páli Péturssyni, Jóni Helgasyni, Halldóri Ásgrímssyni, Stefáni Guðmundssyni, Valgerði Sverrisdóttur, Guðmundi Bjarnasyni, Ingibjörgu Pálmadóttur og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Óskað var eftir því að í skýrslunni kæmu m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði á hverju ári allt frá árinu 1980 til og með 1992–93:

1. Hver er þróunin á meðalskuldastöðu íslenskra heimila?
2. Hver er hlutdeild heimilanna í heildarútlánum lánastofnana?
3. Hver er samsetning skulda heimilanna, skipt í fjárfestingar vegna húsnæðis annars vegar og aðrar skuldir hins vegar?
4. Hverjar eru taldar helstu orsakir þeirrar þróunar sem vart verður á skuldastöðu heimilanna umrætt tímabil?
5. Hver er þróunin á vaxtabyrði heimilanna og hversu hátt hlutfall ráðstöfunartekna þeirra hefur farið í fjármagnskostnað?
6. Hvernig háttar þessum atriðum á Íslandi í samanburði við helstu nágranna- og viðskiptalönd okkar?

Eftir að beiðni þessi kom fram leitaði félagsmálaráðuneytið til Þjóðhagsstofnunar og óskaði eftir því að stofnunin tæki saman efni í skýrsluna. Greinargerð Þjóðhagsstofnunar, dags. 30. mars 1994, barst ráðuneytinu 6. apríl sl. og fylgir hún hér með sem fylgiskjal. Er skýrsla þessi að verulegu leyti byggð á upplýsingum er þar koma fram. Heimildir Þjóðhagsstofnunar um eignastöðu íslenskra heimila eru byggðar á skýrslum bankastofnana og Seðlabanka Íslands auk upplýsinga úr eignarskattsframtölum einstaklinga.

II. Þróunin á meðalskuldastöðu íslenskra heimila.

Í lok árs 1993 námu skuldir heimilanna um 256 milljörðum kr. eða sem svarar til 116% af ráðstöfunartekjum. Áætlanir benda til að skuldir hafi aukist á síðasta ári um 26 milljarða kr. eða um 8,7% að raungildi. Reiknað á mann námu skuldir heimilanna við síðustu árslok um 970 þús. kr. eða 3.875 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Til samanburðar má nefna að árið 1980 námu skuldir heimilanna 25% af ráðstöfunartekjum.

Skuldir íslenskra heimila hafa vaxið hratt á síðasta áratug. Reiknað á föstu verðlagi hafa skuldir heimilanna 6,1-faldast frá 1980 til 1993 sem svarar til þess að skuldir hafa aukist um 15% á ári. Skuldir heimilanna við lánastofnanir jukust mest milli áranna 1982 og 1983, um 102%. Árið 1983 náði verðbólgan hástigi um leið og vísitölubinding launa var afnumin. Þetta hefur verið kallað misgengi lána og launa.

Útlán lánastofnana til heimilanna hafa aukist umtalsvert á sl. 13 árum. Á árinu 1980 námu lán til heimilanna 18–19% heildarútlána en á árunum 1992–1993 var þessi tala komin upp í 35–36%. Árið 1980 gengu 72% útlána lánakerfisins til fyrirtækja og helst hlutur þeirra hár fram til 1986 er vextir voru gefnir frjálsir. Aukin samkeppni milli lánastofnana leiddi til þess að lánastofnanir beindu viðskiptum sínum í auknum mæli til heimilanna sem gátu boðið mun tryggari veð en atvinnufyrirtækin og voru því mun heppilegri viðskiptavinir.

Sérstaka athygli vekur að hlutfall húsnæðisskulda í heildarskuldum heimila hefur farið lækkandi þrátt fyrir hina miklu aukningu sem orðið hefur á heildarskuldum á síðustu árum. Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar kemur fram að á fyrri hluta níunda áratugarins hafi allt að 80% skulda heimilanna verið tilkomin vegna húsnæðisöflunar en um 70% nú síðustu árin. Þess ber að geta að inni í þessum tölum stofnunarinnar eru ekki meðtaldar skuldir fasteignakaupenda á árunum 1980 til 1990 í formi veðskuldabréfa, útgefinna til seljenda fasteigna, en á þessum árum tíðkaðist að fasteignakaupendur greiddu allt að 30% kaupverðs

fasteigna með skuldabréfi til fjögurra ára. En það lánafyrirkomulag þekkist hins vegar ekki eftir tilkomu húsbréfaviðskipta. Þegar tekið hefur verið tillit til þessa má ætla að allt að 90% skulda heimilanna á fyrri hluta níunda áratugarins hafi verið tilkomin vegna húsnæðisöflunar í stað 70% sem nú er.

Samkvæmt skattframtölum ársins 1993 eru skuldir hlutfallslega mestar hjá þeim sem telja fram lægstar tekjur. Þar kemur m.a. fram að hjón, sem eru með tekjur undir 1 millj. kr., greiða að meðaltali um 20% sinna tekna í vexti, en hjón með 5 millj. kr. og yfir í árstekjur greiða að meðaltali tæp 5% sinna tekna í vexti. Skuldahlutfallið lækkar því eftir því sem tekjur aukast.

Þá eru skuldir mestar á aldursbilinu 31–35 ára og lækka hratt eftir að þeim aldri er náð.

Þegar skuldsetning íslenskra heimila er borin saman við stöðu heimila hinna Norðurlandaþjóðanna, annara en Dana (upplýsingar skortir frá þeim), kemur í ljós að skuldir íslenskra heimila voru lægri en hjá hinum þjóðunum í hlutfalli við ráðstöfunartekjur á árinu 1980. Vekur sú niðurstaða sérstaka athygli vegna þess hversu stór hluti íslenskra fjölskyldna býr í eigin húsnæði. Á árinu 1980 voru skuldir norskra heimila hæstar. Þróun á níunda áratugnum er á sama veg hjá öllum þjóðunum fram undir lok áratugarins, þá aukast skuldir verulega umfram vöxt ráðstöfunartekna allt til ársins 1988. Skuldahlutfallið nær hámarki á hinum Norðurlöndunum um 1988, en um það leyti snarhækkar hlutfallið á milli skulda og ráðstöfunartekna hér á landi.

Þær skýringar, sem nefndar hafa verið á þeim umskiptum sem orðið hafa á hinum Norðurlöndunum, má rekja til afleiðinga atvinnuleysis, hækkunar raunvaxta, dregið hefur úr skattafrádrætti vegna vaxtagreiðslna, lækkunar fasteignaverðs, verulegs samdráttar í útlánum bankanna vegna rekstrarerfiðleika þeirra, aukins sparnaðar og að dregið hefur verulega úr einkaneyslu.

Í Þýskalandi og á Ítalíu, svo dæmi séu tekin, er skuldahlutfallið vel undir fimmtungi ráðstöfunartekna, en 100–120% í Bandaríkjunum og Japan.

III. Helstu orsakir þeirrar þróunar sem verður á skuldastöðu heimilanna tilgreint tímabil.

Eins og fram kemur í greinargerð Þjóðhagsstofnunar áttu heimilin í upphafi níunda áratugarins íbúðirnar að verulegu leyti skuldlausar. Helsta skýring þess er sú að fyrir 1980 voru lánin veitt á lægri vöxtum en svaraði til verðbólgu og að auki hækkaði verð á íbúðarhúsnæði langtum meira en almennt verðlag. Á þessum árum var erfitt að fá peninga að láni til lengri tíma. Á áttunda áratugnum voru raunvextir lána neikvæðir, mest árið 1974, en þá voru raunvextir skuldabréfalána banka neikvæðir um 25%, en allan áratuginn voru vextir neikvæðir um 15%. Skuldirnar lækkuðu því hratt og eigið fé í íbúðarhúsnæði var afar mikið. Á þessum tímum voru miklar eignatilfærslur til lántakenda, einnig þeirra sem voru að útvega sér húsnæði. Þegar verðtryggingu var komið á í upphafi níunda áratugarins áttu heimilin í landinu húsnæði sem var að verulegu leyti skuldlaust. Afleiðingarnar voru m.a. þær að endurfjármagna þurfti nær allt húsnæði er það skipti um eigendur. Í þessari staðreynd er að finna eina meginskýringu á miklum vexti á skuldum heimilanna allt frá 1980, ásamt því að horfið var frá mikilli skömmtun á lánsfé til heimilanna og lánstími húsnæðislána hefur lengst verulega þannig að skuldirnar greiðast hægar niður en áður. Þá er breytt aldurssamsetning á síðastliðnum áratug með mikilli fjölgun ungs fólks á húsnæðismarkaðnum talin skýra um 20% af aukningu skulda heimilanna.

Auknir lánamöguleikar.

Skortur á langtímalánum til íbúðarfjárfestingar hefur m.a. leitt til þess að fjölmargir hafa komist í greiðsluvandræði. Eftir að verðtrygging fjárskuldbindinga komst á hefur fólki oft reynst erfitt að standa undir fjármögnun húsnæðis með skammtímalánum. Frá árinu 1985 til ársins 1991 var fólki í greiðsluvanda veitt aðstoð, fyrst með lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins og síðan með tímabundinni heimild í húsbréfakerfinu árið 1991. Um 6 miljörðum króna hefur verið ráðstafað til útlána vegna greiðsluvanda á þessu tímabili. Ástæður vandans voru þá fyrst og fremst skortur á langtímalánum, stór hluti lánanna var skammtímalán úr bönkum og eftirstöðvaskuldabréf seljenda til fjögurra ára sem leiddi til þess að greiðslubyrðin varð mjög þung fyrstu árin og ofviða mörgum. Athyglisvert er að aðstoð vegna greiðsluerfiðleika hófst á árinu 1985 en á árunum 1985–1987 jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna í kringum 40%. Aðstoðin fólst m.a. í því að veita lán til allt að 40 ára í stað bankalána sem voru í vanskilum.

Lánamöguleikar hafa eins og kunnugt er stórlega aukist og með húsbréfakerfinu hefur dregið úr þörf fyrir skammtímalán. Ef miðað er við síðastliðin 10 ár hafa hámarkslán Húsnæðisstofnunar til nýbygginga nær fjórfaldast að raunvirði og lán til kaupa á notuðum íbúðum meira en sexfaldast. Árið 1980 var hlutur innlánsstofnana í íbúðarlánum til heimila um 65% en árið 1992 var hlutfallið komið niður í 30%.

Íbúðin er stór fjárfesting og hefur mjög langan endingartíma. Því er bæði mikilvægt og eðlilegt að jafna sem best endurgreiðslu lánanna með því að gefa fólki kost á langtímalánum. Lánstími húsnæðislána hefur lengst á síðustu árum, bæði með þeim breytingum sem gerðar voru 1986 á húsnæðiskerfinu svo og með húsbréfakerfinu. Fram til ársins 1984 voru lán til kaupa á notuðu húsnæði einungis til 16 ára. Lengri lánstími, sem er mikilvægur í þessu sambandi, hefur hins vegar mikil áhrif á skuldastöðu heimilanna, höfuðstóllinn greiðist hægar niður en áður. Í samanburði við það sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum er þetta atriði ein meginskýring á því að skuldir heimilanna, bæði með tilliti til ráðstöfunartekna og eigna, eru langlægstar í Finnlandi. Lánstími húsnæðislána þar í landi er skemmstur á Norðurlöndunum og skuldir heimilanna lækka þar af leiðandi hraðar en á hinn bóginn er greiðslubyrðin af húsnæðislánum þar hæst.

Einnig og ekki síður mikilvæg í þessu sambandi eru þau áhrif sem afnám skömmtunar á lánsfé og meira frjálsræði á lánsfjármarkaði hefur haft á skuldastöðu heimilanna. Gott dæmi um þetta eru nýlegar upplýsingar um viðskipti með VISA-greiðslukortum sem gefa til kynna að heildarviðskipti þeirra hafi aukist úr 40 millj. kr. árið 1984, eða um 150 millj. kr. á núvirði, í 42,7 milljarða kr. árið 1993 sem svarar til 285-földunar á níu árum. Um 80% Íslendinga á aldrinum 18–67 ára eru handhafar greiðslukorta.

Aðgangur almennings að lánum er mun aðveldari en áður og sérstaklega eru möguleikar á neyslulánum meiri eftir að höftum var aflétt af fjármagnsmarkaði. Rétt er að vekja athygli á því að ein af skýringum á bankakreppunni á Norðurlöndunum og fylgikvilla hennar var mikil útlánaþensla í kjölfar afnáms hafta á fjármagnsmarkaðnum. Útlánaþensla bankanna á Norðurlöndunum jók mjög við skuldir heimilanna á níunda áratugnum. Í kjölfar bankakreppunnar, verðfalls á fasteignum og mikilla útlánatapa af þeim sökum hafa bæði lánastofnanir og heimilin sýnt meiri varkárni í samskiptum sínum. Aukið atvinnuleysi í nágrannalöndunum og samdráttur hefur einnig dregið úr vilja og getu heimilanna til að ráðast í fjárfestingar. Þetta kemur m.a. fram í því að eftirspurn eftir leiguhúsnæði hefur víðast aukist á Norðurlöndunum í kjölfar þeirrar þróunar sem lýst var hér á undan. Dregið hefur úr vilja til að fjárfesta í eigin húsnæði. Á Íslandi er hlutfall þeirra sem búa í eigin húsnæði langhæst. Séreignarstefnan og hátt hlutfall eignarhúsnæðis hefur haft afgerandi áhrif til að auka skuldir heimilanna. Norðmenn eru næstir okkur hvað varðar séreign á íbúðarhúsnæði en skuldir heimilanna eru hæstar þar í samanburði við önnur Norðurlönd.

Í raun væru húsnæðisskuldir heimilanna mun hærri hér á landi ef stór hluti þeirra fyrr á árum hefði ekki brunnið upp í verðbólgubáli óverðtryggðu áranna.

Rétt er að hafa í huga að auknar skuldir þurfa ekki að vera merki um neikvæða þróun ef fjárfestingin er nauðsynleg og lántakandi hefur góða möguleika á að endurgreiða lánið. Lán húsnæðiskerfisins eru frábrugðin öðrum lánveitingum að því leyti að þau eru veitt á grundvelli athugunar á þörf fyrir lánið, greiðslugetu og veðhæfni. Húsnæðisskuldir heimilanna hér á landi eru með veð í mjög góðum íbúðum. Athyglisvert er að húsnæðisskuldir heimilanna eru aðeins 38,4% af þjóðarauðsmati íbúðarhúsnæðis.

Áætlanir sýna að peningalegar eignir heimilanna hafa numið um 190 milljörðum kr. á árslok 1992. Þá eru ekki taldar eignir í lífeyrissjóðunum en þær námu á sama tíma um 180 milljörðum kr.

Húsnæðisstofninn hér á landi er yngstur á Norðurlöndunum og íbúðir stærstar. Samkvæmt nýjustu tölum jafngilti heildaríbúðastofn landsmanna í árslok 1992 því að 48–49 fermetrar væru til handa hverju mannsbarni í landinu. Þetta er mun meira en er meðal okkar nágrannaþjóða. Í samanburði, sem gerður var á íbúðarstærðum á Norðurlöndunum fyrir nokkrum árum, kom í ljós að íbúðir hér á landi voru stærstar. Hlutfall fimm herbergja íbúða eða stærri var 44% hér á landi meðan það sem næst komst var 27% í Noregi og Danmörku. Samsvarandi hlutfall var 21% í Svíþjóð og aðeins 8% í Finnlandi. Þróunin hefur líka breyst verulega hvað varðar fjölda íbúa á hverja íbúð en á áratugnum milli 1940 og 1950 voru 4–5 íbúar í hverri íbúð en á áratugnum 1980–1990 um 2–3 íbúar á hverja íbúð.

Mismunandi skuldastaða aldurshópanna.

Ein mikilvæg skýring á aukningu skulda heimilanna er sú að á sama tíma og breytingar á lánsfjármarkaði eru gerðar koma inn á húsnæðismarkaðinn hinir stóru árgangar Íslendinga sem fæddust á árunum 1950–1960. Ef borin er saman aldursskipting þjóðarinnar 1980 og 1992 kemur í ljós að landsmönnum fjölgar um 14,5%. Fólki á aldrinum 30–34 ára fjölgar hins vegar um 29%, 35–39 ára um 49% og fólki á aldrinum 40–44 ára um 66%. En einmitt á þessum aldursbilum eru skuldir fjölskyldunnar hvað mestar. Þjóðhagsstofnun telur að breytt aldurssamsetning þjóðarinnar á þessu tímabili skýri um 20% af aukningu á skuldum heimilanna. Mikill hluti þess stóra árgangs, sem kom inn á vinnu- og fasteignamarkað upp úr 1980, hafði langskólanám að baki og tilheyrandi námsskuldir. Námslán námu tæplega 31 millj. kr. í árslok 1993. Að raunvirði hafa námslán ellefufaldast frá 1980. Í því sambandi er einnig rétt að hafa í huga að námslán eru verðtryggð og að námstími hefur lengst.

Í umfjöllun um skuldir heimilanna er greining á skiptingu skuldsetningar þeirra milli aldurs- og tekjuhópa mjög brýnt úrlausnar- og athugunarefni. Sú eignatilfærsla, sem átti sér stað í tíð mikillar verðbólgu og óverðtryggðra lána, hefur það m.a. í för með sér að eignum og skuldum heimilanna er mjög ójafnt skipt milli aldurshópa. Í húsnæðismálakönnun, sem Félagsvísindastofnun gerði 1988, kom m.a. í ljós að 67% íbúðaeigenda 50 ára og eldri höfðu greitt upp öll sín húsnæðislán og bjuggu í íbúðum sínum skuldlausum. Inneignir einstaklinga í innlánsstofnunum eru að stórum hluta til í eigu 50 ára og eldri. Í árslok 1993 voru rúmlega 70% innlána í eigu miðaldra eða eldri.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið fjallað um varðandi ólíka skuldastöðu aldurshópa telur félagsmálaráðuneytið ástæðu til þess að láta fara fram sérstaka athugun sem leiði frekar í ljós þann mun sem virðist vera á milli kynslóða með tilliti til lífskjara, skulda, eigna og afkomumöguleika. Nú er á vegum ráðuneytisins verið að kanna það hvernig best verði staðið að slíkri athugun.

Nauðsyn forvarnarstarfs – fræðslu um fjármál heimilanna.

Aukin útlán vegna íbúðarkaupa og lenging lánstíma hefur vissulega aukið á skuldir heimilanna. Það er hins vegar engum vafa undirorpið að aukin lán til húsnæðismála voru nauðsynleg. Íbúðarkaup eru auðveldari og húsnæðiskostnaður dreifist betur yfir æviskeið einstaklinganna en áður.

Mikilvægt er að gjalda varhug við aukningu á skuldum heimilanna og gæta sérstaklega að neyslulánum og ótímabærum íbúðarkaupum.

Fjármagnsmarkaðurinn hefur gerbreyst á örfáum árum, aðgangur að lánsfé er mjög auðveldur og tilboð um skuldsetningu eru á hverju horni. Breyttar aðstæður á fjármagnsmarkaði kalla á öflugt forvarnarstarf, öfluga fræðslu til handa heimilunum og ungu fólki um lykilatriði fjármála. Annars staðar á Norðurlöndum hefur tekist að snúa þróuninni við og skuldir heimilanna hafa lækkað á síðustu missirum. Við þurfum að læra af reynslu þessara þjóða og líta til þeirrar áherslu er þær hafa lagt á forvarnir. Nauðsynlegt er að stórefla fræðslu og ráðgjöf við almenning ásamt því að endurskoða útlánastefnu innlánsstofnana þannig að framvegis taki hún mið af raunverulegri greiðslugetu fólks frekar en að setja hina fjárhagslegu ábyrgð á vini og venslafólk.

Fylgiskjal.

Þjóðhagsstofnun

30. mars 1994

Greinargerð til félagsmálaráðherra

um skuldastöðu heimilanna.

Inngangur og helstu niðurstöður

Með bréfi félagsmálaráðuneytis dags. 28. desember var beiðni Guðna Ágústssonar alþingismanns um skýrslu um skuldastöðu heimilanna vísað til Þjóðhagsstofnunar. Í beiðninni var einkum óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi atriði á hverju ári allt frá árinu 1980 til og með 1992-1993:

1. Hver er þróun á meðalskuldastöðu íslenskra heimila?
2. Hver er hlutdeild heimilanna í heildarútlánum lánakerfisins?
3. Hver er samsetning skulda heimilanna, skipt í fjárfestingar vegna húsnæðis annars vegar og aðrar skuldir hins vegar?
4. Hverjar eru taldar helstu orsakir þeirrar þróunar sem vart verður á skuldastöðu heimilanna umrætt tímabil?
5. Hver er þróunin á vaxtabyrði heimilanna og hversu hátt hlutfall ráðstöfunartekna þeirra hefur farið í fjármagnskostnað?
6. Hvernig háttar þessum atriðum á Íslandi í samanburði við helstu nágranna- og viðskiptalönd okkar?

Helstu niðurstöður eru þessar:

- Í lok árs 1993 námu skuldir heimilanna 256 milljörðum króna, eða sem svarar til 116% af ráðstöfunartekjum. Til samanburðar námu skuldir heimilanna 25% af ráðstöfunartekjum árið 1980.

- Reiknað á föstu verðlagi hafa skuldir heimilanna 6,1-faldast frá 1980 til 1993 og svarar það til 15% árlegs vaxtar til jafnaðar.

- Hlutur lána til heimilinna í heildarlánum lánakerfinu hefur aukist umtalsvert, eða úr 18-19% árið 1980 í 35-36% árin 1992-1993.
- Skýringanna á þessari þróun er einkum að leita til breytinga á íslenskum fjármagnsmarkaði þar sem markaðurinn ræður mun meiru um ráðstöfun lánsfjár en áður var, hárra vaxta, einkum á síðari hluta tímabilsins og lækkun kaupmáttar á undanförnum árum.

Þróun skulda frá 1980

Heimildir um eignarstöðu íslenskra heimila eru einkum ýmsar skýrslur bankastofnana og Seðlabanka Íslands, en einnig gefa eignarskattsframtöl mikilvægar vísbendingar um skuldir heimilanna. Jöfnum höndum verður unnið úr þessum heimildum í þessari skýrslu. Tiltækar eru tölur um stöðu lána í árslok, en ekki eru til yfirlit er sýna veitt lán á ári hverju.

Samkvæmt bráðabirgðatölum námu skuldir heimilanna við lánastofnanir í árslok 1993 um 256 milljörðum króna, en til samanburðar má nefna að löng erlend lán þjóðarbúsins námu 265 milljörðum króna á sama tíma. Áætlanir benda til að skuldirnar hafi aukist á síðasta ári um 18 milljarða króna eða um 7% að raungildi. Reiknað á mann námu skuldir heimila við síðustu árslok um 970 þúsundum króna, eða 3.875 þúsundum króna á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Fyrir utan skuldir við lánastofnanir standa skattaskuldir einstaklinga við ríkissjóð sem námu um 7,3 milljörðum króna í árslok 1992 samkvæmt ríkisreikningi, greiðslukortaskuldir sem námu um 8 milljörðum króna auk nokkurra annarra skulda utan lánastofnana. Rétt er einnig að benda á að lánaviðskipti milli einstaklinga eru ekki talin með, en löngum tíðkaðist að greiða íbúðarhúsnæði að hluta með handhafabréfum.

Skuldir íslenskra heimila hafa vaxið með miklum hraða á undanförnum áratug. Frá 1980–1993 6,1-földuðust skuldir heimilanna á föstu verðlagi sem svarar til þess að skuldir hafi aukist um 15% á ári. Reiknað á mann er aukningin 4,3-föld, eða 14% á ári. Hins vegar var kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aðeins 13% hærri árið 1993 en 1980.

Tafla 1. Skuldir heimilanna við lánastofnanir 1980–1993

Fjárhæðir í milljónum króna

	Skuldir í árslok á verðlagi hvers árs					
	Skuldir alls	Húsnæðis-skuldir	Skuldir á meðal-verðlagi 1993	Magn-vísitala 1993=100	Magn-breyting frá f. ári, %	Hlutfall skulda og ráðstöfunar-tekna, %
1980	2.746	2.015	40.554	16,3		21,7
1981	4.978	4.029	50.440	20,3	14,7	25,5
1982	9.255	7.649	63.469	25,5	18,3	30,3
1983	18.671	15.290	73.024	29,4	15,1	40,2
1984	26.264	21.349	85.067	34,2	16,5	45,3
1985	41.545	32.626	99.724	40,1	17,2	50,4
1986	55.773	42.335	117.031	47,0	17,4	52,8
1987	76.983	56.429	133.764	53,8	14,3	54,0
1988	101.428	74.372	147.231	59,2	10,1	61,4
1989	135.744	102.333	158.631	63,8	7,7	68,2
1990	170.726	126.507	177.570	71,4	11,9	78,4
1991	211.270	159.117	206.459	83,0	16,3	88,3
1992	238.606	179.837	232.639	93,5	12,7	101,7
1993 brb.	256.770	191.689	248.791	100,0	7,0	113,9

Heimild: Seðlabanki Íslands

Tafla 1 sýnir að skuldirnar hafa hrannast stöðugt upp og skiptir þá litlu hvernig árferðið er eða hvernig ráðstöfunartekjurnar hafa þróast. Oftsinnis eru skuldir heimila einmitt settar í samhengi við ráðstöfunartekjur sem gefur vísbendingu um greiðslubyrðina. Árið 1992 eru skuldir heimilanna 2% hærri en ráðstöfunartekjur. Bráðabirgðatölur fyrir síðasta ár benda til að vöxtur á skuldum heimilanna hafi enn haldið áfram að aukast og þær nú orðnar 14% hærri en ráðstöfunartekjur. Árið 1980 var hlutfall skulda og ráðstöfunartekna hins vegar 22%. Á næstu mynd gefur einmitt að líta þróun skulda í hlutfalli við ráðstöfunartekjur heimilanna árin 1980–1993.



Gagnlegt er að flokka skuldir í húsnæðisskuldir, þ.e. skuldir við opinbera húsnæðiskerfið, lífeyrissjóði og húsnæðisskuldir við innlánsstofnanir og aðrar skuldir, þá einkum bankalán og námslán. Athyglisvert er að hlutfall húsnæðisskulda í heildarskuldum heimila hefur farið lækkandi. Á fyrri hluta níunda áratugarins voru allt að 80% skulda heimilanna vegna húsnæðisöflunar, en um 70% nú síðustu árin. En þróun húsnæðisskulda er lýst í hlutfalli við ráðstöfunartekjur á myndinni að ofan.

Eins og myndin og tafla 1 bera með sér hefur hækkun skuldahlutfallsins verið næsta samfelld, en augljóslega farið vaxandi hin síðari ár. Það er helst að skuldahlutfallið sé stöðugt á árunum 1985-1987, en þá jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna í kringum 40%. Á þeim árum voru gerðar róttækar breytingar á lánsfjármarkaði, sem hnigu í átt til aukinna markaðsáhrifa, og húsnæðislánakerfinu var breytt árið 1986. Til skýringa á aukningu skulda frá 1990 má nefna mikla lækkun ráðstöfunartekna, mikla hækkun raunvaxta og loks aukið framboð lána til heimilanna með tilkomu húsbréfakerfisins.

Eignarskattsframtölin sýna að eignum og skuldum er mjög misskipt. Þegar til nokkurs tíma er litið hefur þeim sem telja fram skuldir umfram eignir fjölgað. Árið 1988 námu

eignir 90.502 framteljenda hærri fjárhæð en skuldir, eða 49,2% framteljenda. Fjórum árum síðar voru 88.580 með eignir umfram skuldir, eða 44,6% allra framteljenda. Á sama árabili fjölgaði þeim sem töldu fram hærri skuldir en eignir úr 11.212 eða 6% framteljenda í 19.485 eða 10% framteljenda. Alkunna er þó að stór hluti peningalegra eigna er undanþeginn eignarskatti og skilar sér illa í skattframtölum.

Lánakerfi og heimili

Til lánakerfis teljast allar lánastofnanir, s.s. bankar og lífeyris- og lánasjóðir. Þegar litið er til þróunar lánakerfisins frá 1980 til 1992 kemur í ljós að útlán þess hafa vaxið tvöfalt hraðar en landsframleiðsla og eru útlán sett fram í hlutfalli við landsframleiðslu í mynd 2. Árið 1980 námu útlán um 68% af landsframleiðslu en árið 1992 var það hlutfall komið upp í 163%. Eins og mynd 2 sýnir vaxa útlán í hlutfalli við landsframleiðslu hratt til 1984 og standa þá í stað eða dragast heldur saman næstu árin. En frá 1988 til 1992 vaxa útlán á ný að tiltölu við landsframleiðslu. Staðreyndin er sú að næsta stöðugur vöxtur hefur verið í útlánum lánakerfisins og þær breytingar sem orðið hafa í hlutfalli útlána og landsframleiðslu eiga einkum rætur að rekja til breytinga í landsframleiðslu. Alkunna er að þessi þróun réðst af því hækkandi raunvöxtum og auknum peningalegum sparnaði. Annar mikilvægur þáttur var svo lagasetning um skylduaðild að lífeyrissjóðum og stóraukin lífeyrissparnaður.

Á því árabili sem hér er lagt til grundvallar hefur hlutur heimilanna í útlánum lánakerfisins vaxið allhratt og er þróun hlutdeildar heimilanna sýnd í næstu mynd.



Mest var hækkunin á árunum 1984-1987 og svo aftur frá 1990. Á fyrra skeiðinu eykst hlutur heimilanna úr ríflega 20% í um 30%.



Í töflum sem fylgja þessari skýrslu eru skuldir heimilanna greindar eftir lánveitendum í árslok á árabilinu 1980 til 1993. Þar kemur fram að hlutur hins opinbera lánakerfis hefur vaxið hraðast eða úr því að vera um fjórðungur skulda í um 55%. Á móti minnkar hlutur lífeyrissjóðanna úr 27 í 13%.

Húsnæðisskuldir

Til húsnæðisskulda eru taldar skuldir við hina opinberu húsnæðislánasjóði, lífeyrissjóði og þann hluta lána frá innlánsstofnunum sem tekinn er til öflunar íbúðarhúsnæðis. Í árslok 1993 er talið að þessar skuldir hafi numið 183,9 milljörðum króna eða sem svarar til 69,5% af heildarskuldum heimilanna. Á móti þessum skuldum standa vitaskuld verðmæti íbúðarhúsnæðis þjóðarinnar. Verðmæti íbúðarhúsnæðis samkvæmt þjóðarauðsmati nam 450 milljörðum króna í árslok 1992, en þá námu húsnæðisskuldir um 172,6 milljörðum króna. Hlutfall húsnæðisskulda og verðmætis íbúða er þá 38,4%.

Á árinu 1980 námu skuldir heimilanna vegna íbúðarhúsnæðis einungis 10,3% af þjóðarauðsmati íbúðarhúsnæðis. Heimilin áttu því íbúðarhúsnæðið að verulegu leyti skuldlaust. Það má rekja til þess að lán voru veitt á lægri vöxtum en svaraði til verðbólgu, samfara því að verð íbúðarhúsnæðis hækkaði lengstum langtum meira en almennt verðlag.

Fjármögnun íbúðarhúsnæðis var mjög í brennidepli á síðasta áratug. Verulegar breytingar urðu á húsnæðislánakerfinu á níunda áratugnum. Verðtryggingu hafði verið komið á í upphafi áratugarins, en lán voru lág og lánstími í hinu opinbera lánakerfi var skammur. Í þessu fólst að í auknum mæli urðu heimilin að leita til innlánsstofnana sem veittu lán til mun skemmri tíma. Verðbólgan sem áður hafði reynst dyggur bandamaður húsbyggjenda snerist svo um munaði er verðtrygging launa var afnumin og á

yfirgangsskeiði hlaust af margumtalað misgengi lánskjara og launa. Húsnæðislánakerfið og sú húsnæðisstefna sem rekin hafði verið þýddi að er verðtryggingu var komið á áttu heimilin í landinu húsnæði að langstærstum hluta skuldlaust. Afleiðingar þessa voru að endurfjármagna þurfti nær allt húsnæðið er það skipti um hendur. Með breytingum á hinu opinbera húsnæðislánakerfi árið 1986 var lánstími lána til kaupa á eldri íbúðum lengdur úr 21 ári í 42 ár. (Fram til 1984 voru þessi lán raunar aðeins veitt til 15 ára). Jafnframt þessu voru lánin hækkuð til muna. Hámarksbyggingalán til 2-4 manna fjölskyldu tvöfaldaðist svo dæmi sé tekið. Og lán til kaupa á eldri íbúðum fyrir sömu fjölskyldustærð næstum þrefölduðust. Þetta hafði í för með sér umtalsverða aukningu á útlánum sjóðanna en um leið dró úr lánveitingum lífeyrissjóðanna.

Með húsbréfakerfinu var komið á gjörbreyttri skipan á veitingu húsnæðislána. Meginbreytingin fólst í því hversu lánin hækkuðu mikið. Fjárhæð lána var annars vegar tengt verði íbúðar en hins vegar greiðslumati kaupanda. Í þessu fólst að hin opinbera fyrirgreiðsla varð mun stærri hluti af fjármögnun húsnæðiskaupa en áður hafði verið. Þótt lánstími hafi verið styttur frá því sem áður var, eða úr 42 í 25 ár, er fullljóst að lánstíminn í heild lengdist til muna er vægi skammtímaskulda minnkaði. Miklu skipti einnig að biðtími eftir lánum var styttur niður í nánast ekkert en er húsbréfakerfið var innleitt lágu fyrir rúmlega 8.000 óafgreiddar lánsumsóknir en til samanburðar má geta að fjöldi lánveitinga á ári var um 3.000.

Engum blöðum er um að fletta að breytingar á húsnæðislánakerfinu á níunda áratugnum eru mikilsverður þáttur til skýringar á aukningu skulda heimilanna. Lenging húsnæðislána hafði vitaskuld í för með sér að skuldirnar greiddust hægar niður en áður. Erfitt er þó að meta hversu mikil þessi áhrif eru. Í því sambandi þarf að hafa í huga að vegna slöknunar á höftum á fjármagnsmarkaði hefði lánsfjármagn streymt til heimila, sem buðu trygg veð, eftir öðrum leiðum, s.s. frá innlánsstofnunum.

Aðrar skuldir

Öðrum skuldum má til hægðarauka skipta í tvennt, annars vegar í námslán og hins vegar aðrar neysluskuldir.

Námslán námu tæpri 31 milljarði króna í árslok 1993, en að raunvirði hafa námslán ellefufaldast frá 1980. Aukninguna má rekja til fjölgunar lánþega og til þess að lán voru hækkuð einkum á fyrri hluta 9. áratugarins.

Með húsbréfakerfi dró mjög úr lánveitingum innlánsstofnana til íbúðakaupa og bygginga. Árið 1980 var fimmtungur útlána innlánsstofnana til heimila og 65% þeirra lána voru til öflunar húsnæðis. Hlutur heimilanna í útlánum innlánsstofnana jókstallan níunda áratuginn og var um 31% árið 1992. Hins vegar var aðeins um 30% útlána innlánsstofnana til heimilanna vegna íbúða það ár, en önnur lán til heimila hafa vaxið hröðum skrefum.

Greiðslukortaviðskipti hafa vaxið gífurlega hratt. Skuldir við greiðslukortafyrirtækin eru ekki taldar með skuldum við lánakerfið. Í árslok 1992 námu skuldir á greiðslukortum 8,2 milljörðum króna sem nærfellt alltaf má rekja til heimilanna.

Tekjur, skuldir og vaxtagjöld.

Hér að ofan hefur einkum verið litið til heildarstærða úr hagtölum lánakerfisins. Frekari innsýn í mikilvæga þætti skuldastöðu heimilanna má fá með því að líta á eignarskattsframtöl. Myndin hér á eftir sýnir skuldir, tekjur og vaxtagjöld þeirra framteljenda sem töldu fram skuldir við framtal ársins 1993.



Það er ekki mikil munur á skuldsetningu einstæðra foreldra og hjóna. Skuldastaðan ræðst ennfremur mjög af aldri framteljenda. Skuldir eru mestar á aldursbilinu 31–35 ára og lækka hratt eftir að þeim aldri er náð.

Skuldum, tekjum og vaxtagjöldum eru gerð skil í næstu mynd.



Skuldir eru hlutfallslega mestar hjá þeim sem telja fram lægstar tekjur. Vafasamt er þó að draga of miklar ályktanir af þessu. Við sjáum raunar strax að hlutfall milli vaxtagjalda og tekna í lægsta tekjuflokknum, af 500-1.000 þús. kr. árstekjum ganga um 20% til greiðslu vaxta. Líklegt er að í þessum hópi kunni að vera einhverjir sem talið hafa skuldir fram af meiri samviskusemi en tekjurnar og eins má ætla að einhverjir þessara séu námsfólk. Engu að síður má sjá að skuldsetning er tiltölulega lítt háð tekjum, og því lækkar skuldahlutfallið eftir því sem tekjur aukast.

Eignir heimilanna

Áætlanir sýna að peningalegar eignir heimilanna hafi numið um 190 milljörðum króna í árslok 1992. Hér eru ekki taldar með eignir í lífeyrissjóðum en þær námu næstum öðru eins eða um 180 milljörðum króna í árslok 1992. Á móti skuldum standa því miklar eignir þótt þróun undanfarins áratugar hafi óneitanlega rýrt eigið fé heimilanna.

Samanburður við önnur lönd

Víða um lönd hefur orðið vart aukinnar skuldsetningar heimila. Samanburður á skuldastöðu íslenskra heimila og hinna Norðurlandaþjóðannna, annarra en Dana[1], sýnir að skuldir íslenskra heimila voru lægri en hjá hinum þjóðunum í hlutfalli við ráðstöfunartekjur árið 1980. Skuldir norskra heimila voru hæstar. Þessi niðurstaða vekur nokkra athygli, ekki síst þegar haft er í huga hversu stór hluti íslenskra heimila á íbúðarhúsnæði sitt. Þróun á níunda áratugnum er á sama veg hjá öllum þjóðunum fram undir lok áratugarins: skuldir aukast verulega umfram vöxt ráðstöfunartekna allt til 1988. Á hinum Norðurlöndunum var einn þáttur í þeirri þróun að sjálfseignastefna í húsnæðismálum ruddi sér mjög til rúms. Skuldahlutfallið nær hámarki á hinum Norðurlöndunum um 1988, en um það leyti snarhækkar hlutfallið á milli skulda og ráðstöfunartekna hér á landi.

Hlutfall skulda og ráðstöfunartekna heimila á Norðurlöndum 1980-1992



[1] Þær upplýsingar sem fengust frá dönum voru ófullnægjandi.

Þegar litið er til annarra aðildarríkja OECD kemur í ljós að skuldir heimilanna eru mjög mismunandi frá einu landi til annars. Þannig má nefna að í Þýskalandi og á Ítalíu er skuldahlutfallið vel undir fimmtungi ráðstöfunartekna, en 100-120% í Bandaríkjunum og Japan.

Það er athyglisvert hversu skuldir norrænna heimila hafa lækkað mikið á síðustu árum og þá verðum við jafnframt að hafa í huga að afar djúp efnahagslægð hefur hvílt yfir þessum löndum og að atvinnuleysi er tvisvar til þrisvar sinnum meira þar en hér á landi. Áætlanir norrænna hagfræðinga benda til þess að á næstu árum muni skuldahlutfallið enn lækka. Skýringanna á þeim umskiptum sem orðið hafa í skuldastöðu norrænna heimila má að nokkru rekja til þess óöryggis sem grípur um sig er atvinnuleysisvofan grúfir yfir þjóðlífinu. Hin skýring þessa er að raunvextir hafa hækkað og þá veldur miklu að verulega hefur verið dregið úr skattafrádrætti vegna vaxtagreiðslna á hinum Norðurlöndunum. Þá má nefna að eignaverð hefur farið lækkandi í hinum löndunum. Sparnaður hefur glæðst til muna hjá norrænum þjóðum og samhliða dregið úr einkaneyslu. Raunar er svo komið að samdráttur í einkaneyslu hefur haft veruleg áhrif á efnahagsstarfsemi norrænna þjóða og aukið á atvinnuleysið.

Ástæða er til að íhuga hvers vegna skuldir íslenskra heimila hafa hækkað undanfarin ár í hlutfalli við ráðstöfunartekjur á sama tíma og skuldir norrænna heimila hafa lækkað. Eins og línuritið að ofan sýnir, nær skuldahlutfall norrænna heimila hámarki um 1989 og hefur farið lækkandi síðan. Á sama tíma hækkar skuldahlutfallið umtalsvert hér á landi. Ýmsar skýringingar eru á þessum mismun. Í fyrsta lagi má nefna að ýmsar skipulagsbreytingar á fjármagnsmarkaði sem áður hefur verið vikið að komu til framkvæmda á þessum árum hér á landi og nokkru síðar en á hinum Norðurlöndum. Í öðru lagi má nefna hina miklu erfiðleika í bankastarfsemi á hinum Norðurlöndunum, sem m.a. leiddu til verulegs samdráttar í útlánum bankanna. Þannig dró svo um munaði úr framboði lánsfjár til heimila, en samhliða þessu rýrnuðu þau veð er heimilin gátu boðið fram, er verð á íbúðarhúsnæði lækkaði. Í þessu tilliti hefur þróunin hér á landi verið allt önnur, því engin bankakreppa hefur riðið hér yfir og verð íbúðarhúsnæðis hefur haldist allstöðugt, þrátt fyrir hækkandi vexti og lækkandi kaupmátt. Íslensk heimili eru orðin vön sveiflum í efnahagsmálum og líta væntanlega á núverandi efnahagslægð sem skammvinna en frændþjóðir á hinum Norðurlöndum eru vanari stöðugleika í efnahagsmálum. Þessi munur á viðhorfum kann að skýra fyrirhyggjuminni fjárráðstafanir íslenskra heimila.

Helstu skýringar á þróun skulda.

Hér verður fjallað um nokkrar skýringar á því hvers vegna skuldir íslenskra heimila hafa vaxið með þeim hætti sem hér hefur verið lýst.

Skortur á lánsfé var einkenni lánsfjármarkaðar á Íslandi um áratugaskeið, sem m.a. hefur verið rakið til neikvæðra raunvaxta. Fyrirtæki og opinberir aðilar nutu forgangs um lánsfé með ýmsu móti og er raunvextir voru skuldurum hvað hagstæðastir, árin 1974-1980 voru lánamöguleikar heimilanna hvað minnstir. Árið 1980 gengu 72% útlána lánakerfisins til fyrirtækja og helst hlutur þeirra hár fram til 1986 er vextir voru gefnir frjálsir og húsnæðislánakerfið þandist út. Fyrirtæki hafa mjög haldið að sér höndum með fjárfestingar og nú er hlutur þeirra í útlánum lánakerfisins einungis um 45%. Frá 1980 til 1992 hefur hlutur heimilanna í útlánum tvöfaldast, hækkað úr 18% í 36%.

Fyrirgreiðsla til húsbygginga, námslána ofl. var hins vegar mjög takmörkuð. Lánsfé til húsbygginga var skorið við nögl og veitt til afar skamms tíma. Langur biðtími eftir afgreiðslu lána var enn eitt tækið til að laga eftirspurn að framboði. Húsbyggjendur lögðu umtalsvert eigið fé fram í formi eigin vinnu við byggingar. Verð húsnæðis hækkaði langt umfram annað verðlag. Af þessu og því að verðbólga var langtum hærri en vextir, leiddi að skuldirnar lækkuðu hratt og eigið fé í húsnæði var afar mikið. Er vaxtastefnunni var breytt var smám saman slakað á klónni um skömmtun á lánsfé og aukin samkeppni milli lánastofnana hlaut að beina viðskiptum þeirra í auknum mæli til heimilanna, sem gátu boðið mun tryggari veð en atvinnufyrirtæki.

Ekki er blöðum um það að fletta að þessar breytingar á umgjörð lánamarkaðarins og breytingar á húsnæðislánakerfinu er langmikilvægustu skýringar á aukningu skulda heimilanna. Við bætist almennt efnahagsástand sem meðal annars hefur falið í sér að raunvextir hafa verið háir og kaupmáttur lækkað.

Þessar breytingar á framboði lánsfjár riðu yfir um leið og eftirspurn jókst, annars vegar vegna óvenju mikilla sveiflna í ráðstöfunartekjum heimilanna á 9. áratugnum og hins vegar vegna breytinga á aldurskiptingu þjóðarinnar.

Stærstu árgangar sögunnar fæddust á árunum 1950-1960 koma inn á vinnumarkað og fasteignamarkað af fullum þunga um og upp úr 1980. Mikill fjöldi þeirra hafði langskólanám að baki og tilheyrandi námsskuldir. Aldursskipting þjóðarinnar 1980 og 1992 er borin saman í meðfylgjandi mynd.



Landsmönnum fjölgar á þessum árum um 14½%, hins vegar er fjölgun á aldrinum 30-34 29%, 35-39 um 49% og fólki á aldrinum 40-44 ár um 66%. Því er þetta sérstaklega nefnt vegna þess að það er einmitt á þessu aldursskeiði sem skuldir eru hvað mestar. Þegar áhrifin af breytingum aldurssamsetningar þjóðarinnar á þessu tímabili eru skoðuð kemur í ljós að vegna hennar einnar má ætla að skuldir hafi aukist um nær 20%.

Þjóðhagsstofnun

Tafla 1. Skuldir heimila við lánastofnanir 1980-1993

Í milljónum króna

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
Skuldir heimila við lánakerfið	2.381	4.978	9.255	18.688	26.413	41.663	56.085	77.466	101.428	135.744	170.726	211.270	238.606	256.770
Bankakerfi	703	1.341	2.133	3.830	5.717	8.246	11.844	18.048	24.572	31.534	37.883	44.558	50.015	53.836
Fjárfestingarlánasjóðir	679	1.845	3.361	6.354	9.161	15.513	20.769	29.798	40.967	57.910	78.966	107.143	124.842	134.473
Lífeyrissjóðir	756	1.401	2.848	6.149	8.436	12.468	15.329	17.791	20.858	25.709	27.961	30.800	32.971	35.000
Lánasjóður ísl. námsmanna	168	301	667	1.896	2.455	4.261	6.307	8.938	12.496	17.344	22.133	25.446	28.167	31.161
Aðrar lánastofnanir	75	90	246	459	644	1.175	1.836	2.891	2.535	3.247	3.783	3.323	2.611	2.300
Útlán til húsnæðismála	1.979	4.029	7.408	14.686	20.427	31.659	40.749	53.760	69.889	94.944	119.842	151.994	172.584	183.863
Byggingarsjóður ríkisins	626	1.680	2.958	4.977	7.110	12.943	16.959	24.376	33.737	47.173	57.829	64.984	64.576	61.626
Húsbréfadeild	-	-	-	-	-	-	-	-	-	12	5.657	21.846	34.424	46.677
Innlánsstofnanir	456	781	1.197	2.183	2.830	3.678	4.651	6.171	8.064	11.325	12.915	14.051	14.771	14.390
Lífeyrissjóðir	844	1.403	2.850	6.149	8.436	12.468	15.329	17.791	20.858	25.709	27.961	30.800	32.971	35.000
Byggingarsj. verkamanna	53	165	403	1.377	2.051	2.570	3.810	5.422	7.230	10.725	15.480	20.313	25.842	26.170
Hlutdeild lána til heimila í heildarútlánum lánakerfisins	17,81	21,00	19,49	21,45	21,65	25,19	28,16	29,60	29,10	29,11	32,53	34,98	35,57	
Hlutdeild íbúðalána í lánum til heimila	72,07	80,94	80,04	78,66	77,78	76,20	73,06	69,83	68,91	69,94	70,20	71,94	72,33	69,49

Heimild: Seðlabanki Íslands

Tafla 2. Skipting skulda heimilanna við lánakerfið eftir lánveitenda, %

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	1993
Skuldir heimila við lánakerfið	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Bankakerfi	29,5%	26,9%	23,0%	20,5%	21,6%	19,8%	21,1%	23,3%	24,2%	23,2%	22,2%	21,1%	21,0%	21,0%
Fjárfestingarlánasjóðir	28,5%	37,1%	36,3%	34,0%	34,7%	37,2%	37,0%	38,5%	40,4%	42,7%	46,3%	50,7%	52,3%	52,4%
Lífeyrissjóðir	31,8%	28,1%	30,8%	32,9%	31,9%	29,9%	27,3%	23,0%	20,6%	18,9%	16,4%	14,6%	13,8%	13,6%
Lánasjóður isl. námsmanna	7,1%	6,0%	7,2%	10,1%	9,3%	10,2%	11,2%	11,5%	12,3%	12,8%	13,0%	12,0%	11,8%	12,1%
Aðrar lánastofnanir	3,1%	1,8%	2,7%	2,5%	2,4%	2,8%	3,3%	3,7%	2,5%	2,4%	2,2%	1,6%	1,1%	0,9%
Húsnæðisskuldir, hlutfall af skuldum alls	83,1%	80,9%	80,0%	78,6%	77,3%	76,0%	72,7%	69,4%	68,9%	69,9%	70,2%	71,9%	72,3%	71,6%
Byggingarsjóður ríkisins	26,3%	33,7%	32,0%	26,6%	26,9%	31,1%	30,2%	31,5%	33,3%	34,8%	33,9%	30,8%	27,1%	24,0%
Húsbréfadeild											3,3%	10,3%	14,4%	18,2%
Innlánsstofnanir	19,2%	15,7%	12,9%	11,7%	10,7%	8,8%	8,3%	8,0%	8,0%	8,3%	7,6%	6,7%	6,2%	5,6%
Lífeyrissjóðir	35,4%	28,2%	30,8%	32,9%	31,9%	29,9%	27,3%	23,0%	20,6%	18,9%	16,4%	14,6%	13,8%	13,6%
Byggingarsj. verkamanna	2,2%	3,3%	4,4%	7,4%	7,8%	6,2%	6,8%	7,0%	7,1%	7,9%	9,1%	9,6%	10,8%	10,2%

Tafla 3. Skuldir heimilanna á verðlagi í lok árs 1993

Í milljónum króna

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Áætlun 1993
Skuldir heimila við lánakerfið	44.549	54.725	63.382	73.824	87.746	102.080	119.767	135.333	148.737	163.716	192.175	220.921	245.663	256.770
Bankakerfi	11.405	14.742	14.608	15.130	18.992	20.204	25.292	31.530	36.033	38.032	42.642	46.594	51.494	53.836
Fjárfestingarlánasjóðir	16.937	20.283	23.017	25.101	30.433	38.009	44.351	52.057	60.075	69.843	88.887	112.038	128.534	134.473
Lífeyrissjóðir	12.265	15.402	19.504	24.291	28.025	30.548	32.735	31.081	30.587	31.007	31.474	32.207	33.946	35.000
Lánasjóður ísl. námsmanna	2.726	3.309	4.568	7.490	8.156	10.440	13.468	15.615	18.325	20.918	24.914	26.608	29.000	31.161
Aðrar lánastofnanir	1.217	989	1.685	1.813	2.139	2.879	3.921	5.051	3.717	3.916	4.258	3.475	2.688	2.300
Útlán til húsnæðismála	32.690	44.292	52.383	60.401	70.923	79.938	90.405	98.581	109.062	123.420	142.400	166.386	185.156	191.689
Byggingarsjóður ríkisins	10.740	18.469	21.908	22.047	26.683	31.813	36.899	43.778	51.111	59.957	67.781	70.015	68.416	64.276
Húsbréfadeild	0	0	0	0	0	0	0	0	0	14	6.368	22.844	35.442	46.677
Innlánsstofnanir	7.398	8.586	8.197	8.624	9.401	9.012	9.932	10.781	11.825	13.659	14.538	14.693	15.208	14.390
Lífeyrissjóðir	13.692	15.424	19.518	24.291	28.025	30.548	32.735	31.081	30.587	31.007	31.474	32.207	33.946	35.000
Byggingarsj. verkamanna	860	1.814	2.760	5.440	6.814	8.566	10.840	12.942	15.538	18.783	22.240	26.627	32.143	31.346

Tafla 4. Magnvísitala skulda heimilanna

Árslok 1993=100

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Áætlun 1993
Skuldir heimila við lánakerfið	17,3	21,3	24,7	28,8	34,2	39,8	46,6	52,7	57,9	63,8	74,8	86,0	95,7	100,0
Bankakerfi	21,2	27,4	27,1	28,1	35,3	37,5	47,0	58,6	66,9	70,6	79,2	86,5	95,7	100,0
Fjárfestingarlánasjóðir	12,6	15,1	17,1	18,7	22,6	28,3	33,0	38,7	44,7	51,9	66,1	83,3	95,6	100,0
Lífeyrissjóðir	35,0	44,0	55,7	69,4	80,1	87,3	93,5	88,8	87,4	88,6	89,9	92,0	97,0	100,0
Lánasjóður ísl. námsmanna	8,7	10,6	14,7	24,0	26,2	33,5	43,2	50,1	58,8	67,1	80,0	85,4	93,1	100,0
Aðrar lánastofnanir	52,9	43,0	73,2	78,8	93,0	125,2	170,5	219,6	161,6	170,3	185,1	151,1	116,9	100,0
Útlán til húsnæðismála	17,1	23,1	27,3	31,5	37,0	41,7	47,2	51,4	56,9	64,4	74,3	86,8	96,6	100,0
Byggingarsjóður ríkisins	16,7	28,7	34,1	34,3	41,5	49,5	57,4	68,1	79,5	93,3	105,5	108,9	106,4	100,0
Húsbréfadeild	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	13,6	48,9	75,9	100,0
Innlánsstofnanir	51,4	59,7	57,0	59,9	65,3	62,6	69,0	74,9	82,2	94,9	101,0	102,1	105,7	100,0
Lífeyrissjóðir	39,1	44,1	55,8	69,4	80,1	87,3	93,5	88,8	87,4	88,6	89,9	92,0	97,0	100,0
Byggingarsj. verkamanna	2,7	5,8	8,8	17,4	21,7	27,3	34,6	41,3	49,6	59,9	71,0	84,9	102,5	100,0

1171. Svar [380. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sturlu Böðvarssonar um þróun orkuverðs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert var orkuverð dreifiveitna til húshitunar árin 1991, 1992, 1993 og 1994 miðað við notkun 400 rúmmetra húss að teknu tilliti til niðurgreiðslna og með virðisaukaskatti?*
2. *Hvert var orkuverð algengustu taxta dreifiveitna til iðnaðar annars en stóriðju tímabilin 1991, 1992, 1993 og 1994?*
3. *Hver var sala Landsvirkjunar á raforku til skipa árin 1991, 1992, 1993 og 1994?*

Svar óskast í töflum og með súluritum er sýni orkuverðið hjá hverri dreifiveitu á verðlagi 1994.

1. Orkunotkun við upphitun húsa er mjög breytileg og ræðst af fjölmörgum þáttum svo sem gerð húsnæðis, einangrun þess og hitunarvenjum íbúa. Jafnframt selja rafveitur orku til húshitunar samkvæmt nokkrum gjaldskrárliðum. Það er því erfiðleikum bundið að gefa einhlítt svar við spurningunni. Við útreikning á vísitölu framfærslukostnaðar er miðað við að orkuþörfin sé 76,5 kWh á rúmmetra á ári og er í svarinu gengið út frá þeirri orkuþörf. Samkvæmt því er orkuþörf 400 rúmmetra húss 30.600 kWh á ári. Langstærsti hluti raforkusölunnar til húshitunar er hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða eða um 85,6% árið 1993 og er svarið því miðað við algengasta gjaldskrárlið hjá þessum veitum.

Í töflu 1 og á mynd 1 er sýnt raforkuverð til húshitunar (rofin daghitun), miðað við 30.600 kWh notkun á ári, hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða árin 1991–1994 að teknu tilliti til niðurgreiðslna og með virðisaukaskatti eftir að hann var lagður á húshitun frá 1. janúar 1993. Meðalverð hvers árs er umreiknað á verðlag í mars 1994 miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.

Tafla 1.

Ár	Rafmagnsveitur ríkisins kr/kWh	Orkubú Vestfjarða kr/kWh
1991	2,73	2,50
1992	2,62	2,44
1993	2,75	2,40
Mars 1994	2,71	2,41

Tafla 2, sem gerð er af Sambandi íslenskra rafveitna, og mynd 2 sýna raforkuverð til húshitunar (rofin daghitun) miðað við lítið eitt hærri notkun en gert er ráð fyrir í töflu 1 eða 32.800 kWh á ári. Í henni er miðað við gjaldskrá í janúar ár hvert og það fært til verðlags í mars 1994 miðað við vísitölu framfærslukostnaðar að teknu tilliti til niðurgreiðslna og með virðisaukaskatti.

Tafla 2.

Rafveita	1991 kr/kWh	1992 kr/kWh	1993 kr/kWh	1994 kr/kWh
Reykjavík	2,65	2,84	3,27	3,11
Akranes	2,63	2,79	2,96	2,93
Borgarnes	2,72	3,27	3,31	3,27
Vestfirðir	2,63	2,39	2,43	2,63
Sauðárkrókur	2,59	2,68	2,72	2,69
Akureyri	2,77	2,94	3,01	2,98
Húsavík	2,63	2,94	2,96	3,03
Reyðarfjörður	2,63	2,65	2,63	2,54
Vestmannaeyjar	2,38	2,35	2,42	2,44
Selfoss	2,24	2,42	2,45	2,42
Hveragerði	3,02	2,69	2,83	2,95
Suðurnes	2,89	3,07	3,10	3,46
Hafnarfjörður	2,84	3,02	3,07	3,14
Rarik	2,80	2,68	2,81	2,93

2. Algengast er að iðnfyrirtæki kaupi raforku samkvæmt svokölluðum afltaxta. Ákvæði um þennan gjaldskrárlið eru breytileg sem gerir allan samanburð mjög erfiðan. Sem dæmi um það má nefna að lágmarks aflkaup samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er 15 kW, en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur þarf notkunin að vera 200.000 kWh á ári eða hærri sem jafngildir um 23 kW afltoppi miðað við að hann sé fullnýttur allt árið og 50 kW miðað við 4.000 nýtingarstundir. Mestu máli skiptir þó við samanburðinn hvernig afltoppurinn er ákveðinn. Algengast er að miðað sé við hæsta 15 mínútna meðalgildi afls á árinu. Nokkrar veitur ákveða afltoppinn þannig að þær mæla hæsta 15 mínútna meðalgildi afls í hverjum mánuði og taka síðan meðaltal hæstu fjögurra mánaðargildanna. Hjá Rafmagnsveitum ríkisins er gjaldtakan miðuð við hæsta 15 mínútna meðalgildi afls í hverjum mánuði og hefur sá afltoppur ekki áhrif nema í þeim mánuði. Það skiptir þannig notendur Rafmagnsveitnanna minna máli en notendur Rafmagnsveitu Reykjavíkur þó afltoppurinn verði mjög hár í einum mánuði, svo dæmi sé tekið. Þá skiptir máli hvernig orkunotkunin skiptist milli veturs og sumars því vetrarverðið er nálega tvisvar sinnum hærra en sumarverðið hjá flestum veitnanna. Það er því útilokað að gera einhlítan samanburð á orkuverði til iðnaðar. Líklegast væri heppilegast að miða við tekjur og orkusölu til iðnfyrirtækja hjá einstökum rafveitum og finna þannig meðalverðið. Ekki hefur tekist að afla þeirra upplýsinga. Sá annmarki er þó á þeirri aðferð að ekki er tekið tillit til mismunandi nýtingartíma afls né annarrar sérstöðu.

Í töflu 3, sem byggir á útreikningum Sambands íslenskra rafveitna, og mynd 3 er sýnt raforkuverð miðað við iðnfyrirtæki með 75 kW afltopp og að nýtingartími aflsins sé 4.000 klukkustundir á ári. Reynt að taka tillit til mismunandi ákvæða um ákvörðun afltopps hjá veitunum, sbr. það sem fram kemur í 1. mgr. Verðið er miðað við gjaldskrá í janúar árin 1991–1994 með virðisaukaskatti og er það umreiknað á verðlag í mars 1994 miðað við vísitölu framfærslukostnaðar:

Tafla 3.

Rafveita	1991 kr/kWh	1992 kr/kWh	1993 kr/kwh	1994 kr/kWh
Reykjavík	4,91	5,67	5,56	5,80
Akranes	4,39	4,82	5,30	5,24
Borgarnes	4,53	5,51	5,29	5,50
Vestfirðir	5,54	5,74	5,28	5,40
Sauðárkrókur	5,82	6,06	5,83	5,62
Akureyri	5,07	5,48	5,35	5,39
Húsavík	5,55	6,24	5,70	5,83
Reyðarfjörður	5,27	5,93	5,69	5,63
Vestmannaeyjar	5,98	6,32	5,59	5,91
Selfoss	5,00	5,96	5,43	5,37
Hveragerði	5,58	5,66	5,55	5,49
Suðurnes	5,23	5,51	5,29	5,23
Hafnarfjörður	5,27	5,60	6,18	5,87
Rarik	5,54	5,90	5,76	6,01

3. Landsvirkjun selur ekki raforku til skipa, en fyrirtækið selur rafveitum raforku í heildsölu og rafveitur selja raforku til notenda á veitusvæðum sínum, m.a. til skipa.

Á árunum 1991–1993 var seld raforka til skipa sem hér segir:

Tafla 4.

Rafveita	1991 MWh	1992 MWh	1993 MWh
Reykjavík	1.696	1.488	2.236
Hafnarfjörður	656	577	542
Suðurnes	-	-	-
Akranes	-	-	-
Borgarnes	-	-	-
Orkubú Vestfjarða	783	987	1.208
Sauðárkrókur	271	309	165
Akureyri	193	204	669
Húsavík	203	250	278
Reyðarfjörður	139	56	5
Vestmannaeyja	381	516	511
Selfossveitur	-	2	3
Hveragerði	-	-	-
Rarik	3.799	3.904	4.000
Samtals	**8.121**	**8.293**	**9.617**

Mynd 1 - Meðalverð á raforku til húshitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða árin 1991-1994 miðað við 30.600 kWh ársnotkun. Verðlag í mars 1994. Leiðrétt miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.



Mynd 2 - Raforkuverð til hitunar íbúðarhúsnæðis 1. janúar 1991-1994 miðað við 32.800 kWh ársnotkun. Verðlag í mars 1994. Leiðrétt miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.



Mynd 3 - Raforkuverð til iðnaðar 1. janúar 1991-1994 miðað við 75 kW afltopp og að nýtingartími sé 4.000 klukkustundir. Verðlag í mars 1994. Leiðrétt miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.



1172. Svar [606. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um kostnað Tryggingastofnunar ríkisins við svonefnda neyðarhnappa fyrir sérstakan áhættuhóp sjúklinga.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hve margir sjúklingar njóta nú þessarar þjónustu?*
2. *Hve mikið hefur Tryggingastofnun greitt á ári fyrir þessa þjónustu?*
3. *Hver er kostnaður á hvern sjúkling (á ári):*
   a. *tækjakaup,*
   b. *gæslugjald?*
4. *Hverjir selja Tryggingastofnun þessa þjónustu?*
5. *Hvernig fór val þessara seljenda fram?*
6. *Hvað höfðu margir áhugaaðilar möguleika á að bjóða í þessa þjónustu samkvæmt útboðsskilmálum?*
7. *Fer útboð fram reglulega?*
8. *Tryggir samkeppni nú lágmarkskostnað Tryggingastofnunar?*
9. *Fór fram útboð á þessari þjónustu áður en gerður var samningur um að víkka út þjónustusvæði Securitas og eru þar gerðar sömu öryggiskröfur og á Reykjavíkursvæðinu?*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ritaði Tryggingastofnun ríkisins um þetta mál og fékk þaðan eftirfarandi svör:

1. 711 sjúklingar (í janúar 1994).

2. Árið 1991 48.500.929 kr., árið 1992 56.299.979 kr. og 1993 60.271.289 kr.

3. a. Heildarverð á tæki (í janúar 1994) er 86.332 kr. á Stór-Reykjavíkursvæðinu og á Akureyri, en 73.382 kr. annars staðar á landinu. TR greiðir 90% í kaupum á nýju tæki, en notandi 10%. Ný tæki, sem TR styrkti kaup á árið 1993, voru einungis átta vegna mikillar endurnýtingar á tækjum sem féllu úr notkun hjá öðrum sjúklingum.

b. Á árinu 1993 greiddi TR að meðaltali þjónustugjöld fyrir 684 sjúklinga, samtals að fjárhæð 60.271.289 kr. eða 88.116 kr. á sjúkling að meðaltali.

4. Securitas hf., Reykjavík, og Securitas Akureyri hf.

5. Með útboði vorið 1987 og viðbótarsamningi haustið 1990.

6. Að lokum aðeins einn árið 1987.

7. Núgildandi samningur var í upphafi gerður til fjögurra ára, frá 1. október 1987 að telja. Í samningnum var ákvæði um framlengingu til tveggja ára í senn ef ekki væri sagt upp með sex mánaða fyrirvara. Með viðbótarsamningi um Akureyri og landsbyggðina frá 24. ágúst 1990 var samningurinn síðan framlengdur til 30. september 1996, þó þannig að ef Póstur og sími eða annar aðili kæmi á almennu viðvörunarkerfi sem uppfyllti kröfur TR um boðyfirfærslukerfi, tengt með símalínu en óháð símkerfinu, væri samningurinn uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara, þó ekki fyrr en frá 30. maí 1993. Slíkt skilyrði hefur enn ekki komið fram. Af þessum sökum hefur ekki reynt á reglulegt útboð enn þá.

8. Sjá svar við 7. lið.

9. Ekki fór fram útboð áður en samningurinn um Akureyri og landsbyggðina var gerður þar sem núverandi ókeypis þjónusta Securitas við landsbyggðina tengdist því að unnt væri að leysa öryggismál Akureyringa með sömu tækni og gildir um Stór-Reykjavík. Nákvæmlega sömu öryggiskröfur eru gerðar á Akureyri og nágrenni eins og á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Annars staðar á landinu eru gerðar sömu öryggiskröfur miðað við aðstæður nema hvað ekki er unnt af tæknilegum ástæðum að krefjast þess að boðyfirfærslukerfið þar sé óháð símkerfinu.

Tölulegar upplýsingar um öryggiskalltæki í janúar 1994.

1. Öryggiskalltæki á vegum TR í janúar 1994:

Stór-Reykjavíkursvæði		617
Akureyri	35	
Norðurland	17	
Austurland	7	
Suðurland	19	
Vesturland	16	
Landsbyggðin samtals		94
Alls	**711**	

2. Úthlutanir öryggiskalltækja á síðustu þremur árum:	1991	1992	1993
Alls	372	181	198
Endurnotuð tæki	120	140	190
Keypt ný tæki	252	41	8

(Skýring á fjölda tækja 1991: Samningur vegna landsbyggðarinnar var gerður í lok árs 1990, en á árinu 1991 voru samþykkt 94 ný tæki á landsbyggðinni.)

3. Kostnaður vegna öryggiskalltækja (miðað við janúar 1994):	Heildarverð	TR	Notandi
Stofngjald vegna tækis:			
Stór-Reykjavík	86.332,00	77.689,80	8.633,20
Landsbyggðin	73.382,20	66.043,98	7.338,22
Mánaðargjöld:			
Þjónustugjald	6.995,45	5.596,36	1.399,09
Viðhald og þjónusta	1.373,30	1.373,30	0

Kostnaður TR við mánaðargjöld á árinu 1993 er 60.271.289 (samkvæmt samningi, fjöldi tækja á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem eru 617 og fyrir Akureyri 120 tæki).

4. Gildistími núverandi samnings:
Núverandi samningur við Securitas gildir til 30. september 1996.

1173. Svar [599. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar J. Halldórsdóttur um þróun og rannsóknir á táknmáli.

1. *Hve miklu fé er varið á þessu ári til að efla Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og hvernig er varið samstarfi miðstöðvarinnar og Háskóla Íslands?*

Á fjárlögum í ár er gert ráð fyrir að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hafi 10 millj. kr. til rekstrar. 9 millj. kr. eru ríkisframlag og 1 millj. kr. er áætlaðar sértekjur stofnunarinnar.

Áætlanir stofnunarinnar miðast við að nám í táknmálstúlkun hefjist haustið 1994. 2,6 millj. kr. eru á fjárlögum 1994 á fjárlagalið Samskiptamiðstöðvar til þess verkefnis. Samskiptamiðstöð hefur gert samkomulag við Háskóla Íslands um að á haustmissiri 1994 hefjist á vegum bókmenntafræði og málvísindaskorar heimspekideildar Háskóla Íslands í samstarfi við Samskiptamiðstöð tveggja ára nám (60 einingar til BA-prófs) í táknmálsfræði. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir 40 eininga námi í táknmálstúlkun. Auglýst hefur verið starf kennslustjóra sem verður starfsmaður Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að nemendur nýti sér að hluta það nám sem boðið er upp á í heimspekideild. Laun kennslustjóra og þau námskeið sem efna þarf til sérstaklega verði greidd af fjárlagalið Samskiptamiðstöðvar.

2. *Mun ráðherra stuðla að því, t.d. með fjárveitingu, að Málvísindastofnun Háskólans hefji rannsóknir á táknmáli og táknmálskennslu á þessu ári?*

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 129/1990, um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, er gert ráð fyrir að hlutverk stofnunarinnar sé m.a. að annast rannsóknir á íslensku táknmáli og kennslu táknmáls. Í áætlunum menntamálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að stofnunin fái fjárveitingar til að sinna þessum þáttum í starfsemi sinni. Stofnunin hefur gert samkomulag við Háskóla Íslands um nám í táknmálstúlkun.

Ekki er gert ráð fyrir sérgreindum fjárveitingum til annarra stofnana menntamálaráðuneytisins til að sinna þessum þáttum en Samskiptamiðstöð hefur leitað eftir samstarfi við aðrar stofnanir eftir því sem hún hefur talið ástæðu til.

1174. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar komu Steingrímur Ari Arason og Snorri Olsen frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá ASÍ, BHMR, BSRB, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Tryggingastofnun ríkisins.

Nefndin telur sig ekki geta staðið að samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd og leggur því til breytingar sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Annars vegar er þar um að ræða frestun á gildistöku, en aðalbreytingin felst í því að fella VI. kafla laganna, sem fjallar um atvinnuleysisbætur, brott.

Með lögum nr. 54/1993, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, var réttur til atvinnuleysisbóta gerður almennur og ekki bundinn við aðild að stéttarfélagi. Með því að fella niður VI. kafla laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, mun réttur opinberra starfsmanna sjálfkrafa fara eftir lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, en nú taka þau lög ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum, sbr. 1. gr. Í frumvarpinu eins og það liggur fyrir er gert ráð fyrir að réttur til atvinnuleysisbóta samkvæmt síðastnefndu lögunum takmarkist við starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra. Nefndin telur nauðsynlegt að hið sama gildi um

báða þessa hópa, enda eru vandamál varðandi bótarétt einstaklinga, sem unnið hafa hjá ríkinu og verða atvinnulausir, sambærileg þeim vandamálum sem upp hafa komið hjá sveitarfélögum. Þannig hafa orðið deilur um það hvort ríkissjóður eða Atvinnuleysistryggingasjóður eigi að greiða bætur einstaklingum sem unnið hafa hjá ýmsum sjálfseignarstofnunum sem notið hafa framlaga frá ríkinu. Þá má segja að sú breyting, sem lögð er til, sé mjög eðlileg í kjölfar setningar laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, ásamt þeim breytingum sem gerðar voru á þeim með lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum. Samkvæmt lögum um tryggingagjald er bæði ríki og sveitarfélögum gert að standa skil á umtalsverðum fjárhæðum til Atvinnuleysistryggingasjóðs og því eðlilegt að sérstök ábyrgð þeirra á greiðslum atvinnuleysisbóta sé afnumin.

Það leiðir af þessum breytingum að nauðsynlegt verður að endurskoða næsta haust lög nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, sérstaklega hvað varðar skipun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Alþingi, 3. maí 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Ingi Björn Albertsson.

1175. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   VI. kafli laganna fellur brott.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

1176. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1992 til athugunar.

Fyrir nefndina hafa komið fulltrúar fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar sem gerðu grein fyrir uppsetningu og helstu efnisatriðum reikningsins.

Í skýringum með reikningsskilareglum reikningsins er bent á að frá og með uppgjöri ríkissjóðs 1989 hafi reikningsskilin færst nær almennum reikningsskilavenjum á markaði með því að færa til bókar allar skuldbindingar og kröfur á A-hluta ríkissjóðs óháð því hvort þær eru gjaldfallnar eða ekki. Ábyrgðum ríkissjóðs er hins vegar hagað með ýmsum hætti og verður því að taka á margvíslegum álitaefnum þegar ákvarða skal reikningsfærslu slíkra ábyrgða.

Á árinu 1991 var fært til gjalda í ríkisreikningi framlag að fjárhæð 1.633 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs Íslands. Fyrrnefnd fjárhæð samsvaraði neikvæðu eigin fé sjóðsins í lok árs 1991. Á árinu 1992 varð hins vegar sú breyting á starfsemi Framkvæmdasjóðs með lögum nr. 3/1992 að hann telst nú með stofnunum í B-hluta ríkisreiknings en var áður utan ríkisreiknings. Samkvæmt endurskoðuðu uppgjöri sjóðsins er eigið fé hans neikvætt um 830 millj. kr. í lok árs 1992. Það er óumdeilt að ríkissjóður ber fulla ábyrgð á þessum skuldbindingum. Hins vegar gildir það sama um Framkvæmdasjóð og nokkra aðra aðila í B-hluta ríkisreiknings að eigið fé þeirra er neikvætt, t.d. Atvinnutryggingarsjóð þar sem eigið fé er neikvætt um 1.713 millj. kr. og Orkusjóð með 26 millj. kr. neikvætt eigið fé.

Samkomulag varð um það milli fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar að þar til fyrir liggi samræmdar reglur um bókhaldsmeðferð skuldbindinga og ábyrgða ríkisins hjá B-hlutaaðilum verði neikvætt eigið fé umræddra sjóða ekki fært í ríkisreikning að svo stöddu.

Að lokinni athugun nefndarinnar á frumvarpinu leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1994.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Gunnlaugur Stefánsson.
Árni M. Mathiesen.	Árni Johnsen.	Einar K. Guðfinnsson.

1177. Nefndarálit [452. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993, sbr. lög nr. 115/1993.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1993 til athugunar. Með frumvarpi þessu er sótt um heimildir til endanlegs greiðsluuppgjörs A-hluta ríkissjóðs á árinu 1993.

Í frumvarpinu kemur fram að greiðslur úr ríkissjóði séu nettó 4.414,5 millj. kr. lægri en heimildir gerðu ráð fyrir.

Að lokinni athugun fjárlaganefndar á frumvarpinu og að teknu tilliti til þeirra skýringa sem hún hefur fengið frá fjármálaráðuneytinu fellst meiri hlutinn á þær tillögur sem fram koma í frumvarpinu og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 2. maí 1994.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnlaugur Stefánsson.	Árni Mathiesen.	Árni Johnsen.

1178. Nefndarálit [377. mál]

um frv. til l. um umboðsmann barna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn til viðræðna Ragnheiði Thorlacius hdl., Drífu Pálsdóttur, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Braga Guðbrandsson, aðstoðarmann félagsmálaráðherra, Hrólf Kjartansson, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, Ármann Snævarr prófessor og Þorlák Karlsson frá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Lögmannafélagi Íslands, biskupi Íslands, sifjalaganefnd, barnaverndarráði, samtökunum Barnaheill, Bernskunni – Íslandsdeild OMEP, Félagi íslenskra barnalækna, Heimili og skóla, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Kennarasambandi Íslands, Félagi einstæðra foreldra, Dómarafélagi Íslands, landsnefnd um ár fjölskyldunnar og samtökunum Barnaheillum.

Hugmyndir um stofnun embættis umboðmanns barna hér á landi komu fyrst fram árið 1978 í greinargerð með þingsályktunartillögu sem þingmenn Alþýðuflokksins fluttu um umbætur í málefnum barna. Drög að lögum um umboðsmann barna komu frá sifjalaganefnd í greinargerð með frumvarpi til barnalaga árið 1981. Á 109. löggjafarþingi árið 1986 var lagt fram frumvarp til laga um embætti umboðsmanns barna og var það endurflutt á 110. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Annað frumvarp um umboðsmann barna var flutt á 113. löggjafarþingi árið 1990 og endurflutt árið eftir en var þá vísað til ríkisstjórnar að tillögu allsherjarnefndar.

Í frumvarpi þessu er tekið mið af þeim frumvörpum er áður hafa verið flutt um þetta efni og getið er hér að framan þótt ýmsu sé nú skipað á annan veg. Höfð hefur verið hliðsjón af reynslu norrænna þjóða af starfsemi umboðsmanns barna, einkum Norðmanna sem settu á stofn slíkt embætti með lögum árið 1981.

Markmið frumvarpsins er að hér á landi verði starfandi óháður embættismaður sem vinni að því að fullt tillit verði tekið til réttinda, hagsmuna og þarfa barna jafnt hjá opinberum aðilum sem einkaaðilum. Er honum ætlað að vera málsvari eða talsmaður allra barna í samfélaginu og að eiga frumkvæði að gagnrýnni og stefnumarkandi umræðu um stöðu barna í þjóðfélaginu.

Gert er ráð fyrir að umboðsmaður barna starfi á sviði stjórnsýslunnar og er það í samræmi við skipan mála í Noregi og Svíþjóð. Þá er gert ráð fyrir að embætti hans heyri undir forsætisráðuneyti í því skyni að tryggja hlutleysi hans gagnvart fagráðuneytum. Um boð- eða eftirlitsvald forsætisráðuneytisins verður þó ekki að ræða þar sem því er aðeins ætlað að hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Er ljóst að tillögur, ábendingar eða gagnrýni umboðsmanns barna geta beinst að ríkjandi stjórnvöldum á hverjum tíma og því er umboðsmanni barna nauðsyn á sjálfstæði í starfi.

Umboðsmanni barna er hvorki ætlað að taka til meðferðar mál sem heyra undir verksvið umboðsmanns Alþingis né mál sem eru til meðferðar hjá dómstólum eða stjórnvöldum. Þó má benda á að fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að þrátt fyrir að verkefni umboðsmanns barna varði hagsmuni ótiltekins fjölda barna er ekkert sem hindrar að hann vekji athygli á, geri athugasemdir eða setji fram tillögur í tilefni af niðurstöðu stjórnvalds eða dómstóls sé niðurstaða þess eðlis að hún varði hag eða réttindi barna almennt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

1. Lögð er til breyting á 1. gr. sem felst í að frumvarpið hefjist á ákvæði um að stofna skuli embætti umboðsmanns barna og þykir það eðlilegt með tilliti til þess að um nýtt embætti er að ræða. Þá er bætt við þá þætti sem falla undir meginhlutverk umboðsmanns sem skal vera að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra eftir því sem nánar segir í frumvarpinu.
2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. gr. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að sami einstaklingur gegni embættinu að jafnaði ekki lengur en 10 ár eða tvö skipunartímabil. Er lagt til að þessari reglu verði bætt við texta 1. mgr. 2. gr. með þeirri viðbót að skipa megi umboðsmanninn að nýju til fimm ára án auglýsingar en þó ekki oftar nema alveg sérstaklega standi á. Breytingin á 2. mgr. 2. gr. felst annars vegar í að fellt er brott hæfisskilyrði umboðsmanns um 30 ára aldur. Þykir það óþarflega strangt gagnvart hæfum einstaklingum sem að öðru leyti uppfylla hæfisreglur frumvarpsins. Þá er lagt til að í stað hugtaksins „lögum“ verði notað „lögfræði“ svo sem þetta embættispróf heitir. Loks er lagt til að við 3. mgr. bætist nýr málsliður þar sem tekið verði fram að umboðsmanni verði óheimilt að takast á hendur verkefni ósamrýmanleg starfi hans. Er hér sem dæmi átt við sæti í stjórn félags eða stofnunar sem fjallar um málefni barna eða t.d. rekur uppeldisstofnun og er þá oft um að ræða launalaus störf.

   Varðandi embættisskilyrði umboðsmanns bárust nefndinni ábendingar í umsögnum um að æskilegt geti verið að umboðsmaður hafi sérþekkingu á málefnum barna vegna menntunar sinnar eða starfsþekkingar.
3. Lagðar eru til breytingar á 3. gr. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 1. mgr. þannig að notað verði hugtakið „stjórnvald“ í stað „stjórnsýsluhafi“ og er það í samræmi við ný stjórnsýslulög, nr. 37/1993. Aðrar breytingar á 1. mgr. eru ekki efnislegar. Í öðru lagi eru lagðar til þær efnislegu breytingar á c-lið 2. mgr. að bætt verði við því hlutverki umboðsmanns að benda á að þjóðréttarsamningar sem varða réttindi og velferð barna verði fullgiltir. Þykir full þörf á að kveða á um þetta atriði í texta frumvarpsins enda verðugt verkefni fyrir umboðsmann barna að fylgja slíku eftir. Í þriðja lagi er lögð til smávægileg breyting á d-lið þannig að vísað verði til þess að umboðsmaður skuli bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að brotið hafi verið gegn réttindum, þörfum eða hagsmunum barna í samfélaginu. Í fjórða lagi er

lagt til að nýr stafliður bætist við 2. mgr. 3. gr. þar sem umboðsmanni verði falið að stuðla að því að kynna almenningi gildandi rétt um málefni barna og beita sér fyrir rannsóknum á því sviði.

4. Breytingin á 4. gr. felst í að bætt er við að ábendingar, sem beint er til umboðsmanns með það í huga að hann taki mál til meðferðar, skuli vera rökstuddar m.a. með það í huga að stemma stigu fyrir tilhæfulausum klögumálum.
5. Efnislegar breytingar við 5. gr. eru aðeins þær að bætt er við 1. mgr. þeirri takmörkun á upplýsingarétti umboðsmanns barna að gerður er fyrirvari um upplýsingar sem varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt skulu fara nema með leyfi viðkomandi ráðherra. Er hliðstæðar takmarkanir að finna lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis.
6. Loks er lögð til sú breyting á 8. gr. að ráðherra leiti tillagna umboðsmanns barna áður en reglur um starfshætti hans verða settar í reglugerð.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Jón Helgason og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Ey. Kon. Jónsson.
Tómas Ingi Olrich.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.
	Ólafur Þ. Þórðarson, með fyrirvara.	

1179. Breytingartillögur [377. mál]

við frv. til l. um umboðsmann barna.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Stofna skal embætti umboðsmanns barna sem hafi það hlutverk að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra samkvæmt því sem nánar segir í lögum þessum.
2. Við 2. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Skipa má umboðsmanninn að nýju til fimm ára án auglýsingar en eigi oftar nema sérstaklega standi á.
   b. Orðin „og vera eldri en 30 ára“ í 1. málsl. 2. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðsins „lögum“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: lögfræði.
   d. Við 3. mgr. bætist: eða takast á hendur verkefni sem eigi samrýmast starfi hans.

3. Við 3. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Umboðsmaður barna skal vinna að því að stjórnvöld, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna.
   b. C-liður 2. mgr. orðist svo: stuðla að því að virtir verði þjóðréttarsamningar sem varða réttindi og velferð barna og fullgiltir hafa verið af Íslands hálfu og enn fremur benda á að samningar um þetta efni verði fullgiltir.
   c. D-liður 2. mgr. orðist svo: bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að aðilar þeir, er greinir í upphafi 1. mgr., hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi brotið gegn réttindum, þörfum og hagsmunum barna í samfélaginu.
   d. Á eftir d-lið 2. mgr. komi nýr stafliður sem orðist svo: stuðla að því að kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða börn og ungmenni og beita sér fyrir því að gerðar verði rannsóknir á þessu sviði.
4. Við 4. gr. Á undan orðinu „ábendingum“ í lok 1. málsl. 2. mgr. komi: rökstuddum.
5. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „Stjórnsýsluhöfum“ í upphafi 1. mgr. komi: Stjórnvöldum.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Umboðsmaður getur ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins inn á við eða út á við eða utanríkismál er leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.
   c. Á eftir orðunum „félögum eða“ í 2. mgr. komi: öðrum.
   d. Í stað orðsins „atbeina“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: úrlausnar.
   e. Í stað „reglum einkamálalaga“ í lok 3. mgr. komi: lögum um meðferð einkamála.
6. Við 8. gr. Við 2. mgr. bætist: að fengnum tillögum umboðsmanns.

1180. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði að ganga enn lengra í að leyfa starfsemi happdrættisvéla en verið hefur til þessa og Happdrætti Háskóla Íslands veitt í fjáröflunarskyni frekari veiðileyfi á veikleika samborgaranna en þekkst hefur í íslensku samfélagi.

Reyndar er skylt að geta þess að fulltrúi happdrættisins upplýsti allsherjarnefnd um að ekki skorti heimildir fyrir þessari starfsemi í núgildandi lögum um Happdrætti Háskóla Íslands og nokkuð er síðan rekstur umræddra véla hófst. Vekja þessar upplýsingar spurningar um tilgang frumvarpsins og hvort það hafi yfir höfuð nokkra þýðingu. Að þeim forsendum gefnum að nauðsynlegt sé að afla lagaheimilda fyrir happdrættisvélunum og samtengingu þeirra vill 1. minni hluti gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Fyrsti minni hluti getur fallist á að rekstur happdrættisvélanna verði heimilaður með eftirfarandi takmörkunum:

— Óheimilt verði að starfrækja vélarnar á vínveitingastöðum.
— Einungis verði heimilt að samtengja vélar á sama sölustað en ekki milli sölustaða.
— Sveitarstjórnir setji ákvæði í lögreglusamþykktir um staðsetningu vélanna og að öðru leyti um önnur skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Verði ofangreindar takmarkanir ekki samþykktar mun 1. minni hluti leggjast gegn samþykkt frumvarpsins.

Að lokum bendir 1. minni hluti á að full ástæða er til þess að Alþingi taki fjáröflun Háskóla Íslands til umfjöllunar með það að markmiði að finna siðferðilega og ásættanlega lausn sem jafnframt treysti fjárhag skóla á háskólastigi.

Alþingi, 3. maí 1994.

Kristinn H. Gunnarsson.

1181. Breytingartillaga [500. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Frá Agli Jónssyni.

7. gr. orðist svo:

Greinatala IX.–XVII. kafla laganna, svo og tilvísanir milli greina, breytist í samræmi við ákvæði laga þessara.

Greinargerð.

Tillaga þessi er einvörðungu tæknilegs eðlis. Við 2. umræðu málsins var felld brott ein grein úr frumvarpinu (k-liður 5. gr., þ.e. 72. gr. laganna). Til þess að greinatala laganna verði samfelld eftir samþykkt þessa frumvarps þarf að hnika til orðalagi 7. gr.

1182. Frumvarp til laga [621. mál]

um lögfestingu nokkurra meginreglna umhverfisréttar o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

I. KAFLI
Markmið, skilgreiningar o. fl.

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja að við beitingu löggjafar um umhverfismál og umhverfisvernd verði gætt meginreglna umhverfisréttar eins og nánar er greint frá í lögum þessum. Jafnframt er það markmið laganna að stuðla að því að komandi kynslóðir fái notið þeirra gæða sem felast í heilnæmu umhverfi, náttúruauðlindum og óspilltri náttúru með sambærilegum hætti og verið hefur. Enn fremur er það markmið laga þessara að bæta það sem miður hefur farið í samskiptum manns og umhverfis.

2. gr.

Umhverfismál eru þau mál er varða ytra umhverfi mannsins hvort sem það er mótað af náttúruöflum eða manngert.

Umhverfisvernd er hvers konar viðleitni eða aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegum áhrifum á náttúrulegt umhverfi. Það telst og umhverfisvernd að breyta umhverfi í æskilegt horf og koma í veg fyrir, draga úr eða tefja hvers konar óæskilegar breytingar á umhverfi. Loks telst það umhverfisvernd að stöðva eða draga úr ofnýtingu á náttúruauðlindum.

3. gr.

Lög þessi gilda á íslensku landi, í mengunarlögsögu Íslands og loftrýminu þar yfir.

4. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn umhverfismála og umhverfisverndar eins og nánar er kveðið á um í lögum.

Þegar undirbúin eru frumvörp til laga sem fjalla um málefni eða framkvæmdir sem hugsanlega geta gengið gegn markmiðum þessara laga skal fara fram mat á umhverfisáhrifum þeirra og það birt í sérstöku fylgiskjali með viðkomandi frumvarpi ásamt tillögum um aðgerðir til verndar umhverfi og náttúruauðlindum eftir því sem við á. Umhverfisráðuneyti skal gefa umsögn um matið.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

5. gr.

Sérhver einstaklingur á rétt á:

1. Óspilltu og heilnæmu umhverfi.
2. Aðgangi að landsvæðum utan landareigna lögbýla svo og að öðrum svæðum eins og kveðið er á um í lögum.
3. Aðgangi að upplýsingum um umhverfismál í samræmi við lög þar að lútandi.
4. Að geta komið að athugasemdum vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem haft geta áhrif á nánasta umhverfi hans.
5. Skaðabótum vegna tjóns sem hann verður fyrir af völdum mengunar eða umhverfisspjalla af manna völdum í samræmi við lög.

6. gr.

Sérhverjum einstaklingi og lögaðila ber að leggja sitt af mörkum til að vernda þau gæði sem felast í óspilltu og heilnæmu umhverfi.

7. gr.

Sveitarfélögin í landinu, hvert fyrir sig, bera ábyrgð á framkvæmd umhverfismála og umhverfisverndar heima í héraði nema lög mæli annað. Jafnframt ber sveitarfélögum að leysa umhverfisvandamál þar sem upptök þeirra eru og með samvinnu sín á milli þegar við á.

8. gr.

Við áætlanagerð, undirbúning framkvæmda og atvinnurekstrar sem kann vegna legu sinnar, eðlis og umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, skal framkvæma mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög þar að lútandi.

Ekki skal ráðast í framkvæmdir, atvinnurekstur eða aðhafast nokkuð sem kann að hafa alvarleg eða óbætanleg umhverfisspjöll í för með sér fyrr en sýnt er að svo verði ekki.

9. gr.

Einstaklingar og lögaðilar sem stunda atvinnurekstur eða starfsemi sem spillt getur umhverfi eða náttúruauðlindum skulu tryggja innra eftirlit með starfsemi sinni sem hefur það markmið að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi og náttúruauðlindir.

10. gr.

Sá sem mengar eða spillir umhverfi af ásetningi eða gáleysi, vegna atvinnurekstrar, framkvæmda eða með öðrum athöfnum eða athafnaleysi, ber fébótaábyrgð á því tjóni sem mengunin eða framkvæmdir valda.

Tjónvaldur skal gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir frekara tjón eða draga úr því. Hafi orðið tjón skal hann tilkynna það yfirvöldum og einnig ef líkur eru á því að tjón verði.

III. KAFLI
Umhverfis- og mengunarbótasjóður.

11. gr.

Stofna skal sérstakan umhverfis- og mengunarbótasjóð. Sjóðurinn skal standa straum af kostnaði vegna framkvæmda sem nauðsynlegar eru til þess að draga úr mengun eða öðrum umhverfisspjöllum sem orðið hafa og ekki fæst greiddur með öðrum hætti.

Heimilt er að greiða úr sjóðnum vegna aðgerða sem gripið er til eftir gildistöku laga þessara þó að mengun eða umhverfisspjöll hafi orðið fyrir gildistöku þeirra.

12. gr.

Umhverfisráðherra skipar umhverfis- og mengunarbótasjóði fjögurra manna stjórn til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal fjalla um umsóknir um styrki úr sjóðnum og gera tillögur til umhverfisráðherra þar að lútandi. Nefndin skal þannig skipuð að fjárlaganefnd Alþingis tilnefnir einn mann, umhverfisnefnd Alþingis einn, fjármálaráðuneyti einn og einn skal tilnefndur af umhverfisráðherra og er sá jafnframt formaður nefndarinnar. Ráðherra setur stjórninni starfsreglur.

Sjóðurinn skal hafa til ráðstöfunar fé eins og ákveðið er á fjárlögum hverju sinni.

IV. KAFLI
Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, „Velferð á varanlegum grunni", segir á bls. 43:

„Vakning fer um veröldina í umhverfismálum. Hennar gætir í ríkum mæli hér á landi. Þjóðin hefur vaknað til vitundar um umhverfi sitt og þau verðmæti sem hrein og óspillt náttúra landsins er.

Ríkisstjórnin mun leita víðtækrar samstöðu um mótun framsýnnar umhverfisstefnu og jafnframt verða grundvallarsjónarmið umhverfisréttar lögfest með sambærilegum hætti og hjá öðrum vestrænum þjóðum."

Þann 22. maí 1992 skipaði umhverfisráðherra nefnd „til að undirbúa mótun framsýnnar umhverfisstefnu ..." Við stefnumótunina bar að taka „tillit til þarfa samfélagsins og alþjóðlegra skuldbindinga og hafa að leiðarljósi að ná fram markmiðum sjálfbærrar þróunar". Jafnframt var nefndinni falið að undirbúa frumvarp þar sem skilgreind yrðu grundvallarsjónarmið umhverfisréttar.

Í nefndina voru skipaðir: Árni M. Mathiesen alþingismaður, Gunnlaugur Stefánsson alþingismaður, Haukur Helgason skólastjóri, Sigurður M. Magnússon, forstöðumaður Geislavarna ríkisins, og Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri, þá aðstoðarmaður umhverfisráðherra, og var hann formaður nefndarinnar. Þórir Ibsen, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, var starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf 29. maí 1992. Þann 10. febrúar 1993 skilaði nefndin umhverfisráðherra tillögu að stefnumótun í umhverfismálum. Tillagan bar heitið „Á leið til sjálfbærrar þróunar: Stefna og framkvæmdir ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks í umhverfismálum." Við mótun stefnunnar var hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar höfð í huga. Í framhaldi af tillögu nefndarinnar lagði umhverfisráðherra fram skýrslu á 116. löggjafarþingi um mótun stefnu í umhverfismálum (429. mál, þskj. 729).

Veturinn 1993–94 hélt nefndin áfram störfum og tók þá Petrína Baldursdóttir alþingismaður sæti Gunnlaugs Stefánssonar í nefndinni. Jafnframt starfaði Aðalheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, með nefndinni.

Nefndin skilaði umhverfisráðherra tillögum sínum 25. apríl 1994. Frumvarp það sem hér er lagt fram er samhljóða frumvarpi því sem nefndin varð sammála um.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, skiptist í fjóra kafla. Í því er leitast við að lögfesta nokkur grundvallarsjónarmið umhverfisréttar, sbr. það sem segir í áður tilvitnaðri stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar og heiti frumvarpsins ber með sér.

Umhverfisréttur er ekki skýrt afmarkað hugtak enda er fræðigreinin umhverfisréttur ung. Fræðimenn eru ekki á eitt sáttir um hvað nákvæmlega felist í hugtakinu þó að flestir séu sammála um kjarna þess. Hins vegar er ljóst að undir réttarsviðið falla reglur, þar sem m.a. er leitast við að lýsa æskilegri og óæskilegri hegðun manna og reglurnar hafa ýmist að markmiði að vernda, stýra eða bæta ytra umhverfi. Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er þó almennara en fyrrgreind lýsing, m.a. vegna þess að eitt af markmiðunum er að lögfesta meginsjónarmið sem nota má þegar einstökum lögum, sem varða umhverfi og umhverfismál, er beitt. Einnig ber að geta þess að í frumvarpinu er lögð áhersla á einstaklinginn og rétt hans, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Verði frumvarp þetta að lögum verða reglur þess fyrst og fremst til fyllingar einstökum lögum á sviði umhverfismála sem þegar hafa verið sett eða eru í undirbúningi.

Á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Rio de Janeiro dagana 3.–14. júní 1992, var samþykkt sérstök yfirlýsing, Ríó-yfirlýsingin um umhverfi og þróun. Yfirlýsingin geymir 27 reglur sem með einum eða öðrum hætti fjalla um umhverfismál og eru byggðar á hugmyndafræðinni um sjálfbæra þróun. Í skýrslu umhverfisráðherra frá heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun segir m.a.:

„Í Ríó-yfirlýsingunni er því slegið föstu að allir eigi rétt á heilbrigðu lífi í sátt við náttúruna og að öll ríki eigi rétt á að nýta eigin náttúruauðlindir, en þó háð því skilyrði að það valdi ekki umhverfisskaða í öðrum löndum. Hagþróun verður að taka tillit til umhverfisverndar, að öðrum kosti verður framtíð afkomenda okkar stefnt í voða.“

Í yfirlýsingunni er auk annars að finna varúðarregluna (regla 15), reglu þess efnis að fram skuli fara mat á umhverfisáhrifum þegar fyrirhuguð er starfsemi sem líkleg er til þess að hafa veruleg, skaðleg áhrif á umhverfi (regla 17), ríkin eru hvött til þess að koma á virkri umhverfislöggjöf og einnig má nefna reglu um rétt einstaklinga til upplýsinga í vörslu hins opinbera (regla 10).

Við undirbúning frumvarpsins, sem hér er lagt fram, var m.a. tekið mið af Ríó-yfirlýsingunni, ákvæðum EES-samningsins um umhverfi og þeirri þróun sem átt hefur sér stað í norrænni umhverfislöggjöf á undanförum árum. Að öðru leyti er vísað til skýrslu umhverfisráðherra, sem lögð var fram á 116. löggjafarþingi, um mótun stefnu í umhverfismálum og áður hefur verið vikið að.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni felast þrjú efnisatriði. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er markmið þess að lögfesta nokkur grundvallarsjónarmið eða meginreglur umhverfisréttar. Hlutverk slíkra meginreglna verður einkum að lögfesta meginsjónarmið sem nota má til að skýra einstök lög eða reglur sem fjalla um umhverfismál. Umhverfislöggjöfin er enn sem komið er nokkuð brotakennd og því er talin nauðsyn á slíku. Í öðru lagi er markmiðið að setja fram reglur sem stuðla eiga að því að komandi kynslóðir fái notið þeirra gæða sem felast í heilnæmu umhverfi, náttúruauðlindum og óspilltri náttúru með sambærilegum hætti og verið hefur. Dæmi um slíkar reglur má finna í 4., 6., 7., 8. og 9. gr. frumvarpsins. Loks er það markmið að bæta það sem miður hefur farið, sbr. 11. gr.

Um 2. gr.

Í greininni eru tvö hugtök skýrð. Rétt þykir að taka fram að með hugtakinu umhverfismál er einungis átt við þau mál er varða ytra umhverfi mannsins, til aðgreiningar frá þeim málum er varða innra umhverfi eða vinnuumhverfi hans og er það sérstaklega tekið fram.

Seinna hugtakið, sem skýrt er, varðar vernd umhverfis. Hugtakið er margþætt eins og skýring þess ber með sér. Það felur í sér fyrirbyggjandi aðgerðir, lagfæringar á ástandi umhverfis sem spillst hefur af manna völdum, auk skynsamlegrar nýtingar auðlinda.

Um 3. gr.

Rétt þykir að taka sérstaklega fram að verði frumvarp þetta að lögum er þeim ætlað að gilda á íslensku yfirráðasvæði, þ.e. á íslensku landi og í landhelgi, svo og í mengunarlögsögu Íslands eins og hugtakið er skilgreint í 7. tölul. 3. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og í loftrýminu þar yfir. Mengunarlögsaga Íslands er skilgreind svo í tilvitnuðum lögum: „Mengunarlögsaga Íslands“ er það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands.“

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er ítrekuð sú verkaskipting, sem kemur fram í auglýsingu nr. 96/1969, ásamt síðari breytingum, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Samkvæmt 13. gr. reglugerðarinnar fer umhverfisráðuneyti m.a. með mál sem varða náttúruvernd, aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra, dýravernd og eflingu alhliða umhverfisverndar, varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, eyðingu og endurvinnslu hvers kyns úrgangs frá byggð og atvinnuvegum, skipulags- og byggingarmál, rannsóknir á sviði umhverfismála, veðurathuganir o.fl.

Samkvæmt 2. mgr. ber að framkvæma mat á umhverfisáhrifum þegar undirbúin eru frumvörp til laga sem með einum eða öðrum hætti geta gengið gegn markmiðum þeim sem stefnt er að í 1. gr. frumvarpsins. Í þessu ákvæði felst regla sem er til þess fallin að draga úr hættu á umhverfisspjöllum með fyrirbyggjandi ráðstöfunum.

Ljóst er að árlega eru samin fjölmörg lagafrumvörp sem geta gengið gegn markmiðunum sem stefnt er að. Þess vegna er æskilegt að lagt sé mat á áhrifin sem löggjöfin muni hafa á umhverfið. Gera má ráð fyrir því að slíkt mat geti lagt grunn eða ramma að mati á umhverfisáhrifum, sbr. ákvæði laga nr. 63/1993, og sérstakri löggjöf um tilteknar framkvæmdir. Lagt er til að ráðuneyti umhverfismála gefi umsögn um matið. Það verður hins vegar á ábyrgð þeirra sem undirbúa frumvörpin að tryggja að matið fari fram. Með umsögn ráðuneytisins opnast einnig möguleikar til að gæta aukins samræmis í umhverfislöggjöf framtíðarinnar.

Um 5. gr.

Í greininni er að finna helstu meginreglurnar sem undirstrika réttindi einstaklingsins og tengjast með einum eða öðrum hætti umhverfi og þeim gæðum sem felast í óspilltu og heilnæmu umhverfi. Eins og nánar verður gerð grein fyrir má í ýmsum lögum finna meginreglurnar í mismunandi útfærslum.

Í 1. tölul. er almenn regla og samkvæmt henni á sérhver einstaklingur rétt á óspilltu og heilnæmu umhverfi. Víða í umhverfislöggjöfinni má finna sérstakar reglur sem hafa það að markmiði að tryggja þessi gæði og hér á eftir fara nokkur dæmi.

Fyrst ber að nefna lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum. Samkvæmt 1. gr. nefndra laga er þeim auk annars ætlað að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma eru tök á að veita og skal með markvissum aðgerðum vinna að þessu markmiði. Aðgerðirnar, sem nefndar eru, eiga m.a. að tryggja sem best eftirlit með umhverfi, vernda þau lífsskilyrði sem felast í ómenguðu umhverfi, hreinu lofti, ómenguðu vatni o. fl. Einnig má benda á lög nr. 52/1988, ásamt síðari breytingum, um eiturefni og hættuleg efni. Í lögum eru fjölmörg ákvæði sem hafa að markmiði að vernda heilsu manna og dýra vegna skaðlegra áhrifa sem stafað geta af notkun og meðferð eiturefna og hættulegra efna. Jafnframt er bent á lög nr. 32/1986, ásamt síðari breytingum, um varnir gegn mengun sjávar. Í 1. gr. laga nr. 32/1986 kem-

ur fram tilgangur þeirra, en hann er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó og frá landstöðvum af völdum olíu og annarra efna og stofnað geta heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafsins. Loks má benda á lög nr. 47/1971, um náttúruvernd. Samkvæmt 1. gr. laganna er tilgangur þeirra að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Að lokum er bent á 83. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, um bann við óhreinkun vatna.

Í 2. tölul. er undirstrikað að sérhver einstaklingur eigi rétt á aðgangi að landsvæðum utan landareigna lögbýla svo og að öðrum svæðum eins og kveðið er á um í lögum. Víða í löggjöfinni má finna slíkar reglur. Í 11. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, eru almennar reglur um rétt almennings til þess að fara um og dvelja á landsvæðum utan lögbýla og á öðrum svæðum. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laganna er almenningi heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi. Rétt þykir að taka fram að ákvæðinu í 2. tölul. er ekki á neinn hátt ætlað að þrengja regluna í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 47/1971. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. er gangandi fólki veittur réttur til þess að fara um óræktuð og ógirt eignarlönd manna en sé land girt eða ræktað þarf leyfi landeigenda til þess að fara um eða dvelja á landinu. Rétt þykir í þessu sambandi að benda einnig á 20. gr. laga nr. 47/1971 um rétt til þess að fara um sjávarstrendur og vatnsbakka sem rýmka gildissvið 2. mgr. 11. gr. sömu laga, 11. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, um umferð á vötnum og ís og loks á 115. gr. sömu laga um almenna umferð um vötn, en samkvæmt greininni er öllum heimilt að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn. Regla þessi sætir þó takmörkunum í sérlöggjöf.

Samkvæmt 3. tölul. á sérhver einstaklingur rétt á aðgangi að upplýsingum um umhverfismál í samræmi við lög þar að lútandi. Á 116. löggjafarþingi voru samþykkt lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, og eru þau nýmæli. Með lögum er réttur almennings til þess að fá upplýsingar um umhverfismál lögvarinn. Samkvæmt 2. gr. tilvitnaðra laga gilda þau um aðgang að upplýsingum um umhverfismál hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra. Lögin byggja á þeirri forsendu að sá sem óskar eftir upplýsingum þarf ekki að eiga neinna hagsmuna að gæta. Þetta hefur það í för með sér að hver sem er getur óskað eftir upplýsingum án sérstakra útskýringa.

Í 4. tölul. er mikilvæg regla sem finna má í ýmsum lögum og reglugerðum. Markmið reglunnar er augljóst og mikilvægt réttaröryggisatriði og er það víða lögfest. Nægir hér að benda á 17. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, ásamt síðari breytingum, auk 7. og 10. gr. laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 110/1993.

Loks er í 5. tölul. ítrekað að sérhver einstaklingur eigi rétt á skaðabótum vegna tjóns sem hann verður fyrir af völdum mengunar eða umhverfisspjalla af manna völdum í samræmi við lög. Með ákvæðinu er fyrst og fremst verið að undirstrika réttinn en hann takmarkast að sjálfsögðu af þeim skilyrðum sem hverju sinni eru í lögum eða byggja á öðrum réttarheimildum. Grunnhugsunin er sú að undirstrika að einstaklingar eiga almennt séð ekki að þurfa að þola mengunartjón eða umhverfisspjöll.

Um 6. gr.

Umhverfismál hafa þá sérstöðu að snerta nánast allt mannlegt atferli og í greininni er almenn regla sem hefur þann tilgang að minna á að þau lífsgæði, sem felast í óspilltu og heilnæmu umhverfi, eru ekki sjálfsögð. Sérhver einstaklingur og lögaðili ber ábyrgð á gjörðum sínum og allir verða að leggja sitt af mörkum til að vernda gæðin. Með reglu þessari er einnig undirstrikað að umhverfisvernd er ekki einkamál opinberra stjórnvalda.

Um 7. gr.

Í greininni eru nokkur mikilvæg efnisatriði sem rétt er að skýra nánar.

Í fyrsta lagi er tekið fram að sveitarfélögin í landinu, hvert fyrir sig, bera ábyrgð á framkvæmd umhverfismála og umhverfisverndar heima í héraði nema lög mæli á annan veg. Samkvæmt 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, ásamt síðari breytingum, eru nokkrir af mikilvægustu þáttum umhverfismála meðal lögboðinna verkefna sveitarfélaganna. Þetta eru skipulags- og byggingarmál, sorphreinsun og sorpeyðing, heilbrigðiseftirlit (mengunareftirlit), eyðing refa, minka og vargfugls. Regla þessi er eðlileg enda eru staðbundin stjórnvöld að jafnaði betur undir það búin að takast á við vandamál heima í héraði en stjórnvöld á landsvísu þó að benda megi á undantekningar frá þessu.

Í annan stað er lögð áhersla á að leysa skuli umhverfisvandamál þar sem upptök þeirra eru. Eins og komið var að í umsögn um 6. gr. frumvarpsins hafa umhverfismál þá sérstöðu að snerta nánast allt mannlegt atferli, sérhver einstaklingur og lögaðili ber ábyrgð á gjörðum sínum og verður að leggja sitt af mörkum til að vernda þau gæði sem felast í óspilltu og heilnæmu umhverfi. Hvað sveitarfélögin varðar þá felst ábyrgð þeirra m.a. í því að leysa umhverfisvandamál með aðgerðum heima í héraði. Rétt þykir jafnframt að benda sérstaklega á þá staðreynd að þrátt fyrir að meginreglan sé sú að leysa skuli umhverfisvandamál þar sem upptök þeirra eru er jafnmikilvægt að sveitarfélögin vinni saman að lausn einstakra umhverfisvandamála, enda má gera ráð fyrir því að slíkt skili sér í lægri framkvæmda- og rekstrarkostnaði og komi íbúum sveitarfélaganna til góða, m.a. með lægri álögum opinberra gjalda.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er almenn regla sem felur í sér skyldu til að framkvæma mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda og atvinnurekstrar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag.

Á 116. löggjafarþingi var stórt skref stigið í umhverfismálum þegar lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, voru samþykkt á Alþingi. Samkvæmt þeim lögum ber að framkvæma mat á umhverfisáhrifum þegar tilteknar stórframkvæmdir, sem tíundaðar eru í 1. mgr. 5. gr. laganna, eru undirbúnar. Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 63/1993 er ráðherra veitt heimild til þess að ákveða með reglugerð að aðrar framkvæmdir en þær sem getið er í 1. mgr. skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Nýlega var gefin út reglugerð nr. 179/1994 um mat á umhverfisáhrifum og fylgir henni listi þar sem taldar eru upp ýmiss konar framkvæmdir sem gætu orðið matsskyldar samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra laga.

Í 2. mgr. er undirstrikað að almennt séð verði að sýna fram á að framkvæmdir, atvinnurekstur eða annað mannlegt atferli hafi ekki í för með sér alvarleg eða óbætanleg umhverfisspjöll. Þetta ber að sjálfsögðu að athuga áður en ráðist er í viðkomandi framkvæmd eða atvinnurekstur og er matið ekki einungis bundið við að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi. Í hnotskurn verður að sýna fram á að tiltekin framkvæmd eða atvinnurekstur hafi ekki í för með sér alvarleg eða óbætanleg umhverfisspjöll og allur vafi hlýtur að koma umhverfinu til góða.

Um 9. gr.

Hér er að finna sjálfstæða reglu sem óhjákvæmilega er þó tengd 6. gr. frumvarpsins um skyldu einstaklinga og lögaðila til að vernda þau gæði sem felast í óspilltu og heilnæmu umhverfi. Samkvæmt greininni skulu þeir sem stunda atvinnurekstur eða starfsemi sem spillt getur umhverfi eða náttúruauðlindum tryggja innra eftirlit með umhverfisþáttum starfseminnar. Markmiðið með þessari skyldu er að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi og náttúruauðlindir. Reglan hefur fyrst og fremst þann tilgang að minna á að með fyrirbyggjandi aðgerðum og eftirliti er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi. Benda má á að almennt séð er innra eftirlit fyrirtækja með umhverfisþáttum álitið virkara en eftirlit þriðja aðila. Engin almenn lög eru enn sem komið er í gildi hér á landi um innra eftirlit með umhverfisþáttum. Hins vegar þekkist slík framkvæmd og finna má einstök ákvæði í reglugerðum sem lúta að innra eftirliti þar sem fram fer tiltekin atvinnustarfsemi. Í þessu sambandi er t. d. bent á 59. og 75. gr. reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Loks ber að nefna að í undirbúningi er lögfesting á reglugerð ráðsins nr. 1836/83/EBE frá 29. júní 1993 um þátttöku iðnfyrirtækja í stjórnunar- og eftirlitskerfi sem er hluti af 1. viðbótarpakka EES-samningsins. Markmið reglugerðarinnar er að hvetja iðnfyritæki til þess að laga starfsemi sína að markmiðum umhverfisverndar, standa að gerð umhverfisáætlana og meta árangurinn reglulega. Í því skyni er gert ráð fyrir að iðnfyrirtæki geti tekið þátt í sérstöku viðurkenningarkerfi en með þátttökunni skuldbinda þau sig til að leggja fram áætlanir og stefnumörkun í umhverfismálum sem byggir á þeim þeim kröfum og skilyrðum sem gerðar eru í reglugerðinni.

Um 10. gr.

Með hliðsjón af þeirri reglu, sem stundum hefur verið nefnd mengunarbótaregla, er í 1. mgr. lagt til að lögfest verði sérstök skaðabótaregla sem hefur að markmiði að vernda umhverfi. Slík regla ætti jafnframt að bæta stöðu þeirra einstaklinga og lögaðila sem verða fyrir tjóni vegna umhverfisskaða. Lagt er til að reglan byggi á sakargrundvelli, þ.e. sá sem mengar eða spillir umhverfi af ásetningi eða gáleysi er skaðabótaskyldur og takmarkast skyldan af þeim reglum sem íslenskur skaðabótaréttur byggir á.

Í 2. mgr. er sú eðlilega skylda lögð á tjónvald að hann komi í veg fyrir frekara tjón hafi það orðið eða dragi úr tjóni. Gera má ráð fyrir því að tjónvaldur sé að jafnaði sá aðili sem mesta möguleika hefur til slíks. Jafnframt er sú skylda lögð á tjónvald að tilkynna yfirvöldum um tjón hafi það orðið eða ef líklegt er að það verði.

Um 11. gr.

Til þess að bæta umhverfisskaða sem orðið hefur, og kostnaðurinn sem af því hlýst fæst ekki greiddur með öðrum hætti, er lagt til í 1. mgr. að stofnaður verði sérstakur umhverfis- og mengunarbótasjóður. Ekki er þó ætlunin að sjóður í þrengri merkingu þess orðs liggi fyrir, sbr. það sem segir í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. er lagt til að sjóðurinn hafi til ráðstöfunar fé eins og ákveðið er á fjárlögum hverju sinni.

Fjármunum sjóðsins skal varið til greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda sem nauðsynlegar eru til þess að draga úr mengun eða öðrum umhverfisspjöllum sem orðið hafa og ekki fæst greiddur með öðrum hætti. Hugsunin er sú að aðrar leiðir, t.d. greiðsla úr öðrum sjóðum eða skaðabætur samkvæmt dómi til þess að fá kostnaðinn greiddan, verði fyrst reyndar. Einungis þegar þær eru fullreyndar er heimilt að greiða fjármagn úr sjóðnum. Sjóðurinn verður opinn bæði einstaklingum og lögaðilum sem að öðru leyti uppfylla skilyrðin enda verði gert ráð fyrir greiðslunum hverju sinni á fjárlögum, sbr. 2. mgr. 12. gr. Nokkur þörf er talin vera á slíkum slíkum sjóði. Skemmst er að minnast strands danska skipsins Eriks Boye í innsiglingunni í Breiðdalsvík sumarið 1992. Vegna mengunarhættu varð að grípa til aðgerða sem höfðu í för með verulegan kostnað fyrir sveitarfélagið, en sá kostnaður hefur ekki fengist endurgreiddur hjá tjónvaldi.

Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram að heimilt er að greiða úr sjóðnum vegna aðgerða sem gripið er til eftir gildistöku laganna þó að mengunin eða umhverfisspjöllin hafi orðið áður en þau tóku gildi. Ákvæði þetta tryggir m.a. að hægt verður að taka á vandamálum sem nú þegar kunna að vera til staðar, sbr. markmið það sem kemur fram í lok 1. gr. frumvarpsins.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

YFIRLÝSING RÁÐSTEFNU SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM UMHVERFI OG ÞRÓUN Í RIO DE JANEIRO (RÍÓ-YFIRLÝSINGIN UM UMHVERFI OG ÞRÓUN)

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, í Rio de Janeiro dagana 3. til 14. júní 1992,

ítrekar yfirlýsingu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannkyns, sem samþykkt var í Stokkhólmi hinn 16. júní 1972, og hyggst byggja á henni,

með það að markmiði að koma á nýju alheimssamstarfi á jafnræðisgrundvelli með því að stofna til nýrrar og víðtækari samvinnu meðal ríkja, mikilvægra atvinnugreina samfélagsins og fólks almennt,

að vinna að gerð alþjóðlegra samninga þar sem hagsmunir allra eru virtir og hlúð að heildstæðu umhverfis- og þróunarkerfi fyrir heiminn allan,

með þeim skilningi að heimili okkar, jörðin, er samofin heild þar sem allir þættir eru innbyrðis háðir,
lýsir því yfir eftirfarandi grundvallarreglum:

Regla 1.

Sú viðleitni að koma á sjálfbærri þróun varðar sjálft mannkynið. Því ber réttur til að lifa heilbrigðu og auðgandi lífi í sátt við náttúruna.

Regla 2.

Samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og grundvallarreglum alþjóðalaga hafa ríki fullveldisrétt til að nýta auðlindir sínar í samræmi við eigin þróunar- og umhverfisstefnu og þeim ber skylda til að tryggja að starfsemi innan lögsögu þeirra eða á vegum þeirra valdi ekki tjóni á umhverfi annarra ríkja eða á svæðum utan lögsögu þeirra.

Regla 3.

Réttinn til þróunar ber að nýta með þeim hætti að komið sé af sanngirni til móts við umhverfis- og þróunarþarfir núlifandi og komandi kynslóða.

Regla 4.

Til þess að af sjálfbærri þróun geti orðið verður umhverfisvernd að vera óaðskiljanlegur liður í þróunarferlinu og því er ekki hægt að slíta hana úr samhengi við það.

Regla 5.

Ófrávíkjanleg forsenda sjálfbærrar þróunar er að öll ríki og allt mannkynið vinni saman að því brýna verkefni að uppræta fátækt í því skyni að draga úr þeim mun sem er á lífskjörum fólks og mæta betur þörfum meiri hluta fólksins í heiminum.

Regla 6.

Sérstakar aðstæður og þarfir þróunarlanda, einkum þeirra sem skemmst eru á veg komin og þar sem umhverfið er viðkvæmt, skulu njóta forgangs. Alþjóðlegar aðgerðir á sviði umhverfis- og þróunarmála skulu einnig taka mið af hagsmunum og þörfum allra landa.

Regla 7.

Ríki skulu vinna sameiginlega að því að vernda, varðveita og endurheimta heilbrigði og heildstæði vistkerfis jarðar í anda alþjóðlegrar samheldni. Í ljósi þess að ríki eiga mismikinn þátt í hnignun umhverfisins á jörðinni hafa þau öll sameiginlegum en mismunandi skyldum að gegna. Iðnríkin gangast við þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir í þeirri alþjóðlegu viðleitni að koma á sjálfbærri þróun, í ljósi þess álags sem þjóðfélög þeirra valda á umhverfi heimsins og þeirrar tækni og fjármags sem þau hafa yfir að ráða.

Regla 8.

Í því skyni að koma á sjálfbærri þróun og auka lífsgæði allra skulu ríki draga úr eða leggja af ósjálfbær framleiðslu- og neysluferli og móta viðeigandi stefnu í málum er varða fólksfjölgun og búsetu.

Regla 9.

Ríki skulu vinna saman að því að efla getu einstakra ríkja til að koma á og viðhalda sjálfbærri þróun með því að efla vísindalegan skilning með þeim hætti að skiptast á vísinda- og tækniþekkingu og stuðla að tækniþróun, aðlögun að nýrri tækni og tækniaðstoð, þar á meðal á sviði nýrrar og skapandi tækni.

Regla 10.

Best verður tekist á við umhverfismál með þátttöku allra þegna sem hlut eiga að máli á viðkomandi sviðum. Í hverju ríki skal sérhver einstaklingur hafa aðgang, eftir því sem við á, að upplýsingum um umhverfið sem eru í vörslu opinberra aðila, þar á meðal upplýsingum um hættuleg efni og hættulega starfsemi í samfélagi þeirra, svo og tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku. Ríki skulu auðvelda og örva skilning og þátttöku almennings með því að veita honum greiðan aðgang að upplýsingum. Raunverulegur aðgangur skal veittur að réttar- og stjórnsýslukerfum, þar á meðal að réttarrúrræðum.

Regla 11.

Ríki skulu koma á virkri umhverfislöggjöf. Umhverfisstaðlar, stjórnunarmarkmið og forgangsröðun skulu taka mið af því umhverfis- og þróunarsamhengi sem við á hverju sinni. Staðlar, sem settir eru í sumum löndum, kunna að vera óviðeigandi og hafa í för með sér óréttmætan kostnað eða félagslega röskun í öðrum löndum, einkum í þróunarlöndum.

Regla 12.

Ríki skulu í sameiningu stuðla að uppbyggjandi og opnu, alþjóðlegu hagkerfi er leiði til hagvaxtar og sjálfbærrar þróunar í öllum löndum svo auðveldara verði að takast á við umhverfisvandann. Mörkun viðskiptastefnu með tilliti til umhverfismála skal ekki fela í mismunun, hvorki eftir geðþótta né á óréttmætan hátt, eða dulbúnar takmarkanir á alþjóðaviðskipti. Forðast ber einhliða aðgerðir til að takast á við umhverfisvanda utan lögsögu innflutningsríkja. Aðgerðir þar sem tekist er á við umhverfisvanda, sem teygir sig út yfir landamæri, eða alheimsumhverfisvanda, skulu, eftir því sem mögulegt er, byggjast á alþjóðlegu samkomulagi.

Regla 13.

Ríki skulu setja sér lög um skaðabótaábyrgð og bótagreiðslur til þeirra sem verða fyrir skaða af völdum mengunar og annarra umhverfisspjalla. Ríki skulu einnig vinna saman með skjótvirkum og ákveðnari hætti en nú er að frekari þróun alþjóðalaga um skaðabótaábyrgð og bætur vegna umhverfisspjalla sem starfsemi innan lögsögu eða yfirráðasvæði þeirra veldur á svæðum utan lögsögu þeirra.

Regla 14.

Ríki skulu í sameiningu vinna gegn eða koma í veg fyrir flutninga til annarra ríkja á efnum og starfsemi sem valda alvarlegu umhverfistjóni eða teljast skaðleg heilsu manna.

Regla 15.

Í því skyni að vernda umhverfið skulu ríki í ríkum mæli beita varúðarreglunni eftir því sem þau hafa getu til. Skorti á vísindalegri fullvissu, þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni, skal ekki beitt sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

Regla 16.

Yfirvöld í einstökum ríkjum skulu stuðla að því að tillit sé tekið til umhverfiskostnaðar og að hagrænum stjórntækjum sé beitt með hliðsjón af þeirri grundvallarreglu að mengunarvaldur skuli bera kostnað af menguninni, með tilhlýðilegu tilliti til almenningshagsmuna og án þess að raska alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum.

Regla 17.

Ríki skulu láta fara fram mat á umhverfsáhrifum þegar um er að ræða fyrirhugaða starfsemi sem líkleg er til að hafa veruleg, skaðleg áhrif á umhverfið og háð er úrskurði viðkomandi stjórnvalds.

Regla 18.

Sérhvert ríki skal tafarlaust tilkynna öðrum ríkjum um hvers kyns náttúruhamfarir eða önnur neyðartilfelli sem líkleg eru til að valda skyndilegum og skaðlegum áhrifum á umhverfi viðkomandi ríkja. Samfélag þjóðanna skal gera allt sem í þess valdi stendur til að aðstoða ríki sem fyrir slíku verða.

Regla 19.

Sérhvert ríki skal með góðum fyrirvara tilkynna öðrum ríkjum, sem fyrir áhrifum kunna að verða, um starfsemi er kann að hafa veruleg, skaðleg umhverfisáhrif út fyrir landamæri þess, veita slíkum ríkjum nauðsynlegar upplýsingar og hafa samráð við þau tímanlega og í góðri trú.

Regla 20.

Konur hafa mikilvægu hlutverki að gegna við framkvæmd umhverfis- og þróunarmála. Full þátttaka þeirra er því nauðsynleg til að koma á sjálfbærri þróun.

Regla 21.

Hugvit, hugsjónir og hugrekki æsku þessa heims skal virkja í því skyni að móta alheimssamstarf til að koma á sjálfbærri þróun og tryggja öllum betri framtíð.

Regla 22.

Frumbyggjar og samfélög þeirra, svo og önnur smærri samfélög, hafa mikilvægu hlutverki að gegna við framkvæmd umhverfis- og þróunarmála vegna þekkingar þeirra og hefða. Ríki ættu að viðurkenna og styðja með tilhlýðilegum hætti við sjálfsmynd þeirra, menningu og hagsmuni og gera þeim kleift að taka virkan þátt í því að koma á sjálfbærri þróun.

Regla 23.

Umhverfi og náttúruauðlindir fólks, sem býr við kúgun, yfirdrottnun og hersetu, skulu vernduð.

Regla 24.

Stríðsrekstur er í eðli sínu fjandsamlegur sjálfbærri þróun. Ríki skulu því virða alþjóðalög sem miða að því að vernda umhverfið á stríðstímum og vinna saman að því að þróa áfram slík lög eftir því sem þörf krefur.

Regla 25.

Friður, þróun og umhverfisvernd eru hvert öðru háð og óaðskiljanleg.

Regla 26.

Ríki skulu leysa allan ágreining um umhverfismál sín í milli með friðsamlegum hætti og beita í því skyni viðeigandi ráðum í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna.

Regla 27.

Ríki og fólk skulu vinna saman í góðri trú og í anda samstarfs til að uppfylla þær grundvallarreglur sem settar eru fram í þessari yfirlýsingu og við frekari þróun alþjóðalaga á sviði sjálfbærrar þróunar.

1183. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu. Annar minni hluti nefndarinnar telur að Alþingi sé sett í óþolandi aðstöðu með því að vera gert að taka afstöðu til þessa frumvarps án þess að boðið sé upp á aðra valkosti, svo sem að Háskóla Íslands verði tryggt fjármagn til nauðsynlegrar uppbyggingar með öðrum hætti en þetta frumvarp kveður á um.

Annar minni hluti telur að mörgum siðferðilegum spurningum sé ósvarað varðandi starfsemi samtengdra happdrættisvéla á borð við þær sem Háskóli Íslands rekur. Á meðan sú umræða hafi ekki farið fram sé ótímabært að festa í lög grunn að starfsemi sem getur orkað tvímælis hvort leyfa eigi. Nær væri að leiða til lykta þá umræðu sem hafin er um siðferðilega stöðu Háskóla Íslands þegar honum er gert að afla fjár til uppbyggingar með sífellt umdeildari hætti á spilamarkaði landsmanna. Hætt er við að með lögfestingu starfsemi happdrættisvélanna muni sú þarfa umræða lognast út af áður og væri það miður.

Nefndinni barst álit frá Kristjáni Kristjánssyni heimspekingi, formanni Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Í því er reynt að leggja mat á þá umræðu sem verið hefur um siðferðilega stöðu Háskóla Íslands í rekstri spilavéla. Höfundur vill ekki leggja slíkar vélar að jöfnu við fjárhættuspil en samkvæmt skilgreiningu á happdrætti annars vegar og fjárhættuspili hins vegar sést þó að þær nálgast nokkuð mörkin. Niðurstaða höfundar er sú að starfræksla spilavélanna sé að vísu ekki siðferðisbrot en Háskóli Íslands sé kominn í mjög erfiða stöðu með því að þurfa að sækja svo mjög út á spilamarkaðinn. Í niðurstöðum álitsins segir Kristján:

„Máltækið segir að sólin saurgist ekki af því að skína á mykjuhauginn. Það má til sanns vegar færa sé einungis átt við siðferðilega saurgun. Í fyrirsögn þessarar álitsgerðar er spurt hvort skjávélahappdrætti HHÍ sé „hvalreki eða refshali“. Niðurstaðan hefur orðið sú að HHÍ bindi a.m.k. ekki ráð sitt við neinn refshala siðleysisins með ákvörðun sinni um rekstur hinnar nýju tegundar happdrættis. Kannski verður sá rekstur Háskólanum efnahagslegur hvalreki: „Gullnáma“. Orðspor getur hins vegar saurgast með öðrum hætti en siðferðilegum; og refshalar geta verið með ýmsu móti. Stjórnmálamenn ættu að minnast þess að háskólastarfsemi var og á að vera „hugsjón allra hugsandi manna á Íslandi“ svo að vitnað sé í orð Páls Skúlasonar. „Ef sú hugsjón deyr, þá deyr líka draumurinn um efnahagslegt, stjórnmálalegt og menningarlegt sjálfstæði Íslands“, segir Páll á sama stað. Hugsjónin hefur sem betur fer ekki dáið né hefur hún beðið siðferðilegan hnekki með starfsemi HHÍ, en hún er viðkvæm jurt sem ekki er gott að þurfa að varpa skugga almenningsálitsins á með óþokkasælum aðferðum. Það er rökstudd skoðun höfundar að íslensk stjórnvöld hafi að nauðsynjalitlu knúið Háskóla Íslands til slíkra aðgerða.“

Annar minni hluti tekur undir þessi orð og bendir á að ekki megi víkjast undan því að breyta þessu. Hins vegar getur 2. minni hluti ekki varið það að Háskóli Íslands sé sviptur tekjum án þess að aðrar komi í staðinn og telur því brýnt að löggjafarvaldið skapi Háskólanum aðra tekjustofna sem dugi. Fram kemur í áliti Kristjáns að yfirvöld virðist líta svo á að tilvist Happdrættis Háskóla Íslands firri þau að mestu ábyrgð á að sinna húsnæðismálum skólans. Svo að dæmi sé tekið hafi ríkissjóður á árabilinu 1978–92 að meðaltali aðeins lagt fram 7,8% af heildarframkvæmdafé Háskólans á móti 90% frá HHÍ.

Annar minni hluti telur að eðlilegast hefði verið að taka tekjuöflun til uppbyggingar Háskóla Íslands til gagngerrar endurskoðunar svo að skólanum yrði gert kleift að sinna því mikilvæga hlutverki sem honum er falið án þess að gera út á spilafíkn landsmanna. Annar minni hluti mun því ekki taka þátt í afgreiðslu málsins. Annar minni hluti styður þó þá breytingartillögu að 16 ára aldurstakmark verði lögfest í spilavélarnar. Verði frumvarpið að lögum telur 2. minni hluti að nauðsynlegt sé að búa svo um hnútana að komið verði í veg fyrir að börn og ungmenni innan 16 ára aldurs geti spilað í vélunum. Annar minni hluti telur meira hald í að kveða á um aldurstakmarkið í lögum en reglum sem hægt er að breyta með auðveldari hætti.

Alþingi, 3. maí 1994.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

1184. Breytingartillaga [445. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Eftirfarandi breytingar verði á efnismálsgrein 1. gr.:

a. Í stað orðanna „og á milli sölustaða“ í lok 1. málsl. komi: en ekki á milli sölustaða.
b. Á eftir 1. málsl. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Óheimilt er að starfrækja happdrættisvélarnar á vínveitingastöðum. Kveða skal á um staðsetningu happdrættisvélanna og önnur skilyrði fyrir leyfisveitingu í lögreglusamþykkt viðkomandi sveitarfélags.

1185. Breytingartillaga [446. mál]

við frv. til l. um söfnunarkassa.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Eftirfarandi breytingar verði á 4. gr.:

a. Orðið „staðsetningu“ í 1. málsl. falli brott.
b. Á eftir 1. málsl. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Óheimilt er að starfrækja söfnunarkassa á vínveitingastöðum. Kveðið skal á um staðsetningu söfnunarkassa og önnur skilyrði fyrir leyfisveitingu í lögreglusamþykkt viðkomandi sveitarfélags.

1186. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið samhliða umfjöllun um tvö stjórnarfrumörp, frumvarp til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, 445. mál, og frumvarp til laga um söfnunarkassa, 446. mál. Fékk hún á fund sinn til viðræðna frá dómsmálaráðuneytinu Ólaf W. Stefánsson skrifstofustjóra og Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, Þóri Einarsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Esther Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Slysavarnafélags Íslands, Magnús Snæbjörnsson frá Íslenskum söfnunarkössum, Ólaf Poppé frá Landsbjörgu, Theodór S. Halldórsson frá Samtökum áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og frá Rauða krossi Íslands Árna Gunnarsson og Sigrúnu Árnadóttur. Þá bárust nefndinni umsagnir frá fjármálaráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði um að Happdrætti Háskóla Íslands greiði 20% af arði í einkaleyfisgjald falli niður en fjármunir þessir hafa runnið til Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins kemur fram að framlag í fjárlögum á árinu 1994 sé 40 millj. kr. Falli þetta ákvæði brott hafi það þau áhrif að Háskólinn hafi meira fé til ráðstöfunar til viðhalds og stofnkostnaðar sem nemi þessum 20% og að framlag til Byggingarsjóðsins falli niður. Muni því kostnaðarauki ríkissjóðs af frumvarpinu velta á hvort veitt verði framlag á fjárlögum til Byggingarsjóðsins í stað happdrættisfjárins og hve hátt það framlag yrði.

Með tilliti til framansagðs er það mat nefndarinnar að mál þetta þarfnist heildstæðrar endurskoðunar, m.a. með tilliti til ákvarðanatöku um fjárveitingar til Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna og leggur nefndin því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Jón Helgason og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
	Tómas Ingi Olrich.	

1187. Nefndarálit [248. mál]

um till. til þál. um eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk um það umsagnir á 116. og 117. löggjafarþingi frá Vélstjórafélagi Íslands, Stýrimannaskóla Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Hafnasambandi sveitarfélaga, Landhelgisgæslunni, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, umhverfisráðuneytinu, Hollustuvernd ríkisins, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Slysavarnafélagi Íslands, Náttúruverndarráði og Siglingamálastofnun ríkisins.

Tillagan felur í sér að dómsmálaráðherra verði falið að láta framkvæma athugun á því hve mörg skip og loftför Landhelgisgæslan þurfi til að halda uppi fullu eftirliti innan landhelgi og efnahagslögsögu Íslands.

Í umfjöllun nefndarinnar um málið komu fram þær upplýsingar að í undirbúningi er að koma á fót nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins sem hafi það verkefni að vinna að úttekt á skipastól Landhelgisgæslunnar og þörf á endurnýjun. Með tilliti til þeirra upplýsinga og þess að eðlilegt þykir að fyrrgreind nefnd taki tillögu þessa til athugunar leggur allsherjarnefnd til að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Kristinn H. Gunnarsson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Árni R. Árnason.
Guðni Ágústsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
	Ingi Björn Albertsson.	

1188. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk um það umsagnir frá Kennarasambandi Íslands, Stígamótum, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Fangavarðafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, Fangelsismálastofnun ríkisins og fjármálaráðuneytinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum á 2. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, með síðari breytingum, þannig að meðal lögbundinna verkefna Fangelsismálastofnunar ríkisins verði að veita aðstandendum fanga sérhæfða þjónustu, svo sem félagsráðgjöf og sálfræðiaðstoð.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að í dómsmálaráðuneytinu er nú, í samvinnu við Fangelsismálastofnun, unnið að gerð frumvarps til breytinga á lögum um fangelsi og fangavist. Nefndin telur eðlilegt að í þeirri vinnu verði það frumvarp, sem hér liggur fyrir, tekið til skoðunar og leggur því til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Björn Bjarnason.	Kristinn H. Gunnarsson.	Ingi Björn Albertsson.
Guðni Ágústsson.		Tómas Ingi Olrich.

1189. Nefndarálit [106. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Bárust henni umsagnir frá Útflutningsráði Íslands, Verslunarráði Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Samtökum iðnaðarins, ferðamálaráði og Íþróttasambandi Íslands.

Tillagan felur í sér að forsætisráðherra verði falið að skipa nefnd fimm manna til að endurskoða lög um þjóðfána Íslendinga, einkum 12. gr., en þar er m.a. kveðið á um að óheimilt sé að nota þjóðfánann á umbúðir eða í auglýsingar á vörum.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar og tekur undir þau sjónarmið, er fram koma í greinargerð hennar, að gagnlegt geti verið að vörur í markaðssetningu erlendis beri glögg einkenni Íslands. Jafnframt vill nefndin taka undir þær ábendingar, sem fram komu í umsögnum, að notkun þjóðfánans í þessu skyni er vandmeðfarin.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1994.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Björn Bjarnason.	Kristinn H. Gunnarsson.	Ingi Björn Albertsson.
Guðni Ágústsson.		Tómas Ingi Olrich.

1190. Nefndarálit [614. mál]

um frv. til l. um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og um breyt. á l. nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarpinu, sem flutt var af meiri hluta nefndarinnar, var vísað til hennar eftir 1. umræðu. Nefndin fékk á fund sinn Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hólmgeir Jónsson og Óskar Vigfússon frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Árna Benediktsson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Þórarin V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi uppgjör á aflahlut sjómanna í tengslum við viðskipti með aflaheimildir. Ljóst er að ágreiningur hefur verið um framkvæmd þessara mála enda væri varla ástæða til að setja á stofn sérstaka samstarfsnefnd nema svo væri. Það er mat sjávarútvegsnefndar að þau ágreiningsatriði, sem væntanlega kemur til kasta samstarfsnefndarinnar að fjalla um, liggi nú að mörgu leyti ljósar fyrir en áður og hafi afmarkast. Sjávarútvegsnefnd álítur því, eftir viðræður sínar við þá aðila sem komu á hennar fund, að tilkoma samstarfsnefndarinn-

ar sé tvímælalaust jákvætt innlegg og spor í átt til lausnar þeim erfiðu deilumálum sem uppi hafa verið í tengslum við viðskipti með veiðiheimildir og aflahlut sjómanna. Ljóst varð í nefndinni að nokkurrar tilhneigingar gætir hjá málsaðilum, þ.e. talsmönnum sjómannasamtakanna annars vegar og útvegsmanna hins vegar, til að túlka áhrifin af lögfestingu ákvæða 10. gr. frumvarpsins með mismunandi hætti. Fulltrúar Alþýðubandalagsins í nefndinni óska eftir að taka fram að stuðningur þeirra við málið byggist á þeim skilningi að ákvæði 10. gr. muni binda enda á það að sjómenn séu látnir bera kostnað af viðskiptum með veiðiheimildir. Munu þeir og einstakir nefndarmenn gera nánari grein fyrir viðhorfum sínum í þessu sambandi við frekari umfjöllun um málið í þinginu. Þá vill nefndin leggja áherslu á að leitað verði til Fiskifélags Íslands við öflun þeirra upplýsinga sem kveðið er á um í 2. gr. frumvarpsins, en umsögn Fiskifélagsins um þetta atriði er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Loks leggur nefndin áherslu á að yfirlýsingar sjómannasamtakanna annars vegar og útvegsmanna hins vegar, sem birtar eru sem fskj. I og II með frumvarpinu, eru grundvöllur I. kafla þess frumvarps sem nú liggur fyrir. Á sama hátt má segja að sameiginleg yfirlýsing samningsaðila í kjarasamningum milli Sjómannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, dags. 26. apríl 1992, um að viðskipti með aflaheimildir skuli ekki hafa áhrif á skiptakjör sjómanna, er grundvöllur að ákvæði 10. gr. frumvarpsins í II. kafla sem fjallar um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 3. maí 1994.

Steingrímur J. Sigfússon, varaform., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Halldór Ásgrímsson.
Gunnlaugur Stefánsson.	Árni R. Árnason.	Stefán Guðmundsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Jóhann Ársælsson.	Einar K. Guðfinnsson.

1191. Nefndarálit [557. mál]

um frv. til l. um húsaleigubætur.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna frá félagsmálaráðuneytinu Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra, Inga Val Jóhannsson deildarstjóra og Elínu S. Jónsdóttur lögfræðing, Sigurð Helga Guðjónsson hæstaréttarlögmann, Einar Inga Magnússon, aðstoðarfélagsmálastjóra í Hafnarfirði, Gísla Gíslason, bæjarstjóra á Akranesi, Hallgrím Guðmundsson, bæjarstjóra í Hveragerði, Sigurð E. Guðmundsson, Hilmar Þórisson og Magnús Norðdahl frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reyni Ingibjartsson og Jón Kjartansson frá Leigjendasamtökunum (Reynir var einnig fulltrúi fyrir Búseta), Gylfa Arnbjörnsson og Ásmund Hilmarsson frá Alþýðusambandi Íslands, Pál Halldórsson og Birgi Björn Sigurjónsson frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Ögmund Jónasson frá Banda-

lagi starfsmanna ríkis og bæja, Guðna Aðalsteinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Árna Benediktsson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Þá bárust nefndinni einnig umsagnir um frumvarpið frá bæjarstjórnum Stykkishólms, Borgarness, Akraness, Njarðvíkur, á Selfossi og Akureyri, borgarstjórn Reykjavíkur, félagsmálastjóranum á Seltjarnarnesi, Vinnuveitendasambandi Íslands, Búseta, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Leigjendasamtökunum, Húseigendafélaginu, Alþýðusambandi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali:

1. Að óbreyttu gerir frumvarpið ekki ráð fyrir að námsfólk, sem stundar nám fjarri heimabyggð sinni, eigi rétt til húsaleigubóta þar sem gert er að skilyrði að rétthafi eigi lögheimili þar sem hann býr. Meðal annars með tilliti til þess að gildandi lög um lögheimili, nr. 21/1990, veita námsmönnum undanþágu frá meginreglu þeirra laga um að menn eigi lögheimili þar sem þeir hafa fasta búsetu er lögð til breyting á skilyrðum 5. gr. frumvarpsins, um rétt til húsaleigubóta. Þannig verði gerð sérstök undanþága frá skilyrðum 1. mgr. um lögheimilisskráningu í hinni leigðu íbúð þegar um námsmann er að ræða sem á skráð aðsetur utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst. Ber þá námsmanni að sækja um bætur til þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili en skilyrði er að það sveitarfélag hafi tekið ákvörðun um greiðslu húsaleigubóta, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.
2. Lagt er til að 3. mgr. 6. gr. breytist þannig að bætur vegna ungmenna greiðist þar til þau ná 18 ára aldri, en að óbreyttu miðast frumvarpið við 16 ára aldurshámark. Þykir 18 ára aldur vera raunhæfara viðmið með tilliti til framfærslusjónarmiða. Notað er hugtakið „ungmenni“ til samræmis við hugtakaskilgreiningar laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.

Alþingi, 3. maí 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Eggert Haukdal.	Guðjón Guðmundsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.
Jón Kristjánsson, með fyrirvara.		Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.

1192. Breytingartillögur [557. mál]

við frv. til l. um húsaleigubætur.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (RG, GE, EKG, EH, GuðjG, ISG, JónK, IP).

1. Við 5. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst og á þar skráð aðsetur getur viðkomandi átt rétt til húsaleigubóta þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. um lögheimili í leiguíbúð. Umsókn um bætur skal

send því sveitarfélagi þar sem námsmaður á lögheimili óháð aðsetri, enda hafi sveitarfélagið tekið ákvörðun um greiðslu húsaleigubóta.

2. Við 6. gr. Í stað „barn nær 16“ í 3. mgr. komi: „ungmenni nær 18“.

1193. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1992.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Fjárlaganefnd hefur haft frumvarp til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1992 til umfjöllunar og rætt við fulltrúa fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar um ýmsa þætti þess. Þá hefur nefndin farið ítarlega yfir skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar. Í skýrslunni koma fram ýmsar ábendingar um það sem betur mætti fara í meðferð ráðuneyta og ríkisstofnana á opinberu fé og bent er á leiðir til úrbóta. Minni hluti nefndarinnar tekur undir þessar ábendingar og beinir því til viðkomandi aðila að þeir taki tillit til þessara athugasemda og ábendinga eftir því sem við á.

Sérstaklega vill minni hluti nefndarinnar benda á þann kafla í skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem fjallað er um aðila utan ríkisreiknings og hvernig með skuli fara. Ríkisendurskoðun beinir því til Alþingis að betur þurfi að skilgreina hlutverk stofnunarinnar og hvernig haga skuli endurskoðun hjá þessum stofnunum, svo sem ríkisbönkum, sjóðum, Landsvirkjun, Íslenskum aðalverktökum o.fl. og hvernig Alþingi skuli gerð grein fyrir þessum þætti í starfsemi stofnunarinnar. Orðrétt segir í skýrslunni: „Ríkisendurskoðun telur að þörf sé á að staða stofnunarinnar, sem eftirlitsaðila með starfsemi sjálfstæðra fyrirtækja í eigu ríkisins, verði betur skilgreind svo og hvernig standa skuli að upplýsingagjöf til Alþingis um rekstur þeirra.“

Fjárlaganefnd hefur ekki fjallað ítarlega um þessa ábendingu Ríkisendurskoðunar en minni hluti telur að forsætisnefnd verði að fjalla um málið og setja Ríkisendurskoðun skýrar verklagsreglur.

Margt fleira mætti nefna úr skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar en hér verður látið nægja að vísa til skýrslunnar og þeirra upplýsinga sem þar er að finna.

Alþingi hefur ekki enn afgreitt frumvap til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991 en málið bíður nú 2. umræðu. Við það frumvarp hefur minni hluti nefndarinnar flutt tvær breytingartillögur, sbr. þskj 1084, og nefndarálit á þskj. 1083. Önnur breytingartillagnanna hefur áhrif á uppsetningu ríkisreiknings fyrir árið 1992 verði hún samþykkt. Það er því ógerlegt að afgreiða það frumvarp sem hér er til meðferðar fyrr en afgreiðsla Alþingis á ríkisreikningi fyrir árið 1991 liggur fyrir. Verði breytingartillaga minni hluta við það frumvarp samþykkt og ríkisreikningur fyrir árið 1992 leiðréttur í samræmi við það mun minni hluti nefndarinnar leggja til að frumvarp þetta verði samþykkt. Felli Alþingi hins vegar breytingartillögu minni hluta fjárlaganefndar mun minni hlutinn sitja hjá við afgreiðslu þessa frumvarps.

Að lokum vill minni hluti fjárlaganefndar láta í ljós þá skoðun sína að ef Alþingi samþykkir ríkisreikning fyrir árið 1991 án breytinga verði að gæta samræmis í færslum svokallaðra skuldbindinga sem ágreiningur hefur verið um milli reikninga. Í því sambandi er eigið fé Framkvæmdasjóðs Íslands í árslok 1992 neikvætt um 830 millj. kr. Þá er enn fremur eigið fé Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina talið neikvætt um 1.713 millj. kr. og Orkusjóðs 26 millj. kr. samkvæmt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun. Mikilvægt er að um færslur þessara skuldbindinga ríki samræmdar og skýrar vinnureglur og að samræmis sé gætt milli ára.

Alþingi, 3. maí 1994.

Guðmundur Bjarnason, frsm. Guðrún Helgadóttir. Jón Kristjánsson.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Margrét Frímannsdóttir.

1194. Svar [601. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar J. Halldórsdóttur um þróun samstarfs Kennaraháskólans og Þroskaþjálfaskólans.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Með hvaða hætti hyggst ráðherra stuðla að áframhaldandi þróun tilraunasamstarfs Kennaraháskólans og Þroskaþjálfaskólans á sviði uppeldis- og kennslufræða? Hver munu næstu skrefin verða í þeirri þróun?

Stjórnendur Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands áttu frumkvæði að því í febrúar 1993 að skipa vinnuhóp til að kanna hvernig unnt væri að koma á skipulegu samstarfi skólanna. Styrkur fékkst frá menntamálaráðuneytinu til að standa straum af kostnaði við vinnu hópsins og skilaði hann skýrslu í lok febrúar 1994. Niðurstöður hópsins benda til þess að hagkvæmt geti orðið bæði frá faglegu og rekstrarlegu sjónarmiði að tengja þessar stofnanir saman.

Næstu skref í þróun málsins eru að menntamálaráðuneytið hefur falið nefnd þeirri er vinnur að rammalöggjöf um kennaramenntun að taka afstöðu til niðurstaðna vinnuhópsins og gera tillögur um áframhaldið. Nefndin mun skila tillögum sínum á næstunni og verður ákvörðun um frekari þróun þessa samstarfs tekin í framhaldi af því.

1195. Svar [597. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar J. Halldórsdóttur um námskeið fyrir atvinnulausa.

1. *Hve miklum fjárhæðum hefur Atvinnuleysistryggingasjóður varið til að styrkja námskeiðahald fyrir atvinnulausa árin 1990, 1991, 1992 og 1993? Hvaða aðilar hafa hlotið þessa styrki og til hvaða verkefna?*

Óskað er eftir upplýsingum um umfang hvers verkefnis (stundafjöldi og þátttakendafjöldi) og hve há upphæð hefur runnið til hvers verkefnis?

Árið 1990 var varið 1.000.000 kr. til Námsflokka Reykjavíkur. Tekið skal fram að um var að ræða fyrstu styrkveitingu úr sjóðnum til námskeiðahalds. Samkvæmt upplýsingum Námsflokka Reykjavíkur voru 149 skráðir á námskeiðin og 51 lauk þeim. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um skiptingu þátttakenda milli námskeiða og skiptingu kostnaðar.

Árið 1991 og 1992 voru engir styrkir veittir.

Árið 1993 voru veittir eftirtaldir styrkir:

a. Til Menningar- og fræðslusambands alþýðu 14.500.000 kr. Haldin voru 188 námskeið fyrir 884 þátttakendur. 2.025 viðurkenningarskjöl voru gefin út. Námskeiðin voru um tölvunotkun, almenn skrifstofustörf, verslunarreikning, vaxta- og verðbréfareikning, vélritun, ferðaþjónustu, sölumennsku, bókfærslu, markaðssetningu, gæðastýringu, tungumál, sjálfstyrkingu, réttindi og skyldur atvinnulausra, fjármál heimila, atvinnuumsóknir, mannleg samskipti, fatasaum og matreiðslu. Hvert námskeið var 20 stundir. Tekið skal fram að sjóðurinn hefur óskað eftir því að Menningar- og fræðslusamband alþýðu leggi fyrir 10. júlí nk. fram skýrslu um skiptingu þátttakenda á námskeið og kostnað við hvert þeirra.

b. Til Iðntæknistofnunar 650.000 kr. Haldin voru fjögur námskeið um stofnun og rekstur smáfyrirtækja og voru þátttakendur 37. Hvert námskeið var 36–40 stundir og heildarkostnaður á þátttakanda 17.568 kr.

c. Samþykkt var að veita Námsflokkum Reykjavíkur styrk að fjárhæð 1.500.000 kr. Hann hefur ekki verið greiddur enn þá og engar upplýsingar hafa borist um hvort haldin hafi verið námskeið fyrir atvinnulausa á vegum námsflokkanna.

Að lokum er rétt að taka fram að ekki bárust umsóknir frá öðrum en ofangreindum aðilum um styrki til námskeiðahalda árin 1990–1993 og að ákvæði um að þátttaka í námskeiðum geti stytt biðtíma bótagreiðslna kom ekki inn í lög um atvinnuleysistryggingar fyrr en með lögum nr. 93/1993.

2. *Eftir hvaða reglum er fé veitt úr sjóðnum til námskeiða fyrir atvinnulausa og hvernig eru þær reglur ákveðnar?*
3. *Hvað ræður vali á námsefni sem styrkhæft er og styttir biðtíma bótagreiðslna?*

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum, skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs setja reglur um veitingu styrkja til starfsþjálfunarnámskeiða. Samkvæmt upplýsingum sjóðsins hafa slíkar reglur ekki enn þá verið settar en stjórn sjóðsins hefur nú til athugunar að setja slíkar reglur. Hefur stjórnin fram að þessu metið hverja umsókn fyrir sig með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram koma í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar um greiðslu atvinnuleysisbóta, nr. 247/1993, að um sé að ræða námskeið þar sem kennt er námsefni sem nýst getur hinum atvinnulausa við atvinnuleit. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. áðurnefndrar reglugerðar skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs útbúa skrá yfir þau námskeið sem skert geta biðtíma milli atvinnuleysistímabila, sbr. 1. mgr. sömu greinar, og senda úthlutunarnefndum. Samkvæmt upplýsingum sjóðsins sækja námskeiðshaldarar um að komast inn á þennan lista og hefur beiðni þar að lútandi hingað til ekki verið hafnað.

4. *Eru uppi áform um að breyta reglum sjóðsins um biðtíma bótagreiðslna og þá í hvaða veru?*

Þann 2. mars sl. skipaði félagsmálaráðherra starfshóp undir formennsku Láru V. Júlíusdóttur hdl. til að fara yfir þjónustu- og öryggiskerfi atvinnulausra. Nánar tiltekið var starfshópnum m.a. falið að kanna sérstaklega réttindi atvinnulausra með tilliti til starfsmenntunar og námsframboðs. Þegar niðurstöður starfshópsins liggja fyrir mun væntanlega verða tekin afstaða til þess hvort lagðar verði til breytingar á reglum um biðtíma bótagreiðslna.

1196. Svar [252. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanhildar Árnadóttur um Háskólann á Akureyri.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvað líður áætlun um frekari uppbyggingu og eflingu Háskólans á Akureyri og annarra rannsókna- og fræðslustofnana á svæðinu sem miðstöðvar rannsókna- og fræðslustarfsemi á sviði sjávarútvegs?*
2. *Hverjar eru megináherslur sem lagðar eru í áætlanagerðinni?*
3. *Á hvern hátt hefur verið staðið að vinnunni og hvernig miðar henni?*
4. *Hvaða stofnanir eru það sem til skoðunar eru?*

Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórnin stuðlað að því að í tengslum við Háskólann á Akureyri og sjávarútvegsdeild hans efldist fræðsla í sjávarútvegsgreinum, rannsóknir í sjávarútvegsgreinum og þróunarstörf í sjávarútvegsfyrirtækjum á Eyjafjarðarsvæðinu. Ný lög um Háskólann á Akureyri voru samþykkt á Alþingi í maí 1992 og á grundvelli þeirra heimilaði menntamálaráðherra að háskólinn kæmi á fót rannsóknastofnun og eru rannsóknir á sviði sjávarútvegs á meðal helstu viðfangsefna hennar.

Í svari við fyrirspurn um þetta sama efni 10. desember 1992 lýsti ráðherra mikilvægustu þáttum í starfi sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri og helstu þáttum sem þá hafði verið unnið að en sjávarútvegsdeildin tók til starfa í janúar 1990. Svo sem mönnum er kunnugt er ekkert sambærilegt nám í boði hérlendis en mun styttra og sérhæfðara nám í útgerðartækni er í boði við Tækniskóla Íslands. Má því segja að sjávarútvegsdeildin sé vísir að miðstöð fyrir fræðslu í sjávarútvegsgreinum á háskólastigi hér á landi. Nám í sjávarútvegsdeild tekur fjögur ár og lýkur með BS-prófi í sjávarútvegsfræði. Megináhersla deildarinnar er þverfagleg samþætting raun-, viðskipta- og tæknigreina, m.a. með sérstakar þarfir atvinnuvegarins í huga.

Markmið sjávarútvegsdeildar er að mennta einstaklinga í öllum undirstöðuatriðum íslensks sjávarútvegs og þjálfa þá í að beita faglegum vinnubrögðum við stefnumörkun, ákvarðanatöku og stjórnun í greininni. Sjávarútvegsfræðingar frá Háskólanum á Akureyri eiga að vera faglega færir um að gegna stjórnunarstörfum á flestum sviðum sjávarútvegs. Fyrstu sjávarútvegsfræðingarnir voru útskrifaðir nú í janúar 1994 og eru miklar vonir bundnar við störf þeirra tengd sjávarútvegi hér á landi. Þeir höfðu allir fengið vinnu þegar útskrifað var.

Við stofnun deildarinnar voru gerðir samstarfssamningar við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins. Starfsemi Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á Akureyri er samofin sjávarútvegsdeildinni, bæði húsnæði og starfsfólk er samnýtt að hluta. Samkomulag var gert um að tiltekinn fjöldi sérfræðinga við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins hefði kennsluskyldu við háskólann og má segja að það fyirkomulag sé um margt til fyrirmyndar um samstarf háskóla, rannsóknastofnana atvinnulífs og fyrirtækja.

Sem dæmi um rannsóknarverkefni sem hafin eru á vegum sjávarútvegsdeildar og samstarfsstofnana má nefna: Rannsókn á vistfræði Eyjafjarðar, rannsókn á ungviði þorskfiska í Eyjafirði og rannsókn á tegundum, útbreiðslu og þéttleika þara í Eyjafirði.

Í öðru lagi skal nefnt varðandi 1. og 2. spurningu að megináherslur í vinnunni byggja á stefnu ríkisstjórnarinnar í vísindamálum sem unnið var að frá því í nóvember 1992 þar til hún var samþykkt í ríkisstjórn 21. september sl. Í greinargerð með vísindastefnunni (bls. 23 og 26) er lögð sérstök áhersla á að við eflingu rannsóknar- og þróunarstarfsemi úti á landi skipti frumkvæði heimamanna sköpum. Menntamálaráðuneytið hefur haft þetta að leiðarljósi í samskiptum sínum við Háskólann á Akureyri. Ráðherra hefur oft lýst því yfir að hann vilji auka sjálfstæði háskóla í landinu og að virða beri hið akademíska frelsi í hvívetna. Þessu frelsi fylgir sú ábyrgð að háskólar hafi frumkvæði og faglega forustu í málefnum á sínu sviði. Það er von ráðherra að Háskólinn á Akureyri sé þeim vanda vel vaxinn að gegna forustuhlutverki við eflingu Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar í fræðslu og rannsóknum á sviði sjávarútvegs hér á landi.

Þróunarnefnd Háskólans á Akureyri, sem skipuð var í maí 1991, skilaði skýrslu í júní 1992. Um haustið sama ár skrifaði rektor Háskólans á Akureyri bréf þar sem hann leitaði eftir áliti ráðherra á skýrslunni. Ráðherra svaraði með bréfi, dags. 12. nóvember 1992, þar sem lögð var áhersla á frumkvæði Háskólans á Akureyri og þess óskað að skólinn hefði forgöngu um að vinna úr þeim tillögum sem fram höfðu komið í skýrslu þróunarnefndar. Jafnframt var tekið fram að fulltrúar ráðuneytisins væru að sjálfsgöðu reiðubúnir til frekari viðræðna um áframhaldið.

Í þeim kafla í skýrslu þróunarnefndar er fjallar um sjávarútvegsdeildina er m.a. vikið að menntun í matvælafræði og vaxandi þörfum fyrir matvælafræðinga við matvælaframleiðslu og eftirlit matvæla. Óvíst er að hráefnisöflun okkar á þessu sviði geti aukist á næstunni og því mikilvægt að þekking okkar á úrvinnslu sjávarfangs aukist og verðmætasköpun greinarinnar um leið. Ráðherra er kunnugt um að innan sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri hafa upp á síðkastið verið mótaðar hugmyndir um þróun menntunar og rannsókna á þessu sviði og væntir hann mikils af tillögum deildarinnar í þeim efnum. Einnig væntir hann þess að deildin móti tillögur um aukna fræðslu og rannsóknir á sviði fiskeldis á grundvelli góðrar samvinnu sem skapast hefur milli háskólans, rannsóknastofnana sjávarútvegsins og Fiskeldis Eyjafjarðar.

Auk þess frumkvæðis sem Háskólanum á Akureyri hefur verið falið hefur menntamálaráðherra í samráði við sjávarútvegsráðherra skipað nefnd til að endurskoða í heild fyrirkomulag fræðslu í sjávarútvegi hér á landi. Í henni eiga sæti Jón Ásbergsson, Útflutningsráði, Stefán Baldursson, menntamálaráðuneytinu, Ágúst H. Elíasson, Samtökum fiskvinnslustöðva, Pétur Bjarnason, Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Helgi Kristjánsson skipstjóri og Björn Grétar Sveinsson, Verkamannasambandi Íslands. Þeim tilmælum hefur verið beint til nefndarinnar að í störfum sínum hafi hún hliðsjón af þeim vilja Alþingis að á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu verði rannsókna- og fræðslustarfsemi á sviði sjávarútvegs efld enn frekar.

Ráðherra hefur ekki í hyggju að skipa fleiri nefndir til að sinna þessum málum en vill endurtaka að menntamálaráðuneytið mun að sjálfsögðu bregðast við þeim tillögum er væntanlegar eru.

Í þriðja lagi þykir eðlilegt að auk þeirra fyrirtækja og félaga er sýna málinu áhuga tengist opinberar mennta- og rannsóknastofnanir á Eyjafjarðarsvæðinu þeirri vinnu sem vikið hefur verið að hér að framan. Má í þessu sambandi nefna Háskólann á Akureyri, Verkmenntaskólann á Akureyri, Dalvíkurskóla, Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

1197. Svar [605. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um boðflutning frá öryggiskerfum um símkerfi Póst- og símamálastofnunar.

1. *Býður Póstur og sími upp á leigu á svonefndum öryggislínum við símkerfi landsins til almennra nota við öryggisvöktun?*

Póstur og sími býður upp á leigu á föstum línum á milli staða sem tengjast ekki sjálfvirka símkerfinu. Slíkar línur eru talsvert notaðar við öryggisvöktun, t.d. milli brunaaðvörunarkerfa og slökkvistöðva eða milli vaktstöðvar og öryggishnapps hjá öldruðum. Sum öryggiskerfi nota hins vegar ekki fastar leigulínur heldur hringja kerfin um almenna símkerfið inn til vaktstöðvar.

2. *Hafa einkaaðilar slíkan búnað tengdan símkerfinu?*

Nokkrir einkaaðilar reka vaktstöðvar og eru því með talsvert af leigulínum frá ýmsum stöðum sem þeir hafa tekið að sér vöktun á. Einn þessara aðila hefur fengið heimild hjá Pósti og síma til að staðsetja búnað inni á símstöðvum sem gerir mögulegt að samnýta línur milli símstöðvar og vaktstöðvar fyrir boð frá mörgum öryggiskerfum. Jafnframt er með þessum búnaði hægt að tengja öryggiskerfið þannig að sama símalína er notuð heim til notandans fyrir síma og öryggiskerfi.

3. *Ef svo er, veitir sá búnaður fullnægjandi tryggingu fyrir öryggi borgaranna um að símkerfið verði ekki truflað eða hlerað með einhverjum hætti?*

Engin hætta er á að þessi kerfi trufli almenna símkerfið ef fylgt er settum reglum við uppsetningu kerfanna. Einkaaðilar hafa í dag heimild til að selja og setja upp notendabúnað sem tengist símkerfinu en skilyrði er að fagmenn sjái um verkið. Sama regla gildir um tengingu öryggiskerfa enda er ekki vitað til að þau hafi valdið truflun í símkerfinu. Ekki er mögulegt að notandi öryggiskerfis geti notað það til að hlera samtöl í almenna símkerfinu.

4. Hvernig er þessu háttað hjá nágrannaþjóðum, t.d. annars staðar á Norðurlöndum?

Hjá nágrannaþjóðunum er þetta framkvæmt á mjög svipaðan hátt, a.m.k. stendur notendum alls staðar til boða að leigja sérstaka línu vegna vöktunar öryggiskerfis. Í nokkrum löndum hafa símastjórnir sett upp kerfi hliðstætt því sem lýst var í 2. lið til að samnýta línur þannig að rekstraraðilar vaktstöðvar þurfi ekki að koma inn í rekstur fjarskiptakerfa og hefur slíkt fyrirkomulag verið í skoðun hjá Pósti og síma, en af því hefur ekki orðið enn þá.

Á undanförnum árum hafa komið á markað sífellt fullkomnari tæki sem nota almenna símkerfið til að flytja ýmsar viðvaranir milli staða. Tækin hringja þá í fyrir fram ákveðið númer sem getur verið á vaktstöð eða hjá öðrum aðila sem er tilbúinn að bregðast við kallinu. Þessi tegund tækja er mjög mikið notuð í sumum af nágrannalöndunum en hins vegar mjög lítið notuð hérlendis. Helsti kostur þeirra er að ekki þarf að leigja sérstaka símalínu vegna öryggiskerfisins og því verður notkun þess mun ódýrari. Þessi aðferð hefur hins vegar ekki verið talin nægjanlega örugg, fyrst og fremst vegna möguleika á yfirálagi í símkerfinu þannig að neyðarboð komist ekki til skila.

Á undanförnum árum hefur hins vegar orðið afgerandi breyting á símkerfinu þannig að það er miklu betur búið til að ráða við mikið álag og því e.t.v. tímabært að breyta reglunni. Tryggingastofnun ríkisins greiðir kostnað við öryggishnappa hjá öldruðum og samþykkir ekki upphringdan búnað og sama gildir um Brunamálastofnun sem samþykkir ekki tengingar á upphringdum samböndum inn til slökkviliðs.

1198. Lög [294. mál]

um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1126 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

6. gr. laganna orðast svo:

Lánastofnanir skulu undanþegnar stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum sem þær kunna að taka á sig.

1199. Lög [400. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 602 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:
8. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Fasteignamats ríkisins. Skal einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Sambandi íslenskra tryggingafélaga og einn án tilnefningar. Skal stjórnin skipuð til fjögurra ára.
Stjórn Fasteignamats ríkisins mótar starf og innra skipulag stofnunarinnar og hefur eftirlit með rekstri hennar. Stjórnin gerir tillögur að gjaldskrá stofnunarinnar sem síðan skal staðfest af ráðherra.

1200. Lög [581. mál]

um breyting á lögum, nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 900.

1201. Lög [500. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1144 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:
Greinatala IX.–XVII. kafla laganna, svo og tilvísanir milli greina, breytist í samræmi við ákvæði laga þessara.

1202. Þingsályktun [602. mál]

um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd og nýtingu síldarstofna.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 968.

1203. Frumvarp til laga [460. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 4. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alexandrovna, Lidia, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 11. október 1945 í Sovétríkjunum.
2. Annisius, Matthias Constantin, verkamaður á Húsavík, f. 3. desember 1951 í Þýskalandi.
3. Aubrey, Ivor Don, rafeindavirki í Reykjavík, f. 2. júní 1954 í Suður-Afríku.
4. Badzie, Christina Lovina, verkakona í Hafnarfirði, f. 29. maí 1965 í Ghana.
5. Benkov, Julian Gueorguiev, tölvuverkfræðingur í Reykjavík, f. 19. júlí 1946 í Búlgaríu.
6. Caamic, Erlinda D., verkakona í Reykjavík, f. 3. desember 1944 á Filippseyjum.
7. Clark, Molly, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. mars 1932 í Bretlandi.
8. Collett, Árni James, nemi í Hafnarfirði, f. 10. júní 1974 í Bretlandi.
9. Cosshall, Janet Rosalin, ritari í Reykjavík, f. 26. ágúst 1941 í Bretlandi.
10. Cupal Roman, Aldrianne, starfsstúlka í Reykjavík, f. 1. ágúst 1971 á Filippseyjum.
11. Dennis, Janice, kennari á Húsavík, f. 30. júní 1953 í Bretlandi.
12. Dennis, Norman Hanson, kennari á Húsavík, f. 4. maí 1954 í Bretlandi.
13. Gunnar Val Friðriksson, nemi í Reykjavík, f. 7. janúar 1977 í Reykjavík.
14. Hans Alan Tómasson, verkamaður í Kópavogi, f. 13. september 1975 í Reykjavík.
15. Hanson, Bert, forstjóri í Reykjavík, f. 11. nóvember 1930 í Tékkóslóvakíu.
16. Hrafnhildur Valdimarsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 12. febrúar 1931 í Reykjavík.
17. Huynh, Kien Dan, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 16. september 1941 í Víetnam.
18. Huynh, Kien Tam, nemi í Reykjavík, f. 8. mars 1975 í Víetnam.
19. Huynh, Thi Le Anh, verkamaður í Reykjavík, f. 17. ágúst 1973 í Víetnam.
20. Huynh, Thi Le Thuy, saumakona í Reykjavík, f. 10. desember 1971 í Víetnam.
21. Indolis Alfante, Lilia, verkakona í Reykjavík, f. 4. júlí 1961 á Filippseyjum.
22. Ivanovic, Zoran, verkamaður í Reykjavík, f. 8. ágúst 1965 í Júgóslavíu.
23. Jensen, Inger Nordahl, meinatæknir á Akureyri, f. 2. október 1945 í Danmörku.
24. Khorchai, Khema, verkakona á Bakkafirði, f. 4. janúar 1962 í Tælandi.
25. Lemarquis, Gérard Roger, háskólakennari í Reykjavík, f. 8. janúar 1948 í Frakklandi.
26. Ludvigsen, Peter Mogens, sjómaður í Hafnarfirði, f. 19. ágúst 1948 í Danmörku.
27. Malone, Joanne Christine, húsmóðir á Patreksfirði, f. 21. desember 1969 á Írlandi.
28. Marta Ricart Philippesdóttir, nemi á Akranesi, f. 11. desember 1980 á Ísafirði.
29. Matuguines Estrada, Eugenia, verkakona í Reykjavík, f. 6. september 1947 á Filippseyjum.
30. Mayén, Esteban Dagur, barn í Reykjavík, f. 11. febrúar 1980 í Mexíkó.
31. Mayén, Karen, barn í Reykjavík, f. 11. maí 1983 í Mexíkó.
32. Mikael Nikulásson, nemi í Reykjavík, f. 20. nóvember 1974 í Reykjavík.
33. Miller, Jóhannes, barn í Hafnarfirði, f. 22. febrúar 1982 í Reykjavík.

34. Mills, Alison Mary, starfsstúlka á Tálknafirði, f. 19. október 1960 á Nýja-Sjálandi.
35. Mostar Nueva, Margie, verkakona í Reykjavík, f. 7. nóvember 1952 á Filippseyjum.
36. Ndure, Babou, verkamaður í Reykjavík, f. 19. apríl 1958 í Gambíu.
37. Nueva Surban, Corazon, verkakona í Reykjavík, f. 19. maí 1954 á Filippseyjum.
38. Oznobikhina, Ljudmila Vladimirovna, húsmóðir í Kópavogi, f. 24. júní 1954 í Sovétríkjunum.
39. Petrofa Benkova, Ilka, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 3. apríl 1946 í Búlgaríu.
40. Puff, Brigitte, hjúkrunarfræðingur í Hafnarfirði, f. 23. október 1937 í Þýskalandi.
41. Rabasca, Kristofer Erik, auglýsingateiknari í Reykjavík, f. 8. desember 1968 í Bandaríkjunum.
42. Rachad Yamak, Mohamad, lyfjafræðingur í Reykjavík, f. 5. janúar 1959 í Líbanon.
43. Redouane, Anbari, verkamaður í Reykjavík, f. 17. ágúst 1965 í Marokkó.
44. Reina Aguilar, Carlos Roberto, verkamaður í Reykjavík, f. 11. desember 1966 í Honduras.
45. Richardson, Jennifer Eleanor, starfsstúlka í Reykjavík, f. 5. apríl 1959 á Norður-Írlandi.
46. Rolland, Jaques Patrick Marie, prestur í Reykjavík, f. 20. september 1956 í Frakklandi.
47. Saenla Iad, Lamduan, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. mars 1966 í Tælandi.
48. Smith, Bryan Allen, barn í Reykjavík, f. 6. júní 1982 í Bandaríkjunum.
49. Soriano Ducusin, Helen, verkakona á Laugabakka, f. 15. janúar 1959 á Filippseyjum.
50. Tate, Beverley Sue, kennari í Reykjavík, f. 17. desember 1946 í Bandaríkjunum.
51. Tompkins, Peter Richard, tónlistarmaður í Garðabæ, fæddur 14. apríl 1966 í Bretlandi.
52. Tran, Thi Nan, starfsstúlka í Reykjavík, f. 20. október 1950 í Víetnam.
53. Turin, Miroslawa, húsmóðir á Eskifirði, f. 24. september 1964 í Póllandi.
54. Ubas Villareal, Romela, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. september 1959 á Filippseyjum.
55. Van der Meer, Marisha, sjúkraþjálfari á Siglufirði, f. 19. ágúst 1958 í Hollandi.
56. Vedeja Cepeda, Mila, verkakona í Vestmannaeyjum, f. 16. september 1955 á Filippseyjum.
57. Vosk, Theodore, eftirlaunamaður í Garðabæ, f. 23. janúar 1913 í Bandaríkjunum.
58. Weicheng, Huang, badmintonþjálfari í Reykjavík, f. 18. febrúar 1960 í Kína.
59. Yamada, Mayumi, hjúkrunarfræðingur í Garðabæ, f. 16. júlí 1955 í Japan.
60. Zak, Irena Puhar, filmutæknir í Mosfellsbæ, f. 5. desember 1967 í Slóveníu.

2. gr.

Þeir, sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1204. Þingsályktun [603. mál]

um breytingu á þingsályktun frá 2. maí 1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Alþingi ályktar að gera eftirfarandi

Breytingu á reglum um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, nr. 82/1988.

1. gr.

Í stað orðanna „ sbr. 11. gr. laga nr. 52/1985, um þingsköp Alþingis“ í 1. tölul. 3. gr. reglnanna kemur: samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 74/1974“ í 2. málsl. kemur: laga um meðferð opinberra mála.
b. Í stað orðanna „2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974“ í 4. málsl. kemur: lögum um meðferð opinberra mála.

3. gr.

1. mgr. 12. gr. reglnanna orðast svo:

Umboðsmaður skal fyrir 1. september ár hvert gefa Alþingi skýrslu um starf sitt á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega.

1205. Frumvarp til laga [285. mál]

um breytingu á lögum nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

(Eftir 2. umr., 4. maí.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð eða reglugerðir að höfðu samráði við önnur ráðuneyti sem fara með einstaka málaflokka er snerta umhverfismál og í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.

3.2. Í mengunarvarnareglugerð eða öðrum reglugerðum skulu vera almenn ákvæði um:
1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Í reglugerð skulu m.a. vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
2. Endurskoðun starfsleyfa vegna verulegra breytinga á atvinnurekstri eða vegna tækniþróunar.
3. Áhættumat fyrir nýjan og starfandi atvinnurekstur þar sem hætta er á stórslysum vegna aðferða og efna sem notuð eru við starfsemina og endurskoðun áhættumats, svo og upplýsingar sem ábyrgðaraðilum atvinnurekstrar er skylt að láta í té beri slys að höndum.
4. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
5. Umhverfisstjórn og eftirlitskerfi fyrirtækja, svo og viðurkenningar, úttektir og eftirlit með slíkum kerfum.
6. Umhverfismerki á vörur, m.a. um veitingu þeirra og gjaldtöku.
7. Eftirlit með flutningi úrgangs milli landa og tilkynningarskyldu aðila sem meðhöndla og flytja slíkan úrgang.
8. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
9. Meðferð vatns og sjávar í atvinnurekstri þar sem m.a. skulu fram koma viðmiðunarmörk vegna losunar tiltekinna efna.
10. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
11. Frárennsli og skolp þar sem m.a. skulu koma fram reglur um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk í frárennsli.
12. Varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk og/eða gæðamarkmið fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn.
13. Varnir gegn loftmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir loftgæði.
14. Varnir gegn jarðvegsmengun og viðmiðunarmörk fyrir jarðveg.
15. Hávaða og titring þar sem fram koma viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
16. Varmamengun þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
17. Önnur sambærileg atriði.

Enn fremur skal setja ákvæði um:
18. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun þær skuli háðar.
19. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins, svo og dagsektir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1206. Frumvarp til laga [562. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. maí.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Halda skal fund í ráðinu í janúarmánuði og afgreiða á þeim fundi fjárhagsáætlun ráðsins fyrir það ár, sbr. 8. gr. Aðrir fundir skulu haldnir samkvæmt ákvörðun ráðsins eða framkvæmdastjórnar.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar sjö manna framkvæmdastjórn ferðamálaráðs og skulu allir stjórnarmenn eiga sæti í ferðamálaráði.

Einn er formaður ferðamálaráðs og skal hann vera formaður framkvæmdastjórnar. Annar er varaformaður ferðamálaráðs og skal hann vera varaformaður framkvæmdastjórnar. Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna einn mann hver: Ferðamálasamtök landshluta sem tilgreind eru í 12.–18. tölul. 2. mgr. 4. gr. sameiginlega, Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir hf., Reykjavíkurborg og Samband veitinga- og gistihúsa. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Framkvæmdastjórn fer með yfirstjórn á starfsemi ferðamálaráðs á milli funda ráðsins og í samræmi við ákvarðanir þess. Ferðamálaráði og framkvæmdastjórn er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum. Heimilt er að skipa í undirnefndir menn er ekki eiga sæti í ferðamálaráði.

3. gr.

13. tölul. 7. gr. laganna orðast svo: Önnur þau verkefni sem ferðamálaráð ákveður eða því eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

4. gr.

III. kafli laganna, 9., 10. og 11. gr., fellur brott og breytist númeraröð kafla og greina í samræmi við það.

5. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna, er verður 9. gr., bætist nýr stafliður, e-liður, svohljóðandi:

e. Starfrækslu bókunarþjónustu fyrir ferðir og gistingu, sbr. b-, c- og d-liði, og afþreyingu, þar með talinnar tölvubókunarþjónustu.

6. gr.

14. gr. laganna, er verður 11. gr., orðast svo:

Hver sá sem vill reka ferðaskrifstofu skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skal veita í fyrsta sinn til tveggja ára en síðan til fimm ára í senn. Ráðherra er heimilt að ákveða að leyfum til reksturs ferðaskrifstofu sé skipt í flokka eftir starfsvettvangi og skal nánar kveðið á um flokkun ferðaskrifstofa í reglugerð.

Samgönguráðuneytið skal ganga úr skugga um að öllum skilyrðum sé fullnægt.

7. gr.

16. gr. laganna, er verður 13. gr., orðast svo:

Ferðaskrifstofa, eða samtök slíkra fyrirtækja, skal setja tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem greitt hefur verið og fyrir greiðslu kostnaðar við heimflutning neytandans ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar viðkomandi ferðaskrifstofu kemur.

Samgönguráðherra ákveður með reglugerð upphæð og skilmála tryggingar skv. 1. mgr. Skal þá miðað við að upphæð tryggingar sé í samræmi við umfang þess reksturs sem tryggingin nær til og þann kostnað sem greiða skal af tryggingarfénu.

Ráðuneytið getur krafist ársreikninga og annarra upplýsinga frá ferðaskrifstofum.

8. gr.

17. gr. laganna, er verður 14. gr., orðast svo:

Samgönguráðuneytið ákvarðar hvort greiða skal af tryggingarfé skv. 13. gr. Eigi er heimilt að fella úr gildi tryggingu eða skerða tryggingarfé nema leyfi ráðuneytisins komi til.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður ef grípa þarf til tryggingarfjár samkvæmt þessari grein.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Skipa skal nýtt ferðamálaráð og nýja stjórn ferðamálasjóðs samkvæmt lögum þessum þegar er því verður við komið. Skipunartími núverandi ferðamálaráðs og stjórnar ferðamálasjóðs skal haldast þar til skipað hefur verið í ráðið og stjórn sjóðsins að nýju.

II.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skulu halda gildi sínu í fimm ár, sbr. 7. gr., og endurnýjuð að þeim tíma liðnum.

III.

Fella skal ákvæði laga þessara inn í meginmál laga um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

1207. Frumvarp til laga [123. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Eftir 2. umr., 4. maí.)

1. gr.

VI. kafli laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

1208. Frumvarp til laga [622. mál]

um samræmt neyðarnúmer.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal eigi síðar en 31. desember 1995 koma upp samræmdri neyðarsímsvörun fyrir Ísland til að sinna viðtöku tilkynninga um fólk og eignir í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og um sjúkraflutninga og aðra neyðaraðstoð. Neyðarsímsvörun þessi skal jafnframt fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

Samræmt neyðarsímanúmer fyrir Ísland skal vera 112 og er óheimilt að nota þá tölu sem símanúmer eða annað auðkenni í fjarskiptakerfi á Íslandi fyrir aðra starfsemi.

Póst- og símamálastofnun, opinberir aðilar sem fjalla um síma- og fjarskiptamál og þeir einkaaðilar sem leyfi hafa til reksturs á þessu sviði skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að allir notendur síma geti jafnan náð sambandi við símanúmerið 112.

Óheimilt er að nota orðin neyðarnúmer og neyðarsímanúmer ein sér eða í samsetningum fyrir aðra starfsemi hér á landi en samræmt neyðarnúmer samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Til að sinna viðtöku og úrvinnslu tilkynninga sem berast um samræmt neyðarsímanúmer skal koma upp vaktstöð eða vaktstöðvum. Dómsmálaráðherra er heimilt að semja við opinberar stofnanir, sveitarfélög og einkaaðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í slíkum rekstri eða stofnun hlutafélags um hann. Verði stofnað hlutafélag samkvæmt þessari heimild fer dómsmálaráðherra með hlut ríkisins í félaginu.

Rekstraraðila vaktstöðvar er heimilt að semja við þá aðila, sem sinna neyðarþjónustu, um að vaktstöðin sinni boðun, upplýsinga- og fjarskiptaþjónustu í þágu neyðarþjónustuaðila. Sama gildir um vöktun aðvörunarkerfa. Samningar um slíka þjónustu eru háðir samþykki dómsmálaráðherra.

4. gr.

Kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar eða vaktstöðva, að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir selda þjónustu skv. 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. þessarar greinar, greiðist að hálfu af ríkissjóði og sveitarfélögunum. Hlutur sveitarfélaganna skal greiddur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Óski aðili, sem sinnir neyðarþjónustu, eftir að vaktstöð sinni boðun eða annarri þjónustu í hans þágu skal greitt fyrir þá þjónustu samkvæmt sérstökum samningi.

5. gr.

Þeim aðilum, opinberum og einkaaðilum, sem sinna neyðarþjónustu á Íslandi, skal skylt að gefa vaktstöð neyðarsímsvörunar hverju sinni upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð af þeirra hálfu ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er. Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða til hvaða aðila framangreind skylda tekur og nánar um fyrirkomulag á upplýsingagjöfinni.

6. gr.

Vaktstöð samkvæmt lögum þessum er heimilt að skrá og hljóðrita tilkynningar sem þangað berast. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um geymslu og notkun skránna.

7. gr.

Starfsmenn vaktstöðvar skulu gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglugerðum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þó að látið sé af starfi.

8. gr.

Dómsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Dómsmálaráðherra skipar samstarfsnefnd sem skal vera til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ráðuneytum og stofnunum sem sinna málum er lög þessi taka til, landssamtökum björgunarsveita og annarra aðila sem vinna verkefni á sviði laganna. Ráðherra ákveður nánar í reglugerð hvaða aðilar skuli tilnefna fulltrúa í nefndina og setur nánari reglur um starfssvið nefndarinnar.

9. gr.

Þeim sem leita eftir aðstoð með tilkynningu til vaktstöðvar er skylt að gefa greinargóðar upplýsingar um atburð og það ástand sem er tilefni beiðni.

10. gr.

Verði maður uppvís að því að senda vísvitandi ranga tilkynningu til vaktstöðvar samkvæmt lögum þessum eða misnota að öðru leyti þjónustu vaktstöðvar við boðun hjálparliðs skal það varða refsingu skv. 120. gr. og 120. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur oftlega verið bent á að fyrirkomulag neyðarsímsvörunar í landinu sé ófullnægjandi. Til dæmis eru a.m.k. um 150 neyðarsímanúmer í símaskrá og mjög mismunandi hvernig svörun er háttað. Á mörgum svæðum landsins er ekki um að ræða sólarhringsvöktun hjá neinum viðbragðsaðila. Fjölmargir aðilar hafa leitað lausna á þessu máli á liðnum árum en niðurstaða hefur ekki orðið um ásættanlega lausn á landsvísu.

Með samræmdri neyðarsímsvörun þarf að uppfylla skyldur stjórnvalda til að annast og halda opinni þjónustu til að veita viðtöku tilkynningum um bruna, slys, óhöpp, yfirvofandi eignatjón og önnur neyðartilvik. Ljóst er að rík skylda hvílir á stjórnvöldum um að unnt sé að koma tilkynningu um neyðartilvik til hlutaðeigandi stjórnvalds þegar löggjafinn hefur kveðið á um að hið opinbera skuli halda uppi tiltekinni neyðarþjónustu.

Einnig ber að nefna að í bókun 31 með EES-samningnum er ákvæði um það að EFTA-ríkin skuli tryggja að símanúmerið 112 sé tekið upp sem eina evrópska neyðarnúmerið í samræmi við ákvæði ákvörðunar EB-ráðsins 91/396/EBE. Tryggja skal að hringingum í neyðarnúmerið sé svarað og með þær farið á viðunandi hátt sem best henti skipulagi innlendra neyðarkerfa og í samræmi við tæknilega getu þeirra.

Hinn 28. apríl 1993 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að hafa forustu um að koma á samræmdu neyðarsímanúmeri fyrir allt landið. Skyldi haft samstarf við sveitarfélög á hverju svæðisnúmeri og þess gætt að þær leiðir, sem farnar væru á hverju svæði, væru samrýmanlegar.

Í nefndina voru skipuð: Stefán P. Eggertsson verkfræðingur, sem jafnframt var skipaður formaður, Bergþór Halldórsson, verkfræðingur hjá Póst- og símamálastofnun, Esther Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Slysavarnafélags Íslands, Guðjón Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, Hallgrímur Guðmundsson, bæjarstjóri í Hveragerði, og Hrólfur Jónsson, slökkviliðsstjóri í Reykjavík. Nefndin skilaði áfangaskýrslu 20. desember 1993.

Að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins tók Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður saman álitsgerð um ýmis lögfræðileg álitaefni í tilefni af áformum um að taka upp samræmt neyðarnúmer hér á landi. Álitsgerð Tryggva var lögð fram 28. september 1993. Í álitsgerðinni kom m.a. fram að:

— Málefni stofnana og aðila sem lögum samkvæmt ber að taka við neyðartilkynningum heyra undir alls fjögur ráðuneyti. Það er því ekki á færi eins af þeim að koma einhliða upp neyðarsímsvörun fyrir alla þessa aðila nema slíkt sé gert með lögum eða samkomulagi.

— Með EES-samningnum skuldbindur íslenska ríkið sig til að taka upp sameiginlegt evrópskt neyðarnúmer, þ.e. símanúmerið 112, þannig að unnt sé að hringja í það hvar sem er á landinu og koma til skila tilkynningum um neyð. Tryggja þarf að svörun og úrvinnsla tilkynningar sé viðunandi. Höfundur telur eðlilegra að sett verði sérstök lög um hið sameiginlega evrópska neyðarnúmer í stað þess að látið verði sitja við fjárveitingar á fjárlögum eingöngu.

— Þó að færa megi rök að því að unnt sé að koma upp sameiginlegri neyðarsímsvörun með frjálsum samstarfssamningi viðkomandi aðila eða sameiginlegri ákvörðun hlutaðeigandi ráðherra telur höfundur heppilegra frá lögfræðilegu sjónarmiði að setja lög um slíka starfsemi. Tekið er fram að slík lög þurfi ekki að vera mjög ítarleg, heldur skipti fyrst og fremst máli að tekið sé á atriðum eins og hvaða ráðuneyti fari

með forræði málsins, hvernig fara eigi með kostnað af þessari starfsemi, til hvaða tilvika svörunin eigi að taka og þá eftir atvikum heimild til að semja við aðra aðila um fyrirkomulag á starfseminni.

Nefnd sú, sem dómsmálaráðherra skipaði, lýsti sig sammála því sjónarmiði Tryggva Gunnarssonar hrl. að sett yrðu lög um þá starfsemi sem felst í samræmdri neyðarsímsvörun fremur en að byggja starfsemina á frjálsum samstarfssamningi viðkomandi aðila eða sameiginlegri ákvörðun hlutaðeigandi ráðherra. Nefndin taldi að einnig ætti að setja lög um hið sameiginlega evrópska neyðarnúmer.

Eftir að áfangaskýrsla nefndarinnar hafði verið kynnt í ríkisstjórn ákvað dómsmálaráðherra að láta semja lagafrumvarp þetta og hefur Tryggvi Gunnarsson hrl. unnið að því verki í samráði við nefndina.

Í áfangaskýrslu nefndarinnar lýsir nefndin hugmyndum sínum um fyrirkomulag neyðarsímsvörunar svo með samandregnum hætti:

„4.1.1 Þjónusta.

Mikilvægt er að neyðarsímsvörun verði byggð upp með þeim hætti að sá aðili sem henni sinnir geti veitt sem víðtækasta þjónustu, allt eftir því sem viðbragðsaðilar óska.

Öllum viðbragðsaðilum verði skylt að tengjast vaktstöð neyðarsímsvörunar að minnsta kosti með lægsta þjónustustiginu sem er svörun og símtalsflutningur. Þeim verði skylt að haga svo skipulagi sínu og veita vaktstöð fullnægjandi upplýsingar til að sá sem óskar aðstoðar fái hana með einu símtali. Þannig verður með símtalsflutningi að vera tryggt að viðeigandi aðilar verði boðaðir. Það er því ekki fullnægjandi að símtalsflutningur frá vaktstöð fari í sjálfvirkan símsvara sem gefur upp símanúmer hjá viðbragðsaðila. Með því þjónustustigi sem felst í svörun og símtalsflutningi hafa stjórnvöld uppfyllt ákvæði EES-samningsins og jafnframt hefur öryggi borgaranna verið bætt frá því sem nú er.

Rekstraraðila neyðarvaktstöðvar verði skylt að veita þeim viðbragðsaðilum, sem þess óska, víðtækari þjónustu en það sem felst í svörun og símtalsflutningi. Er þá annars vegar um að ræða boðun viðbragðsaðila og hins vegar boðun og þjónustu við viðbragðsaðila í útkalli. Þeir viðbragðsaðilar sem óska þjónustunnar þurfa að skilgreina hvernig boðun eigi að fara fram og hvernig þjónustu í útkalli skuli vera háttað. Fyrirkomulag verði háð samþykki vaktstöðvar.

4.1.2 Verkefni.

Notkun neyðarnúmers verði einskorðuð við neyðaraðstoð frá lögreglu, slökkviliði, sjúkraflutningaliði, lækni og björgunarsveitum. Forgangsverkefni vaktstöðvar verður að svara samræmda neyðarsímanúmerinu 112 en vaktstöðinni verði heimilt að taka að sér önnur verkefni, svo sem vöktun aðvörunarkerfa. Í slíkum tilvikum þarf viðbragðsaðili að vera samþykktur og allt ferlið vel skilgreint.

4.1.3 Vaktstöðvar.

Gert verði ráð fyrir einni vaktstöð með sólarhringsvöktun fyrir landið allt. Vaktstöðin verði á höfuðborgarsvæðinu. Eftir því sem aðstæður og fjárhagur leyfir verði byggðar upp vaktstöðvar í einstökum landshlutum sem unnt yrði að beita við neyðarsímsvörun við sérstakar aðstæður.

Rekstur vaktstöðvar getur verið á hendi opinberra aðila eða einkaaðila. Eðlilegt er að leitað verði hagkvæmustu leiða þar sem lagt verði mat á rekstraröryggi, kostnað og möguleika til að þróa þjónustu með nútímatækni. Þegar kröfur hafa verið skilgreindar verði auglýst eftir aðilum sem taka vilja að sér rekstur vaktstöðvarinnar. Rekstraraðili verði valinn eftir faglegt mat og gerður samningur til lengri tíma.

4.1.4 Fjárhagsgrundvöllur.

Til að veita grunnþjónustu á lægsta þjónustustigi, sem er svörun og símtalsflutningur, fái vaktstöðin í tekjur fasta fjárhæð á hverju ári. Nefndin bendir á tvær leiðir til að afla tekna til uppbyggingar og rekstrar vaktstöðvar:

— Föst fjárhæð verði innheimt hjá hverjum símnotanda.
— Kostnaður verði greiddur af ríkissjóði og sveitarfélögum. Hlutur sveitarfélaganna verði greiddur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Óski viðbragðsaðili frekari þjónustu, boðunar eða þjónustu í útkalli greiðir hann sérstaka þóknun, t.d. fast árgjald sem háð yrði íbúafjölda á þjónustusvæði viðbragðsaðila. Viðbragsaðili kostar eigin búnað vegna þjónustunnar. Þjónustugjöldum verði stillt í hóf og viðbragðsaðilar hvattir til að nýta sér þessa möguleika.

Rekstraraðila neyðarvaktstöðvar verður einnig unnt að afla sér frekari tekna með öðrum verkefnum, svo sem vöktun aðvörunarkerfa.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpinu er ekki mælt nákvæmlega fyrir um hvert skuli vera rekstrarfyrirkomulag eða hvar starfsemi vegna hins samræmda neyðarnúmers skuli fara fram. Lagt er til að það verði dómsmálaráðherra og þá Alþingis við ákvarðanir um fjárveitingar að taka frekari ákvarðanir um þessi atriði. Til að uppfylla skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum er lagt til að ríkisstjórnin hafi komið upp samræmdri símsvörun til að sinna neyðarsímsvörun fyrir 31. desember 1995.

Neyðarsímsvörun er í senn ætlað að stuðla að auknu öryggi þeirra sem hverju sinni eru staddir hér á landi og í næsta nágrenni og uppfylla skyldur stjórnvalda til að annast og halda opinni þjónustu til að veita viðtöku tilkynningum um bruna, slys, óhöpp, yfirvofandi eignatjón og önnur neyðartilvik. Í gildandi lögum er að jafnaði ekki fjallað sérstaklega um það hvaða hátt hlutaðeigandi stjórnvöld skuli hafa á viðtöku tilkynninga um neyðartilvik eða hvaða starfsemi þau skuli halda uppi í því skyni. Þó er tekið fram í lögum um heilbrigðisþjónustu að á heilsugæslustöðvum eða í tengslum við hana skuli veita vaktþjónustu. Hafi löggjafinn kveðið á um það að hið opinbera skuli halda uppi tiltekinni neyðarþjónustu leiðir af því að stjórnvöld þurfa að tryggja að unnt sé að koma tilkynningu um neyðartilvik til hlutaðeigandi stjónvalds eða þess sem sinna ber neyðarþjónustu. Þessu hafa hinar einstöku stofnanir og stjórnvöld almennt sinnt hvert fyrir sig. Það að taka upp samræmda neyðarsímsvörun felur því í raun ekki í sér nýja starfsemi af hálfu þeirra opinberu aðila sem sinna viðtöku tilkynninga um neyðartilvik, heldur er þessi starfsemi samræmd. Slíkt ætti að leiða til öruggari og betri þjónustu, auk þess sem möguleiki er á að draga úr kostnaði við þessa þjónustu.

Önnur neyðaraðstoð, sem kann að falla undir lögin, ræðst af því hvaða neyðaraðstoð opinberum stjórnvöldum ber lögum samkvæmt að sinna hverju sinni eða þau ákveða að taka upp.

Sú neyðarsímsvörun, sem ríkisstjórninni er ætlað að koma upp, skal eins og segir í frumvarpsgreininni jafnframt fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Samkvæmt 10. gr. bókunar 31 með EES-samningnum skulu EFTA-ríkin tryggja að númerið 112 sé tekið upp á yfirráðasvæðum þeirra sem eina evrópska neyðarnúmerið í samræmi við ákvæði ákvörðunar EB-ráðsins 91/396/EBE frá 29. júlí 1991 um að taka upp eitt evrópskt neyðarnúmer. Í athugasemdum við 10. gr. bókunar 31 í frumvarpi til laga um EES- samninginn, sjá bls. 203, segir að EB-ráðið hafi ákveðið að taka upp sameiginlegt neyðarnúmer, þ.e. 112, í síðasta lagi 31. desember 1995 og samkomulag sé um að EFTA-ríkin geri það sama.

Við lokafrágang á frumvarpi þessu kom í ljós að samgönguráðuneytið hafði bréflega óskað eftir því við eftirlitsstofnun EFTA 14. janúar 1994 að Ísland fengi vegna tæknilegra ástæðna frest til 1. október 1995 til að taka upp sameiginlegt evrópskt neyðarnúmer 112. Í svarbréfi eftirlitsstofnunar EFTA frá 1. febrúar 1994 er fallist á frestunina á grundvelli 3. gr. (1) í ákvörðun EB-ráðsins 91/396/EBE. Af hálfu dómsmálaráðuneytisins er nú verið að kanna hvort Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að með framangreindri frestbeiðni og samþykkt hennar beri Íslandi að hafa komið upp hinu sameiginlega evrópska neyðarnúmeri fyrir 1. október 1995 eða hvort fresturinn til 31. desember 1995 standi, hvað sem líður tæknilegum möguleikum til að taka númerið upp þremur mánuðum fyrr. Í frumvarpinu er því miðað við dagsetninguna 31. desember 1995.

Ákvörðun EB-ráðsins kveður á um að aðildarríkin skuli tryggja að númerið 112 verði tekið upp sem sameiginlegt evrópskt neyðarnúmer í hinu almenna símakerfi viðkomandi ríkis og að það númer tengist innlendu neyðarnúmeri ef slíkt telst heppilegt.

Í inngangi að ákvörðun EB-ráðsins er m.a. bent á eftirfarandi:

— Síminn veiti besta aðgang að hvers konar neyðarþjónustu en mismunandi símanúmer séu notuð innan aðildarríkjanna í þessu skyni. Slíkur munur geti valdið vandkvæðum fyrir borgara í neyð í öðrum aðildarríkjum við að ná sambandi við neyðarþjónustu.
— Ný tækni í hinum almennu símkerfum veiti tækifæri til notkunar samræmds evrópsks neyðarnúmers samhliða neyðarsímanúmerum sem notuð séu í hverju landi þar sem það eigi við. Evrópusamband póst- og símamálastofnana hafi á árinu 1976 mælt með notkun símanúmersins 112 sem samræmdu evrópsku neyðarsímanúmeri, en þrátt fyrir það og fyrri tilmæli EB-ráðsins og Evrópuþingsins hafi þessu aðeins verið fylgt eftir af mjög fáum aðildarríkjum. Fyrir liggi að vandkvæði séu á að ýmis aðildarríkin innleiði hið samræmda evrópska neyðarnúmer strax en slíkt verði í öllum tilvikum mögulegt árið 1996.
— Lagt verði fyrir aðildarríkin að gera nauðsynlegar ráðstafanir, sem best henta skipulagi neyðarþjónustu innan lands, í því skyni að tryggja að með hringingar í hið samræmda númer verði farið á viðunandi hátt, auk þess sem leyst verði úr tæknilegum, fjárhagslegum, rekstrar- og viðskiptalegum áhrifum af innleiðingu slíks samræmds númers í hið almenna fjarskiptakerfi. Hvatt er til þess að unnið verði að því að draga úr skilningsvandkvæðum sem geta skapast vegna mismunandi tungumálaþekkingar. Tekið er fram að unnt ætti að vera að koma hinu evrópska neyðarsímanúmeri upp og nota það samhliða hvaða innanlandskerfi sem er eftir því sem henta þykir.

Í 4. gr. ákvörðunar EB-ráðsins segir að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að hringingum í hið samræmda evrópska neyðarsímanúmer sé svarað og með þær farið á viðunandi hátt sem best henti skipulagi innlendra neyðarkerfa og í samræmi við tæknilega getu þeirra.

Um 2. gr.

Eins og rakið er í athugsemd við 1. gr. kveður EES-samningurinn á um að símanúmerið 112 skuli notað sem samræmt evrópskt neyðarnúmer. Hér er lagt til að lögbundið verði að það sama númer verði jafnframt notað sem samræmt neyðarsímanúmer fyrir Ísland. Rétt þykir að taka af skarið um það í lögum að óheimilt sé að nota þá tölu sem símanúmer eða annað auðkenni í fjarskiptakerfi á Íslandi fyrir aðra starfsemi. Í 3. mgr. er síðan lagt til að bannað verði að nota orðin neyðarnúmer og neyðarsímanúmer fyrir aðra starfsemi hér á landi. Nú þegar hafa ýmsir aðilar valið að kenna símaþjónustu og svörun við neyðarsímanúmer og er því lagt til að bann þetta verði lögleitt til að forða því að slíkum símanúmerum verði ruglað saman við hið samræmda neyðarsímanúmer.

Um 3. gr.

Hugtakið vaktstöð er hér notað yfir þann stað þar sem komið er fyrir tæknibúnaði og aðstöðu fyrir starfsfólk til að sinna símsvörun vegna hins samræmda neyðarsímanúmers. Sú þjónusta, sem veitt er í tengslum við neyðarsímsvörun, getur verið af þrennum toga:

— Svörun og símtalsflutningur.
— Svörun og boðun viðbragðsaðila.
— Svörun, boðun viðbragðsaðila og þjónusta við hann í útkalli.

Nefnd sú, sem dómsmálaráðherra skipaði til að vinna að málinu, taldi í áfangaskýrslu sinni að með tilliti til rekstraröryggis væri ein vaktstöð fyrir landið allt fullnægjandi. Ekki er talið rétt að binda hendur ráðherra í þessu efni og verði þar eins og nefndin bendir á að láta hagkvæmni ráða mestu um það hvort vaktstöð verði ein eða fleiri. Nefndin bendir líka á að með tilliti til uppbyggingar á símkerfi landsins og öryggis flutningsleiða hefði vaktstöð á höfuðborgarsvæðinu mest rekstraröryggi.

Í skýrslu nefndarinnar kemur einnig fram það álit að ekki sé ástæða til eða þörf á að koma upp sérstakri stofnun eða fyrirtæki til að annast þá starfsemi sem felst í neyðarsímsvörun. Bent er á að ýmsir aðilar, bæði opinberir og einkaaðilar, annist nú skyldan rekstur og þessir aðilar hafi látið í ljós vilja til að annast rekstur vaktstöðvar vegna neyðarsímsvörunar. Fram kemur að á síðustu árum hafi það færst í vöxt erlendis að hið opinbera bjóði út rekstrar- og þjónustuverkefni. Algengt sé að opinberu fyrirtækin bjóði í verkefnin líka og þannig sé látið á það reyna hvar hagstæðast sé að vinna verkefnin. Þessarar þróunar hafi einnig gætt hér á landi. Nefndin telur að neyðarsímsvörun sé eitt af þeim verkefnum sem til álita komi að bjóða út.

Í ljósi þessa er lagt til að dómsmálaráðherra fái heimild til að semja við opinberar stofnanir, sveitarfélög og einkaaðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í rekstri vaktstöðvar eða stofnun hlutafélags um hann. Við þetta verk þarf í senn að leita að hagkvæmri lausn og tryggja að nauðsynlegs öryggis sé gætt í þessum rekstri. Tekið skal fram að samningar ráðherra í þessu efni verða jafnan að vera innan ramma fjárlaga hverju sinni að því marki sem um er að ræða bein framlög ríkisins.

Megintilgangur vaktstöðvar er að svara samræmda neyðarsímanúmerinu 112. Eðlilegt er að notkun neyðarsímanúmersins einskorðist við beiðnir um neyðaraðstoð frá lögreglu, slökkviliði, sjúkraflutningaliði, lækni og björgunarsveitum. Eigi að síður gæti vaktstöð neyðarsímsvörunar sinnt öðrum verkefnum, enda yrði tryggt að slíkt kæmi ekki niður á neyðarsímsvöruninni. Fordæmi eru t.d. fyrir slíku hjá SOS Alarmering í Svíþjóð, en meðal verkefna þeirra má nefna: þjónustu við sveitarfélög vegna bilana í veitukerfum, vöktun á sjálfvirkum brunaviðvörunarkerfum, vöktun á innbrotavarnakerfum í bönkum, verslunum og heimilum, þjónustusímsvörun fyrir framleiðanda flutningabíla vegna bilana og vöktun á neyðarhnöppum.

Í 2. mgr. er lagt til að rekstraraðila vaktstöðvar verði heimilað að semja um að vaktstöð taki að sér ákveðin verkefni við boðun, upplýsinga- og fjarskiptaþjónustu í þágu neyðarþjónustuaðila og vöktun aðvörunarkerfa. Jafnan verður þó að tryggja að slík viðbótarstarfsemi rýri ekki möguleika vaktstöðvar til að sinna hinni lögbundnu neyðarsímsvörun. Sala á slíkri viðbótarstarfsemi getur fært vaktstöð auknar rekstrartekjur og bætt nýtingu tækja og starfsfólks. Rétt þykir að samningar vaktstöðvar um slíka þjónustu séu háðir samþykki dómsmálaráðherra og það er þá verkefni hans að gæta þess að þessi viðbótarstarfsemi standi því ekki í vegi að vaktstöð sinni lögbundinni neyðarsímsvörun og þessi þjónusta sé seld við því verði að það bitni ekki á annarri starfsemi.

Um 4. gr.

Í áfangaskýrslu þeirrar nefndar sem unnið hefur að málinu er áætlað að stofnkostnaður vaktstöðvar muni verða á bilinu 40–60 milljónir króna. Nefndin telur að rekstrarkostnaður vegna grunnþjónustu sem felst í svörun og símtalsflutningi muni nema um 50 milljónum króna á ári. Sá kostnaður innifelur afskriftir og fjármagnskostnað vegna búnaðar, enda ekki við það miðað að rekstraraðili fengi sérstakt stofnframlag vegna vaktstöðvarinnar.

Til samanburðar bendir nefndin á að í miðstöð SOS Alarmering í Halland, Svíþjóð, sem þjónar um 250.000 manns, er árlegur rekstrarkostnaður um 86 milljónir króna þegar sértekjur hafa verið dregnar frá. Einnig megi hér hafa til viðmiðunar kostnað Slysavarnafélags Íslands vegna tilkynningarskyldu íslenskra skipa sem er um 17 milljónir króna á ári.

Vaktstöð fyrir neyðarsímsvörun mundi einkum þjóna, eins og verkefnum er nú skipað, viðbragðsaðilum, lögreglu, sjúkraflutningaliði og slökkviliði á vegum ríkis og sveitarfélaga. Auk þess gegndi vaktstöðin því hlutverki að uppfylla skyldur stjórnvalda gagnvart EES-samningum. Með hliðsjón af þessu telur nefndin eðlilegt að vaktstöðin hefði tekjur bæði frá ríki og sveitarfélögum og kostnaði verði skipt að jöfnu. Til að einfalda greiðslustreymi telur nefndin heppilegast að hlutur sveitarfélaganna yrði greiddur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Nefndin bendir einnig á þá leið að vaktstöðin fengi tekjur af hverju skráðu símanúmeri. Um yrði að ræða sérstakt árlegt gjald sem tiltekið væri á símareikningum. Miðað við áætlaðan rekstrarkostnað 50 milljónir króna og 140.000 símanúmer yrði gjaldið um 360 krónur á ári.

Í frumvarpinu er lagt til að farin verði fyrri leiðin. Kostnaður við þá grunnþjónustu, sem vakstöðin veitir, verði greiddur að jöfnu annars vegar af ríkissjóði og hins vegar af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Eins og fram kemur í lokamálsgreininni er miðað við að tekjur skv. 1. mgr. gangi til að mæta stofnkostnaði vaktstöðvar og kostnaði við rekstur símsvörunar, úrvinnslu tilkynninga og það að koma henni til hlutaðeigandi neyðarþjónustuaðila. Óski neyðarþjónustuaðili hins vegar eftir því að vaktstöð sinni boðun þeirra sem veita eiga aðstoðina, svo sem útkalli slökkviliðsmanna eða björgunarsveitarmanna, eða annarri þjónustu í hans þágu, er miðað við að greitt verði sérstaklega fyrir þá þjónustu samkvæmt samningi þar um.

Um 5. gr.

Til að tryggja að vaktstöð geti komið tilkynningum um neyð og beiðnum um aðstoð til réttra aðila og lagt mat á hvaða aðilar séu í stakk búnir til að veita aðstoð eða sinna málum í hverju tilviki þarf vaktstöðin hverju sinni að hafa nauðsynlegar upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er. Hér er lagt til að sú skylda verði með lögum lögð á þá aðila, opinbera og einkaaðila, sem sinna neyðarþjónustu hér á landi, að gefa vaktstöð neyðarsímsvörunar hverju sinni slíkar upplýsingar.

Um 6. gr.

Við rekstur neyðarsímanúmers getur skipt máli að taka niður (hljóðrita) þær tilkynningar sem þangað berast og jafnframt að varðveita þær upplýsingar ef fara þarf yfir þær og úrvinnslu þeirra síðar.

Samkvæmt lögum nr. 121/1980, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, er kerfisbundin skráning persónuupplýsinga því aðeins heimil að skráningin sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna. Í 4. gr. sömu laga er mælt fyrir um að óheimilt sé að skrá tilteknar upplýsingar um einkamálefni einstaklinga, svo sem upplýsingar um það hvort maður hafi verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, upplýsingar um kynlíf manna og heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun og upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál. Skráning slíkra einkalífsatriða er þó heimil standi til þess sérstök heimild samkvæmt lögum eða ef hinn skráði hefur sjálfur látið upplýsingar í té eða upplýsinga er aflað með samþykki hans.

Ljóst þykir að í einhverjum mæli muni þær upplýsingar, sem berast í tilkynningum til vaktstöðvar neyðarsímanúmers, falla undir 4. gr. laga nr. 121/1989 og ekki er víst að þær upplýsingar komi alltaf beint frá aðila.

Nefnd sú, sem vann að undirbúningi málsins, óskaði bréflega eftir afstöðu tölvunefndar til tveggja álitamála er varða rekstur neyðarvaktstöðva. Annars vegar var spurt hvort heimilt væri að nota búnað sem sýnir þau símanúmer sem hringt er úr og skrá þau og hins vegar hvort heimilt væri að hljóðrita tilkynningar til vaktstöðva og varðveita þær í tiltekinn tíma. Tölvunefnd svaraði erindinu með bréfi, dags. 29. nóvember 1993, og þar sagði m.a.:

„Tölvunefnd telur upplýsingar um það hver hringi í neyðarvaktstöð og um það sem fram kemur í samtalinu vera persónuupplýsingar í skilningi 1. gr. laga nr. 121/1989. Þá telur nefndin það vera eðlilegan þátt í starfsemi neyðarvaktstöðvar að skrá þær upplýsingar með þeim hætti sem lýsir í bréfum yðar.

Með vísun til ofanritaðs sér tölvunefnd ekki ástæðu til að gera athugasemdir við fyrirhugaða skráningu þeirra símanúmera sem hringt er úr í síma neyðarvaktstöðvar og hljóðritun og varðveislu þeirra samtala. Tölvunefnd vill þó, í ljósi þess að um getur verið að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, ítreka mikilvægi þess að settar verði strangar reglur um trúnað og nafnleynd og um takmarkaðan aðgang að upplýsingunum, sbr. að í bréfi yðar kemur fram að stefnt er að sérstakri lagasetningu um hið sameiginlega neyðarsímanúmer og þá starfsemi sem felst í sameiginlegri neyðarsímsvörun."

Með tilliti til þess hversu viðkvæmar þær upplýsingar, sem hér eiga í hlut, kunna að vera og þar sem í senn getur verið um að ræða viðtöku á tilkynningum um aðstoð vegna neyðar og tilkynningu til lögreglu um meinta refsiverða háttsemi er talið rétt að mæla fyrir um heimild vaktstöðvar til skráningar og hljóðritunar á tilkynningum, sem þangað berast, í lögunum. Eins og tölvunefnd bendir á er mikilvægt að settar verði nánari reglur um ýmis atriði er varða geymslu og notkun skránna og er ráðherra ætlað að setja þær.

Um 7. gr.

Þar sem ekki liggur fyrir að starfsmenn vaktstöðva falli undir ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, sjá 32. gr., eða ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um brot opinbers starfsmanns á þagnarskyldu, er lagt til að sett verði sérstakt ákvæði í lögin um þagnarskyldu starfsmanna vaktstöðva.

Um 8. gr.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið var gerð grein fyrir því að málefni þeirra aðila, sem koma að neyðarþjónustu og þar með neyðarsímsvörun, heyra undir að minnsta kosti fjögur ráðuneyti. Dómsmálaráðuneytið er þó það ráðuneyti sem fer með stærstan hluta þessara mála, svo sem lögreglu, almannavarnir, Landhelgisgæslu. Lagt er til að það verði verkefni dómsmálaráðherra að annast framkvæmd þessara laga og hafa forgöngu um þá nauðsynlegu samvinnu sem þarf að koma á milli ráðuneyta, stofnana, frjálsra félagasamtaka og einkaaðila. Það er líka dómsmálaráðherra að taka af skarið ef ágreiningur verður um framkvæmd þessara mála og leiðir.

Með hliðsjón af því hversu margir aðilar koma að þeirri starfsemi, sem hin samræmda neyðarsímsvörun tekur til, er talið rétt að koma á fót sérstakri samstarfsnefnd sem í eigi sæti fulltrúar sveitarfélaga, ráðuneyta og stofnana, sem sinna málum er lögin taka til, landssamtaka björgunarsveita og annarra aðila sem sinna verkefnum á sviði laganna. Ekki er talið rétt að afmarka það nákvæmlega í lögunum hvaða aðilar eigi sæti í slíkri nefnd, en ráðherra ætti einmitt með þessu fyrirkomulagi að geta tekið inn þá aðila sem á hverjum tíma sinna verkefnum á þessu sviði.

Um 9. gr.

Ljóst er að tilkynningar, sem berast um neyðarsímanúmer, geta oft skipt sköpum um líf og heilsu einstaklinga og eignir þeirra. Það er því mikilvægt að hverju sinni séu gefnar greinargóðar upplýsingar um atburð og það ástand sem er tilefni beiðni og starfsfólk vaktstöðva geti hverju sinni gengið eftir því að slíkar upplýsingar séu veittar. Slík upplýsingagjöf getur líka skipt máli ef deilur rísa um úrvinnslu tilkynningar og boðun í tilefni af henni.

Um 10. gr.

Rétt þykir að taka af skarið um að sá verknaður að senda vísvitandi ranga tilkynningu til vaktstöðvar eða misnota að öðru leyti þjónustu vaktstöðvar við boðun hjálparliðs varði refsingu.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt þykir að lög þessi taki þegar gildi þegar þau hafa verið samþykkt á Alþingi, þannig að unnt verði að hefja strax undirbúning að því að koma upp nauðsynlegri aðstöðu til að sinna hinni samræmdu neyðarsímsvörun.

1209. Breytingartillaga [557. mál]

við frv. til l. um húsaleigubætur.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur, Jóni Kristjánssyni og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr málsliður sem orðist svo: Við þá endurskoðun verði sérstaklega hugað að því hvort rétt sé að greiða húsaleigubætur í gegnum skattkerfið líkt og gildir um greiðslu vaxtabóta til þeirra sem búa í eigin húsnæði. Þá verði gerðar breytingar á skattlagningu leigutekna sem hvetji til útleigu íbúða.

1210. Frumvarp til laga [623. mál]

um viðauka við lög nr. 35 30. apríl 1993, um eftirlit með skipum.

Frá samgöngunefnd.

1. gr.

Við lögin bætist svofelldur **viðauki**:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laganna er heimilt að flytja inn að nýju fiskiskip sem flutt hafa verið úr landi eftir 1. september 1992 vegna þess að þau voru endurnýjuð með öðru skipi á grundvelli 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, enda fullnægi þau öðrum skilyrðum fyrir íslenskri skráningu skipa.

Sama gildir um fiskiskip sem keypt hafa verið erlendis frá til veiða utan íslenskrar efnahagslögsögu eftir 1. september 1992 til 30. apríl 1994 enda fullnægi þau öllum skilyrðum fyrir íslenskri skráningu öðrum en ákvæðum 2. mgr. 8. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk sjávarútvegsnefndar og fylgir erindi nefndarinnar með sem fylgiskjal. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að hafa frjálsar hendur um afstöðu til málsins.

Samkvæmt gildandi lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, og reglugerð sem sett hefur verið á grundvelli laganna er skylt að taka skip varanlega úr rekstri ef nýtt skip á að fá veiðileyfi í þess stað. Þetta ákvæði hefur verið túlkað á þann hátt að afskrá beri eldra skipið og flytja úr landi eða farga því.

Í 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 283. máli, er lagt til að þetta skilyrði verði fellt niður.

Samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, má ekki flytja inn fiskiskip sem er eldra en 15 ára. Með frumvarpi þessu er lagt til að heimiluð verði undanþága frá þessu skilyrði í tveimur tilvikum.

Í fyrsta lagi er lagt til að heimilað verði að taka aftur á skipaskrá skip sem afskráð voru samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða frá og með 1. september 1992 til og með gildistöku nýrra laga um stjórn fiskveiða, enda þótt þau séu eldri en 15 ára.

Í öðru lagi er í 2. mgr. 1. gr. lagt til að heimiluð verði íslensk skráning fiskiskipa sem keypt hafa verið erlendis frá til veiða utan íslensku efnahagslögsögunnar eftir 1. september 1992 til 30. apríl 1994.

Á þessu tímabili hafa íslenskir aðilar keypt nokkur skip til veiða utan efnahagslögsögu Íslands. Eins og kunnugt er eru mikil tækifæri fólgin í úthafsveiðum fyrir íslenska útgerðarmenn. Með því að heimila skráningu skipanna hér á landi kemur sú veiðireynsla sem þar fæst Íslendingum til góða.

Til þess að ákvæðið eigi við verður bindandi kaupsamningur eða kaupleigusamningur að hafa verið gerður 1. maí 1994. Það er að sjálfsögðu skilyrði fyrir skráningu skv. 1. og 2. mgr. að skipið fullnægi kröfum um gerð og búnað skipa.

Fylgiskjal.

Erindi sjávarútvegsnefndar.

(28. apríl 1994.)

Sjávarútvegsnefnd mælist til þess við háttvirta samgöngunefnd að hún flytji frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, sbr. meðfylgjandi drög. Mál þetta tengist umfjöllun og afgreiðslu Alþingis á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og fleiri málum því tengdum.

Enn fremur vill sjávarútvegsnefnd sérstaklega lýsa þeirri eindregnu skoðun sinni að endurskoða beri reglu 2. mgr. 8. gr. laga nr. 35/1993 um að eigi megi flytja inn fiskiskip sem er 15 ára eða eldra.

Nefndin telur eðlilegt að leitað verði umsagnar um málið til úthafsveiðinefndar.

Stefán Guðmundsson og Halldór Ásgrímsson telja að málið þurfi betri umfjöllun og leggja til að það fari til frekari umræðu í úthafsveiðinefnd. Frumvarp um þetta efni verði ekki lagt fram fyrr en í haust á grundvelli umfjöllunar úthafsveiðinefndar.

F.h. sjávarútvegsnefndar,

Steingrímur J. Sigfússon.

1211. Nefndarálit [557. mál]

um frv. til l. um húsaleigubætur.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Í frumvarpinu er hreyft þörfu máli, sem er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda, og eðlilegt að vanda löggjöf um þetta efni svo sem kostur er. Lykilatriði í slíkri löggjöf er að tryggja að bæturnar leiði ekki til hækkunar á húsaleigu eins og skýrt er tekið fram í ályktun 37. þings Alþýðusambands Íslands frá árinu 1992. Húsaleigubætur koma að litlu gagni fyrir leigutaka ef húsaleiga hækkar samsvarandi á móti.

Eins og bent er á í fyrrnefndri ályktun ASÍ þarf samhliða því að taka upp húsaleigubætur að endurskoða skattlagningu leigutekna af íbúðarhúsnæði.

Minni hlutinn leggur ríka áherslu á að ekki verði hrapað að lagasetningu um þetta efni því þá verður verr af stað farið en heima setið.

Í umsögnum, sem nefndinni bárust, kemur glögglega fram að lagalegum búningi málsins er verulega áfátt og voru fjölmargar athugasemdir gerðar við frumarpið. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga endurspeglar þær alvarlegu athugasemdir sem sveitarfélögin hafa við frumvarpið. Þær helstu eru:

— Gert er ráð fyrir að komið verði á flóknu samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga.
— Sveitarfélögin bera alla ábyrgð á framkvæmd kerfisins en ríkisvaldið setur reglurnar og ákvarðar einhliða sinn hlut í kostnaði.
— Húsaleigubótakerfið leiðir til verulegs kostnaðar fyrir sveitarfélögin án þess að á móti komi tekjur.
— Lögð er sú kvöð á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að annast greiðslur frá ríki til sveitarfélaga en engin trygging er fyrir því að ríkissjóður endurgreiði Jöfnunarsjóði hlutdeild ríkissjóðs í húsaleigubótunum.
— Rétt væri að húsaleigubætur yrðu greiddar í gegnum skattkerfið líkt og vaxtabætur. Með því fyrirkomulagi yrði eðlileg samsvörun milli þessara tveggja endurgreiðslukerfa ríkisins varðandi húsnæðismál og sveitarfélögin væru þá ekki dregin til ábyrgðar á framkvæmd og fjármögnun á kerfi þar sem ríkisvaldið ákvarðar helstu atriði, svo sem um fjárhæð og útreikning bóta.

Minni hlutinn tekur undir framangreindar athugasemdir sem borgarráð Reykjavíkur hefur einróma gert að sínum.

Auk þess gerir minni hlutinn eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

— Húsaleigubætur eiga að vera réttur leigjenda sem þeim er ákvarðaður með almennum reglum í löggjöf eftir efnum og ástæðum hvers og eins.
— Frumvarpið viðurkennir ekki bæturnar sem slíkan rétt heldur eiga leigjendur það á hverju ári undir ákvörðun sveitarstjórnar hvort bæturnar standa þeim til boða. Það er með öllu óásættanlegt að frumvarpið feli ekki í sér almennan rétt leigjenda til húsaleigubóta.
— Grundvallaratriði hvað varðar rétt til húsaleigubóta og upphæð þeirra á að ákvarða í löggjöf en ekki reglugerð eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.
— Fyrir liggja yfirlýsingar um að meginhluti kostnaðar ríkissjóðs af húsnæðisbótum verður sóttur í framlög ríkisins til húsnæðismála. Ekki hefur verið gerð grein fyrir áhrifum þessa en fyrir liggur að ef framlög ríkisins í Byggingarsjóð verkamanna verða lækkuð þýðir það að takmarka verður byggingar félagslegra íbúða.

— Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að námsmenn geti fengið húsaleigubætur ef þeir stunda nám sitt utan heimabyggðar en það getur ekki verið ásættanlegt að mismuna mönnum á þann hátt eftir búsetu.
— Nokkur atriði frumvarpsins þarfnast frekari athugunar ef ætlunin er að lögfesta frumvarpið í þeim búningi sem það er nú í og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Af framanrituðu er ljóst að gjörbreyta verður frumvarpinu og nánast endursemja það til þess að sníða af því verstu agnúana. Með tilliti til þess og að óþarft er að koma á fót viðamiklu kostnaðarskiptingar- og endurgreiðslukerfi með tilheyrandi kostnaði til viðbótar þeim kerfum sem fyrir eru leggur minni hluti félagsmálanefndar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að endurskoða það með hliðsjón af fram komnum umsögnum og að leggja fram nýtt frumvarp næsta haust.

Alþingi, 4. maí 1994.

Kristinn H. Gunnarsson.

Nefndaráliti þessu fylgdu tíu fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. apríl 1994, á fskj. II umsögn bæjarráðs Akraness frá 25. apríl 1994, á fskj. III umsögn bæjarstjórnar Borgarness frá 25. apríl 1994, á fskj. IV umsögn bæjarstjórnar Stykkishólms frá 25. apríl 1994, á fskj. V umsögn bæjarráðs Akureyrar frá 20. apríl 1994, á fskj. VI umsögn bæjarráðs Selfoss frá 29. apríl 1994, á fskj. VII umsögn bæjarstjórnar Njarðvíkur frá 25. apríl 1994, á fskj. VIII umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja frá 18. apríl 1994, á fskj. IX umsögn Alþýðusambands Íslands frá 20. apríl 1994 og á fskj. X umsögn Búseta — landssambands frá 18. apríl 1994.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

1212. Svar [620. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um innflutning á forunnum kartöflum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hafa verið fluttar inn forunnar kartöflur til framleiðslu á frönskum kartöflum. Ef svo er:

a. í hve miklum mæli, á árunum 1988–1993, hverju fyrir sig,
b. frá hvaða löndum?

Því er til að svara að ráðuneytinu er ekki kunnugt um að fluttar hafi verið til landsins forunnar kartöflur til framleiðslu á „frönskum“ kartöflum.

1213. Frumvarp til laga [624. mál]

um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Lög þessi ná til reglna um sérstakt eftirlit á vegum opinberra aðila með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja. Þau ná til reglna um eftirlit sem ætlað er að stuðla að öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, neytendavernd, samkeppni, eðlilegum viðskiptaháttum og getu fyrirtækja og fjármálastofnana til að standa við skuldbindingar sínar.

Lögin ná ekki til stjórnsýslueftirlits, þar með talið fjárhagslegs eftirlits innan hins opinbera; löggæslu, tollgæslu; eftirlits í tengslum við skatta og gjöld, sifjamál, vernd barna og ungmenna, reynslulausn og ákærufrestun.

2. gr.

Markmið laga þessara er:

1. Að opinber eftirlitsstarfsemi stuðli að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neytendavernd.
2. Að hið opinbera standi því aðeins fyrir eftirlitsstarfsemi að ávinningur þjóðfélagsins af henni sé meiri en kostnaðurinn, að eftirlitsstarfsemi leiði ekki til mismununar og takmarki ekki athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist.

3. gr.

Þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til eftirlits skal viðkomandi ráðuneyti meta þörf fyrir eftirlitsstarfsemi og hvort gildi hennar sé meira en kostnaður þjóðfélagsins. Slíkt mat getur m.a. falist í áhættumati, mati á erlendum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga og mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits.

Þegar stjórnarfrumvarp, sem felur í sér ákvæði um eftirlit, er lagt fyrir ríkisstjórn skal leggja fram greinargerð um mat skv. 1. mgr.

Forsætisráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um mat á eftirlitsreglum og þær aðferðir við eftirlit sem leitast skal við að fylgja í lögum og reglugerðum. Reglugerðin getur m.a. tekið til ákvæða um æskilegt umfang opinberra afskipta sem ákveðin eru í eftirlitsreglum, stjórnsýslu eftirlitsstarfsemi, hæfni og hlutleysi eftirlitsaðila, fjármögnun eftirlitsstarfsemi, samráð milli ráðuneyta og stofnana og samráð við hagsmunaaðila.

4. gr.

Reglugerðir um eftirlitsstarfsemi skulu hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði. Hámarksgildistími reglugerða eða hámarkstímabil endurskoðunarákvæða þeirra skal vera fimm ár. Við samningu reglugerða, framlengingu þeirra og endurskoðun skal fylgja ákvæðum 3. gr. eftir því sem við á.

Stjórnvald skal halda tæmandi skrá yfir þær eftirlitsreglur sem það annast framkvæmd á. Skráin og tilkynningar um breytingar á henni skulu sendar forsætisráðuneyti. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

5. gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir forsætisráðuneyti. Forsætisráðuneyti skal:

1. Hafa yfirsýn yfir eftirlitsstarfsemi og annast heildarmat á áhrifum hennar.
2. Leitast við að tryggja nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni í eftirlitsstarfsemi hins opinbera.
3. Móta aðferðir við mat á eftirlitsstarfsemi.

6. gr.

Forsætisráðherra skipar nefnd til ráðgjafar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera og framkvæmd laga þessara. Nefndin skal skipuð fimm mönnum og skulu þeir hafa þekkingu á eftirlitsstarfsemi eða viðfangsefnum hennar. Meiri hluti nefndarmanna skal ekki vinna við eða bera ábyrgð á framkvæmd opinberra eftirlitsreglna. Skipunartími nefndarinnar skal vera takmarkaður við embættistíma þess forsætisráðherra sem skipar hana.

Þeir aðilar sem eftirlit beinist að og aðrir þeir sem hagsmuni hafa af eftirlitsstarfsemi geta óskað eftir athugun nefndarinnar á tilteknum þáttum eftirlitsstarfsemi. Ráðherrar geta sent til umsagnar nefndarinnar mál er varða eftirlitsstarfsemi.

Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um skipan og starf nefndarinnar.

7. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðuneyti skulu á næstu þremur árum eftir gildistöku laga þessara endurskoða gildandi lagaákvæði og reglur um eftirlitsstarfsemi. Við endurskoðunina skal fara fram mat á reglunum í samræmi við ákvæði 3. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum nefndar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem skipuð var af forsætisráðherra 9. september 1993. Nefndinni var ætlað að móta samræmda heildarstefnu á sviði skoðunar, prófunar og eftirlits á vegum hins opinbera. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar allra þeirra ráðuneyta sem annast framkvæmd eftirlitsreglna af einu eða öðru tagi, auk fulltrúa forsætisráðuneytisins sem var formaður nefndarinnar. Það er lýsandi fyrir umfang opinberrar eftirlitsstarfsemi að í nefndinni voru fulltrúar allra ráðuneyta nema utanríkisráðuneytis og Hagstofu Íslands. Í nefndina voru skipaðir: Eyjólfur

Sveinsson, forsætisráðuneyti, formaður, Ari Edwald, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Brynjólfur Sandholt, landbúnaðarráðuneyti, Dögg Pálsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Halldór Árnason, sjávarútvegsráðuneyti, Halldór Árnason, fjármálaráðuneyti, Ragnhildur Hjaltadóttir, samgönguráðuneyti, Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisráðuneyti, Stefán Baldursson, menntamálaráðuneyti, Sturlaugur Tómasson, félagsmálaráðuneyti, og Sveinn Þorgrímsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Með nefndinni störfuðu Haukur Ingibergsson og Sigurður Helgason frá Hagsýslu ríkisins.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar voru meginverkefni hennar:

— að gera úttekt á umfangi og eðli opinberrar eftirlits- og öryggisstarfsemi í landinu,
— að meta á hvern hátt samræmingu og samþáttun verkefna hjá ólíkum eftirlits-, skoðunar- og prófunaraðilum verður við komið,
— að láta gera hagkvæmnismat með samanburði núverandi fyrirkomulags við líklega valkosti,
— að láta endurskoða gildandi reglugerðir,
— að gera tillögur um framtíðarskipan.

Við gerð tillögu að framtíðarskipan átti nefndin að taka mið af eftirtöldum markmiðum:

— að heildarkostnaður við opinbert eftirlit lækki,
— að þjónusta á sviði prófunar, skoðunar og eftirlits batni,
— að hagrætt verði í eftirlitsstarfi hins opinbera með samræmingu aðgerða skyldra aðila og samþættingu verkefna,
— að beinn kostnaður hins opinbera lækki með flutningi þjónustu frá ríki og sveitarfélögum út á frjálsan markað,
— að beina gjaldtöku til þeirra aðila sem þjónustunnar njóta.

Ástæður þess að nefndin var sett á stofn eru margvíslegar. Um nokkurt skeið hafa hagsmunaaðilar látið í ljósi áhyggjur vegna umfangs eftirlitsstarfsemi. Þær raddir heyrast að eftirlitsstarfsemi sé orðin of umfangsmikil og kosti fyrirtækin of mikið. Einnig er kvartað yfir því að eftirlit hinna ýmsu stjórnvalda sé ómarkvisst og samhæfingu skorti. Þannig sé mögulegt að gerðar séu andstæðar kröfur til fyrirtækja og að ólíkir eftirlitsaðilar hafi eftirlit með sömu þáttum.

Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði var gengist undir þær skyldur að setja í íslenska löggjöf mikinn fjölda af reglum Evrópusambandsins. Stór hluti þessara reglna gerir kröfur um eftirlit af einhverju tagi. Það er ljóst að það er mikið átak fyrir lítið stjórnkerfi eins og hið íslenska að setja og framkvæma þessar reglur. Það er einnig ljóst að það getur verið erfitt að tryggja hagkvæma framkvæmd reglnanna, enda eru þær í mörgum tilfellum sniðnar að öðrum þörfum en ríkja hér á landi. Á hinn bóginn eru reglurnar oft sveigjanlegar, þannig að það á að vera unnt að framkvæma þær með hagkvæmum hætti. Það er því mikilvægt að sérstaklega sé hugað að því að eftirlitsreglur vegna EES-samningsins séu settar með samræmdum hætti og að framkvæmd þeirra sé eins hagkvæm og kostur er á.

Endurskoðun á eftirlitsstarfseminni er einnig þáttur í þeirri almennu viðleitni stjórnvalda að hagræða í ríkisrekstri og endurmeta hvaða verkefni er eðlilegt að ríkið annist. Það er ástæðulaust að ríkið sé að hafa eftirlit þegar innra eftirlit og gæðastjórnun fyrirtækjanna getur skilað sama árangri. Á síðari árum hafa verið að þróast aðferðir til að fela sjálfstæðum aðilum eftirlitsþætti, t.d. skoðanir og prófanir. Þetta hefur margvíslega kosti sem nánar verður vikið að síðar.

Nefndin vann að ýmsum verkefnum í tengslum við eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Í upphafi var lögð áhersla á að greina helstu þætti í eftirlitsstarfseminni. Unnar voru greinargerðir um eftirlitsstarfsemi á vegum einstakra ráðuneyta. Eftirlitsstarfsemin er mjög fjölþætt og eftirlitsstarf fer fram á vegum nær allra ráðuneyta. Samhæfing hinna ýmsu eftirlitskerfa er takmörkuð og brýn þörf virðist vera fyrir samhæfingu og sameiginlega stefnu.

Þróunin í eftirlitsmálum erlendis var könnuð. Í flestum OECD-ríkjum hefur eftirlitsstarfsemi verið endurskoðuð vegna aukins umfangs og kostnaðar, ónógra gæða og skorts á lögmæti. Það virðist vera víðtæk samstaða um að nauðsynlegt sé að endurskoða eftirlitsstarfsemi og stjórna heildarumfangi eftirlits.

Unnin var tillaga að heildarstefnu um eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem lögð var fyrir ríkisstjórnina og hún samþykkti sem stefnu ríkisstjórnarinnar. Stefnan tekur til helstu þátta á sviði eftirlitsmála en er jafnframt ætlað að vera gátlisti um þá þætti og valkosti sem nauðsynlegt er að meta og taka afstöðu til þegar nýjar reglur um eftirlit eru settar eða eldri reglur endurskoðaðar. Markmiðið með stefnunni er að lækka heildarkostnað, einfalda og bæta þjónustu, færa verkefni út til sjálfstæðra aðila og beina gjaldtöku til þeirra sem þjónustunnar njóta.

Nefndin samdi frumvarp þetta um eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Einnig hefur nefndin skoðað nokkur svið sérstaklega og unnið að tillögum að breytingum. Þær miða að því að einfalda og samþætta eftirlit með hverju viðfangsefni. Þau svið sem nefndin hefur skoðað eru:

— eftirlit með skipum,
— eftirlit með matvælum,
— markaðseftirlit.

Umfang opinberrar eftirlitsstarfsemi.

Fjölmargir aðilar annast þá eftirlitsstarfsemi sem stjórnvöld gera kröfu um. Hér er um að ræða sérhæfðar eftirlitsstofnanir og aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög og einkaaðila. Sérhæfðar eftirlitsstofnanir ríkisins sinna flestar eftirliti sem tengjast öryggi og vernd heilsu og umhverfis. Dæmi um slíkar stofnanir eru: Brunamálastofnun ríkisins, Fjarskiptaeftirlit ríkisins, Geislavarnir ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, Kvikmyndaeftirlit ríkisins, Lyfjaeftirlit ríkisins, Löggildingarstofan, Rafmagnseftirlit ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins.

Aðrar sérhæfðar eftirlitsstofnanir annast eftirlit með viðskiptalífi og viðskiptaháttum. Þessar stofnanir eru: bankaeftirlit, Samkeppnisstofnun og Tryggingaeftirlitið.

Ýmsar stofnanir sinna eftirliti ásamt öðrum verkefnum eða tengjast opinberri eftirlits- og öryggisstarfsemi á einn eða annan hátt. Dæmi um slíkar stofnanir eru: ferðamálaráð, Fiskistofa, Flugmálastjórn, Iðntæknistofnun, landlæknir, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sýslumenn, Umferðarráð, veiðistjóri og yfirdýralæknir.

Á vegum sveitarfélaga fer einnig fram eftirlit. Sem dæmi um slíkt eftirlit má nefna: byggingaeftirlit, eldvarnaeftirlit og heilbrigðiseftirlit.

Einkaaðilar annast eftirlit að fyrirlagi stjórnvalda. Sem dæmi um slíka aðila má nefna: Bifreiðaskoðun Íslands og skoðunarstofur í fiskiðnaði.

Auk alls þessa annast ráðuneyti framkvæmd ýmissa sérhæfðra eftirlitsverkefna.

Ljóst er að eftirlitsreglur eru mjög umfangsmiklar, bæði lög, reglugerðir og aðrar reglur (auglýsingar, orðsendingar, verklagsreglur, gjaldskrár o.fl.). Ekki er unnt að leggja heildarmat á umfang reglnanna, t.d. fjölda reglna eða fjölda blaðsíðna. Þó er ljóst að magn eftirlitsreglna eykst mjög um þessar mundir vegna gildistöku ýmiss konar eftirlitsreglna í tengslum við EES-samninginn. Mikilvægt er að geta haldið utan um þessa þætti þar sem breytingar á fjölda og umfangi eftirlitsreglna er mikilvægur mælikvarði á þróun eftirlitsstarfsemi.

Mjög erfitt er að meta kostnaðinn við opinbera eftirlitsstarfsemi. Lauslegt mat bendir til þess að kostnaður ríkisins vegna eftirlits geti verið 1,5–2 milljarðar króna. Til viðbótar þessum beina eftirlitskostnaði kemur kostnaður vegna eftirlits sveitarfélaga og eftirlits einkaaðila samkvæmt reglum sem ríkið setur. Stór hluti kostnaðar vegna eftirlits er greiddur með gjöldum sem ýmist eru innheimt beint frá þeim sem eftirlitið beinist að eða sem almenn gjöld með svipuðum hætti og skattar og vörugjald. Ekki er óalgengt að kostnaður einstakra fyrirtækja vegna beinna eftirlitsgjalda nemi nokkrum milljónum króna. Við þetta bætast síðan gjöld sem innheimt eru með tryggingagjaldi sem hluti af rafmagnsverði, brunatryggingu o.fl.

Þótt erfitt sé að meta beinan kostnað vegna eftirlits er enn erfiðara að meta óbeinan kostnað. Óbeinn kostnaður verður til með ýmsum hætti. Þannig getur það eitt að afla þekkingar um ákvæði eftirlitsreglna haft kostnað í för með sér. Kröfur stjórnvalda geta kallað á ýmiss konar fjárfestingar hjá fyrirtækjum og kostnað vegna sérstakra vinnubragða, skráningar o.s.frv. Þá getur fórnarkostnaður orðið verulegur, t.d. ef eftirlit kemur í veg fyrir nýja og hagkvæmari skipulagningu framleiðslu, vöruþróun o.s.frv. Að sjálfsögðu eru það í flestum tilfellum neytendur sem bera þennan kostnað að lokum í hærra vöruverði en ella.

Erlendis er reynslan sú að óbeinn kostnaður fyrirtækja vegna eftirlits er mun hærri en kostnaður opinberra aðila, t.d. er áætlað að í Bandaríkjunum sé kostnaður fyrirtækja 55 sinnum hærri en kostnaður opinberra aðila. Þó að menn gefi sér að kostnaður fyrirtækja hér á landi sé ekki nema 10 sinnum hærri en kostnaður opinberra aðila getur heildarkostnaður vegna eftirlitsstarfsemi samt sem áður verið um 20 milljarðar kr. Hér er að sjálfsögðu um hreina ágiskun að ræða en hún sýnir engu að síður að heildarkostnaður vegna eftirlits getur verið umtalsverður. Þar sem stór hluti almenns neysluvarnings er innfluttur er líklegt að verulegur hluti raunverulegs eftirlitskostnaðar verði til í framleiðsluríkjunum en hafi áhrif hér á landi í formi hærra vöruverðs.

Rétt er að árétta að hár kostnaður er ekki vandamál í sjálfu sér ef ábati þjóðfélagsins er meiri en kostnaðurinn. Hins vegar er líklegt að þegar kostnaðurinn er að miklu leyti falinn, eins og í þessu tilfelli, geti verið tilhneiging til að vanmeta hann og ofmeta raunverulegan ábata þjóðfélagsins af eftirlitsstarfsemi.

Helstu einkenni og nýskipan eftirlitsstarfsemi.

Í nútímaþjóðfélögum með markaðshagkerfi er þörf fyrir margháttuð og flókin afskipti hins opinbera ef þjóna á gildum þjóðfélagsins og hagsmunum almennings með fullnægjandi hætti. Á undanförnum áratugum hefur eftirlitsstarfsemi orðið mikilvæg aðferð til að hafa áhrif á efnahagsstarfsemi og félagslega þætti. Árangur stjórnkerfisins er að verulegu leyti háður árangri eftirlitsstarfseminnar.

Ríkið hefur nokkur tæki til að ná markmiðum sínum. Þau mikilvægustu eru fjármagn, vinnuafl og reglur. Þær reglur sem ríkið setur eru af ýmsu tagi, m.a. reglur um stjórnskipan og skipulag hins opinbera, reglur sem veita þegnunum tiltekin réttindi, þjónustu og fjármagn og reglur sem takmarka frelsi þegnanna. Eftirlitsstarfsemi hefur verið skilgreind sem aðferð sem hefur áhrif á athafnir einstaklinga og fyrirtækja með því að:

— gera tilteknar kröfur í lögum og reglugerðum,
— haft er eftirlit með því að við kröfunum sé orðið,
— þvingaðar eru fram breytingar ef ekki er orðið við kröfunum, m.a. með hótun um refsingu.

Þetta þýðir að í eftirliti felst ávallt takmörkun á möguleikum einstaklinga og fyrirtækja til athafna. Slíkar reglur eru því aðeins settar til að reyna að tryggja mikilvæga þjóðfélagslega hagsmuni. Þeir hagsmunir, sem eftirlitsstarfsemi leitast við að tryggja, eru einkum tvenns konar:

— Félagslegir hagsmunir svo sem öryggi einstaklinga og eigna, heilbrigði, vernd umhverfis og vernd neytenda.
— Efnahagslegir og viðskiptalegir hagsmunir, svo sem eðlilegar leikreglur og stöðugleiki í viðskiptum og efnahagslífi, samkeppni og sanngjarnir viðskiptahættir.

Með eftirlitsstarfsemi er verið að reyna að tryggja mikilvæga þjóðfélagslega hagsmuni með því að hafa áhrif á og takmarka athafnir einstaklinga og fyrirtækja. Eftirlitsstarfsemi hlýtur oft að vera umdeild því að þar togast á þeir hagsmunir sem henni er ætlað að þjóna og sú meginregla lýðræðisþjóðfélaga að takmarkanir á athöfnum skuli vera eins litlar og unnt er. Nýskipan eftirlitsstarfsemi beinist ekki síst að því að reyna að draga úr takmörkunum á athöfnum án þess að fórna upphaflegum markmiðum.

Þrátt fyrir að allir geti verið sammála um að mikilvægt sé að vernda þá hagsmuni sem eftirlitsstarfsemi beinist að er það ekki gefið að raunverulegur árangur sé í samræmi við þann kostnað sem eftirlitsstarfsemin hefur í för með sér.

Eftirlitsstarfsemi hefur aukist mikið á undanförnum áratugum og virðist vinda upp á sig eftir að henni er komið á fót. Ástæðurnar fyrir þessu eru nokkrar. Opinberar stofnanir hafa tilhneigingu til að auka umsvif sín og þetta virðist sérstaklega eiga við um eftirlitsstofnanir. Hagsmunahópar knýja á um eftirlit á tilteknum sviðum. Þá er athyglisvert að aðhald í ríkisfjármálum hefur valdið því að eftirlit er oft notað fremur en þær aðferðir sem hækka ríkisútgjöld. Nýjar kröfur og þarfir, t.d. um aukið öryggi og vernd umhverfis, hafa kallað á aukið eftirlit.

Eftirlit hefur ekki aukist á öllum sviðum. Á sviði efnahagslífsins hefur mjög verið dregið úr eftirlitsstarfsemi og settar almennar leikreglur í stað umfangsmikilla afskipta. Þannig hefur verið dregið úr afskiptum af verðlagi, gjaldeyrismálum, vaxtamálum og viðskiptum og efnahagsstarfsemi almennt. Í staðinn hefur eftirlit sem ætlað er að þjóna félagslegum markmiðum um öryggi, heilsuvernd, neytendavernd og umhverfisvernd aukist.

Fjölgun eftirlitsreglna getur verið vandamál í sjálfu sér. Það eru takmörk fyrir því hvað einstaklingar og fyrirtæki geta haft þekkingu á mörgum reglum. Eftir því sem reglunum fjölgar, því minni líkur eru á að farið sé eftir þeim. Verði eftirlitsreglur of margar fer fjöldinn að vinna gegn upphaflegum markmiðum þeirra. Þetta getur jafnvel gerst þó að hver einstök regla sé í sjálfu sér skynsamleg.

Sífellt hefur komið betur í ljós að eftirlitsreglur hafa ekki áhrif einar og sér, heldur mynda þær með öðrum eftirlitsreglum flókið eftirlitskerfi. Áhrif þessa kerfis geta verið allt önnur en ætluð áhrif einstakra reglna. Því er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir heildaráhrif eftirlitsreglna og reyna að hafa áhrif á eftirlitskerfið í heild sinni.

Heildarkostnaður eftirlitsstarfsemi getur verið mjög mikill en mjög erfitt er að meta hann. Heildarkostnaðurinn hefur verið metinn í Bandaríkjunum og er áætlað að hann sé 4–10% af vergri landsframleiðslu eða 15–25% af upphæð fjárlaga. Inni í þessu mati er ekki óbeinn kostnaður vegna eftirlitsstarfsemi eins og minni nýsköpun í atvinnulífi og áhrif á samkeppnisstöðu Bandaríkjanna. Mjög lítill hluti af þessum kostnaði er beinn kostnaður ríkisins. Áætlað er að kostnaður einkaaðila vegna eftirlits sé 55 sinnum hærri en kostnaður opinberra aðila.

Ýmis ríki telja að reyna verði að hafa áhrif á þennan kostnað og stjórna honum. Einn þáttur í því hefur verið að reyna að setja upp svonefnd „eftirlitsfjárlög“, þ.e. skilgreina með formlegum hætti hversu mikið eftirlitið má kosta þjóðfélagið. Hver eftirlitsstofnun fær síðan „eftirlitsfjárveitingu“ og má heildarkostnaður þjóðfélagsins vegna starfsemi hennar ekki fara umfram „fjárveitinguna“.

Kostnaður er að sjálfsögðu aðeins annar af tveimur þáttum sem meta þarf til að komast að gildi eftirlitsstarfsemi. Hinn þátturinn er sá árangur eða þær „tekjur“ sem eftirlitsstarfsemin skilar. Lítið er um að stjórnvöld reyni að meta raunverulegan árangur eftirlitsstarfsemi og oftast eru eftirlitsreglur settar án þess að reynt sé að áætla kostnað og árangur. Ýmsar athuganir benda til að eftirlitsstarfsemi kosti oft meira og skili minni árangri en reiknað var með og trufli að auki starfsemi markaðarins.

Oft er það óskýrt hvaða árangri á að ná með eftirlitsstarfsemi. Vissulega beinist eftirlitið að tilteknum vandamálum en oft skortir raunverulegar rannsóknir á orsökum og afleiðingum þeirra. Möguleikarnir á því að koma í veg fyrir tjón með opinberu eftirliti eru oft ofmetnir. Sem dæmi um þetta má nefna eftirlitsstarfsemi sem miðar að því að draga úr hættu á slysum og heilbrigðisvandamálum en hún hefur vaxið mjög á undanförnum áratugum. Oft er erfitt að meta hver áhættan er í hverju tilfelli fyrir sig og hversu mikið er unnt að minnka hana með eftirlitsstarfsemi. Mikilvægt er að bera saman lækkun áhættu við kostnaðinn við að lækka hana. Oft eykst jaðarkostnaður mjög hratt. Þótt það geti t.d. verið tiltölulega ódýrt að lækka áhættu um 25% getur verið 10 sinnum dýrara að lækka hana um 50% og 100 sinnum dýrara að lækka hana um 75%.

Það er mjög erfitt að meta hversu miklum fjármunum á að verja til eftirlitsstarfsemi. Of mikill kostnaður vegna eftirlits getur dregið úr samkeppnishæfni. Á hinn bóginn getur skortur á eftirliti dregið úr trausti neytenda á gæðum og öryggi vöru og valdið beinu tjóni. Aðalatriðið er að reynt sé að meta bæði kostnað og árangur og móta umfang eftirlits eftir því mati.

Það er ekki aðeins kostnaðurinn við eftirlitsstarfsemi og skortur á árangri sem getur verið vandamál. Eftirlitsstarfsemi er þess eðlis að hún getur unnið gegn grundvallarsjónarmiðum um þingræði og lýðræði. Eftirlitsstarfsemi nýtur oft takmarkaðs þingræðislegs og lýðræðislegs aðhalds. Ástæður þessa eru margvíslegar:

— Hefðbundin eftirlitstæki ríkiskerfisins ná að litlu leyti til eftirlitsstarfsemi. Fjárlög ná þannig aðeins til beins rekstrarkostnaðar eftirlitsstofnana en meginhluti kostnaðar vegna eftirlits fellur á aðila utan ríkiskerfisins. Ekkert beint aðhald er að þessum kostnaði.

— Eftirlitsstarfsemi er það flókin og tæknilega sérhæfð að ákvarðanir eru látnar í hendur sérfræðingum sem oftast starfa hjá viðkomandi eftirlitsstofnunum. Erfitt getur verið að draga mörkin milli tæknilegra ákvarðana og pólitískrar stefnumótunar. Ákvarðanir, sem hafa víðtæk efnahagsleg og þjóðfélagsleg áhrif, á að taka á pólitískum forsendum en þar sem slíkar ákvarðanir virðast oft tæknilegar eru þær í raun teknar af sérfræðingum. Möguleikar ráðuneyta og stjórnmálamanna til að hafa áhrif á eftirlitsstarfsemina eru því oft takmarkaðir. Almenningur á erfitt með að hafa áhrif af sömu ástæðum.
— Erfitt er að fylgjast með framkvæmd eftirlits. Mjög algengt er að í lögum sé mikið vald framselt í hendur framkvæmdaraðila og oft eru það eftirlitsstofnanir sem skrifa reglugerðir án þess að embættismenn ráðuneyta og ráðherrar hafi raunverulega yfirsýn yfir efni og afleiðingar þeirra.
— Eftirlitsreglur hafa langtímaáhrif þó að þær aðstæður sem þær miðuðust við og þau gildi, sem þeim var ætlað að þjóna, hafi breyst. Erfitt er að meta raunveruleg áhrif þeirra og því er þeim ekki breytt þótt ástæður séu til þess.

Á undanförnum árum hefur athygli stjórnvalda í OECD-ríkjunum í auknum mæli beinst að eftirliti. Þau hafa vaxandi áhyggjur af eftirlitsstarfseminni og óttast neikvæð áhrif hennar á atvinnulíf og þjóðfélag. Því hafa flest ríkin sett af stað áætlanir um nýskipan eftirlitsstarfsemi. Nýskipan og umbótum er ætlað að bæta notkun eftirlits til að þjóna markmiðum um lýðræði, ábyrgð, þátttöku og gegnsæi og auka árangur eftirlitsstarfsemi og þjóðhagslegt gildi hennar. Nýskipan þjónar því bæði efnahagslegum og lýðræðislegum markmiðum. Nýskipan eftirlitsstarfsemi hefur yfirleitt falist í eftirtöldum þáttum:

— Yfirsýn yfir umfang eftirlitsstarfsemi og mat á heildaráhrifum hennar. Einn mikilvægasti þátturinn í nýskipan eftirlitsstarfsemi hefur verið að skapa yfirsýn yfir eftirlitsstarfsemina til að meta umfang, einkenni og afleiðingar hennar og skapa þannig grunn að heildstæðum umbótum. Til að mæta þessu hafa stjórnvöld í mörgum OECD-ríkjum sett upp kerfi til að fylgjast með eftirlitsstarfsemi, m.a. umfangi eftirlits, og hafa áræðanlegar upplýsingar um magn eftirlitsreglna. Mikilvægur þáttur í að tryggja lýðræðislegt aðhald með eftirlitsstarfsemi er að löggjafinn fái hentugar upplýsingar um eftirlit, kostnað og árangur þess.
— Mat á kostnaði og árangri eftirlitsstarfsemi. Eins og fram hefur komið er kostnaðar- og árangursmat lykilþáttur í mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits. Markmiðið er að dregið sé úr eftirliti sem ekki skilar þjóðfélagslegum ábata og auka þannig velferð og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja.
— Umbætur á reglum og skipulagi og aðferðir til að tryggja að farið sé að settum reglum. Mögulegt er að bæta árangur eftirlitsstarfsemi með því að vanda undirbúning og beina starfseminni eins markvisst og unnt er að skilgreindum markmiðum.
— Þróun nýrra valkosta við hefðbundið eftirlit. Hið opinbera ræður yfir mörgum öðrum aðferðum en eftirliti til að hafa áhrif á athafnir. Oft getur verið hagkvæmt að nota aðrar aðferðir en beint eftirlit opinberra aðila, svo sem fjárhagslegar aðferðir, markaðsaðferðir, upplýsingar og fræðslu, reglur og eftirlit að frumkvæði hagsmunaaðila.
— Setning meginreglna um eftirlitsstarfsemi. Árangursríkt getur verið að stjórnkerfið fylgi samræmdum leiðbeiningum um eftirlitsstarfsemi. Því hafa mörg ríki mótað stefnu um eftirlitsmál í formi gátlista sem stjórnvöldum er gert að fara eftir við samningu eftirlitsreglna og framkvæmd eftirlits.

Mikið veltur á því að vel sé staðið að undirbúningi og framkvæmd umbóta og þær heyri undir áhrifaaðila í stjórnkerfinu og gangi „þvert" á stjórnkerfið. Meginvandamál eftirlitsstarfsemi er að hún er skipulögð eftir þröngum fagsviðum og ýmsum mikilvægum þáttum er annaðhvort sinnt á ósamhæfðan hátt eða alls ekki sinnt. Aðilar, sem annast framkvæmd umbóta, eru jafnframt samhæfingaraðilar í eftirlitsstarfsemi.

Nýskipan eftirlitsstarfsemi hér á landi.

Þegar rætt er um eftirlitsstarfsemi og þau vandamál sem hún getur haft í för með sér má ekki gleyma að á undanförnum árum hafa orðið mikilvægar breytingar á eftirlitsstarfsemi hér á landi. Segja má að grunnurinn að nýskipan eftirlitsstarfsemi hafi að hluta til verið lagður.

Mjög hefur verið dregið úr eftirliti ríkisins með viðskiptalífi og efnahagsstarfseminni almennt. Í stað nákvæms eftirlits eru kraftar markaðarins nýttir til að skapa hagkvæmni og stöðugleika. Frelsi í viðskiptum, bæði innflutningi og útflutningi, hefur aukist, og sama gildir um fjármagnsmarkaðinn, t.d. með auknu frjálsræði í gjaldeyris- og vaxtamálum og aukinni samkeppni. Mikilvægasta breytingin á þessu sviði felst þó e.t.v. í nýjum samkeppnislögum þar sem samkeppni og markaðsbúskapur eru endanlega fest í sessi sem meginregla í viðskiptum og horfið er frá verðlagseftirliti til samkeppniseftirlits.

Mikið af því eftirliti, sem nú hefur verið afnumið, átti rætur að rekja til kreppu- og eftirstríðsáranna. Í þessu sambandi er athyglisvert að þetta eftirlit hefur oft verið kennt við höft eða haftabúskap. Hvað sem um upphaflegt gildi eftirlitsreglna má segja er ljóst að jafnvel hinar gagnlegustu eftirlitsreglur geta verið fljótar að breytast í höft þegar aðstæður breytast.

Starfsumhverfi eftirlitsstarfsemi tekur miklum breytingum um þessar mundir. Með nýjum stjórnsýslulögum eru starfshættir eftirlitsstofnana felldir í fastara form. Lögfesting þátta eins og leiðbeiningarskyldu, rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, meðalhófsreglu, andmælaréttar, upplýsingaréttar, rökstuðnings úrskurða, kæruheimildar o.fl. getur í mörgum tilfellum haft veruleg áhrif á framkvæmd eftirlits.

Með aukinni alþjóðlegri samvinnu og samruna heimamarkaða í stærri markaðssvæði verður mikil breyting á eftirlitsstarfsemi. Eftirlitsaðilar í einstökum ríkjum eru ekki lengur að hafa eftirlit með afmörkuðum heimamarkaði, heldur eru þeir orðnir þátttakendur í eftirlitsneti fjölmargra eftirlitsaðila. Ákvæði um að eftirlitsaðilar starfi eftir samræmdum reglum og geri samræmdar kröfur er að finna í fjölmörgum alþjóðasamningum og er EES-samningurinn mikilvægastur þeirra.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að þróun ýmissa grunnþátta í tæknilegu eftirliti. Staðlaráð hefur verið eflt og aukin áhersla er lögð á þátttöku í staðlastarfi, bæði hér á landi og í alþjóðlegum staðlastofnunum. Unnið er að uppbyggingu mælifræði sem er grunnur að öryggi í viðskiptum, prófunum eftirlitsaðila, ýmiss konar rannsóknar- og þróunarstarfi og iðnframleiðslu. Faggildingaraðili hefur tekið til starfa, en með faggildingu er hægt að staðfesta hæfni eftirlitsaðila (prófunar-, vottunar- og skoðunarstofa). Vottunarstarf er að hefjast hér á landi, sérstaklega vottun gæðakerfa.

Allir þessir þættir skapa mikilvægar forsendur fyrir nýskipan eftirlitsstarfsemi. Þannig gefur stöðlun færi á að stjórnvöld dragi úr setningu nákvæmra reglna um ýmis atriði en feli þess í stað hagsmunaaðilum að móta þær með sammæli. Faggilding gefur möguleika á að eftirlitsþættir, sem hingað til hafa verið í höndum opinberra eftirlitsstofnana, séu færðir til sjálfstæðra fyrirtækja.

Jafnframt hafa nýjar aðferðir verið reyndar í stað hefðbundins eftirlits. Með gæðastjórnun og innra eftirliti má draga úr opinberu eftirliti. Með því að leggja á gjöld og skatta og beita öðrum fjárhagslegum aðferðum má oft ná meiri árangri en með eftirliti. Sama gildir um fræðslu, hún skilar oft meiri árangri en eftirlit. Allar þessar aðferðir hafa verið reyndar hér á landi og mikilvægt er að halda þróun þeirra áfram.

Auk almennra breytinga á tæknilegu eftirliti hefur átt sér stað mikilvæg nýskipan á ýmsum sviðum. Verulega hefur verið dregið úr opinberu eftirliti með fiskiðnaði og eftirlitið að miklu leyti fært til fyrirtækjanna og til sjálfstæðra skoðunarstofa. Unnið er að nýskipan rafmagnsöryggismála sem gerir ráð fyrir aukinni áherslu á innra eftirlit og að skoðanir verði í höndum sjálfstæðra skoðunarstofa. Í tengslum við nýskipan rafmagnsöryggismála hefur verið unnið að þróun markaðseftirlits sem er framkvæmt af sjálfstæðri skoðunarstofu. Með stofnun Bifreiðaskoðunar Íslands var tæknileg og fagleg geta til skoðunar ökutækja byggð upp og nú geta allar faggiltar skoðunarstofur tekið að sér skoðun ökutækja. Með skilagjaldi á einnota umbúðir drykkjarvara var gjaldtöku beitt til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og tryggja endurvinnslu.

Stefna ríkisstjórnarinnar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

Þrátt fyrir að ýmislegt hafi áunnist við að tryggja aukna hagkvæmni og sveigjanleika í eftirlitsstarfsemi hins opinbera er ljóst að þörf er á sífelldri endurskoðun og hagræðingu eftirlitsstarfsemi. Eftirlit er í eðli sínu starfsemi sem tekur sífelldum breytingum og stöðugt eru að bætast við nýjar eftirlitsreglur og eftirlitssvið. Stjórnvöld á hverjum tíma verða að hafa vakandi auga með umfangi eftirlitsstarfseminnar og reyna að móta samræmda stefnu um helstu þætti. Í ljósi þessa fól ríkisstjórnin nefndinni að gera tillögur um framtíðarskipan eftirlitsstarfsemi. Nefndin gerði tillögur að heildarstefnu um eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 30. nóvember sl.

Tilgangur stefnunnar er að:

— einfalda kröfur til fyrirtækja um eftirlit og gera þeim auðveldara að uppfylla þær,
— auka þjóðhagslegt gildi eftirlits,
— draga úr heildarkostnaði við eftirlit,
— samþætta eftirlit,
— færa verkefni til sjálfstæðra aðila,
— beina gjaldtöku til þeirra sem þjónustunnar njóta.

Settar eru fram kröfur um hvaða aðferðir á að viðhafa við undirbúning og setningu eftirlitsreglna. Einungis þær eftirlitsreglur, sem uppfylla tiltekin skilyrði, komast til framkvæmda.

Aðferðirnar felast m.a. í formlegu áhættumati, mati á kostnaði og þjóðhagslegu gildi. Það ber að kanna ólíka valkosti og meta með formlegum hætti hvaða eftirlitsaðferð á best við hverju sinni. Einnig er gert ráð fyrir því að haft sé samráð, bæði innan og utan stjórnkerfisins. Tilgangur þess er ekki síst sá að þeir sem málið varðar komi að ákvörðunartöku og veiti stjórnvöldum aðhald við setningu eftirlitsreglna.

Settar eru fram nokkrar meginreglur um skipan eftirlits og um val á eftirlitsaðferð. Meðal annars eru settar fram reglur um að afskipti hins opinbera skuli vera eins takmörkuð og unnt er, að eftirlit skuli vera sveigjanlegt, að þeir sem eftirlit beinist að skuli geta valið milli ólíkra aðferða og aðila og að þeir geti notað heildstæðar aðferðir við að uppfylla ákvæði ýmissa reglna. Einnig eru settar meginreglur sem eiga að tryggja markvissa stjórnsýslu, svo sem um samþættingu verkefna, aðskilnað framkvæmdar frá stjórn-

sýslu, skýra ábyrgð og gegnsæi. Reglur eiga að vera einfaldar og veita fullnægjandi upplýsingar um eftirlit.

Stefna ríkisstjórnarinnar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera er birt sem fylgiskjal með greinargerðinni.

Helstu ákvæði frumvarpsins.

Megintilgangur laga þessara er að skapa fastan grundvöll fyrir samhæfingu opinberrar eftirlitsstarfsemi og tryggja vönduð vinnubrögð við undirbúning og setningu og endurskoðun eftirlitsreglna. Forsætisráðuneyti er falið að gegna þessu samhæfingarhlutverki og fylgjast með því að farið sé að ákvæðum laganna. Það skal hafa yfirsýn yfir eftirlitsstarfsemi og annast heildarmat á áhrifum hennar, tryggja nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni og móta aðferðir við mat á eftirlitsstarfsemi.

Lögin hafa að geyma ákvæði um að þörf fyrir eftirlitsstarfsemi, áhrif hennar og þjóðfélagslegt gildi skuli metin með formlegum hætti. Gert er ráð fyrir að þau ráðuneyti sem standa að undirbúningi og samningu eftirlitsreglna (lagafrumvarpa og reglugerða) framkvæmi matið. Forsætisráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um mat á reglugerðum og þær aðferðir við eftirlit sem leitast skal við að fylgja í lögum og reglugerðum. Þannig er forsætisráðherra falið ákveðið stefnumarkandi hlutverk um þróun eftirlitsstarfsemi.

Gerð er krafa um að stjórnvöld haldi skrá yfir eftirlitsreglur sem sé aðgengileg almenningi. Skrár frá öllum stjórnvöldum og breytingar á þeim skulu sendar forsætisráðuneyti sem þannig fær yfirsýn yfir allar gildandi eftirlitsreglur. Reglugerðir skulu hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði. Við samningu, endurskoðun og framlengingu reglugerða fer fram mat á áhrifum þeirra.

Gert er ráð fyrir að skipuð verði sérstök nefnd til ráðgjafar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera og framkvæmd laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vandasamt er að skilgreina eftirlitsstarfsemi með fullnægjandi hætti. Hið opinbera hefur margs konar eftirlit sem ekki fellur undir eftirlitsstarfsemi í skilningi laganna. Lögin ná ekki til eftirlits innan ríkisins, t.d. faglegs og fjárhagslegs eftirlits ráðuneytis með stofnun eða eftirlits ríkis með sveitarfélögum. Ekki er heldur ætlunin að lögin nái til skatteftirlits eða annars eftirlits varðandi skatta og gjöld, tollgæslu og löggæslu. Þá munu lögin ekki ná til eftirlits vegna laga sem tengjast persónulegri hegðun einstaklinga eins og sifjamála, vernd barna og ungmenna o.s.frv.

Lögunum er fyrst og fremst ætlað að taka til þeirra sérhæfðu eftirlitsreglna sem beinast að starfsemi einstaklinga og fyrirtækja. Hér er um að ræða öryggiseftirlit af ýmsu tagi og eftirlit með viðskiptalífi og atvinnustarfsemi.

Um 2. gr.

Markmið laganna er í stuttu máli að eftirlitsstarfsemi nái yfirlýstum markmiðum og hafi ekki óæskileg áhrif á þjóðfélagið. Einungis verði gripið til eftirlits ef sýnt þykir að ávinningur þjóðfélagsins sé meiri en kostnaðurinn. Þá er lögunum ætlað að vinna gegn því að eftirlitsstarfsemi mismuni einstaklingum og fyrirtækjum og takmarki athafnafrelsi nema ríkir almannahagsmunir krefjist þess og ekki sé hægt að ná sama árangri með öðrum aðferðum.

Um 3. gr.

Ráðuneytum er falið að meta þörf fyrir eftirlitsstarfsemi og hvort gildi hennar er meira en kostnaður eftirlitsins. Með áhættumati er umfang þess vanda sem eftirlitinu er ætlað að vinna gegn metið og sá skaði sem skortur á reglum og eftirliti veldur. Greina þarf orsakir og afleiðingar vandans og beita nýjustu þekkingu á viðkomandi sviði. Mikilvægt er að meta erlendar skuldbindingar vegna eftirlits því að oft er eftirlit til komið vegna erlendra skuldbindinga. Á hinn bóginn getur þátttaka í alþjóðlegu samstarfi í ýmsum tilfellum dregið úr þörf fyrir eftirlit hér á landi, t.d. þegar erlendar vörur eru viðurkenndar á grundvelli eftirlits sem haft er með þeim í framleiðsluríkinu.

Nauðsynlegt er að reyna að meta allan kostnað vegna eftirlits, þ.e. kostnað hins opinbera, fyrirtækja og einstaklinga. Oft er erfitt að meta kostnaðinn og slíkt mat er ávallt bundið nokkurri óvissu. En jafnvel ónákvæmt mat getur gefið mikilvægar vísbendingar um raunverulegan kostnað. Mat á þjóðhagslegu gildi eftirlits krefst þess að bæði kostnaður og ávinningur sé metinn. Til eru formlegar aðferðir til að framkvæma slíkt mat (kostnaðar- og nytjagreining (cost-benefit analysis) og kostnaðar- og áhrifagreining (cost-effectiveness analysis)) en einnig er hægt að nota óformlegri aðferðir til að gefa vísbendingar um þjóðhagslegt gildi.

Það er mjög mismunandi hversu umfangsmiklar einstakar eftirlitsreglur eru. Matið verður að endurspegla þetta og að sjálfsögðu verður umfang þess að vera í samræmi við umfang þeirrar eftirlitsstarfsemi sem meta á.

Um 4. gr.

Ástæða þess að rétt þykir að reglugerðir um eftirlitsstarfsemi séu með ákvæðum um gildistíma eða endurskoðun er sú staðreynd að þær eru yfirleitt tæknilegs eðlis og sniðnar að tiltekinni tækni og skipulagi. Þær úreldast því mjög fljótt. Allt of oft eru reglugerðir í gildi eftir að þær eru orðnar tæknilega úreltar eða hafa misst gildi sitt af öðrum ástæðum. Með gildistíma- og endurskoðunarákvæðum er verið að auka líkurnar á því að efni reglugerða sé endurskoðað þegar ástæða er til. Hámarksgildistími reglugerða og endurskoðunarákvæða er fimm ár. Sérstök ákvæði eru um að ekki megi framlengja reglugerð án þess að fram fari nýtt mat á áhrifum hennar.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að framkvæmd laganna verði sem mest í höndum einstakra ráðuneyta sem bera ábyrgð á eftirlitsstarfsemi. Þó er þörf á því að forsætisráðuneyti annist lágmarkssamhæfingu og sjái um sameiginleg verkefni. Ekki er gert ráð fyrir umfangsmikilli starfsemi forsætisráðuneytisins í þessu sambandi. Mögulegt er að leitað verði til aðila innan og utan ríkiskerfisins til að vinna að tilteknum verkþáttum.

Um 6. gr.

Nefndinni er ætlað að vera óháður aðili sem standi fyrir sjálfstæðum athugunum á eftirlitsstarfsemi og veiti umsagnir um hana. Þeir sem eftirlit beinist að og aðrir hagsmunaaðilar eiga að geta leitað til nefndarinnar ef þeir telja að endurbóta sé þörf og fengið umsögn hennar um erindið. Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar. Gert er ráð fyrir að í nefndinni sitji einstaklingar sem hafa sérþekkingu á eftirlitsstarfsemi eða viðfangsefnum hennar og að hún verði að hluta til skipuð hagsmunaaðilum. Eðlilegt þykir að skipunartími nefndarinnar sé bundinn við starfstíma þess forsætisráðherra sem skipaði hana, enda er gert ráð fyrir að

hún sé forsætisráðherra til ráðgjafar og að áherslur hennar mótist að hluta til af áherslum forsætisráðherra og ríkisstjórnar á hverjum tíma.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða verða gildandi eftirlitsreglur endurskoðaðar á næstu þremur árum. Í þessu felst að ráðuneyti fara á gagnrýninn hátt yfir lög og reglugerðir og framkvæma formlegt mat á ákvæðum þeirra. Í ljósi þessa mats munu þau síðan ákveða hvort ástæða sé til breytinga. Ljóst er að í mörgum tilfellum verða ráðuneyti að hafa samstarf sín á milli, enda eru oft náin tengsl milli eftirlitsreglna tveggja eða fleiri ráðuneyta. Því er gert ráð fyrir að forsætisráðuneyti muni gegna samhæfingarhlutverki í þessari endurskoðun og fylgjast með framgangi hennar.

Fylgiskjal I.

Heildarstefna um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

Þann 30. nóvember 1993 samþykkti ríkisstjórnin eftirfarandi heildarstefnu um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

1. Mat á æskilegu umfangi eftirlits.

Þegar ráðgert er að stofna til eftirlits sem ætlað er að leysa tiltekinn vanda eða þegar greina þarf þörf fyrir eftirlit skulu viðkomandi stjórnvöld láta gera úttekt á eftirgreindum þáttum áður en tillögur eru gerðar um eftirlit og fyrirkomulag þess.

1.1. Greining á þörf fyrir eftirlit.

1.1.1. Skilgreina nákvæmlega þann vanda sem er ætlað að vinna gegn og greina orsakir hans, helstu einkenni og afleiðingar.

1.1.2. Meta þá áhættu sem fólgin er í því að grípa ekki inn í athafnir einstaklinga og fyrirtækja með formlegu áhættumati og m.a. meta það fjárhagslega tjón sem þjóðfélagið verður fyrir. Áhætta skal metin á grundvelli viðurkenndra vísindalegra aðferða og nýjustu þekkingar á hverju sviði fyrir sig.

1.1.3. Kanna hvort til sé skýr lagalegur grunnur til að byggja eftirlit á.

1.1.4. Kanna hvort fyrir hendi séu alþjóðlegar skuldbindingar um eftirlit.

1.1.5. Meta að hve miklu leyti alþjóðlegt eftirlit dregur úr þörf fyrir sérstakt eftirlit hér á landi.

1.2. Mat á kostnaði við eftirlit.

1.2.1. Meta kostnað sem eftirlitsstarfsemi hefur í för með sér. Með kostnaði er átt við beinan kostnað opinberra aðila og kostnað atvinnulífs og einstaklinga.

1.2.2. Meta óbeinan kostnað samfélagsins. Slíkur kostnaður getur m.a. orðið til ef eftirlitsstarfsemi dregur úr samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja, nýsköpun o.s.frv.
1.2.3. Til að koma í veg fyrir mismunun og ójafna samkeppnisstöðu verði fjárhagsleg áhrif á einstök svið þjóðfélagsins og atvinnugreinar metin.

1.3. Mat á gildi og árangri eftirlits.
1.3.1. Meta þjóðhagslegt gildi eftirlits. Við slíkt mat skal bæði metið beint gildi eftirlits og einnig jákvæð áhrif þess á aðra þætti en þá sem meginmarkmið þess snýr að.
1.3.2. Leitast skal við að leggja fjárhagslegt mat á þjóðhagslegt gildi eftirlits.
1.3.3. Nota skal viðurkenndar aðferðir til að bera saman kostnað og áætlaðan árangur. Ef heildarumfang eftirlits er mikið skal beita viðameiri greiningaraðferðum, svo sem kostnaðar- og nytjagreiningu (cost-benefit analysis) eða kostnaðar- og áhrifagreiningu (cost-effectiveness analysis).
1.3.4. Þróa skal aðferðir til að meta hvort árangur eftirlits sé sá sem í upphafi var reiknað með.

2. Skipulag eftirlits.
Ef niðurstaða ofangreinds mats er sú að eftirlit geti leyst tiltekinn vanda og að ávinningur þess sé meiri en kostnaður skal meta hvaða eftirlitsaðferð hentar best. Við mat á því er byggt á nokkrum meginatriðum.

2.1. Eftirlitsaðferðir.
Meta verður hvaða eftirlitsaðferð hentar best í hverju tilfelli fyrir sig. Þær eftirlitsaðferðir, sem koma til greina, eru sýndar í sérstökum „eftirlitspíramíta“:



2.2. Meginatriði við val á eftirlitsaðferð.

2.2.1. Við val á eftirlitsaðferð sé metið hversu mikil hætta er á óæskilegum frávikum og hversu auðvelt er að setja skilgreindar reglur um framkvæmd eftirlits.

2.2.2. Að valin sé sú eftirlitsaðferð sem hefur mestan ávinning í för með sér að teknu tilliti til heildarkostnaðar.

2.2.3. Að opinber afskipti séu eins takmörkuð og unnt er og dregið verði úr beinni ábyrgð hins opinbera á eftirliti en þess í stað lögð áhersla á ábyrgð einstaklinga og fyrirtækja. Að ekki séu settar sértækar kröfur í lögum og reglugerðum nema slíkt sé nauðsynlegt og fremur sé beitt almennum reglum þegar slíkt er unnt.

2.2.4. Að þeir sem eftirlit beinist að geti valið milli mismunandi aðferða við að uppfylla settar reglur og milli hæfra eftirlitsaðila.

2.2.5. Að sveigjanleiki eftirlitskerfisins verði sem mestur, að leitast sé við að samþætta eftirlitsþætti og að þeir sem eftirlit beinist að geti notað heildstæðar aðferðir við að uppfylla ólík ákvæði um eftirlit.

2.2.6. Þau meginatriði, sem að ofan eru nefnd, verða best tryggð ef valin er eftirlitsaðferð eins neðarlega í eftirlitspíramítanum og unnt er. Mjög ríkir hagsmunir verða að vera til þess að réttlætanlegt sé að færa eftirlitsstarfsemi frá neðri þrepum píramítans til hinna efri.

3. Stjórnsýsla og reglur.

Við mat á skipan stjórnsýslu eftirlits skal byggt á tilteknum meginsjónarmiðum. Þær reglur (lög, reglugerðir, verklagsreglur) sem settar eru skulu einnig uppfylla tiltekin skilyrði.

3.1. Skipan stjórnsýslu.

3.1.1. Samþætta skal stjórnsýslu eftirlitsmála eftir því sem unnt er með það að markmiði að auka hagkvæmni og einfalda samskipti einstaklinga og fyrirtækja við stjórnvöld.

3.1.2. Gæta skal að því að ekki séu árekstrar milli þeirra hlutverka sem einstökum stjórnvöldum eru falin. Með þessu er átt við að það séu ekki sömu aðilar sem setji reglur, annist framkvæmd eftirlits, meti niðurstöður, felli úrskurði og ákvarði viðurlög. Sérstaklega er mikilvægt að skilið sé á milli framkvæmdar eftirlits og annarra þátta. Einnig er mikilvægt að til séu skilgreindar áfrýjunarleiðir innan stjórnsýslunnar.

3.1.3. Leita skal hagkvæmra leiða til að fjármagna eftirlitsstarfsemi. Æskilegt er að kostnaðurinn komi sem mest inn í verð þeirrar vöru og starfsemi sem er þess eðlis að þörf er talin á eftirliti. Einnig er æskilegt að kostnaðurinn lendi í ríkara mæli á þeim sem brjóta settar reglur en þeim sem virða þær.

3.1.4. Skipulag eftirlits skal vera með þeim hætti að ljóst sé hvaða aðilar bera ábyrgð á hverjum þætti þess. Eftirlitið skal vera gegnsætt, þannig að það sé ljóst í hverju það felst og hvort því sé sinnt með þeim hætti sem reglur segja til um.

3.2. Reglur.

3.2.1. Þær reglur og kröfur, sem settar eru, skulu vera eins einfaldar og unnt er og á eins skýru og auðskiljanlegu máli og unnt er. Stjórnvöld skulu veita fullnægjandi upplýsingar um eftirlitsstarfsemi.

3.2.2. Áður en nýjar reglur eru settar eða reglum breytt skal hafa samráð við önnur ráðuneyti og stofnanir sem málið varðar eða halda uppi eftirlitsstarfsemi sem beinist að einhverju leyti að sömu viðfangsefnum.

3.2.3. Áður en nýjar reglur eru settar eða reglum breytt skal hafa samráð við þá sem eftirlit beinist að. Þeim skal gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri og gera tillögur um fyrirkomulag eftirlits.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um eftirlitsstarfemi hins opinbera.

Megintilgangur með frumvarpinu er að skapa fastan grundvöll fyrir samhæfingu opinberrar eftirlitsstarfsemi og tryggja vönduð vinnubrögð við undirbúning, setningu og endurskoðun eftirlitsreglna. Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði var gengist undir þær skyldur að setja í íslenska löggjöf mikinn fjölda af reglum Evrópusambandsins. Stór hluti þessara reglna gerir kröfur um eftirlit af einhverju tagi.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að endurskoðun á eftirlitsstarfsemi sé þáttur í þeirri almennu viðleitni stjórnvalda að hagræða í ríkisrekstri og endurmeta hvaða verkefni er eðlilegt að ríkið annist. Ýmis ákvæði eru í frumvarpinu sem ætla má að geti leitt til lægri kostnaðar við eftirlitsstarfsemi en ella yrði. Það er þó verulega háð því að kostnaður við eftirlitið sé að stærstum hluta borinn af þeim sem eftirlitið beinist að og ætlað er að vernda, þ.e. framleiðendum og neytendum. Má þar í fyrsta lagi nefna ákvæði í 3. gr. sem kveður á um að þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til eftirlits skal viðkomandi ráðuneyti meta þörf fyrir eftirlitsstarfsemi og hvort gildi hennar sé meira en kostnaður þjóðfélagsins. Í öðru lagi geta þeir aðilar, sem eftirlit beinist að, og aðrir þeir sem hagsmuni hafa af eftirlitsstarfsemi, óskað eftir athugun sérstakrar ráðgjafarnefndar á tilteknum þáttum eftirlitsstarfseminnar. Loks er í 4. gr. kveðið á um að reglugerðir um eftirlitsstarfsemi skuli hafa takmarkaðan gildistíma, að hámarki fimm ár. Þetta ákvæði ætti að gefa tilefni til að fella úr gildi eftirlitsreglur sem hafa lítið gildi. Eigi ofangreind atriði að leiða til lækkunar kostnaðar skiptir miklu að kostnaður við eftirlitið sé að stærstum hluta borinn af þeim sem eftirlitið beinist að og er ætlað að vernda, þ.e. framleiðendum og neytendum.

Forsætisráðuneyti er ætlað að annast framkvæmd laganna. Gera má ráð fyrir að árlegur kostnaður ráðuneytisins vegna þessa verði að lágmarki 5–6 m.kr. Er þá gert ráð fyrir launum eins starfsmanns og rekstrarkostnaði honum tengdum, þóknun til eftirlitsnefndar og lítils háttar kaupum á sérfræðiþjónustu.

1214. Nefndarálit [254. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og komu á fund hennar fulltrúar fjármálaráðuneytisins. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Akureyrarhöfn, hafnarstjórn Reykjavíkur, hafnarstjórn Ísafjarðar, ferðamálaráði Íslands og Verslunarráði Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 4. maí 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Guðjón Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Ingi Björn Albertsson.

1215. Nefndarálit [478. mál]

um frv. til l. um breyt. á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Frumvarp til laga um breytingu á þjóðminjalögum kom seint fram á þessu þingi, en það felur í sér veigamiklar breytingar á skipulagi og stjórn stofnunarinnar. Að dómi minni hlutans gafst allt of skammur tími til að fjalla um málið og ljóst að skiptar skoðanir eru um þær breytingar, sem verið er að gera, meðal þeirra sem komið hafa nálægt rekstri safnsins.

Svo sem kunnugt er hefur verið illa búið að Þjóðminjasafninu um árabil svo sem sjá má á húsakynnum safnsins sem nú þarfnast verulegra og kostnaðarsamra viðgerða. Allt innra skipulag safnsins, þ.e. sýningar og aðstaða, er afar gamaldags og hvergi nærri í takt við þær hugmyndir sem nú eru uppi um rekstur safna og það hvernig hægt er að gera minjar fortíðarinnar aðgengilegar nútímafólki. Víða um heim hafa gömul söfn verið endurskipulögð og má nefna sem dæmi um það breytingarnar á þjóðminjasafni Dana í Kaupmannahöfn. Sú framkvæmd var geysilega dýr, en tókst vel og hefur leitt til þess að stöðugur straumur fólks er í safnið, enda spennandi og fræðandi bæði fyrir börn og fullorðna að heimsækja það. Annað dæmi um nútímalegt safn á Norðurlöndum er þjóðminjasafn Álandseyja sem fyrir nokkrum árum fékk verðlaun Evrópuráðsins sem frumlegt og gott safn. Þjóðminjasafn Íslands þarfnast mikillar endurskipulagningar að dómi undirritaðrar, en til þess að það megi takast þarf auk fjármagns gott stjórnkerfi og góðan starfsanda.

Lögin sem samþykkt voru 1989 og 1991 hafa reynst gölluð og allmikil átök hafa orðið í kringum framkvæmd þeirra, sérstaklega á fornminjasviðinu. Undirrituð fær ekki séð að þær breytingar, sem nú er verið að gera, leysi þann vanda á nokkurn hátt og telur að menntamálanefnd hefði átt að taka sér góðan tíma í málið og leita leiða til að bæta ástandið innan safnsins. Sérstaklega hefði þurft að huga betur að skipan þjóðminjaráðs en undirrituð hefur efasemdir varðandi þá leið sem þar er farin.

Við meðferð málsins í nefndinni kom í ljós að skiptar skoðanir eru um það atriði að afnema deildarskiptingu safnsins úr lögum. Þar býr að baki ótti um að ákveðinn hluti menningarsögunnar og minjavörslunnar verði út undan, sérstaklega það sem snýr að textíl og íslenskum fatnaði fyrri tíma. Sú deild snertir menningu kvenna sérstaklega og vill undirrituð benda á hve nauðsynlegt er að varðveita og rannsaka þann arf sem felst í vefnaði, hannyrðum og fatagerð kvenna öld fram af öld. Íslenski kvenbúningurinn er kapítuli út af fyrir sig, eitt af okkar sérkennum sem ekki má gleymast þegar í hlut eiga varðveisla og rannsóknir á menningarsögunni.

Það er augljós kostur fyrir safnið að geta ráðið og breytt deildarskiptingu án þess að til þurfi að koma lagabreytingar, en til að tryggja að ákveðin svið verði ekki út undan mætti skilgreina hlutverk safnsins betur í lögunum. Það verður ekki gert að sinni, því miður.

Þá komu fram mjög athyglisverðar hugmyndir í umfjöllun nefndarinnar um það hvernig beri að skipa umsjón með fornleifum í landinu. Annars staðar á Norðurlöndunum teljast fornleifar og fornleifarannsóknir til umhverfismála, en ekki hluti af safnrekstri. Með því næst yfirsýn og samhengi milli skipulagsmála, ýmiss konar framkvæmda og varðveislu fornminja. Að þessu sinni gafst ekki tími til að skoða þessar hugmyndir nánar, en þegar kemur að allsherjarendurskoðun þjóðminjalaganna er vert að huga betur að skipan þessara mála.

Niðurstaða undirritaðrar er sú að betur hefði þurft að skoða skipulagsmál og stjórnkerfi safnsins og að hér sér of geyst farið með því að afgreiða frumvarpið með svo miklum hraða. Þingkonur Kvennalistans leggjast ekki gegn breytingum á þjóðminjalögunum en munu sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1994.

Kristín Ástgeirsdóttir.

1216. Nefndarálit [554. mál]

um frv. til l. um reynslusveitarfélög.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Á síðastliðnu vori var samþykkt á Alþingi þingsályktun um heimild til að hefja undirbúning að stofnun reynslusveitarfélaga. Samstaða náðist um málið eins og það var kynnt. Gert var ráð fyrir því að reynslusveitarfélögin yrðu fimm og gerður yrði samningur milli þeirra og félagsmálaráðuneytisins um verkefni, tekjustofna og undanþáguákvæði laga og reglugerða. Þegar samningar lægju fyrir í meginatriðum yrði lagafrum-

varp flutt á grundvelli þeirra. Meginatriði hugmyndarinnar var að hafa fá og vel afmörkuð tilraunaverkefni sem framkvæmd yrði í fáum en ólíkum sveitarfélögum.

Skemmst er frá því að segja að í frumvarpinu er blaðinu snúið við í öllum aðalatriðum.

— Lagt er til að reynslusveitarfélög verði 12 í stað 5. Valdir hafa verið 15 umsækjendur og verða reynslusveitarfélögin 12 úr þeirra hópi. Þar eru nær öll fjölmennustu sveitarfélög landsins. Spyrja má hvort ástæða sé til þess að gera tilraun með verkefni í sveitarfélögum þar sem allt að ⅔ landsmanna búa. Eðlilegra væri þá að stíga skrefið til fulls að flytja verkefnið frá ríki til sveitarfélaga.
— Engin takmörk eru sett um fjölda tilraunaverkefna í hverju reynslusveitarfélagi. Það þýðir að mögulegt er að hafa fjöldann allan af tilraunaverkefnum í hverju sveitarfélagi og sama verkefnið gæti líka verið í öllum reynslusveitarfélögunum. Með þessu er hætt við því að verkefnið sjálft renni út í sandinn.
— Í stað þess að leggja fram frumvarp, byggt á samningum milli ríkisins og reynslusveitarfélaganna, og óska eftir tilteknum frávikum frá gildandi lögum er lagt fram frumvarp sem veitir opnar heimildir til ráðherra að víkja frá lögum. Eftirtektarvert er að það er samkvæmt frumvarpinu á valdi ráðherra að meta hvenær honum er heimilt að víkja frá lögum og þá á hvaða hátt.

Megingalli frumvarpsins er einmitt sá að ekki hefur verið unnið að málinu eins og til var ætlast. Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að fyrir liggi samningar milli ríkisins og reynslusveitarfélaganna þar sem fram komi hvaða verkefni verði flutt frá ríki til sveitarfélaganna og undan hvaða lagaskyldum megi víkja með vísan til tilgreindra laga og lagaákvæða. Á grundvelli slíkra fyrirliggjandi samninga mundi Alþingi afgreiða frumvarp til laga um reynslusveitarfélög.

Að mati minni hlutans er eðlilegast að málið verði unnið eins og þingsályktun Alþingis gerir ráð fyrir og að framan er greint. Er því lagt til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. maí 1994.

Kristinn H. Gunnarsson.

1217. Nefndarálit [478. mál]

um frv. til l. um breyt. á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur einkum í sér breytingar á þeim ákvæðum núgildandi þjóðminjalaga sem varða stjórn og skipulag þjóðminjavörslu. Frumvarpið er afrakstur endurskoðunar sem kveðið er á um í 54. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, að gerð skuli innan fimm ára frá gildistöku laganna. Í athugasemdum með frumvarpinu er hvatt til að fram fari á næstunni endurskoðun á öðrum þáttum laganna.

Nefndin fékk á fund sinn við umfjöllun um málið Guðmund Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörð, Árna Gunnarsson, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneyti, Árna Björnsson, Elsu E. Guðjónsson og Ingu Láru Baldvinsdóttur, deildarstjóra í Þjóðminjasafni, Lilju Árnadóttur, safnstjóra Þjóðminjasafns, Hallgerði Gísladóttur, formann Félags íslenskra safnamanna, Ólaf Ásgeirsson, formann þjóðminjaráðs, Sveinbjörn Rafnsson, formann fornleifanefndar, Margréti Hermanns-Auðardóttur fornleifafræðing, Kristin Magnússon og Bjarna F. Einarsson, fulltrúa Félags íslenskra fornleifafræðinga, Magnús Oddsson, framkvæmdastjóra ferðamálaráðs, Þór Magnússon þjóðminjavörð og Þórð Tómasson, safnstjóra Byggðasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga. Þá studdist nefndin við umsagnir frá Félagi íslenskra safnamanna, Elsu E. Guðjónsson, deildarstjóra í Þjóðminjasafni, Guðmundi Ólafssyni, fornminjaverði í Þjóðminjasafni, og Sveinbirni Rafnssyni, formanni fornleifanefndar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Í umfjöllun nefndarinnar var rætt um skiptingu safnsins í deildir og mikilvægi þess að vel sé búið að helstu þáttum í starfsemi þess. Þau sjónarmið komu fram að æskilegt væri að skilgreina með nákvæmari hætti en gert er í gildandi lögum markmið Þjóðminjasafnsins og þjóðminjavörslu í landinu. Meiri hlutinn leggur áherslu á að tekið verði tillit til framangreindra sjónarmiða þar eð hér er einungis um að ræða fyrsta skref í heildarendurskoðun þjóðminjalaga sem mikilvægt er að haldið verði áfram hið fyrsta.

Breytingar, sem meiri hlutinn leggur til, eru eftirfarandi: Lagt er til að orðalag 1. gr. verði lagfært í samræmi við núgildandi skipan samtaka kennara. Þá er lagt til að í 2. gr. verði skýrar kveðið á um hvaða fulltrúar í fornleifanefnd skuli skipa sérfræðinga á sviði fornleifafræði. Loks er lögð til orðalagsbreyting á 4. gr. sem tekur af tvímæli um að Þjóðminjasafn skuli deildaskipt í framtíðinni.

Alþingi, 4. maí 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.	Árni Johnsen.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Petrína Baldursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson, með fyrirvara.
Björn Bjarnason.		Tómas Ingi Olrich.

1218. Breytingartillögur [478. mál]

við frv. til l. um breyt. á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, VS, ÁJ, SvG, PBald, ÓÞÞ, BBj, TIO).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „Bandalag kennarafélaga einn“ í 2. efnismgr. komi: Hið íslenska kennarafélag og Kennarasamband Íslands einn sameiginlega.
2. Við 2. gr. Í stað 2. og 3. málsl. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fjögurra ára í senn. Háskóli Íslands og Félag íslenskra fornleifafræðinga tilnefna einn fulltrúa hvor og skulu þeir hafa háskólapróf í fornleifafræði sem aðalgrein. Þjóðminjaráð tilnefnir einn fulltrúa.

3. Við 4. gr. Fyrri málsliður 3. efnismgr. orðist svo: Um deildaskiptingu safnsins skal mælt fyrir í reglugerð að fengnum tillögum þjóðminjaráðs.

1219. Nefndarálit [268. mál]

um frv. til l. um stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íþróttamenn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, en samhljóða frumvarp var lagt fram á 115. og 116. löggjafarþingi. Nefndin hefur kynnt sér umsagnir um málið frá fjármálaráðuneyti, íþróttanefnd ríkisins og menntamálaráðuneyti og Íþróttakennaraskóla Íslands.

Nefnd, sem menntamálaráðherra skipaði árið 1992 til að endurskoða núgildandi íþróttalöggjöf, hefur nú lokið störfum og vinna að frumvarpi til nýrra íþróttalaga er á lokastigi. Í drögum að frumvarpinu er m.a. kveðið á um íþróttasjóð og sérstakan stuðning við afreksfólk í íþróttum. Með vísan til framangreinds leggur menntamálanefnd til að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Ólafur Þ. Þórðarson og Tómas Ingi Olrich voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.	Svavar Gestsson, frsm.	Árni Johnsen.
Valgerður Sverrisdóttir.	Petrína Baldursdóttir.	Björn Bjarnason.
	Kristín Ástgeirsdóttir.	

1220. Frumvarp til laga [625. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, ásamt síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Á landsvæði því, er um getur í 2. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt nema til komi leyfi umhverfisráðherra að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs.

b. Á eftir 1. mgr. bætist við ný málsgrein:

Kísilgúrnám á botni Mývatns er óheimilt. Þó er heimilt að vinna kísilgúr úr botni á tilteknu svæði í Ytriflóa til ársloka 2010. Svæði þetta er skilgreint nánar í námaleyfi til Kísiliðjunnar hf. útgefnu af iðnaðarráðherra 7. apríl 1993.

c. 4. mgr. orðast svo:

Þá eru heimilar án sérstaks leyfis byggingar samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi Náttúruverndarráð fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mývatns- og Laxársvæðið í Suður-Þingeyjarsýslu er verndað með lögum nr. 36 frá árinu 1974. Auk þess njóta Mývatn og Laxá alþjóðlegrar verndar samkvæmt samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar-samþykktin) sem Ísland varð aðili að 2. desember 1977.

Mývatn og Laxá eru án efa auðugasta vatnakerfi landsins og eiga sér enga hliðstæðu á norðurhveli jarðar. Fegurð landslags við vatnið og ána er við brugðið og í Mývatnssveit eru fjölbreyttari jarðmyndanir en víðast annars staðar. Það er þó lífríki þessa svæðis sem gerir það einstætt og þá sérstaklega fuglalífið.

Í Mývatnssveit eru fjölbreytilegir landkostir sem hafa löngum verið undirstaða athafnasams mannlífs. Nýting þessara landkosta krefst varúðar eigi ekki að skaða sérstætt lífríki og landslag. Tilgangur laga nr. 36/1974 um Mývatn- og Laxársvæðið er að stuðla að verndun og er Náttúruverndarráði m.a. falið með lögunum að ákvarða hversu langt teljist óhætt að ganga í hvers konar atvinnustarfsemi á svæðinu þannig að verndun jarðsögulegra minja, landslags, dýralífs og gróðurs sé tryggð.

Þegar lögin um verndun Mývatns og Laxár tóku gildi hafði Kísiliðjan hf. starfað í rúm sex ár samkvæmt lögum nr. 80/1966. Með bréfi dags. 13. ágúst 1966 veitti iðnaðarráðherra Kísiliðjunni námaleyfi til 20 ára. Nýtt leyfi var gefið út 10. desember 1986 og gildir til ársins 2001 með ákvæðum um endurskoðun eftir fimm ár á þeim takmörkum sem vinnslunni voru sett í vatninu. Áður höfðu orðið töluverð átök um námaleyfið á milli þeirra sem vildu tryggja áframhaldandi rekstur verksmiðjunnar og annarra sem töldu að kísilgúrnám á botni vatnsins hefði skaðleg áhrif á lífríki þess. Niðurstaða þeirrar deilu varð málamiðlun sem fólst m.a. í því að námavinnslan var takmörkuð við ákveðið svæði í Ytriflóa fyrstu fimm árin. Jafnframt var skipuð nefnd sérfræðinga, sem var endurskipuð í janúar 1989, til „að gefa sérfræðilegt mat á því hver áhrif séu af starfrækslu Kísiliðjunnar á lífríki Mývatns og hverjar verði líklegar afleiðingar áframhaldandi starfsemi hennar fyrir lífríki vatnsins, verði starfsleyfi Kísiliðjunnar framlengt og vinnslusvæði hennar stækkað".

Sérfræðinganefnd þessi skilaði áliti í júlí 1991. Á grundvelli þeirra niðurstaðna, sem þar eru fram settar, taldi nefndin fjóra kosti koma til greina hvað varðar framhald kísilgúrnáms í Mývatni án þess þó að taka afstöðu til þeirra:

1. Að loka Kísiliðjunni hið fyrsta og taka þannig enga áhættu varðandi frekari áhrif hennar á lífríki Mývatns.
2. Að framlengja eins og kostur er dælingu í Ytriflóa, þó þannig að áhrif á uppeldissvæði og fæðuöflunarsvæði varpfugla verði sem minnst og ekki verði verulegur setflutningur úr Syðriflóa í Ytriflóa.
3. Að leyfa takmarkaða vinnslu í Syðriflóa á svonefndum Bolum, en rannsaka jafnframt áhrif þeirrar vinnslu á lífríki vatnsins. Ef rannsóknir sýndu að slík áhrif yrðu óviðunandi mætti stöðva vinnsluna en leyfa í hennar stað aftur vinnslu í takmarkaðan tíma í Ytriflóa.

4. Að leyfa áframhaldandi dælingu kísilgúrs í Mývatni án nokkurra takmarkana.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar er athygli sérstaklega beint að setflutningum í vatninu, áhrifum kísilgúrnámsins á þá og hugsanlegri röskun á lífríki vatnsins vegna þeirra.

Iðnaðarráðherra skipaði í ársbyrjun 1992, í samráði við umhverfisráðherra, ráðgjafahóp til að gera tillögu um rannsóknaáætlun er taki til breytinga á setflutningum sem orsakast af námavinnslu Kísiliðjunnar og meti áhrif þeirra á lífkerfi vatnsins. Jafnframt var hópnum falið að skilgreina nánar þá kosti sem um er að velja hvað varðar takmarkanir á kísilgúrnámi verksmiðjunnar meðan á rannsókn stendur. Ráðgjafahópurinn skilaði áliti í mars 1992 þar sem m.a. var lagt til að efnistaka Kísiliðjunnar hf. úr botni Mývatns verði áfram á sama svæði og áður í Ytriflóa meðan frekari rannsóknir verða gerðar á setflutningum, en námaleyfið yrði síðan endurskoðað í ársbyrjun 1993 þegar niðurstöður þeirra rannsókna lægju fyrir.

Iðnaðarráðherra breytti námaleyfinu í samræmi við tillögu ráðgjafahópsins 1. apríl 1992 og umhverfisráðherra skipaði starfshóp 6. maí 1992 til að annast rannsóknirnar. Í þriggja ára rannsóknaáætlun, sem hópurinn vann eftir, voru fram settar eftirfarandi fjórar meginspurningar:

1. Hvernig er setflutningum háttað í Mývatni miðað við núverandi ástand?
2. Hvernig er líklegt að setflutningum hafi verið háttað fyrir námavinnslu og landris?
3. Hvernig er líklegt að setflutningar breytist við áframhaldandi kísilgúrnám miðað við mismunandi staðsetningu námasvæða?
4. Hver eru líkleg áhrif breytinga á setflutningum á lífríkið?

Gert var ráð fyrir að á fyrsta ári rannsóknanna fengjust svör við fyrstu þremur spurningunum sem allar sneru beint að flutningi setefna í vatninu en áhersla yrði lögð á lífríkisþáttinn síðari tvö ár rannsóknanna.

Verkefnishópurinn skilaði greinargerð 26. mars 1993 um niðurstöður rannsókna ársins 1992. Rannsóknirnar beindust annars vegar að mælingum á straumum og setflutningum í vatninu og vindi við vatnið og hins vegar að gerð reiknilíkans til að líkja eftir straumum og setflutningum í vatninu. Líkanið var síðan notað til þess að meta hvernig setflutningum er háttað í Mývatni miðað við núverandi ástand og hvernig því var háttað fyrir námavinnslu Kísiliðjunnar hf. og landris samhliða Kröflueldum. Líkanið var einnig notað til þess að áætla breytingar á setflutningum í vatninu miðað við mismunandi staðsetningu nýrra námasvæða fyrir verksmiðjuna. Helstu niðurstöður þessara rannsókna eru:

1. Setflutningar í Mývatni ráðast fyrst og fremst af vindknúðum straumum í vatninu, einkum suðvestlægum vindum. Setflutningar verða mun meiri þegar vindhraði fer yfir 5 vindstig en áður hefur verið talið og samsvarar það magn sem á ferðinni er nýmyndun sets í mörg ár.
2. Ytriflói er tiltölulega einangraður frá syðri hluta vatnsins hvað varðar strauma og setflutninga. Óverulegar breytingar hafa átt sér stað hvað varðar setflutninga frá Ytriflóa til Syðriflóa við þá röskun sem orðið hefur vegna námavinnslu Kísiliðjunnar og landriss vegna eldsumbrota.
3. Frekari námavinnsla í Ytriflóa mun ekki hafa teljandi áhrif á Syðriflóa, a.m.k. ekki í tengslum við strauma og setflutninga. Jafnframt eru vinnslumöguleikar í Ytriflóa talsvert meiri en áður hefur verið talið.

4. Námavinnsla á svokölluðum Bolum í Syðriflóa mundi samkvæmt líkaninu hafa veruleg áhrif á setflutninga og strauma í Syðriflóa á Bolum. Settap í gryfjum á Bolum yrði mun meira en nýmyndun sets á Bolum. Að mati verkefnishópsins hefði langvarandi námavinnsla á Bolum í för með sér verulegar breytingar á lífsskilyrðum í Mývatni. Sú námavinnsla, sem helst er talin möguleg sunnan Teigasunds, er vinnsla grunnra gryfja til suðurs frá Neslandatanga eða djúpra gryfja með lítið flatarmál á norðanverðum Bolum eða sambland af báðum þessum kostum.

Þessar niðurstöður veittu skýrari svör en búist var við, sérstaklega hvað varðar þá áhættu sem tekin yrði með því að heimila námavinnslu í Mývatni sunnan Teigasunds. Ljóst þykir að námavinnsla í Syðriflóa getur haft í för með sér verulegar breytingar á lífsskilyrðum í Mývatni.

Iðnaðarráðherra gaf út nýtt námaleyfi fyrir Kísiliðjuna hf. í samráði við umhverfisráðherra 7. apríl 1993. Við leyfisveitinguna var tekið mið af niðurstöðum rannsókna og þeim félagslegu og fjárhagslegu hagsmunum sem í húfi eru fyrir íbúa svæðisins og þjóðfélagið í heild. Ákveðið var að kísilgúrnám af botni Mývatns verði bundið við afmarkað svæði í Ytriflóa en námaleyfið jafnframt framlengt til ársloka 2010 í því skyni að eyða óvissu um framtíð fyrirtækisins. Þau svæði, sem ekki verður heimilt að vinna kísilgúr úr í Ytriflóa, eru þýðingarmikil fyrir afkomu fugla- og fiskstofna Mývatns og Laxár. Þar eru t.d. riðstöðvar urriða og svæði sem eru íslaus að vetrum og því athvarf fyrir þær endur sem hafa vetursetu á Mývatni og Laxá. Þessar vakir eru einnig þýðingarmiklar fyrst á vorin þegar aðrar andategundir koma til Mývatns af vetrarstöðvum sínum í Evrópu. Á þeim svæðum í Ytriflóa, þar sem óheimilt verður að vinna kísilgúr, eru einnig mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir andarunga og helstu fæðuöflunarsvæði gráanda. Þarna er einnig verulegur hluti flórgoðastofnsins á Íslandi sem þýðir að verði lífsskilyrði hans á þessu svæði skert að ráði er hætta á að stofninn minnki verulega eða hverfi.

Sú ákvörðun, sem tekin var með útgáfu nýs námaleyfis, að heimila kísilgúrnám í Mývatni til ársins 2010 en takmarka vinnsluna við tiltekið svæði í vatninu á að tryggja að ekki verði um verulega röskun á lífríki vatnsins að ræða vegna kísilgúrnáms í framtíðinni. Mat þetta er byggt á þeirri vitneskju sem liggur fyrir um dýr og gróður og um eðli og umfang strauma og setflutninga í vatninu. Það er skoðun umhverfisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis að með ákvörðun þessari hafi náðst ásættanleg lausn þar sem í senn er tekið tillit til umhverfisverndar og atvinnusjónarmiða.

Frumvarp þetta um breytingu á lögum um verndun Mývatns og Laxár er flutt með hliðsjón af þessari sameiginlegu niðurstöðu umhverfis- og iðnaðarráðuneytis.

Eðlilegt þykir að gera einnig þá breytingu á lögunum að umhverfisráðherra veiti leyfi skv. 3. gr. í stað Náttúruverndarráðs. Breyting þessi er liður í endurskoðun á hlutverki Náttúruverndarráðs og stjórn náttúruverndarmála sem leiðir af stofnun umhverfisráðuneytis. Náttúruverndarráð fjallaði um frumvarp þetta á fundi sínum 6. apríl 1993 og samþykkti að mæla eindregið með að frumvarpið verði að lögum.

1221. Nefndarálit [600. mál]

um till. til þál. um samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar.
Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1994.

Björn Bjarnason, form., frsm. | Rannveig Guðmundsdóttir. | Páll Pétursson.
Ólafur Ragnar Grímsson. | Geir H. Haarde. | Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Guðmundur Bjarnason. | Árni R. Árnason.

1222. Nefndarálit [543. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um líffræðilega fjölbreytni.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana jafnframt umhverfisnefnd til umsagnar og mælir hún með samþykkt hennar. Umsögn umhverfisnefndar er birt sem fylgiskjal með áliti þessu.
Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.
Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1994.

Björn Bjarnason, form., frsm. | Rannveig Guðmundsdóttir. | Ólafur Ragnar Grímsson.
Páll Pétursson. | Geir H. Haarde. | Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Guðmundur Bjarnason. | Árni R. Árnason.

Fylgiskjal.

Umsögn umhverfisnefndar.
(2. maí 1994.)

Umhverfisnefnd hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um líffræðilega fjölbreytni, 543. mál, sbr. bréf utanríkismálanefndar, dags. 8. apríl sl.

Nefndin fékk á sinn fund frá umhverfisráðuneyti Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóra og Karitas Gunnarsdóttur deildarsérfræðing. Einnig kom á fund nefndarinnar Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, en hann var fulltrúi Íslendinga á milliríkjaráðstefnum þar sem unnið var að undirbúningi samningsins.

Með samningnum skuldbinda aðildarríkin sig til að varðveita líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi og erfðaauðlindir (erfðaefni), jafnt og einstakar tegundir lífvera. Staðfest er að ríki hafi fullveldisrétt yfir eigin auðlindum og beri ábyrgð á að nýta þær á sjálfbæran hátt. Eitt af meginmarkmiðum samningsins er að stuðla að sanngjarnri skiptingu hagnaðar af erfðaauðlindum og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær. Samningurinn gerir ráð fyrir að þróunarlönd njóti aðstoðar þróaðra ríkja til að uppfylla ákvæði hans, m.a. fjárhagslegrar. Í samningnum er rík áhersla lögð á að aðildarríki verndi upprunaleg vistkerfi. Kveðið er á um að skrá skuli með skipulegum hætti lifandi náttúru til sjós og lands og ef þörf krefur skuli komið upp verndarsvæðum þar sem gerðar verði ráðstafanir til að varðveita líffræðilega fjölbreytni. Samningsaðilum ber að fylgjast vel með innflutningi tegunda og koma í veg fyrir að þær skaði innlend vistkerfi. Þá eru í samningnum ákvæði um takmörkun á meðhöndlun erfðabreyttra lífvera og erfðaefna sem geta skaðað upprunalegt umhverfi. Einnig er fjallað um líftækni. Um efni samningsins að öðru leyti vísast til greinargerðar frá umhverfisráðuneyti.

Nefndin bendir á að æskilegt hefði verið að í greinargerð með samningnum hefði komið fram hvern kostnað umhverfisráðuneyti og önnur ráðuneyti telji líklegt að hljótist af skuldbindingum í tengslum við samninginn. Einnig hefði verið æskilegt að frumvarpinu fylgdi greinargerð um lagalegar skuldbindingar sem af samningnum leiðir, rannsóknarþörf og framkvæmdaáætlun, sbr. m.a. 7.–10. gr. samningsins, þar á meðal varðandi strandsvæði og hafsvæði innan íslenskrar lögsögu. Þá virðast tiltekin atriði varðandi einkaleyfarétt vera óljós, sbr. einkum 16. gr., sem fjallar um líftækni, svo og 22. gr. (sbr. bréf Einkaleyfastofunnar, dags. 12. október 1993). Umhverfisnefnd leggur áherslu á að umhverfisráðuneyti hafi forgöngu um að réttarstaða að þessu leyti verði könnuð hið fyrsta.

Nefndin telur mikilvægt að umhverfisráðuneyti leggi fram á Alþingi við upphaf næsta þings ítarlega skýrslu þar sem fram komi staða Íslendinga í ljósi ákvæða samningsins og hvernig ráðuneytið hyggst á næstunni standa að framkvæmd hans. Slík samantekt ætti að geta fallið vel að nauðsynlegum undirbúningi Íslendinga vegna aðildar að samningnum. Í trausti þess að það verði gert og með vísan til framangreinds telur umhverfisnefnd æskilegt að Alþingi staðfesti sem fyrst þennan þýðingarmikla samning. Samningurinn öðlaðist gildi 29. desember sl. er 30 ríki höfðu staðfest hann, en nú liggur fyrir staðfesting 53 ríkja.

F.h. umhverfisnefndar,

Kristín Einarsdóttir,
form.

1223. Svar [594. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um þróunardeild Fiskveiðasjóðs.

1. Hvert er verksvið þróunardeildar Fiskveiðasjóðs?

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 135 frá 30. desember 1989 er hlutverk þróunardeildar „að veita lán til markaðsmála, rannsókna og þróunarverkefna á öllum sviðum sjávarútvegs. Deildinni er heimilt að veita styrki í sama tilgangi.“ Þá segir enn fremur í 2. gr. reglugerðar nr. 488 frá 10. desember 1990: „Hlutverk þróunardeildar er að efla rannsóknir, þróun og nýjungar á sviði veiða, vinnslu og sölumála. Við lán og styrkveitingu skal einkum leitast við að efla hagnýtar rannsóknir og markaðsstarf og skulu verkefni sem að hluta til eru fjármögnuð af öðrum að jafnaði hafa forgang.“

2. Hvernig var ráðstafað fjármagni deildarinnar 1991, 1992 og 1993?

Auk greiðslna afborgana og vaxta af skuldum hafa verið veittir styrkir eins og fram kemur á eftirfarandi yfirliti.

Samþykktir og greiddir styrkir þróunardeildar árin 1991, 1992 og 1993.*

Lýsing verkefnis	Samþykkt upphæð	Greiddir styrkir 1991–93	Eftirst. styrks	Samþ. á stjfundi
1991:				
Gæðaátak í sjávarútvegsf.	6.500.000	6.500.000	0	26.2.91
Þróun róbota (BRITE/EURAM)	2.400.000	1.600.000	800.000	26.2.91
Kynning á fyrirtækjanetum	750.000	750.000	0	26.2.91
Myndgreinir	10.000.000	10.000.000	0	26.2.91
Möguleikar kúfiskvinnslu	1.000.000	750.000	250.000	26.2.91
Könnun og veiðar á ígulkerum	650.000	650.000	0	11.6.91
Könnun og veiðar á ígulkerum	650.000	650.000	0	11.6.91
Tilraunavinnsla á marningi, markaðssetning	1.000.000	1.000.000	0	23.4.91
Samtals	**22.950.000**	**21.900.000**	**1.050.000**	
1992:				
Þróun á fiskv.vél	5.000.000	5.000.000	0	3.3.92
Búnaður til rannsókna á botndýrum	3.500.000	3.500.000	0	3.3.92
Eldi sjávardýra	10.000.000	10.000.00	0	29.6.92
Fyrirtækjanet 1992	1.400.000	700.000	700.000	22.5.92
Framhaldsrannsóknir á ígulkerum	2.000.000	2.000.000	0	3.3.92
Samtals	**21.900.000**	**21.200.000**	**700.000**	
Samtals 1991–1993	**44.850.000**	**43.100.000**	**1.750.000**	

*Engir styrkir voru samþykktir á árinu 1993.

1224. Svar [592. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Matthíasar Bjarnasonar um Fiskimálasjóð og hagræðingardeild Fiskveiðasjóðs.

1. *Hverjar voru árlegar styrkveitingar Fiskimálasjóðs síðustu fimm árin sem hann starfaði?*

   Þess er óskað að fjárhæðir verði gefnar upp á verðlagi hvers árs fyrir sig og jafnframt á verðlagi í lok síðasta árs; enn fremur að fram komi í svari sundurliðun fjárhæða til markaðsöflunar og til nýsköpunar í sjávarútvegi.

Meðfylgjandi eru tölur og súlurit, svo og tæmandi listar um styrkveitingar. Umbeðin sundurliðun fjárhæða til markaðsöflunar og til nýsköpunar í sjávarútvegi liggur ekki fyrir.

2. *Hve miklu hefur hagræðingardeild Fiskveiðasjóðs varið til hagræðingar frá því hún var stofnuð með lögum nr. 10/1984? Hver eru árleg framlög til deildarinnar og hvaða upphæðir hefur deildin greitt og til hvaða verkefna?*

Umrædd deild var stofnuð með bráðabirgðalögum nr. 46 frá 5. apríl 1983 og starfaði samkvæmt þeim lögum og reglugerð nr. 194 frá 7. apríl 1983. Fjárhagur deildarinnar var og er algjörlega aðskilinn frá fjárhag Fiskveiðasjóðs Íslands. Deildin veitti 62 lán, það fyrsta 22. apríl 1983 og það síðasta 5. desember 1983. Samtala upphaflegra lánsfjárhæða var 122.100.000 kr. Þarna var um að ræða einsskiptisathöfn hvað úthlutun varðar en langtímavanda í innheimtu. Hlutverki deildarinnar lauk sem sé nokkrum mánuðum áður en staðfestingarlögin, þ.e. tilvitnuð lög nr. 10/1984, tóku gildi. Utan upphaflegrar lántöku hefur deildin engin framlög fengið, hvorki árleg né önnur. Það skal ítrekað að deildin veitti lán á árinu 1983 að upphæð 122.100.000 kr. til þeirra verkefna sem tilgreind eru í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1984. Til fróðleiks skal þess getið að af þeim 62 lánum, sem upphaflega voru veitt, hafa 60 annaðhvort verið greidd að fullu eða afskrifuð. Eftir standa tvö lán sem reyndar eru í fullum skilum (m.a. vegna sérstaks samkomulags við fjármálaráðuneytið). Uppgreiðsluverð þessara tveggja lána er nú innan við 20 millj. kr. Deildin er og hefur lengi verið gjaldþrota.

Styrkir Fiskimálasjóðs 1983 - 1989		
	Á verðlagi hvers árs	Á verðlagi 31.12.93
1983	3.993.894,89	15.989.911,72
1984	6.037.500,00	21.071.441,61
1985	11.105.425,00	27.800.940,52
1986	6.636.000,00	14.403.821,01
1987	4.448.000,00	7.893.667,02
1988	0,00	0,00
1989	0,00	0,00
Samtals	32.220.819,89	87.159.781,88



20.04.1994

3. Styrkir 1983.

Ágúst Ó. Georgsson	Kr.	50.000.oo
Haukur Bjarnason	"	80.000.oo
Þorsteinn Þorgeirsson	"	34.000.oo
Heiðar Marteinsson	"	60.000.oo
Fiskiðjan Arctic	"	150.000.oo
Raunvísindadeild Háskólans	"	70.000.oo
Sölustofnun lagmetis	"	75.000.oo
Síldarútvegsnefnd	"	125.000.oo
Viðar Harðarsson	"	30.000.oo
Kristján Þ. Davíðsson	"	30.000.oo
Fiskifélag Íslands	"	40.000.oo
Magnús Ásgeirsson	"	5.000.oo
Útgerðardeild Tækniskóla Íslands	"	30.000.oo
Nemendur Fiskvinnsluskólans	"	30.000.oo
Hjálmar Vilhjálmsson	"	72.434.oo
Lífrarsamlag Vestm.eyja	"	65.000.oo
Farmanna- og fiskimannasamband Ísl.	"	58.000.oo
Sjómannasamband Íslands	"	58.000.oo
Karl Gunnarsson	"	35.000.oo
Ólafur Ólafsson	"	30.000.oo
Trausti Einarsson	"	35.000.oo
Fél. ísl. fiskimjölsframl.	"	30.000.oo
Dr. Sigfús Jónsson	"	30.000.oo
Vilhelmína Vilhelmsdóttir	"	10.000.oo
Fiskvinnsluskólinn	"	25.000.oo
Fóður h.f.	"	150.000.oo
Samtök gráslepputhrognaframleiðenda	"	100.000.oo
Guðni Þorsteinsson	"	15.000.oo
Sjávarútvegsráðuneytið	"	36.271.oo
Konráð Þórisson	"	41.331.oo
Iðnskólinn	"	160.000.oo
Austfirðingur h.f.	"	250.000.oo
Póllinn h.f.	"	200.000.oo
Kaupfél. V-Barðstrendinga	"	200.000.oo
Surtseyjafélagið	"	65.000.oo
Útver h.f.	"	200.000.oo
Jón Þ. Þór	"	150.000.oo
Hannes H. Gissurarson	"	60.000.oo
Einar B. Ólafsson	"	43.000.oo
Lovísa Birgisdóttir	"	38.000.oo
Nýti h.f.	"	110.000.oo
Hannes Hafsteinsson	"	62.000.oo
Skipstjóra- og stýrim.fél. Sindri	"	60.000.oo
Davíð og Nils Gíslasynir	"	300.000.oo
Magnús Jónsson	"	30.000.oo
Andri M. Guðmundsson	"	47.000.oo
Alternator h.f.	"	200.000.oo
Hallur Viggósson	"	43.000.oo
Samtog s.f.	"	50.000.oo
Garðar Ástvaldsson	"	125.858.89
	Kr.	3.993.894.89

4. Styrkir 1984:

Lovísa Birgisdóttir	Kr.	38.000.oo
Guðni Guðbergsson	"	45.000.oo
Agnar Kofoed Hansen	"	70.000.oo
Kvik s.f.	"	100.000.oo
Hafrannsóknarstofnunin	"	150.000.oo
Skólafélag Vélskóla Íslands	"	23.500.oo
Guðlaugur Aðalsteinsson	"	80.000.oo
Jón A. Pálmason	"	200.000.oo
Nemendur Fiskvinnsluskólans	"	45.000.oo
Jón Þ. Þór	"	150.000.oo
Raunvísindastofnun Háskólans	"	200.000.oo
Rafagnatækni	"	300.000.oo
Þórunn Magnúsdóttir	"	75.000.oo
Aðalsteinn Sigurðsson o.fl.	"	90.000.oo
Sigfús Jónsson	"	100.000.oo
Júlíus B. Kristinsson	"	130.000.oo
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	"	300.000.oo
Fiskifélag Íslands	"	100.000.oo
Tæknideild Fiskifél. Ísl.	"	70.000.oo
Jón Björnsson	"	50.000.oo
S.S. Gunnarsson h.f.	"	400.000.oo
Ísl. Sjávargull h.f.	"	300.000.oo
Karl Sigurðsson	"	100.000.oo
Líffræðistofnun Háskólans	"	200.000.oo
Rannsóknanefnd sjóslysa og Siglingamálast.	"	100.000.oo
Fiskvinnsluskólinn	"	50.000.oo
Fiskiðn	"	5.000.oo
Vogar h.f.	"	200.000.oo
Ársæll Jónasson	"	50.000.oo
Rekstrarstofan Kópavogi	"	260.000.oo
Óskar Árnason	"	250.000.oo
Lýsi h.f.	"	300.000.oo
Össur Skarphéðinsson	"	100.000.oo
Ari Jóhannesson	"	30.000.oo
Gunnar I. Reynisson	"	46.000.oo
Ólafur Ólafsson	"	100.000.oo
Lífbátaþjónustan h.f.	"	50.000.oo
Heiðar Marteinsson	"	100.000.oo
Stefán S. Kristmannsson	"	80.000.oo
Dánarbú Markúsar B. Þorgeirssonar	"	150.000.oo
Fulltrúaráð sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði	"	500.000.oo
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar h.f.	"	200.000.oo
Rannsóknanefnd sjóslysa	"	150.000.oo
	Kr.	6.037.500.oo

4. Styrkir 1985:

Stefán S. Kristmannsson	Kr.	120.000.00
Þorvarður Gunnlaugsson	"	46.000.00
Gúmmívinnslan h.f.	"	50.000.00
Iðnþróunarfélag Suðurnesja	"	250.000.00
Hafrannsóknarstofnunin	"	1.000.000.00
L.Í.Ú., S.H., S.Í.F. og S.Í.S.	"	500.000.00
Stefán Hjartarson	"	400.000.00
Haraldur Guðbergsson	"	200.000.00
Þórunn Magnúsdóttir	"	143.425.00
Kvik s.f.	"	130.000.00
Júlíus B. Kristinsson	"	126.000.00
Fiskgæði s.f.	"	200.000.00
Útgerðartæknar við Tækniskóla Ísl.	"	180.000.00
Óskar Ísfeld Sigurðsson	"	53.000.00
Karl Gunnarsson	"	100.000.00
Jón Ólafsson	"	42.000.00
Trausti Einarsson	"	60.000.00
Dögun h.f.	"	200.000.00
Sæfiskur h.f.	"	100.000.00
Verkfræðistofnun Háskóla Ísl.	"	200.000.00
Hrói h.f.	"	200.000.00
Finnbogi A. Baldvinsson	"	53.000.00
Árni M. Mathiesen	"	108.000.00
Nemendafélag Fiskvinnsluskólans (Ógginn)	"	75.000.00
Marver h.f.	"	200.000.00
Kvikmyndasafn Íslands	"	15.000.00
Vélstjórafélag Íslands	"	100.000.00
Leó Óskarsson	"	150.000.00
Sigmar B. Hauksson	"	150.000.00
Maxis	"	400.000.00
Kristinn Guðmundsson	"	57.000.00
Eiríkur Þ. Einarsson	"	60.000.00
Ragnar Árnason	"	80.000.00
Guðmundur B. Lýðsson	"	250.000.00
Einar Jóhannesson	"	100.000.00
R.A. Pétursson h.f.	"	250.000.00
Viðskiptaráðuneytið	"	350.000.00
Hannes Hafsteinsson	"	100.000.00
Rannsóknast. fiskiðnaðarins	"	350.000.00
Jón Jónsson	"	250.000.00
Fiskvinnsluskólinn	"	30.000.00
Einar Guðfinnsson h.f.	"	750.000.00
Sigurður Björnsson	"	50.000.00
Surtseyjarfélagið	"	70.000.00
Björn Þrándur Björnsson	"	200.000.00
Líffræðistofa Háskólans	"	75.000.00
Ice Fish Co	"	250.000.00
Sigurður G. Magnússon	"	75.000.00
Landssamband smábátaeigenda	"	200.000.00
Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f.	"	200.000.00
Jón L. Arnalds	"	90.000.00
Haraldur Guðbergsson	"	200.000.00
Ólafur F. Ægisson	"	71.000.00
Rækjunes h.f.	"	500.000.00
Sjávarréttagerðin	"	500.000.00
Magni Þ. Geirsson	"	71.000.00
Ólafur Óskar Einarsson	"	150.000.00
Tryggvi Pétursson	"	150.000.00
Tæknideild Fiskifél. Ísl.	"	75.000.00
	Kr.	11.105.425.00

4. Styrkir 1986:

Karl Gunnarsson	Kr.	90.000.00
Magnús Björgvinsson	"	150.000.00
Ragnar Bóasson	"	170.000.00
Stokkfiskur	"	500.000.00
Guðjon Theódórsson	"	100.000.00
Einar Kristjánsson	"	100.000.00
Aðalsteinn Óskarsson	"	71.000.00
Trausti Einarsson	"	150.000.00
Páll Steingrímsson	"	150.000.00
Björgunarnetið Markús h.f.	"	150.000.00
Lúðvik Kristjánsson	"	250.000.00
Þurrkstöðin Klif h.f.	"	300.000.00
Karl Ragnarsson	"	100.000.00
Jón Erling Jónsson	"	71.000.00
Fiskmar h.f.	"	150.000.00
Ásgeir Jakobsson	"	200.000.00
Stefán S. Kristmannsson	"	350.000.00
Slysavarnarfélag Íslands	"	1.000.000.00
Guðjón Ormsson	"	400.000.00
Jón Björnsson	"	50.000.00
Útflutnings- og markaðsskóli Íslands	"	250.000.00
Júlíus R. Júlíusson og Óskar Árnason	"	250.000.00
Úlfar Árnason	"	100.000.00
Guðni Þorsteinsson	"	61.000.00
Nemendur Fiskvinnsluskólans v/Uggans	"	100.000.00
Axel Eiríksson	"	150.000.00
Blóðbankinn	"	150.000.00
Hnúkanaust h.f.	"	100.000.00
Sigmar B. Hauksson	"	100.000.00
Jón Þ. Þór	"	60.000.00
Hjörleifur Guðmundsson	"	200.000.00
Rækjunes h.f.	"	500.000.00
Sig. Ármann Þráinsson	"	113.000.00
	Kr.	6.636.000.00

4. Styrkir 1987:

Höskuldur Ásgeirsson	Kr.	100.000.00
Hilmir h.f.	"	500.000.00
Eco s.f.	"	300.000.00
Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins	"	150.000.00
Páll Steingrímsson	"	100.000.00
Lúðvík B. Jónsson	"	74.000.00
Vilhjálmur Guðmundsson	"	74.000.00
Sigurbjörn Ævar Jónsson	"	500.000.00
Stígandi s.f.	"	250.000.00
Útflutningsráð Íslands	"	600.000.00
Surtseyjarrannsóknir	"	200.000.00
Axel Eiríksson	"	150.000.00
Heiðar Marteinsson	"	200.000.00
Hafspil h.f.	"	400.000.00
Reiknistofnun Háskóla Íslands	"	300.000.00
Ingibjörg Harðardóttir	"	100.000.00
Þjóðminjasafnið	"	150.000.00
Fiskiðjan Bylgja	"	300.000.00
	Kr.	4.448.000.00

1225. Skýrsla [498. mál]

menntamálaráðherra um framkvæmd skólastarfs í grunn- og framhaldsskólum síðustu þrjú ár, samkvæmt beiðni.

1a. Kennsla, grunnskólinn.

Hlutur einstakra námsgreina.

Árið 1984 var gefin út auglýsing um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.-9. bekk grunnskóla nr. 212/1984, sem gilti nánast óbreytt til skólaársins 1991-1992. Skólaárið 1990-1991 tók skólaskylda 6 ára nemenda (1.bekkur) gildi með breytingu við grunnskólalög og fengu þeir sama tímamagn og 7 og 8 ára nemendur. Árið 1991 var gefin út að nýju auglýsing nr. 154/1991 um fjölda kennslustunda í 1.-10. bekk grunnskóla og tímamagn til 1. bekkjar staðfest. Loks var gefin út auglýsing (viðmiðunarstundaskrá) nr. 133/1992 í kjölfar ákvörðunar Alþingis um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að fjölga kennslustundum í grunnskóla frá og með hausti 1994 og hefur skólum verið tilkynnt með bréfi um þá aukningu. Í Aðalnámskrá grunnskóla er sérstakur kafli um nýtingu tíma í grunnskóla og viðmiðanir um hlutföll einstakra greina. Í grunnskólalögum eru ákvæði um lágmarksvikustundir sem nemendur eiga rétt á í grunnskólum.

Útgefnar auglýsingar um fjölda kennslustunda í grunnskólum 1960 - 1994

	ALDUR NEMENDA/VIKUSTUNDIR									
ÁR	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15 ára
1960		19	21	24	29	31	32	31	32	
1971		21	23	25	32	33	36	35	37	
1972		22	23	25	32	34	36	39	40	
1973		22	23	25	32	34	36	39	39	
1974		21	23	25	32	33	36	38	38	
1975		21	22	26	32	34	36	38	38	38
1976		21	22	26	32	34	36	38	38	34/38
1977		21	22	27	32	34	36	38	38	34/38
1978		23	23	29	34	37	39	40	41	32/38
1979		23	23	27	30	33	35	36	36	32/36
1984		23	23	27	30	33	35	36	36	32/36
1989		22	22	26	29	32	34	35	35	31/35
1990	23	23	23	26	29	32	34	35	35	31/35
1991	24	24	24	27	29	32	34	35	35	35
1992	24	24	24	26	28	30	32	33	33	33
1994	25	25	25	26	28	30	32	34	34	34
Grunnskólalög 1991, lágmark	25	25	25	27	32	34	36	36	37	37

Skýringar við töflu.

Frá 1960 til 1972 eru kennslustundir hjá 7 - 12 ára nemendum reiknaðar 40 mínútur en 45 mínútur hjá 13 - 14 ára nemendum.

Frá og með skólaárinu 1972-73 eru 40 mín. kennslustundir í öllum bekkjum. Í töflunni frá 1960 sem birtist í þágildandi námskrá, er hér tekið lágmark stunda alls á hvern bekk.

Áður en sex ára börn urðu skólaskyld árið 1990 lagði ríkissjóður til eina stund á hvern nemanda eða u.þ.b. 4000 st. á ári. Þær eru ekki reiknaðar með. Fram að þeim tíma hafði úthlutun tíma til 6 ára barna í allnokkur ár farið eftir fjölda nemenda í bekk, þ.e. ein vikustund miðað við hvern nemanda í bekknum.

Frá 1976-1990 tóku 15 ára nemendur kjarnagreinar en gátu til viðbótar valið sér valgreinar þar til tilgreindu lágmarki eða hámarki stunda var náð. Þannig má skýra hvers vegna stundir í 10. bekk (15 ára nemendur) eru á ákveðnu bili.

Sundkennsla (að jafnaði 1 vikust. á bekk) er reiknuð með frá 1972.

Skólaárið 1991-1992 var vikustundum fjölgað í fjórum yngstu árgöngunum (alls 4 vikustundir) og skólum sent bréf frá menntamálaráðuneytinu þess efnis að æskilegt væri að nýta viðbótartíma að hluta til að efla hlut listgreina og verklegra þátta. Að öðrum kosti voru skólum gefnar frjálsar hendur um nýtingu tímans.

Skólaárið 1992-93 var kennslustundum í grunnskóla fækkað vegna ráðstafana í ríkisfjármálum og versnandi stöðu ríkissjóðs. Skorið var niður um eina stund í 4. og 5. bekk en tvær vikustundir í 6.-10. bekk (alls 12 vikustundir). Skólum var ætlað að fækka að sama skapi stundum til ráðstöfunar, en engin fyrirmæli voru um niðurskurð í ákveðnum námsgreinum eða námsþáttum. Sama viðmiðun gilti skólaárið 1993-1994.

Menntamálaráðherra hefur sent skólum tilkynningu um fjölgun kennslustunda í grunnskólum frá og með hausti 1994. Um er að ræða eina vikustund í 1.-3. bekk og eina stund í 8.-10. bekk, (samtals 6 vikustundir). Skólar fá þessar stundir til ráðstöfunar og engin fyrirmæli eru um hvernig eigi að ráðstafa þeim. Fyrirhugað er að fjölga kennslustundum haustið 1995 um sex og skila grunnskólum þá að fullu niðurskurði frá 1992.

Breytingar milli auglýsinga:

1971 Aukning alls um 23 vikustundir í 8 árgöngum.
1972 Aukning hjá 7, 11, 13 og 14 ára nemendum, alls um 9 vikustundir
1973 Lækkun um 1 vikustund hjá 14 ára nemendum.
1974 Lækkun hjá 7, 11, 13 og 14 ára nemendum, alls um 4 vikustundir.
1975 Lækkun hjá 8 ára (1 st.), aukning hjá 9 ára (1 st) og 11 ára (1 st).
1976 Breyting verður á vali hjá 15 ára nemendum. Þeir fá að velja um námsgreinar þannig að vikustundir mega vera minnst 34 en mest 38.
1977 Aukning hjá 9 ára nemendum um 1 vikustund.
1978 Aukning hjá 7-14 ára nemendum, alls um 18 vikust. Lækkun á lágmarki hjá 15 ára nemendum um 2 st. Hámark óbreytt.
1979 Lækkun hjá 9-14 ára nemendum, alls um 23 vikust. Lækkun hjá15 ára nemendum, hámark 2 st.
1984 9. bekkur verður skylda. Engar breytingar á vikustundafjölda samtals en breytt er innbyrðis hlutföllum milli námsgreina.
1989 Lækkun um eina stund í 9 árgöngum.
1990 Sex ára börn verða skólaskyld. 1 st. bætist við 7 og 8 ára nemendur.
1991 Aukning hjá 6,7, 8 og 9 ára, alls um 4 vikust. Horfið frá mismunandi skólatíma í 10. bekk.
1992 Fækkun um alls 12 stundir. Um eina stund í 4. og 5. bekk (10 og 11 ára) og um 2 stundir í 6.- 10. bekk.
1994 Fjölgun um alls 6 stundir. Einni stund bætt við 1.-3. bekk og einni við 8.-10. bekk.

Frá 1960-74 voru starfræktar landsprófs- og gagnfræðadeildir. Erfitt er að finna heildartímafjölda þeirra Hann gat verið mismunandi eftir skólum, deildum innan sama skóla og jafnvel kynjum.

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á 9 mánaða skóla fyrir öll börn, enda er gert ráð fyrir því í lögum um grunnskóla og reglugerð um starfstíma skóla. Þó nokkur breyting hefur verið í átt að 9 mánaða skólum víða um land, eins og sjá má í eftirfarandi töflu. Með lengingu skólaársins fjölgar væntanlega árlegum kennslustundum nemenda í öllum námsgreinum.

Yfirlit yfir 9 mánaða grunnskóla.

Hlutfallslegur fjöldi nemenda sem nýtur 9 mánaða starfstíma eftir umdæmum.

	1989-90	1992-93
Reykjavík	**100%**	**100%**
Reykjanes	**94%**	**100%**
Vesturland	**71%**	**94%**
Vestfirðir	**52%**	**83%**
Norðurland vestra	**41%**	**78%**
Norðurland eystra	**63%**	**71%**
Austurland	**21%**	**67%**
Suðurland	**54%**	**73%**
Einkaskólar	**100%**	**100%**

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út samantekt úr skólahaldsskýrslum grunnskóla, (sjá Guðni Olgeirsson og Margrét Harðardóttir 1992). Um er að ræða úrvinnslu úr vorskýrslum grunnskóla 1990-1991 og haustskýrslum grunnskóla 1991-1992. Í þessum ritum koma fram ýmsar upplýsingar um skólahald í grunnskólum, t.d. um starfstíma skóla, kennslutíma, lengd skólaárs, vægi einstakra námsgreina í 1.-10. bekk grunnskóla, valgreinar, foreldrastarf og sérkennslu. Umrædd rit fylgja með þessari samantekt og hægt er að fá þau í menntamálaráðuneytinu. Í menntamálaráðuneytinu er í undirbúningi úrvinnsla úr nýrri skólahaldsskýrslum.

Til nánari upplýsinga varðandi svar við spurningu 1, skal bent á efitrtalin gögn:

- Lög um grunnskóla nr. 49/1991
- Reglugerð um starfstíma skóla Stjtíð. B, nr.132/1992
- Aðalnámskrá grunnskóla,1989. Menntamálaráðuneytið.
- Guðni Olgeirsson og Margrét Harðardóttir, mars 1992. Úrvinnsla úr vorskýrslum grunnskóla 1990-1991. Menntamálaráðuneytið.
- Guðni Olgeirsson og Margrét Harðardóttir, ágúst 1992. Úrvinnsla úr haustskýrslum grunnskóla 1991-1992. Menntamálaráðuneytið.
- Guðni Olgeirsson og Margrét Harðardóttir, október 1992. Valgreinar í grunnskóla 1991-1992. Menntamálaráðuneytið.
- Auglýsingar frá menntamálaráðuneytinu um fjölda kennslustunda.

Námsráðgjöf.

Á árinu 1990 fór af stað svokallað 5 ára átak ráðuneytisins í námsráðgjöf og starfsfræðslu - fyrir forgöngu Gerðar G. Óskarsdóttur þáverandi ráðgjafa menntamálaráðherra í skólamálum- og var unnið þróunarstarf á þessu sviði í einum skóla(Ölduselsskóla) á því ári. Til er skýrsla um tilraunina.

Þáverandi menntamálaráðherra Svavar Gestsson hafði skipað 10 manna nefnd síðla árs 1989 til að "fjalla um námsráðgjöf og starfsfræðslu í skólum og samvinnu við atvinnulífið þar um" og var Gerður formaður hennar. Nefndin skilaði skýrslu - Námsráðgjöf og starfsfræðsla. Markmið og leiðir- til ráðherra í apríl 1991.

Í framhaldi af því var haustið 1991 hafið tilraunastarf í nokkrum skólum í Reykjavík, Kópavogi og á Norðurlandi eystra. Um var að ræða 5 stöðugildi.

Ráðning námsráðgjafanna var síðan framlengd í eitt ár til viðbótar árið 1992 og aftur 1993.

Skólarnir eru:

Réttarholtssk./Fossvogssk./Breiðagerðissk.	**1 staða**
Fellaskóli	**2/3 staða**
Seljaskóli	**2/3 staða**
Ölduselsskóli	**2/3 staða**
Kópavogsskóli	**1/2 staða**
Snælandskóli	**1/2 staða**
Norðurland eystra	**2/3 staða**

Skólarnir voru valdir þannig að ákveðnir skólar sóttu um heimild til ráðuneytisins að mega ráða námsráðgjafa og voru þessir síðan valdir úr. Námsráðgjafar í þessum skólum- sem allir eru kennarar - hafa sumir lokið námi í námsráðgjöf frá HÍ aðrir við skóla erlendis. Það skilyrði var sett við ráðningu þessa fólks að það uppfyllti öll menntunarskilyrði.

Samkvæmt skýrslum námsráðgjafanna virðist tími þeirra fara m.a. í ráðgjöf og leiðbeiningar við nemendur með hegðunarerfiðleika, námserfiðleika, félagslega einangraða nemendur og þá sem lagðir eru í einelti. Talsvert er um að þeir sinni hópráðgjöf fyrir bekki þar sem samskiptaerfiðleikar eiga sér stað og vinni að hópstarfi í yngri bekkjum í samstarfi við umsjónarkennara þar sem einkum er lögð áhersla á fyrirbyggjandi þætti. Enn fremur sinna þeir ráðgjöf, leiðbeina og vinna með kennurum varðandi persónulega og félagslega erfiðleika einstakra nemenda.

Svo virðist sem nemendur með hegðunarerfiðleika séu þeir nemendur sem námsráðgjafi hefur oftast afskipti af svo og nemendur sem eiga við félagslega erfiðleika að stríða.

Námsráðgjafar vinna með sálfræðingum að erfiðum málum einstaklinga og aðilum frá félagsmálastofnun þar sem þurfa þykir, t.d. er starfandi samráðshópur um málefni unglinga í Breiðholti.

Frá áramótum 1994 var aukið við stöðu námsráðgjafa við Fellaskóla og hún gerð að heilli stöðu og námsráðgjafi ráðinn við Foldaskóla í 75% starf.

Sérkennsla.

Heildarfjöldi nemenda sem nutu sérkennslu á grunnskólastigi á tímabilinu er á milli 6.500 og 6.700 nemendur. Stundafjöldi til sérkennslu í almennum grunnskólum fer eftir ákvæðum í reglugerð þ.e. ætlaðar eru 0,25 vikustundir á fyrstu 1700 nemendur í fræðsluumdæmi og 0,23 eftir það.

Af heildarfjölda þeirra er njóta sérkennslu er fjöldi nemenda í sérskólum og sérdeildum ríkisins eftirfarandi:

1990-1991	254
1991-1992	249
1992-1993	256

Eftirfarandi mynd sýnir hvernig fjöldinn skiptist niður á umdæmin og breytingar á milli ára.

Heildarfjöldi barna sem njóta sérkennslu



2a. Nemendur, grunnskólar.

Eftirfarandi myndir sýna fjölda grunnskólanemenda á tímabilinu 1990-1994. Mynd 2a.1 sýnir heildarfjölda en mynd 2a.2 sýnir nemendafjölda eftir umdæmum.

Mynd 2a.1



Mynd 2a.2



2b. Nemendur, framhaldsskólar.

Eftirfarandi myndir sýna fjölda framahaldsskólanemenda á tímabilinu 1991-1994. Mynd 2b.1 sýnir heildarfjölda en mynd 2b.2 sýnir nemendafjölda eftir umdæmum. Þess skal getið að um bráðabirgðatölur er að ræða fyrir árið 1993-1994. Mynd 2b.3 sýnir hvernig nemendur í framhaldsskólum skiptast á námssvið skólaárin 1991-1992 og 1992-1993. Upplýsingar fyrir skólaárið 1993-1994 liggja ekki fyrir.

Mynd 2b.1



Mynd 2b.2



Mynd 2b.3

Skipting nemenda eftir námsbrautum í framhaldsskólum árin 1991 og 1992



3. Fjárframlög sveitarfélaga.

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vörðu sveitarfélög landsins samtals um 3.8 milljörðum króna til fræðslumála árið 1990, 4 milljörðum árið 1991, 4.2 milljörðum árið 1992. Allar tölurnar .eru á verðlagi ársins 1993. Ekki tókst að afla upplýsinga fyrir árið 1993. Hér er eingöngu átt við fjárframlag til rekstrarkostnaðar. Árið 1992 skiptist framlagið þannig á milli skólastiga: Grunnskóli: 3.070.532,-, framhaldsskóli: 787.432,-, sameiginlegt: 142.036,-. Frekari upplýsinga tókst ekki að afla um fjárframlög sveitarfélaga.

Mynd 3.1

Framlag sveitarfélaga til reksturs fræðslumála



4a. Kennarar, grunnskólar

Mynd 4a.1 sýnir samanlagðan heildarfjölda kennara og leiðbeinenda í grunnskólum landsins síðustu þrjú ár eftir umdæmum. Mynd 4a.2. sýnir heildarfjöldann á landsvísu. Mynd 4a.3 sýnir hlutfall leiðbeinenda af heildarfjölda leiðbeinenda og kennara í grunnskólum. Mynd 4a.4 sýnir fjölda nemenda á hvern kennara og leiðbeinanda eftir umdæmum. Mynd 4a.5 ásamt meðfylgjandi töflu sýnir menntun leiðbeinenda í grunnskólum.

Mynd 4a.1



Mynd 4a.2



Mynd 4a.3



Mynd 4a.4.



Mynd 4a.5.

Menntun leiðbeinenda í grunnskólum



Flokkun

1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun.
2. Styttra nám í framhaldsskóla eða hluti náms til stúdentsprófs eða sambærilegs náms.
3. Stúdentspróf.
4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi.
5. Listnám af einhverjum toga.
6. Meistaranám, fóstrumenntun, þroskaþjálfanám, iðjuþjálfanám, afmörkuð kennsluréttindi í listgrein.
7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum.
8. Ólokið BEd próf frá KHÍ.
9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar o.fl.
10. BA, BS, Fil kand, MA, Cand mag, Cand phil, Cand psyck, og Dr., án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum.

11 Prestar.

4b. Kennarar, framhaldsskólar

Mynd 4b.1 sýnir samanlagðan heildarfjölda kennara og leiðbeinenda í framhaldsskólum landsins síðustu þrjú ár eftir umdæmum. Mynd 4b.2. sýnir heildarfjöldann á landsvísu. Mynd 4b.3 sýnir hlutfall leiðbeinenda af heildarfjölda leiðbeinenda og kennara í framhaldskólum. Mynd 4b.4 sýnir fjölda nemenda á hvern kennara og leiðbeinanda eftir umdæmum. Mynd 4b.5 sýnir menntun leiðbeinenda í framhaldsskólum skólaárið 1992-1993. Upplýsingar fyrir önnur skólaár eru ekki fyrir liggjandi.

Mynd 4b.1





Mynd 4b.3



Mynd 4b.4



Mynd 4b.5



4c. Kjör kennara.

Launakjör kennara og skólastjórnenda fara eftir kjarasamningum fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs við annars vegar Hið Íslenska Kennarafélag og hins vegar Kennarasamband Íslands. Kjörin koma fram í launatöflum fjármálaráðuneytisins nr. 51, 54 og 55. Launaflokkar raðast á eftirfarandi hátt:

Skólastjórar við grunnskóla	launaflokkar frá 148 til 156
Skólameistarar við framhaldsskóla	launaflokkar frá 151 til 158
Grunnskólakennarar	launaflokkar frá 141 til 150
Leiðbeinendur grunnskóla	launaflokkar frá 137 til 146
Framhaldsskólakennarar	launaflokkar frá 142 til 151
Leiðbeinendur við framhaldsskóla	launaflokkar frá 138 til 147

5. Fjármál.

Í töflu 5.1 kemur fram að framlög ríkisins til skólamála nema liðlega 10% af heildarútgjöldum ríkissjóðs, framlög til framhaldsskóla nema um 4,5% og til grunnskóla renna um 3,5%-3,8% af heildarútgjöldum á árunum 1991 til 1993. Í neðri hluta töflunnar má sjá hlutfall stofnkostnaðar af heildarkostnaði við rekstur skóla. Upplýsingarnar koma úr fjárlögum.

Tafla 5.1. Fjármál.

	19 91		**19 92**		**19 93**	
	Kr.	% af útg. ríkissj.	Kr.	% af útg. ríkissj.	Kr.	% af útg. ríkissj.
Háskólar og rannsóknir	2.480	2,51	2.520	2,3	2.781	2,51
Framhalds- og héraðsskólar	3.697	3,5	3.922	3,58	4.264	3,84
Grunn- og sérskólar	4.559	4,31	5.017	4,58	5.115	4,61
Samtals	**10.736**	**10,32**	**11.459**	**10,46**	**12.160**	**10,96**
Heildarútgjöld ríkissjóðs	105.767		109.575		111.015	
Heildarframlög til framhaldsskóla	3.697		3.922		4.264	
-þar af stofnkostnaður	381		383		477	
Heildarframlög til grunnskóla	4.559		5.017		5.115	
-þar af stofnkostnaður	10		8		21	

1226. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um breytingar á lögum um málefni aldraðra varðandi þjónustuíbúðir fyrir aldraða.

Nefndin studdist við umfjöllun sína við umsagnir frá bæjarstjórnum Akraness, Borgarness, Egilsstaðabæjar, Húsavíkur, Keflavíkur, Selfoss og Stykkishólms, Félagi eldri borgara, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Framkvæmdasjóði aldraðra, Húsnæðisstofnun ríkisins, Landssambandi aldraðra, Rangárvallahreppi og Öldrunarráði Íslands.

Fram hefur komið að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra lýsir sig reiðubúinn til að setja efnisatriði 2. gr. frumvarpsins, sem fjallar um að óheimilt sé að auglýsa eða kynna íbúðir sem „þjónustuíbúðir fyrir aldraða“ nema að fengnu samþykki samstarfsnefndar um málefni aldraðra, í reglugerð. Nefndin telur því rétt að leggja til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1994.

Gunnlaugur Stefánsson, form.	Svavar Gestsson, frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Ingibjörg Pálmadóttir.	Sturla Böðvarsson.	Finnur Ingólfsson.

Sigríður A. Þórðardóttir. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

1227. Frumvarp til laga [626. mál]

um breytingu á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, III, svohljóðandi:

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerðir um öryggi vöru sem boðin er neytendum hér á landi í atvinnuskyni eða neytendum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins af aðilum sem staðfestu hafa hér á landi að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði og að því leyti sem ekki er kveðið á um öryggi hlutaðeigandi vöru og eftirlit með því að hún uppfylli settar kröfur í öðrum lögum. Í slíkum reglugerðum skal einnig kveðið á um hvernig eftirliti með því að vara uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar skuli háttað.

Löggildingarstofan annast eftirlit skv. 1. mgr.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. júní 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og viðaukum með honum eru ýmis ákvæði um öryggi vöru og eftirlit með því að vara uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Einnig eru þar ákvæði um vörur sem geta reynst hættulegar heilsu og öryggi neytenda þar eð þær virðast aðrar en þær raunverulega eru. Kveðið er á um fjölmargar af þeim vörum sem fjallað er um í EES-samningnum í ýmsum sérlögum hér á landi. Sem dæmi má nefna að vélar, vinnuvélar, katlar og þrýstikútar falla undir ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eiturefni falla undir lög um eiturefni og hættuleg efni og barnabílstólar og hjólreiðahjálmar falla undir umferðarlög. Hins vegar eru ýmsar vörur á markaði sem ekki falla tvímælalaust undir sérlög hér á landi eða eru á mörkum þess að gera það.

Frumvarp til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu var lagt fram tiltölulega seint á þessu þingi. Í því er lagt til að komið verði á fót viðamiklu kerfi til að hafa eftirlit með öryggi vöru á markaði. Slíkt eftirlitskerfi snertir starfssvið margra eftirlitsstofnana ríkisins. Þar sem hér er um tiltölulega flókið mál að ræða, sem krefst ítarlegrar skoðunar, telur nefndin ófært að afgreiða frumvarpið frá sér. Vegna ákvæða EES-samningsins telur nefndin þó nauðsynlegt að viðskiptaráðherra fái heimild til að gefa út reglugerðir þar sem fjallað er um öryggi þeirra vöruflokka sem ekki er kveðið á um í öðrum lögum og hvernig eftirliti með þeim skuli háttað.

Í 1. mgr. 1. gr. er lagt til að nýju bráðabirgðaákvæði verði bætt við lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Þar er viðskiptaráðherra veitt heimild til að setja reglugerðir um öryggi neytendavöru og eftirlit með því að vara uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Þessi heimild tekur þó aðeins til vöru sem ekki fellur undir ákvæði annarra laga. Þetta þýðir t.d. að matvæli, lyf og eiturefni eru undanþegin ákvæðum frumvarpsins. Þegar liggja fyrir drög að reglugerð um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar og reglugerð um byggingarvörur.

Í 2. mgr. 1. gr. er lagt til að Löggildingarstofan hafi eftirlit með að vara uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt reglugerðum sem settar verða á grundvelli heimildarinnar í 1. mgr. Í 17. gr. laganna er kveðið á um að Löggildingarstofan skuli, eftir því sem aðstæður mæla með, fela aðilum sem þess óska og hafa sérþekkingu og nauðsynlega hæfni að leysa verkefni sem henni eru falin samkvæmt lögunum. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um markaðseftirlit.

Í 3. mgr. 1. gr. er lagt til að þetta nýja bráðabirgðaákvæði gildi fram til 1. júní 1995. Verður að ætla að innan þess tíma muni verða sett almenn lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

1228. Breytingartillögur [557. mál]

við frv. til l. um húsaleigubætur.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur, Jóni Kristjánssyni, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Kristni H. Gunnarssyni.

Í stað ákvæðis til bráðabirgða komi tvö ný bráðabirgðaákvæði sem orðist svo:

a. (I.)
Við samþykkt laga þessara skal þegar hafin athugun á vegum félags- og fjármálaráðuneyta á breytingu á skattlagningu leigutekna, með hliðsjón af skattlagningu vaxtatekna sem hvetji til útleigu íbúða. Tillögur liggi fyrir 1. október 1994.

b. (II.)
Lög þessi skulu endurskoðuð innan tveggja ára og miði endurskoðun að því að húsaleigubætur verði almennur réttur. Réttur einstaklinga til vaxtabóta og húsaleigubóta verði sambærilegur.

1229. Nefndarálit [544. mál]

um frv. til l. um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á fund sinn fulltrúa viðskiptaráðuneytisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Í þeirri breytingu er lögð til jöfnun flutningskostnaðar á bifreiðabensíni á alla útsölustaði í byggð, en frumvarpið gerir ráð fyrir að jöfnun flutningskostnaðar nái aðeins til nánar tiltekinna staða. Þá er þeim stöðum, sem jöfnun flutningskostnaðar á olíuvörum nær til, fjölgað um fjóra. Loks er flugvélabensín tekið inn í 1. gr.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Sólveig Pétursdóttir.

Alþingi, 6. maí 1994.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Vilhjálmur Egilsson. Guðjón Guðmundsson.

Kristín Ástgeirsdóttir. Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Rannveig Guðmundsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon. Ingi Björn Albertsson.

1230. Breytingartillaga [544. mál]

við frv. til l. um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Flutningskostnaður á olíuvörum innan lands skal jafnaður eins og nánar greinir í lögum þessum.

Jöfnun á flutningskostnaði nær til flutninga á bifreiðabensíni, gasolíu, öðrum olíum og blöndum til brennslu, flugvélabensíni og flugsteinolíu (þotueldsneyti) til innanlandsflugs, þó ekki á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga, millilandaflugs, erlendra skipa og erlendra flugvéla.

Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til flutnings á bensíni og öðrum olíuvörum sjóleiðis frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem geta tekið við bensíni og olíuvörum með leiðslu úr tankskipi. Jafnframt nær jöfnun flutningskostnaðar til landflutninga á bensíni með tankbifreið til allra útsölustaða í byggð, þ.e. utan hálendis, frá næstu innflutningshöfn eða næstu höfn sem getur tekið við bensíni frá tankskipi úr olíuleiðslu. Enn fremur nær jöfnun flutningskostnaðar til landflutninga á olíum sem um getur í 2. mgr. frá næstu innflutningshöfn eða höfn sem getur tekið við olíu frá tankskipi úr olíuleiðslu til verslunarstaða þeirra er hér greinir:

Hveragerði, Selfoss, Laugarvatn, Laugarás, Flúðir, Hella, Hvolsvöllur, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustur, Fagurhólsmýri, Egilsstaðir, Grímsstaðir á Fjöllum, Ásbyrgi, Reykjahlíð við Mývatn, Laugar í Suður-Þingeyjarsýslu, Varmahlíð, Staðarskáli, Reykjanes við Ísafjarðardjúp, Brjánslækur, Króksfjarðarnes, Skriðuland, Búðardalur, Reykholt í Borgarfirði, Borgarnes.

1231. Nefndarálit [506. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Sigurð Guðmundsson frá Byggðastofnun, Guðmund Jóhannsson frá fjármálaráðuneyti, Húnboga Þorsteinsson frá félagsmálaráðuneyti, Árna Benediktsson frá Íslenskum sjávarafurðum hf., Halldór Guðbjarnason og Friðgeir Baldursson frá Landsbanka Íslands, Ragnar Önundarson frá Íslandsbanka, Kristján Ragnarsson frá LÍÚ, Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Þórð Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun og Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá fór nefndin til Ísafjarðar og fundaði þar með eftirtöldum aðilum: Pétri Sigurðssyni, Karitas Pálsdóttur, Óðni Baldurssyni, Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, Daða Guðmundssyni og Sigurði R. Ólafssyni frá Alþýðusambandi Vestfjarða, Magnúsi Guðjónssyni frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga Kristni Jónssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Guðfinni Pálssyni, Jóhanni T. Bjarnasyni og Bergi Torfasyni, frá Útvegsmannafélagi Vestfjarða

og Vinnuveitendasambandi Vestfjarða Ingimar Halldórssyni, Jóni Páli Halldórssyni, Guðfinni Halldórssyni, Guðmundi Agnarssyni, Þorleifi Pálssyni, Jóhannesi Jónssyni, Guðfinni Pálssyni, Guðjóni Indriðasyni og Eggerti Jónssyni. Sigurður Guðmundsson og Aðalsteinn Óskarsson frá Byggðastofnun sátu þennan fund á Ísafirði með nefndinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin felst í því að ráðherra verði veitt heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna með reglugerð.

Alþingi, 6. maí 1994.

Vilhjálmur Egilsson, frsm. | Sólveig Pétursdóttir. | Guðjón Guðmundsson.

Rannveig Guðmundsdóttir.

1232. Breytingartillaga [506. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, SP, GuðjG, RG).

Á eftir 5. gr. komi ný grein er orðist svo:

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

1233. Nefndarálit [506. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur haft frumvarp ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í kjölfar samdráttar í þorskafla á Vestfjörðum til skoðunar og m.a. farið til viðræðna við heimamenn á Vestfjörðum í því sambandi. Einnig hefur nefndin aflað gagna um það hvernig samdrátturinn dreifist á landshluta og einstök byggðarlög.

Frumvarpið hefur sætt harðri gagnrýni, einkum fyrir tvennt. Hið fyrra er að því skuli ekki ætlað að taka til byggðarlaga alls staðar á landinu sem eru í sambærilegri stöðu hvað áhrif af þorskaflabrestinum snertir. Hið síðara er sú þrönga skilyrðing ráðstafananna við sameiningu fyrirtækja í sveitarfélögum sem sameinist öðrum sem frumvarpið byggir á.

Engin deila er um það að sem landshluti hafa Vestfirðir verulega sérstöðu. Þeir eru hlutfallslega mjög háðir þorskveiðum og sjávarútvegur er þar alger undirstaða í einhæfu atvinnulífi. Einnig hafa þar verið miklir rekstrarerfiðleikar. Hitt er jafnljóst að á einstökum svæðum og í einstökum byggðarlögum annars staðar á landinu finnast sambærilegar aðstæður, á svæðum eða byggðarlögum sem eru hlutfallslega mjög háð þorskveiðum þar sem atvinnulíf er einhæft og erfiðleikar hafa gengið yfir. Tölur frá Byggðastofnun um hlut þorsks í þorskígildum eftir heimahöfn eru mjög athyglisverðar í þessu sambandi.

Það er skoðun 2. minni hluta að mismunun milli jafnsettra fyrirtækja eða byggðarlaga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir með því að binda ráðstafanirnar við einn landshluta séu ótækir stjórnsýsluhættir.

Hvað hið síðara snertir, þ.e. ákvæði 1., 2. og 3. gr. þar sem sameining fyrirtækja er gerð að skilyrði fyrir aðstoð og ekki bara það heldur skulu hin sameinuðu fyrirtæki jafnframt standa fótum í sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem hafa tekið þátt í einhverri sameiningu sveitarfélags, er það skoðun 2. minni hluta að þessi framsetning málsins fái ekki staðist. Það getur á engan hátt verið réttlætanlegt, svo dæmi sé tekið, að útiloka tvö fyrirtæki sem hafa sameinast og fullnægja í einu og öllu skilyrðum fyrir aðstoð á grundvelli þess eins að íbúar viðkomandi sveitarfélags hafa í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu fellt að sameinast öðrum. Einnig getur orkað mjög tvímælis að gera sameiningu fyrirtækja sem slíka að fortakslausu skilyrði en útiloka annars konar endurskipulagningu á rekstri í t.d. stóru fyrirtæki sem væri fyrir stærra en tvö eða fleiri minni fyrirtæki sameinuð. Þá er einnig orðalag frumvarpsins svo misvísandi og óljóst að ómögulegt er að fá botn í hvað fyrir flutningsmönnum, þ.e. ríkisstjórninni, vakir. Er ýmist talað um að fyrirtæki eða sveitarfélög sem „ætla að sameinast“, „hafa sameinast“, „vilja sameinast“, „verða sameinuð“ eða „hyggjast sameinast“ eins og segir í athugasemd við 2. gr. Tæknilega er því frágangur frumvarpsins þannig að það hlýtur að teljast mikið metnaðarleysi af þeim sökum einum að afgreiða það óbreytt.

Annar minni hluti telur því óhjákvæmilegt að lagfæra þessa ágalla frumvarpsins og flytur breytingartillögur í þá veru.

Í flestum ef ekki öllum umsögnum sem nefndinni bárust kom fram það álit, sem og kom það fram í máli þeirra sem nefndin fékk til viðtals, að óhjákvæmilegt væri að breyta frumvarpinu.

Að lokum skal það tekið skýrt fram að 2. minni hluti er hlynntur því að gripið verði til aðgerða til að aðstoða þau byggðarlög landsins, og þar með ekki síst Vestfirði, sem orðið hafa harðast úti vegna samdráttar í þorskveiðum. Annar minni hluti vill því gjarnan stuðla að því að frumvarp þetta verði lagfært þannig að hægt sé að afgreiða það með farsælum hætti.

Verði ekki fallist á neinar breytingar er ljóst að ráðstafanirnar munu koma að næsta litlu gagni auk þess sem þær munu brjóta í bág við grundvallarreglur um jafnræði.

Óhjákvæmilegt er að gagnrýna að stjórnarflokkarnir skuli ekki hafa verið til viðtals um lagfæringar á frumvarpinu og ekki gefið neitt færi á samráði og mögulegu samkomulagi við stjórnarandstöðuna, heimamenn á Vestfjörðum og aðra aðila um afgreiðslu þess.

Verði ekki fallist á neinar breytingar á frumvarpinu í þá veru sem tillögur 2. minni hluta gera ráð fyrir og mælt var með í flestum viðtölum og umsögnum hjá nefndinni mun 2. minni hluti sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1994.

Halldór Ásgrímsson, form.	Steingrímur J. Sigfússon, frsm.	Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Nefndarálitinu fylgdu sex fylgiskjöl.

Á fskj. I var birt bréf bæjarráðs Bolungarvíkur til forsætisráðherra frá 7. apríl 1994, á fskj. II bréf stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga til alþingismanna frá 24. mars 1994, á fskj. III lauslegar áætlanir um hag sjávarútvegs eftir landshlutum frá 21. mars 1994, byggðar á útreikningum Þjóðhagsstofnunar, á fskj. IV upplýsingar frá Byggðastofnun um hlut þorsks í þorskígildum eftir heimahöfn fiskveiðiárið 1993–94 (frá 6. apríl 1994), á fskj. V upplýsingar um hlut þorsks í bolfisksafla eftir vinnslustöðvum árin 1983–92 (frá 6. apríl 1994) og á fskj. VI greinargerð frá Byggðastofnun um ástand og horfur í atvinnumálum á Vestfjörðum, mars 1994.

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

1234. Framhaldsnefndarálit [557. mál]

um frv. til l. um húsaleigubætur.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Nefndin kom saman á ný eftir að annarri umræðu um málið var frestað. Í þeirri umræðu kom fram mikill vilji til að mál þetta yrði athugað nánar. Ekki náðist þó samstaða í nefndinni um breytingar á frumvarpinu.

Minni hlutinn telur ljóst að markmiðum húsaleigubóta verður ekki náð nema jafnhliða þeim leiðum varðandi greiðslur og fyrirkomulag húsaleigubóta, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði hugað að öðrum þáttum. Minni hlutinn telur sig því knúinn til að leggja fram breytingartillögur sem birtar eru á sérstöku þingskjali.

Breytingartillögurnar miða annars vegar að því að eftir samþykkt þessa frumvarps verði á vegum hlutaðeigandi ráðuneyta hafin athugun á skattlagningu leigutekna, með hliðsjón af skattlagningu vaxtatekna. Verði markmiðið að hvetja til útleigu íbúða en að óbreyttu má gera ráð fyrir að frumvarpið leiði til þverfugrar niðurstöðu í þeim efnum.

Þá er lagt til að í öðru bráðabirgðaákvæði verði kveðið á um endurskoðun laganna með það að markmiði að húsaleigubætur verði almennur réttur en ekki verði á valdi hvers einstaks sveitarfélags að ákveða hvort það kýs að veita íbúum sínum þann rétt. Þá verði samræmdur réttur íbúðareigenda til vaxtabóta annars vegar og réttur leigjenda til húsaleigubóta hins vegar.

Minni hlutinn vill einnig árétta að þrátt fyrir að félagsmenn Búseta eigi formlega séð rétt til vaxtabóta samkvæmt skattalöggjöf er sá réttur í raun og veru ekki fyrir hendi. Því ber brýna nauðsyn til að taka lög um tekjuskatt og eignarskatt til skoðunar þannig að tryggður verði réttur þeirra fjölmörgu fjölskyldna sem keypt hafa sér búseturétt. Að öðrum kosti mun þetta fólk bæði skorta rétt til vaxtabóta og húsaleigubóta.

Alþingi, 6. maí 1994.

Ingibjörg Pálmadóttir, frsm. Jón Kristjánsson. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Kristinn H. Gunnarsson.

1235. Breytingartillögur [506. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (SJS, HÁ, KÁ, JGS).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á árinu 1994 er ríkissjóði heimilt að veita Byggðastofnun sérstakt framlag að fjárhæð allt að 500 millj. kr. til að standa straum af víkjandi lánum til sjávarútvegsfyrirtækja á svæðum eða í einstökum byggðarlögum sem samdráttur í þorskveiðiheimildum hefur bitnað sérstaklega á. Skal þá litið til þess að samdráttur í aflaheimildum sé yfir landsmeðaltali á viðkomandi svæði og sjávarútvegur vegi hlutfallslega þungt í atvinnulífinu.
   Lánin skulu veitt fyrirtækjum sem vilja sameinast eða endurskipuleggja rekstur sinn með öðrum hætti og til að styðja nýjungar í atvinnulífi, sbr. 4. gr.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „fjórir“ í 1. mgr. komi: fimm.
   b. Á eftir orðunum „einn tilnefndur af félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. komi: einn tilnefndur af sjávarútvegsráðherra.
   c. Í stað „300 millj. kr.“ í 1. mgr. komi: 500 millj. kr.
   d. Á eftir orðunum „á rekstri hins sameinaða“ í 2. mgr. komi: eða endurskipulagða.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Af framlagi ríkissjóðs skv. 1. gr. er Byggðastofnun heimilt að veita 40 millj. kr. til að styðja við nýjungar í atvinnumálum sem auka fjölbreytni atvinnulífs í þeim byggðarlögum sem ráðstafanir þessar taka til.
5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um ráðstafanir í kjölfar samdráttar í þorskafla.

1236. Breytingartillögur [527. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

Frá Pálma Jónssyni, Sturlu Böðvarssyni, Agli Jónssyni og Árna Johnsen.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:
   Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.

1237. Lög [617. mál]

um breyting á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 1087.

1238. Lög [547. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 858.

1239. Lög [430. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/1993, um neytendalán.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 642.

1240. Lög [566. mál]

um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 879.

1241. Lög [460. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 1203.

1242. Lög [285. mál]

um breytingu á lögum nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 1205.

1243. Lög [562. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 1206.

1244. Lög [293. mál]

um alferðir.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 391.

1245. Þingsályktun [378. mál]

um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Alþingi ályktar að meginmarkmið byggðastefnu séu:

— Að treysta byggðina þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar verði nýttar með hagkvæmum hætti.
— Að efla byggð á svæðum þar sem hægt er að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita þjónustu að kröfum nútímasamfélags.
— Að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega.

Til þess að ná þessum markmiðum verður til ársloka 1997 lögð áhersla á eftirfarandi stefnumál:

1. Efling samfelldra atvinnu- og þjónustusvæða.

Unnið verði að því að tengja þéttbýlisstaði og sveitir með öruggum samgöngum og efla samfelld atvinnu- og þjónustusvæði (vaxtarsvæði). Svæðin verða að vera nægilega fjölmenn til þess að hægt sé að reka þar fjölbreytta þjónustu og atvinnulíf á hagkvæman hátt. Aðgerðir í þessu skyni verði meðal annars eftirfarandi:

a. Leggja skal áherslu á samgönguframkvæmdir, m.a. gerð heilsársvega sem þjóna hagsmunum atvinnulífsins og stækka þjónustusvæði.
b. Ný opinber þjónusta sem almenningur þarf að leita til og þjóna skal heilum landshlutum skal fyrst og fremst vera í stærstu þéttbýlisstöðunum eða þar sem hagkvæmt þykir.
c. Stefnt er að því að draga ekki úr þeirri opinberu þjónustu á vegum ríkisins sem nú er veitt á landsbyggðinni.
d. Í aðgerðum ríkisvaldsins á jaðarsvæðum verði einkum horft til nýtingar náttúruauðlinda, annarra landgæða og ferðaþjónustu. Í allra afskekktustu byggðum verði þeim bændum sem hætta vilja búskap boðin aðstoð við það.

2. Starfsemi og framkvæmdir ríkisins verði samræmdar.

Starfsemi og framkvæmdir ríkisins verði samræmdar og með því reynt að forðast tilviljanakenndar ákvarðanir. Opinbera þjónustu á að veita á sem hagkvæmastan hátt og laga hana að íbúafjölda, samgöngum og tækni. Aðgerðir í þessu skyni verði meðal annars eftirfarandi:

a. Tekin verði upp samræmd vinnubrögð við ákvarðanir um opinberar framkvæmdir og fyrirkomulag þjónustu. Langtímamarkmið ráðuneyta og stofnana ríkisins skulu samræmd. Forsætisráðuneytið annist samræmingu og beiti sér fyrir því að ný vinnubrögð verði tekin upp. Við þetta verkefni njóti ráðuneytið aðstoðar Byggðastofnunar.
b. Gerðar verði fjögurra ára áætlanir um hvern þjónustumálaflokk sem verði grundvöllur fjárlagagerðar til lengri tíma.
c. Forsætisráðherra skipi nefnd til að endurskoða lagaákvæði um áætlanagerð á vegum ríkisins í þeim tilgangi að vinnubrögð verði markvissari og fjármunir nýtist betur.

d. Litið verði á svæðisbundnar áætlanir sem samstarfssamning milli ríkis og viðkomandi sveitarfélaga. Þær verði unnar í nánu samstarfi við sveitarfélögin og ráðuneyti en Byggðastofnun verði samræmingaraðili fyrir hönd forsætisráðuneytis við gerð þeirra.

3. Valddreifing frá ríki til sveitarfélaga.

Stefna skal að valddreifingu með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Forsenda fyrir því er sameining eða samningsbundið samstarf sveitarfélaga. Aðgerðir í þessu skyni verði meðal annars eftirfarandi:

a. Tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga verði lagðar fyrir Alþingi sem fyrst.
b. Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt.

4. Nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi.

Atvinnulífinu í landinu verði búin þau skilyrði að fyrirtækin geti skilað arði. Aukin áhersla verði lögð á atvinnuþróunarstarf á vegum Byggðastofnunar og heimamanna sem beinist að nýsköpun og aukinni fjölbreytni í atvinnulífi. Aðgerðir í þessu skyni verði meðal annars eftirfarandi:

a. Byggðastofnun hafi frumkvæði að því að samræma nýtingu fjárveitinga úr ríkissjóði til atvinnumála á landsbyggðinni. Byggðastofnun styrki fyrirtæki á landsbyggðinni til að bæta og efla vöruþróun, markaðsmál, hæfni starfsmanna og nýsköpun. Samstarf fyrirtækja við önnur fyrirtæki og rannsókna- og menntastofnanir verði styrkt. Áfram verði stutt við verkefni sem efla framtak kvenna í atvinnumálum.
b. Atvinnuþróunarstarf á vegum heimamanna verði eflt með fjárhagslegum stuðningi Byggðastofnunar við atvinnuþróunarfélög í hverju kjördæmi. Byggðastofnun verði hluthafi með allt að þriðjungseignaraðild í atvinnuþróunarfélögunum, auk þátttöku í rekstrarkostnaði og einstökum verkefnum á vegum félaganna.
c. Kannað verði hvaða hlutverki Byggðastofnun geti gegnt í samræmdum aðgerðum á vegum hins opinbera til þess að glæða áhuga erlendra aðila á að fjárfesta hér á landi. Enn fremur verði kannað hvort hægt sé að kaupa erlend fyrirtæki til landsins. Áfram verði unnið að öflun upplýsinga um aðstæður fyrir stóriðju á landsbyggðinni.
d. Framlög af fjárlögum verði sem hér segir:

Byggðastofnun	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Atvinnuráðgjöf	25	35	35	35
Nýsköpun, ýmis verkefni	25	75	75	125
Framlag til rekstrar	75	100	100	100
Framlag í afskriftasjóð	60	25	25	25
Alls	**185**	**235**	**235**	**285**
Iðnaðarráðuneyti — landsbyggðariðnaður	11	11	11	11
Framleiðnisjóður	300	250	250	200
Samtals á árinu	**496**	**496**	**496**	**496**

Framlag til Framleiðnisjóðs 1994–1996 er samkvæmt búvörusamningi.

1246. Þingsályktun [469. mál]

um flugmálaáætlun árin 1994–1997.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 723 með þeim breytingum sem samþykktar voru á þskj. 1061.

1247. Lög [121. mál]

um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 952 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Nýtt hlutafélag tekur til starfa 1. júlí 1994.

Eftirfarandi breytingar á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með áorðnum breytingum, taka gildi 1. júlí 1994:

a. Við 8. mgr. 3. gr. Í stað „Lyfjaverslun ríkisins“ kemur: lyfjaframleiðslufyrirtækjum.
b. Við 36. gr. Í stað „Lyfjaverslun ríkisins“ kemur: lyfjaheildsalar.
c. 38. gr. fellur niður.
d. 42.–46. gr. falla niður.
e. 52.–53. gr. falla niður.

Þann 1. júlí 1994 fellur úr gildi 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

1248. Lög [102. mál]

um mannréttindasáttmála Evrópu.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 755.

1249. Þingsályktun [600. mál]

um samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 960.

1250. Þingsályktun [300. mál]

um samþykktir Vestnorrænna þingmannaráðsins 1993.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorrænna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn 21. júní 1993.

1251. Þingsályktun [543. mál]

um fullgildingu samnings um líffræðilega fjölbreytni.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 851.

1252. Þingsályktun [23. mál]

um flutning tónlistar og leikhúsverka í sjónvarpi.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að leita leiða til að stuðla að því að leikhúsverk og tónlistarflutningur Sinfóníuhljómsveitar Íslands og aðrir merkir tónlistarviðburðir skili sér betur til sjónvarpsáhorfenda en verið hefur.

1253. Þingsályktun [238. mál]

um úrbætur í málum nýbúa og íslenskra barna sem dvalist hafa lengi erlendis.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Alþingi ályktar að beina því til menntamálaráðherra að:

a. Stuðla í auknum mæli að gerð kennsluefnis fyrir námsmenn af erlendum uppruna í sögu, landafræði, náttúrufræði og félagsfræði. Kennsluefnið verði á einföldu en góðu íslensku máli og til þess ætlað að auðvelda nemendum að tileinka sér annað kennsluefni í íslenskum skólum.
b. Beita sér fyrir eflingu sérstakrar íslenskukennslu fyrir nýbúa og íslensk börn sem hafa dvalist lengi erlendis.

1254. Þingsályktun [451. mál]

um eflingu náttúrufræðikennslu í grunnskólum.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra í samvinnu við landbúnaðar- og umhverfisráðherra að leita leiða til að efla náttúrufræðikennslu í grunnskólum í tengslum við íslenskan landbúnað. Sérstaklega verði athugað hvort unnt sé að tengja verkefnið ferðaþjónustubændum og nota það sem lið í atvinnuátaki í dreifbýli.

1255. Þingsályktun [106. mál]

um endurskoðun laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 109.

1256. Frumvarp til laga [201. mál]

um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

I. KAFLI
Orðskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Vernd: að veiðum eða öðrum aðgerðum, sem geta haft áhrif á viðkomu eða vanhöld dýra af tiltekinni tegund, sé hagað á þann hátt að henni sé ekki stefnt í útrýmingarhættu.

Friðun: bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu dýra af tiltekinni tegund. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Veiðar: að handsama eða drepa villt dýr. Þegar um er að ræða fuglaveiðar er einnig átt við eggjatöku.

Villt dýr: allir fuglar og spendýr, önnur en selir, hvalir, gæludýr og bústofn. Dýr, sem er handsamað og haft í haldi, telst villt dýr.

Stýring á stofnum villtra dýra: aðgerðir af opinberri hálfu er miða að því að hafa áhrif á útbreiðslu eða stærð tiltekins stofns villtra dýra.

Tjón af völdum villtra dýra: fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar og tjón á náttúru landsins.

Lífsvæði: svæði sem dýr nota sér til framfærslu og viðkomu eða sem farleið.

Grenjatími: tímabilið 1. maí til 31. júlí.

Netlög: hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hólmum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.

Landareign: jörð eða annað landsvæði sem er háð beinum eignarrétti einstaklings eða lögaðila, þar með talið sveitarfélag eða ríki.

II. KAFLI
Markmið og gildissvið.

2. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra, svo og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda.

Lögin ná til efnahagslögsögu Íslands.

III. KAFLI
Umsjón.

3. gr.

Umhverfisráðherra hefur yfirumsjón með aðgerðum er varða vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum.

Ráðherra til ráðgjafar við umsjón þessara mála er ráðgjafarnefnd um villt dýr, sbr. þó 14. gr. að því er varðar hreindýr. Umhverfisráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn og skal hún skipuð sjö mönnum, einum tilnefndum af Náttúruverndarráði, einum af Búnaðarfélagi Íslands, einum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum af Náttúrufræðistofnun Íslands, einum af Sambandi dýraverndarfélaga Íslands, einum af Skotveiðifélagi Íslands og einum af veiðistjóraembættinu. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Umhverfisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi fulltrúa frá stofnunum umhverfisráðuneytis.

Tillagna eða umsagnar ráðgjafarnefndarinnar skal leitað við setningu reglugerða, leyfisveitingar, veitingar undanþágna og við önnur stjórnvaldsfyrirmæli um villt dýr.

4. gr.

Umhverfisráðherra skipar veiðistjóra að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr. Veiðistjóri skal vera líffræðingur með sérþekkingu er nýtist honum í starfi.

Veiðistjóraembættið hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla.

Á vegum veiðistjóraembættisins skulu stundaðar hagnýtar rannsóknir á villtum dýrum í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands eftir því sem um semst milli þessara stofnana. Einnig skal höfð samvinna um rannsóknir við aðrar stofnanir og einstaklinga eftir því sem þörf krefur.

Veiðistjóraembættið leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Veiðistjóraembættinu skal heimilt að reka hundabú til ræktunar og þjálfunar minkaveiðihunda.

Veiðistjóraembættið skal vera umhverfisráðuneyti og ráðgjafarnefnd um villt dýr til ráðuneytis og gera tillögur um hvaðeina er varðar starfssvið embættisins.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til merkinga samkvæmt reglum sem hún setur og samþykktar eru af umhverfisráðherra. Reglur þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

Hverjum þeim sem finnur eða handsamar merktan fugl ber að senda merkið, hvort sem það er íslenskt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

5. gr.

Umhverfisráðherra skipar fulltrúaráð sem fram kemur fyrir Íslands hönd í Alþjóðafuglaverndarráðinu (Bird Life International) sem Ísland er aðili að. Í ráðinu skulu eiga sæti fulltrúar nefnda, samtaka og stofnana sem hafa fuglavernd á stefnuskrá sinni. Nánar skal kveðið á um skipan ráðsins og starfsreglur þess í reglugerð sem umhverfisráðherra setur.

IV. KAFLI
Vernd, friðun og veiðar.

6. gr.

Villt dýr, önnur en mýs, rottur og minkar, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim. Um innflutning dýra gilda lög nr. 54/1990.

Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra, sbr. lög nr. 47/1971 og lög nr. 19/1964.

7. gr.

Ákvörðun um að aflétta friðun skv. VI. kafla skal byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða og að með veiðum sé verið að nytja verðmæti í kjöti, skinnum eða öðrum afurðum. Einnig er heimilt að taka tillit til þess hvort viðkomandi dýr valdi tjóni.

Í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr, skal kveðið á um vernd, friðun og veiðar einstakra tegunda villtra dýra. Þar skal m.a. kveða á um hvaða tegundir eru alfriðaðar, hverjar er heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, gerð vopna, veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, hvað teljist til fágætra fugla, skylduskil á þeim, umgengni við hreiður þeirra og annað sem máli skiptir.

Þar sem talið er að villt dýr valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur umhverfisráðherra að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr, eða hreindýraráðs að því er varðar hreindýr, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Í reglugerð skal kveðið á um hvaða tegundir skuli ávallt undanskildar þessu ákvæði.

Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um sölu, innflutning og útflutning villtra dýra og hluta þeirra, svo og egg. Þar skal einnig kveðið á um hamtöku og skinnatöku, uppsetningu dýra og starfsemi hamskera.

Umhverfisráðherra getur að fenginni umsögn ráðgjafarnefndarinnar veitt undanþágur til veiða á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar ef nota á þau við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis.

Náttúrufræðistofnun Íslands má án sérstakrar heimildar láta veiða allar tegundir fugla, þar á meðal friðaðar tegundir, og safna eggjum handa stofnuninni hvar sem er og án þess að endurgjald komi fyrir, enda sýni viðkomandi skilríki verði því við komið. Haft skal samráð við landeigendur fyrir fram og forðast óþarfa átroðning. Ráðherra ákveður að fenginni tillögu ráðgjafarnefndar um villt dýr hvaða tegundir skuli undanskildar þessu ákvæði.

Umhverfisráðherra getur að fenginni tillögu ráðgjafarnefndarinnar ákveðið að beita sér fyrir útrýmingu stofns eða tegundar dýra sem flust hefur til Íslands af mannavöldum.

8. gr.

Öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, eru dýraveiðar heimilar í almenningum, á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, og í efnahagslögsögu Íslands utan netlaga landareigna. Skulu þeir hafa aflað sér leyfis til þess samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Landeigendum einum eru heimilar dýraveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni nema lög mæli öðruvísi fyrir.

Eigi má skilja rétt til veiða að nokkru eða öllu leyti frá landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til veiða frá landareign um tiltekið tímabil er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

Nú er landareign í sameign en er skipt eftir merkjum og afnota- eða eignarskiptingu og á þá hver sameigandi rétt til dýraveiða á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

Nú er landareign í óskiptri sameign og eru þá landeigendum öllum dýraveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands nema samkomulag verði um aðra skipan.

Þar sem stöðuvötn, firðir, vogar eða sund, sem ekki eru 230 m á breidd, skipta landareignum eiga landeigendur veiðirétt út að miðlínu, svo og í ám og lækjum. Í stöðuvötnum, sem eru breiðari en 230 m, eru landeigendum, sem land eiga að vatninu, einum heimilar veiðar í almenningi þess og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess að réttur til dýraveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum skal sú venja gilda eftirleiðis.

Erlendir ferðamenn, sem veiða hér á landi, skulu afla sér veiðikorta, sbr. 11. gr., og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem gerðar eru til veiðimanna hér á landi.

9. gr.

Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl með þeim undantekningum sem upp eru taldar í liðum 3, 4, 7 og 16 hér á eftir og nánar er kveðið á um í reglugerðum. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12. Við veiðar er m.a. óheimilt að nota:

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða þvíumlíkt. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls- og skarfsungum.
4. Net, nema til kópaveiða, og háf til lundaveiða, sbr. þó 5. mgr. 18. gr. að því er varðar álku, langvíu og stuttnefju. Fugla, er drepast í netum sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótboga eða gildrur, nema til músaveiða, rottuveiða, minkaveiða og til að ná tófuyrðlingum við greni. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hlotið samþykki villidýranefndar.
8. Rafbúnað sem getur drepið eða rotað.
9. Segulbandstæki og aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Ljósgjafa, nema til refa- og minkaveiða.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.

14. Hálfsjálfvirk eða sjálfvirk skotvopn, svo og „pumpur“, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð, nema við minkaveiðar.
17. Vélknúin farartæki, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegarslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Umhverfisráðherra getur í samráði við ráðgjafarnefnd um villt dýr veitt tímabundna undanþágu til að nota ofangreindar veiðiaðferðir í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

10. gr.

Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Umhverfisráðherra getur aflétt tímabundið eða rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund að fengnu samþykki ráðgjafarnefndar um villt dýr og Náttúruverndarráðs.

Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína. Særi veiðimaður dýr ber honum að elta það strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þótt sært dýr fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og er þá bráð eign landeiganda nema annað sé tekið fram í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

V. KAFLI
Veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.

11. gr.

Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, skulu afla sér veiðikorts gegn gjaldi, sbr. 3. mgr. Veiðikort þarf ekki til eggjatöku. Veiðistjóri annast útgáfu veiðikorta. Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, gildistímabils og þeirra tegunda sem viðkomandi hefur heimild til að veiða. Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum. Hann skal framvísa því ef óskað er. Korthafi skilar árlega skýrslu um veiðar sínar á gildistíma korts áður en nýtt kort er útgefið.

Ábúendur hlunnindajarða og aðrir rétthafar hefðbundinna hlunninda skulu fá sérstök veiðikort, hlunnindakort, til staðfestu því að þeir hafi rétt til að nýta hlunnindi á jörðinni, eða á tilteknu svæði, og til að verjast tjóni af völdum villtra dýra á jörðinni eða svæðinu. Hlunnindakort gilda fyrir eiganda eða ábúanda og það fólk sem honum er nauðsynlegt að hafa með sér við nýtingu hlunnindanna og við varnaraðgerðir við ágangi tjónvalda.

Gjald fyrir veiðikort skal notað til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Umhverfisráðherra ákveður gjald fyrir veiðikort og skal það að hámarki nema 1.500 kr. á ári og taka breytingum í samræmi við framfærsluvísitölu, sbr. lög nr. 5/1984.

Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð um veiðikort að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða.

VI. KAFLI
Sérákvæði um veiðar.

12. gr.
Refir.

Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjatímanum. Varast skal einnig að hafa þar óþarfa umgang. Stjórnir sveitarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veiðistjóraembættinu.

Á svæðum, þar sem friðun refa hefur verið aflétt, sbr. 7. gr., eru refaveiðar utan grenjatíma öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum eftir þeim.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að refaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum refa er sveitarstjórn skylt að ráða skotmenn til grenjavinnslu árlega og er þeim einum heimilt að veiða refi á grenjatíma. Skylt er skotmanni að hafa aðstoðarmann við grenjavinnslu. Þar sem veiðistjóraembætti og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiði að vetrarlagi í stað grenjavinnslu. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt málsgrein þessari.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og verðlauna fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. og 3. mgr. Stjórnir viðkomandi sveitarfélaga skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. geta sauðfjárbændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem sauðfé eða æðarvarpi stafar bein hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum ráðnum skv. 3. mgr. um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

13. gr.
Minkar.

Minkar njóta ekki friðunar samkvæmt lögum þessum. Þó er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr, að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða menn til minkaveiða.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og annarra greiðslna fyrir unna minka sem veiddir eru skv. 2. mgr. Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um minkaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum. Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd veiðanna og um tilhögun endurgreiðslna á hlut ríkissjóðs í kostnaði við þær.

14. gr.
Hreindýr.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar úr hreindýrastofninum enda telji veiðistjóraembættið að stofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum. Ráðherra ákveður árlega fjölda þeirra dýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum, í samræmi við

tillögur hreindýraráðs og veiðistjóraembættisins og birtir auglýsingu þar að lútandi í Lögbirtingablaði. Eignarréttur á landi, þar sem hreindýr halda sig, veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum.

Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Af hverju felldu hreindýri skal greiða til hreindýraráðs sérstakt leyfisgjald sem ráðherra ákveður árlega og skal gjaldinu varið til reksturs ráðsins, framkvæmda á þess vegum og rannsókna á hreindýrum. Hreindýraráði er heimilt að selja veiðiheimildir sem hlutaðeigandi sveitarfélögum hefur verið úthlutað.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í hreindýraráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en aðrir nefndarmenn skulu skipaðir með eftirfarandi hætti: Búnaðarsamband Austurlands tilnefnir tvo menn, Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu einn og Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi einn. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Veiðistjóri situr fundi hreindýraráðs og hefur málfrelsi og tillögurétt.

Að fengnum tillögum hreindýraráðs og veiðistjóra setur ráðherra reglugerð um nánari framkvæmd á hreindýraveiðum, m.a. um skiptingu veiðiheimilda á milli viðkomandi sveitarfélaga, um veiðieftirlitsmenn, hlutverk og starfssvið hreindýraráðs, svo og skiptingu arðs af leyfisgjaldi og veiðiheimildum sem framseldar eru ráðinu.

15. gr.

Mýs og rottur.

Rottur og húsamýs, svo og hagamýs í húsum inni, eru ekki friðaðar samkvæmt lögum þessum.

Heilbrigðisnefndir hafa umsjón með fækkun á músum og rottum eftir því sem nánar er kveðið á um í heilbrigðisreglugerð sem sett er í samráði við umhverfisráðherra.

16. gr.

Hvítabirnir.

Hvítabirnir eru friðaðir samkvæmt lögum þessum á landi, hafís og á sundi, sbr. þó 3. mgr.

Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfénaði er ekki talin stafa bráð hætta af er umhverfisráðherra heimilt að fela veiðistjóraembættinu að fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar hætta af honum.

Fella má hvítabjörn sem gengið hefur á land og fólki eða búfénaði er talin stafa hætta af.

Hafi hvítabjörn verið felldur skv. 3. mgr. skal það tilkynnt umhverfisráðherra án tafar og getur hann þá krafist þess að björninn verði afhentur Náttúrufræðistofnun Íslands til athugunar og ráðstöfunar, enda greiði ríkissjóður áfallinn kostnað.

17. gr.

Fuglar.

Umhverfisráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr, aflétt friðun eftirtalinna fuglategunda innan þeirra tímamarka er hér segir, sbr. 7. gr.:

1. Allt árið: svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, hrafn.
2. Frá 20. ágúst til 31. mars: grágæs, heiðagæs.
3. Frá 1. september til 31. mars: fýll, dílaskarfur, toppskarfur, súla, blesgæs, helsingi, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, hvítmáfur, hettumáfur, rita, skúmur, kjói. Ætíð er heimilt að skjóta kjóa nærri æðarvarpi.
4. Frá 1. september til 10. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.
5. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.

Nú hefur umhverfisráðherra ákveðið að aflétta friðun skv. 1. mgr. og getur hann þá að ósk sveitarstjórnar ákveðið að friðun gildi áfram í tiltekinn tíma á ákveðnum svæðum þar sem umferð veiðimanna er talin óæskileg.

Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum.

Óheimilt er að veiða fugla í sárum.

VII. KAFLI
Nýting hlunninda.

18. gr.

Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um hvernig staðið skuli að skilgreiningu og friðlýsingu æðarvarps samkvæmt lögum þessum.

Í varpi kríu, silfurmáfs, hvítmáfs og hettumáfs skal heimilt að taka egg þessara fugla en þó aldrei eftir 15. júní ár hvert.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem eggja- eða ungataka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Veiðar þessar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem andarvarp er mikið, skal veiðirétthafa heimilt að taka egg frá eftirtöldum andartegundum: æðarfugli, stokkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd, skúfönd, hávellu, húsönd og toppönd. Við slíka eggjatöku skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri. Heimilt er og að taka grágæsar- og heiðagæsaregg, en þá skulu eigi færri en tvö egg skilin eftir í hreiðri. Andaregg og heiðagæsaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

Telji eigandi veiðiréttar sig hafa heimild til nýtingar hlunninda skv. 4. eða 5. mgr. skal hann afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum. Neiti þessir aðilar að staðfesta heimild veiðirétthafa sker umhverfisráðherra úr þeim ágreiningi.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði og réttarfar.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis. Virða skal það refsingu til þyngingar ef um sjaldgæfar eða fágætar fuglategundir er að ræða, sbr. 7. gr. Sama gildir um æðarfugl og æðaregg, svo og stórfelldar ólögmætar fuglaveiðar og spjöll á friðlýstum varpstöðvum.

Tilraun til brota gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, egg eða eggjaskurn, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framangreindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur reynst um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. laga nr. 19/1940.

20. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði, gildistaka og brottfallin lög.

21. gr.

Reglugerðir og aðrar stjórnvaldsaðgerðir um spendýrastofna og fugla, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við þau uns nýjar reglur hafa verið settar.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Frá sama tíma eru numin úr gildi:

1. 7. og 8. gr. í tilskipun um veiði frá 20. júní 1849.
2. Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, nr. 28/1940, með áorðnum breytingum.
3. Lög um eyðing á rottum, nr. 27/1945, með áorðnum breytingum.
4. Lög um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, með áorðnum breytingum.
5. Lög um eyðingu svartbaks, nr. 50/1965, með áorðnum breytingum.
6. Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, með áorðnum breytingum.

1257. Frumvarp til lyfjalaga. [255. mál]

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja landsmönnum nægilegt framboð af nauðsynlegum lyfjum með sem hagkvæmastri dreifingu þeirra á grundvelli eðlilegrar samkeppni og í samræmi við þær reglur sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði. Við verslun með lyf skal það ætíð haft til hliðsjónar að lyfjadreifing er hluti heilbrigðisþjónustu og starfsmenn við dreifinguna skulu vinna með öðrum aðilum í heilbrigðisþjónustu að opinberum heilbrigðismarkmiðum hverju sinni. Það er jafnframt markmið með lögum þessum að tryggja eftir föngum gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu, auka fræðslu um lyfjanotkun, sporna við óhóflegri notkun og halda lyfjakostnaði í lágmarki.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur umsjón með framkvæmd laga þessara. Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu starfar lyfjamálastjóri sem annast framkvæmd lyfjamála innan ráðuneytisins fyrir hönd ráðherra. Hann skal vera lyfjafræðingur að mennt og má ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja. Lyfjamálastjóri, Hollustuvernd ríkisins, landlæknir, Lyfjaeftirlit ríkisins, lyfjanefnd ríkisins, lyfjaverðsnefnd og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis við framkvæmd laganna.

2. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Lyfjafræðingur veitir því forstöðu og má hann ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja.

Tryggja skal Lyfjaeftirliti ríkisins hæfilegt starfslið og aðstöðu til að sinna verkefnum sínum. Heimilt er að fela óháðum rannsóknastofum hér á landi eða erlendis að annast rannsóknir á vegum Lyfjaeftirlits ríkisins.

Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með og skal gjaldið standa undir kostnaði við rekstur eftirlitsins.

3. gr.

Hlutverk Lyfjaeftirlits ríkisins er sem hér segir:

1. Að annast faglegt eftirlit með innflutningi lyfja, lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar.
2. Að annast faglegt eftirlit með starfsemi lyfjabúða, lyfjaheildverslana, lyfjagerða, annarra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga er selja, framleiða, flytja inn eða búa um lyf og skyldar vörur.
3. Að hafa eftirlit með lyfjaauglýsingum og sjá til þess að kynning og dreifing lyfja sé almennt í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ráðherra getur með reglugerð falið Lyfjaeftirliti ríkisins eftirlit með öðrum fyrirtækjum eða öðrum vörum en lyfjum ef sérstakar ástæður mæla með því og slíkt tengist hlutverki þess samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Lyfjanefnd ríkisins er undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og skal skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði. Ráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann. Jafnframt eiga sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Heimilt er að kalla til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera nefndinni til ráðgjafar þegar þurfa þykir.

Lyfjanefnd ríkisins skal annast eftirtalin verkefni:

1. Skráningu og afskráningu lyfja í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Umsögn til ráðherra um umsóknir um markaðsleyfi lyfja (marketing authorization) í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Umsögn til ráðherra um umsóknir um leyfi til að flytja inn og selja gegn lyfseðli óskráð lyf.
4. Umsögn til ráðherra um leyfi til tilrauna með lyf (klínískar rannsóknir og rannsóknir á aðgengi lyfja).
5. Önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara eða hliðstæðra laga, hér með talin samvinna við erlendar lyfjanefndir og lyfjaskrárnefndir.

Í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins skulu framleiðendur sérlyfja eða umboðsmenn þeirra veita nefndinni jafnóðum allar nýjar upplýsingar er varða skráð lyf og lyf sem eru í skráningu.

Kostnaður af starfsemi nefndarinnar, þar með talin laun nefndarmanna og starfsliðs, skal borinn uppi af skráningar- og árgjöldum sérlyfja, svo og öðrum leyfisgjöldum, svo sem markaðsleyfum og leyfum fyrir klínískar prófanir.

II. KAFLI
Skilgreining lyfja. Lyfjahugtakið.

5. gr.

Í samræmi við skilgreiningu sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu eru lyf samkvæmt lögum þessum hvers konar efni eða efnasambönd, lífræn eða ólífræn, sem notuð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum, enn fremur efni eða efnasambönd sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar, þar með talin geislavirk efni sem ætluð eru mönnum, ef þau koma í eða á líkama manna eða dýra, að undanskildum geislavirkum kjarnategundum sem eru lokaðir geislagjafar.

Efni, sem notuð eru til svæfingar eða staðdeyfingar, teljast lyf (svæfingarlyf, staðdeyfilyf).

Efni í viðurkenndum lyfjaformum, sem eru notuð til getnaðarvarna eða til þess að auka frjósemi manna eða dýra, teljast einnig lyf.

Ákvæði laga þessara taka einnig til umbúða og áhalda sem hafa lyf að geyma.

Ráðherra setur reglugerð með skilgreiningu og nánari ákvæði um hjúkrunar- og lækningahluti (medical devices) í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins.

III. KAFLI
Lyfjaskrár.

6. gr.

Ísland er aðili að evrópsku lyfjaskránni (European Pharmacopoeia; Ph.Eur.) ásamt viðaukum. Ensk útgáfa lyfjaskrárinnar gildir hér á landi.

Um aðrar kröfur til lyfjaforma, gæða og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðferðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum, fer samkvæmt auglýsingum um gildi norrænna og annarra evrópskra staðallýsinga hér á landi.

Ísland er aðili að Pharmaceutical Inspection Convention (PIC). Leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð, GMP-reglur, sbr. tilskipanir framkvæmdastjórnar EB, svo og aðrar leiðbeiningar sem settar eru af þessum aðilum, skulu gilda hér á landi.

IV. KAFLI
Flokkun lyfja.
Staðfesting lyfjaforskrifta og skráning sérlyfja.

7. gr.

Fullgerð lyf (lyf tilbúin eða sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að flytja til landsins, selja eða afhenda að fengnu markaðsleyfi eða undanþáguheimild og að þau megi fella undir einhvern eftirtalinna flokka:

1. Skráð lyf, í samræmi við skilgreiningu sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu, framleidd af viðurkenndum framleiðendum samkvæmt staðlaðri forskrift og nefnd sérheiti eða samheiti. Þessi lyf skal skrá í sérlyfjaskrá, sbr. 10. gr., og selja eða afhenda í órofnum ílátum (afhendingarílátum) framleiðanda. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæði um afhendingarílát framleiðanda samkvæmt sérstökum fyrirmælum læknis á lyfseðli.
2. Stöðluð forskriftarlyf, framleidd af viðurkenndum framleiðendum samkvæmt staðfestri forskrift og nefnd gildandi samheiti. Lyfjanefnd ríkisins ákvarðar um staðfestingu forskrifta eða niðurfellingu staðfestingar og um ílát, umbúðir og pakkningar staðlaðra forskriftarlyfja.
3. Forskriftarlyf lækna, framleidd samkvæmt sérstökum fyrirmælum á lyfseðli (ordinatio magistralis) með hliðsjón af gildandi lyfjaskrám eða staðallýsingum, enda sé í hvívetna farið eftir gildandi lögum og reglum og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.

Ráðherra getur, í samráði við lyfjanefnd ríkisins, leyft undanþágu frá ofangreindum ákvæðum í einstaka tilvikum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Við allar slíkar undanþágur skal þess gætt að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra sem eiga að nota þau.

8. gr.

Heimilt er að binda skráningu lyfs við notkun eingöngu á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

Heimilt er að skrá lyf og veita markaðsleyfi tímabundið til reynslu.

9. gr.

Við mat á sérlyfjum og stöðluðum forskriftarlyfjum skal einkum taka tillit til rannsókna á lyfjaáhrifum og eituráhrifum virkra efna í tilraunum á mönnum eða dýrum, gæða allra efna, virkra og óvirkra (hjálparefna), sem notuð eru við lyfjagerðina, aðgengis virkra efna í lyfjaformum, geymsluþols og notagildis lyfjanna við meðferð tiltekinna sjúkdóma, svo og aukaverkana eins og kveðið er á um í norrænum og öðrum evrópskum reglum sem ráðherra staðfestir.

Lyfjanefnd ríkisins kannar á fimm ára fresti hvort réttar forsendur séu fyrir skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá.

10. gr.

Að fengnum tillögum lyfjanefndar ríkisins gefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið út skrá, sérlyfjaskrá, er greinir skráð sérlyf eftir lyfjaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Í skránni skal m.a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum, helstu aukaverkunum og hámarksverði lyfja, sbr. 40 gr.

V. KAFLI
Ávísun lyfja.
Lyfseðlar og afgreiðsla þeirra.
Merking lyfja.

11. gr.

Lyfseðill er lyfjaávísun læknis, tannlæknis eða dýralæknis sem hefur gilt lækningaleyfi hér á landi. Í neyðartilfellum er lyfjafræðingum heimilt að afhenda lyf í minnstu pakkningu án lyfseðils.

Útgefandi lyfseðils undirritar hann eigin hendi ásamt stöðuheiti (læknir, tannlæknir, dýralæknir) eða les hann fyrir í síma með þeim hætti að ljóst sé af símlestrinum hver hann er. Lyfseðil má senda með bréfsíma eða skjalasendingu á milli tölva á staðlaðan hátt þannig að viðtakandi geti sannreynt hver sendandi er. Útgefandi staðfestir þannig að hann hafi sjálfur ávísað hlutaðeigandi einstaklingi eða umráðamanni tilgreindu lyfi í tilteknu magni og sagt fyrir um skammta eða notkun.

Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna og afhendingu lyfjafræðinga á lyfjum í neyðartilfellum.

12. gr.

Ráðherra setur reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu. Í reglugerð þessari skal m.a. kveða á um eftirfarandi atriði:

1. gerð lyfseðla,
2. ávísun lyfja,
3. hvort lyf megi einungis afhenda gegn lyfseðli, hve mikið magn og hve oft gegn sama lyfseðli,
4. hvernig hátta skuli áritun á ílát (afhendingarílát) undir fullgerð lyf,
5. ávísun lyfja í síma, bréfsíma eða með tölvu,
6. ávísun ávana- og fíknilyfja,
7. ávísun lyfja til notkunar í skipum og loftförum,
8. rétt læknanema og lækna án lækningaleyfis til að ávísa lyfjum,
9. gildistíma lyfseðla,
10. merkingu lyfja.

VI. KAFLI
Auglýsing og kynning lyfja.

13. gr.

Bannaðar eru hvers konar lyfjaauglýsingar með þeim undantekningum sem um getur í kafla þessum.

14. gr.

Auglýsa má og kynna lyf, sem skráð eru hér á landi, á íslensku í tímaritum eða blöðum þeirra heilbrigðisstétta sem ávísa og dreifa lyfjum.

Í lyfjaauglýsingum skal tilgreina nafn framleiðanda, heiti lyfs, virkra efna, helstu ábendingar og frábendingar er varða notkun hlutaðeigandi lyfja, pakkningastærðir og verð. Enn fremur stærð skammta og helstu atriði önnur um notkun og aukaverkanir. Framangreindar upplýsingar skulu ætíð vera greinilegar og auðlæsar og í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrám.

15. gr.

Heimilt er að kynna lyfseðilsskyld lyf fyrir þeim heilbrigðisstéttum sem ávísa og dreifa lyfjum en þó á þann hátt að ekki sé líklegt að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

16. gr.

Heimilt er að kynna og auglýsa lausasölulyf, þ.e. lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld, fyrir almenningi. Auglýsingar um lausasölulyf skulu vera í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins sem nánar er getið í reglugerð.

Lyfjabúðum er heimilt að auglýsa og kynna þjónustu sína, svo sem heimsendingarþjónustu, verð lausasölulyfja og almenn afsláttarkjör.

Upplýsingar í auglýsingum skulu ætíð vera greinilegar og auðlæsar og í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrám, reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu, svo og önnur fyrirmæli er að þessu lúta.

17. gr.

Heimilt er að afhenda persónulega lækni, tannlækni eða dýralækni lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu og án greiðslu enda sé um að ræða nýskráð lyf til kynningar hér á markaði sem ekki teljast ávana- eða fíknilyf. Slík afhending er einungis heimil að fenginni dagsettri og undirritaðri beiðni læknis.

Önnur afhending eða póstsending lyfjasýnishorna í auglýsingaskyni er óheimil.

18. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins gætir þess að lyfjaauglýsingar séu réttar. Það getur bannað tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Það getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar á sambærilegan hátt. Lyfjaeftirlitið leitar álits lyfjanefndar ríkisins og/eða Samkeppnisstofnunar í þeim tilvikum er vafi leikur á réttmæti lyfjaauglýsingar. Auglýsendur skulu halda skrá yfir allar auglýsingar þar sem fram kemur hvar og hvenær þær voru birtar. Skrána skal geyma í tvö ár og skal hún vera aðgengileg Lyfjaeftirliti ríkisins.

19. gr.

Skráning aukaverkana og tilkynningarskylda skal vera í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og vera í höndum landlæknis í samstarfi við lyfjanefnd ríkisins.

VII. KAFLI
Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.

20. gr.

Leyfi til lyfjasölu hafa þeir aðilar einir sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.

Ráðherra veitir lyfsöluleyfi þeim sem uppfyllir eftirtalin skilyrði og um slíkt leyfi sækir:

1. Er lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. lög um lyfjafræðinga.
2. Hefur starfað sem lyfjafræðingur í þrjú ár. Veita má undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.
3. Hefur verslunarleyfi eða hefur gert samning við aðila með verslunarleyfi.

Umsóknir um ný lyfsöluleyfi skal ráðherra senda viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Við mat umsóknar skal m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu nýs leyfis er ráðherra heimilt að hafna umsókninni.

Áður en starfsemi lyfjabúðar er hafin skal liggja fyrir yfirlýsing Lyfjaeftirlits ríkisins um að húsnæði, búnaður og starfslið fullnægi kröfum þess.

Ráðherra er heimilt að kveða á um vaktskyldu lyfsöluleyfishafa.

Ráðherra getur falið stjórn heilsugæslustöðvar í heilsugæsluumdæmi þar sem lyfjabúð er ekki starfrækt rekstur lyfjabúðar og skal samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins liggja fyrir áður en starfsemi hennar er hafin. Stjórn heilsugæslustöðvar, sem falinn er rekstur lyfjabúðar, er heimilt að semja við utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa um þjónustu, þar með talinn rekstur lyfjabúðar, sbr. 35. gr.

Fyrir lyfsöluleyfi skal greiða gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

21. gr.

Hvert lyfsöluleyfi takmarkast við rekstur einnar lyfjabúðar og ber lyfsöluleyfishafi sjálfur faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar. Lyfsöluleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi til að reka útibú frá lyfjabúð sinni í sveitarfélögum þar sem lyfjabúðir eru ekki reknar. Í fjarveru leyfishafa skal fela lyfjafræðingi daglega stjórn lyfjabúðarinnar í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins.

Starfandi læknar, tannlæknar og dýralæknar mega ekki vera eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúða.

22. gr.

Lyfsöluleyfi fellur niður:

1. ef leyfishafi er sviptur lyfjafræðingsleyfi sínu eða verslunarleyfi,
2. í lok þess árs sem leyfishafi verður 70 ára; heimilt er að framlengja leyfi um eitt ár í senn eftir þann tíma að fenginni umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins,
3. ef leyfishafi hættir störfum,
4. við andlát leyfishafa. Þó er dánarbúi heimilt að reka lyfjabúð í hálft ár, undir faglegri stjórn lyfjafræðings, að fengnu samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.

Ráðherra er heimilt að svipta leyfishafa lyfsöluleyfi ef hann brýtur gegn ákvæðum þessara laga eða annarra og brotið er þess eðlis að telja verði leyfishafa óhæfan til að annast lyfsölu. Um missi starfsréttinda fer eftir V. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.

Við starfslok er leyfishafa eða dánarbúi heimilt að selja reksturinn lyfjafræðingi sem öðlast hefur lyfsöluleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara.

VIII. KAFLI
Um rekstur lyfjabúða.

23. gr.

Lyfjabúð skal auðkenna á áberandi hátt. Handhöfum lyfsöluleyfis er heimilt að nefna lyfjaverslanir sínar og þær einar lyfjabúðir eða apótek.

24. gr.

Lyfsölum er skylt að hafa á boðstólum lyf sem selja má hér á landi, hafa hæfilegar lyfjabirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði og útvega þau lyf sem ekki er að finna í birgðum þeirra svo fljótt sem auðið er. Enn fremur skulu vera til sölu í lyfjabúðum helstu gerðir lyfjagagna og hjúkrunar- og sjúkragagna eftir því sem kostur er.

Lyfsölum er skylt að veita heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi, enda brjóti það ekki í bága við önnur lög.

Lyfsölum er skylt að veita neytendum og heilbrigðisstéttum upplýsingar um lyf, notkun þeirra og geymslu. Þá er þeim jafnframt skylt að kynna lyfjanotkun og lyfjafræðilega umsjá í samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir með það að markmiði að draga úr líkum á sjúkdómum og auka almennt heilbrigði.

Lyfsalar skulu tölvuskrá allar upplýsingar af lyfseðlum á formi sem samþykkt er af landlækni og tölvunefnd, sbr. lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Landlæknir getur krafist þessara upplýsinga allt að einu ári aftur í tímann.

IX. KAFLI
Vistun lyfjafræði- og lyfjatækninema. Skyldur starfsmanna lyfjabúða.

25. gr.

Lyfjabúðir vista lyfjafræði- og lyfjatækninema til verklegs náms samkvæmt samkomulagi við viðkomandi menntastofnanir.

26. gr.

Lyfjafræðinemar, sem lokið hafa 4. árs námi og tveggja mánaða vistun í lyfjabúð, geta sótt um leyfi til ráðherra til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðinga tímabundið. Í slíkum tilvikum skal lyfjafræðinemi starfa með og á ábyrgð lyfjafræðings.

27. gr.

Starfsmenn lyfjabúða eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun sem þeir öðlast í starfi sínu um sjúkdóma eða önnur einkamál.

Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir ákvæðum réttarfarslaga.

X. KAFLI
Um afgreiðslu lyfja.

28. gr.

Lyfjafræðingar eða aðstoðarlyfjafræðingar skulu bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og hafa með höndum lokaeftirlit að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávísun eða eiturbeiðni.

Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr útibúi frá lyfjabúð enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af Lyfjaeftirliti ríkisins eftir tillögu héraðslæknis og lyfsala. Ef lyfjatæknir er ekki fáanlegur til starfa í útibúi frá lyfjabúð er heimilt að veita þennan sama rétt öðrum ábyrgum umboðsmanni sem lyfsali ræður til þess að fengnu samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.

XI. KAFLI
Innflutningur og heildsala lyfja.

29. gr.

Leyfi til innflutnings fullgerðra lyfja og lyfjaefna til dreifingar í heildsölu hafa þeir einir sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.

Fyrir lyfjaheildsöluleyfi skal greitt gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

30. gr.

Til að fá lyfjaheildsöluleyfi verður lyfjaheildsala að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. að henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi og ekki er handhafi lyfsöluleyfis,
2. að vera þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem að meðferð lyfja lýtur eða brjóti á einn eða annan máta ákvæði þessara eða annarra laga má svipta hann leyfinu.

Lyfjaheildsölum er óheimilt að rjúfa lyfjapakkningar. Óheimilt er að breyta áletrun á pakkningum lyfja nema á ábyrgð framleiðanda og að fenginni umsögn lyfjanefndar ríkisins. Lyfjaeftirlit ríkisins fylgist með að slík breyting sé gerð á tryggilegan hátt.

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum, tannlæknum og dýralæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna, tannlækna og dýralækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir rekstrarkostnað. Þóknun fyrir lyfjaafhendingu dýralækna skal ákveðin af lyfjaverðsnefnd í samráði við yfirdýralækni, sbr. 40. gr.

Lyfjaheildsölum er skylt að tölvuskrá söluupplýsingar á formi sem samþykkt er af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og jafnframt að veita ráðuneytinu upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

XII. KAFLI
Framleiðsla lyfja.

31. gr.

Leyfi til framleiðslu lyfja hafa þeir aðilar einir sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.

Fyrir lyfjaframleiðsluleyfi skal greitt gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

32. gr.

Til að fá lyfjaframleiðsluleyfi verður fyrirtæki að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. að því veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi eða annar sá sem uppfyllir eigi minni menntunarkröfur,
2. að vera þannig búið húsnæði, tækjum og starfsliði að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins að það fullnægi kröfum um framleiðslu, geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem lýtur að meðferð lyfja eða brjóti á einn eða annan máta ákvæði þessara eða annarra laga má svipta hann leyfinu. Lyfjaframleiðendum er skylt að veita heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

33. gr.

Lyfjabúðir skulu framleiða forskriftarlyf lækna eða útvega þau svo fljótt sem unnt er. Heimilt er að framleiða stöðluð forskriftarlyf í lyfjabúðum ef settum skilyrðum er fullnægt. Heimilt er að takmarka framleiðsluleyfi þeirra við tiltekin lyfjaform.

XIII. KAFLI

Um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

34. gr.

Á sjúkrahúsum er heimilt að starfrækja sérstök sjúkrahússapótek sem hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun og varðveislu lyfja og eftirliti með notkun þeirra á einstökum deildum. Rekstur sjúkrahússapóteks skal vera fjárhagslega aðskilinn frá öðrum rekstri sjúkrahússins.

Yfirlyfjafræðingur er forstöðumaður sjúkrahússapóteks og skal ráðinn af viðkomandi sjúkrahússstjórn.

Stjórn sjúkrahúss er heimilt að leita útboða um rekstur sjúkrahússapóteks sem veitir þá þjónustu sem um ræðir í þessum kafla enda uppfylli reksturinn öll önnur skilyrði laganna um starfsemi og rekstur lyfjabúða.

35. gr.

Á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum, sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samkvæmt öðrum sérlögum og ekki starfrækja sjúkrahússapótek, skal lyfjafræðingur hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra.

Hafi stofnunin ekki lyfjafræðing í þjónustu sinni skv. 1. mgr. skal stjórn stofnunarinnar semja við utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa um lyfjafræðilega þjónustu, svo sem umsjón með öflun lyfja og eftirlit með notkun þeirra. Samningurinn er háður samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.

36. gr.

Sjúkrahússapóteki er heimilt að afgreiða lyf til sjúklinga sem útskrifast af sjúkrahúsinu og göngudeildarsjúklinga. Sjúkrahússapóteki er einungis heimilt að afgreiða lyfseðla sem merktir eru sjúkrahúsinu og gefnir eru út af læknum þess.

Um afgreiðslu lyfja samkvæmt heimild þessarar greinar fer eftir þeim almennu reglum sem gilda um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

37. gr.

Á hverju deildaskiptu sjúkrahúsi skal starfa þriggja til fimm manna lyfjanefnd sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Í slíkri lyfjanefnd skal vera a.m.k. einn starfandi lækna sjúkrahússins og einn starfandi lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins. Að jafnaði skal þess gætt þegar völ er á fleiri en einu jafngildu lyfi að velja til notkunar á sjúkrahúsi þau lyf sem ódýrari eru.

38. gr.

Stjórn sjúkrahúss ber að sjá svo um að húsnæði og búnaður sjúkrahússapóteks eða lyfjageymslu sjúkrahússins sé við hæfi og skal hlíta úrskurði Lyfjaeftirlits ríkisins þar að lútandi.

XIV. KAFLI
Lyfjaverð.

39. gr.

Verðlagning lyfja, sem seld eru án lyfseðils, er frjáls.

40. gr.

Lyfjaverðsnefnd ákvarðar hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum í heildsölu og smásölu. Nefndin ákveður jafnframt þóknun til dýralækna fyrir afhendingu dýralyfja.

Innflytjendur lyfja, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra skulu sækja um hámarksverð í heildsölu og allar verðbreytingar á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum til lyfjaverðsnefndar.

Í nefndinni skulu eiga sæti þrír menn sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar til setu á kjörtímabili sínu, þar af einn tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Ráðherra skipar formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þegar fjallað er um hámarksverð á lyfjum í heildsölu tekur sæti í nefndinni fulltrúi samtaka lyfjaheildsala og þegar fjallað er um hámarksverð í smásölu tekur fulltrúi samtaka lyfsala sæti í nefndinni. Þegar fjallað er um þóknun til dýralækna tekur fulltrúi samtaka dýralækna sæti í nefndinni auk þess sem nefndin skal þá leita álits yfirdýralæknis. Falli atkvæði jöfn við afgreiðslu mála hjá nefndinni sker atkvæði formanns úr.

Nefndin skal fylgjast með innkaups- og framleiðsluverði lyfja og verðlagningu lyfja í heildsölu og smásölu og taka mið af þeim athugunum við verðákvarðanir sínar. Þá skal nefndin hafa með höndum útgáfu lyfjaverðskrár sem í er birt hámarksverð lyfseðilsskyldra lyfja.

Kostnaður við störf nefndarinnar, þar með talin laun nefndarmanna og starfsliðs, greiðist úr ríkissjóði.

41. gr.

Ráðherra ákveður að fenginni tillögu Tryggingastofnunar ríkisins þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við lög um almannatryggingar og fjárlög hverju sinni.

XV. KAFLI
Eftirlit, málarekstur og refsing.
42. gr.

Eftirlit samkvæmt lögum þessum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins.

43. gr.

Um mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

XVI. KAFLI
Niðurlagsákvæði.
44. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja nauðsynlegar reglugerðir með nánari ákvæðum um framkvæmd laga þessara.

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

Frá sama tíma falla úr gildi lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og lyfjalög, nr. 108/1984, með síðari breytingum, að undanskildum ákvæðum X. kafla í lyfjalögum um lyfsölusjóð, 39.–48. gr., sem falla úr gildi 1. júní 1995. Skulu eignir lyfsölusjóðs þá renna að einum þriðja hluta til Íslenska lyfjafræðisafnsins við Nesströð, Seltjarnarnesi, en tveir þriðju hlutar skulu renna til Lyfjafræðingafélags Íslands og vera varið til að styrkja forvarna- og upplýsingastarf um lyf í lyfjabúðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þær reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lyfjalögum, nr. 108/1984, og lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu þar til nýjar reglugerðir hafa öðlast gildi enda stangist efni þeirra ekki á við lög þessi.
2. Núverandi lyfsalar halda lyfsöluleyfum sínum eftir gildistöku ákvæða VII. kafla laganna. Samvinnureknar lyfjabúðir á Akureyri og Selfossi og Lyfjabúð Háskóla Íslands hafa frest til 1. júní 1995 til að uppfylla skilyrði laga þessara. Læknar og sveitarfélög halda leyfum sínum til lyfsölu fram til 1. júní 1995 og eftir það þar til sá er uppfyllir skilyrði samkvæmt lögum þessum sækir um lyfsöluleyfið.

1258. Frumvarp til laga [554. mál]

um reynslusveitarfélög.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

I KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.

Markmið þessara laga er að gera sveitarfélögum kleift að gera tilraunir í þeim tilgangi að undirbúa breytingar á löggjöf um stjórnsýslu sveitarfélaga, framkvæmd verk-

efna þeirra, tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Með tilraununum skal að því stefnt að auka sjálfsstjórn sveitarfélaga, að laga stjórnsýslu þeirra betur að staðbundnum aðstæðum, að bæta þjónustu við íbúana og nýta betur fjármagn hins opinbera. Tilraunirnar skulu ekki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna né fela í sér auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá.

Þau sveitarfélög, sem fá heimild til að gera tilraunir í samræmi við ákvæði laganna, nefnast reynslusveitarfélög.

2. gr.

Heimildir ráðherra samkvæmt ákvæðum þessara laga til að víkja frá lögum eiga, nema annað sé sérstaklega tekið fram, við ákvæði þeirra um:

a. stjórnsýslu sveitarfélaga og skipulag starfsemi þeirra,
b. hvernig verkefni skuli leyst af hendi,
c. hvernig eftirliti ríkisins með starfsemi sveitarfélaga skuli háttað,
d. verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ráðherrum er ekki heimilt að víkja frá lögum nema tryggt sé að það hafi ekki í för með sér skerðingu á þeim rétti til þjónustu og fyrirgreiðslu sem íbúarnir njóta lögum samkvæmt og að réttaröryggi þeirra haldist óskert.

3. gr.

Verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins um reynslusveitarfélög. Verkefnisstjórnin skal skipuð tveimur mönnum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveimur mönnum tilnefndum af félagsmálaráðherra og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Verkefnisstjórnin skal leiðbeina og aðstoða reynslusveitarfélög við undirbúning tilrauna og vera tengiliður þeirra við einstök ráðuneyti. Enn fremur skal hún veita viðkomandi ráðuneytum umsagnir um óskir reynslusveitarfélaga um tilraunir.

Fulltrúar ráðuneyta skulu sitja fundi verkefnisstjórnar þegar mál, sem þau varða, eru þar til umfjöllunar.

4. gr.

Félagsmálaráðherra tekur á grundvelli umsókna, og að fengnum tillögum verkefnisstjórnar, ákvörðun um hvaða sveitarfélög skuli verða reynslusveitarfélög. Þau geta orðið allt að tólf.

Við val á reynslusveitarfélögum skal þess gætt að þau séu sem fjölbreytilegust að stærð og gerð. Sveitarfélög, sem sækja um þátttöku í tengslum við sameiningu, skulu að öðru jöfnu hafa forgang.

Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta auglýsingu um hvaða sveitarfélög séu reynslusveitarfélög.

5. gr.

Ráðherra, sem hefur heimild til að setja reglugerð á ákveðnu sviði, getur sett sérstaka reglugerð fyrir reynslusveitarfélög, eitt eða fleiri, enda eigi hún sér stoð í þeim lögum sem veita heimild til setningar reglugerðar.

6. gr.

Verkefnisstjórn skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, fela óháðum aðila, eða aðilum, að taka út tilraunir og meta hvernig til hafi tekist. Félagsmálaráðherra skal sjá til þess að niðurstöður þeirra verði kynntar Alþingi. Félagsmálaráðherra skal enn fremur hlutast til um að árlega verði lagðar fram á Alþingi skýrslur verkefnisstjórnar um framkvæmd verkefnisins. Fyrsta skýrslan verði lögð fram á Alþingi vorið 1995 og sú síðasta vorið 2001.

II. KAFLI
Samþykktir fyrir reynslusveitarfélög o.fl.

7. gr.

Sveitarstjórn reynslusveitarfélags skal gera sérstakar samþykktir um tilraunir samkvæmt lögum þessum. Tvær umræður skulu fara fram um slíkar samþykktir í sveitarstjórn með a.m.k. einnar viku millibili.

Samþykktirnar öðlast ekki gildi fyrr en viðkomandi ráðherra hefur staðfest þær. Hann skal afla samþykkis fjármálaráðherra ef um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð er að ræða.

Staðfestar samþykktir skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Sveitarstjórn er skylt að kynna íbúum sveitarfélagsins fyrirhugaðar tilraunir áður en hún gengur frá samþykktum um þær.

Hún skal enn fremur veita upplýsingar um framgang og árangur tilrauna.

III. KAFLI
Um stjórnsýslutilraunir.

9. gr.

Viðkomandi ráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum laga um nefndir og stjórnir sveitarfélaga þegar reynslusveitarfélag á í hlut. Heimildin nær ekki til ákvæða um sveitarstjórnir, byggðarráð og kjörstjórnir.

IV. KAFLI
Heimildir félagsmálaráðherra.

10. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum, um félagslegar íbúðir þegar reynslusveitarfélag á í hlut.

11. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi svæðisráð, að fela reynslusveitarfélagi að annast þjónustu við fatlaða í sveitarfélaginu, að hluta til eða að öllu leyti, gegn umsamdri greiðslu á kostnaði úr ríkissjóði og framlagi úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Ráðherra er í því sambandi heimilt að víkja frá ákvæðum laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

12. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum, og ákvæðum laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985, með síðari breytingum, þegar í hlut á reynslusveitarfélag sem vill gera tilraun til að bæta þjónustu við atvinnulausa.

13. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, með síðari breytingum, þannig að hluta af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði varið til greiðslu framlaga til reynslusveitarfélaga sem komi, að öllu eða nokkru leyti, í stað sérstakra framlaga skv. 13. gr. laganna og jöfnunarframlaga skv. 14. gr. til þeirra. Í reglugerð skal setja ákvæði um útreikning þessara framlaga og skilyrði fyrir úthlutun.

Ráðherra tekur ákvörðun um úthlutun framlaga til reynslusveitarfélaga skv. 1. mgr. að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar, sbr. 17. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

V. KAFLI
Heimildir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

14. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að fela reynslusveitarfélagi byggingu og/eða rekstur heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss gegn umsamdri greiðslu á kostnaði úr ríkissjóði og framlagi úr Framkvæmdasjóði aldraðra ef við á.

15. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum, og ákvæðum laga um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum, þegar í hlut á reynslusveitarfélag sem vill gera tilraun á því sviði sem þessi lög ná yfir. Óheimilt er þó að víkja frá ákvæðum laga er varða skilyrði um faglega ábyrgð í stjórnun heilbrigðisstofnana og innihald þeirrar þjónustu sem á að veita samkvæmt nefndum lögum.

VI. KAFLI
Heimildir umhverfisráðherra.

16. gr.

Umhverfisráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum byggingarlaga, nr. 54/1978, með síðari breytingum, um meðferð umsókna um byggingarleyfi og verksvið byggingarfulltrúa í reynslusveitarfélagi.

VII. KAFLI
Sérákvæði um flutning verkefna til reynslusveitarfélaga.

17. gr.

Meðan á tilraun, sem felur í sér flutning verkefna frá ríki til reynslusveitarfélags samkvæmt lögum þessum, stendur teljast hlutaðeigandi starfsmenn vera í þjónustu sveitarfélagsins. Engin formbreyting verður á ráðningarstöðu starfsmannanna á þessu tímabili og réttarstaða þeirra og réttindi haldast óbreytt, svo sem lífeyrisréttindi og stéttarfélagsaðild.

Áður en til verkefnaflutnings kemur skulu viðkomandi fagráðherra, fjármálaráðherra og sveitarfélag semja um ábyrgðir sínar og greiðslur vegna réttinda og kjara starfsmanna.

18. gr.

Ef reynslusveitarfélag yfirtekur verkefni frá ríkinu samkvæmt lögum þessum er heimilt að gera tilraun með nýtt fyrirkomulag á greiðslu kostnaðar og er viðkomandi ráðherra í því sambandi heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að víkja frá ákvæðum laga sem mæla fyrir um það efni.

VIII. KAFLI

Gildistökuákvæði o.fl.

19. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

20. gr.

Lög þessi, sem taka þegar gildi, skulu gilda til 1. janúar árið 2000.

1259. Frumvarp til laga [283. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Falli veiðileyfi skips skv. 1. mgr. þessarar greinar niður má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað enda hafi slíkum rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Er heimilt að veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips er úr flotanum hverfur eða úrelda fleiri en eitt skip í stað skips er í flotann bætist enda sé tryggt að afkastageta fiskiskipaflotans aukist ekki við skiptin. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa.

2. gr.

Framan við 6. gr. laganna bætast sex nýjar málsgreinar er orðast svo:

Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, skv. 6. mgr. II. bráðabirgðaákvæðis laganna, skulu frá og með fiskveiðiárinu, er hefst 1. september 1994, sæta veiðitakmörkunum eins og kveðið er á um í 2.–6. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, og til hrognkelsaveiða í net.

Veiðar skulu bannaðar í desember og janúar sem og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Veiðar skulu enn fremur bannaðar aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstudaga á undan hvorri helgi. Falli banndagar þessir saman við banndaga um páska eða verslunarmannahelgi flytjast þeir fram sem því nemur.

Fiskveiðiárinu skal skipt upp í fjögur veiðitímabil og hámarksafli þessara báta ákveðinn á hverju tímabili. Veiðitímabil eru sem hér segir:

1. tímabil 1. september til 30. nóvember
2. tímabil 1. febrúar til 30. apríl
3. tímabil 1. maí til 30. júní
4. tímabil 1. júlí til 31. ágúst

Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta er undir þessa grein falla telst á hverju fiskveiðiári meðalafli þeirra í þorskígildum talið á fiskveiðiárunum sem hófust 1. september 1991 og 1. september 1992 og skal honum skipt þannig milli veiðitímabila að á fyrsta tímabil falla 24%, á annað tímabil 11%, á þriðja tímabil 32% og á fjórða tímabil 33%.

Fari afli á einhverju veiðitímabili fram úr fyrrgreindu hámarki skal banndögum á sama tímabili á næsta fiskveiðiári fjölgað. Í því sambandi skal reikna meðalafla á dag á umræddu veiðitímabili liðins fiskveiðiárs og finna viðbótarbanndaga með því að deila þeirri tölu í viðkomandi umframafla. Skal banndögum fjölgað um heila daga og broti sleppt. Hámarksafli skv. 4. mgr. á viðkomandi tímabili næsta fiskveiðiárs skal lækka sem umframaflanum nemur.

Viðbótarbanndögum skal bætt framan við banndaga á viðkomandi tímabili og skipt eins jafnt niður og unnt er.

3. gr.

Í stað 4. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar skal draga eftirtalinn afla frá:

1. Áætlaðan afla báta er stunda veiðar með línu og handfærum skv. 1.–6. mgr. 6. gr.
2. Línuafla í samræmi við 6. mgr. 10. gr. og skal línuaflinn skiptast milli þorsks og ýsu á grundvelli skiptingar á síðasta fiskveiðiári.
3. Aflaheimildir sem nota skal til jöfnunar, sbr. 9. gr.

4. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skulu aflaheimildir af botnfiski, er nema 12.000 þorskígildum í lestum talið, vera til ráðstöfunar til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Skal þessum aflaheimildum skipt milli botnfisktegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla af einstökum tegundum og verðmætahlutföll sem ráðherra ákveður.

Skal ráðherra árlega ákveða með reglugerð ráðstöfun þessara heimilda þannig að þær nýtist útgerðum þeirra skipa sem fyrir mestri skerðingu hafa orðið.

Sé aflaheimildum ekki ráðstafað til uppbóta samkvæmt þessari grein bætast þær við heildaraflamark viðkomandi tegunda og koma til úthlutunar í samræmi við aflahlutdeild einstakra skipa.

5. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að flytja allt að 20% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafsrækju, humars og síldar frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta.

6. gr.

1. málsl. 6. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Fiskur, sem veiðist á línu í mánuðunum nóvember, desember, janúar og febrúar, skal aðeins að hálfu talinn til aflamarks þar til sameiginlegur línuafli af þorski og ýsu hefur náð 34.000 lestum miðað við óslægðan fisk.

7. gr.

Aftan við 3. mgr. 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Aldrei er heimilt að flytja aflamark milli skipa leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

8. gr.

1. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 36/1992, er verður 6. mgr., orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.

9. gr.

Aftan við 4. mgr. 12. gr. laganna, er verður 6. mgr., kemur nýr málsliður, er verður 3. málsl., og orðast svo: Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu.

10. gr.

Við 1. mgr. 16. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningsförum, fiskverkunum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að vigta sjávarafla eða hafa eftirlit með vigtun hans. Hafnaryfirvöld skulu senda Fiskistofu jafnharðan upplýsingar um landaðan afla í því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð.

11. gr.

Orðið „ráðuneytisins“ í 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna fellur niður.

12. gr.

Við 18. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 5. og 6. mgr. greinarinnar og orðast svo:

Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar milli skipa skal útgerð þess skips sem flutt er frá greiða 1.500 kr.

Gjald skv. 5. mgr. er grunngjald er miðast við byggingarvísitölu í janúar 1994 og breytist í hlutfalli við þær breytingar er á henni kunna að verða.

13. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Beita skal ákvæðum laga nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum, vegna brota gegn þessum lögum eftir því sem við á.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda frá og með því fiskveiðiári er hefst 1. september 1994, nema 1., 10. og 12. gr. er koma til framkvæmda við gildistöku laganna.

1260. Frumvarp til laga [546. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „2,85“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 3.
b. 1. málsl. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Hugbúnaðariðnað, hótelgistingu, veitingarekstur og útleigu bifreiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1994 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds frá og með þeim tíma og álagningu tryggingagjalds á árinu 1995.

1261. Frumvarp til laga [550. mál]

um leikskóla.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 861 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Leikskólanefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Einn fulltrúi starfsfólks leikskóla og einn fulltrúi foreldra leikskólabarna eiga rétt til setu á fundum leikskólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Þar sem sveitarfélög hafa sameinast um rekstur leikskóla skulu þau öll eiga fulltrúa í þeirri nefnd sem fer með málefni leikskóla.

1262. Frumvarp til laga [478. mál]

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 733 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
2. gr. laganna orðast svo:
Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu.
Menntamálaráðherra skipar þjóðminjaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, Félag íslenskra safnamanna einn, Háskóli Íslands einn, Hið íslenska kennarafélag og Kennarasamband Íslands einn sameiginlega og einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þjóðminjavörður og safnstjóri Þjóðminjasafns ásamt einum fulltrúa tilnefndum af föstum starfsmönnum safnsins úr þeirra röðum eiga setu á fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.
Hlutverk þjóðminjaráðs er að vinna að mörkun stefnu og gera langtímaáætlun um starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og þjóðminjavörsluna í heild og hafa yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Ráðið er stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands og hefur umsjón með rekstri þess. Að öðru leyti sinnir ráðið þeim verkefnum sem því eru sérstaklega falin í lögum þessum.
Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu. Hann er forstöðumaður Þjóðminjasafns Íslands og framkvæmdastjóri þjóðminjaráðs. Forseti Íslands skipar þjóðminjavörð til fimm ára í senn að tillögu menntamálaráðherra sem leita skal umsagnar þjóðminjaráðs. Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu og reynslu af stjórnunarstörfum.
Birta skal árlega starfsskýrslu þjóðminjaráðs og Þjóðminjasafns Íslands.

2. gr. hljóðar svo:
3. gr. laganna orðast svo:
Þriggja manna fornleifanefnd fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna og er Þjóðminjasafni Íslands til ráðgjafar um fornleifavörslu, fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir. Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fjögurra ára í senn. Háskóli Íslands og Félag íslenskra fornleifafræðinga tilnefna einn fulltrúa hvor og skulu þeir hafa háskólapróf í fornleifafræði sem aðalgrein. Þjóðminjaráð tilnefnir einn fulltrúa. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þjóðminjavörður, eða fulltrúi hans, situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr. hljóðar svo:

5. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð þjóðminjavörslu í landinu.

Við Þjóðminjasafn Íslands skal auk þjóðminjavarðar starfa safnstjóri sem stjórnar daglegri starfsemi safnsins undir yfirumsjón þjóðminjavarðar. Safnstjóri er staðgengill þjóðminjavarðar. Menntamálaráðherra ræður safnstjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og þjóðminjaráðs. Safnstjóri skal að öðru jöfnu hafa sérfræðilega menntun í menningarsögu, góða þekkingu á rekstri safna og reynslu af stjórnunarstörfum.

Um deildaskiptingu safnsins skal mælt fyrir í reglugerð að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Deildir safnsins geta verið sjálfstæðar rekstrareiningar, haft stöðu sérstakra safna eða stofnana.

Þjóðminjavörður ræður deildarstjóra og aðra sérfræðinga safnsins með samþykki þjóðminjaráðs. Deildarstjórar skulu ráðnir til fimm ára í senn. Skulu þeir að öðru jöfnu hafa sérfræðimenntun á starfssviði sínu. Þjóðminjavörður annast ráðningu annarra starfsmanna Þjóðminjasafns.

1263. Frumvarp til laga [445. mál]

um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur heimilað að við starfsemi skv. 1. og 2. mgr. séu notaðar sérstakar happdrættisvélar þannig að þátttaka, ákvörðun um vinning og greiðsla á honum fari fram vélrænt og samstundis og enn fremur að slíkar happdrættisvélar séu samtengdar, einstakar vélar og á milli sölustaða. Dómsmálaráðherra setur með reglugerð m.a. nánari ákvæði um staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir happdrættisvéla, eftirlit með þeim, notkun mynta og seðla við greiðslu fyrir þátttöku, fjárhæð vinninga og aldur þeirra sem mega nota vélarnar. Lágmarksaldur þátttakenda skal þó vera 16 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1264. Frumvarp til laga [446. mál]

um söfnunarkassa.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 659 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íslenskra söfnunarkassa, nánari ákvæði um staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir söfnunarkassa, eftirlit með þeim, notkun mynta og seðla við greiðslu framlaga, fjárhæð vinninga og aldur þeirra sem nota mega kassana til að leggja fram framlög en hann skal þó eigi vera lægri en 16 ár. Með sama hætti getur ráðherra sett í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um greiðslu kostnaðar vegna eftirlits og endurskoðunar.

1265. Frumvarp til laga [377. mál]

um umboðsmann barna.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

1. gr.

Stofna skal embætti umboðsmanns barna sem hafi það hlutverk að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra samkvæmt því sem nánar segir í lögum þessum.

Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga allt að 18 ára aldri.

2. gr.

Forseti Íslands skipar, að tillögu forsætisráðherra, umboðsmann barna til fimm ára í senn. Skipa má umboðsmanninn að nýju til fimm ára án auglýsingar en eigi oftar nema sérstaklega standi á.

Umboðsmaður barna skal hafa lokið háskólaprófi. Hafi umboðsmaður barna ekki lokið embættisprófi í lögfræði skal lögfræðingur starfa við embættið.

Kjaradómur ákveður laun og starfskjör umboðsmanns barna. Umboðsmanni barna er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf eða takast á hendur verkefni sem eigi samrýmast starfi hans.

3. gr.

Umboðsmaður barna skal vinna að því að stjórnvöld, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Í starfi sínu skal umboðsmaður barna setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins.

Umboðsmaður barna skal einkum:

a. hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna,
b. koma á framfæri tillögum um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnsýsluhafa er varða börn sérstaklega,
c. stuðla að því að virtir verði þjóðréttarsamningar sem varða réttindi og velferð barna og fullgiltir hafa verið af Íslands hálfu og enn fremur benda á að samningar um þetta efni verði fullgiltir,
d. bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að aðilar þeir, er greinir í upphafi 1. mgr., hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi brotið gegn réttindum, þörfum og hagsmunum barna í samfélaginu,
e. stuðla að því að kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða börn og ungmenni og beita sér fyrir því að gerðar verði rannsóknir á þessu sviði.

Telji umboðsmaður barna að ákvæði d-liðar 2. mgr. kunni að hafa verið brotið skal hann beina rökstuddri álitsgerð til viðkomandi aðila ásamt tillögum um úrbætur, eigi það við.

4. gr.

Öllum er heimilt að leita til umboðsmanns barna með erindi sín.

Umboðsmaður barna tekur mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða eftir rökstuddum ábendingum. Hann ákveður sjálfur hvort ábending gefur tilefni til meðferðar af hans hálfu.

Umboðsmaður barna tekur ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga, en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um leiðir sem færar eru innan stjórnsýslu og hjá dómstólum.

5. gr.

Stjórnvöldum er skylt þrátt fyrir þagnarskyldu að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Með sama hætti er einstaklingum, félögum og samtökum einstaklinga skylt að veita umboðsmanni barna allar upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu skv. d-lið 3. gr. Umboðsmaður getur ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins inn á við eða út á við eða utanríkismál er leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Umboðsmaður barna skal einnig, er hann telur nauðsyn bera til, hafa óheftan aðgang að öllum stofnunum sem vista börn eða hafa afskipti af börnum á einn eða annan hátt í starfsemi sinni, hvort sem þær eru reknar af opinberum aðilum eða einstaklingum, félögum eða öðrum samtökum einstaklinga.

Komi upp ágreiningur vegna ákvæða 1. og 2. mgr. er umboðsmanni barna heimilt að leita úrlausnar dómstóla. Um málsmeðferð fer eftir lögum um meðferð einkamála.

6. gr.

Umboðsmanni barna ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfi og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns barna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Að öðru leyti fer um þagnarskyldu umboðsmanns barna og starfsmanna hans samkvæmt almennum reglum um starfsmenn ríkisins.

7. gr.

Umboðsmaður barna ræður sjálfur starfsmenn embættisins. Honum er einnig heimilt að ráða sérfræðinga til að vinna að einstökum verkefnum.

8. gr.

Forsætisráðuneytið skal hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Umboðsmaður barna skal gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert. Að öðru leyti er umboðsmaður barna sjálfstæður og óháður fyrirmælum framkvæmdarvalds.

Forsætisráðherra setur nánari reglur um starfshætti umboðsmanns barna í reglugerð að fengnum tillögum umboðsmanns.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

1266. Breytingartillögur [255. mál]

við frv. til lyfjalaga.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (SP, HN, LMR, GHall, SAÞ).

1. Við 2. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með. Í reglugerð skal nánar kveðið á um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins. Verja skal tekjum þessum til greiðslu kostnaðar við eftirlitið og miða við að gjaldið standi undir kostnaði við rekstur þess.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. Við 2. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, getur ráðherra framlengt lyfsöluleyfi þar til ákvæði VII. kafla taka gildi.
3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Ákvæði VII. og XIV. kafla koma þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. nóvember 1995. Hið sama gildir um ákvörðun þóknunar fyrir lyfjaafhendingu dýralækna sem kveðið er á um í 30. gr.

1267. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til l. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (PBald, FI, ÁRÁ, GJH, LMR, ÓRG).

1. Við 2. gr. Á eftir fyrri málsgrein komi ný málsgrein er orðist svo:
   Ákvæði laga þessara taka hvorki til hvala né sela en um þær tegundir gilda sérstök lög.

2. Við 6. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Um innflutning dýra gilda lög nr. 54/1990.
3. Við 7. gr. Í stað orðanna „skv. VI. kafla“ í 1. mgr. komi: samkvæmt lögum þessum.
4. Við 9. gr.
   a. Í stað orðsins „þvíumlíkt“ í 3. tölul. komi: áþekka hluti.
   b. Á eftir orðhlutanum „fýls-“ í 3. tölul. komi orðhlutinn: súlu-.
   c. Í stað orðanna „nema til kópaveiða og“ í 4. tölul. komi: nema.
   d. 14. tölul. orðist svo: Sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskotabyssur og hálfsjálfvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang. Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veiðistjóraembættinu.
   Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann. Þar sem veiðistjóraembætti og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiðar að vetrarlagi í stað grenjavinnslu og fela þá skotmanni með sama hætti framkvæmdina. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt þessari málsgrein.
   Á svæðum þar sem friðun refa hefur verið aflétt, sbr. 7. gr., eru refaveiðar utan grenjatíma öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum.
   Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. og 3. mgr. Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum. Umhverfisráðherra getur í samráði við veiðistjóra heimilað sveitarstjórnum að ráða skotmenn til refaveiða á tilteknum svæðum til viðbótar þeim sem ákvörðuð hafa verið skv. 2. mgr. og falla þau þá ekki undir greiðsluskyldu ríkissjóðs.
   Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. mega bændur og æðarræktendur, eða aðilar á þeirra vegum, skjóta refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum, sbr. 2. mgr., um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

1268. Nefndarálit [113. mál]

um till. til þál. um endurmat iðn- og verkmenntunar.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem felur í sér að unnið verði að úrbótum á sviði iðn- og verkmenntunar hér á landi. Tillaga sama efnis var lögð fram á 115. og 116. þingi. Nefndin hefur við umfjöllun sína stuðst við umsagnir frá Iðnnemasambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna og Sambandi iðnmenntaskóla.

Menntamálanefnd bendir á að lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um framhaldsskóla þar sem lögð er sérstök áhersla á að efla starfsmenntun í landinu. Þessi endurskoðun framhaldsskólalaga hefur staðið yfir sl. tvö ár. Þá er starfandi á vegum menntamálaráðuneytis starfshópur um starfsþjálfun iðnnema sem hefur fengið það verkefni að leita leiða til að leysa vanda varðandi starfsþjálfun iðnnema en þeim hefur reynst erfitt að komast í starfsþjálfun að bóknámi loknu.

Með vísan til þeirrar vinnu, sem getið er hér að framan, leggur menntamálanefnd til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Björn Bjarnason og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1994.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Árni Johnsen. Petrína Baldursdóttir.

Tómas Ingi Olrich. Kristín Ástgeirsdóttir.

1269. Breytingartillögur [283. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (VE, ÁRÁ, GHall, GunnS, EKG).

1. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 3. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Óheimilt er að flytja samanlagt meira aflamark til skips á hverju fiskveiðiári en nemur aflamarki því sem skipinu var úthlutað í upphafi árs á grundvelli aflahlutdeildar sinnar. Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætastuðla er ráðherra ákveður og einungis sá flutningur á aflamarki til skips sem umfram er flutning frá skipi. Við beitingu þessarar málsgreinar skal taka tillit til þeirra breytinga er orðið kunna að hafa innan fiskveiðiársins á aflahlutdeild skips.
2. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði laga þessara, önnur en 7. gr., öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda frá og með því fiskveiðiári er hefst 1. september 1994, nema 1., 10. og 12. gr. er koma til framkvæmda við gildistöku laganna. Ákvæði 7. gr. öðlast gildi 1. janúar 1996.

3. Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Á tímabilinu 1. september 1994 til 31. desember 1995 skulu eftirfarandi takmarkanir gilda um framsal aflamarks til viðbótar þeim takmörkunum er um ræðir í 12. gr.

Þegar meira en 15% af aflamarki því af einhverri tegund, sem úthlutað er til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu er óheimilt á sama fiskveiðiári að flytja aflamark af sömu tegund til skipsins. Á sama hátt er óheimilt að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins á fiskveiðiárinu. Flutningur milli skipa í eigu sömu útgerðar og jöfn skipti sæta ekki takmörkunum samkvæmt þessari málsgrein. Fiskistofu er heimilt að veita undanþágu frá banni við flutningi aflamarks frá skipi ef alvarlegar bilanir verða þess valdandi að veiðiheimildir þess nýtast ekki.

Aldrei er heimilt að flytja aflamark milli skipa leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

1270. Breytingartillaga [254. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við bætist ný grein, er verði 1. gr., svohljóðandi:
Við 1. mgr. 28. gr. laganna, sbr. lög nr. 40/1989, bætist nýr töluliður svohljóðandi:
16. Höfn í Hornafirði.

1271. Breytingartillaga [550. mál]

við frv. til l. um leikskóla.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

Við 12. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ófaglært starfsfólk sem vinnur við hlið leikskólakennara skal eiga aðgang að hagnýtri uppeldisfræðslu.

1272. Frumvarp til laga [557. mál]

um húsaleigubætur.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 869 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Þeir leigjendur eiga rétt á húsaleigubótum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili, enda hafi viðkomandi sveitarfélag tekið ákvörðun um slíkar bætur, sbr. 2. gr.

Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst og á þar skráð aðsetur getur viðkomandi átt rétt til húsaleigubóta þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. um lögheimili í leiguíbúð. Umsókn um bætur skal send því sveitarfélagi þar sem námsmaður á lögheimili óháð aðsetri, enda hafi sveitarfélagið tekið ákvörðun um greiðslu húsaleigubóta.

Það er skilyrði húsaleigubóta að húsaleigusamningur um viðkomandi húsnæði sé til sex mánaða eða lengri tíma og að honum hafi verið þinglýst.

Um frekari skilyrði fyrir bótarétti og greiðslu bótanna fer samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga.

6. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um útreikning og fjárhæð bóta.

Húsaleigubætur skulu ákvarðaðar og reiknaðar út miðað við ákveðinn grunn sem miðast við ákveðna fjárhæð fyrir hverja íbúð og hvert barn á framfæri umsækjanda að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna.

Bætur vegna barna greiðast frá næsta mánuði eftir fæðingu barns eða lögheimilisskráningu og þar til ungmenni nær 18 ára aldri eða flytur.

1273. Breytingartillaga [254. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá Eggert Haukdal og Guðna Ágústssyni.

Við bætist ný grein, er verði 1. gr., svohljóðandi:

Við 1. mgr. 28. gr. laganna, sbr. lög nr. 40/1989, bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

16. Höfn í Hornafirði.
17. Þorlákshöfn.

1274. Lög [478. mál]

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1262 (sbr. 733).

1275. Lög [551. mál]

um breyting á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 862.

1276. Lög [445. mál]

um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1263.

1277. Lög [446. mál]

um söfnunarkassa.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1264 (sbr. 659).

1278. Lög [377. mál]

um umboðsmann barna.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1265.

1279. Lög [554. mál]

um reynslusveitarfélög.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1258.

1280. Lög [557. mál]

um húsaleigubætur.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1272 (sbr. 869).

1281. Lög [550. mál]

um leikskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1261 (sbr. 861).

1282. Lyfjalög. [255. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 1257 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Lyfjaeftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Lyfjafræðingur veitir því forstöðu og má hann ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja.

Tryggja skal Lyfjaeftirliti ríkisins hæfilegt starfslið og aðstöðu til að sinna verkefnum sínum. Heimilt er að fela óháðum rannsóknastofum hér á landi eða erlendis að annast rannsóknir á vegum Lyfjaeftirlits ríkisins.

Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með. Í reglugerð skal nánar kveðið á um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins. Verja skal tekjum þessum til greiðslu kostnaðar við eftirlitið og miða við að gjaldið standi undir kostnaði við rekstur þess.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

1. Þær reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lyfjalögum, nr. 108/1984, og lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu þar til nýjar reglugerðir hafa öðlast gildi enda stangist efni þeirra ekki á við lög þessi.
2. Núverandi lyfsalar halda lyfsöluleyfum sínum eftir gildistöku ákvæða VII. kafla laganna. Samvinnunefndir lyfjabúðir á Akureyri og Selfossi og Lyfjabúð Háskóla Íslands hafa frest til 1. júní 1995 til að uppfylla skilyrði laga þessara. Læknar og sveitarfélög halda leyfum sínum til lyfsölu fram til 1. júní 1995 og eftir það þar til sá er uppfyllir skilyrði samkvæmt lögum þessum sækir um lyfsöluleyfið. Þrátt fyrir ákvæði

2. mgr. 6. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, getur ráðherra framlengt lyfsöluleyfi þar til ákvæði VII. kafla taka gildi.

3. Ákvæði VII. og XIV. kafla koma þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. nóvember 1995. Hið sama gildir um ákvörðun þóknunar fyrir lyfjaafhendingu dýralækna sem kveðið er á um í 30. gr.

1283. Þingsályktun [87. mál]

um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að endurskoða ákvæði siglingalaga, nr. 34/1985, um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna líf- eða líkamstjóns. Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna, rannsóknarnefndar sjóslysa, Sambands íslenskra tryggingafélaga og Siglingamálastofnunar.

1284. Þingsályktun [321. mál]

um rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 512.

1285. Lög [546. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1260.

1286. Þingsályktun [77. mál]

um styttingu vinnutíma.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera skýrslu um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á meðal Evrópuþjóða, einkum annarra norrænna ríkja, sem miða að styttingu vinnutíma og fjölgun starfa. Í skýrslunni verði gerð grein fyrir eðli og umfangi að-

gerða, kostnaði og árangri eftir því sem upplýsingar frá stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðar eða alþjóðastofnunum gefa tilefni til.

1287. Breytingartillaga [283. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Jóhanni Ársælssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á fiskveiðiárinu 1994–1995 skulu bátum undir 6 brl., sem stunda veiðar með aflamarki, heimilaðar veiðar utan kvóta með handfæri og línu tvo síðustu mánuði fiskveiðiársins. Heimild þessi takmarkast við að samanlagður heildarafli bátsins samkvæmt þessu ákvæði og aflamarki bátsins verði ekki meiri en 30 tonn á fiskveiðiárinu.

Heimildin skal einungis ná til þeirra báta sem sjálfir hafa veitt upp sínar veiðiheimildir, enda sé aflahlutdeild þeirra ekki minni en hún var í janúar 1991. Sá afli, sem veiddur verður samkvæmt þessu ákvæði, skal teljast með afla þeirra báta sem stunda veiðar skv. 6. gr. Jafnframt skal bátum, sem stunda veiðar skv. 6. gr., gefinn kostur á að velja í stað veiðibanns í desember og janúar veiðibann í júlí og ágúst.

1288. Breytingartillaga [544. mál]

við frv. til l. um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Flutningskostnaður á olíuvörum innan lands skal jafnaður eins og nánar greinir í lögum þessum.

Jöfnun á flutningskostnaði nær til flutninga á bifreiðabensíni, gasolíu, öðrum olíum og blöndum til brennslu, flugvélabensíni og flugsteinolíu (þotueldsneyti) til innanlandsflugs, þó ekki á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga, millilandaflugs, erlendra skipa og erlendra flugvéla.

Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til flutnings á bensíni og öðrum olíuvörum sjóleiðis frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem geta tekið við bensíni og olíuvörum með leiðslu úr tankskipi. Jafnframt nær jöfnun flutningskostnaðar til landflutninga á bensíni og dísilolíu með tankbifreið til allra útsölustaða í byggð, þ.e. utan hálendis, frá næstu innflutningshöfn eða næstu höfn sem getur tekið við bensíni og dísilolíu frá tankskipi úr olíuleiðslu.

1289. Breytingartillaga [199. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Við bætist nýtt nýtt ákvæði til bráðabirgða, III, svohljóðandi:

Farið skal að verklagsreglum ríkisstjórnarinnar samþykktum á ríkisstjórnarfundi 12. október 1993, gefnum út undir fyrirsögninni Verklagsreglur við framkvæmd einkavæðingar 14. október 1993, við sölu á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar.

1290. Breytingartillaga [544. mál]

við frv. til l. um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Í stað orðsins „verslunarstaða“ í 2. mgr. 2. gr. og í stað sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): útsölustaða.

1291. Lög [614. mál]

um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 1073.

1292. Fjáraukalög [452. mál]

fyrir árið 1993, sbr. lög nr. 115/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 675.

1293. Þingsályktun [207. mál]

um græn símanúmer hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á næsta ári verði komið upp grænum símanúmerum í öllum ráðuneytum Stjórnarráðsins og helstu stofnunum ríkisins.

1294. Nefndarálit [269. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn til viðræðna frá dómsmálaráðuneytinu Drífu Pálsdóttur skrifstofustjóra, Árna Hauksson verkfræðing, Hjalta Zóphóníasson skrifstofustjóra og Guðmund Guðjónsson yfirlögregluþjón, frá félagsmálaráðuneytinu Ingibjörgu Broddadóttur deildarsérfræðing, Jenný Baldursdóttur frá Samtökum um kvennaathvarf, Annie Haugen frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Guðrúnu Agnarsdóttur lækni.

Í tillögunni felst að dómsmálaráðherra verði falið að skipa nefnd sem undirbúi og hafi umsjón með rannsóknum á ofbeldi gegn konum hér á landi.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum sem birtar eru á sérstöku þingskjali.

Helstu breytingarnar á 1. gr. felast í því að rannsóknirnar taki ekki aðeins til ofbeldis gagnvart konum heldur einnig börnum og tekið verði fram að þær nái bæði til ofbeldis sem á sér stað innan og utan heimila. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að ofbeldi inni á heimilum þarf ekki að snúa beint að þolendum heldur geta þeir sem búa við slíkar fjölskylduaðstæður einnig orðið fyrir óbeinum sálrænum og félagslegum áhrifum.

Nefndin telur rétt að í nefnd ráðherra sitji m.a. fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti auk fulltrúa samtaka sem starfa á þessu sviði. Enda þótt stærstur þáttur verkefnasviðs nefndarinnar falli undir ráðuneyti dómsmála hafa aðilar sem starfa á vettvangi fyrrgreindra tveggja ráðuneyta einnig með höndum mikilvægar upplýsingar um ofbeldi gagnvart konum og börnum. Má m.a. nefna félagsmálastofnanir sveitarfélaga, heilsugæslustöðvar og slysamóttökur. Þá búa fulltrúar ýmissa samtaka yfir mikilli þekkingu og reynslu á þessu sviði og má þar nefna Samtök um kvennaathvarf og Stígamót.

Lagt er til að 1.–3. tölul. 2. mgr., þar sem fjallað er nánar um einstök verkefni hinnar ráðherraskipuðu nefndar, falli brott úr texta tillögunnar. Í umfjöllun félagsmálanefndar kom fram að dómsmálaráðuneytið hefur nú þegar hafið upplýsingaöflun í þessum málaflokki. Nefndin telur mikilvægt að upplýsingar, sem ráðuneytið aflar, komi einnig fram í skýrslunni sem tillagan gerir ráð fyrir. Því er horfið frá því að telja verkefni nefndarinnar upp þannig að tæmandi sé. Félagsmálanefnd telur þó eðlilegt að þau atriði, sem talin eru upp í 1.–3. tölul. komi, auk annars, fram í lokaskýrslunni. Þá er lagt til að 3.–4.

tölul. 2. mgr. verði sameinaðir, en þar kemur fram að nefndin skuli ganga frá skýrslu um málið sem lögð verði fyrir Alþingi og geri tillögur um úrbætur.

Lagt er til að gerð verði breyting á 3. mgr. þannig að lokaskýrsla um málið verði lögð fram á haustþingi 1995.

Loks er lögð til breyting á fyrirsögn tillögunnar í samræmi við efnisbreytingar á 1. mgr.

Alþingi, 9. maí 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Gísli S. Einarsson.
Ingibjörg Pálmadóttir.	Jón Kristjánsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Eggert Haukdal.	Guðjón Guðmundsson.

1295. Breytingartillögur [269. mál]

við till. til þál. um rannsóknir á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi.

Frá félagsmálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er undirbúi og hafi umsjón með rannsóknum á ástæðum, afleiðingum og umfangi heimilisofbeldis, svo og annars ofbeldis gegn konum og börnum.

   Nefndin geri tillögur um úrbætur og gangi frá skýrslu um málið sem lögð verði fyrir Alþingi.

   Nefndin skili áfangaskýrslum um störf sín eftir því sem þeim miðar fram en lokaskýrslan verði lögð fram á haustþingi 1995.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á heimilisofbeldi, svo og öðru ofbeldi gegn konum og börnum á Íslandi.

1296. Breytingartillaga [548. mál]

við frv. til l. um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Áður en fjármálaráðherra staðfestir reglugerð fyrir sjóðinn, sbr. 6. gr., skal hann leita álits efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

1297. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til l. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Við 6. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð, sbr. þó undantekningar varðandi einstakar tegundir í VI. kafla og nýtingu hefðbundinna hlunninda í VII. kafla laga þessara.
2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

   Refir eru friðaðir, sbr. þó 2. mgr. Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang. Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veiðistjóraembættinu.

   Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum er sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann. Þar sem veiðistjóraembætti og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiðar að vetrarlagi í stað grenjavinnslu og fela þá skotmanni með sama hætti framkvæmdina. Öðrum eru refaveiðar óheimilar, en þó mega bændur og æðarræktendur, eða aðilar á þeirra vegum, skjóta refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum um slíka veiði svo fljótt sem auðið er. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt málsgrein þessari.

   Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. mgr. Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum. Umhverfisráðherra getur í samráði við veiðistjóra heimilað sveitarstjórnum að ráða skotmenn til refaveiða á tilteknum svæðum til viðbótar því sem ákveðið hefur verið skv. 2. mgr. og falla þær ekki undir greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Greinargerð.

Breytingartillögur þessar eru efnislega samhljóða 6. og 12. lið breytingartillagna meiri hluta umhverfisnefndar sem fluttar voru við 2. umræðu um málið en voru þá kallaðar aftur. Nýjar tillögur frá meiri hluta umhverfisnefndar, sem að hluta til er skipaður öðrum þingmönnum, hafa verið fluttar fyrir 3. umræðu, sbr. þskj. 1267, og víkja þær í veigamiklum atriðum frá niðurstöðu meiri hlutans eftir umfangsmikla vinnu í umhverfisnefnd fyrir 2. umræðu. Breytingartillaga við 7. gr. er sömuleiðis frávik frá tillögu sem samþykkt var við 2. umræðu.

1298. Tillaga til þingsályktunar [627. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 11. maí 1994 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 17. júní 1994.

1299. Svar [611. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um kostnað við snjómokstur yfir Fjöllin veturinn 1993–94.

1. *Hver er orðinn heildarkostnaður við snjómokstur á leiðinni yfir Fjöllin milli byggða í Mývatnssveit og á Jökuldal veturinn 1993–94?*
   Kostnaður er um 9,6 millj. kr.

2. *Hvaða tækjakostur er notaður við moksturinn og hvernig er að honum staðið að öðru leyti?*
   Aðallega er notast við vörubíla með snjóplógum og snjóblásara af stærstu gerð.
   Snjóplógarnir moka á meðan þeir geta en síðan taka snjóblásararnir við. Blásararnir eru einnig mikið notaðir við útmokstur.

3. *Hversu oft hefur leiðin verið opnuð og hversu lengi hefur hver opnun notast til umferðar að meðaltali?*
   Frá því í desember og til aprílloka var vegurinn opnaður 27 sinnum og hann hélst opinn að meðaltali í fjóra daga. Geta má þess að unnið var við snjómokstur mun fleiri daga vegna útmoksturs og frágangs á snjó.

4. *Hvernig hafa snjóalög verið á þessu tímabili miðað við meðaltalsaðstæður á liðnum árum?*
   Snjóalög hafa verið í rúmu meðallagi en óstöðugt tíðarfar hefur valdið því að kostnaður við snjómoksturinn er trúlega í hærra lagi. Þar sem þetta er fyrsti veturinn sem þessi vegur er opnaður reglulega frá hausti til vors vantar samanburð á kostnaði við önnur ár.

1300. Lög [544. mál]

um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

1. gr.

Flutningskostnaður á olíuvörum innan lands skal jafnaður eins og nánar greinir í lögum þessum.

Jöfnun á flutningskostnaði nær til flutninga á bifreiðabensíni, gasolíu, öðrum olíum og blöndum til brennslu, flugvélabensíni og flugsteinolíu (þotueldsneyti) til innanlandsflugs, þó ekki á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga, millilandaflugs, erlendra skipa og erlendra flugvéla.

Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til flutnings á bensíni og öðrum olíuvörum sjóleiðis frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem geta tekið við bensíni og olíuvörum með leiðslu úr tankskipi. Jafnframt nær jöfnun flutningskostnaðar til landflutninga á bensíni og dísilolíu með tankbifreið til allra útsölustaða í byggð, þ.e. utan hálendis, frá næstu innflutningshöfn eða næstu höfn sem getur tekið við bensíni og dísilolíu frá tankskipi úr olíuleiðslu.

2. gr.

Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allar olíuvörur, sem fluttar eru til landsins og ætlaðar eru til nota innan lands, sbr. 1. gr., og rennur gjaldið í sérstakan sjóð — flutningsjöfnunarsjóð olíuvara.

Samkeppnisstofnun, að fenginni tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara, ákveður gjald á olíuvörum skv. 1. mgr. fyrir minnst þrjá mánuði í senn og skal fjárhæð flutningsjöfnunargjalds hvers flokks, sbr. 4. gr., við það miðuð að tekjur af gjaldinu nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af framangreindum olíuvörum sem flytja þarf frá næstu innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirra olíuhafna eða útsölustaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þeim olíuvörum sem dreift er þaðan.

3. gr.

Innflytjendur, sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, sbr. 1. gr., skulu reikna og greiða flutningsjöfnunargjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virkum degi að þremur mánuðum liðnum frá lokum sölumánaðar.

Aðrir innflytjendur bensíns og olíu, sbr. 1. gr., skulu greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn.

Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast innheimtu gjaldsins og skulu þeir skila því til flutningsjöfnunarsjóðs.

4. gr.

Greiða skal úr flutningsjöfnunarsjóði olíuvara kostnað við flutning olíu frá innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirra olíuhafna og útsölustaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til samkvæmt lögum þessum.

Mynda skal innan flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara sérstaka reikninga fyrir eftirfarandi flokka: 1) bifreiðabensín, 2) gasolíu, 3) aðrar olíur og blöndur til brennslu og 4) flugsteinolíu (þotueldsneyti). Færa skal tekjur af flutningsjöfnunargjaldi hvers flokks á sérstakan reikning og sömuleiðis útgjöld vegna jöfnunar flutningskostnaðar. Stefnt skal að því að ná jafnvægi milli álagðra flutningsjöfnunargjalda og útgjalda vegna flutningsjöfnunar hvers flokks innan almanaksársins.

5. gr.

Ekki má leggja flutningsjöfnunargjald á einn flokk til að greiða flutningskostnað á öðrum flokki skv. 4. gr. Verði tekjuafgangur á reikningum flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara í árslok skal hann yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins á almanaksári hrökkva ekki fyrir útgjöldum skal greiða það sem á vantar af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

Nú hrekkur flutningsjöfnunargjald af einum flokki ekki til greiðslu á kröfum þess flokks og skulu þá innstæður á reikningum annarra flokka notaðar til greiðslu þessara krafna til bráðabirgða. Slíkar bráðabirgðagreiðslur skulu endurgreiddar af hækkuðu flutningsjöfnunargjaldi af umræddum flokki á næsta flutningsjöfnunartímabili.

6. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara skal skipuð þremur mönnum sem viðskiptaráðherra skipar til tveggja ára í senn. Einnig skal skipa varamenn. Forstjóri Samkeppnisstofnunar eða staðgengill hans er formaður stjórnarinnar, ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar en jafnframt situr í henni einn stjórnarmaður, tilnefndur sameiginlega af þeim olíufélögum, sem annast olíudreifingu í öllum landshlutum, eða meiri hluta félaganna. Þó má viðskiptaráðherra ákveða að í stað eins sameiginlegs fulltrúa sitji í stjórninni einn fulltrúi frá hverju slíku olíufélagi. Olíufélögin sameiginlega eða meiri hluti þeirra fer saman með eitt atkvæði við ákvarðanatöku í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara og Samkeppnisstofnun sjá um daglegan rekstur og greiðslur á kostnaði við flutningsjöfnun í samræmi við lög þessi, reglur og ákvarðanir stjórnar sjóðsins.

8. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara úrskurðar hvað teljast skuli flutningskostnaður. Er stjórninni skylt að ákveða að jöfnun flutningskostnaðar milli innflutningshafnar, olíuhafnar og útsölustaða skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem ódýrastir eru á hverjum tíma. Enn fremur skal stjórninni heimilt að synja um greiðslu tiltekins kostnaðar úr sjóðnum að hluta til eða að fullu ef stjórnin telur að um misnotkun á jöfnunarkerfinu sé að ræða.

9. gr.

Allur kostnaður af starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara greiðist af tekjum sjóðsins og skal tekið tillit til þess við ákvörðun flutningsjöfnunargjalds.

Fé það sem á hverjum tíma er í flutningsjöfnunarsjóði skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

10. gr.

Að undanteknum fyrirmælum um jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum skal um verðlagningu á olíuvörum fara eftir samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

11. gr.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Þar er m.a. heimilt að fella niður flutningsjöfnunargjald af olíuvörum í sérstökum tilvikum sem byggjast á samningum um rekstur olíufrekra iðjuvera hér á landi. Flutningsjöfnunarsjóður jafnar ekki flutningskostnað í slíkum tilvikum. Það er jafnframt heimilt að ákveða að fjölga eða fækka útsölustöðum sem jöfnun flutningskostnaðar með tankbifreið nær til að fenginni tillögu þar um frá stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar að þremur mánuðum liðnum frá samþykkt þeirra. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 81 4. júlí 1985, um flutningsjöfnunarsjóð og innflutningsjöfnun olíu og bensíns.

Ákvæði til bráðabirgða.

Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara tekur frá gildistöku laga þessara við eignum og skuldbindingum flutningsjöfnunarsjóðs olíu og bensíns, sbr. lög nr. 81 4. júlí 1985.

1301. Lög [283. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1259 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Á eftir 3. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Óheimilt er að flytja samanlagt meira aflamark til skips á hverju fiskveiðiári en nemur aflamarki því sem skipinu var úthlutað í upphafi árs á grundvelli aflahlutdeildar sinnar. Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætastuðla er ráðherra ákveður og einungis sá flutningur á aflamarki til skips sem umfram er flutning frá skipi. Við beitingu þessarar málsgreinar skal taka tillit til þeirra breytinga er orðið kunna að hafa innan fiskveiðiársins á aflahlutdeild skips.

14. gr. hljóðar svo:

Ákvæði laga þessara, önnur en 7. gr., öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda frá og með því fiskveiðiári er hefst 1. september 1994, nema 1., 10. og 12. gr. er koma til framkvæmda við gildistöku laganna. Ákvæði 7. gr. öðlast gildi 1. janúar 1996.

Nýtt ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Á tímabilinu 1. september 1994 til 31. desember 1995 skulu eftirfarandi takmarkanir gilda um framsal aflamarks til viðbótar þeim takmörkunum er um ræðir í 12. gr.

Þegar meira en 15% af aflamarki því af einhverri tegund, sem úthlutað er til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu er óheimilt á sama fiskveiðiári að flytja aflamark af sömu tegund til skipsins. Á sama hátt er óheimilt að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins á fiskveiðiárinu. Flutningur milli skipa í eigu sömu útgerðar og jöfn skipti sæta ekki takmörkunum samkvæmt þessari málsgrein. Fiskistofu er heimilt að veita undanþágu frá banni við flutningi aflamarks frá skipi ef alvarlegar bilanir verða þess valdandi að veiðiheimildir þess nýtast ekki.

Aldrei er heimilt að flytja aflamark milli skipa leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

1302. Frumvarp til laga [282. mál]

um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk Þróunarsjóðs er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Í því skyni kaupir sjóðurinn fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra og greiðir styrki vegna úreldingar fiskiskipa til að draga úr afkastagetu í sjávarútvegi. Jafnframt getur sjóðurinn stuðlað að skipulagsbreytingum í sjávarútvegi í samvinnu við lánastofnanir enda leiði slík endurskipulagning til verulegrar hagræðingar. Þá er sjóðnum heimilt að veita ábyrgðir og lán til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar þrjá menn í stjórn Þróunarsjóðs til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi en tveir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann sjóðstjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

3. gr.

Þróunarsjóður tekur við öllum eignum og skuldbindingum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 65/1992, eignum og skuldbindingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja, sbr. lög nr. 42/1991, og öllum eignum og skuldbindingum hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, sbr. lög nr. 42/1991. Yfirtakan miðast við stöðu eigna og skulda við gildistöku laga þessara að frádregnum 950 millj. kr. endurlánum ríkissjóðs til atvinnutryggingardeildar sem ríkissjóður tekur að sér að greiða. Jafnframt ábyrgist Þróunarsjóður gagnvart ríkissjóði það sem á kann að falla vegna ríkisábyrgðar á verðbættu nafnvirði A-hlutdeildarskírteina hlutafjárdeildar. Halda skal fjárreiðum framangreindra sjóða aðskildum í bókhaldi sjóðsins. Þá skal ríkissjóður leggja sjóðnum til að láni jafnvirði 4.000 millj. kr. á árunum 1994 og 1995. Skal hver hluti

lánsins afborgunarlaus fyrstu tvö árin en endurgreiðast síðan með jöfnum árlegum afborgunum þannig að þau verði að fullu greidd árið 2005.

Þróunarsjóðsgjald.

4. gr.

Eigendur fiskiskipa, sem skráð eru á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins 1. janúar ár hvert og leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, skulu árlega greiða gjald til Þróunarsjóðs. Undanþegnir gjaldinu eru bátar minni en 6 brúttórúmlestir sem stunda veiðar með línu og handfærum við dagatakmarkanir. Skal gjaldið nema 750 kr. af hverju brúttótonni en þó skal gjaldið aldrei nema hærri fjárhæð en 285.000 kr. fyrir hvert skip. Gjalddagi þróunarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttótonnamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttórúmlest.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á vátryggingarreikning skipa skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessu gjaldi til Þróunarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð. Ráðherra ákveður í reglugerð hvernig innheimtu gjalds skv. 1. mgr. skuli háttað hjá þeim aðilum sem ekki falla undir 5. og 7. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Sé gjaldið ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Þróunarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir þróunarsjóðsgjaldi.

Þróunarsjóðsgjald skv. 1. mgr. er grunngjald. Ráðherra er heimilt með reglugerð að breyta gjaldi þessu þannig að það breytist í réttu hlutfalli við þá breytingu sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í ágúst 1993, þ.e. 192,5 stig.

5. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru til fiskvinnslu, skulu greiða sérstakt gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Gjaldskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, svo og opinberum aðilum sem eiga fasteignir sem nýttar eru til fiskvinnslu.

Stofn til þróunarsjóðsgjalds skal vera fasteignamatsverð í árslok á fasteign sem nýtt er til fiskvinnslu, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar. Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

Við ákvörðun á því hvaða eignir mynda stofn til þróunarsjóðsgjalds skal miða við raunverulega notkun fasteignanna til fiskvinnslu. Með fiskvinnslu er átt við vinnslu sjávarafurða hverju nafni sem nefnist, t.d. frystingu, söltun, fiskbræðslu, þurrkun og herslu. Niðurlagning og niðursuða sjávarafurða, umstöflun afla í gáma og starfsemi fiskmarkaða telst ekki til fiskvinnslu í þessu sambandi. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um hvers konar starfsemi teljist fiskvinnsla samkvæmt þessari grein og hvaða eignir fiskvinnslunnar falla undir gjaldskylduna. Sé sama eignin notuð til fiskvinnslu og annars skal við ákvörðun gjaldstofns skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

Með skattframtali skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þessarar greinar ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra eða eftir atvikum kostnaðarverð eins og það var í lok næstliðins árs. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í lok 4. mgr. þessarar greinar.

Aðilar, sem gjaldskyldir eru skv. 2. mgr. þessarar greinar en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir hvert ár skila skrám skv. 5. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

Þróunarsjóðsgjald skal nema 0,75% af gjaldstofni skv. 3. mgr. þessarar greinar. Gjald, sem ekki nær 10.000 kr., skal fella niður við álagningu.

Um álagningu og innheimtu gjalds samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Ríkisbókhald skal skila mánaðarlega til Þróunarsjóðs innheimtum gjöldum.

Gjald samkvæmt þessari grein telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

6. gr.

Frá og með því fiskveiðiári sem hefst 1. september 1996 skal Fiskistofa innheimta gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins af úthlutuðu aflamarki. Skal gjaldið nema a.m.k. 1.000 kr. fyrir hverja þorskígildislest miðað við þá verðmætastuðla af einstökum tegundum sem sjávarútvegsráðuneytið ákveður. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum hvert fiskveiðiár, 1. september, 1. janúar og 1. maí. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skipsins niður. Fiskistofa skal standa Þróunarsjóði jafnharðan skil á innheimtu gjalda.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að breyta gjaldinu í samræmi við þær breytingar sem kunna að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í ágúst 1993, þ.e. 192,5 stig.

Fækkun fiskiskipa.

7. gr.

Styrkur vegna úreldingar fiskiskipa skal vera tiltekið hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskips að hámarki 45%. Skal ráðherra ákveða styrkhlutfall fyrir upphaf hvers almanaksárs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Greiði sjóðurinn styrk vegna úreldingar skips, sem orðið hefur fyrir tjóni sem bætt er af vátryggingafélagi, skal samtala tjónbóta og úreldingarstyrks aldrei nema hærri fjárhæð en húftryggingarmati skipsins. Úreldingarstyrkur vegna hvers einstaks skips skal þó aldrei vera hærri en 90 millj. kr. Sú fjárhæð er grunnfjárhæð sem breytist í sama hlutfalli og gjald til sjóðsins skv. 4. mgr. 4. gr.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki til úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru eða hafa verið skv. 1. mgr. 4. gr. enda hafi gjald vegna viðkomandi skips samkvæmt lögum þessum eða lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins verið greitt í a.m.k. þrjú ár. Skal styrkur miðaður við það hlutfall er gilti á því ári er umsókn um styrkinn barst og styrkur reiknaður af húftryggingarverðmæti skips í upphafi þess árs.

8. gr.

Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði sameinaðar aflaheimildum annarra skipa.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrki fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá Fiskistofu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Þá er óheimilt að veita skipi leyfi til veiða í atvinnuskyni ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar þess.

Kaup á fiskvinnslustöðvum.

9. gr.

Sjóðnum er heimilt fram til ársloka 1996 að kaupa fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra í því skyni að auka arðsemi fiskvinnslu í landinu.

Varðandi kaupverð þeirra fiskvinnslustöðva og fiskvinnslutækja sem sjóðurinn festir kaup á skal stjórn sjóðsins taka mið af markaðsverði sambærilegra eigna en þó skal kaupverð aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur 75% af fasteignamati fasteigna og 25% af verðmæti framleiðslutækja samkvæmt mati sjóðsins. Skal miða við fasteignamat fasteigna eins og það var í upphafi þess árs er kaupin eru gerð.

Halda skal fjárreiðum vegna eignakaupa samkvæmt þessari grein aðskildum í bókhaldi sjóðsins.

10. gr.

Skilyrði fyrir því að stjórn sjóðsins sé heimilt að festa kaup á fiskvinnslustöð er að viðkomandi stöð hafi fengið útgefið fullgilt vinnsluleyfi af Fiskistofu, sbr. lög nr. 93 1992, eða fiskvinnsla hafi verið stunduð í fasteigninni með tilskildu vinnsluleyfi á árinu 1991 eða 1992 og henni hafi ekki verið ráðstafað varanlega til annarra nota. Það er jafnframt skilyrði að þær eignir, sem sjóðurinn festir kaup á, séu afhentar veðbandalausar. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að inna kaupverð að hluta eða öllu leyti af hendi með því að taka við áhvílandi veðlánum.

Stjórn sjóðsins skal leitast við að selja fasteignir, sem sjóðurinn eignast, til óskyldrar starfsemi.

Þátttaka í þróunarverkefnum.

11. gr.

Þróunarsjóður skal stuðla að vöruþróun, markaðssetningu íslenskra sjávarafurða og annarri nýsköpun í sjávarútvegi sem og þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Í því skyni er sjóðnum heimilt að veita lán og ábyrgðir.

Enn fremur er stjórn sjóðsins heimilt að leggja fram keypt framleiðslutæki sem hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjum utan Íslands eða hlutafélögum sem stofnuð eru hér á landi til að taka þátt í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Þá er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé í reiðufé til slíkra fyrirtækja, veita þeim ábyrgðir eða víkjandi lán enda liggi fyrir að alþjóðleg lánastofnun hafi á grundvelli fyrirliggjandi arðsemisáætlana mælt með fjármögnun viðkomandi verkefnis.

Hlutafjárdeild og atvinnutryggingardeild.

12. gr.

Hlutverk hlutafjárdeildar er að fara með og selja hlutabréf í eigu deildarinnar. Hlutafjárdeild er óheimilt að kaupa ný hlutabréf. Deildinni er þó heimilt við samruna félaga eða skipti á hlutabréfum að taka við nýjum hlutabréfum sem samsvara fyrri hlutabréfaeign. Hlutafé í eigu deildarinnar skal boðið til sölu a.m.k. einu sinni á ári og skal starfsfólk og aðrir eigendur fyrirtækisins, sem í hlut á, njóta forkaupsréttar. Hlutdeildarskírteini deildarinnar skulu skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjárdeild skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum.

13. gr.

Hlutverk atvinnutryggingardeildar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar. Henni er óheimilt að veita ný lán. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að skuldbreyta lánum atvinnutryggingardeildar í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu sjávarútvegsfyrirtækja, í samvinnu við aðrar lánastofnanir, við sameiningu eða verulega minnkun á afkastagetu einstakra fyrirtækja. Byggðastofnun annast reikningshald og innheimtu fyrir atvinnutryggingardeild eftir nánara samkomulagi við stjórn Þróunarsjóðs.

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Hún ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk til að annast daglegan rekstur hans eða semur um það við fjármálastofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.

Fyrir upphaf hvers starfsárs skal stjórn sjóðsins leggja fyrir sjávarútvegsráðherra sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár til staðfestingar.

15. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, þó ekki með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, í því skyni að jafna misræmi milli innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn á að standa skil á.

16. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem sjóðurinn kann að eignast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn tekur, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

17. gr.

Ársreikningum skal fylgja skrá yfir ráðstafanir á fjármunum Þróunarsjóðs, svo sem vegna greiðslu úreldingarstyrkja vegna fiskiskipa, kaupa á fasteignum og framleiðslutækjum, sölu á hlutabréfum hlutafjárdeildar og þátttöku í hagræðingaraðgerðum.

18. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Þróunarsjóður er í eigu ríkisins. Miða skal við að þróunarsjóðsgjöld skv. 4., 5. og 6. gr. standi undir skuldbindingum og rekstrarkostnaði sjóðsins. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Þróunarsjóðs og skal hún árlega gera sérstaka athugun á mögu-leikum sjóðsins til að standa undir skuldbindingum sínum miðað við stöðu efnahags-reiknings og áætlun um framtíðarútgjöld og tekjur, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

Komi í ljós að framtíðartekjur sjóðsins séu ekki í samræmi við skuldbindingar skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögur um breytingar á tekjustofnum sjóðsins, sbr. 4., 5. og 6. gr.

20. gr.

Sá hluti eigna og skuldbindinga atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar, sem ekki er vegna sjávarútvegsfyrirtækja, skal vera í fjárhagslega sjálfstæðri deild við Byggða-stofnun. Hlutverk atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar. Henni er óheimilt að veita ný lán. Stjórn Byggðastofnunar er því að-eins heimilt að gefa eftir hluta lána eða gera á þeim breytingar að það sé talið nauðsyn-legt vegna innheimtuhagsmuna deildarinnar og það sé liður í skuldaskilasamningum sem aðrir kröfuhafar taka þátt í.

21. gr.

Þróunarsjóði er heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini hlutafjárdeildar.

22. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um starfsemi Þróunarsjóðs sjávarútvegsins með reglugerð.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 65/1992, um Hagræðing-arsjóð sjávarútvegsins. Gilda ákvæði 4. gr. laga þessara um innheimtu gjalds sem þeg-ar hefur verið lagt á eigendur fiskiskipa skv. 4. gr. laga nr. 65/1992 og rennur gjald, sem innheimtist eftir gildistöku laga þessara, til Þróunarsjóðs. Enn fremur falla úr gildi 3.–12. gr. laga nr. 9 2. mars 1989, um aðgerðir í efnahagsmálum, svo og lög nr. 42 27. mars 1991, um breytingu á þeim lögum. Ákvæði 4. gr. um gjald á fiskiskip koma til fram-kvæmda frá og með árinu 1995. Ákvæði 5. gr. um gjald á fiskvinnslustöðvar koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1995 á gjaldstofn ársins 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árinu 1994 að taka að láni og end-urlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 2.720 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæð-ar í erlendri mynt samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lag-anna.

II.

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. um þriggja ára greiðsluskyldu á ekki við um þau skip sem skráð voru á skipaskrá fyrir 1. janúar 1994.

1303. Frumvarp til laga [260. mál]

um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna skal ekki inna af hendi greiðslur til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins vegna útflutnings frá gildistöku laga þessara. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laganna skal ekki inna af hendi greiðslur af verðjöfnunarreikningum sjóðsins vegna útflutnings frá sama tíma. Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð ákveðið að inn- og útgreiðslur hefjist að nýju þegar leyfilegur árlegur heildarafli af þorski fer yfir 250.000 lestir.

2. gr.

Þær innstæður, sem standa inni á reikningum á nafni einstakra framleiðenda í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, skulu greiddar til viðkomandi framleiðanda sem fyrst eftir gildistöku laga þessara. Aðrar eignir sjóðsins skulu renna til reksturs Hafrannsóknastofnunarinnar utan 10 millj. kr. sem skulu renna til Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1304. Frumvarp til laga [199. mál]

um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti Áburðarverksmiðjan hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að leggja Áburðarverksmiðju ríkisins, þ.e. verksmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja hlutafélags.

Landbúnaðarráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins. Nefnd, sem ráðherra skipar, skal meta eignir og skuldir verksmiðjunnar. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags.

2. gr.

Tilgangur félagsins skal vera að framleiða og selja áburðarefni, svo og önnur starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

3. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa í félaginu við stofnun þess. Landbúnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu. Honum er heimilt að selja öll hlutabréf í félaginu eða hluta þeirra.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

5. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum. Að öðru leyti greiðir félagið opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

6. gr.

Fastráðnum starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins skal boðið sambærilegt starf hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir gegndu áður hjá Áburðarverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

7. gr.

Stjórn hlutafélagsins skulu skipa fimm menn, kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, svo og jafnmargir varamenn þeirra.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Áburðarverksmiðjan hf. yfirtekur eignir og rekstur Áburðarverksmiðju ríkisins 1. júlí 1994 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 43/1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Áburðarverksmiðjan hf. skal hafa á hendi einkasölu á tilbúnum áburði og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða né flytja hingað til landsins tilbúinn áburð. Þetta ákvæði fellur úr gildi þegar ríkissjóður hefur selt meiri hluta hlutafjár í félaginu, þó eigi síðar en 1. janúar 1995.

II.

Ábyrgð ríkissjóðs á lánssamningum Áburðarverksmiðju ríkisins, sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laga þessara, helst til loka samningstíma umræddra skuldbindinga. Áburðarverksmiðjan hf. skal yfirtaka skuldbindingar Áburðarverksmiðju ríkisins samkvæmt þessum lánssamningum við stofnun og jafnframt veita ríkissjóði fullnægjandi veð í eignum sínum sem tryggingu fyrir skaðleysi ríkissjóðs vegna ábyrgðarinnar.

1305. Frumvarp til laga [506. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Á árinu 1994 er ríkissjóði heimilt að veita Byggðastofnun sérstakt framlag að fjárhæð allt að 300 millj. kr. til að standa straum af víkjandi lánum til sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum sem vilja sameinast og til að styðja nýjungar í atvinnulífi, sbr. 5. gr.

Framlag skv. 1. mgr. skal greitt eftir því sem víkjandi lán skv. 2. gr. eru samþykkt.

2. gr.

Þar sem sveitarfélög verða sameinuð á Vestfjörðum er Byggðastofnun heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum, sem ætla að sameinast, víkjandi lán. Sama gildir um þau sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum sem hafa sameinast á síðustu þremur árum.

3. gr.

Forsenda fyrir lánveitingu samkvæmt lögum þessum er að sérstakur starfshópur, sem forsætisráðherra skipar, hafi gert tillögu um afgreiðslu á lánsumsóknum viðkomandi fyrirtækja. Í starfshópnum skulu vera fjórir menn, einn tilnefndur af Byggðastofnun, einn tilnefndur af fjármálaráðherra, einn tilnefndur af félagsmálaráðherra og einn skipar forsætisráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður starfshópsins. Starfshópurinn ræður sér til aðstoðar rekstrarráðgjafa. Kostnaður vegna vinnu starfshópsins og rekstrarráðgjafa greiðist af framangreindum 300 millj. kr.

Starfshópurinn skal við umfjöllun um lánsumsóknir hafa náið samráð við eigendur fyrirtækja og stærstu kröfuhafa þeirra. Starfshópurinn skal stuðla að samkomulagi þessara aðila um nauðsynlega endurskipulagningu á rekstri hins sameinaða fyrirtækis. Að því loknu ákveður starfshópurinn hvort gera skuli tillögu til stjórnar Byggðastofnunar um lánveitingu. Stjórn Byggðastofnunar samþykkir eða synjar lánveitingar á grundvelli tillagna starfshópsins.

Samþykki stjórn Byggðastofnunar tillögu starfshópsins um lánveitingu óskar hún eftir því við fjármálaráðuneytið að fá jafnhátt framlag skv. 1. gr.

4. gr.

Víkjandi lán samkvæmt lögum þessum skulu vera verðtryggð. Lánin skulu enga vexti bera fyrstu þrjú árin. Eftir það skulu lánin bera 5% vexti.

Lánin skulu vera afborganalaus fyrstu þrjú árin. Næstu þrjú ár skal einungis greiða vexti. Á næstu 10 árum skal greiða höfuðstól, vexti og verðbætur, enda nái skuldarar að fullnægja skilyrðum sem Byggðastofnun setur um víkjandi afborganir, þar sem m.a. er kveðið á um hagnaðar- og eiginfjárkröfur. Ef fyrirtæki fullnægir ekki þessum skilyrðum færist greiðsla hvers árs eitt ár aftur fyrir lánstímann.

5. gr.

Af framlagi ríkissjóðs skv. 1. gr. er Byggðastofnun heimilt að veita 15 millj. kr. til að styðja við nýjungar í atvinnumálum á Vestfjörðum sem auka fjölbreytni atvinnulífs.

6. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1306. Lög [123. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1207.

1307. Þingsályktun [537. mál]

um fullgildingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 841.

1308. Breytingartillaga [260. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Við 2. gr. Síðasti málsliður greinarinnar orðist svo: Aðrar eignir sjóðsins skulu renna til helminga í byggingarsjóð hafrannsóknarskipa og til Lífeyrissjóðs sjómanna utan 10 millj. kr. sem skulu renna til Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.

1309. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 3. gr. Síðasti málsliður orðist svo: Landbúnaðarráðherra er heimilt að höfðu samráði við fjárlaganefnd Alþingis að selja allt að helming hlutabréfa ríkissjóðs í félaginu.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Meðan ríkið er eigandi fyrirtækisins að meiri hluta eða öllu leyti skulu fulltrúar ríkisins í sjö manna stjórn kosnir hlutfallskosningu á Alþingi. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

1310. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [548. mál]

í málinu: Frv. til l. um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá Svavari Gestssyni.

Þar sem fram hafa komið ábendingar um að ríkissjóður eigi að standa undir kostnaði Lífeyrissjóðs sjómanna vegna 60 ára lífeyrisaldurs sjómanna felur Alþingi ríkisstjórninni að kanna þessar ábendingar og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

1311. Lög [282. mál]

um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1302.

1312. Lög [260. mál]

um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1303.

1313. Lög [199. mál]

um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1304.

1314. Lög [506. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1305.

1315. Lög [201. mál]

um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1256 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Markmið laga þessara er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra, svo og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda.

Ákvæði laga þessara taka hvorki til hvala né sela en um þær tegundir gilda sérstök lög.

Lögin ná til efnahagslögsögu Íslands.

6. gr. hljóðar svo:

Villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Um innflutning dýra gilda lög nr. 54/1990.

Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra, sbr. lög nr. 47/1971 og lög nr. 19/1964.

7. gr. hljóðar svo:

Ákvörðun um að aflétta friðun samkvæmt lögum þessum skal byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða og að með veiðum sé verið að nytja verðmæti í kjöti, skinnum eða öðrum afurðum. Einnig er heimilt að taka tillit til þess hvort viðkomandi dýr valdi tjóni.

Í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr, skal kveðið á um vernd, friðun og veiðar einstakra tegunda villtra dýra. Þar skal m.a. kveða á um hvaða tegundir eru alfriðaðar, hverjar er heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, gerð vopna, veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, hvað teljist til fágætra fugla, skylduskil á þeim, umgengni við hreiður þeirra og annað sem máli skiptir.

Þar sem talið er að villt dýr valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur umhverfisráðherra að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr, eða hreindýraráðs að því er varðar hreindýr, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Í reglugerð skal kveðið á um hvaða tegundir skuli ávallt undanskildar þessu ákvæði.

Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um sölu, innflutning og útflutning villtra dýra og hluta þeirra, svo og egg. Þar skal einnig kveðið á um hamtöku og skinnatöku, uppsetningu dýra og starfsemi hamskera.

Umhverfisráðherra getur að fenginni umsögn ráðgjafarnefndarinnar veitt undanþágur til veiða á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar ef nota á þau við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis.

Náttúrufræðistofnun Íslands má án sérstakrar heimildar láta veiða allar tegundir fugla, þar á meðal friðaðar tegundir, og safna eggjum handa stofnuninni hvar sem er og án þess að endurgjald komi fyrir, enda sýni viðkomandi skilríki verði því við komið. Haft skal samráð við landeigendur fyrir fram og forðast óþarfa átroðning. Ráðherra ákveður að fenginni tillögu ráðgjafarnefndar um villt dýr hvaða tegundir skuli undanskildar þessu ákvæði.

Umhverfisráðherra getur að fenginni tillögu ráðgjafarnefndarinnar ákveðið að beita sér fyrir útrýmingu stofns eða tegundar dýra sem flust hefur til Íslands af mannavöldum.

9. gr. hljóðar svo:

Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl með þeim undantekningum sem upp eru taldar í liðum 3, 4, 7 og 16 hér á eftir og nánar er kveðið á um í reglugerðum. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12. Við veiðar er m.a. óheimilt að nota:

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls-, súlu- og skarfsungum.
4. Net, nema háf til lundaveiða, sbr. þó 5. mgr. 18. gr. að því er varðar álku, langvíu og stuttnefju. Fugla, er drepast í netum sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.

5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótboga eða gildrur, nema til músaveiða, rottuveiða, minkaveiða og til að ná tófuyrðlingum við greni. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hlotið samþykki villidýranefndar.
8. Rafbúnað sem getur drepið eða rotað.
9. Segulbandstæki og aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Ljósgjafa, nema til refa- og minkaveiða.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskotabyssur og hálfsjálfvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð, nema við minkaveiðar.
17. Vélknúin farartæki, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Umhverfisráðherra getur í samráði við ráðgjafarnefnd um villt dýr veitt tímabundna undanþágu til að nota ofangreindar veiðiaðferðir í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

12. gr. *Refir.* hljóðar svo:

Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang. Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veiðistjóraembættinu.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann. Þar sem veiðistjóraembætti og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiðar að vetrarlagi í stað grenjavinnslu og fela þá skotmanni með sama hætti framkvæmdina. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt þessari málsgrein.

Á svæðum þar sem friðun refa hefur verið aflétt, sbr. 7. gr., eru refaveiðar utan grenjatíma öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. og 3. mgr. Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum. Umhverfisráðherra getur í samráði við veiðistjóra heimilað sveitarstjórnum að ráða skotmenn til refaveiða á tilteknum svæðum til viðbótar þeim sem ákvörðuð hafa verið skv. 2. mgr. og falla þau þá ekki undir greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. mega bændur og æðarræktendur, eða aðilar á þeirra vegum, skjóta refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum, sbr. 2. mgr., um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

1316. Lög [548. mál]

um Lífeyrissjóð sjómanna.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 859 með þessari breytingu:

Nýtt ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:
Áður en fjármálaráðherra staðfestir reglugerð fyrir sjóðinn, sbr. 6. gr., skal hann leita álits efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

1317. Lög [623. mál]

um viðauka við lög nr. 35 30. apríl 1993, um eftirlit með skipum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1210.

1318. Lög [626. mál]

um breytingu á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1227.

1319. Þingsályktun [269. mál]

um rannsóknir á heimilisofbeldi, svo og öðru ofbeldi gegn konum og börnum á Íslandi.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er undirbúi og hafi umsjón með rannsóknum á ástæðum, afleiðingum og umfangi heimilisofbeldis, svo og annars ofbeldis gegn konum og börnum.
Nefndin geri tillögur um úrbætur og gangi frá skýrslu um málið sem lögð verði fyrir Alþingi.

Nefndin skili áfangaskýrslum um störf sín eftir því sem þeim miðar fram en lokaskýrslan verði lögð fram á haustþingi 1995.

1320. Þingsályktun [627. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1298.

1321. Tillaga til þingsályktunar [628. mál]

um endurskoðun VII. kafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum.

Flm.: Matthías Bjarnason, Valgerður Sverrisdóttir, Gunnlaugur Stefánsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar, í tilefni 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi, að stefna beri að því að ljúka endurskoðun VII. kafla stjórnarskrárinnar, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum, fyrir næstu reglulegu alþingiskosningar.

Miðað verði m.a. að því að færa ákvæði kaflans til samræmis við þá alþjóðlegu sáttmála um mannréttindi sem Ísland hefur gerst aðili að. Við endurskoðunina verði höfð hliðsjón af tillögum stjórnarskrárnefndar frá 5. apríl 1994.

Greinargerð.

Í VII. kafla stjórnarskrárinnar er fjallað um mannréttindi sem borgurunum eru tryggð, svo og ýmis önnur atriði, t.d. ríkisborgararétt útlendinga, vörn landsins og hvernig standa skuli að breytingum á stjórnarskránni. Þó að kaflinn fjalli þannig um mörg ólík atriði hefur hann í daglegu tali iðulega verið nefndur *mannréttindakafli stjórnarskrárinnar* þar eð þær greinar, sem lúta að mannréttindum, eru rúmlega helmingur allra greina kaflans.

Það er skoðun flutningsmanna að tímabært sé að VII. kafli stjórnarskrárinnar verði endurskoðaður og þá hugsanlega skipt í tvo eða fleiri kafla og mannréttindaákvæði hans þannig aðgreind frá öðrum ákvæðum. Flutningsmenn telja að ýmislegt kalli á endurskoðun VII. kafla, ekki síst mannréttindaákvæðanna, og vel sé við hæfi að Alþingi taki ákvörðun um slíka endurskoðun þegar fagnað er hálfrar aldar afmæli lýðveldis á Íslandi.

Að mati flutningsmanna ræður einkum þrennt því að eðlilegt er að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Í fyrsta lagi þarf að efla, samhæfa og samræma mannréttindaákvæðin þannig að þau gegni betur en nú því hlutverki sínu að vera vörn almennings í samskiptum við þá sem með ríkisvald fara. Í öðru lagi er þörf á því að færa ýmis ákvæði til nútímalegra horfs enda eru þau óbreytt frá því að fyrsta stjórnarskrá Íslands var sett árið 1874. Í þriðja lagi er tímabært að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar með tilliti til þeirra þjóðréttarlegu skuldbindinga sem Ísland hefur gengist

undir með því að gerast aðili að alþjóðlegum sáttmálum til verndar mannréttindum. Er þar einkum að nefna mannréttindasáttmála Evrópu frá 4. nóvember 1950, ásamt síðari viðaukum, sem lögfestur var hér á landi sl. vor, félagsmálasáttmála Evrópu frá 18. október 1961 og tvo mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 16. desember 1966, annars vegar um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og hins vegar um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Mikið hefur þegar verið unnið að endurskoðun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar á vegum stjórnarskrárnefndar, sbr. tillögur nefndarinnar frá 5. apríl sl. sem birtar eru sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Við endurskoðun VII. kafla stjórnarskrárinnar er eðlilegast að þingflokkar leggi tillögur um breytingar fyrir Alþingi í haust með það fyrir augum að ná samkomulagi um afgreiðslu á frumvarpi til stjórnarskipunarlaga fyrir lok þinghalds vorið 1995. Málið kæmi síðan á ný til meðferðar á fyrsta þingi eftir alþingiskosningar.

Fylgiskjal.

Tillögur stjórnarskrárnefndar um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar.

(5. apríl 1994.)

1. gr.

Allir skulu njóta mannhelgi og frelsis og vera jafnir fyrir lögum.

2. gr.

Mannréttinda skulu menn njóta án nokkurs manngreinarálits vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags eða stöðu sinnar í öðru tilliti.

3. gr.

Virða ber skoðanafrelsi manna. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

4. gr.

Friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis skulu allir njóta. Jafnframt skulu þeir njóta leyndar um trúnaðarskipti við aðra menn.

5. gr.

Frelsissviptingu verður því aðeins beitt að til hennar sé sérstök lagaheimild.

Hver sá, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju um ástæður fyrir handtökunni.

Hvern þann, sem handtekinn er vegna gruns um refsiverðan verknað, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á hvort hann skuli settur í gæsluvarðhald. Engum manni skal haldið í gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur og megi láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver trygging skuli vera. Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök sem aðeins varðar fésekt eða varðhaldi.

Hver sá, sem handtekinn er eða settur í gæslu, á kröfu á því að dómstóll úrskurði um lögmæti þess að hann var sviptur frelsi. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.

Jafnan skal sá sem sviptur hefur verið frelsi andstætt lögum eiga rétt til skaðabóta.

6. gr.

Allir skulu hljóta réttláta meðferð mála sinna fyrir óháðum dómstólum.

Hver sá, sem sakaður er um refsiverða háttsemi, skal talinn saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð lögum samkvæmt.

7. gr.

Enginn skal sekur fundinn um refsivert athæfi nema brot hans hafi varðað refsingu að lögum á þeim tíma er það var framið. Eigi má heldur dæma neinn til þyngri refsingar en heimilt var á þeim tíma þegar refsivert verk var unnið.

8. gr.

Allir skulu njóta frjálsræðis til að stofna félög og efna til funda.

9. gr.

Eignarréttur er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

10. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

11. gr.

Enginn Íslendingur verður sviptur ríkisborgararétti sínum og engum þeirra meinað að koma inn í landið. Allir, sem eiga löglega dvöl í landinu, skulu frjálsir ferða sinna og ráða búsetu sinni. Öllum skal frjálst að fara úr landi.

12. gr.

Allir skulu eiga rétt á aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis eða af öðrum ástæðum eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

13. gr.

Allir skulu eiga rétt til að njóta menntunar og fræðslu við sitt hæfi eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

14. gr.

Rétti manna til vinnu og orlofs skal skipað með lögum.

1322. Tillaga til þingsályktunar [629. mál]

um stofnun hátíðarsjóðs í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins.

Flm.: Geir H. Haarde, Páll Pétursson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ragnar Arnalds, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Alþingi ályktar, í tilefni 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi, að stofna sjóð, lýðveldissjóð, og verja til hans 100 milljónum króna árlega næstu fimm ár.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal ár hvert á starfstíma hans, 1995–1999, varið með þessum hætti:

a. Helmingi fjárhæðarinnar, 50 milljónum króna, til átaks í vistfræðirannsóknum á lífríki sjávar.
b. Helmingi fjárhæðarinnar, 50 milljónum króna, til eflingar íslenskri tungu.

Alþingi kýs þriggja manna sjóðstjórn. Hún skal staðfesta rannsóknaáætlun skv. a-lið og reglur um stjórn verkefnisins, svo og um þátttöku vísindamanna og stofnana í því. Enn fremur skal sjóðstjórnin skipta því fé sem er til ráðstöfunar skv. b-lið og samþykkja verkefnaáætlun.

Greinargerð.

Þegar Íslendingar minnast 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi er við hæfi að Alþingi taki ákvörðun um að treysta þann efnahagslega og menningarlega grundvöll er lýðveldið hvílir á. Samkvæmt tillögunni skal stofna sérstakan sjóð, lýðveldissjóð, er fái til ráðstöfunar 100 milljónir króna árlega á næstu fimm árum. Helmingi fjárhæðarinnar, 50 milljónum króna, verði á ári hverju varið til rannsókna á lífríki sjávar og á sama hátt verði 50 milljónum króna varið til að treysta og efla íslenska tungu. Á þann hátt verði í senn búið í haginn fyrir efnahagslega hagsæld þjóðarinnar á komandi árum og hlúð að þeim þáttum er gera Íslendinga að einni þjóð. Sjóðnum er ætlað að starfa í fimm ár, 1995–1999, og munu árleg framlög úr sjóðnum verða greidd fyrir lok hvers árs.

Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðsins sé skipuð utanþingsmönnum og hún láti semja tillögu að skipulagsskrá fyrir sjóðinn, að höfðu samráði við forsætisnefnd þingsins, sem staðfest verði með venjubundnum hætti fyrir árslok 1994, sbr. lög nr. 19/1988. Þá er enn fremur ætlun flutningsmanna að undirbúningi fyrir þau verkefni, sem sjóðurinn tekur til, ljúki fyrir næstu áramót þannig að vinna að rannsóknum og verkefnum samkvæmt tillögugreininni geti hafist í ársbyrjun 1995. Gert er ráð fyrir að fjárframlög í sjóðinn verði færð sem sjálfstæður fjárlagaliður undir æðstu stjórn ríkisins í fjárlögum en skrifstofa Alþingis annist fjárreiður sjóðsins.

Umsjón með vistfræðirannsóknum á lífríki sjávar verður á hendi faglegrar verkefnisstjórnar og skulu reglur um störf hennar staðfestar af sjóðstjórn. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjóðstjórnin staðfesti rannsóknaáætlunina. Það er skoðun flutningsmanna að heppilegast sé að Hafrannsóknastofnun, er býr yfir mestri þekkingu á vistfræði sjávar hérlendis, hafi forustu um undirbúning þessa verkefnis. Það kæmi því í hlut Hafrannsóknastofnunar að gera tillögur til sjóðstjórnar um rannsóknaáætlunina, stjórn verkefnisins og

þátttöku vísindamanna og stofnana í verkefninu. Verkefnisstjórn hefði á hendi hina faglegu umsjón með verkefninu og annaðist greiðslur fyrir einstaka þætti þess. Gera verður ráð fyrir að verkefnið verði einkum á hendi starfsmanna Hafrannsóknastofnunar en jafnframt er ætlast til þess að stofnunin nýti sér þekkingu annarra vísindamanna eftir því sem við á.

Flutningsmenn gera ráð fyrir að þegar rannsóknum á vistfræði sjávar er lokið samkvæmt rannsóknaáætlun hafi verkefnisstjórn forgöngu um að niðurstöðurnar verði gefnar út í skýrslu og að jafnframt verði efnt til ráðstefnu þar sem niðurstöður rannsóknanna verði kynntar.

Samkvæmt b-lið tillögunnar skal verja 50 milljónum króna árlega til að treysta grundvöll íslenskrar tungu. Stjórn sjóðsins er ætlað að ákveða á starfstíma sjóðsins skiptingu þessa fjár en samkomulag er milli þingflokka um að einkum verði höfð í huga þrjú verkefni: Í fyrsta lagi efling Málræktarsjóðs, þannig að í sjóðnum verði eigi minna en 100 milljónir króna að fimm árum liðnum. Í öðru lagi útgáfa nýrra rita um íslenska tungu og málmenningu fyrir skólaæsku landsins. Í þriðja lagi önnur þau verkefni sem að mati sjóðstjórnar eru til þess fallin að efla íslenska tungu. Stjórn sjóðsins er ætlað að gangast fyrir gerð verkefnaáætlunar um hin tvö síðasttöldu atriði.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir báðum þáttum tillögunnar.

A. RANNSÓKNIR Á VISTFRÆÐI SJÁVAR

1. Mikilvægi rannsókna á vistfræði sjávar.

Efnahagsleg velferð íslensku þjóðarinnar er ekki síst komin undir skynsamlegri nýtingu fiskstofnanna við landið en afrakstur þeirra ræðst m.a. af umhverfisaðstæðum í sjónum. Þannig hafa rannsóknir undanfarinna ára leitt í ljós að miklar sveiflur eru frá ári til árs á ástandi sjávar og í lífríkinu á lægstu þrepum fæðukeðjunnar. Oft hefur og verið unnt að sýna fram á það hvernig slíkar breytingar hafa síðan sagt til sín í viðkomu og vexti nytjastofna. Allt of lítið er þó vitað um það hvernig umhverfisskilyrðin hafa áhrif á nýliðun, vöxt, kynþroska og þar með afrakstur nytjastofna og því mikilvægt að auka þekkingu okkar á þessu sviði. Þá er og rétt að geta þess að íslenska landgrunnið og íslensk hafsvæði eru óaðskiljanlegir hlutar af náttúru Íslands og af þeirri ástæðu hlýtur það að vera siðferðileg skylda okkar að stunda öflugar rannsóknir á hafinu og lífríki þess.

Á vegum Hafrannsóknastofnunar hefur verið unnið að svokölluðum fjölstofnarannsóknum síðastliðin þrjú ár með sérstakri fjárveitingu frá Alþingi. Hér er um sérstakt átaksverkefni að ræða sem beinist einkum að tengslum tveggja eða fleiri dýrastofna. Markmiðið er að í framtíðinni verði unnt að veita stjórnvöldum fiskveiðiráðgjöf sem taki mið af innbyrðis samspili fiskstofna (t.d. sambandi loðnu- og þorskstofns sem báðir eru mikilsverðir nytjastofnar). Þetta átak hefur einkum takmarkast við hina nýtanlegu fiskstofna en jafnframt er mönnum ljóst að skilningur á nytjastofnunum mun ekki fást nema með ítarlegum rannsóknum á tengslum þeirra við umhverfi sitt og lægstu þrep fæðukeðjunnar í sjónum. Þess vegna er nauðsynlegt að efla rannsóknir á vistfræði þörunga, dýrasvifs, fisklirfa og botndýra.

Þjóðfélagið gerir sífellt meiri kröfur um þekkingu á sambandi umhverfis og nytjastofna. Hins vegar er fyrirsjáanlegt að með núverandi fjölda starfsmanna, rannsóknaraðstöðu og fjárveitingum gerir Hafrannsóknastofnun ekki meira en að halda í horfinu hvað varðar allra nauðsynlegustu vistfræðirannsóknir. Á undanförunum árum hefur þannig heilum fræðasviðum undirstöðugreina á sviði hafrannsókna einungis verið sinnt af einum til tveimur sérfræðingum. Það segir sig sjálft að jafnvel þótt til verka veljist hinir hæfustu menn þarf mun meira að koma til þannig að mikilsverðum spurningum verði svarað og nauðsynlegrar þekkingar aflað fljótt og skilmerkilega. Átak sambærilegt fjölstofnarannsóknunum, sem aðallega mundi beinast að hinu ólífræna umhverfi sjávar og lægstu þrepum fæðukeðjunnar í sjónum, er því nauðsynlegt til að stuðla að auknum skilningi á því hvernig umhverfisskilyrði og ónýttir dýrastofnar hafa áhrif á þá stofna sem við nýtum. Slík vitneskja er og forsenda þess að okkur takist að skilja til fullnustu þá ferla náttúrunnar sem ráða afrakstri Íslandsmiða. Langtímamarkmið slíkra rannsókna ætti síðan að vera samtvinnun sem flestra þeirra þátta, sem saman mynda vistkerfi sjávarins umhverfis landið, með það að markmiði að geta sagt fyrir um hvernig ákveðin umhverfisskilyrði hafa áhrif á nytjastofna frá ári til árs og jafnvel nokkur ár fram í tímann.

Á undanförnum árum hafa farið fram meðal sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar miklar umræður um mikilvægi þess að efla rannsóknir í sjávarvistfræði. Þá hafa ráðamenn stofnunarinnar oft vakið opinberlega athygli á nauðsyn þess að efla þetta rannsóknasvið. Í raun má segja að þegar liggi fyrir frumáætlanir að mörgum verkefnum sem brýnt er að sinna á þessu sviði en hingað til hafa setið á hakanum vegna fjárskorts. Af sömu ástæðum hefur öðrum verkefnum ekki verið sinnt af þeim krafti sem æskilegt hefði verið.

2. Brýn rannsóknarverkefni á sviði vistfræði sjávar.

Innan Hafrannsóknastofnunar liggja fyrir hugmyndir um fjögur verkefni sem stofnunin telur að séu einna brýnust á sviði vistfræði sjávar. Hér er um viðamikil verkefni að ræða og er gert ráð fyrir að eitt eða tvö þeirra yrðu fyrir valinu sem rannsóknarverkefni samkvæmt nánari útfærslu í þeirri rannsóknaáætlun sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Til nánari glöggvunar verður hér gerð stuttlega grein fyrir þessum fjórum rannsóknarhugmyndum.

Vistfræði nytjafiska á fyrsta ári.

Árgangastyrkur fiskstofna er talinn ráðast að verulegu leyti á fyrsta árinu í lífi fiskanna. Miklar breytingar geta verið á ástandi sjávar og í lífríkinu á lægstu þrepum fæðukeðjunnar og vitað er að þær hafa mikil áhrif á vöxt og viðgang fiskstofnanna. Á undanförnum árum hafa farið fram á vegum Hafrannsóknastofnunar nokkrar rannsóknir á því flókna samspili umhverfis, þörunga, átu, fisklirfa og seiða sem hér um ræðir en þær þyrfti hins vegar að efla til muna til þess að verulegur árangur náist. Hér er í raun um að ræða rannsóknarverkefni sem nær til flestra þátta haf- og sjávarlíffræði og kallar á rannsóknaátak sem þyrfti að ná yfir stóran hluta grunnslóðarinnar við landið og standa yfir í nokkur ár. Verkþættir innan þessa verkefnis yrðu m.a. eftirfarandi:

1. Fæðutengsl þörunga, átu og fisklirfa.
2. Afræningjar fisklirfa og seiða (sjófuglar, svifdýr, hveljur, fiskar).
3. Rek fisklirfa og seiða frá hrygningarslóð á uppeldisslóð.
4. Fæða þorsks um myndbreytingu.
5. Áhrif eitraðra þörunga á fisklirfur.
6. Hrygning rauðátu í tengslum við fæðuöflun fisklirfa.

Þarabeltið sem uppeldis- og hrygningarsvæði nytjafiska.

Mikilvægi þaraskóganna felst í því að framleiðni þeirra er mjög mikil og skiptir miklu máli á grunnsvæðum. Þessi framleiðni nýtist að einhverju leyti þörungaætum beinlínis en stór hluti hennar nýtist t.d. skeldýrum sem sía þarabrotin úr sjónum. Þarabeltið er mikilvægt fæðu-, uppeldis- og hrygningarsvæði fyrir margar tegundir nytjafiska, t.d. þorsk, ufsa og hrognkelsi. Umhverfisskilyrði, fæðuframboð og afrán skipta sennilega miklu máli fyrir vöxt þeirra og viðgang, en um þetta er harla lítið vitað. Hér á eftir eru dæmi um afmörkuð verkefni á þessu sviði:

1. Tegundasamsetning dýra og þörunga í þaraskóginum.
2. Framleiðni þara við Ísland.
3. Beit dýra í þarabeltinu.
4. Fæða fiska og fugla sem sækja fæðu sína í þarabeltið.
5. Fæðutengsl í þaraskógi: þörungar, þörungaætur, síarar, rándýr.

Vistfræði svif- og botnsamfélaga.

Bæði plöntur og dýr teljast til svifsins. Plöntusvifið myndar þann grunn sem flest annað líf í sjónum byggist á, en dýrasvifið tengir saman frumframleiðni þörunganna við efri fæðuþrep, t.d. fiska og botndýr. Þannig lifa flestir fiskstofnar okkar á dýrasvifi meðan þeir eru á lirfustigi, og uppsjávarfiskar eru reyndar háðir dýrasvifi um fæðu alla ævina. Botndýrin eru hins vegar mikilvæg fæða ýmissa botnfiska á síðari æviskeiðum. Þannig gegna bæði svifið og botndýrin mikilvægu hlutverki sem fæða fyrir fiskstofnana. Líklegt er að sveiflur í framleiðni og magni þessara lífveruhópa endurspeglist síðar í vexti og afkomu nytjastofnanna. Með verkefninu er stefnt að auknum skilningi á því hvað stjórni stofnstærð þessara hópa og vonast er til að þar með fáist aukin vitneskja um þá þætti sem hafa áhrif á breytilega nýliðun fiskstofnanna.

Fyrirhuguð rannsóknasvæði eru á völdum stöðum allt í kringum landið. Stefnt er að því að fá með tímanum heildaryfirlit yfir hin ólíku mið við landið. Meðal verkefna sem falla undir þennan lið eru:

1. Ársferlar þörunga í tengslum við umhverfisþætti.
2. Lífsferlar dýrasvifs í tengslum við umhverfisþætti.
3. Lífsferlar botndýra í tengslum við umhverfisþætti.
4. Magn og útbreiðsla dýrasvifs á fæðuslóð loðnu fyrir norðan land.
5. Samspil dýrasvifs og strauma.
6. Veturseta og vorkoma rauðátu upp á landgrunnið fyrir sunnan land í tengslum við hafstrauma og þörunga.
7. Fæðuframboð og lífþyngd samfélaga botndýra.
8. Áhrif storma á samfélög botndýra.
9. Áhrif veiðarfæra á samfélög botndýra.
10. Nýting fjarkönnunar í rannsóknum á vistfræði sjávar.

Afrakstursgeta Íslandsmiða. Orkuflæðið um vistkerfi íslenska hafsvæðisins.

Með verkefninu er stefnt að því að fá yfirlit yfir lífmassa og framleiðni mismunandi fæðuþrepa á íslenska hafsvæðinu. Nýttar verða upplýsingar um heildarframframleiðni íslenska hafsvæðisins og athugað hversu stór hluti hennar er nýttur á efri fæðuþrepum, þar á meðal af fiskstofnunum. Þannig ætti að fást vitneskja um burðargetu íslenska hafsvæðisins með tilliti til fiskstofnanna. Verkefnið er að talsverðu leyti fólgið í úrvinnslu tiltækra gagna og líkanagerð.

B. ÁTAK TIL EFLINGAR ÍSLENSKRI TUNGU

Ekki þarf að hafa mörg orð til að rökstyðja þá staðhæfingu að varðveisla tungunnar ráði úrslitum um tilvist sjálfstæðs menningarsamfélags á Íslandi, hvort sem skoðað er í ljósi sögunnar eða horft til framtíðar. Fá verkefni verða því talin brýnni í viðleitni þjóðarinnar til að treysta framtíðargrundvöll sinn en þau sem miða að því að efla íslenska tungu og búa í haginn fyrir viðgang hennar í heimi sífelldra breytinga.

Eins og fram kemur í inngangskafla þessarar greinargerðar er stefnt að því að fjárframlögum samkvæmt tillögunni til eflingar tungunni verði varið til verkefna á þremur meginsviðum. Skal nú vikið nánar að hverju þeirra.

1. Málræktarsjóður.

Sjóðurinn var stofnaður með skipulagsskrá sem staðfest var 7. mars 1991 (nr. 115/1991). Aðalstofnandi var Íslensk málnefnd, sem lagði fram 5.380.000 kr. á stofndegi. Það fé var að hluta til gjafir sem málnefndinni höfðu borist til þessa verkefnis, hin fyrsta frá Sænsku akademíunni á 25 ára afmæli málnefndar 1989, og að hluta til framlög úr ríkissjóði. Aðrir sem lögðu fé í sjóðinn fyrir árslok 1992 teljast einnig stofnendur samkvæmt skipulagsskrá. Stofnendur urðu alls 219 að Íslenskri málnefnd meðtalinni. Meðal þeirra eru einstaklingar, samtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. Heildarfjárhæð stofnframlaga varð 11.745.409 kr.

Samkvæmt skipulagsskrá er meginmarkmið Málræktarsjóðs að beita sér fyrir og styðja hvers konar starfsemi til eflingar íslenskri tungu og varðveislu hennar. Hann er bæði framkvæmda- og verðlaunasjóður, en aðalhlutverk hans er að veita styrki til verkefna. Úthlutun er ekki hafin úr sjóðnum, enda vantar mikið á að höfuðstóll hans hafi náð settu marki. Í skipulagsskrá er sjóðnum einkum ætlað að sinna þessum verkefnum:

a. að styrkja fjárhagslega nýyrða- og íðorðastarf í landinu,
b. að styrkja fjárhagslega starf orðanefnda sem vinna að þýðingum á tæknimáli eða sérhæfðu máli,
c. að styrkja fjárhagslega útgáfu handbóka og leiðbeininga um málnotkun,
d. að styrkja fjárhagslega útgáfu kennsluefnis í íslensku,
e. að styrkja fjárhagslega útgáfu orðabóka,
f. að veita einstaklingum, samtökum og stofnunum viðurkenningu fyrir málvöndun og málrækt,
g. að styrkja með fjárframlögum hvers konar framtak sem verða má til þess að markmiðum Málræktarsjóðs verði náð.

Síðan Málræktarsjóður var stofnaður hafa framlög til hans í fjárlögum verið 2,4 milljónir króna á ári. Önnur framlög hafa farið eftir atvikum. Sjóðurinn hefur helst haft tekjur af sölu minningarspjalda og af heiðursgjöfum. Ávöxtun sjóðsins hefur gengið vel. Hinn 1. júní 1994 voru í Málræktarsjóði um 19 milljónir króna.

Vitað er um mörg þörf og brýn verkefni sem bíða þess að úthlutun úr Málræktarsjóði geti hafist. Einstök verkefni er auðvitað ekki unnt að nefna hér en augljósust er þörfin fyrir stuðning við nýyrða- og íðorðastarfsemi orðanefnda og einstaklinga í ýmsum fræði- og starfsgreinum því að engir sjóðir hafa haft það hlutverk að styrkja slík störf. Margar orðanefndir eru að fást við verkefni sem kosta milljónir og jafnvel tugi milljóna króna. Ærin verkefni bíða einnig á mörgum öðrum sviðum málræktar.

2. Námsefni um móðurmálið.

Sú kennsla og þjálfun sem fram fer í skólum landsins ræður miklu um þróun tungunnar. Oft hefur verið á það bent að skólarnir hafi þurft að taka við auknu hlutverki á sviði máluppeldis vegna breyttra þjóðfélagshátta. Ein af mikilvægustu forsendum þess að þetta hlutverk verði rækt með viðhlítandi árangri er að völ sé á fjölbreytilegu og vönduðu námsefni. Þá er bæði átt við eiginleg kennslugögn og hvers konar rit sem fallin eru til að glæða áhuga nemenda á móðurmálinu og stuðla að því að efla hæfni þeirra í meðferð þess. Hugmyndin er að unnt verði að verja árlega fé til að styrkja útgáfu efnis af þessu tagi og er þá miðað við þarfir allra skólastiga.

Flutningsmenn telja æskilegt að gerð verði sérstök verkefnaáætlun í samráði við skólamenn, málvísindamenn, Námsgagnastofnun og fleiri aðila sem vinna megi eftir á starfstíma sjóðsins. Stjórn sjóðsins þyrfti því þegar eftir að hún verður kjörin að sjá um að undirbúningur slíkrar áætlunar hefjist svo að hún liggi fyrir áður en fjárveitingar hefjast í upphafi nýs árs.

3. Önnur verkefni.

Efling íslenskrar tungu og málmenningar er fjölþætt og óþrjótandi viðfangsefni. Margs konar athafnasvið í þjóðfélaginu koma þar við sögu og áhrifin á þróun tungunnar eru með ýmsum hætti. Hér verður bent á nokkur svið sem eðlilegt þykir að hafa í huga í sambandi við notkun þess fjár sem tillagan gerir ráð fyrir að varið verði til að efla íslenska tungu:

— Rannsóknir á máli og málnotkun.
— Skipulegt átak til að efla lestrar- og framburðarkennslu í skólum.
— Menntun þýðenda, ekki síst þeirra sem fást við þýðingar „nytjatexta“ ýmiss konar.
— Aðgerðir til að stuðla að málvöndun í ljósvakafjölmiðlum.
— Söfnun og útgáfa á sviði þjóðlegra fræða sem nátengd eru þróun tungunnar.

1323. Tillaga til þingsályktunar [630. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23.gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 17. júní 1994 og standi sú frestun til septemberloka.

1324. Þingsályktun [630. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní.)

Samhljóða þskj. 1323.

1325. Þingsályktun [628. mál]

um endurskoðun VII. kafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33. 17. júní 1944, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi að Lögbergi á Þingvöllum 17. júní.)

Samhljóða þskj. 1321.

1326. Þingsályktun [629. mál]

um stofnun hátíðarsjóðs í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins.

(Afgreidd frá Alþingi að Lögbergi á Þingvöllum 17. júní.)

Samhljóða þskj. 1322.